Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

Eftirfarandi tölublað var sótt af Tímarit.is þann 4. júlí 2023 klukkan 11:39

Tímarit
Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands
1. árgangur 1864
Fyrsta bindi

Vefslóð
https://timarit.is/issue/394339

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við rétthafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi rétthafa.

TÍÐINDI

UM

STJÓRNARMÁLEFNI ÍSLANDS,

GEFIN ÚT

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÈLAGI.

I.

KAUPMANNAHÖFN.

Prentað hjá *S. L. Möller.*

TÍÐINDI

UM

STJÓRNARMÁLEFNI ÍSLANDS,

GEFIN ÚT

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGI.

FYRSTA BINDI.

1854—63.

KAUPMANNAHÖFN.

PRENTAÐ HJÁ S. L. MÖLLER.

1864.

FORMÁLI.

Eitt af því, sem hefir aukið frægð hinna fornu Íslendínga fram eptir öldum, er sú þekking á lögum og landstjórn, sem hefir verið þar almenn frá alda öðli í fornöld. Þessu lýsa Íslands fornu lög og dómar lengi frameptir, meðan lög og lof voru í höndum landsmanna sjálfra. Útlendir ferðamenn, sem voru á Íslandi meðan Jónsbók var í fullu gildi, hafa getið þess, til dæmis um almenna lagamentun meðal alþýðu á landi voru, að hver lögrèttumaður gekk með lögbók sína undir hendi sèr til lögrèttu, og sýndi þar með, að hann hafði bæði þekking á lögum lands síns, og líka greind á að þýða þau þegar til þurfti að taka. Þetta sýnir einnig hinn mikli fjöldi af afskriptum lögbóka, eins og þau hin miklu söfn af dómabókum, og ymsar ritgjörðir um lagaþýðingar, sem hafa verið til, og eru enn til í handritum eptir ymsa lögfróða menn, jafnvel af bændastètt, frá hinum fyrri tímum.

Eptir að hin dönsku lög fóru að komast inn, og ryðja hinum íslenzku úr sæti, drógst lagamentunin smásaman úr höndum bænda, og varð eiginleg eign lagamannanna. En allir þeir hinir helztu af lagamönnum vorum hafa þó fundið, hversu mikils var í mist, þegar lagaþekkingin ekki hafði rót meðal alþýðu manna, að hún varð þarmeð köld og dauð, svo að sjálf lögin urðu þarfyrir stirð, ógeðfeld og ávaxtarlaus. Þeir hafa þessvegna allir leitazt við eptir megni, að rita fræðibækur til leiðbeiníngar í þessum efnum. Eigi að síður hefir þessi viðleitni ekki getað borið fullkominn ávöxt, bæði af því, að fræðibækur þessar hafa ekki verið nógu yfirgripsmiklar, og af því, að blendíngur danskra og íslenzkra laga hefir stundum verið svo mikill, að sjálfir hinir lögfróðustu menn hafa verið í vafa um, eða eru jafnvel enn, hver lög væri gild á Íslandi; og þar á ofan bættist,

að lög og stjórnarbrèf voru rituð á dönsku, og sumt hvergi auglýst á prenti, og þessvegna ókunnugt öllum, enda háyfirvöldunum sjálfum.

Hið íslenzka Bókmentafèlag hafði frá upphafi tekið eptir því, hversu nauðsynleg Íslendíngum var þekkíng á lögum og landstjórn, og það hafði því ætlað sèr að reyna að bæta úr þessari þörf, en sá styrkur, sem landar vorir veittu fèlaginu, hrökk hvergi nærri til að framkvæma þenna ásetníng til hlítar, og hlaut hann því að standa á baki ymsu öðru, sem hægra var að koma til leiðar.

Þegar alþíng Íslendínga var stofnað á ný, vóx mjög sú þörf landsmanna, að eiga lagasafn handa Íslandi sèrílagi, og sú þörf hefir að nokkru leyti orðið bætt, með því nú eru þegar komin út tólf bindi af slíku lagasafni. En af því það er of umfángsmikið til að komast í hendur alþýðu, og þar að auki á dönsku að miklum hluta, þá hefir það ekki bætt úr hinni almennu nauðsyn, og þessvegna gjörðu forstöðumenn hinnar íslenzku stjórnardeildar, skömmu eptir að hún var stofnuð, tilraun til að fá styrk af almennum sjóði til að gefa út á hverju ári stjórnartíðindi handa Íslandi á vora túngu, svo að öll alþýða gæti jafnskjótt fengið að vita, hvað fram færi í löggjöf og landstjórn. En stjórnin fèllst ekki á þessa uppástúngu og fórst hún þessvegna fyrir, en fèlagið hafði þá enn ekki efni til, einsog þá stóð á, að taka hana að sèr og framkvæma hana.

Nokkrum árum síðar, 1853 og 1854, komu fram uppástúngur í Bókmentafèlaginu um að breyta fyrirkomulagi á Skírni, og urðu þau málalok, að Deildirnar komu sèr saman um að reyna að auka og bæta þetta tímarit fèlagsins svo, að á hverju ári yrði prentaðar skýrslur um sèrhvað það, sem gæti upplýst alþýðu um hagi lands vors og ásigkomulag í öllum greinum, einnig um hið helzta, sem fram færi í löggjöf og landstjórn. Hvorttveggja þetta atriði er tekið fram í lögum fèlagsins, og var það þessvegna ályktað á fundi Deildarinnar í Kaupmannahöfn 18. Novembr. 1854, að fela stjórn Deildarinnar á hendur að koma þessu máli til framkvæmdar, á þann hátt, sem henni sýndist bezt henta, en Deildin á Íslandi hafði áður, á fundi 23. August 1854, lagt málið á vald Deildarinnar í Kaupmannahöfn.

Þegar menn fóru nákvæmlegar að leggja niður fyrir sèr,

hvernig þessu máli yrði svo fyrir komið, að það nokkurnveginn fullnægði þörfum landsmanna og tilgángi fèlagsins, þá varð það skjótt sýnilegt, að ekki varð komizt af með minna, en að stofna tvennskonar söfn, annað af skýrslum þeim, sem snerta hagfræði landsins í öllum greinum, og annað af lögum, úrskurðum og stjórnarbrèfum, sem sýna löggjöfina og stjórnarathöfnina í öllum greinum, hversu hún fer nú fram á landinu. Að því leyti, sem snertir hið fyrra safnið, er gjört grein fyrir því í formálum fyrir þeim tveim bindum af „Skýrslum um landshagi á Íslandi", sem þegar eru á prent komin, en um hið síðara safnið mun eg skýra hèr með fám orðum.

Fèlagið ritaði 23. Decembr. 1854 innanríkisstjórninni, sem þá hafði aðalstjórn hinna íslenzku mála á hendi, og spurði sig fyrir, hvort nokkuð væri því til fyrirstöðu af hendi stjórnarinnar, að fèlagið mætti auglýsa í ritsafni sínu hina helztu konúngsúrskurði, stjórnarráða brèf o. fl., sem snerti Ísland, og svaraði innanríkisráðgjafinn *Bang*, að því væri ekkert til tálmunar af stjórnarinnar hálfu, að fèlagið auglýsti þetta, eptir nákvæmari ákvörðun forstjóra hinnar íslenzku stjórnardeildar (Br. 31. Januar 1855, bls. 31—32). — Eptir þessu leyfi tók fèlagið þegar til starfa, svo að fyrsta hepti af safni þessu, sem nefnt er „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands", kom á prent vorið 1855, og síðan eitt hepti árlega, þartil nú er lokið fyrsta bindi, sem nær frá 23. Marts 1854 til ársloka 1863.

Þeir sem hafa búið safn þetta undir prentun, hafa allir verið embættismenn Deildarinnar í Kaupmannahöfn: Fyrstu tvö heptin ($^{23}/_3$ 1854—$^{28}/_2$ 1856) hefir Cand. Sveinn Skúlason í Reykjavík, þáverandi bókavörður Deildarinnar, búið til prentunar; þrjú hin næstu (III.—V. $^8/_3$ 1856—$^{26}/_2$ 1859) skrifari Deildarinnar Sigurður Hansen; sjötta heptið ($^{18}/_4$ 1859—$^{20}/_4$ 1860[18]) þeir tveir í sameiningu: Cand. juris. Bergur Thorberg, varaforseti, og Cand. Sigurður L. Jónasson, bókavörður Deildarinnar; en fjögur seinustu heptin (VII—X. $^{20}/_4$ 1860[19]—$^{29}/_{12}$ 1863) og registrin hefir Bergur Thorberg einn samið og búið undir prentun. Ítarlegari skýrslur um safn þetta á hverju ári má finna í ársfundarræðum, sem prentaðar eru í „Skýrslum og reikníngum" fèlagsins 1855—1864 (sjá einkum 5. Mai 1855 í Skýrslum og reikníngum 1854—55, bls. VII; 8. Mai 1861 í Skýrsl-

um og reikníngum 1860—61, bls. IX; 4. Juni 1864 í Skýrslum og reikníngum 1863—64, bls. IV. V. VII).

Þess skal eg geta enn að lyktum, að þegar bindi þessu var lokið, hreyfði fèlagið því í brèfi 23. Marts 1864 við dómsmálastjórnina, að fá nokkurn styrk af opinberum sjóði til uppbótar fyrir þann kostnað, sem það hefði orðið að hafa við útgáfu þessa safns. Stjórnin brást og svo vel við, að hún veitti fèlaginu með brèfi 23. April 1864 300 dala þóknun fyrir fyrsta bindið, og gaf ádrátt um, að veitast kynni safni þessu til framhalds nokkur styrkur árlega úr almennum sjóði. Með þessu móti er von um, að lagasafni þessu verði stöðuglega fram haldið, fèlagsmönnum og embættismönnum og allri alþýðu á Íslandi til fróðleiks og nytsemdar.

Kaupmannahöfn 10. Oktbr. 1864.

Jón Sigurðsson,
p. t. forseti í Khafnar deildinni.

1854.

1. Brjef kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna um kennslu á forspjallsvísindum í prestaskólanum, o. s. frv. 1854. 23. marz.

Stiptsyfirvöldin höfðu með brjefi 5. nóvemb. f. á. sent kirkju- og kennslustjórninni uppástungu frá forstöðumanni prestaskólans um það: 1) að gefa skyldi sjerstaka einkunn fyrir forspjallsvísindi við burtfararpróf úr skólanum og leggja þá einkunn saman við hinar aðrar einkunnir, og höfðu stiptsyfirvöldin ráðið frá henni, og 2) höfðu þau borið það fram, að veitast skyldi prestaskólanum fyrst um sinn 6 heilar ölmusur frá háskólanum.

Stjórninni þótti, eptir ástæðum þeim, er til voru færðar í brjefi stiptsyfirvaldanna, ísjárvert, að fallast á hina fyrri uppástungu, þar eð af því mundi leiða, að prófið í prestaskólanum yrði varla tekið á hinum ákveðna kennslutíma, 2 árum, en þó væri ekki unnt, eins og stendur, að lengja hinn ákveðna kennslutíma.

Stjórnin var því samdóma stiptsyfirvöldunum í því, að haga skyldi kennslunni á forspjallsvísindum í prestaskólanum, eins og gjört hefur verið að undan förnu.

Hinu seinna svaraði stjórnin á þá leið: að hún gæti ekki orðið við bæn stiptsyfirvaldanna, þar eð forstöðunefndin fyrir ölmususjóði háskólans hefði beinlínis tekið það fram, þegar prestaskólanum voru veittar þrjár ölmusur úr þeim sjóði, að ekki þyrfti að búast við, að hún fjellist á, að gefnar yrðu prestaskólanum fleiri ölmusur úr ölmususjóðinum.

Auk þess vonar stjórnin, að stiptsyfirvöldin gjöri allt, sem verður, til að styðja mál það, sem um er getið í brjefi þeirra,

1854. 23. marz. að bæta brauðin á Íslandi, því að mál þetta er nú meira áríðandi síðan að betri kennsla er komin á með prestaskólanum.

---

12. apríl. **2. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um gangverð á útlendum peningum á Íslandi.**

Stiptamtmaðurinn hafði sent innanríkisstjórninni uppástungu frá landfóetanum um að breyta verðlagi á útlendum peningum, sem teknir eru í inngjöld í jarðarbókarsjóðinn, og líka beðizt þess, að sendar væru metaskálar og lóð til þess að útlendir peningar yrði vegnir, og fundið, hvort þeir hefðu rjetta vigt.

Eptir að fjárstjórn ríkisins hafði sagt álit sitt um þetta mál, hefur innanríkisstjórnin lagt eptirfylgjandi verðlag á útlenda peninga, þegar þeir hafa fulla vigt, á móti dönskum peningum:

1 rd. 84 sk. fyrir spánskan pjástur,

1 rd. 71 sk. fyrir fimmfrankapening,

1 rd. 94 sk. fyrir svenska spesíu,

1 rd. fyrir lóðið í frönskum laufdölum (6 Livres), hollenzkum þriggja gyllina peningum, tveim þriðjungum (Zwei-Drittler) í Hamborg og hollenzkum Albertsdölum;

80 sk. fyrir lóðið í tveim þriðjungum (Zwei-Drittler) úr *Mecklenburg*, *Lüneburg* og Saxlandi.

2 rd. 4 sk. fyrir engelska krónu.

Verðlag á gullpeningum skal ekki setja hærra en 32 sk. fyrir franka í frönskum gullpeningum, eða 6 rdi. 64 sk. fyrir 20 franka pening, og ekki meira en 8 rdi. 40 sk. fyrir enskan „sovereign."

---

15. apríl. **3. Lög um siglingar og verzlun á Íslandi[1].**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv.: Lög þessi hefur ríkisþingið fallizt á og Vjer staðfest með samþykki Voru:

1. gr. Eptirleiðis skal öllum innanríkiskaupmönnum vera

[1]) Ástæður fyrir lögum þessum eru prentaðar í Nýjum Fjelagsritum, 14. ári.

heimilt að taka utanríkisskip á leigu, og hafa til verzlunar sinnar á Íslandi, þó skulu þeir gæta þess, sem fyrir er mælt í lögum þessum. 1854. 15. apríl.

2. gr. Utanríkisskipum skal einnig leyft vera að hleypa inn á þessar hafnir á Íslandi: Reykjavík, Vestmannaeyjar, Stykkishólm, Ísafjörð, Akureyri og Eskifjörð, þó ekki hafi þegnar Danakonungs leigt þau. Þó eiga skipstjórar, undir eins og þeir koma, að gefa lögreglustjóranum það til vitundar, og sjeu þeir ekki útbúnir með tilhlýðileg heilbrigðisskýrteini, verða þeir að láta rannsaka heilsufar skipverja, og í öllu hegða sjer eptir því, sem yfirvaldið segir fyrir. En ekki mega þeir selja neitt af farminum, nje kaupa aðrar vörur en þær, sem skipverjar þurfa sjálfir til nauðsynja sinna eða skips síns, fyrri en þeir hafa fullnægt skilmálum þeim, sem settir eru til að geta verzlað, og einkum útvegað sjer íslenzkt leiðarbrjef, og skal yfirvaldið hafa vandlega gætur á þessu.

3. gr. Svo skal einnig utanríkismönnum leyft vera hjeðan í frá að sigla upp öll löggild kauptún á Íslandi og verzla þar. Þó eiga öll utanríkisskip, sem koma beinlínis frá útlöndum, að koma fyrst inn á einhverja af höfnum þeim, sem nefndar eru í 2. grein, áður en þau sigla upp aðrar hafnir á landinu, svo að þess verði gætt, sem boðið er í tjeðri grein. Einnig mega utanríkismenn eins og innanríkismenn flytja vörur hafna á milli á Íslandi, og eins fara kaupferðir milli Íslands og annara landa Danaveldis, þó má ekki hafa utanríkisskip 15 lesta og þaðan af minni til vöruflutninga, hvorki hafna á milli á Íslandi, nje milli Íslands og hinna hluta ríkisins. Að öðru leyti mega bæði utanríkis- og innanríkismenn, án þess að vera bundnir við nokkurn tíma, selja vörur sínar eða leggja þær upp til sölu hjá fastakaupmönnum á öllum löggildum kauptúnum á Íslandi, og eins verzla við landsbúa í 4 vikur, þó einungis af skipi, á þann hátt, sem fyrir er skipað um verzlun lausakaupmanna, og má verzlun þessi ekki fara fram á landi, hvorki í byrgjum, húsum, tjöldum, nje nokkru öðru skýli.

4. gr. Allir, hvort þeir eru innlendir eða útlendir, sem ætla að verzla á Íslandi, og flytja þangað eða þaðan vörur, eiga

1854. 15. apríl. að kaupa íslenzkt leiðarbrjef fyrir hvert skip, er þeir hafa til slíkrar verzlunar, og hverja ferð. Á leiðarbrjefinu skal standa nafn skipsins, heimili þess og stærð, og einnig nafn skipstjóra, og skal útgjörðarmaður skipsins vitna að þetta sje rjett, og hinn danski verzlunarfulltrúi, þar sem nokkur er, en annars yfirvaldið á utanríkisstöðum, eða tollheimturáðið á innanríkisstöðum staðfesta þann vitnisburð. Þegar leiðarbrjefið er keypt handa skipi, sem fer til Íslands, gildir það fyrir ferðina þangað, fyrir ferðir hafna á milli á Íslandi — ef skipið ekki um leið fer til annarar hafnar erlendis — og fyrir ferðina aptur til einhverrar hafnar fyrir utan Ísland.

Ef leiðarbrjef er keypt á Íslandi fyrir skip, sem annaðhvort á þar heima og fer þaðan, eða sem komið er til Íslands leiðarbrjefslaust, en er tekið á leigu af kaupmanni, sem býr þar, þá gildir leiðarbrjefið fyrir ferðina frá Íslandi og til Íslands aptur, ef skipið kemur aptur áður en 9 mánuðir eru liðnir frá því að það fór af stað. Þegar öðru vísi er ástatt, og leiðarbrjef er keypt á Íslandi, og einkum þegar skipstjóri, sem kominn er leiðarbrjefslaus, vill kaupa það, til þess að geta verzlað fyrir sjálfan sig, og flutt farm frá Íslandi, gildir leiðarbrjefið að eins fyrir þær ferðir, sem farnar eru hafna á milli á Íslandi, og fyrir ferðina frá landinu.

5. gr. Íslenzk leiðarbrjef fást hjá stjórn innanríkismálanna, hjá hinum dönsku verzlunarfulltrúum í heldri kaupstöðum í Norðurálfunni, þeim er við sjó liggja, hjá lögreglustjórunum á þeim 6 höfnum á Íslandi, sem að framan eru nefndar, og hjá landfóetanum á Færeyjum.

Þegar búið er að nota leiðarbrjefin, og skipið ætlar til útlanda, skal skila þeim til lögreglustjórans á þeim stað á Íslandi, sem skipið fer seinast frá, en ef skipið fer til Danmerkur eða hertogadæmanna, til tollheimtumannsins á þeim stað, þar sem skipið leggur inn og segir til farms síns, og í Altóna til forseta bæjarstjórnarinnar.

6. gr. Fyrir sjerhvert íslenzkt leiðarbrjef, sem gefið er út samkvæmt ákvörðunum þeim, sem getið er í 4. gr. laga þessara, skal greiða 2 rda. gjald af hverju lestarrúmi í skipinu eptir

dönsku máli, hvort heldur það er innlent eða útlent, og hvort heldur það hefur nokkurn farm eða ekki, eða hver farmur, sem á því er, og skal gjald það greiða áður en leiðarbrjefið er látið af hendi. 1851. 15. apríl.

Þar á móti er afnumið leiðarbrjefagjald það, sem áður hefur verið, gjald það, einn af hundraði, sem hingað til hefur verið greitt, þegar íslenzkar vörur voru fluttar úr Danmörku, og sömuleiðis gjald það, 2 rd. 32 sk. af hverri lest, sem hingað til hefur verið greitt af þeim skipum, er flutt hafa vörur frá Íslandi til útlanda.

7. gr. Ef skipið á heima í því ríki, þar sem lagður er hærri tollur á dönsk skip og farma þeirra en á þau skip, sem eiga heima í ríkinu sjálfu, ákveður konungur, hvort og að hve miklu leyti borga skuli fyrir þau aukagjald til ríkissjóðsins fram yfir það, sem til er tekið í 6. gr. hjer að framan.

8. gr. Hver sá utanríkismaður, sem frá útlöndum siglir til Íslands til verzlunar, skal, auk leiðarbrjefs, hafa vöruskrá, sem skýrir greinilega frá farminum, og skal hún vera staðfest af hinum danska verzlunarfulltrúa, ef nokkur er þar, en annars af yfirvaldinu; sömuleiðis skal hann hafa fullgild skilríki fyrir því, að hvorki mislingar, nje bóla, nje aðrar næmar sóttir gangi þar sem skipið fer frá, eða meðal skipverja, og skulu skilríki þessi einnig vera staðfest af danska verzlunarfulltrúanum eða yfirvaldinu. Fyrir hvern flokk um sig af staðfestingum þessum, og eins fyrir þá, sem nefnd er í 4. gr. laga þessara, á danski verzlunarfulltrúinn 6 sk. af hverri lest, sem skipið tekur, eptir dönsku máli. Slíka vöruskrá skulu einnig þau skip hafa meðferðis, sem eptir 2. gr. laga þessara vilja verzla með vörur, sem þau flytja til Íslands.

Skip þau, sem koma til Íslands frá tollstöðum í ríkinu, mega í stað vöruskrár nota tollskrár þaðan sem þau fara, en dönsk skip, sem frá útlöndum sigla til Íslands, verða að hafa vöruskrá og heilbrigðis skýrteini, eins og áður er sagt um utanríkisskip.

Jafnskjótt og skipið hefur hafnað sig á Íslandi, skal sýna lögreglustjóranum bæði leiðarbrjefið og hin önnur skilríki, sem

1854. 15. apríl.

nú voru talin, og ritar hann á þau; á hann fyrir það 16 sk. af lestarrúmi hverju í skipinu eptir dönsku máli, ef skipið er að fullu affermt eða fermt innan hans lögdæmis, en ef skipið affermir eða fermir í höfnum, sem ekki liggja undir sama lögdæmi, skal greiða helming af tjeðu gjaldi til lögreglustjórans á hverjum stað, þar sem skipið er affermt eða fermt.

Á hverjum stað, þar sem nokkuð er fermt eða affermt, skal gefa lögreglustjóranum skýrslu um það. Allt, sem affermt er, skal rita á vöruskrána eða tollskrána, en á seinasta staðnum, sem skipið kemur á, skal skila þessum skjölum til lögreglustjórans, er sendir þau til stjórnar innanríkismálanna.

9. gr. Öll afbrigði gegn reglum þeim, sem framan eru taldar, nema stórglæpir sje, svo sem svik og falsan, varða 10 til 100 rda. sektum til fátækrasjóðs á þeim stað, en sjeu þau ítrekuð, þá tvöfalt meira, og má ganga svo eptir sektunum, að leggja löghald á skip og farm, og selja á uppboðsþingi svo mikið af farminum, sem þarf í sektargjald og málskostnað.

10. gr. Að öðru leyti eru þeir utanríkismenn, sem sigla til Íslands, skyldir að hegða sjer eptir lögum þeim, sem þar gilda, einkum að því er verzlun snertir, og á stjórn innanríkismálanna að sjá um, að prentað verði bæði á danska og frakkneska tungu ágrip af hinum helztu ákvörðunum um verzlunina á Íslandi, og skal festa ágrip þetta við sjerhvert íslenzkt leiðarbrjef. Sjerhver lögreglustjóri á Íslandi skal sjá um, að utanríkismenn gæti þeirra lagaboða sem þá snerta.

11. gr. Konungurinn hefur í hyggju að ákveða gjör og birta þær breytingar á forminu á því, hvernig fá megi og nota íslenzk leiðarbrjef, sem þörf er á, þegar öllum innanríkiskaupmönnum nú er leyft að taka utanríkisskip á leigu og utanríkismönnum að verzla á Íslandi, eptir því í hverju skyni leiðarbrjefið er veitt.

12. gr. Lög þessi fá gildi 1. dag aprílmánaðar 1855.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

4. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu um beiðni Húnvetninga að sleppa við að gjalda alþingisskatt o. s. frv.[1] 1854. 16. maí.

Amtmaðurinn í Norður- og Austurumdæminu hafði sent brjef frá nokkrum jarðeigendum og búandi mönnum í Húnavatnssýslu, sem kvarta yfir þeirri samþykkt alþingis, er gjörði ógilda kosningu varafulltrúa sýslunnar, og beiðast þess, að þeir sjeu undan þegnir að greiða þann hluta af alþingiskostnaðinum, sem kemur á sýsluna.

Innanríkisstjórnin svarar: að henni þyki ekki nein ástæða til að taka þessa beiðni þeirra til greina, þar eð álíta megi, að alþingið hafi haft vald til að skera úr því, hvort kosning varafulltrúans var rjett eða ekki.

---

5. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um tíundargjald af Viðey til Reykjavíkur dómkirkju. 16. maí.

Yfirskoðendur hinna íslenzku reikninga höfðu hreift því, hvort eigandi Viðeyjar, þar sem bænahús er, sje skyldur að greiða tíund til Reykjavíkur dómkirkju.

Stjórnin svarar: að ekki sjeu nægar ástæður til þess að leggja eiganda Viðeyjar á herðar að greiða tíund til dómkirkjunnar í Reykjavík, meðan að bænahús stendur í Viðey, sem haft er til opinberrar guðsþjónustugjörðar.

---

6. Opið brjef um það, að fastakaupmenn á Íslandi megi sigla á aðra staði á landinu en hin löggildu kauptún. 19. maí.

Vjer Friðrik hinn sjöundi, o. s. frv. gjörum kunn-

[1]) Sbr. brjef 26. júní til amtmannsins í Norður og Austurumdæminu.

1851. 19. maí. ugt: Eptir þegnlegu frumvarpi alþingis hefur Oss þóknazt að skipa fyrir á þessa leið:

Kaupmönnum þeim, sem hafa fasta verzlunarstaði á Íslandi, skal vera heimilt að sigla þaðan á aðra staði á landinu en hin löggildu kauptún, og ekki einungis að flytja þangað vörur þær, er þeir hafa selt landsbúum á verzlunarstöðunum, heldur einnig kaupa þar íslenzkar vörur, og selja innbúum korn, steinkol, við, salt, tjöru, járn og hamp.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

---

24. maí. **7. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um að senda dýralækna til Íslands.**

Stiptamtmaðurinn sendi brjef frá nokkrum bændum í Borgarfjarðarsýslu, og er stjórnin þar beðin að hlutast til, að sendur verði dýralæknir til Íslands til að rannsaka, og, ef unnt er, ráða bót á fjársýkinni þar í sýslu, stiptamtm. sendir og álitsskjöl sýslumannanna í Gullbringu og Kjósar, Árnes og Rangárvalla sýslum um þetta efni, og stingur upp á, að 2 dýralæknar sje sendir, sem skuli vera eitt ár á Íslandi, annar í Borgarfjarðar sýslu og annar á sýslumótum milli Árnes og Rangárvalla sýslu.

Stjórninni þykir þó ísjárvert að senda þessa dýralækna til Íslands, einkum sökum þess, að svo er að sjá af hinum seinustu skýrslum að fjársýkin sje næstum því hætt, en álítur bezt, ef að fjársýkin skyldi byrja á ný, að fela dr. Hjaltalín, sem áður hefur látið sjer einkar annt um þetta efni, og nú býr í Árnes sýslu, að rannsaka fjársýkina, semja lýsing á henni og skýra frá ráðum þeim, er hann ætlar bezt til að ráða bót á henni, prenta svo ritgjörð þessa og úthluta henni ókeypis; þó vildi stjórnin, ef því yrði við komið, að handritið, snúið á dönsku, yrði sent henni áður en það er prentað, svo að það verði borið undir álit góðra dýralækna í Danmörku.

---

8. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um byggingu eyðijarðarinnar Kálfaness í Borgarfjarðar sýslu. 1854. 22. maí.

Húsmaður nokkur í Borgarfirði hafði sótt um, að sjer væri fengin eyðijörðin Kálfanes í Borgarfirði til að byggja þar nýbýli, en stiptamtmaðurinn hafði ekki viljað veita honum það sökum þess, að eigandi jarðarinnar Bæjar í Borgarfirði hafði sýnt skýrteini fyrir því, að hann ætti eyðijörðina, og hefði byggt hana ábúanda Bæjar, og væri goldið eptir hana. Síðan sótti húsmaðurinn um þetta til stjórnarinnar.

Þegar stjórnin hafði leitað álits stiptamtmannsins um þetta mál, svaraði hún: að hún fallist á úrskurð stiptamtmanns í þessu máli, þar eð jörð þessi, eptir því sem sannað hefur verið (sbr. einnig Johnsen: jarðatal, 114. bls.), sje eyðihjáleiga Bæjar, og sje byggð sjer í lagi, og ekki verði álitið, eptir tilskipun 15. apríl 1776, einkum eptir 2. gr. hennar, að veita skuli nýbýlisrjett til þess konar lands, sem vafalaust er eign annars, og þegar sannað er, að landið er notað, með því að árlega er goldið eptir það.

---

9. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu um alþingismanninn í Húnavatnsþingi[1]. 26. júní.

Læknirinn í Húnavatnsþingi hafði spurt stjórnina, að hve miklu leyti það leiði af þeirri embættisstöðu hans, að hann er læknir í Húnavatnssýslu og nokkrum hluta Skagafjarðarsýslu eptir konungsúrskurði 15. desemb. 1837, að hann ekki geti setið á alþingi á næstu þingum, og hvort hann sje skyldur að fá annan lækni, sem tekið hefur próf í læknisfræði, til að vera í stað sinn á meðan. Amtmaðurinn hafði einnig skýrt frá þessu máli, og því sem fram hafði farið á alþingi, sökum þess, að hann lagði bann fyrir, að læknirinn sæti á þingi.

---

[1]) Sbr.: Brjef 16. maí og hið næsta hjer á eptir.

1851. 26. júní. Stjórnin svarar amtmanni: að það sem það snerti, hvort telja eigi lækninn með embættismönnum eða ekki, þá komi það ekki þessu máli við, því það hafi ekki verið amtmaðurinn heldur stiptamtmaðurinn á Íslandi, sem átti að skera úr því, hvort læknirinn þyrfti leyfis þess, til að taka við kosningu, sem til er tekið í tilskipun 28. maí 1831, 2. gr., og tilskipun 8. marz 1843, 37. gr., og neitaði stiptamtmaður að hann þyrfti þess, þar eð hann stefndi honum til alþingis f. á. — En hvort sem læknirinn er nú verulegur embættismaður eða ekki, þá hlaut amtmaðurinn að hafa rjett til að sjá um, að hann færi ekki til að gegna þingstörfum þaðan, sem hann hafði læknisstörfum að gegna, nema með svo felldu móti, að hann til fullnaðar sæi um, að skyldum þeim, er á honum lágu, yrði tilhlýðilega gegnt. Og eins og amtmanninum bar að dæma um, hvort þetta væri gjört, eins verður það ekki beinlínis álitið nægilegt, að læknir, sem bjó langt í burtu, ásamt kennslusveini í læknisfræðinni, vildu takast þessi störf á hendur, því hvorki hefur hinn síðar nefndi tekið próf, og varla má heldur ætla, að náð verði til hins fyr nefnda þegar á lægi, án þess hann þá vanræki sýslu sína. Það varð því að fara eptir álitum, hvort leyfa skyldi lækninum, þegar þannig var ástatt, að fara til Reykjavíkur og taka þátt í alþingisstörfum; og eins og ekki þykja nægar ástæður, eptir málavöxtum, að alíta skipun amtmannsins ranga, er ætla má að hafi verið gjörð af umhyggju fyrir þörfum hjeraðsins, eins getur stjórnin ekki annað en fallizt á, að hann vildi ekki seinna fara að verja aðgjörðir sínar í þessu efni á alþingi. Auk þess verður amtmaðurinn að skera úr því, hvort læknirinn getur verið á þingum þeim, sem enn verða haldin á þeim tíma, sem eptir er af kosningartímanum, og hvernig störfum hans skuli gegnt á meðan, eptir því sem á stendur í hvert skipti.

10. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í Vesturumdæminu um nokkur atriði er hann hafði spurt um sem konungsfulltrúi[1]. 1854. 26. júní.

Þegar amtmaðurinn í Vesturumdæminu, sem konungsfulltrúi, skýrði frá því, er gjörðist á alþinginu, þegar amtmaðurinn í Norður- og Austurumdæminu bannaði alþingismanninum úr Húnavatnssýslu að sitja á alþingi, og kosningu varaþingmannsins úr sömu sýslu síðan var hrundið af þingmönnum, leitaði hann með brjefi 28. apríl úrskurðar innanríkisstjórnarinnar um það:

1) hvort að álíta skal læknirinn í Húnavatnsþingi embættismann konungs, er eptir 37. grein alþingis-tilskipunarinnar þurfi leyfi til að taka á móti kosningu til alþingis, eða ekki; hvort amtmaðurinn hefur rjett til að banna honum alþingissetu, nema þegar sjerleg nauðsyn ber til, t. a. m. að landfarsótt er í sýslunni; og hvort það sje ekki nóg, þegar læknirinn getur fengið hjeraðslæknirinn í Norðurumdæminu, sem Húnavatnssýsla liggur undir, til að gegna störfum sínum meðan hann er á alþingi.

2) hvernig kjörstjórar á Íslandi eiga að haga sjer, þegar annaðhvort alþingismaðurinn, sem kosinn er, eða varafulltrúinn, skorast undan að taka við kosningu á sjálfu kjörþinginu, þegar atkvæðagreiðslu er lokið, og auglýst er hverjir kosnir eru; hvort kjörstjórarnir eiga, ef að allir kjósendur eru enn við staddir, að láta kjósa á ný, eða hvort slíta eigi kjörþinginu, þó að þingið viti, að ekki sje kosinn nema einn maður fyrir sýsluna um alla kosningartímann. Auk þessa hafði amtmaðurinn, eins og hann hafði lofað alþingi, borið það fram:

3) að stjórnin hlutaðist til þess á þann hátt, sem henni þætti haganlegast, að Húnavatnssýsla hefði fulltrúa á þeim tveimur þingum sem eptir eru af kosningartímanum.

Um hin 2 fyrri atriði vísar stjórnin til eptirrita af 2 brjefum til amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu, dagsettum 16. maí og 26. júní. Því sem amtmaðurinn í þriðja lagi hafði stungið upp á svaraði stjórnin: að hún gæti ekki tekizt á hendur að sjá fyrir því, að Húnavatnssýsla gæti verið viss um að fá þingmann til alþingis.

[1]) Sbr. hið næsta brjef hjer á undan.

1854. 14. júlí. **11. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um að brjef og annað til stjórnarráðanna eigi að vera á dönsku eða með danskri útlegging[1].**

Kirkju og kennslustjórnin hafði vakið athygli á því, að það hefur opt borið við í málum, sem send eru til stjórnarinnar frá Íslandi, bæði að send eru bónarbrjef og álitsskjöl skrifuð á íslenzku, í málum, sem leggja skal fyrir stjórnarráðin, og það jafnvel frá þeim embættismönnum, sem dável geta skrifað dönsku, og eru svo álitsskjöl þessi send til stjórnarinnar án þess þau sjeu lögð út, og virðist, að af þessu leiði mörg óhægindi og einkum seinkar það málunum, þegar hjer skal snúa málum á dönsku. Áðurnefnt ríkisstjórnarráð áleit að sönnu, að það yrði ekki heimtað, að þeir af landsbúum, sem ekki eru skyldir að geta skrifað á dönsku, sendi bónarbrjef sín eður aðrar málaleitanir til stjórnarráðanna á dönsku, og stjórnarráðið mælir heldur ekki neitt á móti, að embættismenn skrifist á síní milli á íslenzku í þeim málum, sem ekki þarf að bera undir úrskurð stjórnarráðanna, þó að þeir eigi eins hægt með að skrifa dönsku, en í annan stað þótti því ástæða til, að það sje brýnt fyrir hinum íslenzku embættismönnum, sem kunna dönsku — og það má ætla hverjum þeim, er situr í þess konar embætti, að taka þarf próf við háskólann til að fá það — að þeir riti á dönsku, bæði þegar þeir skrifa beinlínis stjórnarráðunum til, og líka þegar þeir segja álit sitt um mál, sem senda á til stjórnarráðanna. Þegar embættismenn senda mál til stjórnarráðanna, og þess þarf við að senda með þeim álitsskjöl, sem skrifuð eru á íslenzku, skulu þeir og senda staðfesta útleggingu á þeim.

Innanríkisstjórnin er að öllu samdóma kirkju og kennslustjórninni í þessu máli, og biður því stiptamtmanninn (amtmanninn) að fara bæði sjálfur eptir reglum þeim, sem hjer standa að framan, um að rita á dönsku í málum þeim, sem senda á, ellegar verið getur að send verði stjórnarráðunum, og að skýra

[1]) Viðlíka brjef hefur kirkju- og kennslustjórnin skrifað til stiptsyfirvaldanna 19. ágúst.

öðrum embættismönnum frá reglum þessum, og sjá um, að farið sje eptir þeim. 1854. 14. júlí.

---

12. Leyfisbrjef fyrir Tal. P. Shaffner frá ríkinu Kentucky í Sambandsríkjunum í norðurhluta Vesturálfu til að leggja og nota rafsegulþráð frá norðurhluta Vesturálfu til Kaupmannahafnar.[1] 16. ágúst.

Vjer Friðrik hinn sjöundi, o. s. frv., gjörum kunnugt: að Vjer eptir ósk og beiðni til Vor, og ásigkomulagi því, er Oss hefur verið frá skýrt, höfum allramildilegast lofað og leyft, og lofum og leyfum með brjefi þessu Tal. P. Shaffner frá ríkinu Kentucky í Sambandsríkjunum í norðurhluta Vesturálfu að leggja og nota rafsegulþráð frá norðurhluta Vesturálfu til Kaupmannahafnar, með þeim kjörum og kostum, er hjer segir:

Með brjefi þessu leyfum Vjer

1. Tal. P. Shaffner frá ríkinu Kentucky í Sambandsríkjunum í norðurhluta Vesturálfu, að því leyti sem Danaveldi nær til, að leggja rafsegulþráð á eiginn kostnað, og með eigin ábyrgð, frá Norður-Ameriku eptir Grænlandi, Íslandi og Færeyjum, og þaðan til Noregs, og eptir Noregi og Svíaríki til Kaupmannahafnar, og skal þar vera eini endinn á þræði þessum. Rafsegulþráðinn skal leggja á land annaðhvort rjett hjá Kaupmannahöfn, eða á einhverjum öðrum stað á eyjunni Sjálandi, og skal festa hann við rafsegulþráð Danaríkis í Helsingjaeyri eða Kaupmannahöfn, eða á einhverjum öðrum stað, eins og danska stjórnin nákvæmar ákveður, og skal Tal. P. Shaffner hafa kostnað fyrir því öllu.

---

[1]) Tal. P. Shaffner er skrifari í rafsegulþráðafjelaginu í Bandaríkjunum, og ferðaðist hann til Danmerkur, Svíþjóðar og Rússlands, til að útvega sjer leyfisbrjef til, að fjelag þetta mætti leggja rafsegulþræði frá Ameriku til Evrópu; og ætlar hann síðan að leggja hann austur Rússland og gegnum Asíu og yfir Beringssund til Ameriku að vestanverðu, það er að skilja kringum allan jarðarhnöttinn. Shaffner lætur í blöðum í Ameriku mikið af framgöngu sinni í þessu efni, og einkum getur hann þess, að Danakonungur hafi tekið sjer einkar vel.

1854. 16. ágúst. Danska stjórnin áskilur sjer að ákveða, með hvaða kostum nota megi rafsegulþráð þann, er ríkið á, og búið er að leggja á Sjálandi, og að ákveða hvert einstakt atriði um það, hver stjórn og umsjón skuli vera á þræðinum frá því að hann er lagður á land á Sjálandi og þangað til að hann er festur við hinn danska rafsegulþráð ríkisins.

2. Land það, bæði af eignum konungs og einstakra jarðeigenda, er þarf til að leggja rafsegulþráðinn eptir, á Grænlandi, Íslandi og Færeyjum, má Tal. P. Shaffner eiga von á að fá, með þeim kostum, er seinna skulu til teknir.

3. Tal. P. Shaffner lofar að ljúka fyrirtæki þessu svo skjótt sem unnt er, og gefst honum til þess 10 ára frestur, frá því að leyfisbrjef þetta er dagsett. Sje ekki búið að leggja þráðinn og hann kominn í gagn innan þess tíma, þá skal hinni dönsku stjórn heimilt að taka aptur leyfisbrjef þetta, og skal stjórnin ekki á neinn hátt vera skyld að bæta Tal. P. Shaffner skaða sinn.

4. Þegar þráðurinn er búinn, eða nokkuð af honum, skal Tal. P. Shaffner heimilt að láta hann flytja fregnir frá öllum þjóðum og til allra þjóða, sjeu frjettirnar ekki þess efnis, að þær sjeu hættulegar fyrir Danaríki eða almennings heill, og mun danska stjórnin á alla lund, er hún getur, stuðla að því, að þráður þessi verði notaður án allrar tálmunar.

5. Það er auðvitað, að eigandi eða eigendur rafsegulþráðs þessa, fulltrúar þeirra og undirmenn, skulu hlýða lögum ríkisins, að því leyti sem þráðurinn nær um lönd og höf í Danaveldi; og skulu þeir í hvívetna hlýða dómum og ákvörðunum yfirvalda, sem gjört er eptir þeim lögum, eins og þeir væru þegnar Danakonungs, án þess neitt sje undan skilið, hvorki neinn sjerstakur rjettur til lands eða annað.

6. Þegar búið er að leggja þráðinn til Kaupmannahafnar, mun danska stjórnin sjá svo um, að fregnir til og frá norðurhluta Vesturálfu berist fljótt og skilvíslega eptir rafsegulþráðum Danaveldis.

7. Ef að stjórnendur í öllum löndum þeim, sem frjettir eru sendar eptir með þræði þessum milli Norðurálfu og norður-

hluta Vesturálfu, lækka verð fyrir frjettaburð þenna, mun danska stjórnin hliðra jafnmikið til að sínum hlut. 1851. 16. ágúst.

8. Danska stjórnin áskilur sjer rjett til þess, að senda ríkis-skilaboð ókeypis eptir öllum þræði þessum, eða nokkrum hluta hans, allt að 300 orða á mánuði, og skulu slík skilaboð vera í fyrirrúmi fyrir frjettum frá einstökum mönnum.

9. Til að bæta Tal. P. Shaffner kostnað þann, er þarf til að leggja rafsegulþráð þenna, skal honum veitt það leyfi, sem getið er um í 4. gr., að nota rafsegulþráð frá norðurhluta Vesturálfu til Kaupmannahafnar, í 100 ár frá því að leyfisbrjef þetta er dagsett, og skal engum öðrum kostur á, að hafa þess konar fyrirtæki fyrir stafni í löndum Danakonungs, hvort sem væri með höndum haft að leggja þráðinn í sömu stefnu, og ákveðin er í þessu leyfisbrjefi, ellegar að leggja þráð, sem kæmi saman við aðra rafsegulþræði milli Norðurálfu og norðurhluta Vesturálfu. Þegar þessi tími er liðinn áskilur danska stjórnin sjer rjett til að veita nýtt leyfisbrjef hverjum sem hún vill, og með þeim kostum, sem hún þá ákveður, þó skal sá eða þeir, sem þá eru eigendur þessa leyfisbrjefs, ganga fyrir, ef þeir vilja ganga að kostum þeim, er danska stjórnin setur.

10. Til ábyrgðar fyrir því, að fyrirtæki þetta gangi skjótt, skuldbindur Tal. P. Shaffner sig til að sýna og sanna hinni dönsku stjórn, eptir að 3 ár eru liðin frá því að leyfisbrjef þetta er dagsett, að hann hafi varið til þess að minnsta kosti 100,000 ríkisdölum dönskum. Hafi hann þá ekki varið svo miklu fje til þessa fyrirtækis, lofar hann að fá dönsku stjórninni það sem á vantar í peningum til varðveizlu, og skal gjalda honum það fje aptur, ef að þráðurinn er búinn og kominn í gagn á þeim 10 ára fresti, sem til er tekinn í 3. gr., en verði það ekki, skal danska stjórnin eiga fje þetta. Skorist hann undan, ef svo fer sem nú var sagt, að greiða það sem á vantar, er að álíta sem leyfi þetta sje samstundis aptur tekið, og skal Tal. P. Shaffner ekki eiga neina heimting á skaðabótum frá hinni dönsku stjórn fyrir það.

11. Ef að þráðurinn slitnar, þegar búið er að leggja hann, skal Tal. P. Shaffner skyldur að koma honum sem fyrst aptur

1851. 16. ágúst. í gott lag; og ef að lengri tími gengur til þess, en 10 ár, getur danska stjórnin tekið til þess rjettar er hún hefur áskilið sjer í 3. gr., að taka leyfið aptur án nokkurs endurgjalds.

12. Ef að nauðsyn þykir eða hallkvæmara að láta rafsegulþráð þenna liggja í aðra stefnu en til er greint í 1. gr., eður að láta hann greinast þannig, að hann endi á fleiri stöðum en í Kaupmannahöfn, má Tal. P. Shaffner eiga von á að fá leyfi til þess, þegar hann beiðist þess, og hefur áður orðið ásáttur við hina dönsku stjórn um það, með hverjum kostum þessa breytingu megi gjöra, og hvernig og hvenær hún skuli komast á.

13. Tal. P. Shaffner skal heimilt að láta af höndum leyfi þetta til hvers sem vera skal, hvort það er fjelag eða einstakur maður, með sömu rjettindum og sömu skyldum, sem hann hefur sjálfur. Þó skal það undireins kunngjört hinni dönsku stjórn, ef það er látið af hendi, og skal sá eða þeir, sem standa fyrir fyrirtæki þessu, bæði á meðan verið er að starfa að því, og eptir að því er lokið, vera þess skyldir, eptir hæfilegan tíma til undirbúnings, að skýra hinni dönsku stjórn frá hverju því, er hana varðar.

Í hvert skipti, er þurfa þykir að skýra orð og efni leyfisbrjefs þessa, skal Tal. P. Shaffner hlíta úrskurði innanríkisstjórnar Vorrar.

Bönnum Vjer öllum og sjerhverjum að standa móti því, sem hjer er fyrir skipað.

---

28. ágúst. **13. Brjef kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins á Íslandi um uppástungur skólameistarans í Reykjavík.**

Í fyrr asumar, 19. ágúst 1854, bað stjórnin yfirstjórn skólans *(Ephorat)* um álit hennar um nokkrar uppástungur skólameistarans, einkum þær er lutu að því:

1. að skylda ætti skólasveina, alla nema þá í neðsta bekk, til að nota kennsluna í frakknesku og ensku, og verja til þess

4 tímum í viku, en þó ekki af hinum reglulega skólatíma, eða að þeir að minnsta kosti velji eptir eigin geðþótta annað málið og verji 2 tímum í viku til að læra það. 1851. 28. águst.

2. að sú ákvörðun, í 1. gr. skólareglugjörðarinnar, saman borin við 60. gr., að taka megi sveina, sem ekki eiga að læra, til kennslu í skólanum, verði einnig látin gilda fyrir Reykjavíkurskóla, á þann hátt, að þess konar sveinum verði leyft að nota kennsluna í öllu í neðsta bekk nema latínu og grísku, og að sá skilmáli sje settur til þess, að þeir verði teknir í skólann, að þeir sjeu fullra 12 ára; að þeir kunni íslenzka rjettritun og skilji dönsku, ef þeir eru íslenzkir, og kunni danska rjettritun og skilji íslenzku, ef þeir eru fæddir af dönsku foreldri, og að öðru leyti sje hið sama heimtað af þeim til að komast í skólann, eins og hinum, sem læra eiga, að frá skildri latínunni.

3. að sett verði nefnd, og sjeu í henni auk kennaranna við skólann 2 aðrir menntaðir embættismenn, t. a. m. forstöðumaður prestaskólans og dómkirkjupresturinn í Reykjavík, til að velja úr bækur þær sem gagn sje að að halda í bókasafni skólans, og að skólameistaranum verði leyft að selja hinar bækurnar á uppboðsþingi, og verja andvirðinu til að kaupa nýjar bækur.

4. að þeir sem ganga undir burtfararpróf og ætla að fá styrk við háskólann, skuli taka hinn seinni hlut burtfararprófsins á háskólanum, en fyrri hlutann í skólanum

5. að það skyldi mega veita efnilegum sveinum ölmusur, þó að þeir þyrftu þeirra ekki beinlínis til lífsuppheldis á meðan þeir eru í skóla, svo að það skyldi mega safna fyrir afganginum og borga þeim hann, þegar þeir fara til háskólans eða prestaskólans.

6. að nákvæmar skuli ákveða, hve lengi skólasveinn geti verið í sama bekk og haldið ölmusu.

Þegar stjórnin hafði fengið brjef stiptsyfirvaldanna, dagsett 19. maí næst liðinn og álit þeirra um þessi atriði, skar hún þannig úr þeim:

1. Stjórnin fellst á það samkvæmt uppástungu yfirstjórnar skólans að allir skólasveinar skuli framvegis vera skyldir að læra þjóðversku; að skólameistaranum skuli sett í sjálfs vald, að skera

1854. 28. águst. úr því, hverjum sveinum skuli leyft að nota kennsluna í ensku og frakknesku, öðru málinu eða báðum, og að banna þeim þessa kennslu, ef að honum þykja þeir ekki færa sjer kennsluna vel í nyt, eða að hún standi þeim fyrir framförum í öðrum lærdómi.

2. Stjórninni þykir ísjárvert að taka menn inn í skólann, sem ekki eiga að læra, og ekki eiga að taka þátt í kennslunni í gömlu málunum, af ástæðum þeim, sem yfirstjórn skólans og kennsluumsjónarmaðurinn hefur í ljósi látið.

3. Stjórnin er því ekki mótfallinn, að skólameistaranum verði gefið vald á að selja á uppboðsþingi bækur þær, sem ekki er gagn að halda í bókasafninu, og verja andvirðinu, eins og hann hefur stungið upp á, þó skal sýna yfirstjórn skólans skrána yfir bækur þær, sem selja á, og skal hún samþykkja hana.

4. og 5. Stjórninni þykja ekki nógar ástæður fyrir þessum greinum til að fara eptir uppástungum skólameistarans eða að ákveða gjörr en gjört hefur verið um þetta mál.

6. Stjórnin fellst á álitsmál yfirstjórnar skólans um það, að engi þörf sje að gjöra nákvæmari ákvarðanir um það efni.

---

30. águst. **14. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um yfirgang útlendra fiskimanna (duggara) á Austfjörðum.**[1]

Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu hafði kvartað yfir því, að útlendir fiskimenn frá Írlandi, Englandi og Frakklandi gjörðu lands mönnum ýmsan ágang móti lögum og rjetti. Stjórnin fól því sendiboðum konungsins í París og Lundúnum á hendur að mæla móti yfirgangi þessum, og hlutast til að slíkt gengist ekki við framvegis. Stjórnin hefur nú fengið svar upp á umkvartanir þessar frá stjórnendum þessara landa, og hefur hin frakkneska stjórn sent málið hlutaðeigandi embættismanni til nákvæmari

[1]) Í brjefi frá innanríkisstjórninni til stiptamtmannsins og amtmannanna 25. septemb. 1854 skýrir frá því, að enska stjórnin ekki geti komið því við að senda herskip til Íslands fyrri en næsta sumar (1855).

rannsóknar, en enska stjórnin lofaði, þegar fyrst yrði sent her- 1854.
skip á fiskistöðvarnar við Ísland, skyldi hún fela skipherranum á 30. águst.
hendur að rannsaka nákvæmlega það sem klagað hefur verið yfir, og skýra stjórninni frá því sjer í lagi.

---

15. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um skilning á verzlunarlögunum 15. apríl þ. á. 21. septbr.

Stiptamtmaðurinn hafði sent stjórninni fyrirspurn bæjarfóetans í Reykjavík um þessi atriði:

1. Hvort að kaupmaður, sem er heimilisfastur á Íslandi, og vill taka utanríkisskip á leigu, getur, samkvæmt lögunum um siglingar og verzlun á Íslandi 15. apríl þ. á., beðið með að kaupa íslenzkt leiðarbrjef, þangað til skipið komi til Íslands, og ef svo er, hvort leiðarbrjefið gildi þá fyrir ferðina aptur til útlanda innan 9 mánaða, og

2. Hvort að verzlunarmaður, sem er heimilisfastur á Íslandi, þarf að kaupa nýtt leiðarbrjef, þegar skipstjóri kemur til Íslands með fermt skip, og hefur keypt leiðarbrjef, eins og fyrir er mælt í 2. gr. áður nefndra laga, til þess að verzla í landinu, og íslenzki verzlunarmaðurinn vill síðan taka skipið á leigu til að flytja farm þaðan, og ætlast ekki til, að skipið komi aptur til Íslands.

Stjórnin svaraði á þessa leið:

1. að það megi að sönnu kaupa leiðarbrjef á Íslandi, þegar þannig stendur á, eptir lögunum 15. apríl þ. á., 4. greinar seinustu klausu, en gildi þá einungis fyrir ferðina til Íslands og frá Íslandi, og fyrir þær ferðir sem farnar eru hafna á milli á Íslandi, en ekki fyrir ferð til landsins aptur.

2. að ekki þurfi nýtt leiðarbrjef, þegar þannig stendur á, samkvæmt 4. gr., endanum á fyrstu klausu, þar eð leiðarbrjef, sem búið er að kaupa, gildir bæði fyrir ferðina til Íslands og frá Íslandi, hver sem svo hefur skipið á leigu.

1854. 22. septbr. **16. Brjef dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austurumdæminu, um greptrun manns er hefur farið sjer sjálfum.**

Maður nokkur hafði veitt sjer sjálfum bana, en hafði eptir sýslumanns-úrskurði verið jarðaður á vanalegan hátt eptir beiðni náunga sinna, og hafði amtmaðurinn borið mál þetta undir stjórnina, og ekki viljað ónýta úrskurð sýslumannsins.

Stjórnin svarar: að hún geti ekki skorið skýrt úr þessu máli, þar eð það vanti fullkomin skýrteini bæði um það, hvernig á stóð, er maðurinn rjeð sjer sjálfum bana, og að hve miklu leyti hinum dána var veitt kristileg greptrun. Til þess að leiðbeina valdsmönnum í úrskurðum um þess konar mál, sendir hún eptirrit af kanselíbrjefi 3. águst 1833. Þar skýrir nákvæmlega frá því, hvers gæta skal, þegar slíkt vill til. Stjórnin segir enn fremur, að rjettast sje að viðhalda því áliti, sem er byggt á trúnni, hve syndsamlegt það sje að stytta sjer aldur, en að gjöra þó ekki þeim, sem eptir lifa, skapraun að óþörfu, hún álítur að hafa eigi hliðsjón af hugsunarhætti þeim, sem ríkir í ýmsum hlutum ríkisins, þegar beita skal almennum grundvallarreglum, er þess konar mál skulu dæmast eptir; og þar eð hún álítur að á Íslandi hafi haldizt meiri alvörugefni, í dómum manna um að týna sjer sjálfum, heldur en annarstaðar í ríkinu, eigi valdsstjórnin að gæta þess, að hún ekki gleymi þessum alvarlega skoðunarhætti landsmanna, þegar um slíkt er að dæma, og einkum, að hún slaki ekki meira til, en til er tekið í áður nefndu kanselíbrjefi að mest megi gjöra, nema miklar ástæður sjeu, sem mæli með því.

---

28. septbr. **17. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um bæjarstjórnina í Reykjavík.**

Einn af bæjarfulltrúunum í Reykjavík hafði borið það undir úrskurð stjórnarráðsins:

1. hvort að bæjarfógetinn, eptir bæjarstjórnar-reglugjörðinni 27. nóvemb. 1846, hefði rjett til að kalla alla bæjarfulltrúa saman

á fundi, stjórna þessum fundum og bóka það sem fram fer, og 1851.

2. að hve miklu leyti það sje nóg, að bæjarfóetinn ásamt 28. septbr.
að minnsta kosti þremur bæjarfulltrúunum skrifi undir ávísanir í bæjarsjóðinn, eða sá eða þeir sem hinir fulltrúarnir hafa falið það á hendur, eða, ef engum hefur verið falið það á hendur, hvort að nauðsyn beri til, að allir bæjarfulltrúarnir skrifi undir.

Eptir að stiptamtmaður hafði sagt álit sitt um þetta mál, skar stjórnin úr því á þessa leið:

1. að, þar eð álíta mætti, að bæjarfóeti væri forseti í allri bæjarstjórninni, hefði hann einnig rjett til að kveðja bæjarfulltrúana til funda þeirra, sem þeir, eptir bæjar-reglugjörðinni 27. nóvemb. 1846, geta átt við hann, og eins leiði það af sjálfu sjer, að hann stjórni umræðunum og bóki það sem fram fer, ef að hann vill gjöra það, að sínu leyti eins og það sem ákveðið er um forstjóra bæjarfulltrúanna í 15. gr. reglugjörðarinnar;

2. að það er álit stjórnarinnar, að það sje nóg, að þeir fulltrúar, sem gjöra einhverja ályktun, er það leiðir af, að ávísun er gjörð í bæjarsjóðinn, skrifi undirhana á samt bæjarfóetanum, fyrst að bæjarfulltrúarnir hafa ekki neytt þess valds, er þeim var veitt í reglugjörðinni 24. nóvember 1846, að velja einn eða fleiri af fulltrúunum til að skrifa undir ávísanir í bæjarsjóðinn. Þess skal og getið, að ályktun er lögmæt eptir 15. gr. reglugjörðarinnar, þegar 3 fulltrúar eru við staddir, eða þegar hún er gjörð með 2 atkvæðum, og leiðir þar af, að ekki er ætíð nauðsynlegt að þrír fulltrúar skrifi undir ávísunina.

---

18. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austurumdæminu um sameiningu brauða í Skagafirði. 30. septbr.

Kirkju- og kennslustjórnin hefur skýrt þessu stjórnarráði frá, að Hans Hátign konungurinn hafi 25. þessa mánaðar allramildilegast fallizt á uppástungu hennar:

1. að leggja megi niður Flugumýrar og Hofstaðabrauð í Skagafjarðarsýslu, þegar það losnar næst, og leggja Flugumýrarsókn við Miklabæjarbrauð, og Hofstaðasókn til Viðvíkur og Hóla, og

1854. 30. septbr. 2. að leggja megi konungsjörðina Viðvík til hins sameinaða brauðs Hóla, Viðvíkur og Hofstaða til fullrar eignar, til ábýlisjarðar fyrir prestinn í brauðinu, en ljensjörðin Hjaltastaðir og hjáleigurnar Hjaltastaðahvammur og Hjaltastaðakot, sem nú eru eign Flugumýrar og Hofstaðabrauðs, skulu þá verða konungseign.

---

14. októbr. **91. Brjef dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins um skipgjald.**

Stiptamtmaðurinn hafði sent til stjórnarinnar brjef frá bæjarfógetanum í Reykjavík, er bað um úrskurð stjórnarinnar um það:

1. hvort að taka megi gjöld þau, sem ákveðin eru í aukatekjureglugjörðinni 10. september 1830. 62. gr., fyrir að fá ný skipaskjöl, ásamt gjaldi því, er til er tekið í 8. gr. laganna 15. apríl þ. á.

2. hvort líka megi taka gjald það, sem ákveðið er í tilskipun 11. september 1816, 11. gr., ásamt gjaldi því, er til er tekið í 8. gr. laganna 15. apríl þ. á., þar eð það er ákveðið með sjerstöku lagaboði, og

3. ef að þessu sje neitað, hvort hann (bæjarfógetinn) þá ekki geti fengið uppbót fyrir gjald það, er hann hefur haft fyrir að endurnýja skipaskjöl, samkvæmt opnu brjefi 28. desember 1836, 15. gr., og kveður hann gjöld þessi, sem eptir lögunum 15. apríl ekki á að gjalda framvegis, hafa verið hjerumbil 30 rda á ári í Reykjavíkur þinghá.

Þessu svaraði stjórnin á þessa leið:

1. Þar eð lögin 15. apríl þ. á. leggja ekki þessum valdsmanni önnur störf á herðar, er siglingar snerta, heldur en hann hafði eptir hinni eldri löggjöf, getur það ekki verið umtalsmál, að heimta megi gjald það, sem talað er um í aukatekjureglugjörðinni 10. september 1830, 62. gr., eða nokkurn hluta þess, ásamt gjaldi því sem ákveðið er í áður nefndum lögum.

2. Þó nú svo væri, að gjald það, sem um ræðir í tilskipun 11. septemb. 1816, 11. gr., væri ekki úr lögum tekið með

áminnstri 62. gr. í aukatekjureglugjörðinni 10. sept. 1830, er þó virðist, þar eð menn ekki vita til, að það hafi verið heimtað síðan hún kom út, þá er það þó nú úr lögum tekið, fyrst að það er ekki ánýjað í lögunum 15. apríl þ. á., enda hafa þau numið allt burtu, er 11. gr. þessi var byggð á. 1854. 14. októbr.

3. Íslenzkir valdsmenn geta ekki fengið neinar bætur fyrir gjöld þau, sem tekin eru af eptir hinu nýja fyrirkomulagi á verzluninni, því það liggur í augum uppi, að embættismenn, sem hafa aukatekjur að launum, að nokkru eða öllu leyti, geta ekki beðizt bóta, þó tekjur þessar með seinni lögum sjeu minnkaðar eða teknar af með öllu, og jafnvel ekki, þó að þeir verði að halda áfram að gegna störfum þeim, sem gjöldin eru fyrir, og þá því síður þegar af lögunum leiðir, að þessi störf hætta. Það er ekki nema stöku sinnum, þegar þess konar lagabreyting gjörir einhverjum embættismanni stórskaða, að honum er veitt uppbót á því, en það er svo langt frá, að slíkt geti komið til greina sökum lagabreytingar þeirrar, sem orðin er á um íslenzku verzluninna, að það er ætlandi, að hún auki fremur en minnki tekjur íslenzkra valdsmanna.

---

20. Brjef hinnar íslenzku stjórnardeildar til amtmannsins í norður- og austurumdæminu um borgun fyrir veitingabrjef. 13. októbr.

Amtmaðurinn hafði sent til stjórnarinnar fyrirspurn frá prestinum á Hofi í Norðurmúlasýslu um það, hvort það væri ekki móti venju, að hann, er áður hafði goldið hið lögboðna gjald 14 rdi 48 sk., fyrir staðfestingu á veitingarbrjefi fyrir Glaumbæjarbrauði í Skagafjarðarprófastsdæmi, skyldi nú aptur gjalda jafnmikið fyrir staðfestingu 27. marz næstliðinn á veitingarbrjefi hans fyrir Hofsbrauði.

Stjórnin svarar: að það sje venja að láta gjalda fyrir staðfestingu á veitingabrjefum presta eins og almenn lofagjöld *(Bevillingsgebyrer)*, og eigi því að greiða það gjald í hvert skipti þegar slík staðfesting er veitt.

1854. 28. nóvbr. **21. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austurumdæminu, um að stúdent skuli skyldur að gjalda þinggjöld.**

Amtmaðurinn hafði sent stjórninni til úrskurðar fyrirspurn frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu um það, hvort Jón stúdent Thorarensen í Víðidalstungu þyrfti ekki að greiða gjöld þau, sem getið er í opnu brjefi 26. marz 1826, eða hin svo nefndu manntalsbókargjöld fyrir reikningsárið $18\frac{53}{54}$.

Stjórnin svarar: að þar eð Thorarensen hafi ekki á því reikningsári tamið sjer kennimannleg störf, eins og fyrir er mælt í tilskipun 3. maí 1743, verði hann ekki undan þeginn að greiða þau gjöld, er um ræðir, fyrir þann tíma.

---

2. desembr. **22. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um sóttvarnarlögin.**

Stiptamtmaðurinn hafði eptir beiðni bæjarfógetans í Reykjavík borið undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar, hvort lögin 10. marz 1852, sem taka úr lögum hinar fyrri tilskipanir fyrir Danmörk um sóttvarnir við gulusótt og kóleru, gætu gilt á Íslandi.

Innanríkisstjórnin, sem eins og kunnugt er af brjefi hennar til amtmannanna á Íslandi 5. júlí 1851, tók, eptir samningi við fjárstjórnarráðið, sama ár við stjórn á sóttvörnum á Íslandi, svarar stiptamtmanni: að þar eð lögin 10. marz 1852 sjeu enn ekki leidd í lög á Íslandi, þyki stjórninni ísjárvert, að láta nú gjöra það, einkum þegar verzlunin er nú látin laus fyrir útlendar þjóðir, og skal því framvegis farið eptir ákvörðunum þeim, er hingað til hafa verið lög eptir áður nefndu umburðarbrjefi stjórnarinnar 5. júlí 1851.

---

4. desembr. **23. Auglýsing frá innanríkisstjórninni um það, hvernig fá megi íslenzk leiðarbrjef.**

Eptir fyrirmælum íslenzku siglinga- og verzlunarlaganna 15. dag aprílmánaðar 1854, hefur innanríkisstjórnin þegnsamlegast

borið undir Hans Hátign korunginn, að innanríkisstjórnin megi í umboði konungs löggilda þau hin íslenzku leiðarbrjef, sem um er getið í 5. grein tjeðra laga, og hefur Hans Hátign allramildilegast þóknazt að fallast á þessa uppástungu og einnig, að leiðarbrjef þessi skuli vera svo látandi, sem greinir í formi því, sem fest er við auglýsing þessa. Þeir, sem vilja fá íslenzkt leiðarbrjef, skulu beiða þess brjeflega eitthvert af yfirvöldum þeim, sem nefnd eru í 5. grein í lögunum 15. apríl 1854, en víki þeir bón sinni til innanríkisstjórnarinnar, skal rita bónarbrjefið á stimplaðan pappír, 4. flokk Nr. 4; með brjefi þessu skal fylgja skýrsla frá útgjörðarmanni eða útgjörðarmönnum skipsins, um nafn skipsins, heimili þess og stærð og einnig um nafn skipstjóra, eins og krafizt er í 4. gr. laganna 15. apr. 1854, og skal skýrsla þessi vera staðfest, eins og fyrir er mælt í hinni 4. grein, sem þegar var nefnd. 1854. 4. desemb.

---

24. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austurumdæminu, um hvarf nokkurra íslenzkra fiskimanna. 11. desemb.

Vorið 1852 kom sá kvittur fyrir sýslumanninn í Eyjafirði, að árinu áður hefði orðið vart við nokkra háseta Snorra Flóventssonar, er hvarf við 10. mann vorið 1842; hefðu Flandrarar tekið þá, og farið með þá í Flandur og væru þeir nú hafðir til fiskiveiða undir Íslandi. Rannsakaði sýslumaður málið, og sendi síðan amtmaður það til stjórnarinnar, og beiddist að hún hlutaðist til, að grenzlazt yrði eptir mönnum þessum. Stjórnin skrifaði síðan erindisrekum sínum í útlöndum til, og bað þá að fá málið rannsakað, einkum með því að láta gjöra skrá um alla þá menn, er verið höfðu það ár á skipum þeim, er nefnd voru í vitnisburði þeirra manna, er þóttust hafa sjeð þessa Íslendinga, skrifa þar nöfn þeirra, fæðingarstað, foreldra o. s. frv. Stjórnin hefur nú fengið nákvæma skrá um þá, sem voru á skipunum *St. Michel* og *Eleonore* 1851, og sjest af henni, að enginn Íslendingur hefur þá verið á þessum skipum.

1854. 31. desemb.

25. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um sölu á rekapartinum Kóngsvík.

Eptir uppástungu stjórnarinnar hefur Hans Hátign konungurinn 4. þessa mánaðar allramildilegast fallizt á: að selja megi bóndanum Jóni Magnússyni rekapartinn Kóngsvík í Öræfum í Skaptafellssýslu í suðurumdæmi Íslands, fyrir kaupverð það, er hann hefur boðið, 122 rdi, með þeim skildaga, að hann borgi þetta verð í peningum í jarðabókarsjóðinn á Íslandi, og að öðru leyti með þeim skilmálum, er til voru greindir, þegar rekaparturinn var boðinn upp.

1855.

1. Konungsúrskurður um nákvæmari ákvörðun á takmörkum kaupstaðarins á Seyðisfirði. 1855. 6. janúar.

Með opnu brjefi 14. desember 1842 var löggilt kauptún við Seyðisfjörð í norður- og austur-umdæmi Íslands, þannig að öllum þegnum Danakonungs var leyft að setjast þar að til verzlunar, þegar árið 1842 væri liðið, með þeim skilmálum sem til eru greindir í opnu brjefi 28. desember 1836, og geymdi konungur sjer að ákveða nákvæmar takmörk kauptúns þessa.

Þetta hafði nú ekki seinna verið ákveðið, og ekki kom nein uppástunga um það frá hlutaðeigandi embættismönnum, þegar T. F. Thomsen og P. C. Petræus, kaupmenn, stofnuðu verzlunarstað 1848 innst við Seyðisfjörðinn í Fjarðar landareign, og útvísaði sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu þeim, með samþykki eiganda jarðarinnar, fyrir árlegt eptirgjald, húsastæði, og veitti þeim einnig leyfisbrjef til kaupskapar.

1851 keyptu verzlunarmennirnir Örum & Wulff landspart á Vestdalseyri, hjerumbil ½ mílu frá hinum verzlunarstaðnum og byggðu þar hús til verzlunar, án þess að leita leyfis yfirvaldanna, sem lögðu heldur ekkert bann fyrir það, en Thomsen kaupmaður skrifaði til innanríkisstjórnarinnar 24. desemb. 1852, og kvartaði um, að þetta spillti fyrir verzlun sinni við þá, er kæmu sjóleiðis, og spurði hvort verzlunarstaður þessi væri löglega settur.

1854 byrjaði fyrverandi kaupmannsfulltrúi Jón Árnason verzlun á Vestdalseyri, og byggði þar verzlunarhús, en gat ekki fengið leyfisbrjef til verzlunar hjá sýslumanni, þar eð málinu um það, hvort Vestdalseyri væri löglegur kaupstaður, var ekki lokið. Síðan sögðu hlutaðeigandi amtmaður og sýslumaður álit sitt um þetta mál, og amtmaður ljet einnig 4 menn halda skoðunargjörð um báða verzlunarstaðina.

Eptir að þessi álitsskjöl voru komin til innanríkisstjórnarinnar, þótti henni henta, eptir opnu brjefi 14. desember 1842, að gjöra nákvæmari ákvörðun um takmörk kauptúnsins við Seyðisfjörð.

1855. 6. janúar. Stjórninni þótti það gagnstætt hugsuninni um verzlunarstað, að hver og einn mætti byggja verzlunarhús langt hvert frá öðru, og eins og nú reynslan hefur sýnt, að 2 kaupstaðir hafa verið byggðir langt hvor frá öðrum, þannig gætu aðrir kaupmenn seinna meir byggt kaupstaði á öðrum stöðum. Hlutaðeigandi yfirvöld hafa reyndar ekki gjört neina uppástungu um að ákveða takmörk þessa verzlunarstaðar, en þar eð nógar skýrslur eru komnar til að sýna, hver staður við Seyðisfjörðinn er bezt lagaður til kaupstaðar, getur stjórnin geymt sjer rjett til að ákveða nákvæmar takmörk þau, innan hverra byggja má verzlunarhús framvegis, þegar uppástunga um það er fengin frá hlutaðeigandi yfirvöldum.

Eptir skýrslum þeim, sem fengnar eru, einkum hinni áður nefndu skoðunargjörð, mælti stjórnin fram með því, að hentugasta kaupstaðarstæði væri á Fjarðaröldu, þar sem kaupstaður Thomsens stendur, en þó áleit stjórnin, að leyfa ætti þeim, sem nú eiga verzlun Örum & Wulffs, að hafa framvegis verzlun á Vestdalseyri, bæði af því, að verzlunarmenn þessir höfðu sent bænarskrá frá mörgum mönnum þar í hjeraði, er báðu um að kaupstaður þessi mætti standa, og vegna þess, að hún áleit það bæði efasamt, hvort verzlunarmenn þessir yrðu neyddir með lögum og dómi til þess að rífa niður verzlunarhús þessi, og líka væri þá beitt mikilli hörku við þá, er höfðu stofnað verzlun þessa, svo að yfirvaldið vissi það, eptir opnu brjefi 14. desember 1842, sem áður er getið, og haldið henni áfram í nokkur ár, án þess yfirvöldin hafi lagt neitt bann fyrir það, því ekki þurftu þeir, þegar þeir hjeldu að leyfilegt væri að setja þar verzlun, að biðja um úthlutun á landi, þar eð þeir áttu sjálfir lóðina er kaupstaðurinn var byggður á, og höfðu áður leyfisbrjef til verzlunar. Aptur á mót þykir stjórninni ekki þurfa að taka sama tillit til verzlunarhúsa þeirra, er Jón Árnason hefur byggt á Seyðisfirði, þar eð sýslumaður hafði varað hann við áður en hann fór að byggja, eptir hinni fyrri almennu skipan amtmannsins, að byggja ekki verzlunarhús á þessum stað.

Eptir uppástungu innanríkisstjórnarinnar hefur Hans Hátign konungurinn því skorið úr málinu á þessa leið:

„Vjer samþykkjum mildilegast, að kauptún það, er löggilt

er í Seyðisfirði með opnu brjefi 14. desember 1842, skuli setja á Fjarðaröldu, í áframhaldandi röð frá húsi því, er Thomsen kaupmaður hefur byggt þar, og felum Vjer einnig allramildilegast innanríkisstjórn Vorri á hendur að ákveða nákvæmar takmörkin fyrir stærð kaupstaðarins, þegar hún hefur fengið frumvarp um það frá hlutaðeigandi embættismönnum; þó skal hinum núverandi eigendum verzlunar Örums & Vulffs sjálfum heimilt að verzla framvegis í kaupstað þeim, sem þeir hafa byggt á Vestdalseyri". 1855. 6. janúar.

---

2. Umburðarbrjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um kvartanir Íslendinga yfir skorti á kornvörum í kaupstöðunum. 29. janúar.

Það hefur opt borið við, einkum á seinni tímum, að yfirvöldin á Íslandi og landsmenn hafa leitað til stjórnarinnar, þegar það einhverra hluta vegna, hefur þótt líklegt, að hætt væri við að landið væri ekki nógu byrgt af nauðsynjavörum, einkum kornvörum, og beðið hana að hlutast svo til að ráðið yrði úr þess konar skorti, og hefur stjórnin, eins og stiptamtmaðurinn (amtmaðurinn) veit, leitazt við að verða við þessum bænum þeirra, að því leyti sem hún hefur getað.

En þegar að nú lögin 15. apríl f. á. um siglingar og verzlun á Íslandi hafa leyft útlendum þjóðum að sigla á allar hafnir á landinu, flýtur af því, að hvorki stjórnin eða danskir kaupmenn geta haft neina sjerlega skyldu til að annast um vörubyrgðir í landinu framvegis, og biður því stjórnin stiptamtmanninn (amtm.) að láta menn í sínu umdæmi vita, að þeir verði sjálfir að hafa fyrirhyggju fyrir því að byrgja sig með alls konar nauðsynjavörum, og þeir megi ekki vænta neinnar sjerlegrar hjálpar frá stjórninni í því efni.

1855. 31. janúar.

3. Brjef innanríkisstjórnarinnar til yfirtollstjórnarinnar um skilning á verzlunarlögunum 15. apr. f. á.

Yfirtollstjórnin hefur skýrt frá því, að það hafi þótt nauðsyn, eptir að búið er að auglýsa lögin 15. Apríl f. á. um siglingar og verzlun á Íslandi, bæði í hertogadæminu Sljesvík, og í hertogadæmunum Holtsetalandi og Láenborg, að safna í eitt ákvörðunum þeim, sem gjörðar hafa verið fyrrum, og tollembættismenn framvegis eiga að fara eptir, og að skýra þessum embættismönnum frá því að nýju, hvers þeir skuli gæta viðvíkjandi siglingum og verzlun á Íslandi, og það tollstjórnin um álit stjórnarinnar á eptirfylgjandi atriðum:

1. Hvort ákvörðun sú gildi enn, er stendur í opnu brjefi 7. marz 1787 5. gr., að hver skipstjóri, sem fer til Íslands, eða kemur þaðan, skuli sýna hlutaðeigandi tollþjónum leiðarbrjef það, er hann hefur fengið, og að þeir eigi þess vegna ætíð að heimta slík leiðarbrjef til skoðunar, þegar þess konar skip koma eða fara, og eptir brjefi tekjuráðsins 6. marz 1847 að skrifa upp á þau, eða hvort álíta megi, að hún sje tekin úr lögum, þar eð hún ekki er tekin í lög 15. apríl f. á.

2. Hvort framvegis þurfi að gegna skyldu þeirri, er hingað til hefur legið á tollstjórninni við afgreiðslu skipa, þegar þau fara til Íslands eða koma frá Íslandi, að senda viðstöðulaust eptirrit af tollskýrslunum til tekjuráðsins — nú innanríkis stjórnarinnar —.

3. Hvort að það sem skipað er í lögunum 15. apr. f. á. 5. gr., að senda íslenzk leiðarbrjef, sem eru afhent hlutaðeigandi tollurum, eptir að þau hafa verið notuð, eins og áður hefur verið ákveðið í opnu brjefi 7. marz 1787 8. gr., og tilsk. 11. sept. 1816 12. gr., skuli gjöra undir eins eptir að leiðarbrjefinu er skilað, eða hvort tollararnir geti látið leiðarbrjefin fylgja með tollreikningunum; og hefur yfirtollstjórninni þótt eiga bezt við, eptir því sem nú stendur á, ef að innanríkisstjórnin vill, að áður nefnd leiðarbrjef framvegis verði send sjer, að þau sjeu ekki send beinlínis frá hlutaðeigandi tollstjórn til innanríkisstjórnarinnar,

heldur til yfirtollstjórnarinnar, og skuli hún safna leiðarbrjef- 1855.
unum, og skila þeim við hver árslok. 31. janúar.

Stjórnin svarar þessu þannig:

1. Þar eð það, eptir lögunum 15. apr. f. á., 4. og 5. gr., er ekki nauðsynlegt, að hvert skip, sem á að fara til Íslands frá innlendum stað, hafi keypt íslenzkt leiðarbrjef, en því er sett í sjálfs vald að kaupa leiðarbrjef, þegar það kemur til Íslands, eða á einhverjum þeim stöðum, sem til eru greindir í 5. gr. laganna, hlýtur skylda sú, sem lögð er skipstjórum og tollþjónum á herðar í opnu brjefi 7. marz 1787 5. gr., að vera fallin burtu að því leyti; þar á móti gildir það fyrir skipstjóra þá, er koma frá Íslandi, framvegis eins og hingað til, að því leyti, sem þeir eiga, þegar ferðin er búin, að skila leiðarbrjefi, því sem þeir hafa fengið, eða að þeir eiga að láta teikna á það, að þeir hafi sýnt það, ef að brjefið gildir líka fyrir ferðina aptur til Íslands (sbr. lög 15. apr. f. á. 4. gr., 2. klausu).

2. Þar eð skipað hefur verið, eins og yfirtollstjórnin hefur drepið á, að senda þessi eptirrit til stjórnarinnar, einkum til að nota þau í lýsingum á landshag, sem nú er gjört á annan hátt, fellst stjórnin á, að þessu sje hætt framvegis.

3. Stjórnin álítur rjettast, að hin íslenzku leiðarbrjef, sem skilað er á tollstöðunum, sjeu send sjer, til þess að hún geti haft nægar gætur á, að leiðarbrjefin sjeu ekki notuð ólöglega, bæði þessi og þau sem send eru frá Íslandi, en fjellst á það ásamt með yfirtollstjórninni, að hentast væri, að hin fyr nefndu verði framvegis send frá tollstöðunum til yfirtollstjórnarinnar og þaðan til innanríkisstjórnarinnar um hver árslok.

---

4. Brjef innanríkisstjórnarinnar til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn um að hún megi prenta lög og úrskurði stjórnarráðanna. 31. janúar.

Deild hins íslenzka bókmentafjelags í Kaupmannahöfn hafði sótt um að mega prenta hið merkasta af konungsúrskurðum, brjefum stjórnarráðanna o. s. frv. er við kemur Íslandi.

1855. 31. janúar. Stjórnin svarar: að hún hafi ekkert á móti því, að fjelagið gefi þetta út, eptir nákvæmari ákvörðun forstjóra hinnar íslenzku stjórnardeildar.

---

5. Opið brjef um fjölgun þingstaða í Árnessýslu.

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: að eptir að Vjer höfum meðtekið álitsskjal alþingis um frumvarp, er fyrir það hefur verið lagt til fjölgunar þingstaða í Árnessýslu, hefur Oss þóknazt að skipa fyrir á þessa leið:

Í Árnessýslu skal taka upp hina fornu þingstaði í hreppum þeim, sem hjer segir: á Nesi fyrir Selvogshrepp, Stokkseyri fyrir Stokkseyrarhrepp, Gaulverjabæ fyrir Gaulverjabæjarhrepp, Stóru-Sandvík fyrir Sandvíkurhrepp, Vælugerði fyrir Villingaholtshrepp, Hraungerði fyrir Hraungerðishrepp, Húsatóptum fyrir Skeiðahrepp og Stóranúpi fyrir Gnúpverjahrepp. Og skulu hreppsbúar í hverjum þessara hreppa skyldir til, eptir fyrirmælum sýslumanns, að byggja ný þinghús, svo væn og rúmgóð, að ekki verði neitt að þeim fundið.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir þessu opna brjefi:

Með úrskurði 22. maí 1853 fjellst konnugur á, að frumvarp innanríkisstjórnarinnar til opins brjefs um fjölgun þingstaða í Árnessýslu væri lagt fyrir alþing er haldið var það ár, og tók alþingið málið til meðferðar á lögskipaðan hátt, og sendi konungsfulltrúa síðan álitsskjal þingsins til stjórnarinnar með sínum athugasemdum.

Frumvarp þetta fór fram á, að af þeim 5 hreppum, sem nú eiga þingstað í Hróarsholti, það er að skilja Villingaholts, Hraungerðis, Gaulverjabæjar, Stokkseyrar og Sandvíkur hreppar, skyldu 2 hinir fyrst nefndu framvegis eiga þingstað í Hróarsholti, en Gaulverjabæjarhreppur þar á móti eiga þingstað sjer í Gaulverjabæ, og Stokkseyrar- og Sandvíkurhreppar á Eyrar-

bakka. En alþingi hefur í álitsskjali sínu látið í ljósi, að þar 1855.
eð hinum gömlu þingstöðum í Árnessýslu hafi ekki verið raskað 22. febrúar.
með neinu lagaboði, nje að ráðstöfun háyfirvalda, og þar eð nú hreppstjórarnir og aðrir sveitarbændur í áður nefndum hreppum hafi samhuga beiðzt þess, að upp mætti taka alla hina fornu þingstaði, og að þeim yrði leyft að byggja þar, á kostnað sjálfra sín, ný þínghús, ekki einungis til þess, að í þeim verði haldin manntalsþing, heldur einnig aukaþing og önnur rjettarhöld, þá virtist þinginu yfirgnæfandi ástæður fyrir því að stinga upp á þar að lútandi breytingum á frumvarpi því, er fyrir það var lagt.

Þingið gat þess enn fremur, að áður en mál þetta var tekið til meðferðar kom til þingsins bænarskrá frá bændum í hinum forna Þingvallahrepp í Árnessýslu, sem hefur um liðugan 20 ára tíma verið sameinaður Grafningshreppi, og fór hún fram á, að Þingvallahreppur fengi nýjan þingstað á Þingvöllum, og að þar mætti byggja þinghús á kostnað sveitarbúa, en meiri hluta þingsins fannst þó, þar eð Þingvallahreppur sem stendur er sameinaður öðrum hrepp, og er því að eins nokkur hluti af hinum sameinaða Grafnings- og Þingvallahreppi, að ekki ætti nú að taka þessa bænarskrá til greina.

Þingið beiddist því, að frumvarpið um fjölgun þingstaða í Árnessýslu yrði gjört að lögum með þeim breytingum sem hjer segir:

1. Að í Árnessýslu skuli taka upp aptur hina fornu þingstaði í þessum hreppum: á Nesi fyrir Selvogshrepp, á Stokkseyri fyrir Stokkseyrarhrepp, í Gaulverjabæ fyrir Gaulverjabæjarhrepp, í Stóru-Sandvík fyrir Sandvíkurhrepp, í Vælugerði fyrir Vælugerðishrepp, í Hraungerði fyrir Hraungerðishrepp, á Húsatóptum fyrir Skeiðahrepp og á Stóra-Núpi fyrir Gnúpverjahrepp.

2. Að hreppsbúar í hverjum þessara hreppa sjeu skyldir til, eptir fyrirmælum sýslumanns, að byggja ný þinghús, svo væn og rúmgóð, að ekki verði að fundið.

Stjórninni þótti ekki næg ástæða til að víkja frá samhljóða beiðslu alþingis í þessu máli, sem einungis snertir ásigkomulag á Íslandi, og styðst auk þess við bæn sýslubúa, sem bera eiga kostnaðinn, er þarf til að byggja og halda við hinum nýju þing-

1855. 22. febrúar. húsum, og mælti því stjórnin með, að brjefið skyldi samið eptir uppástungu alþingis, og gjört að lögum.

---

22. marz. **6. Konungsúrskurður um staðfestingu á útleggingu laga, sem gefin eru fyrir Ísland.**

Vjer ákvörðum allramildilegast að hin íslenzka þýðing laga þeirra, sem hjer eptir eru gefin fyrir Ísland, verði staðfest af manni, er Vjer nefnum til þess, og að þetta nú sem stendur sje falið á hendur forstöðumanni hinnar íslenzku stjórnardeildar, etazráði Stephensen.

---

22. marz. **7. Opið brjef um bann gegn byssuskotum á sel á Breiðafirði á Íslandi.**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir þegnlegu frumvarpi alþingis hefur Oss þóknazt að skipa fyrir á þessa leið:

Öll byssuskot á alls konar sel, af hverju kyni sem er, skulu hjeðan í frá vera bönnuð fyrir innan línuna frá Bjargtöngum í Barðastrandarsýslu til Öndverðarness í Snæfellsnessýslu. Ef móti þessu er brotið, liggja við sektir og skaðabætur eptir tilskipun 20. júní 1849, 5., 15. og 16. grein.

Að öðru leyti stendur við það, sem fyrir er mælt í greindri tilskipun, um veiði á Íslandi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

Ástæður fyrir þessu opna brjefi.

Frá alþingi, sem haldið var 1853, kom bænarskrá til konungs um breytingu á tilskipun um veiðilög á Íslandi 20. júní 1849. Bar þingið það þar fram sem samhuga álit sitt, að brýn nauðsyn bæri til þess að friða sel fyrir skotum öðruvísi og betur, en nú á sjer stað eptir áður nefndri tilskipun, einkum á þeim stöðum, þar sem töluverð selveiði tíðkast í nótum og

uppidrápi, því reynslan hafi sýnt, að skotin spilla þess konar veiðum, og rýra því um leið verð fasteigna þeirra, er hafa haft hlunnindi af þess konar selveiði. Alþingið áleit, að einkum hafi borið mikið á þessu síðan veiðilögin leyfðu hverjum og einum skot fyrir landareign sinni, og svið það, sem friðhelgar selinn fyrir skotum eptir löggjöf þessari, sje svo lítið, að selurinn hittist optast fyrir utan það svæði, sem friðlýst sje, og sje þar í eigin átthögum, og að af þessu leiði að selirnir fælist frá landstöðvum sínum, og selveiðinni, er þó hafi mátt telja eina meðal helztu hlunninda landsins, fari á þenna hátt meir og meir hnignandi; aptur sje á hinn bóginn arðurinn af selaskotunum svo lítill, að nótna og uppidrápsveiði, ef skotin eigi hnekkja henni, er á Breiðafirði tuttugufalt meiri. 1855. 22. marz.

Þingið áleit því, að öll skot á sel á Breiðafirði ættu að aftakast, því þar sjeu varplönd, selveiðasker og eyjar hvað mest á landinu, svo að skotin gjöra þar langtum meiri skaða en annarstaðar. Meiri hluti alþingis var og á því, að sama bann gegn skotunum ætti einnig að ná yfir suðurhlið Snæfellsnessýslu, ásamt Mýra og Hnappadalssýslu, og nokkurn hluta Borgarfjarðarsýslu, innan ákveðinna takmarka eptir sjerhvers þessara staða afstöðu og kringumstæðum, því víða á þessum svæðum væri selveiði í nótum og með uppidrápi talsverð.

Þingið beiddist því:

1. Að öll byssuskot á sel yrðu bönnuð fyrir innan línuna frá Bjargtöngum í Barðastrandarsýslu til Öndverðarness í Snæfellsnessýslu, undir þær sektir, sem við eru lagðar í 15. og 16. grein tilskipunarinnar 20. júní 1849, og

2. Að sama friðhelgi á sel fyrir skotum sje á öllu sviðinu innan sjónhendingarlínu frá Öndverdarnesi á Skipaskagatá á Akranesi,

og að konungur vildi með lagaboði leggja bann fyrir selaskot á þessum stöðum.

Mál þetta, um að friða sel fyrir skotum, hefur áður verið rætt ítarlega, við undirbúning veiðilaganna 20. júní 1849. Undirstaða laga þessara er nefnilega frá embættismannanefnd þeirri, er sett var 1845, sem átti að yfirvega breytingu á skött-

1855. 22. marz. unum á Íslandi, því að forseti hennar, konferentsráð Sveinbjörnsson, kom fram með frumvarp til veiðilaga fyrir Ísland, og eptir að nefndin hafði rætt það, hafði rentukammerið það einnig meðferðis, og var það síðan lagt fyrir alþingi 1847, og síðan gjört að lögum 20. júní 1849, með nokkrum smábreytingum, er gjörðar voru samkvæmt álitsskjali þingsins. Ákvarðanirnar um seli standa í 15. og 16. gr. tilskipunar þessarar.

Eins og bænarskrá kom til alþingis 1845 með 81 undirskriptum frá Stranda sýslu þess efnis, að landselur yrði friðaður fyrir skotum alstaðar og á öllum tímum ársins, eins komu líka bænarskrár þess efnis til hinnar áður greindu nefndar fra Barðastrandar, Dala og Snæfellsnessýslum, og nefndin efaðist ekki um, að menn í fleiri sýslum landsins væru á því, að slík ákvörðun væri gjörð, því víða kvörtuðu menn yfir hinum iðuglegu selaskotum, er það leiddi af, að hætt væri að veiða sel í nótum eða með uppidrápi, eða að minnsta kosti hefði þess konar veiði minnkað til mikils skaða fyrir ábúendur þess konar jarða. Nefndinni þótti ekki þessar umkvartanir ástæðulausar, og hjelt að hagur sá, er menn hafa af selaskotum, væri, ef til vildi, ekki eins mikill eins og skaði sá er jarðeigendur liðu, á jörðum, þar sem veiða mætti sel í nótum eða uppidrápi, en hún áleit þó, að hún ætti ekki, eins og á stóð, að fara fram á meira, en að þeir staðir, þar sem færi væri á þess konar selveiði, yrðu friðaðir fyrir skotum, fjórðung mílu frá veiðistöðvunum, þó að hún viðurkenndi, að mikið mælti með að friða landsel fyri skotum alstaðar, einkum á tímabilinu frá 30. apríl til 1. september, þegar kóparnir eru gotnir og alast upp við skerin. Að nefndin samt ekki fór fram á meira en áður er sagt, kom einkum af því: að hún ekki með vissu þekkti muninn á hagnaði þeim, er menn vanalega hafa af selaskotum, og skaða þeim, er hlutaðeigandi handhafi jarðarinnar bíður af því, að selir eru skotnir út á sjó; að það yrði ætíð örðugt að gæta þess, að slíkri skipun væri hlýtt, helzt langt frá landi, einkum þar sem mikill hagnaður freistaði skotmannanna; að ekki yrði sagt að gagnsmunirnir af selveiði og æðarvarpi væru svo líkir, að það gæti rjettlætt að friða selinn eins og æðarfuglinn, og loksins:

að það væri ætíð ísjárvert að takmarka veiðirjettinn, einkum á rúmsjó, þegar ekki yrðu færðar öldungis órækar ástæður fyrir því. Rentukammerið fór eptir uppástungu nefndarinnar, en alþingi áleit þó, að það ætti að fara nokkuð nær bænarskrám landsbúa, og bað því um ákvörðun, er einnig er tekin í tilskipun 20. júní 1849, á þá leið, að enginn má skjóta landsel eða útsel í fjörðum eða víkum nær en hálfa mílu frá látrum eða lögnum — 15. gr. tilskipunarinnar — og (í 16. gr.) er leyft að skjóta vöðusel 120 faðma frá landi, þar sem nótlög eru, þó ekki nær eggverum eða látrum en áður er ákveðið. 1855. 22. marz.

Af framan sögðu áleit stjórnin það ljóst, að málið um bann á selaskotum í víkum og fjörðum hefur verið ítarlega rannsakað, áður en hin gildandi veiðilög á Íslandi komu út, og að þá þótti hlýða, eptir nákvæma íhugun, að fara ekki fram á meira en tilgreinir í tilskipun 20. júní 1849, 15. og 16. gr.

Stjórnin segir því, að það mætti þykja ísjárvert að fallast nú þegar á breytingu á lagaboði, er fyrir svo skömmum tíma er út komið samkvæmt eigin álitsskjali alþingis. En þó ber þess að gæta, að þingið hefur einungis beðizt þessarar breytingar á einstöku stöðum, en fellt mörg breytingaratkvæði, er lutu að því að gjöra það almennara, að menn mættu ekki skjóta seli, og virtist stjórninni, að ekkert væri móti því, að veita þess konar sjerlegt lagaboð, sem um er rætt í bænarskrá alþingis, þegar þingið eptir nákvæma umræðu, næstum því með öllum atkvæðum, hafði beðið um sjerstakt lagaboð fyrir jafnstórt svið og Breiðifjörðurinn er, og kveðið það upp, að ef hinum núgildandi lögum væri fylgt fram á þessum hluta lands, væri það ósanngjarnt. Stjórnin samdi því þetta opna brjef um að banna selaskot á Breiðafirði samkvæmt uppástungu alþingis; en þar á móti gat stjórnin ekki mælt með hinni annari uppástungu alþingis, að sama bann á selaskotum sje á öllu sviðinu innan sjónhendingarlínu frá Öndverðarnesi á Skipaskagatá á Akranesi, þar eð miklu meiri greinarmunur hafði verið á alþingi um þær sveitir, er hjer ræðir um, þar eð lína sú, er til er tekin, væri óhafandi, af því hún lægi beint í gegnum Snæfellsjökul, þar eð sker og grynningar, sem selir geta leitað að, eru

1855. 22. marz. á þessu svæði langtum færri að tölu en á Breiðafirði, og að lyktum: þar eð ekki er ástæða til að gjöra undantekningar frá nýju lagaboði þar sem efi leikur á, heldur einungis þar, sem brýn nauðsyn er sýnd fyrir því, en ekki verði sjeð, að það sje um þessa uppástungu bænarskrárinnar, og hafði konungsfulltrúi einnig ráðið frá henni.

---

24. marz. **8. Auglýsing frá innanríkisstjórninni um aukagjald fyrir sum utanríkisskip sem sigla til Íslands.**

Eptir uppástungu innanríkisstjórnarinnar hefur Hans Hátign Konunginum 22. dag þ. m. allramildilegast þóknazt að skipa svo fyrir, samkvæmt lögunum um siglingar og verzlun á Íslandi 15. dag aprílmánaðar f. á. 7. gr., að öll utanríkisskip, sem sigla til Íslands til verzlunar, nema þau, sem eiga heima í Stóra-Bretlandi eða Írlandi, eigi fyrst um sinn, frá 1. apríl þ. á. til 31. marz 1856, auk gjalds þess, sem til er tekið í 6. gr. í greindum lögum, enn fremur að greiða 2 rd. aukagjald af hverju lestarrúmi í skipinu eptir dönsku máli, nema því að eins, að skip þegna Danakonungs hafi fullkomið jafnrjetti við innlend skip í því landi, þar sem skipið á heima, eða það land, eptir samningi við hina dönsku stjórn, sje undan þegið ákvörðuninni í 7. gr. í opt nefndum lögum.

Þetta auglýsist þannig öllum, er hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

---

28. marz. **9. Tilskipun um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefur verið lagt, til tilskipunar um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Á sunnudögum og öllum öðrum dögum, sem eptir lögum þeim, er nú gilda, á að halda heilaga, má, einkum um messutímann, enga ónauðsynlega vinnu vinna, og engar almennar eða hávaðamiklar skemmtanir fara fram, fyrr en eptir miðaptan,

þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, sem til eru teknar í til- 1855.
skipun þessari. 28. marz.

2. gr. Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., skal enginn starfa að utanbæjarvinnu, eða vinna þá vinnu neina, sem svo mikill skarkali verður af, að það trufli aðra í guðrækilegum hugleiðingum þeirra. En eins og vinna sú, er lýtur að heimilisstörfum, eða sem menn stundum geta þurft við sjer eða öðrum til bjargar, er undan þegin áður nefndu banni, eins skal það ekki heldur bannað, að nota tíma þenna um heyskapartímann til að þurka hey og hirða það, þegar ekki má draga þenna starfa vegna veðurs eða af öðrum slíkum ástæðum. Fiskimönnum skal og heimilt á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., ekki einungis að vinna að nauðsynlegum störfum, sem ekki mega dragast, til að bjarga veiðiskap sínum og veiðitólum, heldur skal þeim einnig leyft, þegar mikið liggur við, einkum í fiskileysisárum, eða þegar brim og gæftaleysi hafa lengi tálmað sjósóknum, að róa til fiskjar og leggja net eða lóðir. Mala má og í mylnum á þessum tímum. Farmönnum, er í neyð hafa leitað til hafnar, skal og leyft að ferma og afferma og bæta skip sín, og má hjálpa þeim til þess, sem þeir þurfa. Ferma má einnig og afferma á þessum tíma önnur skip, þegar svo stendur á, að nota verður til þess gott veður og hagstæðan vind. Þó má enga af þessum athöfnum vinna meðan á sjálfri messunni stendur á þeim stað, nema brýn nauðsyn beri til.

3. gr. Á tíma þeim á sunnudögum og öðrum helgidögum, þegar almennt ekki má vinna þess konar vinnu, sem til er tekin í 2. gr., má hvorki kaup nje sala fara fram í búðum kaupmanna og annara sölumanna og skulu búðir þessar vera lokaðar. Þó skal lyfsölum heimilt á öllum tímum dags að selja læknisdóma; það skal og allt undan skilið, sem þarf til aðhjúkrunar sjúkum mönnum, eða þegar svo stendur á, að einhver þarf skjótrar hjálpar við, samkvæmt reglu þeirri, sem til er tekin í 2. gr.

4. gr. Gestgjafar eða aðrir veitingamenn mega ekki, fyrri en eptir miðaptan, á sunnudögum eða öðrum helgum, veita

1855. 28. marz. mönnum áfenga drykki eða leyfa spil í húsum sínum, en veita mega þeir mat eða þess konar hressingu þó fyrr sje.

5. gr. Allar þær athafnir, sem hávaði er að, og einkum það, að menn fari margir saman á veiðar, er bannað á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., en ekki er einstökum manni bannað að fara á veiðar nema um messutímann. Alls konar óp og háreysti skal og harðlega bönnuð á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., einkum um messutímann, bæði úti á strætum og inni í húsum, og skulu lögreglumenn gæta þess, og ef á liggur taka þá höndum, sem á móti brjóta. Þess skal og gætt, að börn gjöri engan hávaða á strætum og að fólk flykkist ekki saman í kirkjugarðinum eða úti fyrir kirkjudyrunum einkum um messutímann.

6. gr. Ekki skal þing halda á drottinsdögum eða helgum dögum, enda þó komið sje fram yfir þann tíma, sem til er tekinn í 1. gr., eða gegna fóeta- eður skjalaskrifarastörfum, halda skiptifundi, uppboðsþing, eða gegna nokkrum öðrum dómstörfum. Þó er það undan skilið, þegar svo stendur á, að dómstörf eður önnur alþýðleg störf verða ekki dregin að skaðlausu fyrir áríðandi málefni.

Ekki skal heldur stefna eða boða neinn fyrir dóm eða yfirvald á sunnu- eða helgidögum nema brýn nauðsyn beri til, og þess sje þá krafizt af rjetti þeim eða því yfirvaldi, sem stefna lætur, og skal þó ekki stefna lesin á meðan á messu stendur.

7. gr. Ekki skal heldur halda sveitafundi eður aðra almenna fundi nema á rúmhelgum dögum, þó mega sveitastjórar halda aukafundi eptir messulok á sunnudögum og helgidögum, þegar á liggur, og hentugleikar sóknarprestsins leyfa. Beri svo við, að þeim, er hlut eiga að máli, liggi mjög mikið á, að einhver almennur fundur sje haldinn á sunnudögum eða helgidögum eptir miðaptan, og fundinum er svo háttað, að hann getur hvorki hindrað þá, sem á honum eiga að vera, frá að fara í kirkju, nje valdið neinni óreglu, þá mega lögreglumenn leyfa, að hann sje haldinn á þeim tíma. Þegar öðru vísi er ástatt en hjer segir, má ekki gjöra neina auglýsingu um að halda fund á sunnudegi eða öðrum helgum, hvorki í blöðum eða á annan hátt.

8. gr. Ekki má kenna í neinum skólum á sunnudögum og helgidögum um messutímann. 1855. 28. marz.

9. gr. Daginn fyrir sunnudaga og helgidaga má ekki halda neina dansleiki, og engar almennar skemmtanir lengur en í mesta lagi þangað til einni stundu fyrir miðnætti. Í páskaviku, eða á hinum almenna bænadegi, og kvöldin fyrir frá miðaptni, má slíkt með engu móti leyfa. Allan bænadaginn skulu menn ekki gegna neinum óþarfastörfum. Slík störf, og allar skemmtanir á almennum skemmtistöðum, skulu einnig bannaðar fyrsta dag í hinum þremur stórhátíðum.

10. gr. Fjebótum skal það sæta, ef brotið er móti þessari tilskipun Vorri, og skulu þær vera í fyrsta skipti 32 sk. til 10 rd., annað skipti 1—20 rd., þriðja skipti 5—40 rd. Verði nokkur optar brotlegur, skal herða á hinum ákveðnu fjársektum. Bætur þessar ná til allra, sem taka þátt í brotinu, svo sök verði gefin á, hvort sem þeir sjálfir brjóta móti lagaboðinu eða koma öðrum til að gjöra það, en þegar sektin er ákveðin, skal farið eptir því, hvað hver hefur tilunnið, t. a. m. að sá, sem hefur ólöglegar veitingar á sunnudögum eða helgidögum, skal almennt sæta harðari hegningu en gestirnir. Þar að auk skulu gestgjafar þeir, auk sektarinnar, gjalda jafn mikið fje og þeir hafa ábatazt við lagabrotið, og þegar þeir brjóta í þriðja skipti skulu þeir einnig missa rjett til að hafa atvinnuveg þann, er þeir hafa þannig ranglega með farið.

11. gr. Fjesektirnar skal gjalda í fátækrasjóð, og geti hlutaðeigandi ekki goldið þær, skal fara eptir fyrirmælum tilskipunar dags. 24. dag janúarmán. 1838, 9. gr.

12. gr. Ef að brotið lýsir sjerlegum mótþróa eða augljósri fyrirlitning á kristilegri siðsemi, má annaðhvort hækka fjesektina fram yfir það, sem til er tekið í 10. gr., eða, eptir því sem á stendur, dæma hinn brotlega í fangelsi til vatns- og brauðs-hegningar í Reykjavíkur þinghá og í vandarhagga-refsingu annarstaðar á landinu.

13. gr. Embættismenn þeir, er lögreglu eiga að gæta, eiga vandlega og hyggilega að sjá um, að fylgt sje reglum þeim, sem eru í þessari tilskipun Vorri. Sje nokkur í vafa um, hvort

1855. 28. marz. eitthvað, sem hann vill gjöra, geti staðizt eptir tilskipuninni eður ekki, getur hann leitað álits lögreglustjóra, og ef honum virðist það ekki vera á móti grundvallarreglum tilskipunarinnar, getur hann leyft það. Virðist lögreglustjóranum að brot á móti tilskipuninni hafi komið af fyrirgefanlegum misskilningi, skal hann að eins vara hinn við, og, ef þörf er á, gefa út auglýsing mönnum til leiðbeiningar og viðvörunar, og tjáir ekki upp frá því að afsaka sig með þekkingarleysi eða misskilningi.

14. gr. Allar sakir um brot á móti tilskipun þessari skal fara með og dæma eins og lögreglumál. Þegar brotið er ekki meira en svo, að bætur liggja við, má amtmaður skera úr málinu samkvæmt tilskipun dags. 24. dag. janúarmán. 1838, 10. gr.

15. gr. Prestar skulu á hvern þann hátt, sem við á, stuðla til, að breytt sje eptir þessari tilskipun Vorri, og reyna til með viðvörun og áminningum að aptra mönnum frá að brjóta móti tilskipuninni, og einkum láta sjer vera annt um að innræta mönnum þá sannfæring, að þeir verði fúsir á að færa sjer guðsþjónustuna í nyt. Þeir skulu einnig við og við, og að minnsta kosti einu sinni á ári, brýna ítarlega fyrir söfnuðinum, hve áríðandi það sje að sækja opt kirkju með guðrækilegu hugarfari. Prófastar og biskupinn skulu einnig bæði á embættisferðum og endrar nær reyna að komast eptir, hvort þessarar tilskipunar Vorrar er gætt.

16. gr. Þessar framan töldu ákvarðanir gilda ekki um þá, sem sýna þjónum kirkjunnar ósóma og ofbeldi, eða með annari óhæfu trufla helgi kirkjunnar, og skulu þeir sæta refsingum eptir fyrirmælum og aðalreglum laga þeirra, sem um það gilda. En það sem í tilskipun dags. 29. dag maímán. 1744 er ákveðið um drottinsdaga og annara helgidagahald, og ákvarðanir þær, sem þar eru um refsingar fyrir helgidagabrot, skal nú tekið úr lögum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

Ástæður fyrir lögum þessum.

1855. 28. marz.

Með úrskurði 22. Mai 1853 fjellst konungur á, að frumvarp dómsmálastjórnarinnar til tilskipunar um sunnu- og helgidagahald væri lagt fyrir alþing það ár, og sagði þingið álit sitt um það á lögskipaðan hátt, og sendi síðan konungsfulltrúinn á þinginu, Melsteð amtmaður, álitsskjal þingsins til stjórnarinnar með sínum eigin athugasemdum.

Alþingið hefur í áliti sínu látið í ljósi, að það viðurkenndi samhuga hinn kristilega guðræknis- og frjálslyndis-anda, sem er í frumvarpi þessu, og hefur það því í einu hljóði fallizt á frumvarpið í öllum aðalatriðum þess, en þar á móti veldur hið sjerstaka ástand Íslands því, að þinginu virtist, að gjöra þyrfti nokkrar smábreytingar, er ekki breyta neitt aðalefni þess, og þingið mælti þess vegna með því, að frumvarpið yrði gjört að lögum með þeim breytingum, er þingið stakk upp á, og seinna skal nákvæmar getið þegar hver grein er talin.

Konungsfulltrúinn hafði getið þess um álitsskjal þingsins yfir höfuð, að flest öll af hinum ekki allfáu breytingaratkvæðum, sem þingið kom fram með, væri einungis orðamunur, er flest ekki snerta hið danska frumvarp sem stjórnin gjörði, heldur hina íslenzku þýðingu, er lögð var fyrir þingið, og þó að hann hefði vakið athygli á því á þinginu, að það mundi verða til lítils gagns, og ekki gjöra annað en rugling og óvissu, að gjöra slíkar breytingar á orðaskipun við hina íslenzku þýðingu frumvarpsins, og að þinginu væri því bezt, að gjöra ekki annað en stinga upp á breytingum á því, er snerti efnið í frumvarpinu, þar sem slíkar breytingar þættu þurfa, hafði þingið gefið því lítinn gaum í meðferð þessa máls. Samt sem áður þykir konungsfulltrúa auðsætt hverjum einum, að hann hafi þar rjett að mæla, þegar að gætt er, hvernig íslenzk lög eru samin; því að fyrst er samið danskt frumvarp, sem er íslenzkað og borið undir alþing, síðan er breytingaratkvæðum þingsins við þessa útleggingu, sem gjörð eru á íslenzku, aptur snúið á dönsku. Konungsfulltrúinn álítur, að af því, að snúa þannig úr öðru málinu á hitt, leiði það, að uppástungur um breytingar á því, hvernig orða skal, sem ástæður kynnu að vera til, þegar litið er til

1855. 28. marz. hinnar íslenzku þýðingar, verði með öllu marklausar og geti jafnvel valdið ruglingi, þegar litið er til hins danska lagafrumvarps.

Auk þess sem konungsfulltrúinn hefur þannig sagt, bætir stjórnin því við, að mótbárur þær, sem komu fram á alþinginu, þegar málið var rætt, móti frumvarpinu, þar sem það er ekki einungis um orðamun, lúta einkum að því, að nokkrar ákvarðanir í frumvarpinu eigi ekki við á Íslandi, vegna þess þær sjeu lagaðar eptir landsháttum í Danmörku, og verði ekki þar notaðar eins og þar stendur á. Þetta er nú reyndar satt að því leyti, að það eru nokkrar ákvarðanir í frumvarpinu, sem lítið þarf til að taka sumstaðar á landinu, einkum uppi í sveitum, en það virðist, að alþing hafi ekki gefið því gaum sem skyldi, að tilskipun þessi er almennt lagaboð, sem ekki á einungis að vera fyrir þá, sem búa upp til sveita, heldur kemur hún líka, og það hvað helzt, til greina í verzlunarstöðunum, einkum Reykjavík, og virðist því ekki nein ástæða til að sleppa þess konar ákvörðunum, af því þær eiga ekki við alstaðar á landinu, þegar þær á annað borð eiga við, eða eru jafnvel nauðsynlegar sumstaðar.

Eptir þessar almennu athugasemdir víkur stjórnin til að tala um breytingaratkvæðin við hinar einstöku greinir frumvarpsins:

Við 1. gr. Alþing hefur stungið upp á í þessari grein:

a) að sett sje annað orð fyrir „hætta", er betur eigi við, og að orðunum „allar skemmtanir" sje sleppt, þar eð það eptir áliti þingsins ætti betur við á Íslandi, þar sem eru svo fáar og næstum öldungis engar almennar skemmtanir, að þær fáu, sem til eru, sjeu ekki bannaðar á helgidögum, þar þeir eru sá eini tíminn, er allur þorri landsmanna hefur færi á að leita sjer skemmtana.

b) að fyrir „einni stundu eptir nón" sje sett alstaðar þar sem það kemur fyrir í frumvarpinu: „miðaptan", er það liggi nær hugsunarhætti þjóðarinnar.

c) að sleppt sje orðunum „um messutímann", því þingið heldur að það mundi draga úr helgihaldinu, ef að þeim væri haldið.

Stjórnarráðið vildi ekki mæla með hinni fyrstu uppástungu alþingis við þessa gr., er fer fram á að sleppa orðunum „allar skemmtanir", þar eð þess konar skemmtanir gætu vel verið, einkum í verzlunarstöðunum, er eflaust væru gagnstæðar rjettum skilningi á helgihaldi, og ekki verður haldið, að alþing hafi ætlazt til að leyfa skyldi þess konar skemmtanir á Íslandi, þar sem þó harðara er tekið á þess konar en í Danmörku, og þingið hefur ekki heldur mælt neitt á móti áður nefndu orðatiltæki í 9. gr. frumvarpsins. Þar á móti hjelt stjórnin, að ástæða kynni að vera til að kveða betur á: hverjar skemmtanir það eru, er þannig eru bannaðar, með því að bæta við orðunum „almennar eða hávaðamiklar". Þar eð það á Íslandi þykir gagnstætt tilhlýðilegu helgihaldi að taka sjer fyrir hendur neina ónauðsynlega vinnu á sunnu- og helgidögum, jafnvel snemma um morguninn, áleit stjórnin rjettast að sneiða hjá orðinu „hætta", er sýnist að tákna vinnu, sem er byrjuð, en seinna er hætt við, og setja í stað þess: „má fara fram". 1855. 28. marz.

Stjórnarráðið hafði því næst ekkert á móti uppástungu alþingis undir staflið b, um að endir helgarinnar yrði settur um miðaptan í staðinn fyrir „einni stundu eptir nón", þar sem það bæði virðist eiga við eptir því sem ástatt er á Íslandi, og konungsfulltrúi hafði mælt með því. Þar á móti vildi stjórnin ekki mæla með því, að sleppt væri orðunum „einkum um messutímann", þar eð álíta má, að það gjöri brotið saknæmara, þegar hafðar eru almennar skemmtanir eða ónauðsynleg vinna um messutímann, og líka sökum þess, að sama grundvallarregla kemur fram annarstaðar í frumvarpinu, einkum í enda 2. greinar og í 5. gr.

Við 2. gr. Um þessa grein hefur alþingi, auk þess að stinga upp á orðamun, sem ekkert verulegt er í varið, og sem einungis snertir íslenzka textann, og er því hjer sleppt, mælt fram með því:

1) að í stað orðanna: „þegar ekki má draga þenna starfa sökum votviðra", yrði sett: „þegar nauðsyn krefur", því þingið sagði, að margt gæti valdið tjóni um heyskapartímann annað en votviðri ein, t. a. m. stormar, og flóð sjóar og vatna o. s. frv.

1855. 28. marz.

2) að í stað orðanna: „í þeim fiskiverum, þar sem ..... sjósóknum", væri sett önnur orð, þannig, að leyfið til að róa til fiskjar á helgidögum yrði ekki bundið við einstakar veiðistöður, þar eð brim og ógæftir gætu í öllum veiðistöðum langstundum hindrað sjósóknir, og þörfin að sækja sjó á helgum dögum mætti alstaðar verða brýn, þar sem lifa verður mestmegnis eða einungis af sjónum.

3) að leyfi skyldi gefið til þess að halda áfram sjóferðum á helgidögum, þegar til þess þarf gott veður og hagstæðan byr, þar sem ásigkomulag landsins og þar af leiðandi erviðleiki ferðalaga, einkum sjóferðanna, mælti með því, að sjófarendum væri leyft að halda áfram ferðum sínum á helgum dögum, og vinna það allt sem af sjóferðum leiðir, t. a. m. að ferma og afferma skip, o. s. frv.

4) að dregnar yrðu saman tvær seinustu klausurnar í greininni í eitt atriði, og að síðustu:

5) að breytt yrði orðaskipun í greininni á þá leið, að í stað orðanna í byrjun greinarinnar: „skal enginn..... hæfir þess konar tíma", yrði sett: „skal enginn vinna þá vinnu neina, sem trufli aðra í guðrækilegum hugleiðingum þeirra".

Konungsfulltrúi kvaðst ekki geta mælt með neinum af þessum breytingum við greinina, þar eð hvorki væri neitt sjerlegt unnið með þeim, og líka sökum þess, er hann hafði mælt um orðabreytingar yfir höfuð.

Stjórnarráðið var nú, eins og áður er sagt, samdóma konungsfulltrúa um þær orðabreytingar, er einungis eða helzt snerta íslenzka textann á frumvarpinu, sem gjörðar eru bæði við þessa grein, og við nokkrar af eptir fylgjandi greinum í frumvarpinu, þar á móti var stjórnin fús á, ef að komizt yrði nærri breytingum þeim, er alþingið óskaði, með því að víkja við hinum danska texta, að mæla fram með þess konar breytingu, ef ekki væru aðrar ástæður móti henni. En að því leyti, er sjerstaklega snertir uppástungur alþingis við þessa gr., þá gjörði stjórnin þá athugasemd um hið fyrsta atriði, að „votviðri" væri hjer nefnt, af því það kæmi optast fyrir, að bjarga þyrfti heyi á helgidögum, að það er undan regni, en þar eð ekkert væri því til fyrir-

stöðu, að þess konar undantekningu mætti eins gjöra í öðrum líkum tilfellum, þá er nú bætt við eptir orðin „vegna veðurs", eða „af öðrum slíkum ástæðum". 1855. 28. marz.

Stjórnin hafði heldur ekki neitt á móti hinni annari uppástungu alþingis, þeirri, að leyfið til að róa til fiskjar á helgidögum nái til í öllum veiðistöðum landsins, þegar nauðsyn krefur, því það væri öldungis samkvæmt anda tilskipunarinnar, og mætti koma þessu svo fyrir, að í stað orðanna: „í þeim fiskiverum .... sjósóknum", yrði sett: „eða þegar brim og gæftaleysi hafa lengi tálmað sjósóknum". Þar á móti gat stjórnin ekki mælt með því, að sett væri sú ákvörðun í tilskipunina, að sjófarendum skuli leyft að halda áfram ferðum sínum á helgidögum, af því að leyfi þetta væri bæði öldungis óþarft, og líka sýnist óbeinlínis að liggja í því, að allar aðrar ferðir sjeu bannaðar á þessum dögum, en það hefur stjórnin engan veginn ætlað að gjöra með tilskipun þessari, og var það þegar beinlínis tekið fram í ástæðum þeim, er lagðar voru fyrir þingið með frumvarpi þessu. Stjórnin gat ekki heldur tekið þá uppástungu þingsins til greina, að draga saman tvær seinustu klausur greinarinnar, því þar af leiddi, að endir greinarinnar lyti einungis að seinustu klausunni, í stað þess að endirinn á við alla þá vinnu sem til er færð í greininni.

Breyting sú, sem alþingið hefur stungið upp á undir tölulið 5, er engan veginn, eins og þingið sagði, einungis breyting á orðfærinu, heldur líka breyting á efninu, því að í greininni liggur algjörlegt bann á öllum störfum utanhúss, en bannar eigi innanbæjarvinnu nema þegar hún veldur slíkum hávaða, að hún truflar aðra í guðrækilegum hugleiðingum þeirra, en þar á móti yrði líka utanbæjarvinna leyfð eptir því sem þingið vildi orða greinina, þegar hún að eins truflaði engan. En þar eð nú ekki verður haldið, að þingið hafi ætlað sjer að gjöra neina breytingu að efninu til með því að orða þannig, allra sízt í þessa stefnu (sbr. það sem áður er sagt við 1. gr. a) og engin uppástunga eptir atkvæðagreiðslu er gjörð um þetta, varð breyting þessi ekki tekin til greina.

Við 3. gr. þingið hafði við þessa gr. stungið upp á þeim

1855. 28. marz. orðamun, er tæki betur fram, að öll verzlun er bönnuð um morgna á helgum dögum, heldur en frumvarpið virtist að gjöra, því að þinginu virtist, að enga verzlun ætti að leyfa á þessum dögum fyr en eptir miðaptan. Til þess að laga sig eptir þeim skoðunarhætti Íslendinga, sem áður er getið við 1. gr., að það væri gagnstætt helgidagahaldinu að vinna neina óþarfavinnu jafnvel snemma á morgnana, var stjórnin á því, að skipt væri um orðatiltækin „skal hætta kaupum og sölum", og sett: „má hvorki kaup nje sala fara fram". Þinginu þótti enn fremur eiga betur við, að í stað þess að vísa til 2. greinar í frumvarpinu, eins og gjört er í þessari gr., væri vísað til 1. greinar, þar sem aðalreglan stendur: að menn mega ekki vinna neina ónauðsynlega vinnu; en þar eð 2. gr. hefur inni að halda nákvæmari reglur um það, hvernig beita skuli þessari aðalreglu, eptir því sem á stendur, virðist rjettara að vísa til þessara ákvarðana, eins og líka er gjört í tilskipuninni 26. marz 1845, 5. gr., sem hin nefnda ákvörðun er tekin úr.

Við 4. gr. Þinginu þótti orðaskipunin í þessari gr. ekki eiga vel við háttu Íslands, þar eð hagur og tala gestgjafa og veitingamanna er öldungis ólíkt í Danmörku því sem þ a r er, og hefur því stungið upp á að orða greinina þannig: „Gestgjafar eða aðrir veitingamenn mega ekki á sunnudögum eða öðrum helgum, fyrri en eptir miðaptan, veita mönnum drykk eða leyfa spil í húsum sínum, en veita mega þeir mat eða þess konar hressingu þó fyr sje".

Þessi uppástunga ætlaði stjórnin að helzt væri sprottin af því, að svo örðugt er að koma á íslenzku orðatiltæki frumvarpsins „*siddende Gjæster*", og þar eð greinin, eins og hún er orðuð eptir uppástungu þingsins, innibindur allar helztu ákvarðanir úr frumvarpinu, auk þess að hún er stuttorðari, mælti stjórnin fram með orðabreytingu þingsins.

Við 5. gr. Alþingið hafði við þessa gr. borið það fram:

1) að fyrstu klausu greinarinnar yrði sleppt.

2) að seinasta lið sömu greinar yrði sleppt, og hjelt þingið að ákvarðanirnar í þessum klausum ættu ekki við á Íslandi.

3) að fyrri hluti greinarinnar verði orðaður þannig: „Á

tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., skal öll ósiðsamleg hegðun, háreysti og drykkjulæti vera stranglega bönnuð við alla kirkjufundi". 1855. 28. marz.

og 4) að framhald hennar verði svo orðað: „og skulu hreppstjórar og meðhjálparar gæta þess vandlega, og handtaka þá menn við kirkjur, ef á liggur, sem hjer á móti brjóta"; því að alþingið áleit, að greinin þannig yrði löguð eptir ásigkomulagi landsins og því, sem þar á sjer stað, og taldi þingið meðal þess, er engan veginn mætti missa sjónar á, að það væri víða á landinu, að fleiri væri kirkjusóknir í einum og sama hreppi, en hreppstjóri þar að eins einn; en hreppstjórarnir væru þeir einu lögreglumenn, sem gætu haft gætur á hegðun manna við kirkjufundi; en þegar þannig stæði á, fengi hreppstjóri ekki gætt reglu í öllum kirkjum hrepps síns, og áleit því þingið, að leggja yrði einnig þessa skyldu meðhjálpurum prestanna á herðar, sem ætíð væru við hverja kirkju, og væru jafnframt siðamenn í kirkjunni.

Konungsfulltrúinn skaut því til stjórnarinnar, að hve miklu leyti hún vilji fara eptir tillögum þingsins um breytingar á þessari grein, en gat þess um leið, að þar sem bannað er í fyrsta kafla greinarinnar, að menn fari margir saman á veiðar á helgidögum, muni sjaldan koma fyrir á Íslandi, og að nokkru leyti væri sama að segja um seinasta kafla hennar.

Stjórnarráðið gat þess fyrst, að sleppa mætti hjer orðunum „almennar skemmtanir", sökum orðabreytingar þeirrar, sem gjörð hafi verið við 1. gr., en vakti athygli á því, viðvíkjandi uppástungu alþingis að sleppa fyrsta kafla greinar þessarar, að þó að ekki þurfi eins að halda á banni þessu, um að menn fari margir saman á veiðar, á Íslandi eins og í Danmörku, geti þetta þó líka komið fyrir á Íslandi, einkum í kaupstöðunum, og virðist þá sama ástæða til að banna það þar eins og í Danmörku; það væri að minnsta kosti alltítt, að menn færu á bátum úr Reykjavík á sunnudögum til að skjóta fugla, og að jafnvel hefði optar en einu sinni verið klagað yfir æðarfugladrápi við þessi tækifæri. Eins og stjórnin nú eptir þessum almennu athugasemdum, er hún hafði gjört hjer að framan, gat ekki

1855. 28. marz. ráðið til að fara eptir tillögum þingsins í þessu efni, eins fannst stjórninni sömu ástæður móti hinni annari uppástungu alþingis, er fór fram á, að ekki skyldi banna börnum að gjöra hávaða á strætum, eða fólki að safnast saman í kirkjugarðinum, eða úti fyrir kirkjunni um messutímann, því að eptir því sem ræðurnar á þinginu báru með sjer var uppástunga þessi byggð á því, að kirkjugarðurinn lægi nokkuð frá kirkjunni, en þetta er varla nokkurstaðar á Íslandi nema í Reykjavík, og þessi ástæða gæti aldrei mælt fram með að banna ekki hávaða úti fyrir kirkjudyrunum. Stjórnin kvaðst ekki heldur geta mælt með orðabreytingu þingsins á því sem eptir var af greininni, þar eð það virtist, eptir því sem þingið hefur stungið upp á að orða greinina, að einungis megi taka mann, sem gjörir ótilhlýðileg óp og háreysti, höndum við kirkjuna, og væri engin ástæða til að binda það á þá leið; þar sem þingið hafði stungið upp á, að sett væri „hreppstjórar og meðhjálparar" í staðinn fyrir „lögreglumenn", væri það athugandi, að vafasamt væri, hvort gjöra skyldi meðhjálpurunum, sem ekki hafa neitt lögregluvald, þetta að skyldu, og ekki eigi orðaskipun þingsins við í Reykjavík, þar sem tveir lögregluþjónar eru settir, en hreppstjórarnir eru einungis fátækrastjórar og hafa enga umsjón á lögreglu. Þar sem alþingi hafði farið því á flot, að hreppstjórinn í þeim hreppum, sem fleiri en ein kirkja er í, gæti að minnsta kosti ekki haft gætur á þessu nema við eina kirkjuna, bætti stjórnin því enn fremur við, að venjulega eru tveir hreppstjórar í hinum stærri hreppum, og að það er sjaldgæft, að nokkur óregla fari fram við kirkjur upp til sveita, og að sóknarbændurnir án efa mundu sjálfir fúsir að afstýra óreglu, ef svo kynni til að bera, án þess að hreppstjórarnir þurfi að skipta sjer af því.

Samkvæmt öllu framan sögðu hjelt stjórnarráðið að rjettast væri að taka grein frumvarpsins inn í lögin óbreytta.

Við 6. gr. Alþingið hafði farið fram á, að sleppt væri orðinu "skjalaskrifarastörfum", þar þess konar mundi óþarft að taka fram sjerstaklega á Íslandi. Það má nú samt sjá af þingræðunum, og konungsfulltrúi, sem ekki mælti með þessari uppástungu, gat þess líka, að hún einkum hafi komið af því, að

íslenzka orðið, sem haft var um þetta í útleggingunni, var ekki orðið fast í málinu, án þess þingið þó hefði getað fengið betra orð um þetta, en stjórninni þótti þetta engin sennileg ástæða til þess að sleppa störfum þessum, og þar eð þau koma þó fyrir á Íslandi, og bera þar, ef til vill, optar við, þegar frjálsa verzlunin er komin á, ætlaði hún að ekki ætti að gjöra neina breytingu á frumvarpinu að þessu leyti. 1855. 28. marz.

Við 7. gr. Að því leyti, sem alþingið hafði stungið upp á þeim orðamun, að sett yrði í stað seinustu klausu: „Sje þetta leyfi ekki fengið, má ekkert slíkt fundarhald boða", kvað stjórnin, að það ætti að orða þetta, eins og gjört hafði verið í frumvarpinu, þar eð þessi áður nefnda seinasta klausa lýtur ekki einungis til þess, þegar svo stendur á, að sjerstakt leyfi til að halda fund er fengið hjá lögreglustjórninni, heldur líka til hins almenna leyfis, er veitt er í byrjun greinarinnar, að sveitastjórar megi halda aukafundi á helgidögum; en eins og alþingi hefði orðað, lyti seinasti liðurinn einungis að hinu fyrra. Enn fremur skyldi breyta „einni stundu eptir nón" í „miðaptan", samkvæmt því sem áður er mælt við 1. gr.

Við 8 gr. Þessa gr. hafði þingið fallizt á óbreytta.

Við 9. gr. Alþingið hafði um þessa gr., auk orðabreytingar, sem einungis snerti íslenzku útleggingunа, stungið upp á því, að bætt yrði við ákvörðun um, að helgin á konungsbænadag yrði talin frá miðjum aptni á fimmtudaginn til miðaptans á föstudaginn, því þingið hafði getið þess, að nauðsyn bæri til að einskorða, nær helgin skyldi hætta, því annars kynni að verða meiningamunur um það, hvort telja skyldi allan konungsbænadaginn til helgar, því þá yrði helgin meira en 24. stundir.

Stjórnarráðið gat þess, að það væri reyndar ákveðið í frumvarpinu að engir dansleikar eða almennar skemmtanir skyldu leyfðar frá miðjum aptni fyrir konungsbænadag, en þar á móti ekki, að enga ónauðsynlega vinnu mætti vinna það kvöld, svo að ekki verður sagt að vinna falli niður lengur en 24 stundir, og er það eins með fyrsta daginn í hinum þremur stórhátíðum, rjeði stjórnin frá því að þessi viðbætir væri tekinn í tilskipunina,

1855. 28. marz. einkum þar eð ekki var mikill atkvæðamunur á þinginu um þetta.

Við 10., 11. og 12. gr. Þessar greinar hafði þingið fallizt á óbreyttar.

Við 13. gr. Þingið hafði á þessum stað stungið upp á því, að ákvörðun frumvarpsins: „Sje nokkur í vafa um, hvort eitthvað, sem hann vill gjöra, geti staðizt eptir tilskipuninni eður ekki, getur hann leitað álits lögreglustjóra, ef honum virðist það ekki vera í móti grundvallarreglum tilskipunarinnar, getur hann leyft það", sje breytt þannig: „Sje nokkur í vafa um rjettan skilning á einhverju í henni, þá leiti hann um það álits þessara embættismanna (þ. e. þeirra sem nefndir eru í byrjun greinarinnar); því þinginu þykir það óeðlilegt, að menn skyldu mega leita leyfis hjá lögreglustjóra, sem þar optast yrði hreppstjóri, ef þeir vildu gjöra eitthvað, sem þeir ekki vita hvort getur staðizt eptir tilskipuninni, og að lögreglustjóri þá gæti leyft það, ef það, eptir skoðun hans, væri ekki á móti grundvallarreglum tilskipunarinnar. Þinginu fannst það því eðlilegra, að sá, sem í vafa kynni að vera um rjettan skilning á einhverju í tilskipuninni, leitaði um það álits hærri embættismanna, er lögreglu eiga að gæta, og mundu það þá einasta verða sýslumennirnir.

Í þessu atriði gat stjórnin þess, að uppástunga sú, er hjer ræðir um, komi eflaust af misskilningi á frumvarpinu, því ekki eigi að skilja orðið „lögreglustjóra" um lögregluþjóna eða hreppstjóra; eins og ekki hafði heldur verið ætlazt til að veita lögreglustjóranum neitt vald til að leysa menn undan ákvörðunum tilskipunarinnar, heldur að gefa leyfi til að gjöra eitthvað, sem ekki yrði álitið óleyfilegt eptir anda og grundvallarreglum tilskipunarinnar, þó að það væri ekki leyft í henni með berum orðum; og lagði því stjórnin það til, að greininni yrði haldið óbreyttri.

Við 14. gr. Þessa grein hafði þingið fallizt á óbreytta.

Við 15. gr. Þingið hafði hjer farið fram á:

1) að fyrir orðin: „þá sannfæring, að þeir verði fúsir á, að færa sjer guðsþjónustuna í nyt", yrði sett íslenzka orðið „kirkjurækni", er virtist að eiga betur við en þessi setning; og

2) að eptir orðin: „sækja opt kirkju með guðrækilegu hugarfari", yrði skotið inn í: „og skulu hreppstjórar og meðhjálparar prestanna vera þeim í öllu þessu samtaka, og veita þeim alla mögulega aðstoð" til þess að styrkja prestana, sem mest yrði, með aðstoð hreppstjóra og djáknanna. 1855. 28. marz.

Um hina fyrri af þessum uppástungum alþingis gat stjórnin þess, að þó hún virðist ekki annað en orðabreyting í hinni íslenzku útleggingu, þá liggur þó í raun og veru í henni breyting á efni tilskipunarinnar. Í orðinu „kirkjurækni" liggur einungis „það að fara opt í kirkju", og þegar einmitt prestunum í klausunni þar á eptir er gjört að skyldu að brýna þetta fyrir söfnuðinum, yrði þetta hið sama upp aptur, en í hinni til svarandi ákvörðun í danska textanum liggur langtum meira, nefnilega, að prestarnir eigi að reyna til að hafa þau áhrif á hjörtu safnaðarins, að menn sæki ekki einungis kirkjuna, heldur færi sjer hina opinberu guðsþjónustugjörð í nyt, og gat stjórnin því eigi mælt fram með þessari breytingu alþingis.

Stjórninni virtist heldur ekki, að taka ætti hina aðra uppástungu þingsins til greina, því hjer var einungis talað um, hvað presturinn skyldi gjöra með kristilegum áminningum, og ætti því miður við, að lögreglumenn — hreppstjórarnir — hjálpuðu honum til þess, því hlutverk þeirra sje bundin við að tálma útvortis athöfnum, er koma fram og hneixla kristilega guðrækni, og rjeði því stjórnin til að halda greininni óbreyttri.

Við 16. gr. þegar þingið ræddi ákvarðanir frumvarpsins um leyfið á helgidagaveiðum, og fjársektir þær, sem lagðar eru við afbrotum gegn ákvörðunum þessum, leiddist það inn á umræður um fátækra hlut þann, sem löggjöfin ákveður að greiðast skuli af allri helgidagaveiði, og þar eð gjald þetta, eptir orðum alþingis, lengi hafi þótt óvinsælt, og hin upprunalega lagaástæða fyrir því sje horfin, vegna endurbótar þeirrar sem komin er á fyrirkomulag fátækra-stjórnarinnar, beiddist þingið, að þetta gjald yrði tekið úr lögum, og að þar að lútandi ákvörðun væri bætt við niðurlag þessarar greinar.

Konungsfulltrúinn fór um þetta svo felldum orðum, að honum reyndar virtist, að viðauki þessi kæmi ekki frumvarpinu við,

1855. 28. marz. en hann skýtur því þó til stjórnarinnar, hvort hún vill taka uppástungu þessa til greina, en gat þess, að sá hluti þessarar veiðar, er fátækir fá, væri svo lítill og kæmi svo sjaldan að, að þó að hann yrði úr lögum tekinn, mundu þó sveitarþyngsli, er koma af uppheldi fátækra, ekki vaxa sökum þess, svo neitt bæri á.

Stjórnin gat nú hvorki vegna formsins ráðið til að taka inn í tilskipun um sunnu- og helgidagahald, eins og viðbæti, ákvörðun, er einungis snerti fátækralöggjöfina, og henni sýndist heldur ekki, að alþingið hefði fært svo órækar sönnur fyrir þessari uppástungu, að ástæða væri til að fallast á innihald hennar. Það er hvorki í bænarskrá þingsins eða umræðunum um þetta mál skýrt frá því, hversu mikill hluti af tekjum fátækra, í þeim hreppum, þar sem þess konar veiði er, kemur af þessu gjaldi, sem eptir reglugjörð 8. janúar 1834, 14. gr., 4. atr., er til tekið að skuli vera fimmtungur allrar veiðinnar; eða hvort fátækrastjórnin í þessum hreppum geti misst þessar tekjur, nema henni sje bætt það upp á annan hátt, sem yrði hreppsbúum, ef til vill, erviðari; og þar sem konungsfulltrúi ætlaði, að sveitarþyngsli, er kæmu af uppheldi fátækra, ekki mundu vaxa, svo neinu munaði, þó að þetta gjald væri tekið úr lögum, þá kemur þetta álit hans varla saman við það, er sagt var á þinginu, að gjald þetta hefði lengi verið óvinsælt, þó stjórnin ekki viti til að klagað hafi verið undan því, hvorki fyrir stjórninni eða þinginu, og stjórnin álítur því sjálfsagt, að rjettast sje að bíða eptir nákvæmari skýrslum og bænarskrám fyr en nokkuð er ákvarðað um þetta mál, og mælir stjórnin því móti þessari uppástungu, enda höfðu, eins og áður er sagt, litlu fleiri atkvæði verið með henni en móti.

Að öðru leyti hafði alþing verið stjórninni samdóma um það, sem ákveðið er í 16. gr., bæði um það, að ákvarðanir þessarar tilskipunar gildi ekki um slíkan ósóma eður ofbeldi, sem heyrir beint undir sakalögin, og eins um hitt, að það sem ákveðið er í tilskipan 29. d. maímán. 1744 um refsingar fyrir helgidagsbrot, skuli hjereptir úr lögum tekið.

10. Brjef innanríkisráðherrans til konungsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um leyfi til að sigla upp Krossvík á Akranesi. 1855. 23. apríl.

Eins og herra amtmanninum er kunnugt, er hið sjerstaka leyfi til að sigla upp Krossvík á Akranesi, er seinast var veitt með konungsúrskurði 2. marz 1853, á enda við lok ársins 1854.

Stjórnin hefur því tekið það til skoðunar, hvort að nú ætti aptur að endurnýja siglingarleyfi þetta. Þetta þótti samt hvorki nauðsynlegt eða eiga við, því aðalhagnaður sá, er sveitamenn þar í kring, nú sem stendur, hafa af siglingarleyfi þessu, er fenginn með leyfi því, er fastakaupmönnum á Íslandi er veitt í opnu brjefi 19. maí f. á. að sigla á aðra staði á landinu en hin löggildu kauptún, bæði til að flytja þangað vörur og selja innbúum ýmsar vörutegundir, o. s. frv.

Eptir hinu sjerstaka siglingarleyfi síðan 1850 var það að vísu einnig leyft dönskum lausakaupmönnum að sigla á áður nefndan stað til verzlunar í júní mánuði, en það leyfi gefst nú eigi lengur, en það þótti því síður ástæða til að endurnýja þetta öldungis sjerstaka leyfi, er veitt var um vissan tíma, sem þá væri gjörður munur á innlendum og útlendum lausakaupmönnum, er varla mundi samkvæmur grundvallarreglum þeim, sem fylgt er í lögunum 15. apríl 1854, en á hinn bóginn getur þó, eptir þeim lögum, ekki komið til orða að leyfa útlendum verzlun annarstaðar en á hinum löggildu kauptúnum.

Þessa skoðun stjórnarinnar áleit jeg að ætti að gjöra herra amtmanni kunna sem konungsfulltrúa, ef að fyrirspurn kynni að vera gjörð um þetta mál á alþingi því, sem er fyrir hendi.

---

11. Brjef innanríkisráðherrans til hins konunglega landbústjórnarfjelags um styrk til akuryrkjumanna. 30. apríl.

Í brjefi 14. þ. m. hefur hið konunglega landbústjórnarfjelag skýrt frá, að það hafi látið koma Íslendingnum Ólafi Sveinssyni fyrir til að læra landbúnað hjá *Land* sjálfseignarbónda á *Kallerupgaard*, og borið fram þá von sína, að stjórnin hjálpi

1855. honum, ef að hann þurfi meiri hjálpar hið fyrsta kennsluár sitt,
30. apríl. þar eð velnefnt fjelag geti ekki þetta ár haft meiri kostnað fyrir Ísland, en það þegar hafi tekizt á hendur.

Sökum þessa vil jeg ekki láta hjá líða, að skýra frá því, að alþingi það, er síðast var haldið á Íslandi, hafði í þegnsamlegastri bænarskrá sinni um búnaðarskóla á Íslandi lýst því yfir, að tilraunir þær, er stjórnin hafði gjört til að hjálpa ungum mönnum frá Íslandi, sem hefðu lagt sig eptir jarðyrkju í Danmörku, hefðu ekki komið að þeim notum, er óskandi hefði verið, sökum þess, að þegar menn þessir hefðu komið heim til Íslands aptur, hefðu þeir hvorki haft tækifæri á eða geta komið ár sinni svo fyrir borð, að þeir gætu kennt öðrum það er þeir hefðu sjálfir numið, og þykir stjórninni sökum þessa ekki ástæða fyrir sig að veita þess konar hjálp eptirleiðis, nema það sje sannað, að hlutaðeigandi eigi von á, þegar hann kemur aptur til Íslands, að fá hentugt jarðnæði.

---

30. apríl. **12. Brjef innanríkisráðherrans til stiptamtmannsins um skatt í Gullbringusýslu.**

Eptir að stjórnin hefur fengið álit herra stiptamtmannsins í þóknanlegu brjefi 2. febrúar næstl. um bónarbrjef er fylgði aptur með því, þar sem Þorsteinn bóndi Jónsson og fleiri í Rosmhvalaneshrepp í Gullbringusýslu kvarta yfir aðferð þeirri, sem höfð sje þar, þegar reikna skal hinn svo nefnda skatt, læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að láta yður vita, að ekki getur orðið vikið frá reiknings aðferð þeirri, sem við tekin er um langan aldur, — að skatturinn í Gullbringusýslu er greiddur ekki einungis af lausafje út af fyrir sig heldur af því og fasteign saman lögðu, og er þessi reikningsaðferð staðfest með brjefi frá rentukammeri 30. september 1823, og er að öðru leyti engan veginn, eins og beiðendurnir virðast að gjöra ráð fyrir, sjerstök fyrir þá sýslu, að því leyti, sem fasteign er einnig talin með þegar skattur er reiknaður, heldur er hún við höfð alstadar á landi með ýmsum lítilfjörlegum breytingum —, fyr en gjörð er algjörleg breyting

á hinum íslenzku skattalögum. Og eruð þjer beðnir samkvæmt þessu að skýra hlutaðeigandi sýslumanni og beiðendum frá því, er þörf gjörist. 1855. 30. apríl.

---

13. Opið brjef, er lögleiðir á Íslandi opið brjef 17. febrúar 1847, um borgun fyrir málaflutningsmenn við hæztarjett í þeim dómsmálum, sem þeir þar verja[1]. 9. maí.

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um lögleiðslu opins brjefs 17. febrúar 1847 um borgun fyrir málaflutningsmenn við hæztarjett í þeim dómsmálum, sem þeir þar verja, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Rjettur sá, til málaflutningslauna, sem hin allrahæzta tilskipun, dagsett 7. marz 1827, hefur veitt málaflutningsmönnum við hæztarjett Vorn í málum þeim, sem þeir sækja, skal eptirleiðis einnig ná til þeirra mála, sem þeir flytja sem sakarverjendur.

2. gr. Upphæð launa þessara skal ákveða bæði fyrir sækendur og verjendur eptir reglum þeim, sem tilteknar eru í 2. gr. ofan nefndrar tilskipunar, svo að rjettur sá til meiri launa, sem opið brjef Vort, 3. marz 1841, heimilar sækendum í sumum málum, skal hjer eptir burtnuminn. Að öðru leyti skal 3. gr. í nefndri tilskipun einnig eiga við þau laun, sem dæmd eru málaflutningsmönnunum við hæztarjett, þegar þeir verja þar mál.

3. gr. Ákvarðanirnar í konungsbrjefi 21. desember 1831 skulu eiga við þau málaflutningslaun, sem nú falla til eptir þessu opna brjefi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

---

1) sbr. Alþingistíðindi 1853, bls. 1033.

1855. 9. maí. **14. Opið brjef, sem lögleiðir á Íslandi lög 25. apríl 1850, er tiltaka, að auglýsingar þær, sem áður var boðið, þegar svo stóð á, að birta í Altónaborgar „Mercur", Hamborgarblöðum og á kaupmannahúsi Hamborgar, skuli ekki framar eiga sjer stað**[1].

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um að gjöra gildandi á Íslandi lög 25. apríl 1850, er tiltaka, að auglýsingar þær, sem áður var boðið, þegar svo stóð á, að birta í Altónaborgar „Mercur", Hamborgarblöðum og á kaupmannahúsi Hamborgar, skuli ekki framar eiga sjer stað, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

Þar sem boðið var, áður en opið brjef 21. ágúst 1848 kom út, þegar svo var ástatt, að birta innkallanir í búum, stefnur og aðrar almennar auglýsingar, sem gefnar eru út hjer í ríkinu, í Altónaborgar „Mercur", eða í einhverju dagblaði Hamborgar, eða á kaupmannahúsi Hamborgar, þá skal nú hætta þessum birtingum, svo að, þegar þess konar auglýsingar eru birtar í Berlingatíðindum, og í blöðum „Adressecontoirsins" eða dagblöðum stiptisins, skulu þær, þegar hinn lögskipaði frestur er liðinn, vera eins gildar, eins og þó þær einnig hefðu verið auglýstar á einhvern þann hátt, sem fyr var um getið.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

---

9. maí. **15. Opið brjef, er lögleiðir á Íslandi lög 29. desember 1850 um það, hvernig beita skuli hinum ýmislegu tegundum hegningarvinnu**[2].

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 29. desember 1850,

1) sbr. Alþingistíðindi 1853, bls. 1033. 2) Alþingist. 1853, sst.

um það, hvernig beita skuli hinum ýmislegu tegundum hegningarvinnu, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið: 1855. 9. maí.

1. gr. Upp frá 1. degi aprílmánaðar 1851 skulu afbrotamenn þeir, sem samkvæmt reglum þeim, sem nú gilda, ættu að vinna í rasphúsinu eða í festingu, fara í tukthúsið.

2. gr. Þegar ákveðin er vinna í tukthúsinu eða betrunarhúsinu, skal eptirleiðis ekki í dóminum tiltaka neinn vissan hegningarstað. Þó skal láta þá, sem dæmdir verða til fyr nefndrar hegningarvinnu, fara í sömu hegningarhús, sem hingað til, þangað til dómsmálastjórnarráðið tiltekur, að öðruvísi skuli vera.

3. gr. Í tilliti til þeirra afbrotamanna, sem hingað til hafa verið dæmdir til vinnu í einhverju tilteknu tukthúsi eða betrunarhúsi, þá er það á valdi dómsmálastjórnarráðsins, að ákveða, hvar þeir eigi að vinna hegningarvinnu þessa.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

---

16. Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 3. janúar 1851, um prentfrelsi[1]. 9. maí.

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög um prentfrelsi, dags. 3. d. janúarm. 1851, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Á sjerhverju riti, sem út kemur frá nokkurri prentsmiðju á Íslandi, skal standa nafn prentarans, og hvar ritið sje prentað. Ef út af þessu er brugðið, sektast prentarinn, og ef hann finnst ekki, þá sá, sem hefur ritið til sölu eða útbýtingar, fjebótum frá 5 til 100 rd.

2. gr. Ef rangt er sagt til prentara, skal bæta frá 5 til 250 rd. Hin sama sekt liggur við fyrir þann, sem veit, að rangt er frá sagt, og hefur ritið til sölu eða útbýtingar.

3. gr. Rithöfundarnir skulu hafa ábyrgð á efni bóka þeirra,

---

1) sbr. Alþingist. 1853, bls. 1033-1035, og Viðbætir A, 19-22.

1855. 9. maí. sem prentaðar eru í Íslandi, þegar þeir hafa sagt til nafns síns á ritinu, og þar að auki annaðhvort voru búsettir á Íslandi, þegar ritið kom út, eða eru undir dómsvaldi ríkisins, þegar málið er höfðað.

Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, liggur ábyrgðin með sömu skilmálum á útgefanda ritsins, og því næst á kostnaðarmanni eða þeim, sem hefur það til sölu. Ef nokkurn af hinum tilteknu skilmálum vantar, til þess, að einhver þeirra manna, sem nefndir hafa verið, verði krafður ábyrgðar, þá liggur ábyrgðin á prentaranum.

Þegar fleiri gefa út rit eitt í fjelagsskap, og einn þeirra gefur sig fram, sem útgefanda nokkurra kafla í ritinu, sem nægilega eru afmarkaðir, hafa hinir útgefendurnir enga ábyrgð af þeim köflum.

Sjerhver þeirra manna, sem þannig kunna að fá ábyrgðina, er skyldur til, þegar á hann er skorað, og hann vill ekki sjálfur taka að sjer ábyrgðina, að gefa þær skýrslur, sem nauðsynlegar eru, til að sanna, að ábyrgðin liggi á einhverjum hinna áður nefndu; þó skal slíka áskorun gjöra áður en 6 mánuðir eru liðnir, frá því hin fyrsta auglýsing um það, að ritið sje á prent komið, hefur verið birt í blöðunum; ella hefur hann enga ábyrgð af ritinu.

4. gr. Af sjerhverju því riti, sem ekki er stærra en 6 arkir, skal prentarinn, jafnframt því sem hann lætur af hendi ritið úr prentsmiðjunni, og í síðasta lagi áður en ein stund er liðin, frá því hann byrjaði að láta ritið af hendi, senda eitt exemplar af því á lögregluhúsið, og skal hann þegar fá kvittun fyrir því, ef hann beiðist. Ef út af er brugðið, varðar það 10 til 250 rd. bótum. Ef enginn prentari er nafngreindur á bókinni, eða rangt er sagt til nafns hans, og ekki verður komizt eptir, hver prentað hafi, lendir ábyrgðin á kostnaðarmanninum eða þeim, sem hefur ritið til sölu.

5. gr. Sá, sem á prenti ræður til uppreistar gegn konungi, eða til með ofbeldi að raska friði og frelsi ríkisþingsins, eða til að koma með ofbeldi breytingu á stjórnarlag það, sem ákveðið er í grundvallarlögum ríkisins, skal útlægur af landi, eða gista

í ríkisfangelsi í 5 ár eða fleiri, eða alla ævi, eptir málavöxtum. 1855.

6. gr. Sá, sem á prenti dróttar að konunginum ranglátum 9. maí.
eða svívirðilegum athöfnum, leyfir sjer smánandi dóma eða orðatiltæki um konunginn, eða fer um hann meiðandi ummælum, sæti hegningu í fangelsi frá 3 mánuðum til 2 ára. Sömu hegningu skal sá sæta, sem á líkan hátt brýtur við drottninguna, ekkjudrottninguna, konungsefnið eða ríkisstjórann.

7. gr. Ef nokkurt rit er út gefið, sem meiðir útlendar þjóðir, sem eru í vináttu við konung, annaðhvort með því að lasta og smána þá, sem ríkjum ráða, eða drótta heimildarlaust að stjórnendum slíkra ríkja ranglátum og skammarlegum athöfnum, þá skal hinn seki gista fangelsi 3 mánuði til 1 árs, eða láta úti 25 til 250 rd. Fyrir dóm og lög skal hann þá að eins draga, ef stjórn sú, er hlut á að máli, æskir þess.

8. gr. Ef nokkurt rit er gefið út, sem gjörir gis að trúarlærdómum eða guðsdýrkun nokkurs trúarbragðafjelags, sem nú er í ríkinu, skal hinum seka hegnt með 1 til 6 mánaða fangelsi. Sömu hegningu sætir sá, sem lætur prenta klámrit, eða hann bætir 50 til 250 rd. bótum.

9. gr. Ef nokkur skerðir virðingu annars á prenti, með því annaðhvort að drótta að honum heimildarlaust þeirri hegðun, sem gjörði hann óverðugan virðingar samborgarmanna sinna, eða nefnir hann þeim nöfnum, sem að eins slík hegðun gæti gefið tilefni til, þá skal honum hegnt með fangelsi í 3 mánuði til 1 árs, eða fjebótum frá 50 til 250 rd. Fyrir annan ástæðulausan áburð, sem verða má virðingu þess, er fyrir verður, til hnekkis, sem og fyrir ókvæðisorð eða skammaryrði, skal bæta frá 5 til 250 rd., eða það varðar fangelsi frá 14 dögum til 3 mánaða. Í öllum áður nefndum tilfellum ber þar að auki að dæma hin óviðurkvæmilegu orð ómerk, þegar þess er krafizt af þeim, sem meiddur er.

10. gr. Fyrir að skýra svo frá á prenti um hagi einstakra manna og heimilisstöðu, að það spilli heimilisfriði, skal bæta frá 10 til 50 rd.

11. gr. Sjerhver, sem þykist vera áreittur í einhverju tímariti, eða sem æskir að leiðrjetta það, sem um hann er sagt

1855. 9. maí. í ritinu, getur krafizt, að veitt sje viðtaka borgunarlaust í ritið auglýsingu um, að mál sje höfðað út af áreitninni, sem og um málalok, eða leiðrjettingu, sem þó má ekki vera lengri en ¼ úr númeri, eða tilvísun um leiðrjettingu í öðru riti.

Skal þetta taka upp í fyrsta eða annað númer af tímaritinu, sem kemur út, næst á eptir að hann hefur æskt viðtökunnar með vottum; þó skal útgefandi, hvernig sem á stendur, ekki vera skyldur til að taka upp í eitt númer fleiri slíkar auglýsingar eða leiðrjettingar, en sem komast á ¼ úr númeri.

Ef leitt er hjá sjer að gegna þessari skyldu, liggja við því 10 til 50 rd. bætur, og má þvinga hlutaðeiganda til að taka upp í ritið það sem óskað er, með því að ákveða sektir fyrir hvern dag eptir dóms-atkvæði.

12. gr. Upptækt verður rit eptir dómi, þegar það er þess efnis, sem hegningarvert sje samkvæmt 5., 6., 7. eða 8. grein þessarar tilskipunar.

13. gr. Stiptamtmaðurinn á Íslandi ákveður, hvort höfða eigi mál gegn riti fyrir sakir efnisins að tilhlutun hins opinbera. Hald má, þegar svo á stendur, einungis leggja á ritið eptir úrskurði rannsóknardómarans.

14. gr. Heimilt er að flytja inn í landið útlend rit. Ef stiptamtmanni virðast slík rit þess efnis, að hegningar sje vert, og ef enginn af þegnum Danakonungs getur haft ábyrgð af útbreiðslu þeirra, getur fógetinn bannað þeim, sem hefur eða haft hefur ritið til sölu eða útbýtingar, að útbreiða það framar í landinu, og skal banni þessu, eptir að búið er að stefna þeim, sem bönnuð hefur verið sala ritsins, tafarlaust fylgt fram, eptir því rjettarfari, sem lögboðið er í sakamálum. Ef dómurinn staðfestir bannið, skal ákveða í dóminum, hversu langt megi líða, þangað til ritið er sent burt úr ríkinu, eða að öðrum kosti verði gjört upptækt. Dóm þennan skal þrisvar birta að tilhlutun hins opinbera í einhverju íslenzku blaði og í Berlínga tíðindum, og má eptir það hvorki panta ritið til sölu, selja það nje útbýta því í ríkinu, og ef móti þessu er brotið, skal það sæta fjebótum frá 25 til 250 rd., eða fangelsi í 14 daga til 6 mánaða.

15. gr. Ef þrír slíkir dómar eru lagðir á eitthvert tímarit

eða fleiri slík rit, sem einn er útgefandi að, á tveggja ára tíma, má ákveða í hinum síðasta þessara dóma, að þetta rit eða önnur tímarit, sem hinn sami maður gefur út, megi ekki flytja inn í ríkið, nema því að eins að dómsmálastjórnarherrann leyfi það. Bannið sje birt, og afbrigðum gegn því hegnt, eptir því sem til er tekið í 14. gr. 1855. 9. maí.

16. gr. Það, sem ákveðið er í tilskipun þessari um prentuð rit, gildir einnig, þegar letur er gjört með einhverjum öðrum tilfærum en prenti.

Sömuleiðis má heimfæra ákvarðanir þær, sem gefnar eru um prentuð rit, að 4. gr. frátekinni, að sínu leyti upp á myndir, stungnar í eir, skornar í trje og prentaðar á stein, og aðra líkingarfulla uppdrætti. Þó skal, svo framarlega sem myndirnar eru gefnar út með einhverju riti og sem hlutar úr því, ábyrgðarmaður ritsins einnig hafa ábyrgð af myndunum.

17. gr. Tilskipun þessi kemur í staðinn fyrir ákvarðanir þær, sem áður eru gefnar um prentfrelsi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

Ástæður fyrir tilskipun þessari.

Við 1. gr. Alþingið hafði stungið upp á, að orðin „hjer í ríkinu" í þessari og alstaðar í hinum greinunum á eptir, yrðu úr felld og í stað þeirra sett „hjer í landinu." En þar eð lögin koma hjer út, þótti stjórninni það rjettara að setja í stað þeirra, orðin „í Íslandi", eða „í landinu", þar eð sambandið í greinum þeim, þar sem orðin „hjer í ríkinu", koma fyrir, krefur eða leyfir þess konar breytingu, og verður því þó ekki við komið í 8. gr., 14. gr. 3. lið og 15. gr. Samkvæmt hinni almennu ákvörðun í tilskipun 24. janúar 1838, 3. gr. ætti að minnka bæði hinar minnstu og mestu bætur um helming, en þar eð hinar minnstu bætur eru svo lágar, nefnilega 5 rd., þókti ekki við eiga að lækka þær, en hinar mestu bætur eru þar á móti lækkaðar eptir áður greindri reglu.

Við 3. gr. Alþingið hafði við þessa grein farið fram, að

1855. 9. maí. þriggja mánaða frestur sá, sem ákveðinn er í seinasta lið greinarinnar, þegar skorað er á einhvern mannn, er ábyrgðin fyrir prentað rit getur legið á, en sem ekki vill taka hana að sjer, að gefa þær skýrslur sem nauðsynlegar eru til að sanna að ábyrgðin liggi á öðrum, yrði lengdur til 6 mánaða, þar eð ásigkomulag landsins, vegna strjálbyggðar og samgönguleysis, gæti valdið því, að hlutaðeigandi, einkum á vetrardag, fengi ekki vitneskju af bók eða dagblaði, sem komið væri á prent, fyr en eptir þann tíma, sem í lagaboðinu er til tekið. Stjórnin fjellst á ástæður þingsins fyrir breytingu þessari, og rjeði því til að farið væri eptir henni.

Við 4. gr. Þingið áleit bætur þær, sem ákveðnar eru í þessari grein, væru of háar þegar litið væri til hvernig til hagaði á Íslandi, og bar það því fram, að þær yrðu lækkaðar til 5—50 rda., því þingið áleit að þessi fjársekt bæði mundi nægja til þess að afstýra óreglu þeirri, sem sektin liggur við, og líka standa í hæfilegu hlutfalli við afbrotið. Stjórnin áleit þó, að lækkun sú á fjársektum þessum, sem heimiluð er, þegar Ísland á hlut að máli, í hinni almennu ákvörðun í tilskipun 24. janúar 1838, 3. gr., nefnilega um helming af hinum lögákveðnu lægstu og hæztu bótum, mundi vera nægileg í þessu tilfelli, og að sektin, sem verður þannig minnst 10 rd., er ekki ofmikil fyrir slíkt afbrot, er miðar til að draga lagabrot, er kunna að vera gjörð, undan umsjón hins opinbera, og er því greinin samin samkvæmt þessu.

Við 5. gr. Þingið fór fram á, að sú klausa greinarinnar, er talar um að raska með ofbeldi friði og frelsi ríkisþingsins, væri úr felld, þar eð hún ætti ekki við á Íslandi, en þar eð þess konar afbrot gætu þó komið fyrir á Íslandi, og þar eð konungsfulltrúi hefur einnig verið í efa um, hvort hæfilegt væri að sleppa þessu, einkum þar eð Ísland eptir áliti sjálfs alþingis ætti að heyra undir ríkisþingið (eða alríkisþingið) í öllum almennum málefnum, var ekki farið eptir áliti alþingis í þessu.

Við 6. og 7. gr. Þar eð fangelsis hegningu, eins og stendur, verður ekki komið við á Íslandi, þótti þinginu nauðsyn bera til að stinga upp á því, að þessari hegningu, bæði eptir þessari

grein lagaboðsins og þar sem það annarstaðar í því er ákveðið, yrði fyrst um sinn breytt í fjársekt, en þingið gjörði þó ráð fyrir, að það líði ekki á löngu áður en fangelsishegningu einnig verði komið við á Íslandi, t. a. m. í Reykjavík, og, ef til vill, á Akureyri. 1855. 9. maí.

Stjórninni þótti þó ísjárvert að breyta hegningu fyrir þess konar afbrot í fjársektir, og á hinn bóginn þótti það ekki ráðlegt, eptir ásigkomulagi þess konar afbrota, að setja í staðinn refsingu þá, er að öðru leyti er ákveðin á Íslandi, samkvæmt tilskipun 24. janúar 1838, 4. gr., staflið a og b, fyrir frelsismissir um styttri tíma en 2 ár, það er að skilja vandarhaggarefsingu. En þar eð stjórnin vissi til þess, að fangelsisrefsing er við höfð í Reykjavík, og þar eð hún áleit að afbrot þau, er hjer ræðir um, muni verða mjög sjaldgæf, þótti henni rjettast að halda þessari fangelsisrefsingu. Þar sem fjársekt er við lögð í 7. gr. sem annar kostur, er hún lækkuð um helming, samkvæmt tilskipun 24. janúar 1838, 3 gr.

Við 8., 9. og 10. gr. Þingið hafði vakið athygli á því, að það leiði af tilskipun 24. janúar 1838, 3. gr., að fjársektir þær, sem ákveðnar eru í þessum greinum, verði lækkaðar um helming, og auk þess farið fram á, að fangelsishegning þeirri, er um getur í upphafi 8. greinar, sje breytt í fjársekt. Stjórnin getur þess, að fjársektirnar eru hjer eins og alstaðar annarstaðar, nema í fyrstu grein, en vísaði til áður greindra athugasemda sinna um að halda fangelsisrefsingu, en hún er að öðru leyti ákveðinn sem annar kostur í 9. gr., án þess þó alþingi hafi tekið það fram.

Það virtist einnig að orðið „ríkið" gæti staðið óbreytt í þessari grein, því með því er einungis sýnt yfir hve mikið svið ákvarðanir laga þessara nái eða eigi að ná; en orðinu „hjer" virðist að megi sleppa.

Við 11. gr. Þingið hafði farið fram á, að sama breyting væri gjörð í þessari grein og stjórnin hafði stungið upp á þegar lögleiða átti þetta lagaboð á Færeyjum, þá nefnilega, að eptir orðið „málalok" væri bætt inn í þessu: „eða leiðrjettingu, sem þó ekki má vera lengri, en fjórði partur úr einu númeri tímaritsins". Stjórninni þótti nú henta, að þessu væri breytt þannig eins og

1855. 9. maí. hún hafði bent þinginu á, þegar lögin voru lögð fyrir það, en hún áleit að þessari nýju ákvörðun í lögunum yrði breytt á sama hátt og gjört var fyrir Færeyjar þegar frumvarpið var rætt á ríkisþinginu. Þessi breyting, er konungur fjellst einnig á, þegar hann staðfesti lögin, og sem fór fram á, að útgefandinn skuli aldrei vera skyldur að taka í 1 númer fleiri þess konar auglýsingar og leiðrjettingar, en komist á fjórða part af númerinu, var byggð á sanngjörnu tilliti til útgefanda ritsins, því ef skylda sú, er ákvörðun þessi leggur honum á herðar, væri ekki þannig takmörkuð, yrði hann skyldur að taka allt þess konar, þó að það fyllti allt blaðið, og var því bætt við aðra klausu greinarinnar ákvörðun, sem var öldungis eins og bætt var við sömu klausu í sömu grein, þegar lögin voru gjörð gildandi á Færeyjum.

Við 13. gr. Þar eð það, eptir ásigkomulagi landsins, þótti vandkvæði og tímaspillir, ef ætíð þyrfti að leita úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um það, hvort hið opinbera ætti að höfða mál út úr einhverju riti, sem prentað væri á Íslandi, beiddist þingið að úrskurður um það yrði falinn á hendur stiptamtmanni eða hlutaðeigandi amtmanni.

Eins og grein þessi er skilin, að ákæra fyrir afbrot móti prentlögum einungis skuli gjörð í tilfellum þeim, sem greind eru í 6. og 7. greinum, og að dómsmálastjórinn þá skuli bjóða hana, þótti það ísjárvert að veita amtmönnum á Íslandi það vald, sem lögin áskilja dómsmálastjórninni, því að hætt væri við að þessi ákvörðun yrði misskilin, og mál væru höfðuð optar en til var ætlað; á hinn bóginn varð stjórnin að viðurkenna, að tilgangur málstofnunarinnar næst ekki, þegar mál er fyrst höfðað þegar ritgjörðin, sem málið er stofnað á móti, hefur verið lesin og hefur breiðzt út um langan tíma, ef til vill, í marga mánuði, og þar eð þessi ástæða þótti mikilvægari, var það álitið rjettast, að vald það, sem greinin áskilur dómsmálastjórninni, verði falið á hendur yfirvaldi á Íslandi, en þó á þann hátt, að það einungis sje stiptamtmaðurinn. Því eins og hann bæði er álitinn æðsti umboðsmaður stjórnarinnar á Íslandi, eins hverfa líka að nokkru leyti, ef málinu er þannig fyrir komið, tormerki þau er voru á því að fylgja uppástungu alþingis.

Samkvæmt þessari breytingu þótti það einnig nauðsyn að veita stiptamtmanni vald það, sem í 14. grein einnig er áskilið dómsmálastjórninni, um að höfða mál fyrir að flytja til landsins rit þess efnis, að hegningar sje vert, og þótti það ekki heldur eins ísjárvert, eptir aðferð þeirri sem þar er ákveðin. Samkvæmt þessu er því breytt því, sem þörf var á í áður nefndum greinum, og auk þess er í 14. gr. í staðinn fyrir orðið „stiptstíðindi" sett „einhverju íslenzku blaði". 1855. 9. maí.

Við 17. gr. Alþingi hafði stungið upp á, að orðin: „Lagaboðið, sem dagsett er 5. dag júlímánaðar 1850 og" verði úr felld, þar eð lagaboð þetta hafi aldrei verið lögleitt á Íslandi, og hafði stjórnin ekkert á móti því.

---

17. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um verðlagsskrá um hafnargjald í Reykjavík. 12. maí.

Verðlagsskrá, er hjer með fylgir, um gjald fyrir að nota Reykjavíkurhöfn, vildi jeg biðja herra stiptamtm. að senda bæjarstjórninni í Reykjavík, og skýra henni um leið frá, að verðlagsskrá þessi, að tvennu undan skildu, er þegar skal getið, er samhljóða frumvarpi bæjarstjórnarinnar, er þjer senduð hingað, ásamt áliti yðar um það mál, 24. febrúar næstliðinn. Bæjarstjórnin hafði stungið upp á, að afgjald af skipum, er köstuðu akkerum á höfninni, en fermdu hvorki skip nje affermdu, væri sett 12 til 16 skild. fyrir hvert lestarrúm, í hvert skipti sem skipið kemur á höfnina, og að greiða skuli auk þessa gjalds 8 skild. af hverju lestarrúmi, þegar vöru er upp skipað eða út skipað; en stjórnin hlaut að vera yður samdóma í því, að lækka ætti gjaldið fyrir að kasta einungis akkerum á höfninni, til 4 til 8 skild. af hverju lestarrúmi skipsins, en að þar á móti 8 skild. gjald það af hverju lestarrúmi, sem stungið er upp á í frumvarpinu, sje hækkað til 16 skild. þegar nokkuð er upp skipað eða út skipað; og stjórnin varð einnig að fallast á, af ástæðum þeim, er þjer til færið, að gjald fyrir að ferma og afferma skuli einungis greiða af skipum þeim, er til Íslands fara eða sigla

1855. 12. maí.

burt þaðan, en ekki af skipum sem flytja vörur hafna á milli á Íslandi. Stjórnin gat að lyktum ekki fallizt á það, er stungið var upp á í frumvarpi bæjarstjórnarinnar, að afgjald skyldi greitt fyrir að vera borgari, verzlunarfulltrúi eða skipari, þar eð þess konar gjald, eptir tilskipun 27. nóvember 1846, 4. gr., ekki verður lagt á nema með nýju lagaboði; það virðist og í sjálfu sjer eiga miður vel við, að taka þess konar gjald inn í verðlagsskrá um hafnargjald.

Um leið og þjer skýrið bæjarstjórninni frá hinu áður talda, er herra stiptamtm. líka beðinn að annast um, að sett verði hafnarnefnd, — viðlíka eins og ákveðið er í allrahæstum úrskurði 4. apríl 1798, auglýstum með kanselíbrjefi 28. næst á eptir, er hjer með fylgir í eptirriti, og sveitastjórnartilskipuninni fyrir kaupstaðina í Danmörku 24. október 1837, 19. gr. saman borið við reglugjörð 27. nóvember 1846 um stjórn bæjarmálefna í kaupstaðnum Reykjavík, 18. gr. —, er hafi þann starfa á höndum, að annast um stjórn á öllu því er höfnina snertir. Þegar hafnarnefndin er sett, umbiðjist þjer að leita álits hennar um, að hve miklu leyti, og þá með hverjum breytingum, hún óskar, að farið sje eptir hinum almennu uppástungum, er hjer með fylgja um reglugjörð fyrir nefndina og reglugjörð um notun hafnarinnar, og senda stjórninni síðan álitsskjal hennar ásamt yðar eigin athugasemdum. Einnig eruð þjer beðnir að bjóða bæjarstjórninni að annast um, að hafnargjalds-skráin verði auglýst á prenti og annan hæfilegan hátt, undir eins og hún er orðin gild, sem ekki verður fyr, en búið er að setja hafnarmerki það við Akurey og tunnudufl á höfninni, sem getið er í brjefi bæjarstjórnarinnar 5. febrúar næstliðinn; og auk þess vonar stjórnin að fá nákvæma skýrslu um áhrif þau, er hafnargjaldið, sem skal gilda fyrst um sinn, hefur haft, og uppástungur um þær breytingar á því, er reynslan kann að sýna að sjeu hentugar.

18. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austurumdæminu um lögreglustjórn á Akureyri og læknisumsjón á Eskifirði. 1855. 14. maí.

Eptir að innanríkisstjórnin 25. apríl f. á. hafði leitað álits herra amtm. um það, að hve miklu leyti lögreglustjórn á Akureyrar verzlunarstað og læknisumsjón á Eskifirði yrði höfð með utanríkisskipum, sem koma á þær hafnir, þaðan sem sýslumaðurinn í Eyjafjarðar sýslu og hjeraðslæknirinn í Múla sýslum nú búa, og, ef því yrði ekki við komið, hvort ekki ætti að gjöra embættismönnum þessum að skyldu, annaðhvort að setjast að á nefndum verzlunarstöðum eða að minnsta kosti á annan hátt að annast um, að nauðsynleg lögreglu- og læknisumsjón sje höfð með áður nefndum skipum, hafið þjer, í þóknanlegu brjefi 5. desember f. á., látið það álit yðar í ljósi um hið fyrra atriði, að hin nauðsynlega lögreglu-umsjón engan veginn verði höfð, svo nægileg sje, þaðan sem sýslumaðurinn nú býr, og að þjer ætlið það líka ónóg, að gjöra sýslumanninum það að skyldu, að vera á verzlunarstaðnum á vissum ákveðnum tímum, þar eð slík ákvörðun yrði þýðingarlaus sökum hinna mörgu embættisferða, er hann hefur um landþinghána, en hafið þar á móti ætlað að það væri nær lagi, að gjöra sýslumanninum það að skyldu, að hafa fast aðsetur á verzlunarstaðnum, en um leið vakið athygli á því, að þau tormerki sjeu á því, að hinum núverandi sýslumanni var ekki gjört að skyldu, þegar honum var veitt embættið, að taka sjer bólfestu á verzlunarstaðnum, og væri það því ósanngjarnt að gjöra þessum embættismanni, er hefur varið ærnum kostnaði til að byggja sjer íveruhús á jörð sinni, og til að afla sjer fjenaðar og búslóðar, verkfæra til jarðarræktar, o. s. frv., til þess að hún sje fullsetin, það að skyldu, mót vilja hans og óskum, að flytja sig á verzlunarstaðinn, eða að halda þar á eiginn kostnað umboðsmann, er gegni störfum þeim, er hjer ræðir um.

Sökum þessa, er nú var talið, hefur herra amtm. þótt hentast, að stofnað væri sjerstakt lögreglustjóra-embætti á Akureyri, og hefur sýslumaðurinn játað sig fúsan til að sleppa til

1855. launa handa þessum lögreglustjóra tekjum þeim, er hann hefur
14. maí. af bænum, sem einkum eru skipgjöld, og sem álitið er að verða muni hjerumbil 200 rd. á ári, og ætlar herra amtm. að þá þyrfti að bæta við af ríkissjóðnum að minnsta kosti 300 rd.

Stjórnin vildi um þetta atriði ekki láta hjá líða að geta þess, að eins og nokkur vafi kynni að vera á því, hvort verzlunarstaður þessi enn er orðinn svo stór, að ekki sýnist verða hjá því komizt, að setja þar sjerstakt lögstjórnarembætti, eins hefði þetta skipulag ætíð svo mikinn kostnað í för með sjer, að viðsjárvert kynni að þykja, að jafna honum niður á amtsbúa. Það væri nefnilega varla hægt, eins og herra amtm. líka byggir á, að fá mann, er hefur tekið embættispróf í lögum, í þetta embætti, nema hann hefði að launum að minnsta kosti 500 rd.; en eins og það getur verið efasamt, hvort að tekjur þær af verzlunarstaðnum, sem sýslumaðurinn hefur boðizt til að láta af hendi, sjeu nú sem stendur 200 rd., eins mundi 300 rd. viðbætir úr jafnaðarsjóðinum þykja mikið gjald, er ekki ætti að verja þannig, nema brýn nauðsyn bæri til. Betra hefði það að vísu verið, ef að sýslumaðurinn hefði getað setzt að á verzlunarstaðnum, en þar eð herra amtmaðurinn hefur álitið, að það væri ósanngjarnt að skipa sýslumanni þeim sem nú er það, og af því gæti jafnvel leitt, að hann yrði fjelaus, og þar eð það á hinn bóginn mundi mjög torvelt að útvega honum hæfilegt endurgjald fyrir skaða þann, er hann kynni að bíða við áður nefndan flutning, sýnist varla annar kostur fyrir höndum, en að skora á hann, að sækja um annað embætti hið fyrsta að færi gefst, er hann einnig hefur boðizt til, og yrði þá herra amtmaður fyrst um sinn að setja mann, er fær væri um það, til þess að hafa lögreglustjórn og umsjón á útlendum skipum er þangað kæmu, gegn þeim launum, að hann fái tekjur þær sem sýslumaðurinn nú hefur af verzlunarstaðnum, og auk þess allt að 50 rd. þóknun af amtsjafnaðarsjóðinum. En áður en þetta er gjört, óska jeg að fá nákvæmari athugasemdir herra amtm. um málið ásamt áliti hlutaðeigandi sýslumanns.

Hvað það snertir, hvernig gegnt skuli störfum þessum yfirstandandi ár, má líklega trúa Birni hreppstjóra Jóns-

syni á Akureyri, sem herra amtmaður hefur tekið til þess, fyrir þeim, því hann hefur áður, eptir skýrslu Briems sýslumanns, gegnt þess konar störfum eptir tilkvaðningu amtmanns; og hafi hann að launum 20 rd. þóknun þá, er getið er í brjefi yðar 3. desember f. á., er borga má fyrir fram af amtsjafnaðarsjóðnum fyrir þetta ár. 1855. 14. maí.

Hvað læknisumsjón á Eskifirði snertir, sjest það og af brjefi herra amtm., að henni ekki verði hæfilega við komið þaðan sem hjeraðslæknirinn nú býr, því hann býr hjerumbil 4 mílur frá verzlunarstaðnum, og þar eð nú auk þessa, sökum þess hvernig til hagar, virðist ógjörandi að skipa hlutaðeigandi hjeraðslækni að setjast að á verzlunarstaðnum, verður að gjöra ráðstöfun fyrir því, að læknisumsjón verði höfð stöðugt á nefndum verzlunarstað, eins og á hinum 5 stöðunum sem ákveðnir eru í lögunum 15. apríl f. á.

Á meðan að uppástunga sú, er dr. Schleisner gjörði á sínum tíma, sem fór því fram að settur yrði læknir í sýslu hverri, ekki er komin í kring, má vera að bezt og kostnaðarminnst yrði að haga þessu svo, að skora á hlutaðeigandi hjeraðslækni að kenna lægnum manni til aðstoðarlæknis, samkvæmt opnu brjefi 23. ágúst 1848 § 3, og að áður nefnd störf yrðu síðan lögð honum á herðar fyrir hjerumbil 150 rd. þóknun á ári. Það er nefnilega ætlandi, at slíkur læknir geti annast rannsókn þá á heilsufari skipverja, sem lögin 15. apríl f. á. um geta í 2. gr., þó að hann hafi ekki tekið opinbert próf. Jafnframt því að biðja um álit herra amtm. í þessu efni, skal því við bætt, að þangað til slíkt eða áþekkt fyrirkomulag er á komið skal sóttvarna- eða heilbrigðisnefnd sú, er nú er sett á Eskifirði, hafa þar læknisumsjón með skipum útlendra þjóða, og þar eð í nefnd þessari voru, eptir hinni seinustu skýrslu herra amtmannsins, sýslumaðurinn og hjeraðslæknirinn, og einn maður sem á heima í verzlunarstaðnum, Jón gullsmiður Sigfússon, getur það að líkindum ekki verið umtalsmál, að veita öðrum en hinum síðast nefnda neina þóknun fyrir þenna starfa, og bið jeg yður einnig að skýra mjer frá áliti yðar um það efni.

Að öðru leyti læt jeg ekki hjá líða að skýra herra amtm.

1855. 14. maí. frá því, að þar eð það flýtur af sjálfu sjer, að kostnað þann, er þetta skipulag út heimtir, og annað er leiðir af lögunum 15. apríl f. á., verða landsmenn sjálfir að bera, og hann verður ekki talinn með ríkisútgjöldum, hefi jeg látið semja frumvarp um, hvernig þess konar gjöld skuli greidd, til að leggja fyrir alþing það er haldið er í ár.

Þar sem herra amtm. að endingu í áður nefndu brjefi yðar 5. desember f. á. hafið vísað til brjefs frá yður til stjórnarinnar 2. október 1851 um að kaupa á opinberan kostnað Oddeyri við Akureyrar kaupstað, vil jeg ekki undan fella að láta yður vita, að stjórnin því síður getur gengið að þessu, þar eð álíta má, að búið sje nú, síðan að verzlunarlögin 15. apríl f. á. komu út, að sleppa því, er stjórnin áður ætlaði sjer, að gjöra hin helztu kauptún á Íslandi að kaupstöðum.

---

15. maí. **19. Brjef hinnar íslenzku stjórnardeildar til allra prófasta á Íslandi um fólkstölu.**

Eptir skýrslu ríkisfræðisdeildarinnar var allt fólk talið í Danmörku 1. febrúar þ. á., en þar eð sá dagur þótti miður hentugur, eptir því sem til hagar á Íslandi og hinum öðrum norðlægu undirlöndum, er þar ákveðið, að telja skuli fólk þar 1. október næstkomandi. Á Íslandi þótti bezt henta, viðlíka og gjört hefur verið í Danmörku, að telja eptir sóknum, þannig, að hver prestur láti hreppstjóra eða annan hæfan mann í sókninni skrifa upp á eyðublöð, er til þess eru ætluð, innbúa sóknarinnar, og skal þar til færð tala heimilanna, nöfn manna, aldur, staða o. s. frv., og að presturinn eptir töluskrám þeim, er hann þannig hefur fengið, semji höfuðtöflur um fólkstöluna í sókninni, og sendi síðan hinar áður nefndu töluskrár og sóknartöflur hlutaðeigandi prófasti, er sendir þær ásamt töluskrám og höfuðtöflum fyrir sína eigin sókn, beinlínis til undirskrifaðrar stjórnardeildar. Það þótti enn fremur rjettast, að fólkstalan sje tekin eins og hún er 1. október þ. á., svo að af töflunum megi sjá hve margt fólkið er í raun og veru nefndan dag.

Um leið og herra prófastinum eru nú send hjá lögð exmpl. af reglum, skýrsluformum og eyðublöðum, sem gjörð eru á íslenzku, og í flestum atriðum er samkvæmt því sem farið er eptir þegar talið er fólk í hjeruðum í Danmörku: 1855. 15. maí.

1) Reglur fyrir því, hvernig semja eigi sóknatöflurnar yfir fólksfjöldann,
2) Skýrsluform til fólkstalsins á Íslandi 1. október 1855,
3) Skýrsla um fólkstal,
4) Fólkstalstöflur, er prestar eiga að gjöra aðalsóknatöflurnar eptir,

eruð þjer beðnir að úthluta þeim meðal prestanna í yðar prófastdæmi, eins og með þarf fyrir hverja sókn. Eins og maður vonast eptir, að þjer hafið gætur á, að mál þetta fái hæfilegan framgang, eptir hinum áður greindu reglum, og að svara fyrirspurnum prestanna, ef nokkrar verða, um rjettan skilning á reglunum — og sendast yður því til samanburðar, ef einhver vafi kynni að verða á, 2 exmpl. af áður nefndum reglum um manntal í hjeröðum í Danmörku o. s. frv. —, eins eruð þjer beðnir að láta yður einkar annt um, að skýrslurnar og fólkstalstöflurnar fyrir allar sóknirnar verði sendar hingað með póstskipinu, sem fer frá Íslandi 1. marz næstkomandi.

---

20. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um tollseðla. 19. maí.

Eptir að hafa ráðgazt um við innanríkisstjórnina hefur hin konunglega aðaltollstjórn gjört þann úrskurð, að í tollskrám til Íslands sje það skilyrði tekið fram með berum orðum, að hlutaðeigandi lögreglustjóri í Íslandi gefi skipstjóranum vitnisburð um, að farmurinn sje skipaður upp, og skuli skipstjóri fá vitnisburð þenna í hendur hlutaðeigandi tollhúsi, samkvæmt tilskipun 1. febrúar 1797, 303. gr.

Frá þessu er herra stiptamtmanninum (amtmanninum) skýrt til vitundar og auglýsingar fyrir hlutaðeigandi embættismönnum í yðar umdæmi.

1855. 29. maí. **21. Brjef dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norðr og austramtinu um lækningar „homöopatha".**

Með brjefi herra amtm. 29. janúar næstliðinn hefur stjórnin fengið brjef frá eiganda lyfjabúðarinnar á Akureyri, O. Thorarensen, þar sem hann kvartar yfir því, að læknisaðferð homöopatha breiðist út, og að sala á meðölum þeirra lækna aukist að sama skapi, og hafi þetta spillt svo mjög fyrir meðalasölu hans, að hann neyðist til að hætta lyfjasölum nema bönnuð sje sala á meðölum homöopatha, og hafið þjer meðal annars gjört þá athugasemd, að þó að menn, sem ekki hafa rjett til að gegna lækna störfum, fáist við þessa læknisaðferð, mundu þeir þó ekki verða sakfelldir fremur en aðrir skottulæknar, þó að mál væri höfðað móti þeim, nema sannað yrði, að þeir hefðu borið sig stórlega rangt að; en læknisaðferð þeirra mundi miklu fremur aukast og út breiðast í landinu.

Á þessa skoðun herra amtm. verður stjórnin að fallast, og þykir því ekki ástæða til að gjöra neitt í þessu efni, en hún verður þó að biðja herra amtm. að hafa gætur á, hvort ekki beri við, þegar læknisaðferð þessi er við höfð, að lífi og heilsu manna sje hætta búin, og ef svo er, að hlutast þannig til sem þörf er á, eptir því sem á stendur, og vonar stjórnin einnig eptir skýrslu um þetta mál.

31. maí. **22. Opið brjef, er lögleiðir á Íslandi lög 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna og þess konar, sem og um borgun slíkra launa fyrir fram[1].**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna og þess konar, sem og um borgun slíkra launa fyrir fram, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1) sbr. tvö lagaboðin hjer næst á eptir. — Alþingistíð. 1853, bls. 1037; Alþingistíð. 1855, Viðbæt. bls. 81—82.

1. gr. Frá 1. ágúst 1850 skal borga út bæði konungs- 1855.
peninga og lífeyri konungsættarinnar og öll embættislaun, sem 31. maí.
tekin eru af ríkissjóðnum, eptirlaun og biðlaun fyrir hvern mánuð
og fyrir fram við byrjun hans.

2. gr. Þó maðurinn deyi á þeim mánuði, eða fái lausn frá embætti, þarf ekki fyrir það að greiða aptur neitt af þeim launum, sem hann hefur fengið fyrir fram fyrir þann mánuð.

3. gr. Öll ný embættislaun, eptirlaun eða biðlaun byrja með 1. degi hins næsta mánaðar, eptir það að veitt hefur verið embættið, gefin lausn frá embætti, eður maðurinn hefur dáið, nema það sje í einstökum tilfellum til tekið með berum orðum, að launin skuli reikna frá einhverju seinna tímabili.

4. gr. Af eptirlaunum og biðlaunum fæst ekkert meira fyrir fram úr ríkissjóðnum en mánaðarborgun sú, sem til tekin er í 1. gr.

5. gr. Af launum þeim, sem eru 1000 rd. að stærð og minni, má fá borgað út fyrir fram, ef sjerleg og brýn nauðsyn ber til, allt að fjórðungi árslaunanna, svo að ekki sje sett veð fyrir eða vextir af goldnir, og skal það þá aptur goldið í seinasta lagi á 2 árum með því að draga $\frac{1}{24}$ hluta á mánuði af launununum. Sá, sem hefur fengið slíkt lán, getur ekki fengið neitt þess konar lán að nýju, fyr en ár er liðið frá því hann hefur endurgoldið fyrra lánið.

Af hærri embættislaunum getur slíkt lán einungis fengizt ef svo stendur á, að skipt er um embætti við manninn, án þess að hann hafi æskt þess, og að öðru leyti með því skilyrði, sem áður er nefnt.

6. gr. Skyndilán þau, sem til þessa tíma hafa verið veitt, skal endurgjalda með því að draga frá launununum á hverjum mánuði eptir nákvæmari ákvörðun ríkisfjárstjórans, svo framarlega, sem önnur skilyrði hafa ekki verið til tekin, þegar lánið var veitt. Með það, sem hefur verið borgað út fyrir fram, má fara eins og með veitt skyndilán.

Í ríkisreikningnum skal gjöra nákvæma grein fyrir því, sem á því ári hefur endurgoldizt í launa afdrætti og þeim skyndilánum, sem enn eru ógoldin.

1855. 31. mai. 7. gr. Uppgefin eru þau skyndilán, sem tilfærð eru í hinni sjerstöku uppskript, sem fram er lögð, að stærð 25,139 rd. 55 sk., og einnig þau skyndilán, sem veitt voru fyrir 1841, og tilfærð eru í hinni almennu uppskript, staflið *A*, 1. röð (*Conto*) undir *Ö*, að stærð 1850 rd.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

Ástæður fyrir þessu opna brjefi.

Eptir að lögreglustjórnin hafði sent konungsfulltrúa lögin 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna, er fjárstjórnin hafði gefið út, ásamt lögunum um eptirlaun 5. janúar 1851 og lög s. d. um skyldu embættismanna að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, til að leggja þau fyrir alþing, til þess að það gæti sagt álit sitt bæði um það, hvort þörf væri að lögleiða þessi lög á Íslandi og um breytingar þær, er hentugar kynnu að þykja, ef þau skyldi lögleiða, áleit alþingi það rjettast og eðlilegast að þessar ákvarðanir, sem þegar var farið eptir á Íslandi, væru beinlínis leiddar þar í lög, einkum þar eð þingið hafði orðið þess áskynja, að það var álitið efasamt, að hve miklu leyti skylda sú, er embættismenn höfðu haft til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk úr hinum almenna ekkjusjóði, gilti eins um lífsfjár- og framfærslustofnunina, þar eð ekkert hefði verið auglýst á Íslandi um stofnun hennar. Þingið sendi því bænarskrá um lögleiðslu þessara lagaboða.

Dómsmálastjórnin, er skrifað hefir á við fjárstjórnina um þetta mál, mælti einnig fram með því, að lagaboð þessi væru lögleidd á Íslandi, og þó að fjárstjórninni fyrir sitt leyti þætti ekki, eptir eðli þessara laga, nein brýn nauðsyn til, að þau væru gjörð sjerstaklega gildandi á Íslandi, bar hún þó undir úrskurð konungs, hvort fara skyldi eptir uppástungu alþingis. Alþingi hafði stungið upp á, að lagaboð þetta yrði lögleitt óbreytt.

23. Opið brjef, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag[1].

1855. 31. maí.

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi með nokkrum breytingum lög 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Sjerhver embættismaður, sem hefur embætti, eða biðlaun, og sem samkvæmt eptirlaunalögunum hefir rjett til eptirlauna, og ekki er fullt sjötugur að aldri, er skyldur til í hinni dönsku lífsfjár- og framfærslustofnun, sem ríkissjóðurinn ábyrgist, að sjá ekkju sinni borgið með fjestyrk æfilangt, sem byrjar við dauða hans, og að minnsta kosti er $\frac{1}{5}$ hluti af þeim embættislaunum hans, sem koma til álita, þegar eptirlaun hans eru reiknuð út samkvæmt 4. gr. sömu laga, þó ekki meiri en 600 rd. árlega.

2. gr. Undanteknir eru embættismenn þeir:

1. sem eru fullt sextugir að aldri áður en þessi lög koma út og eru giptir;

2. sem áður en þessi lög koma út hafa þegar, samkvæmt skyldu sinni, sjeð ekkju sinni borgið með þeim hæstu eptirlaunum eða leigufje æfilangt, 400 rd., samkvæmt hingað til gildandi reglum, á meðan þeir ekki fá meiri embættislaun, því ef svo er, leggst skuldbindingin eptir þessu lagaboði á þá, að því leyti er launaviðbótina snertir;

3. sem sanna fyrir ríkisfjárstjórninni, að ekkjum þeirra sje á annan hátt sjeð borgið æfilangt með ekki minni árlegum tekjum, en fjárstyrkur sá er, sem ákveðinn er í 1. gr.

Loksins eru einnig prestar undan teknir, og skal um skyldu þeirra að sjá fyrir ekkjum sínum standa við það, sem nú er í lögum, þangað til sjerstakt lagaboð gjörir breytingu á því.

---

1) sbr. Alþingistíð. 1853, bls. 1036—1037; Alþingistíð. 1855, Viðbætir bls. 82—84.

1855. 31. maí.

3. gr. Enginn prestur má gefa saman í hjónaband nokkurn embættismann, sem á rjett til eptirlauna, fyr en hann með vitnisburðarbrjefi frá hlutaðeigandi amtmanni hefur sannað, að hann sje undan þeginn þeirri skyldu, að sjá ekkju sinni borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, eða að hann hafi sent amtmanni beiðni til ríkisfjárstjórnarinnar um að mega leggja í lífsábyrgðarsjóðinn. Ef út af þessu er brugðið varðar það 100 rd. sekt til fátækra á þeim stað.

4. gr. Ríkisfjárstjórnin skal gæta þess, að skyldur embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið verði uppfylltar eins og vera ber, og getur, ef á þarf að halda, krafizt þess af yfirboðara hvers eins, að honum sje þröngvað til þess með sekt.

5. gr. Tillögin til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar skulu greidd einu ári fyrir fram, og skal draga þau bæði af embættislaunum og af biðlaunum eða eptirlaunum hlutaðeiganda.

6. gr. Þegar tillögunum verður ekki haldið inni á þenna hátt, og þau eru ekki greidd á gjalddaga, skal ríkisfjárstjórninni heimilt að borga þau fyrir fram úr ríkissjóðnum, sem aptur á móti á rjett á að fá peninga sína endurgoldna með lögtaki, samkvæmt tilskipun dags. 2. júním. 1830, þó skal greiða hina almennu borgun til fógetans. Ef hlutaðeigandi deyr, áður en endurgjald næst, skal halda eptir framfærslufje því, sem ekkjunni hefur verið ætlað, þangað til fje það, sem þannig hefur verið borgað fyrir fram, er endurgoldið.

7. gr. Verði þeirri aðferð, sem um er getið í 6. gr., einhverra orsaka vegna ekki við komið, eða ef einhver embættismaður fær lausn eptirlauna- og biðlaunalaust, áður en hann hefur lokið því, sem hann á að greiða til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar, þá skal, ef vanrækt er að greiða tillögin, þegar svo stendur á, gilda hið sama sem um þá, er sjálfráðir eru hluttakendur í stofnuninni.

8. gr. Lífsfjár- og framfærslustofnunin er skyld að taka við hverjum embættismanni, sem hluttakara fyrir það framfærslufje, sem hann á að sjá ekkju sinni borgið með eptir 1. gr., gegn því, að hann útvegar sjer lögboðinn læknisvitnisburð, að lífi hans sje engin bráð hætta búin.

9. gr. Ef maðurinn hefur fengið skilnaðar dóm við konu sína, er hann eptirleiðis laus við þá skyldu, að sjá konu þeirri borgið sem ekkju, er hann hefur skilið við, og á hann rjett á að ganga úr lífsfjár- og framfærslustofnuninni, samkvæmt reglum þeim, sem gilda um sjálfráða hluttakendur. 1855. 31. maí.

Þegar hjón skilja eptir samkomulagi, er það undir því samkomulagi komið, að hve miklu leyti maðurinn er laus við þessa skuldbindingu. Ef slíkt er ekki berlega til tekið, viðhelzt skuldbindingin, að svo miklu leyti, sem embættistekjur þær snertir, sem maðurinn hafði þegar skilnaðurinn varð.

10. gr. Þegar sá maður, sem sjeð hefur ekkju sinni fyrir framfærslufje gegn æfilöngu tillagi, fær síðar lausn frá embætti með eptirlaunum, á hann rjett á að fá gjald það, er hann er skuldbundinn til að greiða eptir þessu lagaboði, minnkað að tiltölu við eptirlaunin, og eptir því skal reikna framfærslufjeð.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

Ástæður fyrir þessu opna brjefi.

Fjárstjórninni þókti það augljóst eins og alþingi, að einstakar ákvarðanir í lögunum 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, ættu ekki við ásigkomulag Íslands[1]. Þó virtist henni breytingar einungis við þurfa í þriðju grein, þar sem til er tekið hvers gæta skuli áður en embættismaður, sem hefur rjett til eptirlauna, er gefinn saman í hjónaband. Því þar sem skipað er svo fyrir í þessari grein, að presturinn skuli heimta vitnisburðarbrjef frá fjárstjórninni, um það, að hann hafi sjeð ekkju sinni borgið með fjárstyrk, þá leiðir það af sjálfu sjer, að, ef að þessi ákvörðun væri gjörð gildandi óbreytt á Íslandi, næðist tilgangurinn alls ekki, heldur yrði hún ónauðsynleg og heimildarlaus tálmun

1) sbr. Ástæður fyrir opnu brjefi 31. maí 1855, er lögleiðir á Íslandi lög 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna, o. s. frv.

1855. 31. maí. á hjónabandi. Eins og alþingið hafði því stungið upp á, að í stað orðanna „vitnisburðarbrjef frá fjárstjórninni" yrði sett „vitnisburðarbrjef fra hlutaðeiganda amtmanni", og í stað orðanna „gegnt skyldu sinni að sjá ekkju sinni borgið með fjárstyrk eptir sinn dag" yrði sett „sent amtmanni beiðni til ríkisfjárstjórnarinnar um að mega leggja í lífsábyrgðarsjóðinn", eins mælti fjárstjórnin líka með því, að lagaboð þetta yrði lögleitt með þessum breytingum.

---

31. maí. **24. Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. janúar 1851, um eptirlaun[1].**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 5. janúar 1851, um eptirlaun, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Sjerhver sá, er konungur hefur gjört að embættismanni og launað er af sjóði ríkisins, á rjett á að fá eptirlaun eptir lagaboði þessu, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum er ósjálfrátt.

Með lagaboði skal ákveða, hverja embættismenn konungur setur, en þangað til slíkt lagaboð er gjört, verður það eptir sömu reglum og hingað til, þó þannig, að þau embætti, sem samkvæmt reglum þeim, sem hingað til hafa gilt, hafa ekki veitt rjett til eptirlauna, skulu heldur ekki gjöra það eptir þessu lagaboði, eins og að hinu leytinu sjerhver sá, sem, þegar þetta lagaboð kemur út, er í þvílíku embætti, að hann eptir þeim hingað til gildandi reglum hefur getað vænzt eptirlauna, en embættið nú eptir þessu lagaboði veitir ekki rjett til eptirlauna, skal eiga heimting á eptirlaunum fyrir sjálfan sig.

Hinn sama rjett til eptirlauna eiga þeir embættismenn, sem hafa embætti við ríkisþingið, eða við stofnanir þær, hverra tekjur og gjöld eru ákveðin í ríkisfjárlögunum.

Þó einhver sje settur embættismaður um hríð, hefur hann ekki rjett til eptirlauna.

---

1) sbr. Alþingist. 1853, bls. 1036; Alþingist. 1855, Viðbætir, bls. 85—89.

Sveitirnar ákveða sjálfar, að hve miklu leyti embættismenn þeirra geti fengið eptirlaun, sem og hversu mikil þau skuli vera. 1855. 31. maí.

2. gr. Eptirlaunin verða borguð úr ríkissjóðnum, að svo miklu leyti, sem þau ekki verða greidd á annan hátt, samkvæmt reglum þeim, sem hingað til hafa gilt um það efni, eða seinna kynnu að verða ákveðnar.

Af konungspeningunum og lífeyri konungsættarinnar, hvoru fyrir sig, greiðast eptirlaun þau, er á þeim hvíla.

Þegar konungaskipti verða, eða þegar einhver sá lífeyrir, sem nú er, er á enda, verður í hvert skipti ákveðið með sjerstöku lagaboði, hver eptirlaun ríkissjóðurinn skuli greiða í því tilliti.

3. gr. Eptirlaunin skal reikna eptir tímalengd þeirri, sem hlutaðeigandi hefur þjónað sem embættismaður með eptirlaunarjetti, og eptir upphæðinni að meðaltali á embættislaunum þeim, er hann hefur haft 5 síðustu árin, áður en hann fjekk lausn frá embættinu, eða í öll þau ár, sem hann hefur þjónað embætti, svo framarlega sem það hafa ekki verið fimm ár, þannig að:

frá 0-2 ára þjónusta veiti $^1/_{10}$ af launa upphæðinni að meðaltali í eptirlaun

„ 2-4	—	—	$^2/_{10}$	—	—	—
„ 4-7	—	—	$^3/_{10}$	—	—	—
„ 7-10	—	—	$^4/_{10}$	—	—	—
„ 10-20	—	—	$^5/_{10}$	—	—	—
„ 20-21	—	—	$^{31}/_{60}$	—	—	—
„ 21-22	—	—	$^{32}/_{60}$	—	—	—
„ 22-23	—	—	$^{33}/_{60}$	—	—	—
„ 23-24	—	—	$^{34}/_{60}$	—	—	—
„ 24-25	—	—	$^{35}/_{60}$	—	—	—
„ 25-26	—	—	$^{36}/_{60}$	—	—	—
„ 26-27	—	—	$^{37}/_{60}$	—	—	—
„ 27-28	—	—	$^{38}/_{60}$	—	—	—
„ 28-29	—	—	$^{39}/_{60}$	—	—	—
lengri en 29	—	—	$^{40}/_{60}$	—	—	—

Sá, sem er fullra 70 ára, á rjett á að fá lausn með eptirlaunum samkvæmt þessu lagaboði.

1855. 31. maí. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í eptirlaun.

Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður heimting á að njóta $\frac{2}{3}$ hluta af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aptur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið nýtt embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eptirlaun. Þau ár er hann hefur notið biðlauna, skal álíta sem embættisár, þegar farið verður síðar að reikna eptirlaun hans; en eptirlaunin skal reikna eptir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fjekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem fylgja minni tekjur, fær hann af þeim eptirlaunum, sem honum bera eptir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið, sem samanlagt við tekjur hins nýja embættis jafnast við tekjur hans í hinu fyrra embætti, og ekki meira.

4. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun eða biðlaun samkvæmt 3. gr., eru:

1) Viss árleg laun, og skal þar með einnig talin uppbót fyrir landauragjald, sem embættinu fylgir, að svo miklu leyti sem þessi uppbót er einskorðuð við ákveðna peninga-upphæð;

2) launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum;

3) aukatekjur, starfalaun (*Gebyrer*), hundraðsgjöld, skrifarakaup og því um líkar óvissar tekjur, sem lagaheimild er fyrir (þó undan skilst hlutur í sektarfje, aukakaup, dagpeningar, borðfje, skrifstofupeningar, og peningar til hestahalds og þess konar), sem og slík hlunnindi (leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós þar í talið), sem með berum orðum eru veitt hlutaðeiganda sem laun eða hluti af launum hans. Þegar allar tekjur embættismannsins saman taldar eru meira en 1000 rd., skal draga $\frac{1}{3}$ frá, af því er allar tekjurnar verða meiri en 1000 rd., fyrir það, að hinar áður greindu óvissu tekjur og hlunnindi er með talið.

Við þau embætti, þar sem skrifstofuhald og ferðakostnaður og þess konar er sameinað embættunum, en engar tekjur eru

lagðar sjer í lagi til þess að standast slík útgjöld, skal þá peningaupphæð, sem álíta má að þar til gangi árlega, draga frá öllum tekjum embættisins, og skal reikna eptirlaun af tekjuhæð þeirri, sem þá er eptir. Það sem embættistekjur, sem taldar eru eptir áður nefndum reglum, eru meiri en 6000 rd., skal ekki tekið til greina. Engin eptirlaun mega vera hærri en 3000 rd. 1855. 31. maí.

5. gr. Sá er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rjett til eptirlauna.

6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá, fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættistöpun, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eptirlaun hans með sjerstöku lagaboði.

7. gr. Eptirlaun eða biðlaun missast:

1) gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aptur embætti og laun;

2) þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja;

3) þegar hann tekur sjer bústað í öðrum löndum, án samþykkis konungs;

4) þegar hann hefur ekki tekið eptirlaun eða biðlaun sín í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll.

5) þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef það sannast upp á hann, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fjekk lausn fra embættinu.

Þegar embættismaður, sem hefur fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, tekur við nýju embætti, hefur hann rjett til, þegar hann fær lausn frá þessu embætti, að fá eptirlaun þau, sem hann áður hafði.

8. gr. Hver kona, sem hjeðan í frá verður ekkja eptir embættismann þann, sem hafði eptirlaunarjett eða eptirlaun, skal hafa rjett til að fá eptirlaun úr sama sjóði, sem maður hennar, með undantekningum þeim, sem til eru teknar í 9. grein.

Eptirlaun ekkjunnar reiknast $\frac{1}{6}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eptir 3. og 4. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eptirlaun hans,

1855. 31. maí. þó svo, að eptirlaun ekkjunnar, sem á þenna hátt koma út, geti ekki verið meiri en 600 rd., nje heldur meiri en þau eptirlaun, sem maðurinn hefði getað fengið, eða hafði þegar hann dó.

Þar sem kringumstæðurnar mæla með því, getur konungurinn þar að auki í viðbót við eptirlaunin veitt 10 til 50 rd. árlega fyrir hvert af börnum ekkjunnar, sem ekki er sjeð fyrir, þangað til hvert barn er 18 ára; þó skal eptirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að kringumstæður þær, sem hún er byggð á, eigi sjer framvegis stað, og skal sanna það á hverju ári fyrir ríkisfjárstjórninni.

9. gr. Þær embættismanna-ekkjur hafa engan eptirlaunarjett, sem hafa gipzt eldra manni en 60 ára, eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti með eptirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr. Embættismannakonur, sem samkvæmt lagaboði þessu ekki hafa lengur rjett til eptirlauna, en eptir hingað til gildandi reglum áttu eptirlaun í vændum, áður en lög þessi koma út, geta fyrir sjálfar sig vænzt svo mikilla eptirlauna, sem venjulegt hefur verið að undan förnu að hver þeirra fengi.

11. gr. Eptirlaun ekkna missast:

1) þegar ekkjan giptist á ný;

2) þegar hún tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs;

3) þegar hún hefur ekki hirt eptirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll.

4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almennings áliti er ósæmileg.

Þegar ekkja missir eptirlaun, af því hún hefur gipzt á ný, á hún rjett á að fá aptur hin sömu eptirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

12. gr. Reglurnar um eptirlaun presta og presta-ekkna skal ákveða með sjerstökum lögum.

Einnig skal ákveða eptirlaun handa þeim embættismönnum, sem eru í nýlendunum og ekkjum þeirra með sjerstökum lögum.

Þangað til þessi lög verða útgefin geta bæði prestar og

presta-ekkjur, sem einnig embættismenn í nýlendunum og ekkjur þeirra, vænzt sömu eptirlauna og hingað til. 1855. 31. maí.

13. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rjett til eptirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 20 til 100 rd. eptirlaun árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra makleg; þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og maklegleik skal árlega sanna fyrir ríkisfjárstjórninni.

14. gr. Þegar eptirlaun eða biðlaun eru ekki hirt í heilt ár, hverfa þau það ár í þann sjóð, er þau áttu að gjaldast úr.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

Ástæður fyrir tilskipun þessari.

Þegar lögin 5. janúar 1851 um eptirlaun[1] voru borin undir álit alþingis, stakk það upp á þeim breytingum, sökum þess hvernig á stæði í landinu: að þessi klausa í 1. gr. „Hinn sama rjett til eptirlauna eiga þeir embættismenn, sem hafa embætti við ríkisþingið, eða við stofnanir þær, hverra tekjur og gjöld eru ákveðin í ríkisfjárlögunum", væri úr felld; að hinar seinustu klausur í 2. gr. „Af konungspeningunum og lífeyri konungsættarinnar hvoru fyrir sig greiðast eptirlaun þau, er á þeim hvíla. Þegar konungaskipti verða, eða þegar einhver sá lífeyrir, sem nú er, er á enda, verður í hvert skipti ákveðið með sjerstöku lagaboði, hver eptirlaun ríkissjóðurinn skuli greiða í því tilliti", verði úr felldar; og að 12. og 14. grein verði úr felld.

En þar eð hjer ræðir ekki um að gjöra sjerstök eptirlaunalög fyrir Ísland, heldur að lögleiða þar almennt lagaboð, og sjerstakt ásigkomulag Íslands er því ekki til fyrirstöðu, þótti fjárstjórninni ekki ástæða til að fallast á neinar af breytingum þeim, er þingið hafði gjört, og rjeði því til að lögleiða þetta lagaboð óbreytt.

---

[1]) sbr. Ástæður fyrir hinu opna brjefi hjer næst á undan.

1855. 5. júní.

25. Brjef innanríkisstjórnarinnar til konungsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um jarðamatið.

Innanríkisstjórnin hefur allraþegnsamlegast borið álitsskjal hins síðasta alþingis um jarðamatsmálið undir Hans Hátign konunginn, og hefur Hans Hátign síðan þóknazt 18. f. m. mildilegast að úrskurða á þessa leið:

Vjer samþykkjum allramildilegast:

1) að frumvarp það, er innanríkisstjórnin hefur samið um það, hvernig framvegis skuli farið með jarðamatið á Íslandi, sje borið undir álit hins næsta alþingis, er haldið verður í sumar.

2) að lengja megi hinn venjulega þingtíma um 8 daga, með því skilyrði ef alþingi að mestu leyti fellst á frumvarpið, og einkum ef það vill sjálft skera úr, hverja hreppa meta skuli upp aptur.

3) að alþingi með sama skilyrði kjósi tvo menn í nefnd þá, er áframhald jarðamatsmálsins skal í hendur fengin, og konungsfulltrúi einn konunglegan embættismann, sem sje vel til þess fallinn og heima í málinu, og skal hann vera þriðji maður í nefndinni og formaður hennar.

4) að nefnd þessi, einnig með því skilyrði að fallizt verði að mestu leyti á frumvarpið, taki undir eins til starfa í þinglok, og búi fyrst og fremst allt undir til þess að hinir einstöku hreppar verði metnir upp aptur.

5) að kostnað þann, sem leiðir af því að meta upp aptur, megi fyrst um sinn greiða af fje því, er stendur í ríkisfjárlögunum til óvissra útgjalda fyrir Ísland, en það skal áskilið seinni ákvörðun Vorri, hvernig endurgjalda skuli fje þetta á sínum tíma.

Um leið og jeg sendi herra amtm. ofan greindan úrskurð til eptirbreytni, vildi jeg einnig þjónustusamlega biðja yður að gjöra svo vel og annast um það, sem við þarf samkvæmt honum, ef að alþingið fellst á öll aðalatriði frumvarpsins, og bæti jeg því við, að stiptamtmanninum á Íslandi er í dag skrifað það er þarf um borgun kostnaðar þess, er leiðir af að meta upp aptur eins og um ræðir í frumvarpinu[1].

1) Um leið og innanríkisstjórnin s. d. skýrir stiptamtmanninum frá

26. **Konungleg Auglýsing til Alþingis um árangur af þegnlögum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1853.** 1855. 7. júní.

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv., sendum Voru trúa alþingi kveðju guðs og Vora!

Ánægjusamlegt hefur Oss verið, að sjá það af störfum alþingismanna Vorra árið 1853, hve dyggilega þeir hafa kappkostað að efla gagn Vort og landsins.

Vjer höfum vandlega látið íhuga tillögur þingsins um lagafrumvörp þau, sem undir það voru borin, og önnur álitsmál þess og uppástungur, og munum Vjer nú allramildilegast skýra frá hvað í þeim efnum hefur verið af ráðið.

I. Þessar rjettarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, er Vort trúa alþingi hefur sent Oss þegnlegar tillögur um:

1) 22. febrúar þ. á., opið brjef um fjölgun þingstaða í Árness sýslu.

2) 28. marz þ. á., tilskipun um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.

3) 9. maí þ. á., tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 3. janúar 1851, um prentfrelsi.

4) s. d., opið brjef, er lögleiðir á Íslandi opið brjef 17. febrúar 1847, um borgun fyrir málaflutningsmenn við hæztarjett í þeim dómsmálum, sem þeir þar verja.

5) s. d., opið brjef, er lögleiðir á Íslandi lög 29. desember 1850 um það, hvernig beita skuli hinum ýmislegu tegundum hegningarvinnu.

6) s. d., opið brjef, sem lögleiðir á Íslandi lög 25. apríl 1850, er tiltaka, að auglýsingar þær, er áður var boðið, þegar svo stóð á, að birta í Altónaborgar „Mercur", Hamborgarblöðum og á kaupmannahúsi Hamborgar, skuli ekki framar eiga sjer stað.

Þessum konungsúrskurði, biður hún hann að sjá um, að kostnaður sá, er leiði af að meta upp aptur eins og fyrir er skipað í frumvarpinu, verði greiddur úr jarðabókarsjóðnum, þegar nefndin beiðist þess og móti kvittunarbrjefum hennar, ef að málið fái framgang að mestu leyti á þann hátt er stjórnin hafði stungið upp á.

1855. 7. júní. 7) 31. maí þ. á., tilskipun, er lögleiðir á Íslandi lög 5. janúar 1851, um eptirlaun.

8) s. d., opið brjef, er lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 5. janúar 1851 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag.

9) s. d., opið brjef, er lögleiðir á Íslandi lög 30. júní 1850, um ávísanir embættislauna, og þess konar, sem og um borgun slíkra launa fyrir fram.

Á rjettarbótum þessum getur alþingi sjeð, hversu athugasemdir þær, er það hefur gjört um lagaboð þau, er nú voru talin, hafa verið grandgæfilega íhugaðar, og hvernig sumum af lagaboðum þessum hefur eptir þeim verið breytt, nákvæmar ákvörðuð og aukin.

Þar eð alþingi hefur ráðið frá því, að löggilda á Íslandi nú sem stendur lög 5. apríl 1850, er leyfa útlendum Gyðingum að eiga dvöl hjer í ríkinu, hefur í þetta skipti verið látið við svo búið standa; en það er vilji Vor, að lög þessi verði á ný borin undir alþingi, svo það verði aptur íhugað, hvort ekki beri að lögleiða þau á Íslandi.

Alþingi hefur látið í ljósi álit sitt um jarðamatið á Íslandi, er fram fór árin 1849 og 1850. Verður nú borin undir þingið uppástunga um það, hvernig máli þessu, sem landinu er svo mikils um varðandi, verði komið í lag.

Eptir athugasemdum alþingis við lagafrumvarp, er undir það var borið, um stofnun barnaskóla í Reykjavík, hefur þurft að fá skýrslur hjá hlutaðeigandi embættismönnum á Íslandi um ýms atriði, er þingið benti á; er því mál þetta enn eigi svo á veg komið, að nýtt lagafrumvarp um það efni verði í þetta skipti borið undir alþingi.

II. Um þegnlegar bænarskrár, er Vort trúa alþingi hefur sent Oss, birtum Vjer alþingismönnum allramildilegast:

1) Viðvíkjandi þegnlegum bænarskrám alþingis um verzlunarfrelsi á Íslandi má skýrskota til laga 15. aprílm. f. á., um siglingar og verzlun á Íslandi, og opins brjefs 19. maí s. á., um það, að fastakaupmenn á Íslandi megi sigla á aðra staði á landinu en hin löggildu kauptún; þar að auki er 4. desember

f. á. komin út auglýsing um það, hvernig fá megi íslenzk leið- 1855.
arbrjef, og 24. marz þ. á. auglýsing um aukagjald fyrir sum 7. júní.
utanríkisskip, sem sigla til Íslands.

2) Eptir því sem nú stendur á, hefur Oss ekki litizt í þetta skipti að bera undir álit alþingis, út af því sem farið var fram á í bænarskrá þess, frumvarp til laga um stöðu Íslands í ríkinu. Að öðru leyti skal standa við það, sem ákveðið er í allrahæztri auglýsingu 12. maí 1852, að eigi skal gjöra neina breytingu á stöðu Íslands í ríkinu, nema lagafrumvarp um það efni áður sje borið undir álit alþingis. En fulltrúi Vor á alþingi mun skýra þinginu greinilegar frá ástæðum þeim, er einkum rjeðu, þá er hin einstöku atriði í bænarskrá alþingis voru íhuguð.

3) Eptir bænarskrá alþingis verður nú borið undir álit þess frumvarp til tilskipunar um breytingu á tilskipun 8. marz 1843, viðvíkjandi kosningunum til alþingis.

4) Alþingi hefur beðið um, að lög þau, sem hjer eptir verða sett á Íslandi, verði einungis á íslenzku máli og staðfest með undirskript Vorri og svo ráðgjafa þess, er Vjer felum á hendur stjórn hinna íslenzku mála. Vjer getum eigi orðið við þessari bæn alþingis; eru enn til þess þær hinar sömu ástæður, sem áður hafa verið því til tálmunar, að þau tilmæli þingsins, sem fyr hafa verið fram borin í líka stefnu fleirum sinnum, yrðu til greina tekin; auk þess gjörir bænarskrá sú, sem hjer ræðir um, ráð fyrir því, að breytt verði tilhögun þeirri, er til þessa hefur átt sjer stað á meðferð hinna íslenzku mála í stjórnarráðunum, en þetta getur nú ekki orðið. Þar sem þingið enn fremur hefur farið fram á það, að lög þau, er eptirleiðis verða sett á Íslandi, sjeu einungis gefin út á íslenzku, þá getur þetta því síður komið til mála, sem það, ekki að eins þegar litið er til hinna dönsku þegna Vorra sem á Íslandi eru, heldur einnig til hæztarjettar, sem er æðsti dómstóll í íslenzkum dómsmálum, og ráðgjafanna, er hafa æðsta úrskurðarvald í íslenzkum stjórnarmálum, er nauðsynlegt, að lögin framvegis komi út einnig á dönsku máli. Þar á móti höfum Vjer allramildilegast ákveðið, að hin íslenzka útlegging laga þeirra, er eptirleiðis verða sett á Íslandi, verði staðfest af manni, er Vjer veitum vald til þess, og er sú sýsla

1855. 7. júní. nú sem stendur falin á hendur forstöðumanni hinnar íslenzku stjórnardeildar, etazráði Stephensen.

5) Eptir þegnlegri bænarskrá alþingis um sveitastjórn á Íslandi, verður nú frumvarp um það efni borið undir þingið.

6) Þar sem þingið hefur farið því fram í þegnlegri bænarskrá, að banki verði stofnaður á Íslandi, þá getum Vjer ekki orðið við bæn þessari eins og málið nú er í garðinn gjört, og munum Vjer láta fulltrúa Vorn skýra þinginu betur frá ástæðunum til þess.

7) Út af þegnlegri bænarskrá alþingis um, að breyting verði gjörð á tilskipun 20. júní 1849 um veiði á Íslandi, er 22. marz þ. á. komið út opið brjef um bann gegn byssu-skotum á sel á Breiðafirði. En þar sem þingið enn fremur hafði beðið um, að slíkt bann gegn skotum á sel væri látið ná yfir allt það svið, sem er fyrir innan línuna frá Öndverðarnesi beint á Skipaskagatá á Akranesi, hefur ekki þótt næg ástæða til að veita þeirri bæn áheyrslu.

8) Þar sem alþingi hefur beðið um, að stofnaður væri búnaðarskóli á Íslandi, þá höfum Vjer eigi getað fallizt á að þetta væri gjört á þann hátt, sem stungið er upp á í bænarskránni; en þó eigi þurfi að búast við neinum styrk, til slíks fyrirtækis, úr ríkissjóðnum, má alþingi treysta því, að stjórnin á annan hátt, er við á, styrki það, ef það kynni að komast á fyrir viðleitni einstakra manna, og stofnunin fengi það skipulag og stjórn, sem vel hagar.

9) Oss hefur ekki þótt ástæða til að veita áheyrslu bænarskrá alþingis um breytingu á því, hvernig tekinn er gjaftollur í Gullbringusýslu og Reykjavíkur lögdæmi.

10) Þar sem alþingi hefur beðið um, að frumvarp til laga um breyting á hússtjórnarlögum á Íslandi, svo fljótt sem verða má, verði samið og borið undir þingið, þá hefur þetta ekki orðið gjört í þetta skipti, því það mál þarf talsverðan undirbúning. En stjórnin mun framvegis láta sjer vera annt um, að þessu máli verði framgengt.

11) Alþingi hefur í þegnlegri bænarskrá farið þess á flot, að reikningar prentsmiðju Íslands verði nákvæmlega rannsakaðir,

og stjórn hennar breytt, og fleira þess konar. En ekki hefur nú sem stendur þótt ástæða til að breyta neinu í aðferð þeirri, sem nú er við höfð um stjórn prentsmiðjunnar, þar sem forstjóra hennar eru falin á hendur öll framkvæmdarstörf við hana, svo og að halda reikninga hennar, hvorttveggja undir umsjón stiptsyfirvaldanna; reikningarnir eru síðan endurskoðaðir í hinni íslenzku stjórnardeild, og lagður þar á þá úrskurður. Eigi hefur nú heldur þótt ástæða til að ákveða neitt um það, hvort selja skuli prentsmiðjuna eða ekki, eða um þau skilyrði, sem setja skyldi, ef hún yrði seld, eða um það, hvernig verja skyldi því fje, er fengist fyrir hana. Að öðru leyti mun stjórnin einnig framvegis hafa gætur á, hvort hagfelldast muni að prentsmiðjan sje alþjóðleg eign, eins og hingað til, eða hvort ráðlegt sje, að reyna að selja hana. 1855. 7. júní.

Til staðfestingar úrskurðum Vorum, þeim er nú hefur verið um getið, höfum Vjer sent Yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúa alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

---

27. Ágrip af skýrslu innanríkisráðgjafans til konungs um bænarskrá alþingis um hin helztu undirstöðuatriði til stjórnarbótar á Íslandi[1]. 7. júní.

Í allramildilegustu auglýsing 7. júní 1855 til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1853, var því lýst yfir, að konungsfulltrúi skyldi skýra þinginu greinilegar frá ástæðum þeim, er einkum ræðu, þá er íhuguð voru hin einstöku atriði í bænarskrá þingsins um stjórnarfyrirkomulag Íslands í ríkinu; því stjórninni leizt ekki að bera

1) Skýrslan til konungs er dagsett 28. febrúar. Þetta er auglýst í *Departementstidenden* 1855, 954.—960. bls.

1855. 7. júní. frumvarp um stöðu Íslands í ríkinu undir álit alþingis í þetta skipti.

Hjer birtist þá einnig eptirfylgjandi ágrip af framsetning innanríkisráðherrans á málinu, þegar hann bar það undir konung[1], og er það að mestu leyti samhljóða því, er konungsfulltrúi var látinn birta þinginu:

Ráðherrann getur þess þá fyrst, að þó að álitið væri, að alþingi hefði rjett til að bera fram bænarskrár um stjórnarmálefni landsins — og þessa spurningu vill stjórnin láta liggja milli hluta, þar eð bænarskrá þingsins um þetta mál var svo hóflega samin —, þá megi stjórnin þó ekki láta þeirri skoðun ómótmælt, sem höfð hefur verið sem ástæða fyrir rjetti þingsins til að frambera þessa bænarskrá, þeirri nefnilega, að konungsbrjef 23. septemb. 1848 inni haldi konunglegt heityrði, er á nokkurn hátt geti takmarkað rjett konungs til að ákveða með fullu valdi, hverjum breytingum stjórn Íslands eigi að taka eptir þörfum alls ríkisins og landsins. Hið nefnda allrahæzta konungsbrjef gefur einungis loforð um, að Íslendingum skyldi gefast kostur á, að láta í ljósi álit sitt á sjerstöku þingi, er til þess væri kosið, áður en nokkrar breytingar væru gjörðar á stöðu landsins í ríkinu eða skipulagi á innlendum málum; og á þetta loforð var endi bundinn með opnu brjefi 16. maí 1850, er kallaði þing saman í Reykjavík 4. júlí 1851. Tækifæri það, er þannig bauðst til að íhuga stjórnarmálefni Íslands, notaði þingið á þann hátt, að ekki þótti tiltækilegt að leggja fram nýtt frumvarp um stöðu Íslands í ríkinu; þar á móti var boðað í allrahæztri auglýsingu 12. maí 1852, að alþing Íslendinga skyldi halda áfram störfum sínum á lögskipaðan hátt innan lögskipaðra takmarka, þangað til sá tími væri kominn að Hans Hátign konunginum þætti tiltækilegt að gefa aðrar reglur um stöðu Íslands í ríkinu, og var þó kveðið á, að það skyldi ekki verða fyr en alþingi hefði sagt um það álit sitt, samkvæmt því, er heitið er í tilskipun 8. marz 1843, 79. gr.

Um leið og innanríkisráðgjafinn veik sjer til hinna einstöku

1) sbr. bænarskrá alþingis um stjórnarmálið í alþingistíðindunum 1853.

atriða í bænarskrá alþingis, getur hann þess, að hann, eins og konungsfulltrúi líka hafði látið í ljósi, álíti það óhagkvæmt að ákvarða, hvern rjett einstakur landshluti skuli hafa í stjórnarskipuninni, áður en útkljáð er um stjórnarskipun ríkisheildarinnar. 1855. 7. júní.

Þar eð þessi skoðun einkum hlaut að gilda í tilliti til þess, hve yfirgripsmikil mál þau skyldu vera, er leggja skyldi undir löggjafarvald alþingis, eins og Íslandi sjer í lagi viðkomandi, þá áleit stjórnin um hið fyrsta uppástunguatriði í bænarskrá þingsins, um, að alþingi megi fá löggjafarvald í löggjafarmálefnum þeim, er Íslandi einu viðkoma, að ekki væri ástæða til að leggja í þetta sinn fyrir alþing lagafrumvarp um þetta atriði; þar á mót skyldi það á sínum tíma hugleitt, að hve miklu leyti alþingi gæti fengið slíkt vald í eiginlegum löggjafarmálefnum, er snerta landið sjer í lagi.

Þar sem alþingi því næst í öðru uppástunguatriði sínu hefur beiðzt, að stofnuð yrði í Reykjavík ein yfirstjórn fyrir allt landið, gat stjórnin þess, að 1834 hefði þáverandi stiptamtmaður á Íslandi komið fram með uppástungu um aðalstjórn á Íslandi, en að stjórnin hefði þá ekki fallizt á hana. Það mundi og, ef að þingið ætlaðist til að leggja ætti niður amtmannaembættin, sökum þess hvernig tilhagar í landinu, og að samgöngur eru svo litlar, verða mjög ísjárvert að draga saman á einn stað úrslit margra mála, sem amtmenn hafa hingað til skorið úr, þar eð það yrði mjög tvísýnt, hvort í sýslumannaembættin — sem mörg eru svo ljeleg, að enginn hefur orðið til að sækja um þau, þó ekki sjeu gjörðar eins strangar kröfur til hæfilegleika þeirra, eins og til annara undirdómara —, fengjust svo duglegir menn, að hættulaust yrði að sleppa eptirliti því, sem amtmennirnir hingað til hafa haft með sýslumönnunum. En ef það nú af þessum ástæðum þætti nauðsyn til að halda amtmannaembættunum framvegis, mundi kostnaður sá, sem þyrfti til að stofna þessa nýju stjórn, verða svo mikill, að Ísland gæti ekki lagt fje fram til hans, þar eð svo er langt frá, að landið leggi fram nokkuð af fje til almennra ríkisþarfa, að eins og nú stendur hlýtur konungsríkið af sínum efnum að skjóta töluverðu til á

1855. 7. júní. ári hverju. Þetta tillit til fjárhags landsins gildir nú því fremur eptirleiðis, þegar að verzlunarlögin 15. apríl f. á. hafa náð lagagildi, því þá hverfur hagnaður sá, sem ríkið gat haft af hinu forna verzlunareinkaleyfi á Íslandi, og stjórnin mundi því ekki geta beðizt neinna fjárframlaga til þess landshluta, er, sem stendur, ekki geldur neitt til almennra ríkisþarfa, og er auk þess undan þeginn landvarnarskyldu og helztu skattaálögum, er hinir hlutar ríkisins gjalda. Það getur því ekki verið til neins, að alþingi beiðist nýs skipulags á stjórnarfyrirkomulagi landsins, þegar það getur ekki um leið bent á, hvaðan taka eigi fje það, sem þarf til að bera kostnað þann, er af þeim leiðir. En þar eð hinar íslenzku vörur eru vanar að vera í háu verði og landið nú fær frjálsa verzlun, og er enn fremur næstum laust við alla tolla og neyzlugjöld, er ástæða til að ætla, að landið sjálft hafi nægan fjárafla til að bera kostnað þann, er leiddi af stofnunum þeim, er landsmönnum þykja nauðsynlegar til velferðar landsins, og þá yrði einungis úr því að ráða, hvernig hentugast yrðu lagðir skattar á fjárstofn þann, sem nú er í landinu. Viðvíkjandi þessu áleit stjórnin, að, þegar nýtt jarðamat væri á komið, mundi mega leggja á hæfilegan fasteignarskatt, og þegar hentug sveitastjórn væri stofnsett, mundi hún geta jafnað niður þvílíkum tekjuskatti, að hann gæti komið í staðinn fyrir konungstíund og önnur almenn gjöld, er nú eru greidd eptir mjög ójöfnum mælikvarða, og eru þar að auki ónóg til landsins þarfa. Ef að alþingi vildi gefa gaum að þessum atriðum, mundi fjárhagur landsins verða í allt öðru horfi, og mundi stjórnin styðja að því allt er hún mætti, og þá gæti það fyrst orðið skoðunarmál að koma á stofnunum þeim, er alþingi hefur beiðzt. Loksins mundi það veita mjög örðugt, að fá góða menn í þessi nýju áríðandi embætti á Íslandi, þar sem um svo fáa er að velja, að varla hafa fengizt hæfir menn í lagaembætti þau, sem nú eru, og yrði varla úr þessu bætt fyr en því yrði við komið, að bæta laun hinna íslenzku embættismanna.

Það sem áður er á vikið um fjeskortinn þykir stjórninni og vera því til fyrirstöðu, að fallizt verði á hið þriðja uppástunguatriði alþingis, er fór fram á, að landsyfirrjetturinn skyldi verða æðsti

dómstóll landsins í öllum íslenzkum málum, að dómendum í rjettinum yrði fjölgað og laun þeirra hækkuð, þó það annars í sjálfu sjer væri æskilegt, að bætt yrðu kjör yfirrjettardómenda þeirra, sem nú eru. Um þetta atriði hafði konungsfulltrúi drepið á það, að það væri nokkurn veginn ljóst af ástæðum alþingis, eins og hann líka vissi að hefði verið álit nefndar þeirrar sem sett var í málinu, að landsyfirrjetturinn í Reykjavík skyldi vera æðsti dómstóll landsins, og að hætt skyldi að skjóta hinum stærri málum til hæztarjettar, þó þetta lægi ekki beinlínis í orðunum, þar eð ályktunarvald alþingis skyldi vera takmarkað af samþykki konungs, og yfirvaldstjórnin standa undir stjórnarráðinu, og kynni það því að virðast, að því skyldi haldið, að skjóta hinum stærstu málum til hæztarjettar. Hvað sjálft aðalefnið snerti, hafði konungsfulltrúi ekki álitið, að hann ætti að mæla fram með þessari uppástungu, og áleit hann, að ekki einungis flestir undirdómendur mundu vera sjer samdóma í því, heldur einnig margir aðrir velmenntir menn í landinu, er mettu mikils þann rjett er löggjöfin veitir, að geta skotið stærri málum til hæztarjettar. Þetta uppástunguatriði fór því ekki fram á að fá neinn nýjan rjett, heldur að afsala sjer rjett, er margir á Íslandi eptir ætlun konungsfulltrúa ógjarna vildu missa. Konungsfulltrúi hafði og tekið það fram, að vissa sú, sem menn hafa um rjettlátleg úrslit málanna við hina æðri dómstóla í útlöndum, er ekki einungis komið undir þekkingu og rjettvísi dómendanna sjálfra, heldur líka undir flutningi ágætra málafærslumanna, en þetta síðar talda vantar öldungis á Íslandi, þar eð ekki eru skipaðir neinir lögfróðir málafærslumenn við yfirrjettinn, og ólögfróðir menn því næstum ætíð flytja málin, og getur þess vegna málafærsla þeirra sjaldan skýrt málin mikið, eða stutt að því, að úrskurður þeirra verði rjettlátur. 1855. 7. júní.

Stjórninni þóttu nú þessar athugasemdir mikilsverðar, einkum það, er konungsfulltrúi hafði tekið fram um skort á lögfróðum málafærslumönnum. Hjer við bætist enn, að mál þau, er á ári hverju koma fyrir yfirrjettinn, eru svo fá, að þau standa ekki í neinu hlutfalli við hinn mikla kostnað, sem þyrfti til að bæta við fleiri nýjum dómendum með hærri launum, nema þeir gætu

1855. 7. júní. um leið haft önnur embætti á hendi, sem væri þó að öðru leyti ísjárvert.

Viðvíkjandi hinu fjórða uppástunguatriði þingsins um, að Ísland fái hlutdeild í hinu boðaða ríkisþingi fyrir sameiginleg málefni ríkisins, benti stjórnin til þess, að þegar alþingi krefst hlutdeildar fyrir Íslands hönd í hinni sameiginlegu stjórnarskipun ríkisins, þá gætir þingið þess ekki, að landið nú sem stendur hvorki leggur eða getur lagt nokkuð fram til að bera sameiginleg útgjöld alls ríkisins, eða til landvarnar, og að það getur þess vegna ekki, meðan svo er ástatt, haft rjett til að krefjast hlutdeildar í sameiginlegu ríkisþingi, sem einnig mundi verða þýðingarlítil fyrir landið, sem eptir fólksfjölda einungis ætti að kjósa $\frac{1}{24}$ af fulltrúum ríkisþingsins; þar að auki mundi, ef kjósa ætti til þessa þings menn, er búsettir væru í landinu, málin verða þeim að öllu ókunnug; en hvað sem því líði, yrði máli þessu ekki ráðið til lykta, þar eð það verður að koma til umræðu þegar talað er um stjórnarskipun alls ríkisins.

Þar sem alþingi loksins, þegar það færir ástæður fyrir bendingaratkvæði um, að úrskurður og meðferð íslenzkra mála hjer í landi (í Danmörku) sje falin einum embættismanni, einkum hefur tilfært hin iðuglegu skipti á hinum ýmsu stjórnarherrum, er úrskurður íslenzkra mála nú er á hendur falinn, og óvissu þeirrar og hvikulleika í meðferð málanna, er þar af leiði, þá varð það engan veginn viðurkennt, að stjórnarherraskipti sjeu hættulegri fyrir meðferð íslenzkra mála heldur en meðferð mála frá öðrum hlutum ríkisins, en það, að slík stjórnarherraskipti geti fyrir komið, stendur í nákvæmasta sambandi við grundvallarreglur frjálsrar stjórnarskipunar, er alþingið einnig hefur aðhyllzt, og Ísland hefur fullkomlega eins mikla vissu, eins og aðrir hlutar ríkisins, fyrir því, að meðferð málanna verði áþekk því sem hún hefur verið, þar eð stofnuð er sjerstök stjórnardeild með sínum forstöðumanni og skrifstofum, og fer þar fram meðferð allra íslenzkra mála. Þar eð enn fremur íslenzk málefni, sem hingað koma, ekki eru mörg, og hin íslenzka stjórnardeild, jafnvel þó henni sje falin meðferð grænlenzkra og færeyskra mála, hefur minni verkahring, en sumar aðrar stjórnardeildir, þá yrði

það ástæðulaus kostnaður að setja slíkan embættismann eða stjórnarherra, er alþingi hefur farið fram á, og stjórnin sæi sjer ekki fært að beiðast fjárstyrks til að bera þann kostnað, og vísar stjórnin um leið til athugasemda þeirra, er gjörðar eru hjer að framan, þar sem ræðir um að setja yfirstjórn í Reykjavík fyrir allt landið. 1855. 7. júní.

---

28. Brjef innanríkisstjórnarinnar til konungsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um þingsköp á alþingi. 8. júní.

Um leið og þjer herra amtm. hafið sagt álit yðar um þegnsamlegasta bænarskrá alþingis um breytingu á stjórn prentsmiðju stiptisins, o. s. frv., í brjefi yðar 6. maí f. á., hafið þjer gjört þá athugasemd, er að sönnu einkum snertir formið á meðferð þessa máls, en sem eins snertir meðferð á öðrum bænarskrám frá einstökum mönnum, er á hinu seinasta alþingi hafa gefið tilefni til, að þingið hefur sent um þau mál bænarskrár, þá athugasemd nefnilega, að meðferð þessa máls á þinginu sè ekki grundvölluð á skriflegri uppástungu frá neinum þingmanni, eins og beinlínis er fyrirskipað í tilskipun 8. marz 1843, 62. gr., heldur hafi bænarskrár eða ávörp komið til þingsins frá ýmsum kjördæmum landsins, er einhver alþingismaður hefur, eptir að forseti hefur gefið tilefni til þess, eins í þessu máli sem öðrum, tekið að sjer, án þess hann hafi þó gjört um það neina skriflega uppástungu. Þar eð nú stjórnin verður að vera samdóma herra amtmanninum í því, að aðferð sú, er hjer ræðir um, sje hvorki samkvæm fyrirmælum alþingistilskipunarinnar nje hentug í sjálfu sjer, þar eð engin föst undirstaða fyrir meðferð málsins fæst með þessu móti, eins og það líka hefur sýnt sig, þar eð innihald í bænarskrám um sama efni getur verið mjög ýmislegt, að það er mjög örðugt, að koma nokkurri samhljóðan á málið, verð jeg að álita það rjettast, að reisa skorður við því að þessi aðferð sje svo opt við höfð, að hún öðlist hefð framvegis, og vil jeg því biðja herra amtmanninn að vekja athygli þingsins á því sem órjett er í þessari

1855. 8. júní. aðferð, ef líkt ber við á þingi því, er nú skal haldið, og er ætlandi að slík aðferð verði þá ekki aptur við höfð, eins og líklegt er að þessu hefði verið hrundið í lag, hefði þinginu á hinum síðasta fundi þess verið bent á þetta atriði; en ef að þingið móti von skyldi vilja halda hinni áður nefndu órjettu aðferð, eruð þjer beðnir að leyfa ekki umræður um neitt mál, sem ekki er framborið í því formi, er alþingistilskipunin ákveður.

Ásamt þessu vil jeg ekki láta hjá líða að skýra yður frá, að stjórnin hefur tekið eptir því, að sú aðferð er við höfð í ýmsum málum, er lögð hafa verið undir álit hins síðasta alþingis, að breytingaratkvæði þingsins við hina íslenzku útleggingu lagaboðanna, sem, eins og eðlilegt er, eru samin á íslenzku, eru tekin á sama máli upp í hina dönsku útleggingu af álitsskjölum alþingis, er staðfest er af forseta, og send er til innanríkisstjórnarinnar samkvæmt 43. grein alþingistilskipunarinnar. Ástæðan fyrir þessari aðferð, sem er gagnstæð því, er áður hefur tíðkazt, að breytingaratkvæðin voru einnig lögð út á dönsku, er, að svo miklu leyti er menn vita, sú, að kvartað hefur verið yfir því, að breytingaratkvæðin eigi ekki ætíð við hinn upphaflega danska texta, þegar búið er að snúa þeim á dönsku, og hefur því þótt betra, til að komast hjá ruglingi, að hafa breytingaratkvæðin einungis á íslenzku, og láta svo þann, er seinast semur sjálft lagaboðið á dönsku, leggja þau út, svo að þau eigi við danska textann. Sá ókostur er nú við þessa aðferð, að hlutaðeigandi ráðgjafi, sem ekki er að búast við að skilji íslenzku, á bágt með að skilja álitsskjöl þingsins, og jeg vildi þess vegna biðja amtmanninn að annast framvegis um, að breytingaratkvæði þingsins sjeu einnig lögð út þannig, að útleggingin eigi við danska textann og eigi þjer í því skyni að láta forseta, sem á að annast um rjetta og fullkomna þýðingu álitsskjalanna, fá hann.

29. Brjef dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um hússtjórnarlögin.

1855. 9. júní.

Af allrahæztri auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum bænaskrám þess og öðrum tillögum á fundinum 1853, mun herra amtm. komast að raun um, að stjórninni hefur ekki þótt sjer fært, að leggja fram frumvarp til nýrra hússtjórnarlaga fyrir Ísland þetta ár, eins og alþingi hafði beðizt, en að stjórnin mundi framvegis láta sjer umhugað um þetta mál. Því stjórnarráðið ljet í ljósi þá skoðun í hinu allraþegnsamlegasta framburðarskjali sínu fyrir Hans Hátign konunginn um þetta mál, er hjer með fylgir í eptirriti til leiðbeiningar fyrir herra amtm., ef með þyrfti, að það eigi bezt við, að undirstaða þess konar laga komi frá Íslandi, og samkvæmt þessu hefur stjórnin bent á, hvernig mál þetta mætti fá framgang. Hans Hátign konunginum hefur síðan þóknazt með allrahæztum úrskurði 9. þ. m. að veita dómsmálastjórninni vald til að fela konungsfulltrúa á alþingi á hendur, að koma fram málinu á einhvern þann hátt, sem stjórnarráðið hafði bent á, og af valdi því, er jeg þannig hef fengið, vil jeg því biðja herra amtm., ef að sett verður nefnd til að ræða um uppástungu þá, er lögð er fyrir þingið um jarðamatið, og yður virðist þeir nefndarmenn hæfir til að takast líka þann starfa á hendur, að semja frumvarp til nýrra hússtjórnarlaga handa Íslandi, að gefa þeim skipun til að semja slíkt frumvarp, ef að þeir geta fengið tíma til þess frá meðferð jarðamatsmálsins. Færi svo, móti von, að slík nefnd yrði ekki sett, eða gæti, ef til vill, ekki tekizt þenna starfa á hendur, verð jeg að biðja yður að fá menn í Reykjavík, sem til þess eru færir, til að gjöra það, og sendist í því skyni til notunar undirbúningur sá til þessa máls, er hjer er hjá stjórnarráðinu, og hvernig sem fer vonast jeg eptir nákvæmari skýrslu um það, sem þjer hafið gjört að verkum í þessu máli.

1855. 9. júní. **30. Brjef dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi um prentsmiðjuna.**

Af hinni allrahæztu auglýsingu til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1853, mun herra stiptamtmaðurinn og þjer háæruverðugi herra sjá, að það, út úr bænarskrá alþingis um, að reikningar prentsmiðjunnar á Íslandi sjeu betur yfirskoðaðir og breytt sje stjórn prentsmiðjunnar, o. s. frv., allramildilegast er tilkynnt þinginu, að ekki hafi þótt ástæða til að breyta neinu í aðferð þeirri sem nú er við höfð um stjórn prentsmiðjunnar.

Þegar stjórnarherrann bar þetta mál undir Hans Hátign konunginn, þótti honum ástæða að vekja athygli Hans Hátignar á tveim atriðum í bænarskrám þingsins, er breytingar virðist að við þurfa frá því sem verið hefur. Því þar sem þingið nefnilega meðal annars hefur beiðzt þess, að prentað væri innihald reikninga prentsmiðjunnar síðan 1844 í íslenzkum blöðum, sem fyrst yrði, og að reikningar prentsmiðjunnar við hver árs lok væri auglýstir á prenti, og að stiptsyfirvöldin verði undan þegin að hafa nokkra umsjón á því, hvað megi eður eigi að prenta, nema þess konar guðsorðabókum sem byskupinn er skyldur að sjá um ætíð sje nóg til af, þá hafði stjórnin reyndar ekki neitt á móti hinu fyrra atriðinu, að reikningarnir væru auglýstir, bæði fyrir undanfarið reikningsár og framvegis, eða greinilegt ágrip af þeim, þegar búið er að endurskoða og úrskurða þá, en það þótti ekki nægileg ástæða til að fara eptir þessari bæn alþingis viðvíkjandi reikningum þeim, er búið er að skera úr, þar eð hvorki yrði neitt gagn haft af auglýsing þeirra og það virtist heldur ekki áríðandi, en á hinn bóginn væri hætt við því, ef að nú væri farið að ræða um reikninga þessa, sem búið er að gjöra út um fyrir löngu, og tók stjórnin það einkum fram, að það gæti gjört hinum fyrverandi forstjórum prentsmiðjunnar margan óhagleik, því vel gæti verið, að þeir eptir svo langan tíma hefðu ekki í höndum skýrteini þau, er þeir þyrftu með til að verja aðgjörðir sínar ef á kynni að verða fríað. Viðvíkjandi hinu öðru atriðinu, að stiptsfirvöldin skyldu

undan þegin að ákveða, hvað prenta eigi, nema guðsorðabækur, þá varð stjórnin að álíta, að yfirvöldin eigi, meðan að prentsmiðjunni er stjórnað eins og alþjóðlegri stofnan, að sjá um og gæta þess, að ekki sje annað prentað, en það sem álíta má gott og gagnlegt; það var líka hin helzta ástæða og á mestum rökum byggð, er höfð var móti stjórn prentsmiðjunnar, meðan hún var leigð einstökum mönnum, að svo margar ónýtar bækur voru prentaðar, af því að þær borguðu sig, og verða stiptsyfirvöldin því, en ekki forstöðumaður prentsmiðjunnar, að hafa umsjón á þessu, því það er ekki ætlandi, að hann hafi þá vísindalegu menntun er til þessa útheimtist; en í annan stað gæti það að vísu verið hentugt, að forstöðumaðurinn stingi upp á við stiptsyfirvöldin, hvað prenta skuli. 1855. 9. júní.

Um leið og jeg ekki hef viljað láta hjá líða, að skýra herra stiptamtmanninum og yður háæruverðugi herra frá áður töldu, vildi jeg samkvæmt því, er gjörð er grein fyrir hjer að framan, biðja að yður þóknist að bera umhyggju fyrir því, að nokkurn veginn fullkomið ágrip af reikningum prentsmiðjunnar fyrir næstliðið reikningsár verði auglýst á prenti, þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á þá, og að því fylgi yfirlit, er sýni hvernig hagur prentsmiðjunnar er við enda reikningsársins, og skal þetta einnig síðar gjört fyrir hin komandi ár, þar að auki umbiðjist þjer að gjöra forstöðumanni þeim, er þjer hafið sett, að skyldu, í hvert skipti þegar um prentun einhverrar bókar er að ræða, að bera undir yður uppástungu með ástæðum fyrir henni, áður en þjer skerið úr málinu.

---

31. Brjef dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um lögleiðing almennra laga á Íslandi. 9. júní.

Um leið og jeg samkvæmt allrahæztum úrskurði 10. nóvember 1843 sendi hjer með herra amtmanninum, sem konungsfulltrúa á alþingi, öll almenn lagaboð sem komin eru út handa Danmörku, árin 1853 og 1854, til þess að alþingið geti sagt álit sitt um,

1855. 9. júní. að hve miklu leyti lögleiða þyrfti á Íslandi nokkur af lögum þessum, vil jeg ekki láta hjá líða að geta þess, að eins og samningar þeir og sáttmálar, sem á þessu tímabili eru gjörðir við útlend ríki, eru gildandi á Íslandi án þess að það þurfi að lögleiða þá sjerstaklega, eins má líka álíta að á standi með ýms lagaboð, sem gefin eru á nefndu tímabili, sökum þess að efni þeirra er svo almennt, einkum ríkiserfðalögin 31. júlí 1853, lögin 7. janúar 1853 og 8. desember s. á. um hinar óvissu ríkisskuldir, auglýsing 21. s. á. um engelska sjómenn er burt hafa hlaupizt, og hin ýmislegu lagaboð um peninga, sem komu út árið 1854, og hafa því lög þessi, og eins tilskipun 26. júlí 1854, verið send til Íslands til auglýsingar. Af hinum almennu lögum á þessum tveggja ára tíma, er ekki gilda á Íslandi nema þau sjeu leidd þar í lög, virðist stjórninni ekki að það geti orðið umtalsmál að lögleiða önnur lagaboð, en ef til vill lögin 3. marz 1854 um breytingu á hegningu þeirri, sem ákveðin er í tilskipun 5. september 1794 fyrir skottulækningar, ef að sú tilskipun er álitin lögleidd á Íslandi, og vildi jeg því biðja herra amtmanninn um, að vekja sjerstaklega athygli alþingis á þessu lagaboði, og bæti jeg því við, að það er sjálfsagt að þinginu er heimilt að taka það til skoðunar, hvort henta þykir að lögleiða nokkur af hinum öðrum almennu lögum á Íslandi breytt eða óbreytt.

Þareð Hans Hátign konungurinn hefur í mildilegri auglýsing sinni 7. þ. m. látið í ljósi þann vilja sinn, að lögin 5. apríl 1850, um, að útlendir Gyðingar megi hafa landsvist, verði á ný lögð fyrir alþingið, til þess að betur verði íhugað, hvort lögleiða skuli lagaboð þetta á Íslandi, sendi jeg hjer með nokkur exemplör af nefndum lögum, og læt jeg ekki hjá líða að geta þess, að það væri því æskilegra, að lög þessi yrðu lögleidd á Íslandi, þar eð sjá má af umræðum alþingis á málinu, að menn hafa ekki orðið ásáttir um, hvort að Gyðingar, eptir lögum þeim er hingað til hafa gilt, geti sezt að á Íslandi. En eins og það þó virðist, að þeim sje heimil landsvist, eptir tilskipun 13. júní 1787 II. 4. og 10. gr., eins virðist stjórnarráðinu það rjettast, að grundvallarregla sú, er stendur í grundvallarlögunum, „að enginn má missa neins af borgaralegum

rjettindum fyrir sakir ólíkra trúarbragða" sje einnig við höfð á Íslandi, því hún getur líka, ef til vill, orðið þar þýðingarmeiri, þegar að útlendum þjóðum er nú leyfð verzlun á Íslandi. Það er auk þessa alkunnugt, að margir Gyðingar eru mjög nýtir og atorkusamir kaupmenn, og það hefur sýnt sig, að þess konar hleypidómar, er menn sumstaðar, t. a. m. í Noregi, hafa um langan aldur haft móti þeim, hafa að síðustu hvorfið, og hin rjetta skoðun hefur rutt sjer til rúms, að Gyðingar sjeu nytsamir, yðjusamir og friðsamir borgarar. 1855. 9. júní.

Hvað Ísland snertir, þá er hleypidómur sá, er menn virðast hafa þar enn móti þeim, því undarlegri, þar eð dæmi eru til þess, að Gyðinga kaupmenn hjer hafa haft verzlun á Íslandi, og haft þar verzlunarfulltrúa sína, en þegar að þeim hefur nú ekki orðið neitað um þetta, virðist ekki ástæða til að neita þeim um að hafa aðsetur á Íslandi, þar eð það er þó almennt álitinn meiri hagnaður fyrir landið, að kaupmennirnir hafi þar fast aðsetur en að þeir láti verzlunarfulltrúa stjórna verzlun sinni.

Að öðru leyti væri það að líkindum hentast, að þessum lögum, sem einkum voru gjörð til að burtrýma ýmsum vandkvæðum, sem eptir hinni eldri dönsku löggjöf, einkum tilskipun 29. marz 1814, 19. og 20. gr., voru á því, að útlendir Gyðingar gætu tekið sjer aðsetur hjer í landi, yrði breytt þannig, þegar þau verða lögleidd á Íslandi, að þau eigi við, eins og þar hagar til, og einkum þyrftu þau að ná ekki einungis til útlendra Gyðinga heldur einnig innlendra eða danskra Gyðinga, eins og líka nefnd sú, er sett var á alþingi 1853 til að ræða málið um lögleiðing þessa lagaboðs, benti á.

---

32. Brjef innanríkisstjórnarinnar til fjárstjórnarráðsins um djáknapeninga[1]. 13. júní.

Í tilskipun handa Íslandi, 21. marz 1575, var það boðið, að halda skyldi djákna á hverju hinna fjögra klaustra í Hóla byskupsdæmi á Norðurlandi, það er að skilja, þingeyrum, Möðru-

1) sbr. brjef 29. ágúst 1855 hjer á eptir.

1855. 13. júní. völlum, Munkaþverá og Reynistað, og skyldu umboðsmenn klaustranna greiða þeim tæripeninga af árlegum tekjum klaustranna, í fyrstu þannig, að djákninn skyldi hafa fæði og klæði, herbergi með rúmi í, ljós og hæfilega þjónustu, og að endingu 12 álnir vaðmáls. Seinna þótti nú samt óþarfi að halda djáknana, og var því djáknaeyrir tveggja djáknanna, á Skriðu- og Munkaþverárklaustrum, með konungsbrjefi 20. júní 1766 lagður til launa tveimur fjórðungslæknum á Íslandi; en sökum þess, að læknunum veitti örðugt að fá árslaun sín goldin af umboðsmönnum klaustranna, var það ákveðið með konungsúrskurði 21. apríl 1777, að landfógetinn á Íslandi skyldi greiða þeim laun þeirra, en heimta aptur djáknaeyrinn hjá umboðsmönnum þessara klaustra, 25 rdli. 48 sk. í kúranti hjá hvorum þeirra, sem varð, þegar breytingin varð á peningunum, 25 rdl. 48 sk. í silfri, dalur fyrir dal og skildingur fyrir skilding. Þegar þessu næst var stofnað nýtt læknisembætti í Vestfirðinga fjórðungi með konungsúrskurði 17. desember 1781, og þar líka ákveðið, að leggja skyldi því til launa djáknaeyrinn frá því djáknaembætti, er fyrst losnaði, má svo álíta, að djáknaeyrinn fyrir Reynistaðarklaustur frá 1782, þegar að djáknaembætti þetta, sem aldrei seinna hefur verið veitt, losnaði, hafi gengið í jarðabókarsjóðinn, sem fjórðungslæknislaunin ætíð hafa verið greidd úr; og þar eð ríkissjóðurinn, er fær hinar árlegu tekjur af klaustureignunum, sem eru í umboði á hans kostnað, hefur tekið að sjer öll útgjöld, sem leiða af læknaskipuninni, þá þarf ekki að gjöra sjer í lagi grein fyrir því hvernig djáknapeningum þessum hafi verið varið. Hin tvö djáknaembættin á Norðurlandi: á Möðruvalla og Þingeyraklaustri, voru fyrst lögð niður með konungsúrskurði 5. apríl 1837, og tekjur þeirra, fjögur hundruð í landaurum á ári, lögð til hlutaðeigandi brauða.

Sóknarpresturinn á Reynistaðarklaustri í Skagafjarðarsýslu, Ólafur Ólafsson, hefur í bónarbrjefi sínu — sem sent er til kirkju og kennslustjórnarinnar með áliti byskupsins á Íslandi, og sem það stjórnarráð hefur í brjefi sínu, er þar með fylgdi, borið undir álit innanríkisstjórnarinnar — sótt um, að tekjur þær, sem djákninn við þá kirkju áður hefur haft, yrðu veittar honum, viðlíka

og djáknatekjurnar á Möðruvalla og Þingeyraklaustri (árið 1837) voru veittar til að bæta kjör hlutaðeigandi klausturpresta; og hefur hann getið þess, að ef að ástæða hafi þótt til að bæta kjör þessara presta, þá sje ekki minni þörf á að bæta brauðið á Reynistaðarklaustri, þar eð tekjurnar af þessu brauði, að öllu samtöldu, sjeu ekki nema hjer um bil 160 rd. í peningum, og eins og á stendur dragist þó frá því þriðjungur handa presti þeim, sem er í brauðinu, og landskuld og leigur af jörðunni Hafsteinsstöðum, svo að laun þau, sem presturinn hefur afgangs, eru nú sem stendur ekki meira en 70 rd., auk þess, sem hann kann að fá af þeim svo kölluðu aukaverkum, sem valla er meira en 15 rd. á ári. 1855. 13. júní.

Þar eð þetta brauð er þannig meðal hinna fátækustu á Íslandi, er það eðlilegt, að kirkju- og kennslustjórninni hefur virzt það æskilegt, að auknar væru tekjur þessa brauðs. En mjer hefur þó, um leið og jeg bið um álit fjárstjórnarinnar um þetta mál, þótt hlýða að bæta því við, að valla verði það álitið að stjórnin sje skyldug að fara eptir því, er beiðandi skýrskotar til þess, er gjört var við djáknapeningana á Þingeyra og Möðruvallaklaustri, árið 1837; því stjórnin afsalaði sjer reyndar í það skipti tekjur þessar, sem ríkissjóðurinn eða læknastofnanir landsins hefðu, ef til vill, getað heimtað þegar djáknaembættin voru af tekin, en sem stofnanir þessar ekki höfðu þá áður haft, til að bæta hlutaðeigandi tvö brauð; en þar á móti leiddi af því, að veita það sem hjer er sótt um, að greiða yrði úr ríkissjóðnum 60 til 80 rdli á ári hverju, og yrði það að minnsta kosti ekki veitt, nema samþykki ríkisþingsins fengist, og hjer við bætist, að ef þetta yrði veitt, þá mundi af því leiða, að viðlíka bónarbrjef mundu koma frá prestunum á Munkaþverá, Skriðu, Þykkvabæjar og Kirkjubæjar klausturkirkjum, er eins stendur á fyrir, og þessum presti, þó að sá sje munurinn, að þessi brauð hafi öll töluvert meiri tekjur. Það má líka sjá það, að rentukammerið hefur skrifað hinu danska kanselíi 20. júní 1840, út úr áþekkri beiðni sóknarprestsins á Kirkjubæjarklausturbrauði í Skaptafells sýslu í Suðurumdæminu á Íslandi, að það, eptir því sem á stæði, og sökum afleiðinganna, áliti sjer ekki fært að fallast á, að reynt

1855. 13. júní. væri að útvega beiðanda eða Kirkjubæjarklausturbrauði tekjur hins áður nefnda djáknaembættis er þá var af tekið, og síðan neitaði kanselíið bæn þessari með brjefi sínu 14. júlí næst á eptir.

15. júní. **33. Umburðarbrjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi og amtmannsins á Færeyjum um að svensk og norsk skip sjeu undan þegin aukagjaldi[1].**

Þar eð umboðsmaður Svía og Norðmanna konungs hjer í landi hefur fært sönnun fyrir því, að skipum þegna Danakonungs sje nú veitt fullkomið jafnrjetti í tollum og skipgjöldum í svenskum og norskum höfnum, eru svensk og norsk skip, samkvæmt auglýsingu innanríkisstjórnarinnar 24. marz þ. á. í Íslands höfnum að álíta sem dönsk skip, svo að ekki skal heimta af þeim 2 rdla aukagjald það af hverju lestarrúmi, sem ákveðið er í áður nefndri auglýsingu.

6. júlí. **34. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um verzlunarfulltrúa fyrir Svía og Norðmenn.**

Með brjefi þessu auglýsist herra stiptamtm. að utanríkisstjórnin hefur tilkynnt þessu stjornarráði, að M. C. Bjering kaupmaður sje nefndur til að vera verzlunarfulltrúi til vara fyrir Svía og Norðmenn, og að hún hafi gjört honum skipunarbrjef 8. f. m.

1) sbr. Auglýsing 11. ágúst 1855.

35. **Brjef dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins um fæðiseyri fanga.** 1855. 6. júlí.

Með brjefi þessu auglýsist herra stiptamtm. til frekari ráðstöfunar, að stjórnin gefur yður vald til, samkvæmt uppástungu yðar í brjefi 29. marz næstliðinn, að veita fangaverðinum í Reykiavík fyrst um sinn fyrir fæði og umönnun á föngunum 24 til 32 skildinga dag hvern, að tiltölu eptir verðinu á matvælum og einkum eptir því, hvað verðlag á brauði hækkar eða lækkar.

---

36. **Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um rannsókn á óeyrðum útlendra fiskimanna.** 6. júlí.

Utanríkisstjórnin hefur tilkynnt þessu stjórnarráði, að svo væri til ætlazt að rannsókn sú, er stjórn Breta ætlaði að gjöra í fyrra, en sem þá var skotið á frest, um ótilhlýðilegt framferði írskra og enskra fiskimanna við Ísland, er hin danska stjórn hafði kvartað yfir, verði gjörð á yfir standandi sumri.

Um leið og stjórnin í sambandi við brjef sín 30. ágúst og 25. desember f. á. skýrir herra stiptamtmanninum (amtmanninum) frá áður sögðu til vitundar og nauðsynlegra aðgjörða, bið jeg yður að sjá um, ef að rannsókn þessi verður gjörð, að hinar aðrar umkvartanir, er leiða hafa kunnað af háttalagi þessara fiskimanna, verði einnig fram fluttar.

---

37. **Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um skilning á verzlunarlögunum 15. apríl 1854.** 6. júlí.

Sú fyrirspurn hefur verið lögð fyrir amtið, hvort að útlend skip, er innlendir kaupmenn hafa tekið á leigu, sem eiga verzlun í hinum löggildu kauptúnum, geti farið beinlínis á þessa kaup-

1855. 6. júlí. staði, eða hvort að þau ekki, áður en þau fara þangað, sjeu skyld að koma við á einhverjum af þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr. laga 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi; og skar amtið úr þessari spurningu, í tilfelli þar sem skjóts úrskurðar þurfti, á þá leið, að skipið þyrfti ekki, þegar þannig stæði á, að koma fyrst á einhverja af þeim 6 höfnum sem taldar eru í 2. gr. nefndra laga, en gæti tafarlaust farið þangað, er ferðinni var heitið. Hinn setti stiptamtmaður hefur nú í brjefi sínu 2. f. m., um leið og hann færir ástæður fyrir þessari skoðun sinni, beðið stjórnina um að auglýsa amtinu hvað rjett væri í þessu efni til eptirbreytni og reglu framvegis.

Um þetta efni vil jeg ekki láta hjá líða að skýra yður frá til eptirbreytni, að, þar eð það er almennt boðið í lögum 15. apríl 1854, 3. gr., að öll útlend skip, sem koma beinlínis frá útlöndum, skuli koma á einhverja af þeim höfnum, sem til greindar eru í 2. gr. sömu laga, áður en þau sigli upp aðrar hafnir á landinu, svo að þess verði gætt, sem boðið er í tjeðri grein, hlýtur þessi ákvörðun einnig að gilda um útlend skip, sem koma beinlínis frá útlöndum, þó að innlendir kaupmenn, sem hafa verzlun á einhverjum af hinum lögboðnu verzlunarstöðum, hafi leigt þau, þar eð það er einungis á þeim 6 stöðum, sem nefnd gr. telur, að farið verður eptir reglum þeim, sem gefnar eru í 2. gr. optnefndra laga.

---

6. júlí. **38. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um sóttvarnir í Reykjavík.**

Um leið og amtið hefur skýrt frá því, að það eptir ósk heilbrigðisnefndarinnar í Reykjavík hafi fallizt á, að skipstjórum sem komi þar á höfn verði að sinni vísað á eina af bryggjunum við höfnina, er þeir allir án undantekningar, og svo að sekt varði, skuli leggja að, þegar þeir fyrst koma í land, svo að þar verði lagðar fyrir þá þær spurningar, sem til eru teknar í sóttvarnatilskipuninni 8. febrúar 1805, 7. gr., og að þar verði

reist upp stöng með grænni fánu til að auðkenna bryggjuna; 1855.
og að amtið einnig hafi fallizt á, að útgjöld þau sem til þessa 6. júlí.
þurfa, verði fyrst um sinn greidd úr jafnaðarsjóði amtsins, en hefur þó lýst yfir því áliti sínu, að það einkum yrði að vera skylda Reykjavíkurbæjar, er mest gagn hefur af þessum ráðstöfunum, að greiða kostnað þann er hjer af leiðir, og ætti því á sínum tíma að endurgjalda jafnaðarsjóðnum þetta fje, hefur stiptamtið síðan — eptir að þetta var komið í kring og auglýst hlutaðeigendum með prentuðu lögregluskjali, er bæjarfógetinn gaf út, og inniheldur auk þess hinar helztu ákvarðanir í sóttvarnarlöggjöfinni og lögum 15. apríl 1854 og brýnir þær fyrir mönnum, og skjal þetta skulu leiðsögumenn fá hverjum skipstjóra, er að landi kemur —, í brjefi 25. maí næstliðinn, næst eptir að geta þess, að kostnaðurinn til að prenta lögregluskjal þetta er greiddur af fje því, sem ætlað er til óvissra aukaútgjalda fyrir Ísland, framborið þá von sína, að stjórnin mundi fallast á þessar ráðstafanir. Amtið gat þess, að ráðstöfun þessi ekki gæti álitizt nægileg, og bar það því undir úrskurð stjórnarinnar, hvort ekki mætti, eins og bæjarfógetinn hefur beðizt, stofna sóttvarnahús og sóttvarnabryggju fyrir Reykjavík, og í þeim tilgangi hefur amtið sent uppdrátt eptir *Nielsen* timburmann og ágizkunarreikning um kostnaðinn, og hafa nefndum *Nielsen* verið borgaðir fyrir það 3 rd. úr jafnaðarsjóði amtsins.

Um þetta mál læt jeg ekki hjá líða til vitundar og frekari ráðstöfunar sem þörf gjörist, að skýra yður frá, að stjórnin hefur reyndar ekkert á móti ráðstöfunum þessum, er þannig hafa verið gjörðar um sóttvarnir til bráðabyrgða, en að Reykjavíkurbær verður að bera kostnað þann er af þeim leiðir, samkvæmt grundvallarreglunum í frumvarpi því, er lagt er fyrir alþingi, til opins brjefs um greiðslu kostnaðar þess, er leiðir af því að frjáls verzlan komst á; og að þannig verður að endurgjalda jafnaðarsjóðnum eða jarðabókarsjóðnum þessi gjöld úr bæjarsjóðnum, ef nokkuð hefur verið greitt úr nefndum sjóðum í þessu skyni.

Hvað þessu næst við víkur því, að sóttvarnahús með bryggju, er þar til heyrir, verði byggt, þá verður Reykjavíkur-

1855. 6. júlí. bær einnig að greiða kostnað þann er af þessu leiðir, samkvæmt grundvallarreglunum í áður nefndu frumvarpi, og vildi jeg því, um leið og jeg hjer með sendi aptur uppdráttinn og ágizkunarreikninginn, er með fylgði, áður en meira er gjört í þessu efni, biðja herra stiptamtm. að leita álits bæjarstjórnarinnar um allt málið, og einkum um það, hvernig fengið verði fje það sem þarf til að koma þessu á stofn, ef að áður nefndur bær getur borið kostnaðinn, og væntir stjórnin að málið verði sent hingað með þeim athugasemdum, er yður kynni að virðast tilefni til.

---

11. ágúst. **39. Auglýsing innanríkisstjórnarinnar um að prússnesk skip sjeu undan þegin aukagjaldi því, sem ákveðið er eptir auglýsing 24. marz þ. á. fyrir sum utanríkisskip, sem sigla til Íslands.**

Þar eð fullgyld sönnun er færð fyrir því, að konungsveldið Prússland veiti skipum þegna Danakonungs fullkomið jafnrjetti við innlend skip í höfnum Prússaveldis, eru prússnesk skip, sem sigla til Íslands til verzlunar, samkvæmt auglýsing 24. marz þ. á., undan þegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju lestarrúmi, sem ákveðið er í áður nefndri auglýsing.

Þetta auglýsist þannig öllum, er hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddy. Stephensen.

---

16. ágúst. **40. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um skort á nauðsynjavörum.**

Í þóknanlegu brjefi 4. f. m. hefur herra stiptamtm. vakið athuga stjórnarinnar á því, að síðan að lög 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi fengu lagagildi 1. apríl þ. á., hafi yður vitanlega ekkert útlent skip komið á hafnir þær er lausar eru gefnar, nema eitt spanskt skip, er stórkaupmaður *Knudtzon* hefði tekið á leigu og komið hefði til Reykjavíkur,

og að kaupmenn, af því þeir hefðu búizt við mörgum lausa- 1855.
kaupmönnum bæði útlendum og innlendum, hefðu ekki byrgt 16. ágúst.
sig eins og þeir voru vanir að nauðsynjavörum, og einkum matvörum, svo að það muni verða einungis litlar, ef það verði nokkrar, vöruleifar á verzlunarstöðunum við Faxaflóa í lok verzlunartímans, og hafið þjer auk þess beðið um frekari ráðstöfun stjórnarinnar, ef að það með tímanum reyndist að vöruskortur sá yrði, er menn óttuðust, og hafið þjer fært það til, að eins og nú stendur geti landsmenn engan veginn á fyrsta ári gjört hinar nauðsynlegu ráðstafanir til að byrgja sig af vörum.

Þessu til svars læt jeg ekki hjá líða að gefa yður til vitundar, að stjórnin, eins og hún hefur sagt í brjefi sínu 29. janúar þ. á., ekki lengur mun geta veitt neinn sjerlegan styrk í efni því, er hjer ræðir um, og að hún einkum ekki, nú þegar öllum þjóðum er leyfð sigling til Íslands, geti tekið sjer á herðar ábyrgð þá, að verja nokkru fje til að byrgja Ísland að nauðsynjavörum, heldur verði landsmenn að annast það sjálfir fyrir milligöngu kaupmanna, og hefur stjórnin því ekki getað gjört annað að verkum, en að sjá um, að efnið í brjefi herra stiptamtmannsins yrði heyrum kunnugt, til þess að vekja athygli kaupmanna á þessu máli, en biður yður að skýra nákvæmar frá, hvað þjer hafið gjört til að birta fyrir almenningi innihald brjefs síns 29. janúar þ. á.

---

41. Brjef kirkju- og kennslustjórnarinnar til byskups um djáknapeninga á Reynistaðar klaustri[1]. 29. ágúst.

Með þóknanlegu brjefi yðar háæruverðugi herra 17. ágúst f. á. kom til stjórnarráðsins bónarbrjef; þar í biður Ólafur Ólafsson, prestur til Reynistaðarklausturs, um að tekjur þær, sem áður hafa verið lagðar til launa djákna þeim, er fyr var á klaustrinu, megi framvegis greiðast honum.

Eptir að þetta stjórnarráð hefur skrifazt á við innanríkis- og

1) sbr. brjef 13. júní 1855 hjer að framan.

1855. 29. ágúst. fjárstjórnina um málið, vil jeg ekki láta hjá líða að gefa yður til vitundar og biðja yður að skýra beiðanda frá, að stjórninni, eptir því sem á stendur, ekki þykir sjer fært að útvega hina umbeiddu endurbót á tekjum brauðsins.

---

13. septbr. **42. Brjef kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins um tekjur af Staðarbakka.**

Með þóknanlegu brjefi 10. maí næstliðinn hefur komið til stjórnarinnar bónarbrjef; þar í hefur Sveinn prestur Níelsson, sem 30. maí 1850 allramildilegast var veitt Staðarstaður og Búðir í Snæfellsness-sýslu, en fjekk ekki að vita um veitinguna fyr en fardagaárið 1850 var liðið, kvartað yfir úrskurði herra stiptamtmannsins 22. desember 1852, er skipar svo fyrir, að tekjurnar af brauði því, er hann áður hafði, Staðarbakka og Efranúpi í norður og austurumdæminu, fyrir fardagaárið 1850—51, skuli, að frá dregnum þeim kostnaði, er þurfti til að gegna embættisstörfum, falla undir eptirkomanda hans í síðast nefndu embætti, Gísla Gíslason, er þetta brauð var veitt 1. nóvember 1850, en sem fyrst tók við brauðinu í fardögum 1851, og hefur sótt um, að annaðhvort verði úrskurði þessum breytt þannig, að það sje álitið rjett að tekjur þær, sem orðið hafa afgangs af Staðarbakka-brauði á áður nefndu tímabili, beri undir hann, eða að það verði að minnsta kosti leyft, að mál þetta sje sótt að lögum.

Þessu til svars vildi jeg ekki láta hjá líða til vitundar og frekari auglýsingar fyrir beiðanda að skýra yður frá, að þar eð spurning sú, er hjer ræðir um, ekki snertir ágreining um skiptingu á tekjum embættis milli hins núverandi prests og þess, er var settur til að gegna embættinu, áður en presturinn tók við brauðinu, er yfirvöldin, samkvæmt tilskipun 3. febrúar 1836 IV., hefði átt að skera úr, heldur um það hvor af tveimur, sá sem fór frá brauðinu, eða hinn núverandi prestur á Staðarbakka eigi, samkvæmt tilskipun 6. janúar 1847, að fá tekjurnar af brauðinu

um vissan tíma, verður, ef þörf gjörist, eins og beiðandi æskir, 1855.
að láta málið ganga til dóms og laga. 13. septbr.

---

43. Brjef innanríkisstjórnarinnar til byskups um jarða- 27. septbr.
matsnefndina[1].

Konungsfulltrúi á hinu síðasta alþingi Melsteð amtmaður hefur, um leið og hann skýrði frá að alþingi hefði fallizt á frumvarp stjórnarinnar, er fyrir það var lagt, um meðferð jarðamatsmálsins, og að síðan samkvæmt frumvarpinu hefði verið kosin nefnd og væru í henni kanselíráð, land- og bæjarfógeti V. Finsen, er væri forseti, og þeir er alþingi hefði kosið: Jón Pjetursson, landsyfirrjettardómari og Jón Guðmundsson lögfræðingur í dönskum lögum, eptir ósk nefndarinnar, beðið stjórnina um að það verði boðið yfirvöldunum á Íslandi að útvega nefndinni þær skýrslur um jarðamatið, er hún vildi fá og áliti nauðsynlegar til að koma málinu í lag.

Sökum þessa vildi jeg þjónustusamlega biðja yður háæruverðugi herra að bjóða prófastunum á Íslandi að útvega skýrslur þær um jarðamatið, er nefnd sú, er áður er getið, kynni að æskja og senda yður þær, svo að þjer síðan getið fengið nefndinni þær í hendur.

---

44. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í 18. októbr.
norður og austurumdæminu um málið á skjölum sem send eru til stjórnarinnar[2].

Eins og sjest af meðfylgjandi brjefi frá sýslumanni Arnesen kammerráði 6. júlí þ. á., hefur nefndur embættismaður spurt

1) áþekk brjef eru sama dag skrifuð stiptamtmanni og amtmönnum, um að bjóða sýslumönnum að útvega og senda nefndinni skýrslur um jarðamat.

2) sbr. brjef innanríkisstjórnarinnar 14. júlí 1854.

1855. 18. október. um, hvort reglur þær, er boðnar eru í brjefi stjórnarráðsins 14. júlí f. á., um að skrifa á dönsku í þeim málum sem send eru frá Íslandi til stjórnarráðanna, nái einnig til ágreinings þess, er komið getur á milli einstakra hreppa um framfærslu sveitarómaga er borið er undir úrskurð stjórnarinnar, eða hvort að það sje ekki nóg, að sýslumaður skýri á dönsku frá málavöxtum, í stað þess að snúa á dönsku öllum fylgiskjölunum, sem eru á íslenzku og send eru til stjórnarinnar.

Þessu til svars vil jeg ekki undan fella, til vitundar og auglýsingar fyrir sýslumanni Arnesen, að skýra yður frá, að eins og regla sú, sem fyrir er skipuð í áminnstu stjórnarbrjefi, að embættismenn, „þegar þeir senda eitthvert mál til stjórnarráðanna, og þess þarf við að senda með þeim álitsskjöl, sem skrifuð eru á íslenzku, skuli þeir og senda staðfesta útleggingu á þeim", er öldungis almenn, og nær þannig einnig til þeirra mála, er snerta ómagaframfærslu, svo virðist stjórninni því síður ástæða til að skilja þetta undan, þegar þess konar mál eru send til úrskurðar stjórnarráðsins, sem mál þessi, eptir því sem reynslan hefur sýnt, eru mjög fá.

---

19. október. **45. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í norður og austurumdæminu um nýja brjefberaferð milli Reykjavíkur og Akureyrar.**

Eptir að stjórnin 4. desember f. á. hafði beðið um álit herra amtm. um það, hvort ekki mætti svo auka brjefberaferðir milli Reykjavíkur og Akureyrar, að brjefberinn færi einnig í maímánuði frá Akureyri til Reykjavíkur, er gæti farið þangað með brjef til að senda með brjefaduggunni, er siglir aptur frá Íslandi í maímánuði, og tekið aptur með sjer þau brjef, er um sama leyti voru komin frá Danmörku, og um það, hvort ekki mætti koma þessari ráðstöfun á með þeim fjárefnum, sem fyrir hendi eru, hafið þjer í þóknanlegu brjefi 10. júlí næstliðinn mælt með, að ráðstöfun þessi, er þjer ætlið að gjörð verði með

þeim fjárefnum, sem í ríkisfjárlögunum eru lögð til brjefaburðar á Íslandi, komist á hið fyrsta orðið getur, og hafið þjer um leið getið þess, að brjefberinn, eptir því sem til hagar í hjeraði, ætti að fara af Akureyri 20. apríl, og að það mætti ekki draga þangað til í maímánuði. 1855. 19. októbr.

Samkvæmt þessu vildi jeg þjónustusamlega biðja herra amtm. að gjöra svo vel og sjá um, að brjefberi fari framvegis á vori hverju frá Akureyri til Reykjavíkur og norður aptur, og að þessi ráðstöfun komist á, ef verður, vorið 1856, og er yður auk þess falið á hendur að ákveða nákvæmar, nær brjefberinn skuli hefja ferð sína frá Akureyri, og er þess að gæta, að brjefberinn dvelji ekki lengur í Reykjavík, en hann þarf í áður nefndum tilgangi, að fara með brjef til að senda með brjefaskipinu og sækja þau er komin eru með brjefaskipinu, er hjeðan fer 17. apríl[1].

---

46. Brjef kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins og byskupsins á Íslandi um kennslu á forspjallsvísindum[2]. 13. desemb.

Herra stiptamtmaðurinn og þjer, háæruverðugi herra byskup, hafið, með þóknanlegu brjefi 27. september þ. á., sent hingað bónarbrjef frá H. Árnasyni kennara við prestaskólann í Reykjavík, og getur hann þess þar fyrst, að burtfararprófið í sálarfræði og hugsunarfræði í þessum skóla hafi 2 seinustu árin gengið svo stórilla, að einungis 1 af 6, er tóku prófið, náði einkunninni „vel", en hinir fengu ekki nema „sæmilega" og „laklega", og ætlar hann að tilefni þessa sje það, að það hefur engi áhrif á aðaleinkunnina í burtfararprófinu, hvernig manni gengur í þessum vísindagreinum, og síðan stingur hann upp á því, að annaðhvort verði sálarfræði og hugsunarfræði gjörðar að vísindagreinum til undirbúnings, er hver sá, er á prestaskólann gengur, þarf að

1) þetta brjef er s. d. sent í eptirriti til stiptamtmannsins.

2) sbr. brjef kirkju og kennslustjórnarinnar 23. marz 1854.

1855. 13.desemb. hafa tekið próf í áður en fær að taka burtfararpróf, eða að tillit sje haft til einkunna þeirra, er menn fá í sálarfræði og hugsunarfræði í prófinu, þegar reikna skal aðaleinkunn í burtfararprófi.

Um leið og jeg nú get þess, að stjórnin er enn á því, viðvíkjandi hinum síðara kostinum, er þar um er sagt í brjefi hennar 23. marz f. á., skýri jeg yður frá til vitundar og frekari aðgjörða, að stjórnin hefur ekkert á móti því, að haldið verði framvegis í prestaskólanum sjerstakt próf í sálarfræði og hugsunarfræði, í lok fyrra kennsluársins, samkvæmt uppástungu forstjóra prestaskólans, er herra stiptamtmaðurinn og þjer háæruverðugi herra hafið fallizt á, þannig að engum verði leyft að taka burtfararpróf úr skólanum, nema hann hafi áður gengið undir þetta sjerstaka próf og hafi að minnsta kosti fengið einkunnina „vel".

22.desemb. **47. Brjef dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins um gjald til yfirdómara[1].**

Ásamt álitsskjali herra stiptamtmannsins 31. ágúst seinast liðinn hefur stjórnarráðið fengið álit það frá justizíaríus og 2. yfirdómara í hinum íslenzka landsyfirrjetti, er hjeðan var beðið um með brjefi 6. júní næst á undan, um kvörtun þá, er hingað var send frá kammerráði sýslumanni Kr. Magnusen, yfir því að áður nefndir tveir yfirdómarar hafi reiknað sjer 8 rd. 48 sk. fyrir að yfirfara og staðfesta danska útleggingu, eptir 1. yfirdómara í yfirrjettinum, justitsráð Jónassen, á yfirdómsgjörningum í máli milli Kr. Magnusens og Gísla Jónssonar á Saurum.

Viðvíkjandi þessu vil jeg ekki láta hjá líða að skýra yður frá til vitundar og frekari auglýsingar, sem þörf gjörist, að stjórninni virðist ekki næg heimild í löggjöfinni til að taka gjöld fyrir hinn áður nefnda samanburð og staðfestingu á dómsgjörn-

1) Amtmanninum í vesturamtinu er s. d. skrifað áþekkt brjef um þetta efni.

ing, þar eð tilskipun 11. júlí 1800, 18. gr. ákveður ekki neina borgun fyrir þess konar starf, enda hefur — eptir því sem nú hefur verið upplýst — borgunar aldrei verið beðizt fyrir þetta og heldur ekki greidd, og þareð aukatekjureglugjörðin 10. september 1830, 54. gr. ekki getur náð til yfirdómaranna, sem samkvæmt tilskipun 11. júlí 1800, 5. gr., hafa laun sín af konungi, og þar eð þeim eru ekki veittar til launa aukatekjur þær sem koma við yfirdóminn, einkum þar eð það virðist, að gjöld við yfirdóminn verði einungis greidd eptir 12. gr. aukatekjureglugjörðarinnar. 1855. 22.desemb.

---

48. Brjef dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi um stefnur til hæztarjettar. 22.desemb.

Þar eð það á seinni tíð opt hefur borið við, þegar hæztarjettarstefnur í málum, sem skotið er til hæztarjettar frá Íslandi, hafa verið sendar til Íslands til að birta þær hlutaðeiganda, að þær eru aptur sendar hingað þannig, að stefnuvottarnir skrifa vitnisburð sinn á stefnuna, um að hún hafi verið birt, á íslenzku, án þess hann sje útlagður á dönsku, vildi jeg, sökum þess að það dregur óviðurkvæmilega úrslit málanna þegar senda þarf aptur stefnurnar til Íslands, til þess að gjörð verði staðfest útlegging af áskript stefnuvottanna, biðja herra (stipt)amtmanninn[1], að bjóða (bæði bæjarfógetanum í Reykjavík og) öllum sýslumönnum í yðar umdæmi, að þeir á sjálfa hæztarjettarstefnuna framvegis skrifi staðfesta danska útlegging á áskript stefnuvotta um að þeir hafi birt hana hlutaðeiganda, áður en hún er send hingað aptur.

---

1) það sem er í svigum stendur ekki í brjefunum til hinna amtmannanna.

1856.

1856. 16. febrúar.

1. Lög er breyta 4. grein laga 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi.

Vjer Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: lög þessi hefur ríkisþingið fallizt á og vjer staðfest með samþykki voru:

1. gr. Þar sem svo er mælt fyrir í 4. grein laga 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, að útgjörðarmaður skipsins eigi með vitnisburði sínum að sanna, að skýrsla sú sje rjett, sem á að standa í hinum íslenzku leiðarbrjefum um nafn skipsins, heimili þess og stærð og nafn skipstjóra, þá er sú ákvörðun úr lögum tekin.

2. gr. Til sönnunar um fyr tjeð atriði, er eins og að undanförnu skulu tilgreind í leiðarbrjefinu, skal með beiðninni um leiðarbrjefið hjer eptir fylgja, þegar það er innanríkisskip, mælingarbrjef skipsins og veðmálabrjef eða afsalsbrjef og einnig borgarabrjef skipstjóra, en þegar það er utanríkisskip, skýrteini þau, er skipið hefur í staðinn fyrir áður greind skipaskjöl.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

Ástæður fyrir lögum þessum.

Í lögum um siglingar og verzlun á Íslandi 15. apríl 1854, 4. gr., er meðal annars ákveðið, að í hverju íslenzku leiðarbrjefi skuli standa nafn skipsins, heimili þess og stærð, og einnig nafn skipstjóra, og skuli útgjörðarmaður skipsins vitna að þetta sje rjett, og hinn danski verzlunarfulltrúi, þar sem nokkur er, en annars yfirvaldið á utanríkisstöðum, eða tollheimturáðið á innanríkisstöðum, staðfesta þann vitnisburð, og þessar ákvarðanir eru þvínæst ítrekaðar í auglýsing innanríkisstjórnarinnar 4. desember 1854 um það, hvernig fá megi íslenzk leiðarbrjef, er gefin var samkvæmt allrahæstum úrskurði s. d.

Frá alþingisfundi þeim, sem haldinn var í Reykjavík næstliðið sumar, hefur nú komið bænarskrá um breytingu á ákvörðunum þeim er nú voru til greindar. Þingið neitaði því engan veginn, að áður nefnd ákvörðun sje að vísu mjög einföld til að komast eptir stærð skipsins o. s. frv., þar eð ekki þurfi annað en fara eptir skýrslu útgjörðarmannsins, sem staðfest sje af embættismanni, og verður með þessu móti komizt hjá að rannsaka meira skjöl skipanna. En á hinn bóginn virtist þinginu, að þessi sönnunarmáti hafi töluverða ókosti og óhagræði í för með sjer, og að hann því virðist miður hæfilegur til að ná tilgangi ákvörðunarinnar, því að það sje mjög almennt í útlöndum, að útgjörðarmenn láti skipstjóra hafa skip sín á boðstólum í öðrum löndum til leigu hvert sem vera skal, og ef þá einhver t. a. m. á Englandi vildi leigja skip, sem ætti heima á Spáni, til Íslandsferðar, þá virðist þinginu það auðsætt, að skipið yrði optast nær ekki fengið til leigu, því ekki væri við því að búast, að útgjörðarmenn gæfu skipstjórum slík skýrteini, sem þó hafa nokkurn kostnað í för með sjer, af því að svo kynni að fara, að einhver skyldi vilja leigja þau til Íslandsferðar, þar eð slíkra skýrteina er hvergi annarstaðar krafizt, svo þingið viti, og það ætíð yrði hið mesta óhagræði, ef skipið ætti að bíða þangað til þess konar skýrteini væri fengið. Auk þessa þótti þinginu það efunarmál, hvort skýrslur þessar verði ætíð áreiðanlegar, því útgjörðarmaður væri sá, er sízt ætti að bera nokkurn vitnisburð um stærð skipsins, þar eð upphæð leiðarbrjefagjaldsins fer eptir stærðinni, og eigi er heldur beinlínis tekið fram hvaða vissu embættismenn þeir, er skýrslu þessa eiga að staðfesta, eiga að útvega sjer um þau atriði, sem til eiga að vera greind í skýrslunni, og eins og þingið telur það þannig mjög óvíst, að allir þessir embættismenn mundu skilja ætlunarverk sitt á einn og hinn sama hátt, eins virðist því, hvað utanríkisstaði snertir, að ekki muni ætíð hægt að sjá, hvort hin löglegu yfirvöld hafi gefið staðfestinguna. Þinginu virtist því, að svo gæti farið, að konungssjóðurinn geti beðið halla af ákvörðun þessari, þar eð hún kynni að verða tilefni til þess, að rangt væri sagt frá stærð skipsins. Loksins ætlaði þingið, þar eð þess konar skýr- 1856. 16. febrúar.

1856. 16. febrúar. teini er ekki annarstaðar við haft, að hætt yrði við, að þeir sem hefðu fengið að vita að verzlunin var gefin laus á Íslandi, og að leiðarbrjef geti fengizt þar, kynni sjer ekki verzlunarlögin nógu nákvæmlega, og kynnu því að halda, að þeir kæmust af með hin venjulegu skipaskjöl, og ljetu því ekki fylgja hina umgetnu staðfestu skýrslu frá útgjörðarmanninum, og af því yrði þá að fljóta, að þeir fengju ekki leiðarbrjefið þegar til Íslands kæmi, eða leyfi til verzlunar, en yrðu að halda heim aptur við svo búið, og færi svo landið á mis við aðflutninga, og hlutaðeigandi kaupmaður hvekktist, og kæmi, ef til vill, aldrei aptur, og þessi afleiðing hefur þinginu þótt mjög hættuleg, einkum nú, þegar verzlunin við útlendar þjóðir er nýbyrjuð. Alþingi áleit einnig, að reynslan hefði þegar sýnt, að útlendum mönnum veitir örðugt að fara eptir þessari ákvörðun, því síðan 1. apríl þ. á. hafa 4 skip komið á Reykjavíkurhöfn leiðarbrjefalaus og án þessarar lögboðnu skýrslu frá útgjörðarmönnum, og höfðu þó innanríkiskaupmenn leigt þau öll; en ef undanteknigar væru jafnaðarlega gjörðar frá lögunum — eins og gjört var með hin fyr nefndu 4 skip — svo að skipum þeim, er ekki hefðu skýrslu þessa, væri optast veitt leyfi til verzlunar, þá væri ákvörðun þessi í lagaboðinu þýðingarlaus, án þess nein önnur regla væri sett í staðinn, og virtist þinginu að slík afleiðing væri einnig mjög ísjárverð.

Þinginu virtist nú reyndar, að því yrði ekki neitað, að mjög varlega ætti að fara að breyta nýjum lagaboðum, og að það eigi alls ekki að gjöra nema nægar ástæður sjeu til þess; en þar eð því virtist, að ástæðurnar til þessarar breytingar væru nægar, og breytingin að eins snertir einstakt atriði og ýmsum af þeim bæði á Íslandi og í Danmörku, sem hlut hafa átt í umræðunum um hin nýju verzlunarlög, hefur þótt vafasamt, hvort þessi ákvörðun ætti við, og reynslan þegar sýnt nauðsyn til breytingarinnar, eins og áður er sagt, og beiðist þingið því breytingarinnar.

Þingið áleit að hvert skip megi fá íslenzkt leiðarbrjef, þegar það hefur hin venjulegu skipaskjöl í fullkominni reglu, og það væri því eðlilegast, að í stað hinnar umræddu ákvörðunar

um skýrteini frá útgjörðarmanni, er það þannig stingur upp á að tekin sje úr lögum, komi sú ákvörðun, að hlutaðeigandi, er sækir um íslenzkt leiðarbrjef, eigi með bónarbrjefi sínu að láta fylgja löglegt mælingarbrjef og önnur þau skipaskjöl, er sanni stærð skipsins, nafn þess og heimili, og nafn skipstjórans, og muni þau skipaskjöl vera hjerumbil hin sömu í öllum löndum og fylgja því ávallt skipunum, og mætti þá auk þessa til frekari fullvissu heimta slíka skýrslu af skipstjóra, án þess hún þó þyrfti að vera staðfest. Þingið ætlaði enn fremur, að mælingarbrjefin mundu optast vera áreiðanleg, en til þess þó að ná enn meiri trygging í þessu efni stakk þingið upp á, að mæla skuli skipið á ný, ef að stærð skipsins, eins og frá henni er sagt í mælingarbrjefinu, eða leiðarbrjefi því, er það hefur fengið samkvæmt leiðarbrjefinu, skyldi reynast minni en svarar því, er skipið eptir hinni dönsku fermingarreglugjörð hefur flutt til Íslands eða frá Íslandi, eða ef yfirvöldunum á verzlunarstöðunum þætti ástæða til að mæla skipið upp, og skuli þá greiða leiðarbrjefsgjaldið eptir þeirri stærð skipsins, er þannig fyndist, og þar að auki hæfilega borgun fyrir mælinguna, og eru uppástungur þessar í aðalatriðunum samkvæmar því, sem fyrir er mælt í lagaboði 21. marz f. á. um frjálsa verzlun á Færeyjum. Að endingu áleit þingið, að breytingar þær, er það þannig hefur stungið upp á, megi einkum álíta eins og breytingu á hinni konunglegu auglýsingu 4. desember 1854, og rjeði því af, með 11 atkvæðum gegn 6, að bera fram allraþegnsamlegasta bæn sína á þá leið:

1. með 10 atkvæðum gegn 7: að konunglegri auglýsingu 4. desember 1854 megi verða breytt á þann hátt, að með bónarbrjefum sem send eru til innanríkisráðherrans — nú dómsmálaráðherrans, samkvæmt auglýsingu 31. október f. á. — eða hlutaðeigandi verzlunarfulltrúa, eða embættismanna, um að fá íslenzk leiðarbrjef, skuli ætíð fylgja löglegt mælingarbrjef, og önnur skipaskjöl, er sanni stærð skipsins, nafn þess og heimili, og nafn skipstjórans, og sem skilað verði aptur með leiðarbrjefinu.

2. með 9 atkvæðum gegn 4: að skýrsla sú um nafn, stærð og heimili skipsins m. fl., sem samkvæmt ofan nefndri konung-

1856. 16. febrúar.

1856. 16. febrúar. legri auglýsingu 4. desember 1854, 4. gr., á að fylgja bónarbrjefum um íslenzk leiðarbrjef, skuli eptirleiðis gefast út af skipstjóranum og að staðfesting skýrslu þessarar falli í burt.

3. með 12 atkvæðum gegn 5: að ef það lýsir sjer, að stærð skipsins eptir mælingarbrjefinu eða leiðarbrjefi því, sem það samkvæmt mælingarbrjefinu hefur fengið, er minni en svarar því, sem skipið eptir hinni dönsku fermingarreglugjörð hefur flutt hingað inn eða flytur út af vörum, eða að þetta skyldi sannast við mælingu skipsins, sem yfirvöldunum á verzlunarstöðunum sje heimilt að láta gjöra, ef tilefni finnst til, þá skuli heimta leiðarbrjefsgjaldið eptir þeirri stærð skipsins, sem þannig verður sönnuð, og að auki borgun fyrir mælinguna, hafi hún verið gjörð.

Stjórnarráðið getur þess fyrst, að ákvörðunin um skýrslu útgjörðarmanns í lögum 15. apríl 1854 er tekin eptir tilskipuninni 11. september 1816, 2. gr. og 4. gr., og að tilgangur hennar hafi án efa einkum verið að gjöra hlutaðeigandi embættismönnum á Íslandi, sem eiga að láta leiðarbrjefin af hendi, hægra fyrir, þar eð ekki var álitið, að þeir væru allir svo færir í hinum útlendu málum, að þeir gætu nægilega rannsakað skipaskjölin.

Það hefur, eins og alþingið hefur til fært, reynzt svo, að nokkur skip, sem komið hafa til Íslands í sumar frá útlöndum, ekki hafa haft skýrslu þessa. Stiptamtmaðurinn leyfði þó, í von um samþykki stjórnarráðsins, skipum þessum að verzla, þar eð sjeð varð af skipaskjölunum hvar þau áttu heima og hve stór þau voru, og fjellst stjórnin á það, þó með því skilyrði, að skýrsla sú, er vantað hefði, yrði seinna send. En þó að þetta verði nú varið þetta ár, meðan að lögin eru enn svo ný, verður þó varla farið þannig að framvegis, þegar ætlandi er að lögin sjeu orðin öllum kunnug. Innanríkisstjórnin svaraði því þegar 1854 spurningu stiptamtmannsins á Íslandi, að eptir 4. gr. laganna 15. apríl s. á. yrði að heimta skýrslu útgjörðarmanns, ef hann skyldi eiga að fá leiðarbrjef, og að skýrsla frá skipstjóra ekki gæti komið í stað hennar; og þegar einn af hinum konunglegu dönsku verzlunarfulltrúum, er send höfðu verið íslenzk leiðarbrjef til úthlutunar, hafði vakið athuga á því í brjefi til utanríkisstjórnarinnar, að örðugt mundi að hlýða ætíð

ákvörðuninni um skýrslu útgjörðarmanns, því skipstjóri, er þangað kæmi, gæti bæði leigt skip sitt til Íslandsferðar og gjörði það líka, án þess hann hefði þess konar skýrslu frá útgjörðarmanni, eða hefði tíma til að fá hana, og beiddist verzlunarfulltrúinn nákvæmari reglugjörðar í þessu efni, og utanríkisstjórnin síðan leitaði álits innanríkisráðgjafans, hvort honum virtist nokkuð mæla móti því, að hvert skip, er hefði hin venjulegu skjöl um hvar það ætti heima, er allra landa skip eiga að hafa eins og dönsk skip, þá svaraði ráðgjafinn því einnig í brjefi 12. maí 1855, að breyting sú, er utanríkisstjórnin fór fram á, yrði ekki gjörð nema með nýju lagaboði, og ljet stjórnin þá einnig í ljósi, að sú tálmun, er þetta gjörði, mundi að mestu leyti hverfa þegar útlendir útgjörðarmenn, er vildu senda skip til Íslands, kynntust þessari lagagrein, og það væri ekki mikið ómak, að fá skipstjórum í hendur þess konar skýrslu, sem krafizt er í lögunum 15. apríl 1854, þegar nokkur von væri til þess, að skipið yrði haft til Íslandsferðar, og stjórnarherrann beiddi því um tilstyrk utanríkisstjórnarinnar til þess, að hlutaðeigandi verzlunarfulltrúar veki athygli kaupmanna á hinum heldri útlendu verzlunarstöðum á þessu atriði. 1856. 16. febrúar.

En þó það nú megi þannig ætla, að þetta beri framvegis sjaldnar við, þá verður þó varla hjá því komizt að slíkt komi optar að höndum, og yrðu þá yfirvöldin á Íslandi, eins og áður er drepið á, neydd til að burtvísa skipinu. Útgjörðarmenn og þeir, er tækju skipið á leigu, gætu nú reyndar ekki með rjettu kvartað yfir því, þar eð þeim væri ekki gjört annað en það, sem venjulega alstaðar væri gjört, ef skipaskjölin væru ekki í rjettri reglu, en því verður þó ekki neitað, að lagagrein þessi er svo sjerstök, og gjörir þann óhagleik bæði þeim er gjöra skip út og þeim er leigja þau, að það einungis þess vegna væri æskilegt, að hún yrði úr lögum tekin. En meiri ástæða væri það þó til að nema hana burtu, ef álíta mætti, að ekki væri nægileg vissa fyrir því, að skýrslur þessar frá útgjörðarmönnum sjeu áreiðanlegar, og alþingið hafði þegar efazt um að það væri, og enn meiri sönnun fyrir því, að svo sje, er í skýrslu, sem komin er frá stiptamtmanninum á Íslandi. Þar er skýrt frá, að reynslan þegar hafi

1856. 16. febrúar. sýnt, að skýrslur þessar frá útgjörðarmönnum, einkum um spönsk skip, sjeu engan veginn áreiðanlegar, þar eð lestarúm þeirra komi aldrei saman við það, er skýrslurnar segja, og farmurinn ætíð sýnir að skipið er stærra. Þegar þessu er nú þannig varið, og uppástunga alþingis þess utan gefur jafnvel meiri vissu í þessu efni en greinin í sjálfum lögunum, áleit stjórnarráðið, þó að það ætíð sje ísjárvert að gjöra breytingar á nýju lagaboði, að nóg ástæða sje til at taka þessa uppástungu til greina í aðalatriðum hennar, og bjó hún því til frumvarp um breyting á 4. gr. í lögum um siglingar og verzlun á Íslandi 15. apríl 1854, því í þeirri grein er tekið fram, hvílík nauðsyn sje á skýrslum útgjörðarmanna, og það þannig ekki verður, eins og alþingi hafði ætlað, tekið úr lögum með því að breyta auglýsingu 4. desember 1854, en henni skal þá einnig breytt samkvæmt þessu.

Við hinar einstöku greinir frumvarpsins, er Hans Hátign konungurinn hefur fallizt á að lagt væri fyrir ríkisþingið, er þess að geta:

Við 1. og 2. gr.: Þessar greinir eru að mestu leyti samhljóða uppástunguatriðum alþingis, þó virtist rjettara að nefna nákvæmar þau skipaskjöl, er skulu fylgja bónarbrjefinu um leiðarbrjef, það er að skilja fyrir dönsk skip mælingarbrjef, veðmálabrjef eða afsalsbrjef og einnig borgarabrjef skipstjóra, og fyrir útlend skip skýrteini þau, er skipið hefur í staðinn fyrir áður nefnd skipaskjöl, en þar á móti þótti hin óstaðfesta skýrsla sú, er alþingið hafði stungið upp á að fylgja skyldi beiðninni um íslenzkt leiðarbrjef, óþörf, fyrst að á annað borð skipaskjölin ættu þó að fylgja bónarbrjefinu[1].

---

1) Stjórnin hafði þessa 3. gr. í frumvarpi því, sem lagt var fyrir ríkisþingið:

„Ef ástæða væri til að halda, að lestarúm skipsins væri stærra en til er tekið í skjölum þeim, er skipinu fylgja, eða leiðarbrjefinu, sem gjört hefur verið eptir þessum skjölum, skal lögreglustjórnin

2. Auglýsing um breytingu á auglýsingu 4. desember 1854 um það, hvernig fá megi íslenzk leiðarbrjef. 1856. 28. febrúar.

Eptir boði Hans Hátignar konungsins auglýsist hjer með, að, þegar beðið verður um íslenzk leiðarbrjef eptirleiðis, skal

---

láta mæla skipið, þó skal, ef leiðarbrjefsgjaldið ekki áður er greitt, fyrst greiða það eptir skipaskjölunum.

Ef að mælingin, er skal fara fram á þann hátt, að hun tálmi sem minnst fermíng skipsins, sannar það, að lestarúmið ekki er stærra, en stendur í skipaskjölunum eða leiðarbrjefinu, skal hið opinbera borga mælinguna, en annars skipstjóri, og skal hann þá einnig borga það, sem oflítið hefur verið greitt fyrir leiðarbrjefið".

Í umræðum þessa máls í landsþinginu, er lögin voru fyrst lögð fyrir, gjörðu 2 þingmenn breytingaratkvæði, er fór fram á, að þessi grein skyldi burt falla. Það var í þessu efni einkum tekið fram, að meðan hin frjálsa verzlun á Íslandi væri svo ný, ætti sem minnst yrði að tálma fyrir henni, en það gæti leitt af ákvörðun þeirri, er hjer ræddi um, að það yrðu óþægindi fyrir siglinguna, því svo gæti farið, að einstöku af hlutaðeigandi embættismönnum, af heldur mikilli samvizkusemi, þætti það skylda sín að mæla skipin á eptir og seinka með því ferð þeirra. Menn ætluðu og, að það mundi mjög sjaldan við bera, að skip kæmu til Íslands með röngum skipaskjölum, þar eð gjöra má grein fyrir dæmum þeim, sem komu fyrir næstliðið sumar, um mismun á lestarrúmi skipa, milli þess sem stóð í skipaskjölunum og þess sem í rauninni fór fyrir farminum, á þann hátt, að lestarrúmin eru reiknuð eptir teningsmáli, en í hinni dönsku fermingarreglugjörð er farið eptir þyngdinni á vörunum. Þeirri mótbáru var og bætt við, að sýslumennirnir á Íslandi, er ekki þekktu þess konar störf, kynnu ekki að mæla skipin, og yrði ekki til fullnustu ráðin bót á því með að senda þeim ítarlegar reglugjörðir, og yrði það því óvíst, hvort mæling sú, er gjörð væri á ný á Íslandi, væri áreiðanleg. Ef að þá einstöku sinnum kynni að bera svo við, að grunur ljeki á, að svik væru í frammi höfð, mundi lögreglumönnum eptir hinum almennu lögum vera heimilt að leita allra bragða, er þeir gætu, til að komast eptir því, og þá einnig með að mæla skipið, og gætu þeir þá fengið reglur um það hjá hinni æðri stjórn, en það þótti aptur á mót eiga miður við að gjöra slíkan starfa lögboðinn, er maður ekki gæti venjulega leyst tilhlýðilega af hendi.

1856. 28. febrúar. beiðninni fylgja, samkvæmt lögum 16. febrúar þ. á., þegar það er innanríkisskip: mælingarbrjef skipsins og veðmálabrjef eða afsalsbrjef, og einnig borgarabrjef skipstjóra, en þegar það er utanríkisskip, skýrteini þau, er skipið hefur í staðinn fyrir áður greind skipaskjöl; en aptur á móti þarf ekki lengur skýrslu þeirrar frá útgjörðarmanni eða útgjörðarmönnum um nafn skipsins, heimili þess og stærð, og um nafn skipstjóra, sem til var greind í auglýsingu frá stjórn innanríkismálanna 4. desember 1854. Auk þessa hefur Hans Hátign allramildilegast fallizt á, að leiðarbrjefa formi því, sem fest var við tjeða auglýsingu, verði breytt þannig, að í stað orðanna: „eins og fyrir er mælt í lögum 15. apríl 1854, 4. gr." verði sett: „eins og fyrir er mælt í lögum 16. febrúar 1856, 2. grein". Að öðru leyti stendur við það, sem ákveðið er í áður greindri auglýsingu um það, hvernig megi fá íslenzk leiðarbrjef.

Stjórnin gat nú reyndar ekki fallizt á, að það skyldi vera ógjörandi eða ókljúfandi vandræðum undir orpið, að koma því til leiðar, að skip yrðu mæld upp aptur á Íslandi, en hún varð að viðurkenna, að optnefnd ákvörðun í 3. gr. gæti gefið tilefni til þess, að útlendum skipum yrði gjört óhægt fyrir, einkum þar eð það sæist á skýrslum þeim, er komnar væru frá Íslandi, að yfirvöldin á Íslandi væru mjög smásmugul í þessu efni, er þeim væri heldur ekki láandi, og þar eð stjórnin gæti sjeð um, að eins rikt væri gengið eptir skipgjaldinu og til var greint í frumvarpinu, með því að gefa hlutaðeigandi embættismönnum reglur fyrir því, hvernig þeir skuli að fara, ef slíkt beri að höndum, einkum með að mæla upp skipin, samkvæmt því sem gjört er í Danmörku, þegar eptirtakanlegur munur er á farminum, er skipið hefur komið með, og lestarrúmi því, er sagt er í leiðarbrjefinu að skipið hafi, og setti hún sig því ekki móti breytingaratkvæði þessu, er þingið einnig samþykktist.

Þjóðþingið fjellst einnig á að þriðju grein frumvarpsins yrði sleppt.

3. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um þýðingu annarar greinar í helgidagatilskipun 28. marz 1855.** 1856. 8. marz.

Þèr hafið herra stiptamtmaður með brèfi yðar 19. nóvember f. á. sent brèf með fylgiskjali frá bæjarfógetanum í Reykjavík, í hverju hann lætur í ljósi meiníngu sína viðvíkjandi brèfi 10. október f. á., sem kaupmaður Þ. Jónathansson hefir sent beinlínis híngað; í brèfi þessu gjörir nefndur kaupmaður þá fyrirspurn, sumpart hvort hann eptir meginreglum helgidagatilskipunarinnar sè skyldur að greiða 32 sk. sekt þá, sem úrskurður stiptamtmanns 4. september f. á. hefir ídæmt hann fyrir brot gegn helgidagatilsk. 28. marz f. á., og sumpart hvort lögreglustjórnin í Reykjavík geti fyrirmunað honum að verka fisk og afferma eða hlaða skip á helgidögum á undan og eptir guðsþjónustu, hafi hann áður snúið sèr til lögreglustjórnarinnar og sannað, að hlutaðeigandi hefði töluverðan óhagnað ef ekki væri leyft.

Viðvíkjandi þessu læt eg ekki hjá líða til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsíngar að skýra frá, að standa verður við sektina, einkum þar hlutaðeigandi, eptir því sem próf þau, sem tekin hafa verið, sýna, hefir gengizt undir úrskurð stiptamtmanns. Viðvíkjandi hinum öðrum tveimur fyrirspurnum fellst stjórnarráðið á álit bæjarfógeta Finsens, að leyfilegt sè, samkvæmt orðatiltækjunum í 2. gr. nefndrar tilskipunar, að verka fisk á helgidögum, þegar ekki má fresta því lengur sökum óhagstæðrar veðráttu, en að ekki megi leyfa að ferma eða afferma skip í Reykjavík á tèðum tíma, þar höfnin í Reykjavík ekki verður álitin sem opið pláz það, sem 2. gr. í optnefndri tilskipun um getur.

---

4. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um að mæla skip, sem sigla til Íslands.** 22. marz.

Þar það hefir optar borið við á Íslandi árið sem leið, að

1856. 22. marz. töluverður munur hefir verið á lestarúmi því á skipi, sem sagt er frá í skipaskjölum og samkvæmt hverjum það hefir fengið leiðarbrèf, ok lestarúmi því, sem menn hafa reiknað út eptir hinni dönsku fermingarreglugjörð, og þar ekki neitt boð er í löggjöfinni um hina íslenzku verzlun, sem samsvari 8. gr. í lögum 21. marz f. á. um að einkaverzlun konúngs á Færeyjum sè tekin af, og samkvæmt hverri hlutaðeigandi embættismenn á Færeyjum eru skyldir, þegar þeir álíta að ekki sè sagt rètt frá stærð skipsins, að láta mæla skipið og beri amtmanni að sjá fyrir að það verði gjört, hefir stjórnarráðið álitið hentugast, að sèð verði um að mæla skip einnig á Íslandi, þegar næg ástæða er fyrir því að draga í efa, hvort rètt væri sagt frá lestarúmi skipsins, og því verð eg að biðja yður, herra stipamtmaður (herra amtmaður), um að skýra bæjarfógetanum í Reykjavík ok sýslumanninum á Vestmannaeyjum (sýslumönnunum í Ísafjarðar og Snæfellsness sýslum; sýslumönnunum í Eyjafjarðar og Suðurmúla sýslum) frá, að þeim ber að mæla skip þau, sem koma til Íslands, þegar svo stendur á, að eptirtakanlegur munur er á lestarúmi því, sem sagt er frá í leiðarbrèfinu eða skjölum þeim, eptir hverjum það hefir fengið leiðarbrèfið, og því lestarúmi, sem svari því, er skipið hefir flutt til Íslands eða frá Íslandi, eða þegar kríngumstæðurnar að öðru leyti gætu gefið tilefni til að álíta, að skýrsla sú, sem er gefin um lestarúmið, sè æði raung; þegar svo stendur á ber þess þó að gæta, að mæling skipsins fari fram á þann hátt, að af því leiði sem minnsta tálmun fyrir fermíngu og affermíngu skipsins.

---

2. apríl. **5. Auglýsíng dómsmálastjórnarinnar um aukagiald fyrir sum utanríkisskip sem sigla til Íslands.**

Eptir að nú er á enda frestur sá, sem með allrahæstum úrskurði 22. marz f. á., er birtur var með auglýsíngu frá stjórn innanríkismálanna 24. s. m., var settur fyrst um sinn fyrir tímabilið frá 1. apríl 1855 til 31. marz þ. á., viðvíkjandi aukagjaldi

fyrir sum utanríkisskip, er sigla til Íslands, hefir Hans Hátign konúnginum, eptir tillögum dómsmálastjórnarinnar, 1. dag þ. m. allramildilegast þóknazt að skipa svo fyrir, samkvæmt lögunum um siglíngar og verzlun á Íslandi 15. dag aprílmánaðar 1854, 7. gr., að öll utanríkisskip, sem sigla til Íslands til verzlunar, nema þau, sem eiga heima í Stóra-Bretlandi og Írlandi, Prússalandi eða í Svíaríki og Noregi, eigi framvegis fyrst um sinn, auk gjalds þess, sem til er tekið í 6. gr. í greindum lögum, enn fremur að greiða 2. rdla aukagjald af hverju lestarúmi í skipinu eptir dönsku máli, nema því að eins, að fullgild sönnun verði færð fyrir því, að skip þegna Danakonúngs hafi jafnrètti bæði í tilliti til tolls og skipagjalda, við innlend skip í því landi, þar sem skipið á heima, eða að það land eptir samníngi við hina dönsku stjórn sè undan þegið ákvörðuninni í 7. gr. í opt nefndum lögum. 1856. 2. apríl.

Þetta auglýsist þannig öllum, er hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

---

6. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins á Íslandi um fermíngu mál- og heyrnarlausrar stúlku. 12. apríl.

Herra biskupinn hefir í þóknanlegu brèfi 29. febrúar þ. á. sent brèf frá prófastinum í Húnavatns sýslu J. Jónssyni, og biður hann í því um leyfi að mál- og heyrnarlaus stúlka, Björg Ólafsdóttir á Staðarbakka, megi ná fermíngu og verða hluttakandi í kvöldmáltíðar sakramentinu, og hafið þèr um þetta gjört þá athugasemd, að stúlka þessi, sem er 22 ára að aldri, hafi fengið gott uppeldi, eptir því sem unnt er, hjá stjúpa sínum prestinum G. Gíslasyni á Staðarbakka, svo hún með bendíngum hefir numið hinar mest áríðandi trúarbragða greinir, og hafi sjálf ákafa laungun til að gánga til altaris. En þar þetta, samkvæmt tilskipun 13. janúar 1736 og tilskipun 25. maí 1759 1. gr., ekki getur átt sèr stað fyr; en hún er staðfest, hafið þèr farið fram á að hið umbeðna yrði leyft.

1856. 12. apríl. Samkvæmt því sem þèr þannig hafið frá skýrt, vil eg ekki láta hjá líða að skýra yður frá til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar, að stjórnarráðið hefir ekki neitt á móti því, að hin áður nefnda mál- og heyrnarlausa stúlka verði fermd.

---

22. apríl. **7. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu um skilníng á prentfrelsislögunum.**

Herra amtmaðurinn hefir sent dómsmálastjórninni Nr. 1 og 2 og Nr. 3 af blaðinu „Þjóðólfi" fyrir árið 1855, og hafið þèr um leið í brèfi 30. desember f. á. beðizt þess, að höfðað væri mál að tilhlutun hins opinbera gegn ábyrgðarmanni nefnds blaðs, lögfræðíngi J. Guðmundssyni, fyrir efnið í grein þeirri í nefndum númerum, sem hefir þessa yfirskript: „úr brèfi til ábyrgðarmanns Þjóðólfs frá bónda í Norðurlandi, dagsett 1. október 1855", og að stiptamtmanninum á Íslandi í því skyni væri skipað það sem með þyrfti, og hafið þèr getið þess, að ef þèr sjálfir ættið að höfða málið gegn áður nefndum ábyrgðarmanni, þá mundi þetta hafa miklu minni þýðíngu og þarhjá vera fleirum vandkvæðum bundið, og það þó yður væri veitt málsfærslan ókeypis.

Stjórnarráðið verður nú að leiða athygli yðar að því, að samkvæmt ákvörðunum í 13. gr. samanbornum við 9. gr. í tilskipun 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytíngum, lög 3. janúar 1851 um prentfrelsi, getur, þegar svo er ástatt eins og hèr, ekki orðið höfðað mál að tilhlutun hins opinbera. Stjórnin verður því að leggja herra amtmanninum það í sjálfs vald, hvort þèr vilið á eigin kostnað höfða mál gegn hlutaðeiganda ábyrgðarmanni, ef þèr finnið ástæður til þessa, og megi þèr þá, þegar þèr beiðist þess, vonast eptir að fá leyfi til að flytja málið kauplaust.

---

8. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til umboðsmanns R. M. Olsens, um að hann megi njóta helmíngs umboðslaunanna af þíngeyra klaustri, meðan hann um stundar sakir er leystur frá umboðinu.** 1856. 22. apríl.

Í brèfi 7. janúar þ. á., sem amtmaðurinn í norður- og austur-umdæminu hefir sagt álit sitt um, hafið þèr beðið um, í fyrsta lagi: að þar þèr um stundar sakir eruð leystur frá starfa yðar sem umboðsmaður, þèr þá mættuð, þángaðtil dómstólarnir eru búnir að skera úr jarðaþrætu þeirri, sem upp er risin milli yðar og þíngeyra klausturs, að minnsta kosti njóta helmíngs umboðstekjanna samkvæmt ákvörðunum þeim sem gilda þegar svo stendur á, einkum opin brèf 23. apríl 1813 og 14. september 1830, samanborin við kansellíbrèf 26. maí 1835 og rentukammerbrèf 21. september 1805, og í annan máta: að þrætur þær, sem eru ámilli yðar og umboðsins, verði útkljáðar í einu og innan svo skamms tíma sem unnt er og nauðsynlega með þarf til að skýra málið og halda því fram á löglegan hátt.

Í tilefni af þessu læt eg yður vita, í fyrsta lagi: að stjórnarráðið, eptir því sem ástatt er og í líkíngu af ákvörðunum þeim sem til eru færðar, leyfir að þèr megið njóta helmíngs umboðslaunanna, að minnsta kosti fyrst um sinn og einkum þángað til menn eru komnir að raun um, að skipta þurfi tekjunum til þess að reka störf umboðsins, frá þeim tíma að þèr fengið lausn frá starfa yðar sem umboðsmaður, eða frá 6. júní f. á., og er þetta tilkynnt amtmanninum í brèfi dagsettu í dag; og

í annan máta: að amtmanninum að vísu er gefið í vald að velja þá aðferð, sem honum þykir hentugust með tilliti til málsins eðlis, en að hann þarhjá er beðinn um að gæta þess, bæði að umboðssjóðurinn ekki að nauðsynjalausu hafi kostnað af mörgum málum sem má skera úr í einu, og að því máli eða þeim málum, sem höfðuð væri, sè fram fylgt með tilhærilegum hraða.

1856. 23. apríl. **9. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu um verzlunar-skýrslur[1].**

Útaf fyrirspurn frá sýslumanninum í Norðurmúla sýslu viðvíkjandi því, hvort hinar lögboðnu ársskýrslur um verzlunina framvegis eigi sèr stað eptir að lög 15. apríl 1854 um siglíngar og verzlun á Íslandi hafa fengið gildi, hefir herra amtmaðurinn í þóknanlegu brèfi 2. febrúar þ. á. látið þá meiníngu í ljósi, að tèðar skýrslur, þrátt fyrir ákvarðanir nýnefndra laga um að afhenda vöru- og tollskrár, sè nytsamar bæði hvað landshagi snertir og af öðrum ástæðum, og hafið þèr beðið um nákvæmari vísbendíng stjórnarráðsins í þessu efni.

Um þetta efni vil eg ekki láta hjá líða að skýra yður frá til eptirbreytni og frekari auglýsíngar fyrir hlutaðeigendum, að stjórnarráðið að öllu fellst á meiníngu þá, sem þèr hafið látið í ljósi, nefnilega að framvegis skuli á ári hverju senda ofannefndar skýrslur.

---

28. apríl. **10. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur- umdæminu um bæjarstjórn á Akureyri o. s. frv.**

Herra amtmaðurinn hefir í þóknanlegu brèfi 17. janúar þ. á. sent beiðni frá innbúum Akureyrar um, að bærinn fái bæjarstjórn sèr og sè skilinn frá Hrafnagils hrepp, hverjum hann híngaðtil hefir verið sameinaður; en sýslumaður Briem hefir sagt álit sitt um þetta efni.

Um leið og eg sendi yður eptirrit af ofannefndri beiðni, læt eg ekki hjá líða að tilkynna yður til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsíngar, að stjórnarráðið nú sem stendur ekki getur látið nokkra vissa meiníngu í ljósi um framkvæmd hins umgetna fyrirtækis, þar ekki hefir verið lagt niður, hvernig haga

1) Sama dag var brèfi amtmannsins í vestur-umdæminu um sama efni svarað á sömu leið.

ætti þessu, en að stjórnarráðið að öðru leyti ekki er fráhverft því, að halda málinu lengra, þegar uppástúnga um fyrirkomulag þess, sem bygð er á rökum, liggur fyrir hendi, og verða menn því að fela herra amtmanninum á hendur, að útvega uppástúngu þessa á hagkvæmastan hátt. 1856. 28. apríl.

---

11. Brèf hinnar íslenzku stjórnardeildar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um kennslu kvenna í yfirsetufræði. 30. apríl.

Samkvæmt skipun stjórnarherra dómsmálanna lætur stjórnardeildin ekki hjá líða, til þóknanlegrar vitundar og til nauðsynlegrar eptirbreytni, að senda herra stiptamtmanninum (amtmanninum) eptirrit af umburðarbrèfi dómsmálastjórnarinnar til allra amtmanna í Danmörku, dagsettu 29. þ. m.[1]

---

12. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi um sameiníng nokkurra prestakalla í Árness prófastsdæmi. 6. maí.

Eptir uppástúngu herra stiptamtmannsins og yðar, háæru-

1) Umburðarbrèf þetta er svo hljóðanda:
„þareð dómsmálastjórnin hefir komizt að raun um, að það ber stundum við, að frásagnir þær, sem hlutaðeigandi landlæknar senda stjórnarnefndinni fyrir fæðingarhúsinu og uppfósturshúsinu, viðvíkjandi því, að þörf sè á að kenna yfirsetukonum, ekki eru samkvæmar skýrslum amtmanna, og þareð menn verða að álíta, að þetta komi til af því, að hlutaðeigandi landlæknir ekki hefir fengið vitneskju um hvað amtmaðurinn stíngur uppá, þá eru það tilmæli mín til herra amtmannsins, að þèr í málefnum þeim, sem snerta viðtöku þeirra kvenna, er kenna skal yfirsetufræði, ráðgist um við hlutaðeiganda landlækni, að minnsta kosti á þann hátt, að amtið birti honum í hvert skipti þegar einhver í hans umdæmi annaðhvort kemur í yfirsetukvennaskólann eða skilur við hann.

1856. 6. maí. verðugi herra, í brèfi 24. febrúar þ. á., viðvíkjandi sameiníng Kaldaðarness, Gaulverjabæjar og Villíngaholts prestakalla í Árness prófastsdæmi í suður-umdæmi Íslands, hefir stjórnarráðið henni samkvæmt ritað konúngi um þetta, og hefir Hans Hátign konúngurinn með úrskurði sínum 1. þ. m. skipað svo fyrir:

„Vèr viljum allramildilegast, að eptirleiðis megi gjöra tvö prestaköll úr þeim þremur prestaköllum: Kaldaðarnesi, Gaulverjabæ og Villíngaholti, það er að skilja:

A. Stokkseyrar prestakall og Kaldaðarnes sem útkirkja, og

1) að kalli þessu sè lagðar tekjur þær og jarðir, sem til eru greindar á hjálögðu yfirliti[1], og meðal þeirra einnig jörðin Villíngaholt, eptir að lögleg skoðunargjörð hennar hefir farið fram og ofanálag er gjört; þó skal af þessari jörðu

---

1) Tekjur þessar eru í yfirlitinu taldar þannig:

I) Afgjöld af jörðum:

1. Villíngaholt, landskuld	1 hdr.	= ál.,	kúgildi	4. 24 rd.	72 sk.
2. Hamar,	— 1 - 40 -	—		4. 34 -	27 -
3. Hamarshjáleiga	— = - 80 -	—		2. 17 -	84 -
4. Skógnes,	— 1 - = -	—		4. 30 -	91 -
5. Hellur,	— 1 - 40 -	—		4. 32 -	11 -
6. Syðrivöllur,	— 1 - 40 -	—		4. 34 -	27 -
				174 rd.	24 sk.

2) Af kirkjunum:

af Stokkseyrar kirkju	6 fjórðúngar smjörs . .	11 rd. 84 sk.
- Kaldaðarness	— 12 — — . .	23 - 72 -
		35 - 60 -

3) Tekjur af sóknunum:

a) fasteignartíund	190 hdr. = 57 ál. á 15 sk. .	8 rd. 87 sk.
b) lausafjártíund	286 - = 86 - á 15 - .	13 - 42 -
c) dagsverk, 82½ á 71 sk.		61 - 1 -
d) lambsfóður, 94 á 91½ sk.		89 - 57 -
e) offur, 11 að tölu		15 - - -
f) fyrir aukaverk		69 - 10 -
		257 - 5 -
4) Fyrir að skoða kirkjureikníngana		= - 90 -
	samtals . . .	467 rd. 83 sk.
Frá þessu dregst það, sem goldið er til fátækra prestaekkna og uppgjafa presta		1 - 48 -
	Tekjur allar . . .	466 rd. 35 sk.

gjalda prestinum til Gaulverjabæjar prestakalls á ári hverju 4 fjórðúnga smjörs; 1856. 6. maí.

2) að presturinn til Stokkseyrar prestakalls takist á hendur ábyrgð Villíngaholts kirkju;

3) að það verði gjört honum að skyldu, að taka sèr bústað annaðhvort á sjálfum verzlunarstaðnum Eyrarbakka eða þá rètt í grend við hann;

4) að guðsþjónustugjörð fari fram tvo helga daga á Stokkseyri, en þriðja hvern helgan dag á Kaldaðarnesi;

5) að eptirlaun ekkna af þessu brauði, sem samkvæmt allrahæsta konúngsbrèfi 5. júní 1750 verður eitt af hinum svo nefndu meðalbrauðum, verði eptir 2. gr. í nefndu konúngsbrèfi ákveðin til $\frac{1}{12}$ hluta hinna vissu tekja, en til fátækra prestaekkna skal á ári hverju greiða 54 sk. og til uppgjafa presta, í líkíngu af því sem skipað er í konúngsbrèfi 14. febrúar 1705, 1 rd. 48 sk. á ári.

B. Gaulverjabæjar prestakall og Villíngaholt sem útkirkja, og

1) að þessu kalli sè lagðar tekjur þær[1], sem til eru greindar á hjálögðu yfirliti;

---

1) Í yfirlitinu eru tekjur þessar taldar þannig:

1) Afgjöld af jörðum:

1. Gaulverjabær, landsk. 1 hdr.	70 ál., kúg.	6.	48 rd.	26 sk.		
2. Brandshús,	—	:	- 80 -	—	2. 17 -	78 -
3. Garðhús,	—	:	- 60 -	—	2. 13 -	11 -
4. Dalbær,	—	:	- 60 -	—	2. 13 -	88 -
5. Vöðlakot,	—	:	- 60 -	—	2. 13 -	11 -
6. Gerðar,	—	1	- : -	—	3. 24 -	8 -
7. Haugur,	—	1	- : -	—	4. 29 -	83 -
						160 rd. 17 sk.

2) Af Villíngaholts kirkju 4 fjórðúngar smjörs . . . . . 7 - 88 -

3) Tekjur af sóknunum:

a) fasteignartíund 198 hdr.	= 59½ ál. á 15 sk.	9 rd.	29 sk.
b) lausafjártíund 398½ -	= 119 - á 15 -	18 -	56 -
c) dagsverk, 44 á 71 sk.		32 -	52 -
d) lambsfóður, 91 á 91½ sk.		86 -	70 -
e) offur, 6 að tölu		10 -	: -
f) fyrir aukaverk		56 -	90 -
		214 -	9 -

1856. 6. mai.

2) að guðsþjónustugjörð fari fram annanhvorn helgan dag á Gaulverjabæ og annanhvorn í Villíngaholti;

3) að af þessu brauði sè á ári hverju goldið 54 sk. til fátækra prestaekkna og 1 rd. til uppgjafa presta.

C. að Hróarsholts sókn sè sem útkirkja lögð til Hraungerðis og Laugardæla prestakalls, þannig:

1) að á hverjum 6 helgum dögum sè guðsþjónustugjörð framin þrisvarsinnum í aðalkirkjunni, tvisvar í útkirkjunni á Laugardælum og einusinni í útkirkjunni að Hróarsholti.

2) að presturinn til Hraungerðis prestakalls njóti allra þeirra tekja af Hróarsholts sókn, sem prestinum ber, og kaup af kirkjunni samastaðar;

3) að eptirlaun ekkna af þessu brauði verði ákveðin til $\frac{1}{12}$ hluta hinna vissu tekja, og að eptirleiðis skuli á ári hverju greiða 54 sk. til fátækra prestaekkna af þessu brauði, en 1 rd. 48 sk. á ári til uppgjafapresta."

Þetta læt eg ekki hjá líða að skýra yður frá til þóknanlegrar vitundar og frekari ráðstafana.

---

19. mai. **13. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur- umdæminu, um fjársýkina á Íslandi[1].**

Í skýrslu þeirri, dags. 7. febrúar þ. á., sem herra amtmaðurinn hefir sent um ástand norður- og austur- umdæmisins á tímabilinu frá 26. október f. á. til 7. febrúar þ. á., hafið þèr

---

382 rd. 18 sk.

4) Fyrir að skoða reikníng kirkjunnar í Villíngaholti . . . = - 45 -

samtals . . . 382 rd. 63 sk.

Frá þessu dregst það, sem goldið er til fátækra prestaekkna og uppgjafapresta . . . . . 1 - 48 -

Tekjur allar . . . 381 rd. 15 sk.

1) Sama dag ritaði dómsmálastjórnin brèf líks efnis til amtmannsins í vestur-umdæminu, og var stiptamtmanninum á Íslandi þarhjá send eptirrit af brèfum þessum.

meðal annars skýrt frá, að á þeim stöðum, hvar ekki hefir kveðið 1856.
mikið að fjársýkinni að undanförnu, þar hefir hún á umliðnum 19. maí.
vetri verið miklu skæðari en áður, einkum í Skagafjarðar sýslu, og hefir hún þar á einstöku bæjum drepið yfir 100 fjár, og að nokkru leyti í Eyjafjarðar sýslu, án þess að menn til þessa tíma hafi getað uppgötvað nokkurt það meðal, sem með nokkurri vissu gæti afstýrt þessum kvilla.

Í tilefni af þessu álítur stjórnarráðið það skyldu sína að skýra herra amtmanninum frá, að þegar árið 1854 var landlæknirinn á Íslandi, Dr. Hjaltalín, sem um þær mundir var til veru í Árness sýslu, falið á hendur af stjórninni að rannsaka fjársýki þessa, þar hún einmitt þá æddi mjög um þessa og næstu sýslu eða Rángárvalla sýslu, og að reyna meðöl þau, sem hann áliti hentugust til að lækna og afstýra sýki þessari. Seinna hefir Dr. Hjaltalín sent skýrslur um tilraunir þær, sem hann í þessu efni hefir gjört á árunum 1854 og 1855, og verða menn eptir þeim að álíta, að meðöl þau, sem hann hefir brúkað, einkum „glaubersalt" til inntöku og „chlorkalk" til að hreinsa fjárhúsin, hafi haft mjög heppilegar verkanir, og hefir þarhjá brúkun þessara meðala aukizt töluvert í suðurumdæminu, og margir amtsbúar hafa haft gott traust á þeim. Stjórnin hefir þessvegna einnig fundið sig knúða til að styðja að þessari viðleitni, einkum með því að koma því til leiðar, að Dr. Hjaltalín gæti látið bændum meðöl þessi í tè kauplaust.

Skýrsla sú, sem Dr. Hjaltalín hefir nú sent hingað, ber það með sèr, að þrátt fyrir það að Dr. Hjaltalín í blöðunum hefir lýst því yfir, bæði að hann væri fús á að láta þessi meðöl af hendi við innbúa norður- og austur- umdæmisins og þarhjá gefa þeim reglur fyrir brúkun þeirra, þá hefir samt sem áður enginn notað sèr tilboð þetta. En þar stjórnin kannast við, hversu áríðanda málefni þetta er innbúum Íslands, þá vil eg ekki undanfella að biðja herra amtmanninn um, að láta hlutaðeigandi sýslumenn og hreppstjóra í umdæmi því, sem yður er trúað fyrir, skora á innbúa umdæmisins, að þeir snúi sèr til landlæknis Hjaltalíns, sem hefir játað sig að vera fúsan á að leggja þeim ráð og leiðbeina þeim, eins og líka að láta þá hafa meðöl þau

1856. 19. maí. sem með þarf, og yrði þá um leið að skýra honum greinilega frá hvernig ástatt er á staðnum, um ásigkomulag sýkinnar og hversu yfirgripsmikil hún sè, o. s. frv.

Um leið og stjórnarráðið fulltreystir því, að herra amtmaðurinn muni veita þessu áríðanda málefni athygli og styðja það, vonast það á sínum tíma að fá nákvæmari skýrslu um, hvað gjört hefir verið að þessu og hvern árángur það hafi haft.

---

20. maí. **14. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um fæðíngarhús á Vestmannaeyjum.**

Með brèfi 15. desember f. á. var herra stiptamtmaðurinn beðinn að segja álit sitt um uppástúngu hins konúnglega heilbrygðisráðs, og útdrátt af skýrslu hèraðslæknis Davidsens fyrir árið 1850, viðvíkjandi því, að aptur yrði farið að brúka fæðíngarhús það á Vestmannaeyjum, sem á seinni tímum ekki hefir verið notað, og að það eptir uppástúngu hèraðslæknisins yrði þannig aukið, að aðrir sjúklíngar, en sængurkonur, einnig gætu fengið þar viðtöku. Um leið og þèr hafið sent álit landlæknisins Dr. med. Hjaltalíns um þetta efni, hafið þèr einnig látið meiníngu yðar í ljósi í brèfi 16. febrúar þ. á., og er hún einkanlega í því innifalin, að fæðíngarhús þetta aptur eigi að koma að notum, samkvæmt hinni upprunalegu tilætlun, og einkum þannig, að það sè í hvers eins valdi að nota sèr stofnun þessa kauplaust, þar þèr álítið að kostnaður sá, sem af henni rís, eigi að jafnast niður á alla eyjabúa; þèr hafið auk þessa fallizt á álit landlæknisins um, að ekki sè næg ástæða, nú sem stendur, að fallast á uppástúngu hèraðslæknis Davidsens.

Það er herra stiptamtmanninum kunnugt, hversu miklu hefir verið varið til að koma í veg fyrir hina hættulegu barnaveiki, ginklofann, á Vestmannaeyjum, og munu yður heldur ekki vera ókunnar hinar heppilegu afleiðíngar tilrauna Dr. Schleisners. Eptir burtför hans frá Íslandi lagaði stjórnarráðið með brèfum sínum til stiptamtmanns á Íslandi 12. maí 1849 og 22. júní 1850 mál þetta að öllu samkvæmt uppástúngu hans, og studdi

stjórnin auk þessa mest megnis að því, að húsið var byggt. Í hinu síðarnefnda bréfi lét stjórnin í ljósi þá meiníngu sína, að taka mundi mega fé það, sem þyrfti til þess framvegis að halda stofnuninni við, til meðala kaupa o. s. frv., sumpart af fátækrasjóðnum, sumpart með því að gjöra þeim hinum efnuðu að skyldu, að greiða fyrir konur þeirra og börn meðan í húsinu væri, og loksins með því að jafna niður á eyjarbúa, að svo miklu leyti þess gjörðist þörf. 1856. 20. maí.

Með þessum ráðstöfunum og með því árið 1853 að koma því til leiðar, að læknir var skipaður á Vestmannaeyjar, og var honum á hendur falin umsjón þessarar stofnunar, áleit stjórnarráðið, að það hefði að gjört það sem þurfti, til þess að tilgánginum með stofnaninni yrði náð; en hlutaðeigandi yfirvöld á Íslandi yrði sjálfsagt að sjá um það, sem nauðsynlegt væri til þess að fyrirætluninni yrði framgengt.

Stjórnarráðið hefir samt sem áður því miður orðið vart við, að svo lítur út, sem hlutaðeigendur hafi ekki sýnt þessu mikilvæga málefni þá athygli eða veitt því þá hjálp, sem það verðskuldar, því um hin seinustu 2 ár, og einkum síðan héraðslæknir sá, sem nú er, var skipaður þar, er engin skýrsla komin um framkvæmdir stofnunarinnar, en nú fyrst kemst maður að raun um, af hinni áður nefndu skýrslu til heilbrygðisráðsins, að stofnunin sè að öllu hætt starfa sínum, án þess maður verði þess var, að nokkur íslenzkur embættismaður hafi gjört nokkuð til þess að koma í veg fyrir hryggilegar afturfarir stofnunarinnar.

Svo stofnun þessi framvegis í þessu tilliti geti verkað með meira afli álítur stjórnarráðið réttast, að sýslumaðurinn og presturinn (eða kanske fremur aðstoðarprestur sá sem nú er þar, B. Jónsson) á Vestmannaeyjum sè ásamt héraðslæknirnum þar tilkvaddir, sem forstöðumenn að sjá um þessa stofnun, en síðan yrði forstöðumenn þessir að vinna skjótt að því, að stofnunin aptur taki til verka, samkvæmt ráðum þeim, sem Dr. Schleisner lagði á og sem stjórnarráðið í áðurnefndu bréfi 22. júní 1850 samþykkti. Stjórnarráðið væntir þar hjá, að forstöðunefndin muni verja áliti sínu til þess, með innilegum fortölum en án þess að beita kúgun, að koma innbúum eyjanna til að færa sèr

1856. 20. maí. í nyt stofnun þessa, sem hefir svo góðan tilgáng; en til þess að gjöra mönnum hægra fyrir, hefir stjórnarráðið, samkvæmt athugasemdum hèraðslæknisins og uppástúngum stiptamtmannsins, fallizt á, að enginn, og jafnvel ekki þeir sem efnaðir eru, greiði nokkra borgun fyrir að hagnýta sèr fæðíngarhúsið, og skal þá samkvæmt optnefndu brèfi dómsmálastjórnarinnar 22. júní 1850 greiða kostnaðinn á þann hátt, að til þessa sè varið afgánginum af tekjum fátækrasjóðsins á ári hverju, en því sem á kynni að bresta sè jafnað niður á eyjarbúa eptir niðurjöfnun sýslumannsins, og sè hún samþykkt af stiptamtmanni. Loks verður stjórnarráðið að mælast til við yður, að taka fram við forstöðunefndina, að hún á ári hverju sendi stiptamtmanni, en hann aptur stjórninnni, skýrslu læknisins um starfa og árángur stofnunarinnar á því ári, en eptirrit sendi hún landlækni.

Að endíngu verður stjórnarráðið að geta þess, að viðvíkjandi uppástúngu hèraðslæknisins um að rýmka stofnun þessa þannig, að aðrir sjúklíngar en sængurkonur einnig gætu fengið þar viðtöku, þá fellst stjórnarráðið á álit herra stiptamtmannsins og landlæknis Hjaltalíns um, að nú sem stendur sè ekki nægileg ástæða til að samþykkja nefnda uppástúngu.

---

23. maí. **15. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um að setja landsyfirrèttar dómara í undirdómara embætti.**

Með þóknanlegu brèfi herra stiptamtmannsins 26. febrúar þ. á. hafið þèr látið álit yðar í ljósi um uppástúngu þáverandi yfirdómara í hinum íslenzka landsyfirrètti, konferenzráds Þ. Sveinbjörnssonar, um að stjórnarráðið vildi úrskurða, að meðdómendur í landsyfirrèttinum framvegis ekki mættu takast á hendur sem settir að gegna hèraðsdómara störfum, að minnsta kosti ekki án þess að þeir fyrirfram komi sèr saman um það við yfirdómarann eða án hans leyfis.

Eg læt því ekki hjá líða að skýra yður frá til þóknanlegrar vitundar, að eins og stjórnarráðið ekki finnur ástæðu til,

að gjöra nokkra ráðstöfun fyrir hinum sèrstöku tilfellum, 1856.
sem tekin eru fram í ofannefndu brèfi, þareð ekki verður 23. maí.
álitið, eptir því sem þèr hafið skýrt frá, að breytt hafi verið móti því sem kanselíbrèf 27. febrúar 1838 skipar fyrir, þannig verða menn framvegis að hegða sèr eptir ofannefndum úrskurði kanselíisins, sem bannar að setja meðdómendur yfirdómsins í áður umgetin embætti, nema brýn nauðsyn krefi, og á þá yfirdómarinn ætíð að fá vitneskju um það.

---

16. Brèf **dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu um framfærslurètt fráskilinnar konu og óskilgetinna barna hennar.** 27. júní.

Með brèfi 19. apríl þ. á. hefir herra amtmaðurinn sent fylgiskjöl nokkur, er snerta spurníngu þá, sem sveitarstjórar í Torfustaða hreppi í Húnavatns sýslu hafa gjört, um það, að hve miklu leyti Katrín nokkur Benediktsdóttir, sem með dómi, upp kveðnum 2. marz 1847, að lögum er skilin við mann sinn Hjálmar Jónasson, ásamt tveimur óskilgetnum börnum hennar, sem hún hefir fædt eptir að hjónabandinu var slitið, eigi rètt til framfærslu í sömu sveit og maður hennar, nefnilega í áður nefndum Torfustaða hreppi, eða þá í þeirri sveit, hvar börnin eru fædd, það er að skilja í Vindhælis hreppi.

Útaf þessu efni læt eg ekki hjá líða til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsíngar að skýra yður frá, að eins og stjórnarráðið verður að vera herra amtmanninum samdóma í því, að áðurnefnd Katrín Benediktsdóttir, sem ekki hefir öðlazt nokkurn framfærslustað eptir að hjónabandinu var slitið, hljóti að eiga rètt til framfærslu í sveit þeirri, hvar maður hennar, sem hún er skilin frá, hafði framfærslu, þannig hljóta einnig óskilgetin börn hennar, sem bæði eru innan 16 ára, samkvæmt ákvörðunum þeim sem eru í 6. gr. í reglugjörðinni 8. janúar 1834, að eiga framfærslu í þeirri sveit, sem móðir þeirra á hana, og eiga þau þessvegna rètt til framfærslu í Torfustaða hreppi.

1856. 27. júní. **17. Úr brèfi dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um sölu áfengra drykkja.**

- - - Um leið hafi þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá því, að í Reykjavík seli þeir, sem ekki eiga með það, brennivín og aðra drykki í staupum, einkum verzlunarmenn í búðum, og hafið þèr útaf þessu stúngið uppá, að lögreglustjórnin gefi út opið brèf um að sala áfengra drykkja, til að drekka þar í stað, einúngis megi við gángast hjá þeim, sem til þessa hafa fengið leyfisbrèf amtmanns, en að þvílík sala með öllu sè bönnuð í búðum verzlunarmanna.

Þar nú aðferð sú, sem hèr ræðir um, er beinlínis gagnstæð tilskipun 13. júní 1787 2. gr. nr. 2, og þar álíta má, að ástæður þær, sem voru til þess, að ákvörðun þessi ekki hefir verið haldin í gildi, nú sè fallnar burtu, þareð nú, eins og herra stiptamtmaðurinn skýrir frá, er búið að byggja gestaherbergi og veitíngahús í Reykjavík, hvar bæði ferðamenn og aðrir geta fengið nægar veitíngar, og þareð loks hinar sèrstöku reglur í kansellíbrèfi 5. janúar 1788 einúngis eru gefnar fyrir hina dönsku kaupstaði, en geta ekki haft stað á Íslandi, er ekkert á móti því, að ofannefnd ákvörðun í tilskipun 13. júní 1787 eptirleiðis verði gjörð gildandi fyrir Reykjavíkur kaupstað, og að yfirvöld bæjarins auglýsi það, og er því herra stiptamtmaðurinn beðinn um að sjá fyrir því sem í þessu þykir við þurfa.

---

7. júlí. **18. Auglýsíng dómsmálastjórnarinnar, um að frakknesk skip, sem fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sèu undan þegin að greiða 2 rd. aukagjald það af hverju dönsku lestarúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl þ. á.**

Hèrmeð gefst til vitundar, að frakknesk skip, sem fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, eru með allrahæstum úrskurði

29. f. m. undan þegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju dönsku lestarúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl þ. á., sem birtur er með auglýsíng frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2. sama mánaðar. 1856. 7. júlí.

---

19. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur- umdæmunum um lækníngar „homöopatha". 19. júlí.

Með brèfi 11. f. m. hefir herra amtmaðurinn sent híngað eptirrit af tveim brèfum frá landlækni, Dr. Hjaltalín, þar sem hann kvartar yfir því, að homöopathar fást við lækníngar í tèðu umdæmi, og hefir hann einkum heimtað, að draga mætti skottalækna þá, sem fást við læknisaðferð homöopatha, fyrir lög og dóm fyrir heimildarlausar lækníngar þeirra og meðala sölu, og að öll meðöl homöopatha, sem finnast á norðurlandi, yrði gjörð upptæk, en þèr hafið beðið dómsmálastjórnina að segja fyrir, hvernig að eigi að fara í þessu efni.

Í tilefni af þessu læt eg ekki hjá líða að skýra yður frá, að þareð ekki hefir verið tekið til nokkurt það víst tilfelli, að lækníngar homöopatha hafi haft skaðlegar afleiðíngar eða að nokkurs manns lífi og heilsu af þeim hafi verið hætta búin, álítur stjórnin ekki, eptir því sem ástatt er, að amtið hafi haft nægar ástæður til að skipa að höfða mál móti hlutaðeigendum, og ekki er heldur ástæða til að gjöra upptæk meðöl þau, sem þeir kynni að hafa meðferðis, nema áður sè þau rannsökuð. Þareð samt sem áður menn þeir, sem hèr ræðir um, hvorki hafa vit á lækna störfum nè rètt til að gegna þeim, mun eflaust næg ástæða til þess, að svo miklu leyti unnt er, að hafa gætur á lækníngum þeirra, og að sjá um að meðöl þau, sem þeir brúka, verði skoðuð, og þessvegna hefi eg með brèfi í dag skipað landlækni Hjaltalín, að hann annaðhvort sjálfur, ef honum gefst tækifæri til þess, fari norður til að skoða meðöl þessi, eða þá láti hlutaðeigandi hèraðslækna gjöra það.

1856. 19. júlí. Að öðru leyti vonast stjórnarráðið þess, að herra amtmaðurinn hafi gætur á lækningum homöopatha í norður- og austur-umdæmunum, og að þèr, ef svo ber við að lífi og heilsu manna væri hætta búin, sjáið um, að hlutaðeigendum verði dregnir fyrir lög og dóm.[1]

---

12. septbr. **20. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins á Íslandi um uppboðssölulaun af fiska hlutum þeim, sem lagðir eru Kaldaðarness spítala.**

Með þóknanlegu brèfi 16. maí þ. á. hefir herra stiptamtmaðurinn og þèr, háæruverðugi herra, sent dómsmálastjórninni til úrlausnar brèf frá land- og bæjarfógeta, kansellíráði Finsen, í hverju hann beiðist þess, at sèr verði veitt vanaleg sölulaun fyrir að halda uppboð á fiskihlutum þeim, sem í Reykjavíkur kaupstaðar umdæmi og í Gullbríngu- og Kjósar sýslu falla undir Kaldaðarness spítala.

Um leið og eg get þess, að þetta mál, sem hèr ræðir um, að öðru leyti heyrir undir úrskurð dómstólanna, þar einkum er komið undir þýðíngu þá, er menn leggja í 20. grein í tilskipun 27. maí 1746 um spítala á Íslandi, verð eg þó útaf þessu að skýra frá til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsíngar, að það er álit dómsmálastjórnarinnar, að beiðanda verði ekki neitað um uppboðssölulaun, en sè þetta viðurkennt, þá er ekki í aukatekjureglugjörðinni 10. september 1830 nokkur heimild fyrir því, að honum einúngis beri lögskipuð sölulaun af upphæð þeirri sem kemur fram þegar öll boðin eru saman lögð, eins og herra stiptamtmaðurinn og þèr háæruverðugi herra hafi álitið, því sölulaun á að telja, eins og vant er, af öllum uppboðságóðanum.

---

1) Stiptamtmanninum á Íslandi var sama dag skrifað brèf líks innihalds, og hann beðinn að skýra landlækninum frá því, og láta svo stjórnina vita hvað gjört væri við þetta mál.

21. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um meðalasölu hèraðslækna á Íslandi. 1856. 3. nóvembr.

Eptir að dómsmálastjórnin hafði leitað álits amtmannsins í norður- og austur-umdæmunum um beiðni hèraðslæknisins í Húnavatns sýsla, Jósefs Skaptasonar, sem þèr senduð með brèfi 29. september f. á, um að sèr væri leyft að kaupa beinlínis í Kaupmannahöfn meðöl þau, sem hann þarf við lækníngar sínar, hefi eg með brèfi í dag beðið amtmann Havstein að gjöra nefndum lækni kunnugt, að það verði að standa við það sem sagt er fyrir í kansellíbrèfi 9. marz 1841, nefnilega að þvílíkt leyfi og það, sem um er beðið, ekki verði veitt.

Um leið og jeg skýri herra stiptamtmanninum frá þessu til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsíngar fyrir lyfsölumanni Randrup í Reykjavík, sem hefir kvartað yfir því við amtmanninn í norður- og austur-umdæmunum, að hèraðslæknir Skaptason á ári hverju láti senda sèr frá Kaupmannahöfn meðöl þau, sem hann selur bæði til lækníngа sinna og í handkaupum, hlýt eg, útaf uppástúngu þeirri, sem þèr hafið gjört í niðurlagi nýnefnds brèfs yðar 29. september f. á.: að harðlega væri brýnt fyrir lyfsölumönnum á Íslandi, að þeir ekki seli meðöl nema skipuðum læknum, eða þá eptir forsögnum þeirra, að bæta því við, að mèr hefir þótt mjög ísjárvert að gjöra nokkra ráðstöfun þar að lútandi, og yrði það ekki heldur með neinu móti gjört eins yfirgripsmikið og þèr hafið stúngið uppá, þar lyfsölumenn á Íslandi hafa rètt til, eins og lyfsölumenn í Danmörku, að selja einstök meðöl í handkaupum án forsagnar lækna.

---

22. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæmunum um leyfisbrèf fyrir skip sem sigla til Íslands. 8. nóvembr.

Í þóknanlegu brèfi 6. ágúst þ. á. hefir herra amtmaðurinn skýrt frá, að það hafi optar borið við, að skip verzlunarmanna

1856. 8. nóvembr. í Kaupmannahöfn hafa hleypt inn á aðrar hafnir á Norðurlandi enn á Akureyri, án þess að þau hafi haft leiðarbrèf þau, sem lögboðin eru, og að sýslumennirnir í slíkum kríngumstæðum, þegar skipin, skipstjórar og útgjörðarmenn skipanna hafa verið þeim kunnir, og þegar hin önnur lögboðnu skilríki hafa verið við, ekki hafa álitið að þurfa þætti að tálma affermíngu skipanna, en þarámóti látið sèr nægja, að leiðarbrèfin jafnvel mörgum dögum eptir affermínguna hafi verið keypt hjá sýslumanninum í Eyjafjarðar sýslu. Þareð slík aðferð, jafnvel þó þess hafi verið gætt að ríkissjóðurinn ekki biði neinn missi, kynni ef til vill þegar fram líða stundir að hafa óreglur í för með sèr, hefir herra amtmaðurinn þarhjá farið fram á, að skipað væri íslenzkum verzlunarmönnum, sem væri búsettir í Danmörku, þegar þeir senda skip beinlínis til annara hafna á Íslandi en þeirra hafna sem ákveðnar eru, að kaupa leiðarbrèf áður en þeir fara frá Danmörku, eða ef þeir senda skip til útlanda frá öðrum höfnum á Íslandi, og skipin eigi aptur að fara til Íslands, að þeir þá kaupi leiðarbrèf hjá hinum dönsku verzlunarfulltrúum erlendis.

Í tilefni af þessu læt eg ekki hjá líða þjónustusamlega að skýra frá, að þareð það samkvæmt 5. gr. í lögum 15. apríl 1854 er leyft að kaupa íslenzk leiðarbrèf á þeim 6 verzlunarstöðum, sem getið er um í 2. gr. nýnefndra laga, getur skipan sú, sem herra amtmaðurinn hefir stúngið uppá að gefin væri íslenzkum verzlunarmönnum, ekki átt sèr stað; aptur á móti mun tilgánginum bezt verða náð með því, að stránglega sè gætt þeirrar skyldu, sem er lögð sýslumönnum á herðar, nefnilega ekki að leyfa affermíngu skipsins, fyr en þeim hefir verið sýnt leyfisbrèfið eða það hefir verið keypt, og það er því beiðni mín til herra amtmannsins, að þèr vildið brýna það fyrir hlutaðeigandi sýslumönnum, að þeir gæti nákvæmlega reglna þeirra, sem um þetta eru gefnar í lögunum.

23. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um, að skip sem eiga heima í konúngsríkinu Sikileyjum og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sè undan þegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju dönsku lestarúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl þ. á. 1856. 19.nóvemb.

Eptir samníngum sem gjörðir eru milli konúngsríkisins Danmerkur og konúngsríkisins Sikileyja, og skipt er um á víxl þeirra á milli þann 4. f. m., eru þau skip, sem eiga heima í síðarnefndu konúngsríki og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, undanþegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl þ. á., sem birtur er með auglýsíng frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2. sama mánaðar.

Þetta gefst hèrmeð öllum hlutaðeigendum til vitundar.

---

24. Opið brèf um það, hvernig greiða skuli kostnað þann, er þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglíngar og verzlun á Íslandi. 24.nóvemb.

Vèr Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþíngis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs um það, hvernig greiða skuli kostnað þann, er þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglíngar og verzlun á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Kostnað þann, er leiðir af þeim ráðstöfunum, sem gjöra þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglíngar og verzlun á Íslandi, skal greiða í hverju amti úr jafnaðarsjóði amtsins.

2. gr. Áður en það verði fast ákveðið, að sú eða sú ráðstöfun sè nauðsynleg, skal bera það mál undir alþíngi, en stjórnin áskilur sèr rètt til að skera úr því til bráðabyrgða, og skal þá

1856. 24.nóvemb. greiða kostnað þann, er af því rís, á þann hátt, sem fyrr er getið.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

---

11. desemb. **25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um styrk úr jafnaðarsjóði suður-umdæmisins til að kaupa fyrir meðöl handa holdsveikum í Gullbríngu sýslu.**

Um leið og herra stiptamtmaðurinn hefir sent dómsmálastjórninni skýrslu frá landlækninum á Íslandi, Dr. med. Hjaltalín, um holdsveika í Stranda og Rosmhvalaness hreppum í Gullbríngu sýslu, hafið þèr í þóknanlegu brèfi 10. júní þ. á. skýrt frá því, að þèr í tilefni af því, sem landlæknirinn hefir sagt um að meðöl þau, er lögð eru fátækum, væri ónóg í þessu læknis-umdæmi, hafi skrifað hlutaðeiganda sýslumanni um, að skipa sveitastjórunum að gefa holdsveikum mönnum þeim, sem ekki geta sjálfir borgað meðöl þau, sem læknirinn hefir ráðlagt þeim að brúka, skrifleg skýrteini til lyfsölumannsins um, að meðöl þau, sem þeir samkvæmt fyrirsögn læknisins biðja um, verði borguð af hlutaðeiganda sveitarsjóði. En þareð gjöra má ráð fyrir, að þvílík viðbót við sveitarútgjöldin yrði býsna mikil, og fyrir Rosmhvalaness hrepp, hvar skýrslan segir að sè 27 holdsveikir, svo þúngbær, að hinir fáu menn, sem í þessum hreppi leggja til sveitar, ekki muni geta goldið það sem þarf til sveitarinnar, nema sjálfir að verða bláfátækir, hefir herra stiptamtmaðurinn þarhjá stúngið uppá, að amtinu fyrst um sinn væri heimilað vald á að verja allt að 80 rd. á ári úr jafnaðarsjóðinum til meðalakaupa handa fátækum holdsveikum mönnum, einkum í Rosmhvalaness hreppi, en vitnisburðir læknis og sveitastjórnarinnar væri sönnun fyrir þessum útgjöldum.

Stjórnin verður nú, eptir því sem ástatt er, að fallast á

þessa uppástúngu herra stiptamtmannsins, og vonar stjórnin einnig 1856.
á ári hverju eptir skýrslu um upphæð á því, sem í nefndu 11. desemb.
augnamiði er goldið úr jafnaðarsjóði umdæmisins handa sèr-
hverjum hreppi.

---

1. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi, með breytíngum, lög 5. apríl 1850, um að útlendir gyðíngar megi setjast að í ríkinu. 1857. 6. janúar.

Vèr Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþíngis, um að gjöra gildandi á Íslandi með breytíngum, lög 5. aprílm. 1850, um að útlendir gyðíngar megi setjast að í ríkinu, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Eins og það er innlendum gyðíngum heimilt að setjast að á Íslandi, eins mega einnig útlendir gyðíngar taka sèr þar bólfestu, án þess að vera þeirra þar á landi sè bundin öðrum takmörkum, en þeim, sem eiga sèr stað um veru annara útlendra manna.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

---

2. Tilskipun um breytíng á tilskipun 8. marzm. 1843, viðvíkjandi kosníngum til alþíngis. 6. janúar.

Vèr Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþíngis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um breytíng á tilskipun 8. marzm. 1843, viðvíkjandi kosníngunum til alþíngis, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Kosníngarrètt til alþíngis skulu hèr eptir eiga:

a) allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra

1857. 6. janúar.

stètta; þó skulu þeir, sem með sèrstaklegu lagaboði kynni að vera undanskildir þegnskyldugjaldinu, ekki fyrir það missa kosníngarrètt sinn;

b) embættismenn, sem annaðhvort hafa konúnglegt veitíngarbrèf, eða eru settir af stiptsyfirvöldunum á Íslandi;

c) þeir sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, þó ekki sè þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir;

d) kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 4 rd. árlega;

e) þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar eða bæjarþarfa að minnsta kosti 6 rd. árlega.

Þar að auki getur enginn átt kosníngarrètt, nema hann hafi þá hæfilegleika til að bera, sem til eru teknir í tilskipun 8. marzm. 1843, 4. gr., og hefir einnig, þegar kjósa skal, verið heimilisfastur í kjördæminu í eitt ár. Ekki getur heldur sá átt kosníngarrètt, sem þiggur af sveit eða hefir tekið sveitarstyrk, nema hann sè annaðhvort endurgoldinn eða gefinn honum upp.

2. gr. Kjörgengur til alþíngis er hver sá, sem kosníngarrètt hefir samkvæmt 1. gr., ef hann, auk þeirra hæfilegleika, lútandi að honum sjálfum, sem taldir eru í tilskipun 8. marzm. 1843, 4. og 5. greinum, enn fremur fullnægir þeim kröfum, sem gjörðar eru í nýnefndri 5. grein Nr. 1, 4 og 5. Þó má þann kjósa, sem á heimili utan kjörþíngis, eða verið hefir í því skemur en eitt ár.

3. gr. Prestur hver skal með hreppstjórum eptir ráðstöfun kjörstjóra semja nákvæma skýrslu yfir alla þá menn í sóknum hans, sem kosníngarrètt hafa og kjörgengir eru eptir framan greindum reglum. Skal skrá þessi fyrst tilgreina þá, sem kosníngarrètt hafa, með nöfnum, aldri, stètt og heimili, og síðan þá aðra, sem kjörgengir eru. Í Reykjavík skulu dómkirkjupresturinn og forstjóri bæjarfulltrúanna semja skrá þessa, og þegar sveitarstjórn kemst á í Íslandi, skal forstjóri hreppsnefndarinnar hafa þessa sýslu á hendi ásamt prestinum, eða, ef presturinn er forstjóri hreppsnefndarinnar, með öðrum manni úr hreppsnefndinni, sem til þess er kjörinn.

4. gr. Þegar nafnaskrár þessar eru samdar, skal kjörstjóri með þeim 2 mönnum, er hann samkvæmt tilskipun 8. marzm. 1843, 16. gr., kveður sèr til aðstoðar í kjörstjórninni, rannsaka þær og leiðrètta, ef þörf er á, og skal síðan semja aðalskrá yfir alla þá menn, sem kosníngarrètt eiga og kjörgengir eru í gjörvöllu kjördæminu, eins og til er greint í tilskipun 8. marzm. 1843, 18. gr. Að öðru leyti skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í tilskipun 8. marzm. 1843 um það, hvernig leggja eigi fram kjörskrárnar og skera úr mótmælum gegn þeim, og að endíngu leiðrètta þær. Þar á móti fellur sú ákvörðun úr gildi, sem gefin er seinast í 23. gr. í nefndri tilskipun, um að senda skrá yfir þá, sem kjörgengir eru, til hinna annara kjörstjóra í amtinu. 1857. 6. janúar.

5. gr. Enginn má kjósa þann, sem utan kjörþíngis býr, nema það sè sannað fyrir kjörstjórum, að hann sè kjörgengur og vili takast kosnínguna á hendur í því kjördæmi og engu öðru.

6. gr. Sèrhver sá, sem til kosníngа gengur, skal nefna þann með nafni, sem hann kýs til aðalþíngmanns, og eins þann, er hann kýs til varaþíngmanns.

7. gr. Enginn er rètt kjörinn aðalþíngmaður eða varaþíngmaður nema því að eins, að hann hafi hlotið meira en helmíng allra þeirra atkvæða, sem greidd eru á kjörþínginu. Fái enginn svo mörg atkvæði, skal aptur kjósa óbundnum kosníngum; fái þá enn enginn meira en helmíng atkvæða, skal kjósa enn á ný, en að eins milli þeirra tveggia, sem við hina seinni kosníngu höfðu flest atkvæði. Sè svo, að fleiri en tveir hafi við aðra kosníngu fengið jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða milli þeirra; sama er um, ef tveir við þriðju kosníng fá jafnmörg atkvæði.

8. gr. Skaptafells-sýslu skal hèr eptir vera skipt í 2 kjördæmi, eptir sömu merkjum, sem henni híngað til hefir verið skipt í tvo kjörhluta. Hvort um sig af þessum kjördæmum kýs einn alþíngismann og einn varaþíngmann. Sýslumaðurinn er kjörstjóri í hvorutveggja kjördæmi.

9. gr. Að öðru leyti stendur við það, sem fyrir er mælt í tilskipun 8. marzm. 1843 um kosníngar til alþíngis.

1857. 6. janúar. 10. gr. Tilskipun þessi fær gildi þegar kjósa skal í næsta skipti, eptir að kosníngartími hinna núverandi alþíngismanna er um liðinn.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

Ástæður fyrir tilskipun þessari.

Eptir að frumvarp til tilskipunar um breytíngu á tilskipun 8. marz 1843, viðvíkjandi kosníngum til alþíngis, hafði verið lagt fyrir alþíng árið 1855, og rædt á lögboðinn hátt, lèt þíngið allraþegnsamlegast í ljósi álit sitt um þetta frumvarp, og viðurkenndi um leið í einu hljóði með allraþegnsamlegastri þakklátsemi, að frumvarpið í öllum verulegum atriðum væri uppfylling af óskum og vonum þíngsins 1853. þíngið beiddi því um, með 20 atkvæðum gegn 1, að frumvarp þetta með nokkrum breytíngum og viðaukum mætti fá lagagildi fyrir Ísland, og stakk því uppá:

1) með 12 atkvæðum gegn 9:
að í 1. gr. staflið *a* í stað orðanna: „til ríkissjóðsins" væri sett: „til allra stètta".

Þó orðatiltæki þessi bæði innibindi í sèr hið sama, þar sem enginn sá geldur gjöld til allra stètta, sem ekki ásamt geldur nokkuð til ríkissjóðsins, áleit þíngið engu að síður að rèttara væri að skipta um þau, þar orðin „til allra stètta" eru öllum gjaldþegnum kunn frá alda öðli, en hin orðin ekki, og gæti því hæglega skeð, að þeir þar við sameini allt aðra hugmynd, en þá rèttu.

2) með 15 atkvæðum gegn 6:
að við enda stafliðsins væri bætt: „þó einhverir sökum sèrstaklegra lagaboða sè undanskildir þegnskyldugjaldinu, missa þeir ekki kosníngarètt sinn fyrir það".

Þessum viðbæti stakk þíngið uppá í því skyni, að ekki yrði útilokaðir frá kosníngum hreppstjórar og gamlir stúdentar, sem með sèrlegri löggjöf eru þegnskyldugjaldi undan þegnir.

3) með 16 atkvæðum gegn 5: 1857.
að orðin: „og þurrabúðarmenn" í staflið *d* í 1. gr. sè tekin 6. janúar.
burt, og að sömuleiðis orðin: „og standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk", í sama staflið, falli úr.

Þessar uppástúngur þíngsins fljóta beinlínis af því, sem þíngið stíngur uppá undir staflið 4 og 5.

4) sömuleiðis með 16 atkvæðum gegn 5:
að nýjum staflið væri bætt inn í greinina, svo hljóðandi: „*e*) þúrrabúðarmenn, sem að minnsta kosti gjalda til sveitar eða bæjar þarfa 6 rd. árlega".

5) með 17 atkvæðum gegn 4:
að við enda 1. greinar væri bætt, sem almennum kjörkosti: „og þar að auki hvorki þiggur af sveit, nè stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk".

6) með 14 atkvæðum gegn 7:
að byrjun 4. greinar væri orðuð þannig: „þegar nafnaskrárnar eru samdar, skal kjörstjóri, með þeim 2 mönnum, er hann samkvæmt tilskipun 8. marz 1843 gr. 16 kveður sèr til aðstoðar í kjörstjórninni, rannsaka þær" — o. s. frv.

Með þessari breytíngu vildi þíngið koma í veg fyrir, að kjörstjórar gæti kvadt sèr til aðstoðar við rannsökun nafnaskránna aðra en þá, sem síðan takast í kjörstjórnina með kjörstjóranum. Þíngið áleit, að þetta væri ekki meiníng frumvarpsins, en þareð það væri ekki ljóst, og þareð þínginu þótti æskilegt, að öll kjörstjórnin sè frá upphafi kunnug öllu því, sem fram fer kosníngum viðvíkjandi, hèlt þíngið að fallast ætti á orðabreytíngu þessa.

7) með 17 atkvæðum gegn 4:
að upphaf 7. greinar til enn meiri skýríngar orðist þannig: „Enginn er rètt kjörinn aðalþíngmaður eða varaþíngmaður, nema", o. s. frv.

8) með 13 atkvæðum gegn 7:
að til þess að koma í veg fyrir, að kjördæmin nokkurn tíma missi af þíngmanni, væri á milli 7. og 8. greinar frumvarpsins sett ný grein þannig orðuð: „Hvenær sem hvort heldur aðalþíngmaður eða varaþíngmaður, sem hefir gengizt

1857. 6. janúar. undir kosníngar, deyr, algjörlega forfallast, missir þíngsetu, eða segir henni af sèr, þá skulu tafarlaust nýjar kosníngar fram fara til að kjósa þíngmann í hans stað".

Viðvíkjandi þessum uppástúngum alþíngis gjörði stjórnarráðið þá athugasemd, að þær sem taldar eru undir staflið 1, 2, 3 síðasta hluta, 5, 6 og 7, væru að álíta sem orðabreytíngar, og þó frumvarpið naumast yrði mikið bætt við þær, áleit stjórnin þó enga ástæðu til að vera þeim mótfallinn, og mælti hún því fram með þeim, þó á þann hátt, að viðaukar þeir, sem taldir eru undir staflið 2 og 5, væri þannig orðaðir, að þeir ætti betur við, en ef farið væri eptir orðaskipun alþíngis.

Aptur á móti þótti uppástúnga alþíngis í staflið 4, samanborin við staflið 3 fyrri hluta, verulegri. Þíngið hefir hèr nefnilega ítrekað uppástúngu sína, sem það gjörði 1853, um að þurrabúðarmenn ætti að gjalda til sveitar 6 rd. til þess að hafa kosníngarètt, þar sem frumvarpið hafði ekki stúngið uppá meira en 4 rd. Alþíngi hefir þessu viðvíkjandi getið þess, að eins og nefndin, sem sett var 1853 um þetta málefni, ekki hafi viljað veita þurrabúðarmönnum kosníngarètt, eins hafi nefndin, sem nú var sett í málið, fundið það ísjárvert, að veita þurrabúðamönnum kosníngarètt með sömu kjörum og borgurum verzlunarstaðanna, þar fleiri af þurrabúðamönnum eru þángað komnir úr ýmsum hèruðum landsins, og sumstaðar, t. a. m. í Reykjavík, væri fjöldi þeirra svo mikill (140 : 60), að óttast mætti fyrir, að þeir kynni hafa allt of mikla verkun á kosníngarnar, ef þeirra kjör-kostum væri ekki að öðru leyti meira þraungvað, en borgaranna.

Konúngsfulltrúinn hefir sett sig á móti, að þessi uppástúnga væri tekin til greina, og hefir hann einkum tekið fram, að bæði væri það óeðlilegt og ósanngjarnt að þurrabúðamenn, sem eru minna metnir og fjáðir en kaupstaðaborgarar, skyldu gjalda meira til sveitar til þess að hafa kosníngarètt. Það var einnig þessi skoðun, og svo það, að flestum þurrabúðamönnum mundi verða bægt frá kosníngarètti, ef ákveðið væri að þeir skyldu gjalda 6 rd., sem á sínum tíma kom innanríkisstjórninni til að stínga uppá því, að upphæðin væri lækkuð til 4 rd. En

þareð þingið optar, og nú með 16 atkvæðum gegn 5, hefir staðið fast á, að kjörkostum þurrabúðamanna væri þraungvað á þenna hátt, þótti stjórninni ekki næg ástæða til að fella þessa uppástúngu, þar svo liti út, sem þínginu þætti svo mikið í hana varið. 1857. 6. janúar.

Þar sem alþíng í staflið 8 hafði stúngið uppá, að nýjar kosníngar skyldu fram fara, þegar annaðhvort aðalþíngmaður eða varaþíngmaður gengi úr, þá varð stjórnin að vera konúngsfulltrúa samdóma í því, að þessi ákvörðun, sem einnig sætti mótmælum af þíngsins hálfu, þar ekki var fallizt á hana nema með 13 atkvæðum gegn 8, með engu móti ætti við í tilskipuninni, því eptir því sem ástatt er á Íslandi mundi af því leiða mikið ómak og tímaspillir fyrir þá sem kjósa eiga, eins og það einnig hefði mikinn kostnaðarauka í för með sèr.

---

3. Opið brèf, um að stofna byggínganefnd á verzlunarstaðnum Akureyri. 6. janúar.

Vèr Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþíngis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs um að stofna byggínganefnd á verzlunarstaðnum Akureyri, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Á verzlunarstaðnum Akureyri skal stofna byggínganefnd. Í henni skulu vera þessir menn: sýslumaðurinn í Eyjafjarðar sýslu, tveir menn af íbúum verzlunarstaðarins, er kosnir sè, með umsjón sýslumannsins, af þeim er lóð eiga á verzlunarstaðnum, og enn tveir af íbúum verzlunarstaðarins, er amtmaðurinn álítur til þess hæfa; og á hann öðrum fremur að nefna til þessa þá menn, er bera skyn á húsasmíði, ef til eru.

2. gr. Sèrhver sá, sem náð hefir fullum lögaldri, og hefir óflekkað mannorð, og ekki er sviptur umráðum fjár síns, á rètt á því að taka þátt í kosníngu til byggínganefndarinnar, og er kjörgengur til hennar, ef hann á trèhús eða steinhús (kaupstaðarhús) á lóð verzlunarstaðarins; þó mega verzlunarstjórar kjósa

1857. 6. janúar.

og verða kosnir, þegar kaupmaðurinn sjálfur er fjærverandi, þó þeir eigi sjálfir sè húseigendur.

3. gr. Nefndarmenn skulu hafa starf sitt á hendi í 6 ár, hvort heldur þeir eru kosnir af íbúum verzlunarstaðarins eða tilkvaddir af amtmanninum; þó skal annar af þeim, sem kosnir verða fyrsta sinn, fara frá eptir 3 ár, og skal það fara eptir samkomulagi, hver fyrir því verður, en ella hlutkesti ráða.

Ef nokkur fer frá, einhverra hluta vegna, áður en 6 ár eru liðin, skal sá, sem kosinn er eða tilkvaddur í hans stað, að eins hafa starf sitt á hendi þann tíma, sem hinn átti eptir í nefndinni, þegar hann fór frá.

4. gr. Nefnd þessi á hèr eptir, samkvæmt tilskipun 17. nóvemberm. 1786, 5. gr., að taka til húsastæði til allra nýrra húsa er byggja skal, svo og til garða, ef enn virðist vera rúm fyrir þá á lóð verzlunarstaðarins, og einnig til jurtagarða, en til þeirra má þó að eins taka brekkuna. Til þessa þarf eptirá að fá samþykki hjá amtmanni. Síðan lætur sýslumaður mæla hlutaðeigendum út lóðir þessar; eiga þeir svo að umgirða þær og nota innan tveggja ára; annars falla þær aptur til verzlunarstaðarins.

Til þess verzlunarstaðurinn hèr eptir geti orðið bygður eptir ákveðinni reglu, ber nefndinni enn fremur með samþykki amtmannsins að ákveða, hvar auð svæði megi vera, og hvar leggja skuli strætin; á sýslumaðurinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslu um þær lóðir, er hann einn hefir áður mælt út; skal svo nefndin rita þær í sèrstaka bók, og svo lóðir þær er hún sjálf úthlutar. Kostnað þann, sem leiðir af því að útvega bók þessa, og aðrar þær embættisbækur, er nefndinni kynni þykja við þurfa til að rita í gjörðir sínar og brèf, skal til bráðabyrgða greiða úr jafnaðarsjóði amtsins, þángað til verzlunarstaðurinn sjálfur kann að eignast sjóð útaf fyrir sig.

5. gr. Til þess að koma á betri reglu um húsabyggíngar á verzlunarstaðnum, og komast hjá hættu af húsbruna, ber nefndinni að gæta þess, er nú skal greina:

A. Ef nefndinni þykir þurfa að breiðka eitthvert stræti, eða þoka einhverju eldra húsi aptur á við, til betri varnar við

húsbruna, eða til að fá greiðari veg um verzlunarstaðinn, þá skal sérhver sá, sem úthlutuð hefir verið óbyggð lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þykir til þess strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, er húsið á, vera skyldur til, þegar hann byggir upp húsið á ný, að færa það aptur á við eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það af verzlunarstaðnum; skal nefndin, með samþykki amtmannsins, meta það eptir stærð og verði alls byggíngarsvæðisins, og rírnun þeirri, sem það hefir orðið fyrir, við það að af því hefir verið tekið, eður hús flutt aptur á við, og jafna því niður á innbúa verzlunarstaðarins þannig, að helmíngurinn komi á hina eiginlegu húseigendur, eptir flatarmáli húsa þeirra, en helmínginn greiði allir þeir, er lóð hafa fengið úthlutaða, eptir stærð lóðar þeirrar, er hver hefir fengið, án þess tillit sé haft til þess, til hvers hún hefir verið notuð. 1857. 6. janúar.

B. Þess ber grandgæfilega að gæta, þá er bygð eru ný hús, þar sem áður var autt svæði, að þau hvergi nái saman við hús þau, sem í grend eru, og skal ávallt vera 10 álna autt svið frá hinu nýja húsi að næsta húsi í grend við það; þó má á þessu svæði byggja grindur eður aðrar girðíngar, þær er skjótlega mætti niður brjóta, ef húsbruni kæmi fyrir.

C. Þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarkalínu þess út til strætisins, og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggíngarlag hússins bæði að utan og innan, til tryggíngar mót húsbruna. Um þetta skal síðan leita samþykkis amtmanns. Enn fremur ber nefndinni að gæta þess svo sem verður, að iðnaðarmenn þeir, er hafa þá atvinnuvegi, er óttast mætti að hljótast kynni húsbruni af, fái hússtæði á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgjörðum á húsum, og gæta þess nákvæmlega, að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði grant reglum þeim, sem þeim eru settar.

D. Sérhver sá sem ætlar að byggja hús af nýju, eða gjöra talsverðar umbætur á því, á, áður en hann byrjar á því, að gefa nefndinni það til vitundar, og fá skriflegar ákvarðanir hennar,

1857. 6. janúar. er sè samþykktar af amtmanni, um það, hvort hann megi byggja, og eptir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C hèr á undan.

E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði, áður en þessa sè gætt, þá á bæði hann og meistari sá, er á hlut að máli, að greiða í bætur frá 5 rdl. til 25 rdl. til fátækra á þeim stað, eptir úrskurði lögregludómsins; hinn fyr nefndi verður einnig að sæta því, að húsið sè rifið niður á hans kostnað, að því leyti sem það eigi er lagað eptir þeim reglum, sem nefndin álítur að fylgja hefði átt við smíðið; og skal sýslumaður, ef hann kemst að því, að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það hefir eigi verið útvegað, undir eins banna að halda því áfram, Sömu bætur skal sá og greiða, sem að öðru leyti gjörir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin eða amtmaðurinn hefir sett honum um byggíngu eða viðgjörð húsa, samkvæmt því sem hèr að framan er ákveðið; þó má eptir málavöxtum lækka bæturnar allt að 2 ríkisdölum; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eptir reglum þeim er settar voru.

6. gr. Það sem á kveðið er í reglugjörð þessari skal einnig gilda um hús þau á lóð verzlunarstaðarins, sem eru byggð með torfþaki og torfveggjum, og jurtagarða þá, er til þeirra heyra, að því leyti sem það getur við átt.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

Ástæður fyrir þessu opna brèfi.

Með úrskurði 18. maí 1855 fèllst konúngur á, að frumvarp til opins brèfs um að stofna byggínganefnd á verzlunarstaðnum Akureyri væri lagt fyrir alþíng það ár, og sagði þíngið álit sitt um það á lögskipaðan hátt.

Í áliti sínu stakk þíngið í einu hljóði uppá, að frumvarp það, sem hèr ræðir um, yrði óbreytt gjört að lögum, en þó

með 11 atkvæðum gegn 10, með þeim viðauka, að á milli 2. og 3. greinar frumvarpsins væri bætt inn í nýrri grein svo hljóðandi: 1857. 6. janúar.

„Sá, sem er kosinn nefndarmaður af íbúum verzlunarstaðarins, hefir starf sitt á hendi um 4 ár, þó þannig, að af þeim, sem kosnir verða fyrsta sinn, fer annar eptir hlutkesti frá eptir 2 ár, og skal hlutkesti ráða, hvor fyrir því verður.

Sömuleiðis skulu þeir nefndarmenn, sem kvaddir eru af amtmanni, hafa á hendi störf sín í 4 ár; en af þeim, sem kvaddir verða í fyrsta sinn, fer annar frá eptir hlutkesti að 2 árum liðnum."

Þareð starf það, sem byggíngarnefndinni var ætlað, eptir því sem sannað var, ekki er mikið, og þareð það var tilgángur stjórnarinnar, að lagaboð þetta yrði svo stutt og einfalt sem unnt væri, þótti þess ekki þörf í frumvarpinu að taka upp slíka ákvörðun; en þareð alþíng nú, jafnvel þó það væri með mjög litlum atkvæðamun, hefir stúngið uppá, að inn í frumvarpið væri bætt nýrri grein þess innihalds, sem hèr að ofan segir, og þareð alþíng sem ástæðu fyrir þessum viðbæti hafði tilfært, að vera kynni að kosníngar í fyrsta sinni ekki færi vel fram, og að menn því vildi breyta því seinna meir, áleit dómsmálastjórnin að hún ætti að mæla fram með því við konúng, að ákvarðan þessi í öllu verulegu yrði staðfest, einkum þareð konúngsfulltrúi einnig hafði fallizt á hana. Það þótti samt sem áður mega álíta, að 4 ár væri of stuttur tími fyrir nefndarmenn að hafa starfa þenna á hendur, einkum með tilliti til þess, að þeir ekki gætu fengið nægilega þekkíng og reynslu, þar svo lítið mundi verða að starfa, og stjórnarráðið stakk því upp á, að tími þessi yrði lengdur um 2 ár. Það þótti að öðru leyti sjálfsagt, að kjósa mætti aptur nefndarmenn þá, sem frá væri farnir, þó ekki væri ákvarðan um þetta í lagaboðinu, sem alþíng heldur ekki hafði stúngið uppá; en nauðsynlegt þótti að bæta því við, að sá sem kosinn væri í stað einhvers nefndarmanns, sem annaðhvort deyr eða flytur sig burt áður tími sá er úti, til hvers hann er kosinn, einúngis skuli hafa starfa

1857. 6. janúar. þann á hendur um þann tíma, sem hinn átti eptir, því annars væri hætt við, að fleiri en einn nefndarmaður færi frá í einu, og væri það beinlínis móti því sem til var ætlazt.

---

21. janúar. **4. Lög um skrifstofupeninga handa amtmönnunum og landfógetanum á Íslandi.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Lög þessi hefir ríkisþingið fallizt á og Vèr staðfest með samþykki Voru:

Frá 1. dag aprílmán. 1857 fær stiptamtmaðurinn og amtmennirnir á Íslandi þessa skrifstofupeninga:

stiptamtmaðurinn	1200 rd.
amtmaðurinn í norður- og austuramtinu. . .	600 -
amtmaðurinn í vesturamtinu	550 -

Frá sama tíma fær landfógetinn á Íslandi til skrifstofuhalds . . . . . 300 -.

Greiða má út kostnað þann sem rís af lögum þessum á ríkisfjár-árinu 1857—1858.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

---

14. marz. **5. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um sóttvarnarhald á Íslandi á skipum frá Norvegi.**

Utanríkisstjórnin hefir sent fyrirspurn um, hvort skip frá Kristjánssandi í Norvegi, hvar bólusótt nú sem stendur gengur, geti legið í sóttvarnarhaldi á Íslandi ef á þyrfti að halda. Í tilefni af þessu hefir dómsmálastjórnin sent utanríkisstjórninni

hin helztu lagaboð um sóttvarnarhald á Íslandi, nefnilega til- 1857.
skipun 8. febrúar 1805, opið brèf 20. júní 1838 og umburðar- 14. marz.
brèf 5. júlí 1851, og um leið beðið um að lagaboð þessi yrði send hlutaðeigandi verzlunarfulltrúum í Norvegi til hliðsjónar við skip þau, sem kynni að taka leyfisbrèf til Íslands.

Þetta vil eg ekki undan fella að skýra herra stiptamtmanninum (amtmanninum) frá til þóknanlegrar vitundar.

---

6. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu um lögreglugæzlu á Akureyri. 21. marz.

Með þóknanlegu brèfi 11. júní f. á. hafið þèr herra amtmaður sent dómsmálastjórninni álit sýslumanns Briems, um þá uppástúngu yðar, viðvíkjandi lögreglugæzlu á verzlunarstaðnum Akureyri, sem stjórnin hafði beðið um í brèfi sínu 20. febrúar s. á., og sem var þess innihalds, að það fyrst um sinn, meðan sýslumaður Bríem hefir embætti það sem hann nú er í, væri gjört honum að skyldu, að útvega sèr fulltrúa; og skyldi þá amtmaður setja þenna mann til þess, sýslumannsins vegna og þannig að hann hefði alla ábyrgð af, að sjá um allt það sem með þarf þegar skip frá útlöndum koma til Íslands og að hafa vanalega lögreglugæzlu í verzlunarstaðnum, eins og einnig að gjöra þau hin önnur embættisverk, sem lögin leyfa að megi trúa slíkum fulltrúa fyrir, og skyldi fulltrúinn fyrir þenna starfa sinn fá 50 rd. úr jafnaðarsjóði amtsins, en að öðru leyti ætti hann kaup hjá sýslumanninum, eptir því sem þeim semdi um.

Þareð nú opið brèf 24. nóvember f. á. ákveður, að kostnað þann, er leiðir af þeim ráðstöfunum, sem gjöra þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglíngar og verzlun á Íslandi, skuli greiða í hverju amti úr jafnaðarsjóði amtsins, læt eg ekki hjá líða að skýra yður frá til þóknanlegrar vitundar og frekari

1857. 21. marz. auglýsingar fyrir sýslumanni Bríem, að þareð hann hefir lýst því yfir, að hann ekki hefði nokkuð ámóti því, má fyrst um sinn í þessu efni fara eptir uppástúngu herra amtmannsins; en fari nú svo, að þessu ekki verði komið við, sökum þess að enginn á verzlunarstaðnum Akureyri sè til þessa hæfur, þá skal framvegis fyrst um sinn haga lögreglugæzlunni á Akureyri á sama hátt og á hinum tveim síðustu undanförnu árum.

---

31. marz. **7. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um meðalasölu „homöopatha".**

Eins og herra stiptamtmaðurinn mun komast að raun um af viðlögðu eptirriti af brèfi landlæknis Dr. Hjaltalíns, hefir embættismaður þessi, einkum í tilefni af skýrslum þeim frá læknum í norður- og austur-umdæmunum, sem til hans hafa verið sendar, og svo í tilefni af umkvörtunum lyfsölumannanna í Reykjavík og á Akureyri, kvartað yfir því, hversu skottulækníngar homöopatha fari í vöxt í tèðum umdæmum; auk þessa hefir hann kvartað yfir ólögmætri meðalasölu homöopatha, sem þessu sè samfara, eins og einnig yfir því, að amtmaðurinn í tèðum umdæmum á að gizka ekki hafi veitt sèr nægilega aðstoð í þessu máli. Hann hefir þarhjá skýrt frá, að ekki sè sèr hægt að fullnægja þeirri skipun dómsmálastjórnarinnar í brèfi 19. júlí f. á., að hann sjálfur færi norður til þess að rannsaka meðöl homöopatha, og að þesskonar rannsókn ekki geti átt sèr stað þar nyrðra, sökum þess að vanti áhöld sem til þess þurfi, og hefir hann því beðizt þess, ef móti von hans framvegis eigi að líða homöopöthum skottulækníngar þar í landi, og ef þeir, eins og til þessa, eigi að hafa rètt til tálmunarlaust að kaupa meðöl sín í Danmörku eða útlöndum, að þá yrði gjört þeim að skyldu að sýna landlækninum í Reykjavík meðöl þessi, og væri þá sjálfsagt að hann ætti rètt á að rannsaka þau.

Eptir ósk landlæknisins í niðurlagi brèfs hans, hefir heil- 1857.
brigðisráðinu verið gefinn kostur á að segja álit sitt um málið, 31. marz.
og eg skal því þènustusamlega biðja herra stiptamtmanninn að skýra landlækni Hjaltalín frá, að þar læknaskipun á Íslandi nú sem stendur er ábótavant, en íslenzkir dómendur sökum þessa, eru hneigðir til að vægja þeim, sem dregnir eru fyrir dóm fyrir skottulækníngar, hefir stjórnarráðið álitið, að árángurslaust mundi vera að höfða mál móti þeim, nema sannað yrði, að tjón hefði hlotizt af, eða að lífi og heilsu manna hafi verið hætta búin; en þar sem hann hefir beðizt þess, að meðöl homöopatha almennt væru gjörð upptæk, þá getur þessu ekki orðið framkvæmt, nema áður hafi þau verið skoðuð, en ekki hefir stjórnarráðið með þessu hvorki viljað fullgilda skottulækníngar homöopatha, nè álíta löglegt, að meðöl þeirra sè höfð á boðstólum af þeim, sem ekki með eiga.

Amtmanninum í norður- og austur-umdæmunum var því skipað, að hafa gætur á lækníngum homöopatha og höfða mál móti þeim í hættulegum tilfellum, en um leið þótti stjórnarráðinu ástæða til að krefjast þess af landlækninum, að hann tæki sèr ferð á hendur norður, til þess, samkvæmt reglugjörðinni 25. febrúar 1824 gr. 18, að skoða meðöl homöopatha, sem, eptir því sem hann skýrði frá, væri höfð á boðstólum af þeim sem ekki ætti með það; en ekki áleit stjórnarráðið að meira yrði að gjört, eptir því sem ástatt var. Eptir því sem landlæknirinn nú skýrir frá, mun það að vísu töluverðum vandkvæðum bundið, að skoða meðölin þar sem lækníngaraðferð homöopatha er í frammi höfð. — Ótta þann, sem Dr. Hjaltalín hefir látið í ljósi fyrir því, að Havsteinn amtmaður yrði þessu mótfallinn, verða menn á hinn bóginn að álíta á engum rökum bygðan, þar amtmaður sjálfur í brèfi 11. júní f. á. hefir stúngið uppá því, að rannsókn þessi væri gjörð af landlækninum, en þar sem Dr. Hjaltalín hefir stúngið uppá því, að rannsóknin væri gjörð á þann hátt, að gjört væri homöopathum þeim, sem fást við skottulækníngar, að skyldu að senda meðöl þeirra land-

1857. 31. marz. lækninum suður í Reykjavík, þá þykir ísjárvert að fallast á uppástungu þessa, sumpart vegna þess, að með því væri viðurkennd heimild þeirra til að gegna lækna störfum, og sumpart vegna þess, að ekki væri hægt að gæta slíkrar skipunar. Því meðan öllum er leyft að útvega sèr þvílík meðöl frá útlöndum til heimilis nauðsynja, getur það ekki komið til máls, að draga nokkurn mann fyrir dóm, einúngis vegna þess að hann á þessháttar meðöl, heldur ef hann selur þau. Sönnun fyrir þessu mun samt ekki svo hæglega geta fengizt, því almennt munu hlutaðeigendur bera það fyrir, að þeir hafi látið meðölin af hendi kauplaust, og mun sá sem hefir tekið við þeim optast samsinna því.

Sè aptur á móti vissar sönnur fyrir því, að þvílík meðöl hafi verið seld af þeim, sem ekki hafa átt með það, þá má brúka aðferð þá sem skipuð er fyrir í embættisreglugjörð landlæknis 25. febrúar 1824 gr. 18. og í embættisreglugjörð hèraðslækna s. d. gr. 17, og mætti þá í þessum sèrstöku tilfellum heimta, að meðölin væri send landlækni til skoðunar, eða þá, ef minni örðugleikar væri á, hingað til Kaupmannahafnar. Að öðru leyti er það sjálfsagt, að hlutaðeiganda lyfsölumanni er í sjálfs vald sett, að höfða mál móti þeim fyrir það þeir hafi veitt honum yfirgáng í atvinnuvegi hans.

8. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vestur-umdæminu um fjölgun hinna reglulegu póstferða í vestur-umdæminu.[1]

1857. 11. apríl.

Herra amtmanninum mun kunnugt, að alþíngi árið 1855 sendi allrapegnsamlegasta bænarskrá um, að samið væri og lagt fyrir næsta alþíng frumvarp til laga eða reglugjörðar um tilhögun á póstferðum á Íslandi, og að, þángaðtil þessi endurbót kæmist á, hinum reglulegu póstgaungum til bráðabyrgða væri fjölgað þannig, að 4 reglulegar póstferðir væri í sambandi við póstskipsferðirnar á ári milli Reykjavíkur og hvers umdæmis fyrir sig, svo að einni póstferð væri fjölgað milli Reykjavíkur og Akureyrar, og þremur milli Reykjavíkur og Stykkishólms. Auk þessa hefir þíngið beðið um, að póstferðum í vestur-umdæminu sjálfu væri fjölgað, þannig, að á ári hverju væri 4—6 reglulegar póstgaungur frá amtmannssetrinu um allar sýslur umdæmisins.

Póstgaungur á Íslandi standa nú að vísu í svo nánu sambandi við póstferðir milli Íslands og Danmerkur, að ekki verður neitt fast ákveðið um tilhögun þeirra fyr en búið er að koma hinu síðast nefnda í lag, og mun ekki svo stuttur tími líða áður það geti orðið, en stjórnarráðið hlýtur þó að álíta einkar áríðanda, að póstferðum þeim á Íslandi, sem til þessa hafa átt sèr stað, verði til bráðabyrgða fjölgað, samkvæmt því sem alþíngi hefir stúngið uppá. Og þareð stjórnarráðið nú þegar hefir sèð svo um, að einni póstferð verði fjölgað milli Reykjavíkur og Akureyrar, þá hlýt eg að biðja herra amtmanninn, eptir að þèr hafið skrifazt á og borið ráð yðar saman við stiptamtmanninn, nákvæmlega að íhuga, hvort fjölgun þeirri á póstferðum milli Reykjavíkur og Stykkishólms og í sjálfu vestur-umdæminu, sem alþíngi hefir stúngið uppá, muni verða komið við með peníngum þeim, sem nú eru lagðir til póstferða á Íslandi; en ef þèr fallizt á þetta, þá bið eg yður að gjöra ráðstafanir þær,

1) Sama dag ritaði stjórnarráðið stiptamtmanninum á Íslandi, og sendi honum eptirrit af brèfi þessu, og var hann um leið beðinn að segja álit sitt um, hvort ekki mundi vera tilefni til, eptirleiðis að láta falla burtu aðra póstferðina frá Skaptafells sýslu til Eskifjarðar.

1857. 11. apríl. sem til þessa þurfa, samkvæmt uppástúngum yðar í brèfum 8. febrúar 1850 og 26. janúar 1852, þó með breytíngum þeim, sem nauðsynlegar eru til þess að koma póstferðum þessum í samband við póstskipsferðirnar, sem síðar eru ákveðnar.

Viðvíkjandi kostnaði þeim, sem leiðir af póstferðafjölgun þeirri sem hèr ræðir um, þá skal eg geta þess, að þèr hafið í áðurnefndu brèfi yðar 8. febrúar 1850 skýrt frá, að hver póstferð milli Reykjavíkur og Stykkishólms mundi verða á 12 rd., og þrjár hinar nýju póstferðir frá Stykkishólmi til sýslumannanna í Dala, Barðastrandar og Ísafjarðar sýslum í mesta lagi alls á 60 rd. Við þetta bætist kostnaður sá, sem þèr segið að leiða muni af aukapóstferð þeirri til Stranda sýslu, sem þèr getið um í brèfi yðar 26. janúar 1852, og mun hann í mesta lagi fyrir þrjár ferðir verða 30 rd.; allur kostnaðurinn yrði þá hèrumbil 126 rd., en helmíngur þessa mun eptir yðar áliti koma inn fyrir brèfburðarpeníngа, og það sem því í raun og veru þyrfti meira til að kosta yrði þá einúngis milli 60 og 70 rd. á ári. Stiptamtmaðurinn hefir árið 1855 sent híngað skýrslu um útgjöldin við póstgaungur á Íslandi, og hafa þau eptir henni verið 400 rd. á ári eptir meðaltali um 5 ára bil; teli maður nú svo, að póstferð sú, sem síðan er komin á til Akureyrar, kosti 60 rd., eru þó eptir 40 rd. af þeim 500 rd., sem fjárhagslögin leggja til póstferðanna á ári, og sè ennfremur íhugað, að þegar reglulegum póstgaungum verður fjölgað eptir því sem hèr segir, verður komizt hjá kostnaði þeim, sem til þessa tíma hefir leidt af tveimur aukapóstferðum frá Stykkishólmi til Reykjavíkur og af einni frá Stykkishólmi til Ísafjarðar, og að, ef til vill, megi leggja niður aðra póstferðina frá Skaptafells sýslu til Eskifjarðar, þá eru líkindi til að koma megi við fjölgun þessari á póstgaungunum í vesturumdæminu með peníngum þeim, sem til þess eru þegar lagðir. En verði það ofaná, að reikníngsáætlun þessi ekki standi heima, þá bið eg herra amtmanninn hið bráðasta að senda stjórnarráðinu uppástúngu um viðbót þá, sem til þessa þyrfti.

9. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um að leggja megi niður Eyjardalsár kirkju m. fl. 1857. 25. apríl.

Eptir uppástúngu herra stiptamtmannsins og yðar, háæruverðugi herra, í brèfi 15. október f. á., viðvíkjandi skipti á prestssetrinu Eyjardalsá í Þíngeyjar prófastsdæmi fyrir jörðina Halldórsstaði, og um að leggja niður kirkjuna á Eyjardalsá, þá hefir stjórnarráðið allraþegnsamlegast borið þetta mál undir konúng, og hefir Hans Hátign 17. þ. m. allramildilegast þóknazt að samþykkja:

1) að hafa megi skipti á prestssetrinu Eyjardalsá í Þíngeyjar prófastsdæmi, með hjáleigunum Hlíðarenda og Hvarfi, fyrir alla sjálfseignarjörðina Halldórsstaði, og verður hún þá eign prestakallsins og bújörð prestsins, og skulu hin vanalegu hús fylgja sèrhverri þessara jarða, með sanngjörnu ofanálagi ef þörf gjörist; við jarðaskiptin fylgja engin kúgildi jörðunum, en þau 3 kúgildi, sem nú eru á Eyjardalsá, skulu hèðanaf fylgja jörðunni Halldórsstöðum;
2) að leggja megi niður kirkju þá, sem nú er á Eyjardalsá, og að útkirkjan á Lundarbrekku verði eptirleiðis eina kirkjan í sókninni, með þeim skilmálum, að eigandi hinnar síðarnefndu kirkju taki að sèr að ábyrgjast, að henni verði óaðfinnanlega haldið við, og að hún, þegar þörf gjörist, verði stækkuð svo mikið á hans kostnað, að hún á hverjum tíma geti sómasamlega veitt öllum söfnuðinum rúm, og skal hann í uppbótar skyni hafa kirkjubyggínguna á Eyjardalsá og það sem kirkjan þar kann að eiga inni;
3) að skipta megi bæjum þeim, sem til þessa tíma hafa legið undir Eyjardalsár kirkjusókn, milli Lundarbrekku og Ljósavatns kirkjusókna, þannig: að bæirnir Sandhaugar, Kálfborgará, Heiðarsel og Brenniás sè lagðir til Lundarbrekku sóknar, en hinir bæirnir, nefnilega Eyjardalsá með hjáleigunum Hlíðarenda og Hvarfi, og Arndísarstaðir til Ljósavatns sóknar;
4) að selja megi við opinbert uppboð kirkjuskrúða og áhöld

1857. 25. apríl. kirkjunnar á Eyjardalsá, og skal þá skipta andvirðinu eptir fyrirsögn biskups millli hinna fátækari kirkna í prófastsdæminu eða í amtinu, eða þá að biskup eptir kríngumstæðunum skipti þeim milli þeirra, án þess að uppboð fram fari, móti kvittun þess eða þeirra, sem við taka.

Þetta læt eg ekki hjá líða að skýra frá, til þóknanlegrar vitundar og frekari ráðstöfunar.

---

30. apríl. **10. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um ýmsar ráðstafanir til að útrýma fjárkláðanum[1].**

Í þóknanlegu brèfi 19. febrúar þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt ítarlegar frá fjárkláða þeim, sem upp er kominn í suður-umdæminu, og hafið þèr um leið sent tvær auglýsíngar[2], sem þèr, samkvæmt brèfi stjórnarráðsins, dagsettu 23.

---

1) Sama dag ritaði dómsmálastjórnin brèf líks efnis til amtmannanna í vestur- og norður-umdæmunum.

2) Auglýsíngar þær, sem hèr er um getið, eru svo hljóðandi:

I.

Þareð fjárkláði sá, sem kominn er upp hèr í landi, hefir því miður útbreiðzt svo mjög, að velferð alls landsins liggur við því, að honum sè útrýmt, hefi eg, eptir að hafa gjört þær ráðstafanir, sem eg áleit óumflýjanlegar til bráðabyrgða, skýrt löggæzlustjóranum frá málefninu, og hefir hann ráðfært sig við dýralækníngaráðið og fallizt á álit þess um málefnið yfirhöfuð, og þar næst skipað mèr að haga framkvæmdunum í þessu efni samkvæmt því.

Það hlýtur að vera ljóst hverjum einum, að ekki tjáir í sliku málefni, sem varðar velferð alls landsins, að láta sèrhverjum frjálst að fara eptir eigin hugþótta; því hljóta allir strengilega að fylgja reglum þeim, sem með þessu brèfi eru fyrirskipaðar, og varða afbrot gegn þeim sektum, eða eptir kríngumstæðunum meiri hegníngu.

Dýralæknir Teitur Finnbogason verður sendur til að ferðast um kríng í amtinu, til þess að leita allra þeirra meðala, sem reynast mætti hentug til að útrýma sýkinni, og ber öllum að hlýðnast

desember f. á., hafið láta prenta um meðferð á fénaði þeim, sem sjúkur er af fjárkláðanum. 1857. 30. apríl.

Jafnvel þó menn ekki af þessari stuttu skýrslu geti gjört

því, sem hann í þeim tilgángi fyrirskipar; vona eg þess fastlega, að einn og sérhverr eptir ýtrustu kröptum vili vera og muni verða honum hjálplegur til að framkvæma hinn vandasama starfa hans á fljótasta og auðveldasta hátt. Skal það vera skylda sýslumanna og hreppstjóra, ef á þarf að halda og þegar hann beiðist þess, að þvínga menn til að hlýðnast skipunum hans. Hið sama gildir og um skipanir þeirra manna, sem hann kýs sér til meðhjálpar; en til að kjósa slíka meðhjálpara hefir hann fullan myndugleika, og má enginn skorast undan þeirri kosníngu. Dýralæknirinn og meðhjálparar hans munu njóta þóknunar fyrir fyrirhöfn sína af jafnaðarsjóðnum; en fjáreigendur verða sjálfir að standa allan kostnað, sem leiðir af hirðíngu fjárins, lækníngu og meðölum þeim, sem brúkuð verða til lækníngs hinu sýkta sauðfé, eða því, sem grunað er um sýkingu.

En þar dýralæknirinn ekki getur á sama tíma eða strax sinnt þörfum allra, ber mönnum að fylgja reglum þeim, er hér skal greina, unz dýralæknirinn sjálfur í nærveru sinni hefir fyrirskipað þau meðöl, er við skal hafa.

Á tveimur eða þremur bæjum, þeim sem hentugast liggja í hverjum hreppi, skal gjöra láta tvö keröld, álnar há frá botni en $1\frac{1}{2}$ álnar að þvermáli, til að baða hið sjúka fé, svo þau sé við hendina, ef dýralækni virðist að þeirra sé þörf.

Allar sjúkar sauðkindur, eða þær, sem grunaðar eru um sýkingu, skal halda í húsi og við gjöf, stranglega aðskildar frá hinu heilbrigða fé, og skal með þær fara á þann hátt, er nú skal segja:

Þar menn af reynslunni mega vera orðnir sannfærðir um, að sýkin verður því verri viðureignar, því lengur sem það er dregið að leita henni lækníngar, þá er það hverjum manni nauðsynlegt, að vera útbúinn með meðöl gegn henni strax sem hún sýnir sig, og eru hin helztu þessi:

1. Tak 8 parta af tjöru, 4 af bræddu smjöri og jafnmikið af pottösku, og blanda vel saman; eru þetta kláðasmyrsli.
2. Tak jafna parta af tjöru og grænsápu, og lát bráðna saman yfir eldi. Eður: tak jafna parta af tjöru og þráu (súru) smjöri, og lát bráðna sem áður er sagt. Hvortveggja þessara smyrsla nægja, ef kláðinn er ekki mjög magnaður; en sé hann það, má láta í smyrslin dupt af hvítri hnerrarót *(Nyserod)*, therebintín-olíu, eða hjartarhorns-olíu, og sé þá tekið

1857. 30. apríl. sèr skýra hugmynd um ástandið í þessu efni, og þar í henni heldur ekki er getið um ráðstafanir þær, sem yfirvöldin í hinum einstöku sýslum hafa gjört til þess að varna útbreiðslu fjárkláð-

---

af hnerrarótinni sem svari 2 eða mest 3 lóðum í hvert pund af smyrslunum, og einn peli af therebintín- eða hjartarhorns-olíunni sömuleiðis í hvert pund smyrslanna. Þar sem þessi meðöl eru ekki við hendina, má og við hafa

3. Saltpètur, annaðhvort í þvottalög eða smyrsli. Sè saltpètur hafður í þvottalög, eru tekin 1—2 lóð af honum í hverja mörk af vatni, og með þeim legi vættir kláðastaðirnir einusinni á dag, unz kláðinn batnar, og er þetta meðal hentugt við lömb, sem gefið er inni. Saltpètur-smyrsli eru þannig til búin, að eitt lóð af vel muldum saltpètri er blandað í líðugt ½ pund eða 20 lóð af grænsápu eða smjöri, og hrært vel saman.

Þar sem dýralæknir er við hendina og hefir umsjón með lækningunni, mundi *sublimat* í tóbaks- eða hnerrarótar-lög vera hið fljótasta meðal til að eyða kláðanum, einkum þar honum fylgir fellilús eða fjárlús; ekki má samt meira hafa af þessu meðali (sublimati) en 8—12 grön (byggkornsþyngsli) í hverja mörk af legi, hvort heldur það er tóbaks- eða hnerrarótar-lögur; en legir eða seyði þessi tilbúast á þenna hátt:

4. Tóbakslögur: tak einn part af tóbaki mót tíu af vatni, og lát hlaupa suðu á.
5. Hnerrarótarlögur: tak einn part af hvítri hnerrarót mót 20 pörtum af sjóðandi vatni, og lát sjóða niður ¼ part.

Þyki dýralækni ísjárvert að brúka *sublimat* sökum kulda, eður fáist það eigi, má í þess stað brúka koparvitríól, og er þá nóg, ef látin eru 2 lóð af koparvitríóli í hverjar 3 merkur lagarins. Slíka legi með sublimati eða koparvitríóli ætti að brúka ívið volga, og alls ekki meira af þeim en svo, að kláðinn þornaði undan, og mun það nægja að hella þeim í kláðastaðina svo að hreistrið blotni undir, þar kláðinn er. Eru þessir legir einkum vel fallnir meðan hinum almenna kláðalög ekki verður við komið vegna kuldans. Nú þó ætlandi sè, að framanskrifuð meðöl megi hrífa, ef rètt og með alúð er á haldið, skal þó hèr enn nefna eitt meðal, sem auðvelt er að veita sèr og líkist í verkunum sínum hjartarhorns-olíunni, en það er

6. Sót. Það má brúka í lög og smyrsli þannig: Tak jafna parta að vigt af sóti, grænsápu og therebintin-olíu, hrær það vel saman, og eru það góð kláðasmyrsli.

ans frá þeim tíma að þèr síðast skýrðuð frá þessu, þá er þó af henni að sjá, að kláðinn í einstöku hèruðum, einkum í Gullbríngu og Árness sýslum, hafi aukizt ekki alllítið, eins og hún líka ber 1857. 30. apríl.

Sótið má og brúka í þvottalegina, sem hèr á undan eru nefndir, einkum úr tóbaki og hnerrarót. Reynandi væri og að taka sortulýngslög, láta í hann sót og þvo úr þessum legi kláðann.

Þó nú framanskrifuð meðöl fyrst um sinn verði við höfð, er það þó álit þeirra, er til þekkja, að samt sem áður verði nauðsynlegt að baða allt sauðfè í vor er kemur, undireins og tíð og veðurátta leyfir, og ráða þá læknar til að viðhafa hinn svo nefnda walziska kláðalög, sem er þannig tilbúinn:

Tak 4 merkur af nýbrenndu kalki eða 12 merkur af mjölkalki, og hell þar á svo miklu af vatni, að það verði sem leðja eða þunnur grautur, lát í leðju þessa 3 merkur af pottösku og hell þar á svo miklu af kúahlandi, að þunnur grautur verði, því næst sè látið í löginn 6 merkur af hjartarhornsolíu og 3 merkur af hrátjöru, og nú þynnist allt með 100 mörkum af kúahlandi. Þegar búið er að hræra vel í þessu um hríð, þá skal það þynnt að nýju með 400 mörkum af vatni.

Þetta bað ætla menn nægilegt fyrir nokkur hundruð fjár, en margir ætla að baðið þurfi að brúka tvisvar eða þrisvar ef menn vilja vera óhultir, einkanlega ef fèð hefir orðið fyrir rigningum. Þess ber að gæta, að eigi komi lögur þessi í augu, eyru eða nasir skepnunum, og að helzt ber að velja sólskinsdaga til baðanna, svo að fèð þorni sem fyrst. Lög þenna má gjöra sterkari, en hèr er tiltekið, á þann hátt, að menn taka tvöfalt meira kalk og þar til 2–3 pund af brennisteini í hvert bað, og er þá líkindi til að sjaldnar þurfi að baða.

Þegar óskilakindur fyrir koma í fè þess manns, er lætur baða allt fè sitt, þá skal einnig baða þessar kindur með, og ber hreppstjórum og þeim er dýralæknir kýs til aðstoðar og umsjónar með lækningunum, að hafa gætur á, að þessu boði sè hlýdt.

Þær sauðkindur, sem eru svo yfirkomnar, að lækningartilraunir ekki vilja hrífa, ber að leggja frá.

Þegar að því kemur, að reka skal fè til afrèttar, verður þess vandlega að gæta, að engin skepna sè á fjall rekin frá þeim bæjum, hvar merki til sýkinnar hafa sèzt á hinum seinustu 14 dögum; og eins og þeir, sem gegn þessu banni leitast við að koma sýktu fè sínu til afrèttar, skulu sæta ákæru og hegníngu fyrir yfirtroðslu á þessu banni, þannig skulu sýslumenn og hreppstjórar hafa

1857. 30. apríl. með sèr, að dýralæknirinn hefir ekki getað gjört lækníngatilraunir, bæði sökum þess að veturinn var svo harður, og sökum þess að skortur var á þeim meðölum, sem á þurfti að halda.

---

strángt eptirlit á, að því verði hlýdt. Til að lètta umsjónina um þetta skal fjallrekstur, að því leyti sem kláðinn verður á þeim tíma læknaður svo, að hann geti átt sèr stað, framfara þannig, að ekki einstakir menn reki hverr fyrir sig, heldur heilir hreppar í sameiníngu, og að sýslumaður og hreppstjórar, með tilhjálp annara áreiðanlegra manna, geti rannsakað heilbrigðis-ástand afrèttarfjárins. Vona eg, að sèrhverr drenglundaður innbúi amts þessa að sjálfsdáðum og eptir ýtrasta megni aðstoði sýslumenn og hreppstjóra við þetta tækifæri. Afrèttarbændum ber að hafa stöðugt eptirlit á, hvort sýkin sýnir sig á fè því, sem þegar er til afrèttar komið, og skyldi svo vera, ber þeim tafarlaust að tjá það sýslumanni, sem þá hlýtur að prófa málið nákvæmar og fyrirskipa strax almennar gaungur, ef sýkin prófast að vera á afrèttinum, og má þá ekki öðrum leyfast afrètturinn, en þeim hjörðum, hvar sýkin ekki sýnir sig í næstu 14 daga.

Allar sauðkindur, sem á seinustu 14 dögum hafa verið saman við kláðafè, eða hvar menn ekki eru vissir um hið gagnstæða, álítast tortryggilegar.

Af fjárhúsum þeim, sem nú eru, skal rífa þakið að vori komanda, svíða og tjarga úr þeim viðu alla, hreinsa tóptirnar fyrir sóttnæmi með því að svæla þar brennisteini, en sè hann ekki fáanlegur sem þarf, má bera hey á gólfið og kveikja í, svo loginn standi upp jafnt veggjum. Tóptirnar sè því næst látnar standa opnar í sumar.

Með því sýkin er auðsjáanlega uppkomin af almennum orsökum, þá er nauðsyn á, að leggja alla alúð við hirðíngu fjárins, stunda að hafa rúmgóð og hrein fjárhús, og vanda sem bezt fóður það, er skepnunum er gefið. Það er eins nauðsynlegt, að halda skepnunum hreinum og baða þær í sjó eða saltvatni, þegar því verður við komið.

Þess er enn fremur getandi, að með því hætt er við að kláðanum geti slegið inn, ef hann er magnaður, þá er það ráðlegt að brúka innvortis meðöl meðfram við þær kindur, sem þýngst eru haldnar; eru þar til bezt hreinsandi meðöl (laxer-meðöl), og þau, sem verka á hörundið, t. a. m. brennisteinn, blóðberg, malurt, einiber og einiseyði, eða kalamus-rót. Þegar lamb-ær eru baðaðar, þá má eigi leyfa lömbum að sjúga þær fyrri en búið er að þvo júgrið í volgu vatni. Loksins ber að geta þess,

Um sama leyti bárust stjórnarráðinu nákvæmar skýrslur frá 1857.
báðum hinum amtmönnunum á Íslandi um ástandið í norður- 30. apríl.
og austur- og vestur-umdæminu, og bera þær með sèr, að hinn

að framanskrifuðum reglum ber strengilega að fylgja, ef að lækninga-tilraunirnar eiga að hafa þær verkanir, sem til er ætlazt, og mega menn ekki láta fyrirhöfn og ómak vaxa í augum sèr, þar sem jafnt er að ræða um velferð hvers einstaks manns, eins og um aðal-atvinnuveg alls landsins.

Íslands Stiptamthúsi, 13. Febr. 1857.

J. D. Trampe.

II.

Þarеð vel má svo til bera, að meðöl þau, sem nefnd og ráðlögð eru í hinni almennu reglugjörð um lækningu fjárkláðans, verði í ýmsum tilfellum ónóg, þá er nauðsyn á að menn þeir, sem dýralæknirinn tekur til aðstoðar við lækningar sýkinnar, öðlist þekkingu á öðrum meðölum, sem ekki hefir þótt óhætt að fá alþýðu í hendur, sökum þess, að meðferð þeirra krefur hina mestu varúð og samvizkusemi, ef ekki skal verða tjón af, en eru að öðru leyti rètt brúkuð óbrigðult meðal við fjárkláðanum. Hið helzta af þesskonar meðölum er:

Arsenik, og brúkast móti kláðanum með ýmsu móti;

1. Einn partur af *arsenik* tekst með 32 pörtum af öleðiki og 16 af vatni, og er þetta soðið í leirpotti unz *arsenikið* er bráðnað, en þar næst er þessi lögur þynntur með tvöfalt svo miklu af vatni. Telst þá svo til, að í hverjum potti lagarins eru 2 kvintin af *arsenik*. Með þessum legi eru kláðastaðirnir þvegnir, unz kláðinn er horfinn.
2. 2 pund af *arsenik*, tekin með 20 pundum af *járnvictríóli*, og 188 mörkum af vatni, gefa lög, sem kláðafèð skal baða í að eins í 3 mínútur hverja skepnu, en aldrei meira en 5 mínútur mest. Þessi meðöl hafa verið brúkuð við 2000 kláðafjár, sem læknaðist að fullu.

Þetta svo nefnda *arsenik-járnbað* hefir líka verið brúkað við ær, sem komnar voru að burði, og læknast allt fè með því fljótt og vel; er ekki önnur lækningaaðferð talin fljótari nè ódýrri, og mætti henni sèrlega vel verða við komið þar, sem laugar eru í nánd, með því baðið er betra, ef það er volgt; en ekki skal hana við hafa, nema dýralæknir sè við staddur, eða hann hafi áður sýnt meðhjálpurum sínum hana, svo þeir séu henni kunnugir og til fullnustu æfðir í henni; er þess að gæta, að lögurinn hvorki má koma í augu nè eyru eða nasir skepnunni þegar hún er böðuð.

1857. 30. apríl. skæði fjárkláði, sem síðan í fyrra haust hefir geisað á Suðurlandi, ekki hefir náð að komast til Norðurlandsins, og að sýki sú, sem hefir látið sig í ljósi á einstöku stað í vestur-umdæminu, ekki hefir verið skæð eða illrar náttúru. Amtmaðurinn í vestur-umdæminu hefir einnig í bréfi 3. þ. m. skýrt frá því, að um leið og sýki sú á fénaði, sem hafði látið sig í ljósi á einstöku stað í vestur-umdæminu, einkum í Mýra og Hnappadals sýslu og í nokkrum hluta Snæfellsness og Dala sýslna, að mestu leyti væri horfin, hafi það borizt vestur, að fjárkláðinn hafi í Borgarfjarðar sýslu verið svo skæður og hættulegur, að á einstöku bæjum hafi drepizt annaðhvort allur sauðfénaður eða þá mestur hluti hans.

Báðir þessir embættismenn hafa auk þessa beðizt þess, að hið ýtrasta væri gjört til þess að verja samgaungum á afréttunum milli Suðurlandsins og Norður- og Vesturlands, og sèst það, að skrifazt hefir verið á við herra stiptamtmanninn um þetta efni. En amtmaður Havsteinn hefir þarhjá látið þá meiníngu í ljósi, að tilefni mundi vera til, að svo miklu leyti sýkin heldur áfram að geisa í suður-umdæminu, að gefa út tilskipun til bráðabyrgða, sem skipaði að skera niður allt kláðasjúkt fè.

Að sönnu álítur stjórnarráðið ísjárvert, einkum meðan menn enn þá ekki hafa vitneskju um árángur þann, sem læknínga-tilraunir dýralæknisins hafa haft, að taka til þess úrræðis sem amtmaðurinn í norður- og austur-umdæmunum hefir stúngið uppá, nefnilega að skera niður allt fè bæði kláðasjúkt og grunað, og það því heldur á þessum tíma ársins, þegar fè það, sem skorið væri, er lítils virði; með þessu væri einnig gengið lengra en tilskipun 12. maí 1772 leggur fyrir. Aptur á móti er það mjög áríðanda, að í tíma sè gjörðar hinar hagkvæmustu ráðstafanir til þess að varna útbreiðslu sýkinnar, og til að koma í veg fyrir að fè úr kláðasjúkum hèruðum nái að eiga samgaungur á afréttum við fè úr hèruðum þeim, hvar sýkin enn þá ekki hefir sýnt sig.

Hið bezta meðal til þessa álítur stjórnarráðið það, að í hèruðum þeim, hvar hinn skæði fjárkláði hefir látið sig í ljósi, sè mönnum algjörlega bannað að reka fè á fjall í sumar, en hverj-

um bónda skipað að hafa nákvæma gæzlu á fènaði sínum, svo hann geti ekki átt samgaungur við annað fè. Amtmaðurinn í vestur-umdæminu hefir þarhjá skipað fyrir, að setja skuli í sumar verði upp með Hvítá, til þess að koma í veg fyrir að kláðasjúkt fè úr Borgarfjarðar sýslu gæti komið í nánd við eða á afrèttir Mýra- og Hnappadals sýslu, og hefir hann beðizt þess, að kostnað þann, sem af þessu rís, og sem hann telur að verða muni hèrumbil 2000 rd., mætti fyrirfram greiða af eptirstöðvum þeim sem jafnaðarsjóður amtsins á hjá honum í geymslu, en það, sem á kynni að bresta, úr jarðabókarsjóðnum, móti endurgjaldi af amtsbúum eptir niðurjöfnuði. Nú þótt stjórnarráðið ekki vili hafa ámóti þessari ráðstöfun, ef amtsbúar álíta hana tryggjandi eða hagkvæma, eptir því sem þar hagar til, nè heldur á móti því, að kostnaður sá, sem þetta leiðir af sèr, verði til bráðabyrgða goldinn á þann hátt, sem amtmaður hefir stúngið uppá, verð eg samt sem áður að láta þá meiníngu í ljósi, að varla mun hægt, þrátt fyrir þesskáttar verði, að varna samgaungum á hinum stærri afrèttum, einkum þeim sem Rángárvalla og Árness sýslur hafa í sameiníngu við Norðurland. 1857. 30. apríl.

Stjórnarráðið álítur nú hentugast, að allir amtmennirnir eigi fund með sèr á þessu vori, ef mögulegt væri áður en fè er rekið á fjall, til þess að allar hèr að lútandi spurníngar geti nákvæmlega orðið íhugaðar, og svo menn geti gjört hinar hagkvæmustu ráðstafanir sameiginlega fyrir öll umdæmin; en þar menn mega álíta að Reykjavík sè hentugastur staður til þessa fundar, einkum þareð þar er hægast að útvega nauðsynlegar skýrslur um ásigkomulag sýkinnar, og um árángurinn af lækníngatilraunum dýralæknisins og meðhjálpara hans, hefir stjórnarráðið í dag ritað amtmönnunum í hinum umdæmunum, og skipað þeim sem fyrst verður að fara til þessa fundar. Skyldi að öðru leyti tíminn ekki leyfa, að fundur þessi eigi sèr stað áður en vant er að reka fè á afrètti, mun rèttast að amtmaður til bráðabyrgða banni innbúum í hèruðum þeim, hvar sýkin kynni að hafa látið á sèr bera, að reka geldfè á afrètti fyr en nefndur fundur hafi ákvarðað um þetta efni.

Ef að öðru leyti raun mætti á verða, að gild ástæða sè

1857. 30. apríl. til að óttast fyrir að reglur þær, sem þegar eru gefnar, verði ónógar til að útrýma sýkinni, vill dómsmálastjórnin hafa falið amtmönnunum í sameiningu að semja frumvarp um hinar ítarlegri ráðstafanir, sem þörf er á til að hnekkja sýkinni, og mun þá sérílagi verða að yfirvega, hvort og að hve miklu leyti niðurskurður á hinu sýkta fé skuli eiga sér stað, sem og það atriði, hvernig kostnað þann, er af öllum hér að lútandi ráðstöfunum leiðir, ber að endurgjalda, og skal umgetið frumvarp af konúngsfulltrúa leggja fyrir alþíngið á komanda sumri, getur það þá, ef alþíng fellst á það og sérleg nauðsyn virðist til bera, samkvæmt tillögum alþíngis öðlazt gildi sem bráðabyrgðarlög, unz allrahæst staðfestíng konúngs getur orðið því útveguð.

Loks verð eg að geta þess, að stjórnarráðið hefir tekið til yfirvegunar, hvort ekki ætti að senda einn eða fleiri dýralækna héðan, til að lækna sýkina; en þareð yfirvöldin á Íslandi ekki hafa beiðzt þessa, og þareð sýkin nú sem stendur einúngis á sér stað í einstöku héruðum í suður-umdæminu, en dýralækni þeim, sem þar er, er skipað að taka sér meðhjálpara og gjöra lækníngatilraunir, og þar stjórnin, eins og áður er áminnzt, ekki hefir vitneskju um þann árángur, sem tilraunir þessar kynni að hafa haft, hefir verið álitið réttast ekki að gjöra nokkuð í því efni, fyr en menn fá frekari skýrslur og uppástúngur.

---

9. maí. **11. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um að rita hafskip þau, sem eiga heima á Íslandi, í skipaskrár.**

Þareð skip þau, sem eiga heima á Íslandi, ekki eru rituð í skipaskrá, og þareð þessu ekki heldur að líkindum enn sem stendur verður komið við þar á landi svo vel fari, þá hefir aðaltollstjórnin vakið máls á því og dómsmálastjórnin tekið til yfirvegunar, hvernig hafa mætti tilsjón með því, að ekki sé látið hjá líða að borga gjald það, sem skipað er í 48. gr. tilskipunar 1. maí 1838 að gjalda skuli inn í ríkissjóðinn af skip-

um þeim, sem keypt verða til eignar á Íslandi, annaðhvort í útlöndum eða í stöðum þeim innanríkis, hvar tollur ekki er greiddur, einkum í Altona. 1857. 9. maí.

Til þess nú að geta náð þessum tilgángi, er álitið nauðsynlegt, að innbúum Íslands sè skipað, ef þeir á annað borð vilja að skip þau, sem hèr ræðir um, verði álitin eins og eign danskra þegna og njóti rèttinda þeirra, sem dönskum skipum ber, þá að greiða gjald það, sem tilskipun 1. maí 1838 í 48 gr. leggur fyrir, við einhvern tollstað ríkisins, og skal þá um leið rita skipið inn í skipaskrá á þeim stað, eins og líka þykir þurfa að skipa embættismönnum á Íslandi, við árslokin að heimta af öllum skipseigendum, sem búsettir eru í þeirra umdæmum, skýrslu um skip þau, er þeir eiga, án tillits til hvar þau eru, og skal í henni skýrt frá stærð þeirra, mælíngarbrèfi, kaupbrèfi og í hverjum tollstað ríkisins þau eru rituð í skipaskrá. Í skýrslum þessum skal einnig getið skipa 16 lesta og þaðan af minni, sem keypt eru að til fiskiveiða og til ferða hafna á milli á Íslandi, og eru þau, samkvæmt tilskipun 1. maí 1838 gr. 49 staflið c., laus við gjald þetta meðan þau eingaungu eru notuð til þessa; en hlutaðeigandi embættismaður skal staðfesta, að þetta sè svo, um leið og hann sendir amtmanni skýrslur þessar, en amtmaður sendi þær síðan hinni íslenzku stjórnardeild. Loks ber embættismönnum þessum að gæta þess, að skýrteini þau um upphæð þessa gjalds, sem um er getið í 2. gr. af opnu brèfi 23. október 1816, sè gefin og tafarlaust send nefndri stjórnardeild þegar skip þessi eru keypt.

Dómsmálastjórnin verður þessvegna að biðja herra stiptamtmanninn (amtmanninn), að skipa bæjarfógetanum í Reykjavík og sýslumönnunum í suður-umdæminu (vestur-umdæminu, norður- og austur-umdæmunum) það sem þurfa þykir, samkvæmt því sem hèr er sagt.

1857. 27. maí.

12. Konúngleg Auglýsing til Alþingis um árángur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástúngum á fundinum 1855.

Vèr Friðrik hinn sjöundi, o. s. frv., sendum Voru trúa alþíngi kveðju guðs og Vora!

Ánægjusamlegt hefir Oss verið, að sjá það af störfum alþíngismanna Vorra árið 1855, hve dyggilega þeir hafa kappkostað að efla gagn Vort og landsins.

Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur þíngsins um lagafrumvörp þau, sem undir það voru borin, og önnur álitsmál þess og uppástúngur, og munum Vèr nú allramildilegast skýra frá, hvað í þeim efnum hefir verið af ráðið.

I.

Þessar rèttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, er Vort trúa alþíngi hefir sent Oss þegnlegar tillögur um.

1) 24. nóvember f. á., opið brèf um það, hvernig greiða skuli kostnað þann, er þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854 um siglíngar og verzlun á Íslandi.
2) 6. janúar þ. á., tilskipun um breytíng á tilskipun 8. marz 1843, viðvíkjandi kosníngunum til alþíngis.
3) s. d., opið brèf, um að stofna byggínganefnd á verzlunarstaðnum Akureyri.
4) s. d., opið brèf, er lögleiðir á Íslandi, með breytíngum, lög 5. apríl 1850 um að útlendir gyðíngar megi setjast að í ríkinu.

Á rèttarbótum þessum getur alþíngi sèð, hversu athugasemdir þær, er það hefir gjört um lagaboð þau, er nú voru talin, hafa verið grandgæfilega íhugaðar, og hvernig lagaboðum þessum hefir eptir þeim verið breytt, nákvæmar ákvörðuð og aukin.

Auk þessa hafði alþíngi farið því á flot, að ríkiserfðalögin 31. júlí 1853 yrði lögð út og birt á íslenzku, og að lagaboðið 10. febr. 1854, sem breytir nafninu á ríkisbánkamyntinni í ríkismynt, yrði einnig lögleidt á Íslandi, með tveimur smábreytíngum. En Oss hefir ekki þótt nauðsyn á að gjöra frekari ráð-

stöfun í þessu efni, einkum vegna þess ætla má að lagaboð þessi sè fyrir laungu birt á Íslandi. 1857. 27. maí.

Eptir að nefnd sú, sem sett var árið 1855 til að lagfæra jarðamatið á Íslandi 1849 og 1850, hefir nú lokið störfum sínum, verður frumvarp það, sem nefndin hefir samið til nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, nú borið undir alþíngi.

Breytíngar þær, sem alþíngi í þegnlegu álitsskjali hefir stúngið uppá að gjörðar væri við frumvarp það til tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi, er fyrir það var lagt, voru í mörgum aðalatriðum svo lagaðar, að þær gátu ekki orðið teknar til greina, en á hinn bóginn þótti Oss ísjárvert, að gefa frumvarpið út sem lagaboð eins og það var í upphafi, og verður það því tekið til nákvæmari yfirvegunar, hvað nú sè tiltækilegast að gjöra, til að koma máli þessu fram.

Frá yfirvöldunum á Íslandi eru nýlega komnar nákvæmari skýrslur og uppástúngur viðvíkjandi barnaskóla þeim, sem stofnsetja átti í Reykjavík eptir frumvarpi, sem áður hefir verið borið undir alþíngi. En af því menn hafa ekki getað, sem stendur, með vissu vísað á hvernig fengið yrði fè það, sem þarf til stofnunar skólans og til skólahaldsins, verður að skrifast ítarlegar á um þetta atriði við fyrtèð yfirvöld, áður málið verði á ný borið undir alþíngi.

II.

Um þegnlegar bænarskrár, er Vort trúa alþíngi hefir sent Oss, birtum Vèr alþíngismönnum allramildilegast:

1) Viðvíkjandi þegnlegri bænarskrá alþíngis um breytíng á 4. grein lagaboðsins 15. apríl 1854 um siglíngar og verzlun á Íslandi, má skýrskota til laga, sem um það eru gefin út 16. febr. f. á. Þaraðauki er 28. febr. f. á. komin út auglýsíng um breytíngu á auglýsíngu 4. des. 1854 um það, hvernig fá megi íslenzk leiðarbrèf, og ennfremur 2. apríl 1856 auglýsíng um aukagjald fyrir sum utanríkis skip sem sigla til Íslands; 7. júlí s. á. auglýsíng um, að frakknesk skip, sem fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sè undan þegin að greiða tèð aukagjald, og 19. nóvember

1857.
27. maí.

s. á. auglýsíng sama innihalds með tilliti til skipa, sem eiga heima í konúngsríkinu Sikileyjum og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja.

2) Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþíngis höfum Vèr löggilt verzlunarstað við Sauðárkrók í Skagafjarðar sýslu í Íslands Norðuramti, og er komið út um það opið brèf dagsett í dag.

3) Alþíngi hefir í þegnlegri bænarskrá farið því fram, bæði að póstgaungum yrði til bráðabyrgða strax fjölgað á Íslandi þannig, að nýrri póstferð yrði bætt við milli Friðriksgáfu og Reykjavíkur, og 3 nýjum póstferðum milli Stykkishólms og Reykjavíkur, og að samið yrði og lagt fyrir alþíngi frumvarp til almennra laga eða reglugjörðar um póstmál á Íslandi. Hin fyrstnefnda ráðstöfun er þegar komin á, þarsem þegar í fyrra var bætt við nýrri póstferð milli Akureyrar og Reykjavíkur, og einnig er búið að leggja svo undir, ekki að eins að póstgaungum verði fjölgað milli Stykkishólms og Reykjavíkur, heldur einnig að póstgaungunum innanamts í vesturamtinu verði fjölgað og komið í lag, samkvæmt því sem alþíngi hefir farið fram á, og kemst þetta ef til vill á þegar í ár eða þá innan skamms. En með því póstgaungurnar á Íslandi, eins og alþíngi hefir drepið á, verða að standa í sambandi við póstskipsferðirnar milli Danmerkur og Íslands, þá þarf fyrst að gjöra út um það, hvernig póstskipsferðum þessum verði hagað eptirleiðis, áður en samdar verði ákvarðanir um, hvernig póstgaungunum á Íslandi verði breytt; og með því nú er komin fram uppástúnga nokkur um að koma á gáng gufuskipsferðum hèðan til Íslands, þá hefir þótt rèttast, að gefa alþíngi færi á að segja álit sitt um þetta mál, áður en frekari ráðstöfun er gjörð viðvíkjandi þessu málefni, sem er svo mikils varðanda fyrir Ísland.

4) Eptir bænarskrá alþíngis hefir frumvarp til tilskipunar um vegina á Íslandi verið samið, og verður nú borið undir álit þíngsins.

5) Alþíngi hefir í þegnlegri bænarskrá farið þess á leit, að veittur yrði styrkur þeim manni eða mönnum, sem vildi

stofna jarðyrkjuskóla á Íslandi, og fátækum lærisveinum, sem vildu gánga á þann skóla. Hefir nú um það mál verið leitað álits yfirvaldanna á Íslandi, en eptir því sem þar er greint, og sem fulltrúi Vor mun skýra þínginu gjör frá, getur ekki sem stendur orðið gjört meira við þetta mál, en að öðru leyti mun stjórnin láta sèr framvegis vera einkar annt um það. 1857. 27. maí.

6) Málið um betri læknaskipun á Íslandi, sem alþíngi hefir sent þegnlega bænarskrá um, er nú svo vel á veg komið, að líkindi eru til að því verði ráðið til lykta áður lángt líður, og mun stjórnin framvegis róa að því öllum árum.

7) Útaf þegnlegri bænarskrá alþíngis um, að 2 eða 3 löglærðir málaflutníngsmenn yrði skipaðir við yfirdóminn á Íslandi, hefir verið leitað álits stiptamtmanns og dómendanna í yfirdóminum bæði um það, hve mikinn styrk mundi þurfa til að koma þessu fram, og úr hverjum sjóði hann yrði greiddur. Nú er ekki neitt því til fyrirstöðu, að fyrst um sinn verði settir tveir lögfróðir málaflutníngsmenn við yfirdóminn, og álízt hæfilegt, að hver þeirra fái 3 eða 400 rd. árlegan styrk, en með því að helmíngurinn að eins, eða í mesta lagi 350 rd., verður greiddur úr hinum íslenzka sakagjaldssjóði, og þar stjórnin sèr ekki færi á að útvega neinn meiri styrk til þessa, verður að bíða eptir ítarlegri uppástúngu frá alþíngi um það, hvernig það verði fengið, sem á vantar.

8) Oss hefir ekki þótt ástæða til að taka til greina þegnlega bænarskrá alþíngis um, að 15. gr. í tilskipun 26. janúar 1821 verði numin úr lögum, og að settur verði kennsluskóli í Reykjavík handa íslenzkum lögfræðíngum.

9) Vèr höfum allramildilegast veitt þegnlega bæn alþíngis um að vitnisburðir þeir, sem konúnglegur úrskurður 8. apríl 1844 áskilur, verði ekki teknir gildir, nema þeir sè frá kennaranum í íslenzku máli við háskólann í Kaupmannahöfn, eða frá þeim föstum kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, er kennir þar íslenzku, og höfum Vèr auk þessa gefið stjórn dómsmálanna á vald, að ákveða ná-

1857. 27. maí.

kvæmar hvernig próf það skuli vera, sem menn þurfa að standa í íslenzku áður en þeir geti fengið vitnisburð um að þeir kunni málið.

10) Alþingi hefir í þegnlegri bænarskrá farið fram á, að greinilegur og skipulegur reikningur yrði saminn yfir „Kollektupeningana" síðan um árslok 1797, og auglýstur þinginu. En með því málið um „Kollektupeningana", sem alþingið hefir einusinni áður haft tækifæri til að kynna sèr, er fullkomlega útkljáð með allrahæztum úrskurði 25. júlí 1844, er ákveður að stærð peninga þessara sè til þess tíma 28,165 rd. 24 sk., hefir ekki virzt nein ástæða til að gefa þinginu ítarlegri skýrslu um, hvernig „Kollektupeningunum" fyrrum hefir verið varið, en þá, sem gefin var þinginu af konúngsfulltrúa árið 1845. Þarámóti hefir svo virzt, að ekki bæri að neita þinginu um skýrslu um, hvernig hjálparsjóði þeim, sem stofnaður var með áðurnefndum allrahæztum úrskurði og vöxtum af honum hafi verið varið síðan 25. júlí 1844, og verður þess vegna í því skyni sent fulltrúa Vorum á alþingi staðfest eptirrit af optnefndum allrahæzta úrskurði og sömuleiðis af reikningi þeim, sem saminn hefir verið yfir tèðan sjóð síðan hann var stofnaður, og verður um leið skýrt frá, hvernig sèð er fyrir sjóði þessum og hvar hann er geymdur.

11) Út af þegnlegri bænarskrá alþingis um, að sýslumanninum í Skaptafells sýslu verði gjört að skyldu að taka sèr aðsetur á hentugra stað fyrir sýslubúa en verið hefir, hefir stjórn dómsmálanna lagt svo undir, að þessu verði komið í betra lag. En að öðru leyti viljum Vèr leiða athuga þingsins að innihaldi tilskip. 8. marz 1843 77. gr., er alþingi eptir henni á ekki að hafa afskipti af bænarskrám og kvörtunum einstakra manna, heldur vísa þeim til hlutaðeiganda yfirvalds úrlausnar.

Með tilliti til þess að alþingi hafði áður beðið um að samin yrði ný húsmstjórnarlög fyrir Ísland, svo fljótt sem verða mætti, þá var það starf falið á hendur nefnd þeirri, sem sett var í Reykjavík árið 1855 til að lagfæra jarðamatið. Hefir nú nefnd

þessi nýlega skýrt frá, að hún vegna hinna miklu starfa, sem 1857.
hún hafði að leysa af hendi við jarðamatið, hafi enn ekki haft 27. maí.
tóm til að semja fyrrtèð lagafrumvarp, en vonar þó að frumvarp þetta muni verða fullgjört þegar í vor eða í sumar.

Til staðfestíngar úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vèr sent Yður þessa auglýsíng Vora og heitum Voru trúa alþíngi hylli Vorri og konúnglegri mildi.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

---

13. Opið brèf um löggildíng verzlunarstaðar við Sauðárkrók í Skagafjarðar sýslu í Íslands Norðuramti. 27. maí.

Vèr Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir þegnlegu frumvarpi alþíngis hefir Oss allramildilegast þóknazt að löggilda verzlunarstað við Sauðárkrók í Skagafjarðar sýslu í Íslands Norðuramti.

Fyrir því skal það frá 1. janúar 1858 vera fastakaupmönnum heimilt, að setjast að á tèðum stað með þeim skilmálum er segir í opnu brèfi 28. desember 1836, og mega einnig frá sama tíma innlendir og útlendir lausakaupmenn sigla þángað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem ákveðið er í nefndu lagaboði og í lögunum 15. apríl 1854 3. grein.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

---

14. Brèf dómsmálastjórnarinnar til konúngsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um jarðamatið. 30. maí.

Eptir allraþegnsamlegastri uppástúngu dómsmálastjórnarinnar hefir Hans Hátign konúnginum 27. þ. m. þóknazt allramildilegast að samþykkja:

I. a) að leggja megi fyrir þessa árs alþíngi til álits frumvarp það, sem nefnd sú, er kosin var í Reykjavík árið 1855,

1857. 30. maí.

til að lagfæra jarðamatið, sem fór fram á Íslandi 1849 og 1850, hefir samið.

b) að alþíngi síðan ákveði, hverju hundraðatali skuli jafna niður á hinar einstöku sýslur í landinu.

c) að því næst skuli alþíngi þessa sumars falið, að láta jafna hundraðatali sýslnanna á hinar einstöku jarðir um land allt, og má í því skyni lengja þíngtímann um 8 til 10 daga, ef þörf gjörist.

d) að starfi þessi verði falinn annaðhvort nefnd þeirri, sem alþíng kýs til þess, eða hinni áðurnefndu jarðamatsnefnd.

e) að þegar jarðabókin þannig er albúin, verði hún lögð fyrir þíngið, til þess að það segi um hana álit sitt og samþykki.

f) að alþíngi loksins sè kvadt til að segja álit sitt bæði um það, á hvern hátt, og á hverjum tíma hið nýja jarðamat skuli öðlast lagagildi.

II. a) að 500 dala þóknun sè veitt fyrst um sinn hverjum meðlim jarðamatsnefndarinnar fyrir starfa þeirra í jarðamatsmálinu, og að leitað sè álits alþíngis um, hvort og að hve miklu leyti ástæða sè til að hækka þessa þóknun annaðhvort fyrir einhvern einstakan nefndarmann eða fyrir þá alla.

b) að veita megi skrifara nefndarinnar 150 dala aukastyrk, og

c) að þessa ofannefndu þóknun og aukastyrk megi fyrirfram greiða af fè því, sem ætlað er samkvæmt fjárhagslögunum til aukaútgjalda fyrir Ísland, móti því, að fè þetta verði endurgoldið á sama hátt, sem annar kostnaður er leiðir af jarðamatinu.

Um leið og eg sendi herra amtmanninum ofangreindan úrskurð konúngs til þóknanlegrar vitundar, vildi eg einnig biðja yður að annast um það sem við þarf samkvæmt honum, og í því skyni sendi eg yður einnig skýrslu nefndarinnar til stjórnarráðsins með fylgiskjölum, en frumvarp nefndarinnar til nýrrar jarðabókar og hin eldri skjöl málsins eru send yður hèðan með brèfum 20. og 24. þ. m.

15. Brèf dómsmálastjórnarinnar til konúngsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um tekju- og útgjaldaáætlun Íslands. 1857. 30. maí.

Eptir allraþegnsamlegastri uppástúngu dómsmálastjórnarinnar hefir Hans Hátign konúnginum 27. þ. m. þóknazt allramildilegast að úrskurða: að fulltrúi konúngs kveðji alþíngi til að taka til íhugunar og segja álit sitt um, hversu að alþíngi fyrst um sinn, þángað til fjárhagsfyrirkomulag Íslands er komið í kríng, geti gefizt kostur á að segja álit sitt um tekju- og útgjaldaáætlun Íslands, annaðhvort á þann hátt, að alþíngi eitt sinn fyrir öll taki fjárhagsmálefnið til ítarlegustu yfirvegunar og meðferðar, eða á þann hátt, að málið sè reglulega lagt fyrir þíngið á vissum tímamótum; og að alþíngi skuli segja álit sitt um spurninguna viðvíkjandi hlutteknínguu Íslands í útboði til herflota konúngs, og sömuleiðis ef til þess kemur um það, hvernig koma skuli á slíkri tilhögun.

Þenna úrskurð konúngs læt eg ekki hjá líða að skýra herra amtmanninum frá til þóknanlegrar vitundar og frekari ráðstafana samkvæmt honum, en eptirrit af framburðarskjali stjórnarráðsins til konúngs þessu viðvíkjandi sendi eg herra amtmanninum til leiðbeiníngar.

---

16. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um styrk til þess að skoða steinategundir í suður-umdæminu. 3. júní.

Beiðni þá, sem herra stiptamtmaðurinn sendi með brèfi 1. september f. á., hefir dómsmálastjórnin allraþegnsamlegast borið undir konúng, og hefir Hans Hátign allramildilegast þóknazt með úrskurði 1. þ. m. að skipa svo fyrir, að veita megi landlækni á Íslandi, Dr. J. Hjaltalín, og kennara við prestaskólann í Reykjavík, H. Árnasyni, hvorjum þeirra 150 rd. styrk til þess að skoða steina-tegundir í suður-umdæminu, af upphæð þeirri, sem í fjárhagslögunum er ætluð til ýmislegra og óvissra útgjalda fyrir Ísland, þó með því skilyrði, að þeir á

1857. 3. júní. sínum tíma annaðhvort skýri almenníngi eða dómsmálastjórninni frá árángri þeim sem þetta hefir haft.

Þetta læt eg ekki hjá líða að skýra herra stiptamtmanninum frá til þóknanlegrar vitundar og auglýsíngar fyrir hlutaðeigendum, og verð eg þarhjá biðja yður að sjá um, að fé þetta sè goldið úr jarðabókarsjóðnum.

---

16. júní. **17. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins á Íslandi um vitnisburði um kunnáttu í íslenzku.**

Dómsmálastjórnin hefir í dag ritað kirkju- og kennslustjórninni á þessa leið:

„Eptir að hafa fengið brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar 26. marz þ. á. hefir dómsmálastjórnin ritað konúngi, og hefir Hans Hátign 27. f. m. þóknazt allramildilegast að fallast á, að vitnisburðir þeir um kunnáttu í íslenzku, sem úrskurður konúngs 8. apríl 1844 skipar fyrir að fylgja skuli bónarbrèfum þeirra, sem sækja um embætti á Íslandi en ekki eru fæddir þar, skuli fyrst um sinn, til þess þeir verði álitnir fullgildir, gefnir annaðhvort af kennaranum í Norðurlandamálum við Kaupmannahafnar háskóla, eða af kennara þeim við Reykjavíkur skóla, sem skipað er að kenna íslenzku. Konúngi hefir þarhjá mildilega þóknazt að heimila dómsmálastjórninni vald til nákvæmar að ákveða, bæði hvernig haga skuli prófi því í íslenzku, sem hlutaðeigendur eiga að standa áður þeir geti fengið vitnisburð um kunnáttu í málinu, og svo líka hve mikla borgun ber að greiða.

Samkvæmt þessu skal það vera almenn regla, að þeir sem gánga undir þetta próf skuli bæði vera svo leiknir og liðugir í íslenzku, að þeir geti talað og skilið það sem vanalegast kemur fyrir í daglegu lífi, og einnig vera kunnugir íslenzkri málfræði, einkum hljóðfræði og hneigíngafræði hennar, og hinum helztu einkunnum í orðaskipuninni. Auk þessa skulu þeir, þegar þeir vilja öðlast lagaembætti, hafa lesið lög-

bók Íslendínga, Jónsbókina, á íslenzkri túngu, en vili þeir verða læknar þar í landi, þá skulu þeir hafa lesið lækninga-bók Jóns Pèturssonar og hina íslenzku útleggíng af bók þeirri, sem heitir: „útdráttur af yfirsetukvennafræðinni, kennslubók handa yfirsetukonum" eptir Dr. Levy, og láta reyna sig í þessum ritum. 1857. 16. júní.

Um leið og eg skýri kirkju- og kennslustjórninni frá þessu til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsíngar fyrir háskólakennara Konráði Gíslasyni og stiptsyfirvöldunum á Íslandi, bæti eg því við, að stjórnarráðið mun sjá um, að sanngjörn þóknun verði veitt þeim sem prófið heldur, hvort sem það verður háskólakennari Konráð Gíslason eða kennarinn í íslenzku við Reykjavíkur skóla."

Þetta læt eg ekki hjá líða að skýra herra stiptamtmanninum frá, og yður, háæruverðugi herra, til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsíngar.

---

18. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um kosníngu bæjarfulltrúa í Reykjavíkur kaupstað. 30. júní.

Með þóknanlegu brèfi 26. febrúar þ. á. hefir herra stiptamtmaðurinn sent hingað beiðni frá bæjarfulltrúunum í Reykjavíkur kaupstað um, að yrði lagt til úrslita fyrir dómsmálastjórnina úrskurður yðar af 2. s. m., og hefir bæjarfógetinn sagt álit sitt um þessa beiðni; en í þessum úrskurði yðar var ákveðið, að bæjarfulltrúi D. Thomsen, sem að áliti bæjarstjórnarinnar átti að fara frá í byrjun þessa árs, sökum þess að hann hafði lengst haft það starf á hendi, skuli vera við til næsta nýjárs, samt að ruglíng þann, sem áður er á kominn við kosníngar bæjarfulltrúanna, bæri að laga á þann hátt, að á ári því, sem þeir tveir fulltrúarnir fara frá, er kosnir voru 1855, verði í stað annars þeirra kosinn einn fulltrúi af bæjarmönnum aðeins til 2 ára.

Bæjarfulltrúar og bæjarfógeti hafa látið þá meiníngu í ljósi,

1857. 30. júní. að reglu þeirri, sem til er tekin í niðurlagi 8. greinar í reglugjörð 27. nóvember 1846, að á ári hverju skuli sá bæjarfulltrúi, sem lengst hefir haft sýslu á hendi, fara frá — og er sagt að reglu þessari hafi til þessa verið fylgt mótmælalaust, jafnvel þó enginn fulltrúi hingaðtil hafi gegnt störfum sínum í 6 ár, sem er tími sá er nefnd reglugjörð ákveður í 7. gr. — ætti að fylgja bæði nú og framvegis til þess hin lögskipaða regla kemst á, og mundi þá einnig að líkindum lagast ruglingur sá, sem á er kominn við það, að árið 1855 var ránglega kosinn einn fulltrúi af bæjarmönnum og einn úr flokki tómthúsmanna í stað þess sem þá fór frá.

Um þetta hefir herra stiptamtmaðurinn sagt, að þó amtið hafi fallizt á kosningar þær, sem fóru fram árin 1855 og 1856, jafnvel þó þeir sem fóru frá hefði verið skemmri tíma í bæjarstjórninni en 6 ár, þá hafi það verið af þeirri sök, að fulltrúarnir hafi ekki mælt móti því að fara frá, þareð bæjarstjórnin hefir rètt á að gefa fulltrúa lausn frá sýslu sinni innan hinna lögboðnu 6 ára, þegar hann sjálfur óskar þess og beiðist, en öðru máli sè að gegna þegar fulltrúinn, eins og hèr stendur á, ekki óskar þess, heldur mælir móti því að fara frá áður hin lögboðnu 6 ár eru liðin, og er það ekki að leyfa honum að fara frá heldur að víkja honum frá, en til þessa álítið þèr að 14. gr. reglugjörðarinnar einúngis gefi vald þegar óhæfilegleiki hans sem fulltrúi er svo stöðugur, að hann sökum þess ekki getur haft starf sitt á hendi.

Það sem herra stiptamtmaðurinn hefir fært til um að fara frá eptir eigin ósk, getur ekki átt við fulltrúa þá, Biering og Jonassen, sem fóru frá árin 1855 og 1856, því eptir því sem bæjarfógetinn skýrir frá, þá fóru þeir ekki frá af því þeir beiddist þess — en hefði svo verið, hefðu þeir, sem kosnir voru í stað þeirra, einúngis átt að hafa þá sýslu á hendi um þann tíma, sem eptir var þegar hinir fóru frá — heldur sökum þess að þeir höfðu lengst haft sýslu bæjarfulltrúa á hendi. Það er einnig sjálfsagt, að reglu þá, sem gefin er í 7. gr. í reglugjörð 27. nóvember 1846, að fulltrúar skuli hafa starf sitt á hendi um 6 ár, hlýtur að einskorða við regluna í niðurlagi 8. greinar

í sömu reglugjörð. Stjórnarráðið verður því að fallast á það álit bæjarstjórnarinnar, að hinni síðastnefndu reglu beri að fylgja, án tillits til hvort sá sem frá á að fara hefir haft starf sitt á hendi í 6 ár eður skemmri tíma, og getur því fulltrúi sá, sem hèr ræðir um, ekki haft rètt á að hafa starf sitt á hendi í 6 ár, en hlýtur eflaust, samkvæmt 8. gr. reglugjörðarinnar, að fara frá sem sá meðal bæjarfulltrúa, er lengst hefir haft starf sitt á hendi. Ef þannig er farið að mun einnig, eins og bæjarstjórnin hefir látið í ljósi, smámsaman lagast ruglingur sá, sem áður er á kominn við kosníngarnar, en á hinn bóginn veitir reglugjörðin enga heimild til að bæta úr þessu með því að kjósa til 2 ára, eins og herra stiptamtmaðurinn hefir skipað fyrir. 1857. 30. júní.

Samkvæmt því sem hèr er sagt skal því hið bráðasta kjósa bæjarfulltrúa í Reykjavík í stað kaupmanns D. Thomsens, og skýri eg herra stiptamtmanninum frá þessu til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsíngar.

---

19. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæmunum um skip sem koma til Íslands án leyfisbrèfa. 2. júlí.

Í þóknanlegu brèfi 15. apríl þ. á. hefir herra amtmaðurinn skýrt frá, að þèr, í trausti þess að stjórnarráðið fallist á það, hafið leyft, að þegar skip stórkaupmannanna Örum & Wulffs kæmi til Húsavíkur á þessu vori eða framan af sumrinu án þess að hafa hin lögskipuðu leyfisbrèf, en þegar hin önnur skilríki væri í lagi, og þegar nöfn skipanna, hvar þau eiga heima og stærð þeirra, ásamt nöfn skipstjóranna væri sýslumanninum þar á staðnum kunnugt, þá mætti strax byrja affermíngu skipanna, þó með því móti, að tafarlaust sè lögð drög fyrir að kaupa leyfisbrèfin hjá sýslumanninum í Eyjafjarðar sýslu.

Þó nú eptir kríngumstæðunum verði að standa við svo búið í þetta skipti, þá vonast stjórnarráðið eptir að þèr sjáið um, samkvæmt brèfi hèðan 8. nóvember f. á., að framvegis verði

1857. 2. júlí. nákvæmlega gætt þeirra reglna, sem skipaðar eru fyrir um það, að sýna skuli eða kaupa á Íslandi hin lögboðnu leyfisbrèf áður en affermíng skipa sè leyfð.

---

22. júlí. **20. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um skýrslur um þínglesin lagaboð.**

Um leið og herra stiptamtmaðurinn (amtmaðurinn) með brèfi þessu er beðinn um að heimta skýrslur hjá öllum sýslumönnum í suður-umdæminu og bæjarfógetanum í Reykjavík (vestur-umdæminu, norður- og austur-umdæminu) um lög þau, tilskipanir og opin brèf, sem þínglesin hafa verið í hverri þínghá síðan 1. janúar 1849, og þareptir senda skýrslur þessar híngað, verður stjórnarráðið að biðja yður eptirleiðis á ári hverju að senda því þesshättar skýrslur.

---

24. ágúst. **21. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um embættisbústað handa sýslumanninum í Vestmannaeyjum.**

Með þóknanlegu brèfi 31. marz þ. á. hefir herra stiptamtmaðurinn sent stjórnarráðinu brèf frá innbúum Vestmannaeyja, og biðja þeir í því um, að hús verði byggt handa sýslumanni í eyjunum með þeim kostum, að borga skuli aptur og gjalda leigur af fè því, sem til þessa þyrfti, eptir reglum þeim sem vant er að fara eptir í öðrum hlutum landsins þegar eins stendur á. Þèr hafið nú nákvæmar talið ástæður þær, sem eptir yðar áliti eru fyrir því, að nauðsynlegt sè að útvega embættisbústað handa tèðum sýslumanni, og hafið þèr um leið látið þá meiníngu í ljósi, að ekki muni vera faranda fram á að veita lán til þessa með þeim kostum, að það sè borgað aptur með því að greiða 6 af hverju hundraði í 28 ár, þar þetta mundi

verða embættinu ofvaxið; en á hinn bóginn hafi þér stúngið 1857.
uppá, að byggt verði hús handa optnefndum sýslumanni á kostnað 24. ágúst.
ríkissjóðsins, og með því skilyrði, að sýslumaður skuli skyldur að halda húsinu við á sinn kostnað, eða þá, ef þetta ekki fengist, að embættinu væri veitt leigulaust lán, fram undir 2000 rd., til þess að byggja þvílíkt hús, og með þeim skilmálum, að borga skyldi lánið aptur með 100 rd. á ári, en sýslumaður halda húsinu við.

Stjórnarráðið verður nú að vísu að viðurkenna, að eptir því sem ástatt er á Vestmannaeyjum getur það verið örðugt fyrir sýslumanninn þar að útvega sèr bústað, sem honum sè hæfilegur, en að líkindum geta lík vandkvæði risið upp fyrir mörgum þeim sýslumönnum á Íslandi, sem samkvæmt lögum 15. apríl 1854 um siglíngar og verzlun á Íslandi eru skyldir að taka sèr bústað í verzlunarstöðum landsins, t. a. m. sýslumönnunum í Ísafjarðar og Snæfellsness sýslum, og eru þeir þó að því leiti verr staddir, að tekjur þeirra eru minni en tekjur sýslumannsins í Vestmannaeyjum. Samt sem áður hefi eg skrifazt á við innanríkisstjórnina um þetta, en hún hefir svarað því á þá leið, að hún ekki gæti gefið jákvæði sitt til, að peníngar þeir sem til þessa þyrfti væri goldnir úr ríkissjóðnum. Dómsmálastjórnin getur því ekki gjört frekara í þessu efni.

Frá þessu er herra stiptamtmanninum skýrt til vitundar og frekari auglýsíngar.

---

22. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæmunum um póstafgreiðsluna á Akureyri. 26. ágúst.

Með þóknanlegu brèfi 30. janúar þ. á. hafið þèr, herra amtmaður! sent híngað beiðni frá Birni Jónssyni, sem settur er til að afgreiða póstinn á Akureyri, um að sèr væri veitt þóknun fyrir ómak sitt og kostnað við afgreiðslu þessa. Í tilefni af þessu hafið þèr stúngið uppá, að nefndum B. Jónssyni sè veitt 20 rd. þóknun fyrir þann tíma sem hann þegar hefir afgreidt

1857. 26. ágúst. póstinn, af peningum þeim, sem ætlaðir eru til póstgánganna á Íslandi, en að starf þetta eptirleiðis, meðan sýslumaðurinn í Eyjafjarðar sýslu ekki er búsettur á Akureyri, án nokkurs sèrlegs endurgjalds úr opinberum sjóðum verði falið á hendur þeim manni, sem sýslumanninum er gjört að skyldu að launa til þess að hafa lögreglustjórn á verzlunarstaðnum, og til þess að hafa umsjón með skipum þeim, sem þángað koma frá útlöndum.

Stjórnarráðið fellst nú að vísu á skoðun herra amtmannsins um hið síðarnefnda atriði, en álítur þó á hinn bóginn, að nefndur B. Jónsson ekki heldur eigi heimting á þóknun sèrílagi fyrir afgreiðslu póstsins um umliðinn tíma, þar hann einmitt á þeim tíma hefir haft á hendi erindi sýslumannsins í Eyjafjarðar sýslu, og fyrir þenna starfa þegið 20 rd. þóknun úr opinberum sjóði á ári.

---

30. septbr. **23. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um fjárkláðann.**

Í brèfi 13. f. m. hefir herra stiptamtmaðurinn skýrt dómsmálastjórninni frá því, sem til þess tíma var aðgjört í máli því, er borið var undir alþíngi, um fjárkláðann í suður-umdæminu á Íslandi; en fremur hafið þèr í brèfi 21. s. m., þá er alþíngi hafði lokið umræðum málsins, skýrt frá því, að lagafrumvarp það, er alþíngi hafi samþykkt[1], meðal annars fari því fram: að

---

1) Lagafrumvarp það sem alþíngi þannig hafði fallizt á, hljóðar þannig:

Tilskipun

til þess að útrýma og varna útbreiðslu fjárkláðans.

1. gr. Í þeim fjórum sýslum, Árness-, Gullbríngu- og Kjósarsamt Borgarfjarðar-sýslum, skal almennt farga sauðfènaði haustið 1857, með þeim takmörkunum sem hèreptir segir.

2. gr. Sèrhver búandi, sem grasnyt hefir, má setja nokkrar ær á vetur, en þó svo, að enginn má setja á fleiri ær en 100, að meðtöldum kúgildisám.

í þeim 4 sýslum: Árness sýslu, Kjósar- og Gullbríngu-sýslu og Borgarfjarðar sýslu, skuli þegar fyrir 31. desember þ. á. skera niður allan sauðfénað, bæði sjúkan og heilbrigðan, að undanteknum

1857. 30. septbr.

3. gr. Þarámóti skal skera eða lóga öllum geldfénaði og lömbum, hvort sem sjúkt reynist eða heilbrigt; sömuleiðis dilkám og geldum ám, sem á afréttum hafa gengið, en þó má setja á vetur brundhrúta þá, er til ánna þurfa, sem og veturgamlar gimbrar, innan þeirrar ærtölu, sem til er tekin í 2. gr.

Enn fremur mega þeir bændur, sem hrepps- og sýslunefnd álítur hafa ástæður til að setja á fleiri ær en þeir eiga, eða fyrir elli og sjúkleika sakir geta látið lifa, setja á vetur nokkur gimbrarlömb sem væri kláðafri, þó með því skilyrði, að þeir vakti þau með ásauð sínum næsta sumar.

4. gr. Förgun þess fjár, sem farga á, skal hver maður hafa aflokið fyrir 31. desember 1857.

5. gr. Á hverju því heimili, þar sem fjársýkin gjörði vart við sig næstliðinn vetur eða vor, en ekki hafa verið rifin fjárhúsin í sumar, samkvæmt reglugjörð stiptamtsins 13. febrúar þ. á., skal öll fjárhús rífa á hausti komanda og byggja aptur upp á öðrum stað, háum og þurlendum, ný fjárhús, nægileg fyrir ærstofn þann, sem hver búandi má gjöra ráð fyrir að hann megi á setja, samkvæmt þessari tilskipun, og með þeirri stærð og lagi, sem tilsk. 2. marz 1776 tiltekur.

Viðina úr gömlu fjárhúsunum má brúka í hin nýju, ef þeir eru sviðnir áður eða bikaðir utan.

Hafa skal sérstaklegt tillit til þess, þegar ákveðin verður ærtala sú, er hver má á vetur setja, hve rækilega búandi hefir, samkvæmt þessari grein, leyst af hendi rof hinna eldri fjárhúsa og uppbyggingu hinna nýju.

6. gr. Til þess að annast um ásetníngu og lógun fjárins, niðurjöfnun og úthlutun skaðabótanna, rof og endurbygging fjárhúsanna, sem og annað fleira, er hér er tekið fram í 1.—5. gr., skal hver sýslumaður kveðja sér til ráðaneytis og aðstoðar 3 eða 4 hina beztu menn, hér og hvar úr sýslu sinni.

Hin sama regla gildir og fyrir lögsagnarumdæmið Reykjavík og bæjarfógetann þar.

7. gr. Í hverjum hrepp skal velja hreppanefndir, á þann hátt, að hreppstjórinn kveði með sér, eptir stærð hrepps síns, 2 eða 4 hina beztu hreppsbændur, og sé hreppur mjög stór, svo

1857. 30. septbr. um nokkrum ám og gimbrum, sem þó ekki megi vera fleiri samtals á neinum bæ en 100, og megi setja þessa ærtölu á hvort sem ærnar sè veikar eða heilbrigðar, en gimbrarnar

---

vatnsföll geti um lengri tíma hindrað samfundi, þá sè hreppsnefndir 2 eða 3, svo til þeirra sè kvaddir, ef þarf, alls 6 menn.

8. gr. Enginn sýslu- eða hrepps-nefndar-maður má skorast undan þeim starfa, án lögmætra forfalla, sem sýslumaður þá metur, og skal þegar kveðja nýjan mann til nefndar, ef eins missir við úr nefndinni.

9. gr. Stiptamtmaður skal sjá um, að prentaður verði, svo fljótt sem orðið getur, greinilegur leiðarvísir til að þekkja kláðann, öll einkenni hans og alla lækninga-meðferð á honum, og ennfremur skal í leiðarvísi þessum skýrt frá, hvernig með fénað skuli fara, til að verja hann kláða, og skal senda leiðarvísi þenna öllum hreppsnefndum, sem um er getið í 7. gr.

10. gr. Hreppanefndir skulu byrja starfa sinn svo fljótt sem verður, og þegar innan 20. nóvember hafa sent sýslumanni skýrslu um búnaðar og heimilis-ástand hvers búanda í hreppnum, samkvæmt þeim eyðublöðum, sem þeim til þess verða send, og sem nefndin útfyllir.

11. gr. Sýslumaður skal, undireins og hann hefir fengið skýrslur þær frá hreppanefndum, sem getið er um í 10. gr., kalla saman sýslunefndina, og skal hún leggja úrskurð á um það, hversu margar ær og gimbrarlömb hver búandi í hverjum hreppi sýslunnar má á vetur setja, innan þeirrar tölu sem til er tekin í 2. gr. Þenna úrskurð skal sýslunefndin senda tafarlaust til hlutaðeigandi hreppanefnda, svo að þær hafi fengið úrskurð sýslunefndarinnar innan 6. desember.

12. gr. Hreppanefndir sjá um, að úrskurðum sýslunefndarinnar verði fullnægt, svo að enginn seti meira á en þar er tiltekið, og skulu þær tilkynna þetta öllum hreppsbúum með hreppaseðli, rètta boðleið, að viðlögðum sektum fyrir boðfall. Óhlýðnist nokkur búandi því, sem þannig er ákveðið, skal hreppsnefndin tafarlaust tilkynna það sýslumanni, en hann höfðar opinbert lögreglumál móti hinum seka, til óhlýðnissekta eptir málavöxtum, málskostnaðar útláta og skaðabóta missis. Þá dóma sýslumannsins má ei áfría; málskostnaðinn má strax taka lögtaki, en lagabrotssektirnar eptir amtsúrskurði.

13. gr. Í seinasta lagi innan viku frá þeim seinasta niður-

einúngis að svo miklu leyti þær sè heibrigðar; að í skaða- 1857.
bætur fyrir niðurskurðinn skuli greiða 9000 rd.; að skera 30. septbr.
skuli niður undantekníngarlaust allt fè, ef svo fari að kláðasýk-

---

skurðar fresti, sem til er tekinn í 4. gr., skulu hreppanefndirnar hefja rannsóknarferð um hreppinn, til þess að komast að fullri raun um, að hver búandi hafi hlýdt úrskurði sýslunefndarinnar, halda rannsókn þessari áfram tafarlaust, svo henni sè lokið og sýslumanni tilkynnt svo fljótt sem verða má.

Strax eptir miðjan vetur skulu hreppsnefndir aptur fara um hreppinn, og eiga þær þá enn að nýju að gánga úr skugga um, að hvergi sè sett á framyfir það ákveðið var, og ennfremur kynna sèr heilbrigðis-ástand og hirðíngu fjárins, hvort lækníngatilraunir hafa verið við hafðar, og hver árángur af þeim hefir orðið, og gefi sýslunefndinni hið fyrsta þarum greinilegar skýrslur. Þriðja skoðan framfari um sumarmál; fjórðu skoðunarferð skulu hreppsnefndir gjöra um Jónsmessu leytið, eða svo fljótt sem ærfè almennt fer úr ullu, og gefa sýslunefndinni þá greinilega skýrslu um heilbrigðis-ástand fjárins og fleira er þar að lýtur, eins og fyr segir í þessari grein.

14. gr. Sýslunefndirnar skulu hafa vakandi auga á öllu því, sem að því lýtur, að lögum þessum verði tilhlýðilega hlýdt og framfylgt, leiðbeina hreppsnefndunum í öllu, er þurfa þykir, og vera þeim til ráðaneytis, hvenær sem þeir leita þess.

15. gr. Undireins og sýslunefndirnar hafa úrskurðað um ásetníngu fjárins í hverjum hreppi, samkvæmt 11. gr., skal sýslumaður senda amtmanni greinilega skýrslu þaryfir, svo skal og sýslunefndin senda amtmanni skýrslu um afdrifin af miðsvetrar- og vor-skoðun hreppanefndanna, jafnsnart sem hver sú skoðun um sig er af genginn, og gjöra athugasemdir og uppástúngur um það, sem henni, samkvæmt skýrslum hreppanefndanna, virðist þörf á, einkum með tilliti til lækníngatilrauna, meðala útvegunar, o. fl.

16. gr. Sýslumaður skal, þegar vafasamt þykir, leita úrskurðar amtmanns um það, hvort mál skuli höfða, hvort heldur er gegn einstökum búanda eður hreppsnefndarmönnum, fyrir óhlýðni, mótþróa eður önnur afbrot mót þessum lögum.

17. gr. Búendurnir í þeim sýslum, sem til eru teknar í 1. gr., er þannig skyldast til að farga geldfènaði sínum í haust, skulu fá skaðabætur, miðaðar við framtölu geldfjárins næstliðið vor, að

1857. 30. septbr. inni að hausti komanda ekki sè gjörsamlega útrýmt, þó með því skilyrði, að sýkin þá ekki sè komin um fleiri hèruð landsins eða víðs vegar um norður- og austurumdæmið og vesturumdæmið;

---

frádregnu því skurðarfè, er menn þurfa að leggja frá til búa sinna; en það metur hver hreppsnefnd.

Skaðabótum þessum fyrir allar tèðar sýslur, samtals 9000 rd., skiptir amtmaðurinn í suðuramtinu niður á hverja sýslu, eptir geldfjárframtalinu í fardögum 1857; sýslunefndirnar aptur niður á hvern hrepp sýslunnar eptir framtalinu í hreppnum, en hreppsnefndirnar aptur niður á hvern búanda, eptir framtali hans og nauðsynlegum geldfjárskurði til búsins.

Ef einhver búandi þykist verða afskiptur við úthlutun skaðabótanna, í samanburði við aðra í hreppnum, má hann bera sig upp undan því við sýslunefndina, síðan við amtmann, og leggur hann úrskurð á málið.

Þessir 9000 rd. greiðist fyrirfram sem skyndilán úr ríkissjóðnum, gegn endurgjaldi af hálfu Íslands. Næsta alþing ákveður á hvern hátt að fè þetta skuli endurgjalda.

18. gr. Að afloknum fjárskurði í þeim meinguðu sýslum, skal stiptamtmaður og amtmaður hver fyrir sig, með tilstyrk sýslumanna og annara merkra manna, alúðlega gángast fyrir því, að safna gjöfum til hjálpar hinum nauðstöddu, er hlotið hafa tjón af kláðafaraldrinu.

19. gr. Enginn maður í þeim sýslum, sem til eru teknar í 1. gr., má að sumri komanda reka neitt lamb eða nokkra sauðkind á fjöll, heldur skal hann halda þeim í búfjárhögum.

20. gr. Að vori eða sumri komanda má enginn í fjársjúkum hèruðum fá að nè flytja þángað neina sauðkind úr hinum ósýktu hèruðum; þó má kaupa þaðan skurðarfè.

21. gr. Hver sá, sem af skeytíngarleysi verður valdur að því, að hið sóttnæma kláðafaraldur flytist í þau hèruð, sem fè almennt er heilbrigt í, skal sæta, auk skaðabóta, fjársektum frá 1 til 15 rd., en verði nokkur sannur að því, af ásetníngi eða með vilja að hafa flutt faraldrið inn í hinar ósýktu sveitir, varðar það frelsistjóni frá 2—5 ára.

22. gr. Hver sá maður í hinum ósýktu hèruðum, sem annaðhvort af skeytíngarleysi eða af ásetníngi verður uppvís að því, að hafa leynt kláðanum á fè því, er hann hefir undir höndum, skal sæta fjársektum frá 5 til 30 rd.

og að, þegar slíkur almennur niðurskurður hafi átt sèr stað, þá skuli fjáreigendur í hinum ósýktu hèruðum skyldir til að selja svo margar ær, hver að tiltölu eptir því, hversu margt fè hann 1857. 30. septbr.

---

23. gr. Í öllum öðrum sýslum landsins en þeim, sem til eru teknar í 1. gr., skal hlutaðeigandi amtmaður nú þegar í haust hlutast til, að settar verði nefndir í hverri sýslu og hverjum hrepp, á þann hátt, sem fyrir er sagt í 6. og 7. gr.

24. gr. Skyldi hins sóttnæma kláðafaraldurs verða vart á einstökum bæ í hinum sýslunum, þá skal tafarlaust drepa niður hinar kláðugu kindur, halda þar öllu fè í straungu varðhaldi og nákvæmri gæzlu, og verja því samgaungur við annara fè; komi þá í ljós kláði á fleirum kindum, að 4—6 vikum liðnum, skal allt fè á því heimili niður skera, en bæta þá eiganda skaðann af opinberum sjóði, ef hann reynist óvaldur að nè sannur að skeytingarleysi.

25. gr. En verði vart hins skaðvæna fjárkláða hèr og hvar í einhverjum hreppum þessara sýslna (smbr. 23. gr.), og á fleiri heimilum í senn, þá skal í hverjum þeim hrepp fram fara almennur niðurskurður, eða förgun fjárins, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem segir í 1—20. gr., ef sýslunefndin kýs heldur þann kost en algjörlegan niðurskurð. Þó skal jafnan, ef kostur er á, leita hèrum úrskurðar amtmanns. Ef ei er, þegar svo stendur á, afráðinn algjörður almennur niðurskurður, skal stránga vöktun á því hafa, að það fè, sem lifir, nái ei samgaungum við heilbrigt fè.

26. gr. Verði sú raun á að hausti komanda, að fjárkláðasýkin ekki sè almennt upprætt í sýslum þeim, sem til eru teknar í 1. gr., eða öðrum þeim hèruðum Suðuramtsins, þar sem sýkin þá hefir almennt gjört vart við sig, skal almennur niðurskurður fram fara og honum lokið fyrir jólaföstu, þó með því skilyrði, að sýkin hafi þá ekki útbreiðzt um fleiri hèruð, eða víðsvegar í norður- austur- og vestur-amtinu. Hin sama regla skal gilda í öllum hèruðum í téðum ömtum, þar sem kláðasýkin hefir útbreiðzt (ábekkt því sem ráðgjört er í 24. gr.) en ekki verið upprætt.

Í hverju því hèraði, sem almennur niðurskurður verður að hausti, samkvæmt ákvörðunum í þessari grein, skal öll fjárhús rífa og byggja þau upp aptur að vori (1859) á öðrum stað.

27. gr. Ef sýkin þarámóti er upprætt að hausti (1858) í öllum sýslum Suðuramtsins nema Skaptafellssýslunum, þá eru öll hin hèruð amtsins laus við þær lagaskyldur, sem tilteknar eru í 26. gr. En reynist sýkin útbreidd í annari hvorri þeirri sýslu eða báðum,

1857. 30. septbr. á, að sèrhver fjáreigandi, er hefir orðið að skera niður fè sitt, fái helmíng af ærtölu þeirri, sem hann hefir talið fram í landbúnaðartöflunni árið 1856, og skuli þeir selja þær með því

þá skal þar fyrir hið næsta ár fara að öllu eptir þeim reglum, sem segir í 1—21. gr. hèr að framan, eptir nákvæmari ráðstöfun yfirvaldsins. Verði fjárklaðinn ekki upprættur í annari hvorri þeirri sýslu haustið 1859, skal þar framfara almennur-niðurskurður eptir 24. gr.

28. gr. Ef nokkurt fè úr ósýktum hèruðum kemur inn í hin sýktu hèruð, skal því þar lóga, og alls ei á vetur setja. En ef nokkur kind úr hinum sýktu hèruðum kemur inn í hin ósýktu, þá skal hún dræp og rèttlaus falla.

29. gr. Skyldi svo fara, að almennur niðurskurður yrði að eiga sèr stað á Suðurlandi, samkvæmt 26. gr., skal sèrhver fjáreigandi maður í þeim sýslum og bygðarlögum, hvar almennur niðurskurður, eða með þeim takmörkunum, sem segir í 24. gr., ekki hefir átt sèr stað, skyldur til eptir tiltölu til fjáreignar sinnar vorið 1859, að selja svo mikið af ám með lömbum að vorlagi, að hver búandi í þeim sýslum, hvar algjörður niðurskurður hefir fram farið, geti fengið helming þeirrar ærtölu, sem hann 1856 hefir talið fram til landbúskapartöflunnar, og skulu yfirvöldin annast um útbýtíngu fjárins eptir þessu hlutfalli.

30. gr. Ærnar skulu látnar af hendi í fullgildu standi, og borgist eptir verðlagsskrá þeirri, er ræður frá miðju maímánaðar 1859, til jafnlengdar 1860, í þeim sýslum hvaðan ærnar eru.

31. gr. Amtmenn ákveði eptir landbúskapartöflunni úr hverju amti hvað margt fè hverri sýslu ber að selja, en sýslunefnd í hverri sýslu hvað margt kemur á hvern hrepp, og hreppsnefnd í hverjum hrepp, hvað hverjum fjáreiganda ber skylda til að selja. Skal það með miðsvetrarpóstum tilkynnt stiptamtmanni, hvað margt fè fáist í hverju bygðarlagi fyrir sig, svo hann geti tiltekið, hvert hver sveit eigi að leita fjárkaupanna. Ef það virðist óvinnanda, að reka fè úr hinum fjarlægustu sýslum til Suðurlands, skulu þær nálægari sýslur leggja því fleiri ær til, en sè aptur það, sem þær láta í tè framyfir rètta tiltölu, endurgoldið frá þeim fjarlægari sýslum. Kostnaðurinn til þessa fjárflutnings greiðist úr hlutaðeiganda amts jafnaðarsjóði.

32. gr. Til fjárkaupa komi Sunnlendíngar um Jónsmessuleytið 1859, og skal hreppstjóri í hverjum hrepp með helztu

verði, sem sett verður í verðlagsskrá þeirri, er gildir frá miðju maímánaðar 1859 til sama tíma 1860. 1857. 30. septbr.

Herra stiptamtmaðurinn hefir þarhjá látið í ljósi þá meiningu sína, að ekki mundi ráðlegt að fallast á þessar tillögur alþingis, því ef það væri gjört, þá mundi leiða af því, að hinn helzti atvinnuvegur landsbúa í hèruðum þeim í suðurumdæminu, sem áður er minnzt á, væri svo að segja gjörsamlega ónýttur um lángan tíma.

Stjórnarráðið verður nú að fallast á þessa skoðun, og það því fremur, sem ennþá vantar skýrslu um það, yfir hve mikinn hluta suðurumdæmisins sýkin er komin nú sem stendur, en álit dýralæknanna, sem híngað hefir verið sent, lýtur að því, að sýkin virðist ekki vera illkynjuð, og þeir eru góðrar vonar um að stemma megi stigu fyrir henni, ef að eins væri lögð öll alúð á lækníngar og hirðíngu fjárins. Reynslan hefir einnig þegar sýnt þetta, því víða hefir sýkin verið læknuð, þar sem tilhlýðileg nákvæmni hefir verið við hana höfð og fé hirt vel. Auk þessa eru engar áreiðanlegar skýrslur um það, að hve miklu leyti hin umdæmin eru nú sem stendur í raun og veru laus við sýkina, eins og það að minnsta kosti er öldúngis óvíst að þau verði það, þegar framkvæma á í hinum umgetnu sýslum í suður-umdæminu ákvarðanir þær, sem alþíngi hefir stúngið uppá.

Þarf nú mun verða nauðsynlegt, að öll þau atvik, sem að þessu lúta, sè nákvæmlega íhuguð áður en ákveðið verður hvaða ráðstafanir skuli framvegis gjöra til að stöðva sýkina og útrýma henni, þá sèr stjórnarráðið sèr ekki fært um að gefa nákvæmar reglur í þessu efni. En þarf þèr, herra stiptamtmaður, á ferðum yðar til hinna umgetnu sýslna munuð hafa haft færi á að rannsaka, hvernig ástatt er, og kynna yður ásigkomulagið eins og það er í raun og veru, þá verð eg að heimila yður, eptir því sem ástatt er, og eptir að þèr hafið ráðgazt um við dýralæknana á Íslandi, að gjöra allar þær ráðstafanir, sem

mönnum hreppsins vera þeim hjálplegur í því, að ná saman hinu lofaða fé.

33. gr. Allar sektir, er ákveðnar eru í lögum þessum, skulu falla í sveitarsjóð.

1857. 30. septbr. hentugar þykja til þess að ná tilgángi þeim, sem hèr ræðir um, og einkanlega ákveða, að hve miklu leyti og hversu mikið skuli skera niður af veiku og grunuðu fè, eða hvort eigi að við hafa lækníngatilraunir; en þá verður vandlega að gæta þess, að hinu sjúka fè verði haldið öldúngis frá hinu heilbrigða, þángað til það er albata. Þetta felur stjórnarráðið yður á hendur í þeirri von, að það fái allrahæsta samþykki Hans Hátignar konúngsins, með því það er svo skammt síðan, að lagafrumvarp alþíngis barst til stjórnarinnar, að ekki hefir verið tækifæri til að bera mál þetta undir konúng, þar hann sem stendur er á ferð í ríki sínu.

Um leið og stjórnarráðið þar að auki fellst á ákvarðanir þær, sem herra stiptamtmaðurinn með samþykki alþíngis hefir gefið út til bráðabyrgða um hreinsun fjárhúsa og endurbyggíngu þeirra[1], og sömuleiðis ýmsar aðrar ráðstafanir, er míða

---

1) ákvarðanir þær sem hèr ræðir um hljóða þannig:

Auglýsíng

um nokkrar ákvarðanir, er alþíng hefir gjört um fjárkláða þann, sem gengur í nokkrum hluta suðuramtsins, hverjar ákvarðanir hèrmeð samkvæmt brèfi lögstjórans af 30. apr. þ. á. af undirskrifuðum gjörast gildandi sem bráðabyrgðarlög, þángað til konúnglegur úrskurður verður lagður á málið yfir höfuð.

1. (5.) gr. Á hverju því heimili, þar sem fjársýkin gjörði vart við sig næstliðinn vetur eða vor, en ekki hafa verið rifin fjárhúsin í sumar, samkvæmt reglugjörð stiptamtsins 13. febr. þ. á., skal öll fjárhús rífa í haust komandi og byggja aptur upp á öðrum stað, háum og þurlendum, ný fjárhús, nægileg fyrir fjárstofn þann, sem hver búandi má gjöra ráð fyrir að hann megi á setja eptir kríngumstæðunum, og með þeirri stærð og lagi, sem tilskipun 2. marz 1776 tiltekur. Viðina úr gömlu fjárhúsunum má brúka í hin nýju, ef þeir eru sviðnir áður eða bikaðir utan. Hafa skal sèrstaklegt tillit til þess, þegar fè skal á vetur setja, hvert húsrúm menn hafa og hversu rof hinna eldri og uppbygging hinna nýju fjárhúsa er af hendi leyst.

2. (6.) gr. Til þess að annast um rof og endurbyggíngu fjárhúsa, sem og annað, er í þessari tilskipun er fyrir fjáreigendur að reglu gjört, skal hverr sýslumaður kveðja sèr til ráðaneytis og

til þess að rýma burtu sýkinni, í þeirri von að það fái allra- 1857.
hæsta samþykki konúngs, þá læt eg þó ekki hjá líða að 30. septbr.
bæta því við, að í þessum ráðstöfunum skal taka það skýrar

---

aðstoðar 3 eða 4 hina beztu menn hèr og hvar úr sýslu sinni. Hin sama regla gildir og fyrir lögsagnarumdæmið Reykjavík og bæjarfógetann þar.

3. (7.) gr. Í hverjum hrepp skal setja hreppsnefndir á þann hátt, að hreppstjórinn kveðji með sèr eptir stærð hrepps síns 2 eða 4 hina beztu hreppsbændur, og sè hreppur mjög stór, svo vatnsföll geti um lengri tíma hindrað samfundi, þá sè hreppsnefndir 2 eða 3, svo til þeirra sè kvaddir, ef þarf, alls 6 menn.

4. (8.) gr. Enginn sýslu- eða hreppsnefndarmaður má skorast undan þeim starfa án lögmætra forfalla, sem sýslumaður þá metur, og skal þegar kveðja nýjan mann til nefndar, ef eins missir við úr nefndinni.

5. (9.) gr. Stiptamtmaður skal sjá um, að prentaður verði, svo fljótt sem orðið getur, greinilegur leiðarvísir til að þekkja kláðann, öll einkenni hans og alla lækningameðferð á honum, og enn fremur skal í leiðarvísi þessum skýrt frá, hvernig með fènað skuli fara, til að verja hann kláða, og skal senda leiðarvísi þenna öllum hreppsnefndum sem um er getið í 3. (7.) grein.

6. (10.) gr. Hreppanefndir skulu byrja starfa sinn svo fljótt sem verður, og þegar innan 20. nóv. hafa sendt sýslumanni skýrslur um búnaðar og heimilis ástand hvers búanda í hreppnum, samkvæmt þeim eyðublöðum, sem þeim til þess verða send, og sem nefndin útfyllir.

7. (12.) gr. Hreppanefndir sjá um, að úrskurðum sýslunefndarinnar verði fullnægt. Óhlýðnist nokkur búandi því, sem þannig er ákveðið, skal hreppsnefndin tafarlaust tilkynna það sýslumanni, en hann höfðar opinbert mál móti hinum seka til óhlýðnissekta eptir málavöxtum, og málskostnaðarútláta.

8. (14.) gr. Sýslunefndir skulu hafa vakandi auga á öllu því, sem að því lýtur, að lögum þessum verði hlýdt og tilhlýðilega framfylgt, leiðbeina hreppsnefndunum í öllu, er þurfa þykir, og vera þeim til ráðaneytis, hvenær sem þær leita þess.

9. (16.) gr. Sýslumaður skal, þegar vafasamt þykir, leita úrskurðar amtmanns um það, hvort mál skuli höfða, hvort heldur er gegn einstökum búanda eður hreppsnefndarmönnum, fyrir óhlýðni, mótþróa eður önnur afbrot mót þessum lögum.

1857. 30. septbr. fram, að sýslunefndir og hreppanefndir eigi að gánga ríkt eptir því, að þeim reglum sè nákvæmlega fylgt, sem settar eru um meðferð sýkinnar, og sjá til þess að læknismeðöl þau, sem á þarf að halda, sè fyrir hendi. Sömuleiðis skal skipa hreppanefndunum að rannsaka iðulega og eptir tiltekinn tíma hvernig ástatt er, og senda sýslunefndunum skýrslur um það, líkt og ákveðið er í 13. gr. í frumvarpi alþingis; og þareð það eflaust hlýtur að virðast svo, sem vanhirðing og fóðurskortur stuðli meðfram að miklu leyti til sýkinnar, skal hreppanefndunum boðið að láta einnig í ljósi í skýrslum þeim, sem þeir eptir 6. gr. eiga að semja um búnaðarástand bænda, áætlun sína um það, hversu margt fè hver bóndi geti haldið veturinn út eptir heyjabyrgðum, mannafla og fjárhúsum, þannig að það verði óaðfinnanlega fóðrað og hirt; sýslunefndirnar skulu þarhjá skera úr málum, líkt og alþingi hefir stúngið uppá í 11. gr. frumvarps síns, og skulu hreppanefndir halda eigendum til að fara eptir úrskurði sýslunefndarinnar, og skýra frá því, að hve miklu leyti honum er hlýdt.

Þareð það að öðru leyti enganveginn er einhlýtt, að þær ráðstafanir, sem gjörðar verða til að útrýma sýkinni, eigi vel við, en það ríður ekki síður á því, að þeim sè rækilega framfylgt, þá treystir stjórnarráðið því, að landsmenn muni gjöra sèr allt far um að styrkja þá viðleitni yfirvaldanna, að koma vandamáli þessu í það horf, sem óskanda væri að það kæmist í; enda hljóta þeir að viðurkenna það, að mál þetta varðar heill þeirra sjálfra og landsins alls; það mætti því álíta vel til fallið, að landsbúar stofnuðu fèlög sín á milli, til þess að ná því miði sem hèr ræðir um, einsog herra stiptamtmaðurinn hefir bent til.

---

10. (22.) gr. Hver sá maður, sem annaðhvort af skeytingarleysi eða af ásetníngi verður uppvís að því, að hafa leynt kláðanum á fè því, er hann hefir undir höndum, skal sæta fjársektum frá 5—30 rdl.

11. (33.) gr. Allar sektir, er ákveðnar eru í lögum þessum, skulu falla í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

Íslands stiptamtshúsi 27. Aug. 1857.

J. D. Trampe.

Stjórnarráðið þykist vera sannfært um, að herra stiptamt- 1857.
maðurinn muni framvegis með hinni sömu ótrauðu alúð og áhuga 30. septbr.
vinna að því, að málefni þetta fái happasæl afdrif, og vonast aptur með póstskipinu eptir nákvæmri skýrslu um þær ráðstafanir, sem þángað til kynni að verða gjörðar, og sömuleiðis um það, hvernig ástatt er yfirhöfuð.

Að endíngu læt eg ekki hjá líða að bæta því við, að amtmönnunum í vesturumdæminu og í norður- og austurumdæminu hafa í dag verið send eptirrit af brèfi þessu, og þeim boðið að gjöra þær ráðstafanir, er þeim kynni að virðast við eiga, til þess að tálma því, að sýkin kæmist inn í þeirra umdæmi og útbreiddist í þeim.

---

24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um að landsetar á konúngsjörðum á Vestmannaeyjum ekki geti fengið ábýlisjarðir sínar til kaups. 17. nóvbr.

Herra stiptamtmaðurinn hefir með þóknanlegu brèfi 31. marz þ. á. sent híngað allrapægnsamlegast bónarbrèf frá landsetunum á konúngsjörðunum í Vestmannaeyjum, um að fá jarðir þær, sem þeir hafa til ábúðar, annaðhvort til sjálfseignar eða þá að minnsta kosti í erfðafestu.

Út af þessu læt eg ekki hjá líða að skýra herra stiptamtmanninum frá, til þóknanlegrar vitundar og auglýsíngar fyrir hlutaðeigendum, að stjórnarráðið, eptir frumreglum þeim sem stjórnin á seinni árum hefir fylgt, þegar hún hefir átt að skera úr líkum spurníngum, ekki finnur ástæðu til að taka beiðni þessa til greina.

1857. 11. desbr. **25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um brèfburðarkaup fyrir brèf þau, sem koma til Íslands frá útlöndum.**[1]

Í þóknanlegu brèfi 27. maí þ. á. hefir herra stiptamtmaðurinn hreift þeirri spurníngu, hvernig fara eigi með brèf þau frá útlöndum, sem ætluð eru til manna á Íslandi, þegar brèfburðarkaupið fyrir þau er ógoldið. Eptir að dómsmálastjórnin hefir skrifazt á við póstmálastjórnina hèr í Kaupmannahöfn um þetta mál, hefir þótt hentugast, eins og póstferðum nú sem stendur er háttað á Íslandi, að haga þessu á þá leið, að brèf þau, sem póstmálastjórnin sendir til hinna þriggja umdæma á Íslandi, skal senda hlutaðeigandi amtmönnum, og að það verði falið þessum embættismönnum á hendur, að heimta brèfburðarkaupið fyrir þau og gjöra tilhlýðileg skil fyrir því.

Samkvæmt þessu verð eg því að biðja herra stiptamtmanninn að taka við brèfum þeim, sem póstmálastjórnin í Kaupmannahöfn kynni að senda til manna í umdæmi því, sem yður er trúað fyrir, og koma þeim skilvíslega til þeirra sem við eiga að taka, móti því að þeir gjaldi hið ákveðna brèfburðarkaup, og ber yður þá að gjöra tilhlýðileg skil fyrir því, og senda síðan póstmálastjórninni.

---

29. desbr. **26. Umburðarbrèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi, um skýrteini, sem eiga að fylgja bónarbrèfum um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra.**

Það hefir ástundum sýnt sig, að bónarbrèf frá embættismönnum á Íslandi og ekkjum þeirra um eptirlaun er ábótavant í því, að ekki er þar rètt hermt frá embættistekjunum, eða þá að skýrteini þau vanta, sem eiga að fylgja, en af þessu leiða ónauðsynlegar og tíma eyðandi brèfaskriptir.

---

1) Sama dag voru brèf líks innihalds skrifuð hinum amtmönnunum á Íslandi.

Um leið og eg því sendi nokkur fyrirmyndablöð til að reikna á eptirlaun embættismanna eða ekkna þeirra — en fyrirmyndablöð þessi eru merkt A og B — verð eg þarhjá að biðja herra (stiptamtmanninn, amtmanninn) þegar svo ber undir, að senda hlutaðeiganda embættismanni eða embættismanns ekkju eitt af blöðum þessum til að rita í, samt að gæta þess, að allt sé í reglu og allar nauðsynlegar upplýsíngar sé við, áður en þér sendið dómsmálastjórninni bónarbréfin og fyrirmyndablöðin eptir að búið er að rita í þau; en einkum ber þó að gæta þess, að tekjur embættismannsins sé tilgreindar sérílagi um hin síðustu 5 ár, og skal telja þær annaðhvort til þess tíma er hann hefir fengið lausn, eða til dauðadagsins, samt að einúngis ber að telja tekjur þær, sem samkvæmt tilskipun 31. maí 1855 4. gr. verða teknar til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun. Sömuleiðis ber að gæta þess, að fyrirmyndablöðunum A og B, auk skýrteina þeirra og upplýsínga sem þörf er á; einnig ber að fylgja skírnarseðill embættismannsins og annaðhvort frumrit eða eptirrit af veitíngarbréfi því, sem hann fékk þegar hann í fyrsta sinni var gjörður embættismaður með rétt á að fá eptirlaun, en fyrirmyndablaðinu B skal þarhjá fylgja vitnisburðarbréf prests um hjónavígsluna, um dauða mannsins, og um að hjónabandinu ekki hafi verið slitið áður en maðurinn andaðist; en sé sókt um eptirlauna viðbót handa börnum þeim, sem ennþá ekki er búið að sjá fyrir, þá skulu einnig fylgja skírnarseðlar þeirra og ekkjunnar. 1857. 29. desbr.

1858.

1858. 23. janúar.

1. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um kennslu í dýralæknisfræði fyrir einn únglíng úr hverju umdæmi á Íslandi[1].

Samkvæmt brèfi herra stiptamtmannsins 19. febrúar 1856 og álitsskjali landlæknis Dr. Hjaltalíns, sem því fylgði, ritaði dómsmálastjórnin brèf til ráðherrans fyrir innanríkismálefnunum viðvíkjandi því, með hverjum kosti 3 úngir Íslendíngar gæti komizt til kennslu á dýralækníngaskólann í Kaupmannahöfn. Ráðherrann svaraði þessu á þá leið, að únglíngar þessir að vísu gæti fengið kennslu í skólanum kauplaust, en þó ekki uppheldi þar, og mundi fæði og húsnæði handa hverjum þeirra á ári hèrumbil kosta 350 rd. Þessu næst ritaði dómsmálastjórnin amtmanninum í vestur-umdæminu og amtmanninum í norður- og austur-umdæminu, og beiddi þá að segja álit sitt um þetta mál yfirhöfuð, og að hve miklu leyti jafnaðarsjóðir umdæmanna mundi vera færir um að bera kostnað þann, sem risi af því að láta kenna einum Íslendíngi úr hverju umdæmi dýralækníngar.

Báðir þessir embættismenn hafa nú að vísu viðurkennt, hversu gagnlegt og nauðsynlegt það sè, að dýralækníngafræði væri kennd úngum Íslendíngum, svo þeir gæti bæði sjálfir fengizt við dýralækníngar og einnig kennt þær öðrum frá sèr, en amtmaðurinn í vesturumdæminu hefir þarhjá lýst því yfir, að jafnaðarsjóðurinn í því umdæmi geti ekki nú sem stendur risið undir þeim kostnaði, sem þetta hefði í för með sèr. Menn verða einnig að játa, að nú er ekki sem hentugastur tími til þess að koma þessu á, þareð jafnaðarsjóðirnir á Íslandi nú sem stendur ekki eiga alllítil auka-útgjöld fyrir hendi, einkum vegna fjárkláðans.

---

1) Sama dag ritaði stjórnarráðið amtmönnunum í hinum umdæmunum á Íslandi brèf líks innihalds.

Allt fyrir þetta álítur dómsmálastjórnin, að ekki ætti að sleppa allri von um, að sjá þessari fyrirætlun framgengt, þegar kríngumstæðurnar leyfa það, og eg verð því að biðja herra stiptamtmanninn, þegar jafnaðarsjóður suður-umdæmisins getur risið undir kostnaði þeim, sem af því leiðir, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úngur og vel gáfaður Íslendíngur, með kostum þeim sem brèf innanríkisstjórnarinnar tekur til, verði látinn sigla híngað, til þess að nema dýralækníngafræði, og skal hann skyldur, þegar hann hefir numið þessa fræði, að taka sèr bústað og fást við dýralækníngar í suður-umdæminu. 1858. 23. janúar.

---

2. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu um kostnað í málum um rèttindi umboðsjarða. 23. janúar.

Þareð herra amtmaðurinn hefir verið í vafa um, að hve miklu leyti greiða skuli kostnað þann úr umboðssjóðunum, sem rís af málum þeim, er höfðuð eru um rèttindi umboðsjarða, hafi þèr í þóknanlegu brèfi 27. janúar f. á. beðið um úrskurð dómsmálastjórnarinnar á þessum atriðum:

a) við sættaumleitun:

1) að hve miklu leyti megi greiða vanalega borgun til sættarnefndamanna og stefnuvotta, og endurgjald fyrir ferðalag hinna síðastnefndu;

2) að hve miklu leyti umboðshaldarar geti heimt ferðakostnað og fæðispeníngа, þegar þeir takast ferð á hendur til sættafundarins;

b) fyrir rètti:

3) hvort dómaranum hvorki megi gjalda borgun fyrir rèttarhald nè skriptir, eða máske einúngis fyrir hið síðarnefnda;

4) um upphæð á fæðispeníngum dómara;

5) hvort umboðshaldari geti fengið bæði ferðakostnað og fæð-

1858. 23. janúar. ispeninga fyrir að mæta í rètti, og ef svo er, þá um upphæð á þessu.

Þessu til svars læt eg ekki hjá líða til þóknanlegrar vitundar að skýra yður frá:

við 1) að í málum þeim, sem hèr ræðir um, ber að greiða bæði sættanefndarmönnum og stefnuvottum borgun þá, sem þeim í lögum er áskilið, smbr. tilskipun 20. janúar 1797 gr. 24. og 40, opið brèf 6. apríl 1827 og tilskipun 21. desember 1831 III 1. gr.; þarhjá má gjalda stefnuvottum ferðakostnað, samkvæmt ákvörðunum í 63. gr. í aukatekjureglugjörð 10. september 1830;

við 2) samkvæmt rentukammerbrèfum 28. marz 1846 og 19. júní 1847 geta umboðshaldarar hvorki reiknað sèr ferðakostnað nè fæðispeninga á ferðum sínum til sættafundarins.

við 3) dómarar geta hvorki heimt borgun fyrir rèttarhald nè fyrir skriptir, smbr. 13. gr. í aukatekjureglugjörð 10. september 1830 og rentukammerbrèf 19. febrúar 1842 í niðurlagi.

við 4) hvað upphæð fæðispeninga snertir, þá skal fara eptir reglum þeim, sem gefnar eru í kansellíbrèfi 9. júní 1838;

við 5) þegar þannig er ástatt hafa umboðshaldarar ekki rètt á að heimta ferðakostnað eða fæðispeninga, en samkvæmt rentukammerbrèfum 28. marz 1846 og 19. júní 1847 eiga þeir kost á að fá endurgjald fyrir kostnað þann, sem þeir beinlínis hafa haft, og skal amtmaður þá meta endurgjald þetta.

---

13. febrúar. **3. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins á Íslandi um afsalsbrèf til Reykjavíkur kaupstaðar fyrir jörðinni Hlíðarhúsum.**

Dómsmálastjórnin hefir sent hingað brèf frá herra stiptamtmanninum og yður, háæruverðugi herra! 26. febrúar f. á.,

í hverju þèr hafið beðið um úrskurð fyrir því, hvort jörðin Hlíðarhús, sem liggur við Reykjavík, ásamt hjáleigunni Ánanaustum, samkvæmt konúngs úrskurði 24. febrúar 1835 megi álítast að vera fengin Reykjavíkur kaupstað með fullum eignarrètti. 1858. 13. febrúar.

Um leið og dómsmálastjórnin sendi mál þetta, gat hún þess, að menn verða að álíta það vafalaust, að jörð þessa eigi að brúka til þess að gjöra Reykjavíkurbæ stærri, samkvæmt reglum þeim, sem um þetta eru gefnar í nefndum konúngsúrskurði. Dómsmálastjórnin hefir þarhjá látið þá meiníngu í ljósi, að varla verði sagt að jörðin sè orðin eign bæjarins, meðan ekki sè gefið löglegt afsalsbrèf fyrir henni, en að presturinn á hinn bóginn ekki geti haft á móti því að þetta nú sè gjört, þareð optnefndur konúngs-úrskurður, sem veitti bænum eignarrètt yfir jörðinni við fyrstu brauðaskipti í prestakallinu, bæði hefir verið auglýstur presti þeim, sem þá þjónaði í brauðinu, og þarhjá einnig er þínglesinn í þeirri þínghá, sem jörðin var lögð undir.

Þar eg nú að öllu verð að fallast á þessa meiníngu dómsmálastjórnarinnar, vil eg samkvæmt beiðni hennar biðja herra stiptamtmanninn og yður, háæruverðugi herra! um að skipa prestinum til Helgafells prestakalls, Ólafi Thorberg, með löglegu afsalsbrèfi eptir honum gefnu uppkasti að afhenda Reykjavíkur kaupstað til eignar tèða jörð með hjáleigunni, með skilmálum þeim sem til er tekið í optnefndum konúngs-úrskurði 24. febrúar 1835.

Þegar þessu er aflokið, vonast eg eptir að fá skýrslu um það frá yður.

1858. 23. marz.

4. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um að fyrst um sinn skuli setja tvo lögfræðínga sem málafærslumenn við landsyfirrèttinn á Íslandi[1].

Samkvæmt allraþegnsamlegastri bænarskrá alþíngis hefir dómsmálastjórnin borið undir Hans Hátign konúnginn og hann þann 19. þ. m. fallizt á, að dómsmálastjórnin megi setja tvo lögfróða menn fyrst um sinn til að hafa málaflutníngsmanna starfa á hendi við hinn konúnglega landsyfirrètt á Íslandi, með skilmálum þeim sem hèr segir:

að þeim sè veitt hið sama einkaleyfi til að flytja mál einstakra manna fyrir yfirrètti, sem öðrum málaflutníngsmönnum í ríkinu er veitt eptir lögum;

að hver þeirra fái til launa 250 rd. á ári;

að fè þetta fyrst um sinn um 3 ár skuli taka úr sakagjaldssjóði Íslands, og

að það skuli verða borið undir alþíngi, hvaðan fè skuli fá til launa þeim, ef það reynist, að sakagjaldssjóðurinn framvegis ei geti goldið fè þetta.

Um leið og eg skýri herra stiptamtmanninum frá konúngsúrskurði þessum, verð eg að biðja yður að auglýsa í umdæmi því, sem yður er trúað fyrir, á þann hátt sem þèr álítið hentugastan, að bónarbrèf um að verða settur í embætti þessi megi senda dómsmálastjórninni til 1. júlí þ. á.

---

1) Sama dag ritaði dómsmálastjórnin hinum amtmönnnnum á Íslandi brèf líks innihalds.

5. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins, um blaðið Hirði.

1858. 13. apríl.

Þèr hafið sent oss bónarbrèf frá útgefendum blaðsins „Hirðir", J. Hjaltalín landlækni og H. Friðrikssyni skólakennara, er þeir biðja um styrk handa fèlagi til eflíngar sauðfjárræktarinnar á Íslandi, sem þeir nú ætla að stofna, og í brèfi 9. f. m. hafi þèr, herra stiptamtmaður, mælt fram með því, að útgefendurnir fengi, ef orðið gæti, endurgoldinn kostnað allan við útgáfu blaðsins af 4000 rd. þeim, er til eru teknir í fjárhagslögunum 29. desember í fyrra 9. gr. stafl. c.[1]), eður ef fè þetta þyrfti að hafa til annars, svo það væri einkis styrks að vænta, að stiptsprentsmiðjan tæki þá að sèr kostnað og sölu blaðsins, en borgaði útgefendunum sanngjörn ritlaun, eptir því sem um semdi. En þar sem þeir báðu um styrk til fèlags þess, er þeir hafða í hyggju að stofna, þá hafi þèr eigi þókzt geta gjört um það neinar uppástúngur, með því að enn væri ekki bert orðið um tilgang fèlagsins, skipun þess nè lög.

Þessu svörum vèr á þá leið, að dómsmálastjórnin getur nú fyrst um sinn ekki ákveðið um nokkurn styrk til fèlags þessa, og verður því að bíða nákvæmari uppástúngu um það frá yður, herra stiptamtmaður; en um kostnað blaðsins viljum vèr láta yður vita, að dómsmálastjórninni þykir ísjárvert að veita því samþykki sitt, að öllum kostnaði við útgáfu blaðsins, er eigi er sagt frá hve miklu muni nema, verði lokið af 4000 rd. þeim, er til eru teknir í fjárhagslögum þessa árs 9. gr. stafl. c., með því að hafa verður fè þetta á reiðum höndum til annars kostnaðar; en hinu er dómsmálastjórnin eigi ósamþykk fyrir sitt leyti, að stiptsprentsmiðjan íslenzka taki að sèr kostnað og sölu blaðsins, svo sem þèr, herra stiptamtmaður, hafið stúngið upp á, og borgi ritstjórunum hæfileg ritlaun, svo framarlega sem stjórn prentsmiðjunnar fái sèð að hún geti gengið að þeim kostum, og fè sè fyrir hendi, er þarf til þess kostnaðar.

1) Sjá Landsh. I., 810. bls. „III. Ýmisleg óviss útgjöld 4000 rd."

1858. 15. apríl.

6. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu, um fjárkláðann.

Af skýrslu yðvarri, herra amtmaðr, dagsettri 6. febrúar í vetur, um ráðstafanir yðrar til að stöðva fjárkláðann í Húnavatns sýslu, hefir dómsmálastjórnin sèð meðal annars, að þèr ætlið að sýkin sè af sóttnæmi komin þángað í sýslu sunnan úr Borgarfirði, að þèr hafið í hyggju að stemma nú stigu fyrir sýkinni með rækilegum niðurskurði, og að þèr hafið þegar framkvæmt þessa fyrirætlun yðra að nokkru leyti, með því að yður hefir þótt þörf á að skipa þegar niðurskurð alls sauðfjár í sveitum þeim, er sýkin var mest, en alls geldfjár í Húnavatnsþíngi vestan Blöndu. Ráða má og af skýrslum þeim, er vèr höfum fengið, að Norðlendíngar hafi híngað til verið almennt fastir á að reyna til að útrýma sýkinni með rækilegum niðurskurði, og að í Norðurlandi sè nú sem stendur hvorki læknar nè læknisdómar til að lækna sýki þessa, og að því vanti allt sem við þarf, ef hugsa ætti til að stöðva sýkina með lækníngum að nokkru gagni.

Nú þótt dómsmálastjórninni þyki eigi, að svo vöxnu máli, næg ástæða til að skerast hèr í leikinn um ráðstafanir þær, er þèr, herra amtmaður, hafið gjöra látið með ráði amtsbúa yðvarra, að minnsta kosti fyrr en vèr sjáum afleiðíngarnar, þá hljótum vèr þó að segja yður, að dómsmálastjórnin getur eigi verið yður samdóma í því að sýkin sè ólæknandi, nè heldr í því, að sýkin sè fyrir sakir sóttnæmis komin í Norðurland af ánni úr Borgarfirði, sem þèr gátuð um í brèfi yðru að gángnamenn úr Víðidal hefði fundið fram á heiði um haustið og skorið þegar í stað, en sýkin hafi þó eigi komið upp fyrr en um jól; því það er hvorttveggja, að allir lækníngafróðir menn, er fengizt hafa við sýkina, hafa alla tíð verið á því að sýkin væri innlend landfarsótt, er kviknað hefði og þroskazt í landinu, og í öðru lagi má það virðast með öllu vafalaust, að sýkin sè læknandi, ef rètt lyf eru við höfð af þeim mönnum, er vit hafa á með að fara. Þess var þegar getið, að það hafi verið eindregið álit allra lækníngafróðra manna á Íslandi, að sýkin

væri læknandi; sama álit hafði dýralækníngaráðið, þá er það var spurt um málið, hið sama votta og skýrslur þær, er vèr nú höfum fengið að sunnan, er sýna, að nú á síðari tímum hafi tekizt þar vel með lækníngarnar. Fyrir því hlýtur dómsmálastjórnin, ef svo kynni fara, sem hætt er við, að ráðstafanir þær reynist ónógar, er hingað til hafa verið gjörðar í Húnavatns sýslu til að varna sýkinni að flytjast þaðan í önnur hèruð, og þá einkum út fyrir sýsluna, að álíta það ótiltækilegt, að haldið sè fram jafnmiklum niðurskurði, sem hingaðtil hefir gjört verið, því að á þann hátt gæti svo farið að lyktum, að gjöreytt yrði öllum sauðfènaði í amtinu. Vèr verðum því að biðja yður, herra amtmaður, að hvetja landsbúa mikilega til að hugsa það mál sem vandlegast, hvort eigi mundi rèttara að láta af niðurskurði, en taka upp lækníngar, þá er þeir hafa fækkað sauðfè sínu svo, að mátulega margt sè eptir orðið, því það mun þó nauðsynlegt, hvað sem öðru líður. Nú ef lækníngar yrði uppteknar, þá væri næsta áríðanda, að beðið yrði svo snemma um lækna og læknisdóma, að hvorttveggja gæti komið út nú í sumar; þá mundi og vel til fallið, að baða sauðfè nú þegar í vor, svo sem læknar hafa fyrir sagt. Þá mundi að líkindum rèttast, að fenginn yrði einhverr dýralæknanna, sem nú eru fyrir sunnan, til að fara þegar í stað norður, til þess að kenna landsmönnum rètta meðferð læknisdómanna og lækníng sýkinnar. Að líkindum munu læknisdómar þeir og baðlyf, er við þarf fyrst um sinn, fást í lyfjabúðinni í Reykjavík; en annars er dómsmálastjórnin fús á að rètta því sína hjálparhönd, að fengizt geti hèðan sem fyrst nægilegur læknastyrkur og læknisdómur. Nú er dómsmálastjórnin felur yður, herra amtmaður, málefni þetta á hendur til góðrar fyrirhyggju, þá fáum vèr eigi bundizt orða þeirra, að þótt vèr engan veginn viljum virða of lítils ötulleik þann, er þèr hafið lýst í máli þessu, þá er oss þó harðla ógeðfeld og mótfallin sú framferð yðar gegn læknatilraunum, þeim er gjörðar hafa verið á Suðurlandi að tilhlutun stjórnarinnar, er tvö brèf frá yður til greifa Trampe stiptamtmanns, dagsett 4. janúar og 5. febrúar í vetur, bera vott um. Dómsmálastjórninni þykir aðferð þessi eigi að eins fremur óvið-

1858. 15. apríl.

1858. 15. apríl. urkvæmileg, heldur og næsta háskasamleg fyrir málefnið, því hún æsir amtsbúa upp hvora á móti öðrum, í stað þess er yfirvöldin ætti að leitast við að vinna samhuga að sama tilgángi, og hvort færa sèr í nyt reynslu annars, sem er ávöxtur af margbreyttum tilraunum: bæði af niðurskurði og lækníngum. Að lyktum skulum vèr geta þess, að þar sem þèr, herra amtmaður, hafið mælzt til þess í brèfi yðru, er fyrr er getið, að stiptamtmanni og amtmanni fyrir vestan væri boðið, hvorum í sínu nafni, að stuðla til þess að vori komanda, sem framast verða má, að geldfè að sunnan og vestan komi eigi saman við norðanfè á afrèttunum, þá höfum vèr fengið þá vísbendíng frá stiptamtmanni, að hann ætli að banna amtsbúum sínum að reka fè á fjall í sumar, og skipa mönnum að geyma sauðfènað sinn heima, á sínu landi hverr. Dómsmálastjórnin hefir nú fallizt á þessa fyrirætlun stiptamtmanns, og í dag hefir hún sent Melsteð amtmanni tilmæli yður, og lagt á við hann að láta að þeim; svo hefir hún og sagt honum frá, hvernig verða muni farið að í suðurumdæminu í þessu máli. Vèr vonum eptir, að fá hið fyrsta, og annars svo opt sem verður, skýrslu frá yður um heilbrigði fjárins fyrir norðan og um ráð þau, er upp verða tekin, til að rýma út sýkinni.

---

6. maí. **7. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um skilníng 8. greinar í verzlunarlögunum 5. apríl 1854.**

Utanríkisstjórnin hefir ritað oss 10. f. m., fyrir því að aðalverzlunarfulltrúinn í Hull og verzlunarfulltrúinn í Niðarósi hafði spurt hana um rètta skilníng 8. greinar í lögum 15. apríl 1854 um siglíngar og verzlun á Íslandi, og beðið oss að skýra fyrir sèr, hvort greiða skuli af dönskum skipum, þeim er fara úr utanríkishöfnum til Íslands, 6 skildínga gjald fyrir staðfestíng á vöruskrá og heilbrigðiskýrteini, sem sagt er í sömu grein að heimta megi af utanríkisskipum.

Þesssu svörum vèr á þá leið, að dómsmálastjórnin hlýtur að vera utanríkisstjórninni samdóma í því, að greiða skuli gjald þetta af dönskum skipum, þá er þau fara úr utanríkishöfnum til Íslands, og leyfum vèr oss að bæta því við röksemdir þær er utanríkisstjórnin hefir þegar til greindar, að þar sem sagt er í áttundu klausu[1] í 8. gr. laganna 15. apríl 1854, að skip þau, er hèr um ræðir, skuli hafa vöruskrá og heilbrigðisskýrteini meðferðis, eins og til er tekið um utanríkisskip, þá muni svo hafa verið til ætlazt, að þá skyldi og lúka jafnmikið gjald fyrir staðfesting skýrteina þessara af dönskum skipum. 1858. 6. maí.

---

8. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austurdæminu, um kaupskap. 6. maí.

Þèr hafið, herra amtmaður, ritað oss 28. október í fyrra um bónarbrèf frá kaupmönnum nokkrum á Akureyri, og beiðzt úrskurðar vors á því, hvort leyfilegt sè eptir opnu brèfi 7. apríl 1841, 1. gr., að tveir lausakaupmenn, er eitt verzlunarhús hefir gjört út, verzli báðir á einni höfn samtíðis, og í öðru lagi, hvort kaupmaður eður kaupmannafèlag, er á eður hefir á leigu sölubúð í einum kaupstað, þar sem verzlað er í að staðaldri, megi samtíðis reka verzlun á skipi úti, er þar liggur á höfninni.

Þèr hafið, herra amtmaður, í ljósi látið, að yður þætti þetta án alls efa leyfilegt, með því að í lagaboðinu væri að eins sagt, að eigi væri kaupmanni leyfilegt að hafa tvær sölubúðir í sama kaupstað, og væri því eigi átt við þá sölu, sem hèr um ræðir, með orðum lagaboðsins; þá hefði og tilgángur lagaboðsins (*ratio legis*) verið sá, sem skírlega væri tekið fram í inngangi lagaboðsins, að afstýra öllu því er hamlaði kappverzlun; en eigi hamlaði það kappverzlun, þótt verzlun væri rekin á þann hátt,

---

1) Klausa þessi er svo látandi: „en dönsk skip, sem frá útlöndum sigla til Íslands, verða að hafa vöruskrá og heilbrigðisskýrteini, eins og áður er sagt um utanríkisskip" (sjá Stjórnartíð. 5. bls.).

1858. 6. maí. er farið væri fram í bónarbréfinu, því hafnir á Íslandi, að minnsta kosti fyrir norðan og austan land, væri svo rúmgóðar, að þar mætti liggja fleiri skipum í senn, en nokkru sinni mundi að bera.

Nú með því að dómsmálastjórnin hlýtur að fallast með öllu á þessa skoðun yðra, herra amtmaður, þá biðjum vèr yður að svara þeim mönnum á sömu leið, er hèr eigu hlut að máli.

---

6. maí. **9. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu, um póstgöngur.**

Þèr hafið, herra amtmaður, í brèfi 26. janúar í vetur skýrt oss frá, að sèra Jón Jónsson, prestur á Víðivöllum, hafi nú sagt sèr af hendi afgreiðslu póstsins, er hann svo lengi hefir með höndum hafða, og að þèr hafið fengið í hans stað aptur Ara stúdent Arason á Flugumýri, og beiðizt þèr síðan, að Ara verði veittir 6 rd. ár hvert frá nýári 1857, í þóknunar skyni fyrir fyrirhöfn hans á afgreiðslu póstsins og heimtíng brèfburðareyris.

Þessu svörum vèr á þá leið, að dómsmálastjórnin vill eigi, að svo vöxnu máli, vera því mótfallin, að Ari fái 6 rd. þóknun ár hvert, meðan eigi fæst annarr í hans stað; en þess væntum vèr, eptir því sem yður farast orð í brèfi yðru, að þèr, herra amtmaður, leitizt sem fyrst við að fá annan mann, er sè betur settur, og þá einkanlega prestinn, er nú kemur að Miklabæ, til þess að takast þetta starf á hendur, og það póstsjóðnum að kostnaðarlausu, ef auðið væri.

---

10. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu, um umboðslaun R. M. Ólsens. 1858. 7. maí.

Þèr hafið, herra amtmaður, sent oss með brèfi yðru 18. desember í fyrra beiðni frá R. M. Ólsen, umboðsmanni Þingeyra klausturs jarða, er hann biður, að sèr mætti veitast óskerð umboðslaun þau hin vanalegu, meðan hann er settur frá að reka umboðið fyrir sakir landaþrætu mill hans og klaustursins. Þessu svörum vèr á þá leið, sjálfum yður til eptirsjónar, en Ólsen til auglýsíngar, að honum geti eigi veizt þessi bæn sín, heldur verði svo að standa, sem segir í brèfi dómsmálastjórnarinnar 22. apríl 1856.

---

11. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu, um ferðakaup læknis. 11. maí.

Þèr hafið, herra amtmaður, í brèfi 25. október í fyrra sent oss bónarbrèf frá Jóni Finsen, hèraðslækni í Eyjafjarðar og Þingeyjar sýslu, og kvartar hann í því yfir, að amtmaður hafi fært niður reikníng sinn, er hann hafi sent honum yfir ferðakostnað og fæðispeníngа á ferð þeirri, er hann gjörði að tilhlutun amtmanns um vetrinn 1857, til að rannsaka hörundskvilla á nokkrum sauðum í Eyjafirði. Þá hafið þèr skýrt oss frá, að hèraðslæknirinn hafi sett upp 3 rd. í fæðispeníngа dag hvern, en þèr hafið eigi viljað gefa honum nema að eins 1 rd., eptir því sem segir í kanselíbrèfi 25. sept. 1845, og þar sem hann hafi sett upp 1 dal í hestlán daglega, þá hafi þèr gefið honum að eins 40 sk., er sè hin dýrasta hestleiga, þá er hesti er riðið í almennings þarfir; og síðan hafi þèr skotið því til úrræða vorra, hvort borga skuli Finsen lækni reikníng hans eður eigi.

Vèr látum yður því vita, herra amtmaður, sjálfum yður til eptirsjónar, til frekari auglýsíngar og nauðsynlegrar fram-

1858. 11. maí. kvæmdar, að með því að Finsen lækni varð eigi gjört að embættiskyldu að fara ferð þá, er hèr ræðir um, þá geta eigi fyrirmæli kanselíbrèfs 25. sept. 1845 átt hèr heima; má og því eigi synja honum borgunar þeirrar, er hann hefir upp setta, fyrst eigi var samið við hann um ferðakaup fyrir fram, fyrst það var eigi embættisskylda hans að takast ferðina á hendur, með því og að borgun þessi er í sjálfu sèr eigi of mikil, að því er þèr sjálfur segið.

---

12. maí. **12. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu, um byggíngarnefndina á Akureyri.**

Þèr hafið, herra amtmaður, ritað oss brèf 16. nóvember í fyrra, og sent oss með því til úrskurðar eptirrit eptir bónarbrèfi frá byggíngarnefnd þeirri, er sett var á Akureyri með opnu brèfi 6. janúar 1857. Í bónarbrèfi þessu skýrir nefndin frá, að henni virðist æskilegt og nauðsynlegt, að taka mætti skika nokkurn af lóð þeirri, er fyrrum hafði þar mæld verið handa sölubúð Guðmanns kaupmanns, en er hann hefir eigi notað og eigi þarf á að halda, og fenginn til handa verzlunarstjóra Örums & Wulfs til að reisa þar á lítið hús; síðan biður nefndin oss að leggja á það úrskurð vorn, hvort hún eigi vald á að taka lóðarskikann, ef Guðmann kaupmaður syni, og enn, hvort hún hafi hin sömu ráð, ef lík efni bera optar að höndum.

Vèr látum yður því, herra amtmaður, vita, sjálfum yður til leiðbeiníngar og til frekari auglýsíngar, að það má virðast í sjálfu sèr auðsætt, að byggíngarnefndin hafi ekki vald á að afeinka manni eign hans til handa einstökum manni, enda leiðir það og af ákvæðum 5. gr. A. í opnu brèfi 6. janúar 1857.

---

13. Brèf fræðslumálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um veitíngu Stokkseyrar og Kaldaðarness. 1858. 19. mai.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, ritað oss brèf 18. nóvember í fyrra, og skotið undir úrskurð vorn ágreiníngsmáli yðru um veitíngu brauðsins Stokkseyrar og Kaldaðarness í Árness sýslu.

Þèr hafið ætlað, háæruverðugi herra, að umsóknarbrèf sèra Björns Jónssonar, prests á Torfustöðum, um brauðið gæti eigi tekizt til greina, því það hefði eigi komið fyrr en 2. september í fyrra, en 6 vikur þær voru úti 31. ágúst, sem er vanalegur tími til að sækja um brauð; þèr hefðið þá og 31. ágúst samið atkvæði yðvart um veitíng brauðsins og sent það stiptamtmanni; en hinna tveggja sækenda, þeirra sèra Jakobs Guðmundssonar á Ríp og sèra Jóns Kristjánssonar að Þóroddstað, hefir yður þótt sèra Jakob maklegri. En nú hefir yður virzt, herra stiptamtmaður, að bæði væri órètt að setja sèra Björn hjá fyrir þá eina sök, að umsókn hans kom eptir 6 vikna frestinn og síðar en biskupinn hafði samið atkvæði sitt, með því að hún hefði þó komið yður jafnsnemma í hendur sem atkvæði biskups, þar þèr voruð fjarverandi um það leyti í embættis erindum, og með því að 6 vikna tíminn hlyti að virðast optastnær of stuttur frestur fyrir þá er sækja um brauð, eptir því sem til hagaði á Íslandi; þèr hafið og ætlað, að gæti sèra Björn eigi fengið brauðið af því að hann sókti of seint, þótt yður annars finnist hann maklegastur til að fá það, þá ætti þó sèra Jón að fá það fyrir sèra Jakob, er þèr, háæruverðugi herra, hafið gefið atkvæði yðvart.

Þessu svörum vèr á þá leið, að oss þykir það eigi næg ástæða til að sleppa sèra Birni með öllu, að hann hafði eigi sókt þá er biskup samdi atkvæði sitt og sendi stiptamtmanni, fyrst að umsóknarbrèf hans var þó komið áður en stiptamtmaður og biskup höfðu talað saman um veitínguna, eptir því sem fyrir er mælt í konúngsúrsk. 14. maí 1850, og því áður en þeir höfðu komið sèr saman um, hverjum veita skyldi brauðið, og það því síður, sem 6 vikna tíminn má virðast heldur stuttur frestur á Íslandi, eptir því sem þar hagar til með

1858. 19. maí. póstgöngur og aðra landsháttu, sem og herra stiptamtmaðurinn hefir á vikið.

Þess skulum vèr og enn fremur geta, að skyldi yður, þá er lokið er þessu máli um umsóknarbrèf sèra Björns, greina enn á um, hverjum þeirra þriggja skyldi brauðið veitast, þá ber nauðsyn til að öll umsóknarbrèfin sè send hingað, og að þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sendið með þeim tillögur yðvar beggja, og hvorr ykkar um sig styði þær með sínum ástæðum, áður en vèr fáum lagt úrskurð vorn á málið.

---

29. maí. **14. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um fátækramálefni.**

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, ritað oss tillögur yðvar 14. nóvember í fyrra með bónarbrèfi frá hreppstjórunum í Álptaness hrepp, er þeir bera sig upp undan því, að fátækur barnamaður nokkurr, er hingað til hafi búið austur í Grímsnesi í Árness sýslu og sè sveitlægur þar í hrepp, hafi að ráði tengdaföður síns, Sigurðar Sigurðssonar, þurrabúðarmanns á Hjallalandi í Álptaness hrepp, eður sonar hans, farið þángað í húsmennsku; og nú fyrir því að þèr, herra stiptamtmaður, hafið samsinnt því, er sýslumaður vildi eigi, að áskorun hreppstjóranna, grípa til 21. gr. í reglugjörð 8. janúar 1834 og færa manninn aptur með fjölskyldu sinni, þá hafa þeir hreppstjórarnir skotið því til úrskurðar vors, hvort þeir væri eigi skyldir til, að svo vöxnu máli, að vísa manninum heim á sveit sína.

Þessu svörum vèr, sjálfum yður til leiðbeiníngar og til frekari auglýsíngar, að oss lízt eigi að 21. gr. reglug. 8. jan. 1834 eigi hèr við, að svo sköpuðu máli, og eigi fáum vèr sèð, að hreppstjórar eigi rètt á að beiða hann brottfarar úr hrepp þeim, er hann nú er, með því að hann hefir eigi leitað nè fengið nokkurn styrk af fátækrasjóði.

---

15. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austurumdæminu, um fátækramálefni. 1858. 31. maí.

Þèr hafið, herra amtmaður, ritað oss 5. febrúar í vetur með bónarbrèfi frá hreppstjórninni í Vindhælishrepp, er kvartar yfir því er amtmaðurinn hafi úrskurðað á þá leið 30. ágúst 1857, að Sölvi Jónsson, þurftugur maður, fæddur í Sveinstaða hrepp, væri nú búinn að eignast sveit í Vindhælishrepp, með því hann hefði dvalið þar 5 ár, síðan hann var 16 vetra að aldri, en fyrir 1. janúar 1849, enn þótt kunnugt væri, að Sölvi þessi hefði hvorki verið búandi nè vinnandi þar í hrepp, nè við lögmæta atvinnu lifað um 5 ára tíma, með því að hann hefði þar aldrei vistfastur verið, heldur gengið milli manna, farið með dagakaup og smíðað í trè, þótt hann hefði aldrei trèsmíði numið nè fengið leyfi til að lifa við handiðn þessa.

Þessu svörum vèr á þá leið. Fyrst ber þess að gæta, að svo er fyrirmælt í kanselíbrèfi 4. ágúst 1838 *ad* 1., að orðin „búfastur eður vistfastur" í 6. gr. reglugj. 8. janúar 1834 skuli eigi skilja beint eptir orðunum, ef svo er að eins, að maður hefir í hrepp verið lögskipaðan tíma, enda hafi hann eigi notið styrks úr sveitarsjóði; þá segir og í brèfi dómsmálastjórnarinnar 17. nóvembr. 1848, að eigi skuli orðin „við lögmæta atvinnu lifað" í kanselíbrèfi því, er nú var getið, skilja eptir eiginlegustu merking þeirra, ef maðurinn hafi eigi verið sveitarþurfi. Vèr látum yður því vita, herra amtmaður, yður sjálfum til eptirsjónar og til auglýsingar þeim er hlut eigu að máli, að svo skal standa, sem amtmaður hefir á kveðið í úrskurði sínum.

---

16. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um verzlunarmálefni. 9. júní.

Þèr hafið, herra amtmaður, sent oss uppskript af prófi því, er fram fór 27. júlí í fyrra, í aukadómi í Strandasýslu, til skýringar á því máli, er Daníel Gullofsen, skipari frá Arendal

1858. 9. júní. í Noregi, fyrirmaður á skipinu Adele, 39 lestir danskar að stærð og hlaðið trjáviði, hafði hinn 18. s. m. siglt inn á Borðeyri í Hrútafirði og affermt þar nokkuð af hleðslu þeirri, er hann hafði á þiljum uppi, án þess hann hefði áður siglt á nokkra þeirra 6 hafna, er til eru teknar í lögum 15. apríl 1854, 2. gr., og keypt þar íslenzkt leiðarbréf. Þá hafi þér og skýrt oss frá, að málinu hafi verið svo lokið fyrst um sinn, að skipstjórnarmanni hafi leyft verið að selja þann hluta farms, er hann hafði á land færðan, ef hann greiddi fullt skipsgjald, 78 rd., seldi fram til geymslu 20 rd. og fengi sèr borgunarmann að 40 rd., ef svo kynni verða, að hann þætti drýgt hafa yfirsjón nokkra; kvaðst hann og hlíta vilja úrskurði lögstjórnarherrans um þetta mál. Þá hafi þér og lagt það til, að Gullofsen skipari mætti sleppa í þetta sinn frá fèsektum, með því að öll skilríki þau, er fram eru komin í málinu, virðist koma í einn stað niður, að hann hafi eigi farið með þeim hug að fara kríngum lögin eður brjóta þau.

Þessu svörum vèr á þá leið, sjálfum yður til eptirsjónar og til frekari auglýsíngar, að málsókn má niður falla í þetta sinn, að svo vöxnu máli, ef Gullofsen skipari bætir 20 rd., þeim er hann hefir af hendi selt, það er hann hefir brugðið af ákvæðum tilskip. 13. júní 1787, I. kap. 3. gr., og lögum 15. apríl 1854, 3. gr., er renna skulu í fátækrasjóð sveitarinnar.

---

25. júní. **17. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu, um borgun handa lægri dómandanum í landsyfirdóminum úr jafnaðarsjóðnum fyrir skriffönig til danskra þýðínga á dómskjölum í glæpamálum.**

Þèr hafið, herra amtmaður, spurt oss í brèfi 27. janúar í fyrra, hvort lægri dómandinn í landsyfirdóminum ætti borgun skylda af jafnaðarsjóði amtsins fyrir skriffönig, er hann þarf að

hafa til dönsku þýðínganna á dómskjölum í glæpamálum, þeim er stefnt er til hæstaréttar. Vèr höfum skrifazt á við stiptamtmanninn um þetta mál, og skulum vèr nú svara yður á þá leið, sjálfum yður til leiðbeiníngar og eptirbreytni, sem nauðsyn krefur, að lægri dómandinn í landsyfirdóminum hefir optast nær fengið híngað til borgun, sem hann hefir sett upp, fyrir skrifföng, þau er hann hefir þurft til dönsku þýðínganna á dómskjölum í glæpamálum, úr jafnaðarsjóði þess amts, er málið er frá, og vísum vèr yður um þetta efni til jafnaðarsjóðsreiknínga norður- og austurumdæmisins árið 1839 6. gr. g og 11. gr., 1742 6. gr. c og 17. gr. b og 1848 1. gr. b. Dómsmálastjórninni þykir engin ástæða til að breyta af vana þessum, einkum fyrst að hin almenna regla í aukatekjureglug. 10. sept. 1830, 13. gr., er svo segir, að endurgjalda skuli útgjöld öll í opinberum málum, virðist að styrkja þetta mál. 1858. 25. júní.

---

18. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um hafnargjald í Reykjavík. 30. júní.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, sent oss með brèfi yðru 15. október í fyrra beiðni frá hafnarnefndinni í Reykjavíkur kaupstað, um þá grein í hafngjaldaskrá Reykjavíkur 12. maí 1855, að þau skip ein eru undanþegin akkeristolli, er fara í erindum Dana konúngs, og biður því hafnarnefndin dómsmálastjórnina úrskurð á að leggja, hvort herskip og þau skip önnur, er heyra stjórnendum annara landa, eður skip duggufèlagsins enska skuli og vera undanþegin akkeristolli.

Þessu svörum vèr á þá leið, sjálfum yður til eptirsjónar og til auglýsíngar þeim er hlut eigu að máli, að herskip og þau skip önnur, er heyra erlendum stjórnendum, eru sjálfsagt undanþegin hafnargjöldum; en það ætlum vèr muni rèttast, að skip duggufèlagsins enska sè og laus við þau nú sem fyrr, að minnsta kosti fyrst um sinn.

1858. 1. júlí. **19. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um kosníngar til alþíngis.**

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, spurt oss í brèfi 4. f. m., hvort þèr ættið að hlutast nokkuð til um kosníngar til alþíngis í sumar, þótt svo kynni verða, að kjörstjórar sæi eigi ráð fyrir þeim í tæka tíð. Þessu svörum vèr á þá leið, að eptir tilskipun 8. marz 1843, sbr. einkum 14., 17. og 24. gr., er tilskipun 6. janúar 1857 hefir í engu breytt, þá er það skylda bæjarfógetans í Reykjavík og sýslumanna, sem kjörstjórar eru í sinni sýslu hverr, að sjá svo um kosníngar sem þarf, án þess þeir sè hvattir til þess á nokkurn hátt; en líti nú út til þess að kjörstjórar ætli að gleyma þessari skyldu sinni, þá viljum vèr fela yður á vald, herra stiptamtmaður, að minna þá á lagagreinir þær, eru nú voru nefndar.

---

6. júlí. **20. Auglýsíng um að skip, sem eiga heima í konúngsríkinu Niðurlöndunum og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sè undanþegin að greiða 2 rd. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl. 1856.**

Eptir samníngi, sem gjörður er milli konúngsríkisins Danmerkur og konúngsríkisins Niðurlandanna, eru þau skip, sem eiga heima í síðarnefndu konúngsríki og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, undanþegin að greiða 2 rd. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl 1856., sem birtur er með auglýsíng frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2 sama mánaðar.

Þetta gefst hèrmeð öllum hlutaðeigendum til vitundar.

---

23. júlí. **21. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um fæðíngarhúsið í Vestmannaeyjum.**

Þèr hafið nú, herra stiptamtmaður, ritað oss 21. apríl í vor álit yðart um bónarbrèf nokkura Vestmanneyínga, og sent

oss aptur bónarbrèfið, þar er þeir beiddust, að fæðingarhúsið 1858.
þar á eyjunum yrði af tekið og áhöld öll seld. Þessu máli 23. júlí.
viljum vèr svara á þá leið, sjálfum yður til eptirsjónar, en beidendum til auglýsingar, að dómsmálastjórnin verður, með ráði hins konúnglega heilbrigðisráðs, er spurt hefir verið um málið, að álíta það rèttast, að hætt sè að nota fæðingarhúsið fyrst um sinn, en þó sè eigi áhöldin seld.

---

22. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um fiskiver Frakka. 27. júlí.

Þèr hafið, herra amtmaður, ritað oss 4. maí í vor, og skýrt oss frá, að Frakkar hafi enn að nýju reynt til að koma upp fiskiveri á Íslandi, því frakkneskt skip hafi komið þess erindis nú í vor inn á Grundarfjörð; þèr hafið og lýst fyrir oss, hversu þèr hafið til bráðabyrgðar svarað gjörðarmanni á skipinu því er hann spurði yður, hvort hann gæti fengið borgararèttindi á Íslandi, til þess að kaupa sèr land á Grundarfirði og setja þar fiskiver sumarið 1859. Þá hafi þèr og beiðzt, að nú í sumar yrði sent herskip til Íslands frá Danmörku, til að hafa gætur á um framferði Frakka og styrkja yfirvöldin til að afstýra yfirgangi þeirra, og að lagt væri niður fyrir yfirvöldunum, með hverjum skilmálum þau mætti veita Frökkum borgararètt á Íslandi til að verka þar saltfisk og flytja hann þaðan.

Vèr höfum nú snúið oss að herflotastjórninni um sendíng herskips til Íslands, og munuð þèr fá svar það síðar; en um hitt, er þèr beiðizt, skulum vèr nú svara á þessa leið.

Frá því er sagt í tilskipun 17. nóvember 1786, 7. gr., sbr. 6. gr., með hverjum skildaga utanríkismenn geti öðlazt borgararètt í verzlunarstöðum á Íslandi. Eigi verður heimtað eptir greinum þessum, sem þèr, herra amtmaður, hafið þó ætlað, að maður skuli leystur af þegnskyldu sinni við utanríkiskonúng, áður hann geti náð borgararètti á Íslandi, sbr. einnig tilsk.

1858. 27. júlí. 8. marz 1843, 5. gr. tölulið 1., og tilsk. 6. janúar 1857, 2. gr., er sýna óbeinlínis, að íslenzkir borgarar geti samtíðis verið þegnar Dana konúngs og einhvers annars konúngs.

Þeir sem öðlazt hafa borgararètt í verzlunarstöðum á Íslandi, eptir lagagreinum þeim er nú voru nefndar, megu síðan kaupa land, verzla og stunda hverja þá atvinnu er þeir vilja; þeir hafa og jafnan rètt við landsmenn til að hafa sjávarútveg, sbr. opið brèf 18. ágúst 1786, 16. gr., og tilsk. 13. júní 1787, 2. kap. 5. og 6. gr., sbr. 4. gr. En í tilsk. 13. júní 1787, 1. kap. 10. gr., segir, að hafa skuli einúngis innlend skip til fiskjar á Íslandi, og er sjálfsagt, að grein þessi nær eigi síður til utanríkismanna, er setjast að á Íslandi, en til landsmanna þar. Verzlunarlögin 15. apríl 1854 hafa enga breytíng gjört í þessari grein; en eptir 1., 2. og 3. gr. er nú leyfilegt að flytja utan fisk, er verkaður er í landinu, á utanríkisskipum, hvort sem þau leigja heldur þegnar Dana konúngs, eður utanríkismenn senda þau þángað á sinn kostnað.

---

30. júlí. **23. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um framfæri sveitarómaga.**

Nú er vèr fengið höfum álit yðart, herra amtmaður, 23. desember í fyrra um umkvörtun hreppstjóranna í Laxárdals hrepp í Dala sýslu, er þeir bera sig upp undan úrskurði yðrum 21. júlí 1856, er var á þá leið, að Kristján nokkurr Kristjánsson skyldi með fjölskyldu sinni eiga framfæri í Laxárdals hrepp: þá látum vèr yður vita, sjálfum yður til eptirsjónar og til auglýsíngar þeim er hlut eigu að máli, að með því allir játa, að Kristján hafi verið 6 ár samfleytt í Laxárdals hrepp, frá 1831—1837, þá leiðir það beinlínis af ákvæðum 6. gr. í reglugjörð 8. janúar 1838, að hann sè sveitlægur þar í hrepp, fyrst hann hefir eigi síðan eignazt sveit annarstaðar; fyrir þessa sök finnst dómsmálastjórninni engin ástæða til að breyta úrskurði þeim, er þèr, herra amtmaður, hafið á lokið.

---

24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um framfæri sveitarómaga. 1858. 2. septbr.

Þèr hafið, herra amtmaður, að beiðni fátækrastjórnarinnar í Kolbeinstaðahrepp í Hnappadals sýslu, í brèfi yðru 19. október í fyrra, skotið því máli til úrlausnar dómsmálastjórnarinnar, hvort Sigurður nokkurr Sigurðsson ætti sveit í Kolbeinstaðahrepp, sem er fæðíngarhreppur hans, eður í Skorradalshrepp í Borgarfjarðarsýslu í suðurumdæminu, þar er hann hefir við bú verið á Mófellstöðum frá fardögum 1843 til fardaga 1855.

Þèr hafið, herra amtmaður, getið þess í brèfi yðru, að stiptamtmaðurinn og amtmaðurinn fyrir vestan hafi eigi getað orðið ásáttir um, hvar maðurinn væri sveitlægur; hafi stiptamtmaður, sýslumaður Borgfirðínga og hreppstjóri í Skorradals hrepp ætlað, að Sigurður hefði eigi áunnið sèr sveit í Skorradals hrepp með dvöl sinni þar, því að hann hafi neyðzt til eptir 4 ár, eður árið 1847, að biðja um sveitastyrk, og hafi hann þá fengið 8 rd. í peníngum, er síðan voru endurgoldnir af sveitarsjóði í Kolbeinstaðahrepp, eður fyrir milligöngu hreppstjóra þar, að tilhlutun sýslumanns í Mýra og Hnappadals sýslu; en þèr og hreppstjórnin í Kolbeinstaðahrepp hafið lýst þeirri ætlun yðarri, að styrkur sá, er Sigurður fèkk af Skorradalshrepp, hafi eigi getað staðið honum fyrir að öðlast þar sveit með dvöl sinni, fyrir því að þèr hyggið Sigurð hafa eigi þegið sveitastyrkinn árið 1847, og eigi fyrr en 1848 að áliðnu, þá er hann hafði þegar verið 5 ár á Mófellstöðum, svo hafi og styrkur þessi eigi verið sveitarstyrkur í raun rèttri, heldur öllu fremur lán, er Sigurður hafi fengið til heykaupa og til að borga skuld sína, enda hafi hann þá átt alla búshluti og fènað nokkurn veginn nægan. Þèr hafið og enn sagt, að það hefði verið því síður rètt á litið, að Sigurður væri „þurfandi sveitastyrks", sem hann hefði átt frændur að, er bæði hefði getað og viljað ljá honum fè það er hann þurfti.

Nú er vèr höfum fengið tillögur stiptamtmanns í máli þessu, þá skulum vèr svara yður á þá leið, sjálfum yður til eptirsjónar og til auglýsíngar þeim er hlut eigu að máli, að Sigurður Sigurðsson sè sveitlægur í Skorradalshrepp í Borgar-

1858.

2. septbr. fjarðar sýslu, fyrir því að styrkur sá, er hann hefir þegið, hvort sem hann nú hefir þegið hann ári fyrr eður síðar, virðist eigi hafa verið svo vaxinn, eptir því sem fátækralög mæla fyrir, sjá einkum 6. gr. í reglug. 8. janúar 1834, að það hafi getað staðið manninum fyrir að öðlast sveit í Skorradalshrepp með dvöl sinni þar.

Því skulum vèr við bæta, að þenna hinn sama dag er stiptamtmanni sent samhljóða brèf þessu.

---

14. septbr. **25. Brèf fræðslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi um „Fjórðúngafjöru".**

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, skýrt svo fyrir oss, í álitsbrèfi ykkru 28. apríl í vor, beiðni erfíngja Valgerðar, ekkju Steingríms biskups, þeirra B. Thorsteinsonar konferenzráðs og H. St. Johnsens, kaupmanns í Reykjavík, að nú má það auðsætt virðast, að „Fjórðúngafjara", er getið er um í konúngsbrèfi 29. september 1848, hafi af ógáti verið talin með ítökum og rekum kirkjunnar í Skálaholti, þeim er biskupsekkjunni fengnir voru til fullrar eignar og umráða, þar sem þó fjaran var í raun rèttri eigineign Steingríms biskups. Fyrir þessa sök er það sjálfsagt, að draga skal andvirði fjörunnar frá verðhæð þeirri, er til er tekin í konúngsbrèfinu til lausnar eignanna, og fyrir því mælir fræðslustjórnin alls ekki ígegn því, að beiðendur þyki fullnægt hafa fyrirmælum konúngsbrèfsins, þá er þeir hafa greitt í jarðabókarsjóðinn þeim mun minna lausnareyri, eður, í stað 994 rd. 32 sk., 940 rd., er þeir hafa boðizt til að lúka.

Þessu skýrum vèr ykkur frá til eptirsjónar og auglýsíngar þeim, er hlut eigu að máli; en hins verðum vèr og að geta, að fræðslustjórnin fær eigi sèð sèr fært að veita beiðendum þá bæn sína, að mega borga þessa 940 rd. svo og 20 rd., þá er kirkjan á eptir brèfi fræðslustjórnarinnar 23. september 1850, í jarðabókarsjóðinn með ríkisskuldabrèfum þeim, er 4 af

hdr. gjaldast í leigu af, því svo gæti hæglega farið, að kirkjan missti í, ef hún síðar kynni neyðast til að selja skuldabréfin, til að útvega sèr þá peninga, er hún kynni þurfa sjálf á að halda. 1858. 14. septbr.

---

26. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um fiskiver Frakka. 15. septbr.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, ritað oss 28. ágúst og sent oss með því brèf þau, er farið hafa á milli yðar og Verons, foríngja fyrir herskipinu l'Artemise frá Frakklandi, um það er Frakkar vilja setjast að á Íslandi, til að stunda þaðan útveg sinn, verka fiskinn og flýtja hann utan í skipum sínum. Vèr sendum yður því samhljóða eptirrit af brèfi dómsmálastjórnarinnar 27. júlí í sumar til amtmannsins vestan á Íslandi, og fáið þèr af því sèð, hvern veg þèr skulið svara slíkri málaleitun framvegis.

---

27. Auglýsíng dómsmálastjórnarinnar, um að portúgísisk skip, sem fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sèu undanþegin að greiða 2 rd. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl 1856. 8. októbr.

Eptir skýrslu, sem fengin er frá stjórn utanríkismálanna, njóta skip þegna Danakonungs sömu rèttinda og innlend skip í konúngsríkinu Portúgal bæði í tilliti til tolls og skipagjalda. Fyrir því skulu þau skip, sem eiga heima í tèðu konúngsríki og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, hèr eptir vera undanþegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl 1856, sem birtur er með auglýsíng frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2. sama mánaðar.

Þetta gefst hèrmeð öllum hlutaðeigendum til vitundar.

1858. 3. nóvbr.

28. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu um fjárkláðann.

Síðan vèr rituðum yður síðast, herra amtmaður, 15. apríl í vor, um fjárkláðann í norður-umdæminu, höfum vèr fengið að norðan beiðni frá nokkrum mönnum í Húnavatns þíngi, ásamt álitsskjali yðru dagsettu 24. júní þ. á. Oss hefir og verið send híngað rakleiðis beiðni frá nokkrum mönnum í Þíngeyjar þíngi, og önnur beiðni frá Eyjafjarðar sýslu. Öll bónarbrèf þessi lúta að því, að stjórnin gjöri eingar þær ráðstafanir um fjársýkina, er gagnstæðar sèu ráðum þeim, er Norðlendíngar þegar hafa tekið. Síðan hafið þèr, herra amtmaður, sent oss tvö brèf, dagsett 22. júlí. Brèfum þessum fylgdi skýrsla um fund þann á Akureyri, er nokkrir Norðlendíngar áttu með sèr, er til þess voru kjörnir á þíngum í vor, úr öllum sýslum í norður- og austur-umdæminu; menn þessa höfðuð þèr kvatt til fundar, til að ræða með sèr, hvað nú skyldi gjöra framar í kláðamálinu, og hvernig endurgjalda skyldi Húnvetníngum fjárskaða sinn sökum niðurskurðarins; skýrslu þessari fylgdi nefndarálit um skaðabæturnar; skyldu þær vera 67,544 dalir fyrir 18,657 fjár, og er enn sagt, hversu þeim skyldi jafna niður. Brèfum yðar fylgdi og bænarskrá fundarmanna, og er þar meðal annars mælst til:

1) að frumvarp fundarins til reglugjörðar um að útrýma fjárkláðanum, og varna meiri útbreiðslu hans í norður- og austur-umdæminu, mætti verða gjört gyldandi sem bráðabyrgðarlög í nefndu umdæmi, og

2) að í suðurumdæminu og vesturumdæminu yrðu gjörðar þær ráðstafanir um lógun fjárins og vöktun þess, er væru fulltryggjandi vörn fyrir norður- og austur-umdæmið móti nýrri hættu frá nefndum umdæmum.

Þèr hafið, herra amtmaður, getið þess, þá er þèr senduð oss þessa bænarskrá fundarmanna, að enn þótt búið sè að stemma svo stigu fyrir sýkinni, að hún hafi ekki komizt út fyrir kláðahèruðin í Húnavatns þíngi, og að sýkin hvergi hafi gjört vart við sig fyrir austan Blöndu, hvorki í Húnavatnsþíngi,

nè norðar, þá sjáið þèr yður samt engan veg, án lagaheimildar, að burtrýma sýkinni alveg úr nokkrum sveitum í Húnavatnssýslu, því að bændur hafi þar slægilega framfylgt fyrirmælum yðar, enda þótt þeir eigi hafi hallað sèr að lækníngum, og heldur eigi til að varna sýkinni að dreifast norður í sýslurnar. Þessvegna hafið þèr mælt af alefli fram með því, við ráðgjafa dómsmálanna, þá er þèr höfðuð bent honum á ástæður frumvarpsins, að hann útvegaði samþykki konúngs á frumvarpinu. En það er aðalefnið í frumvarpinu, að stöðva skuli sýkina og útrýma henni með niðurskurði, ef hún gjörir framar vart við sig í Norðurlandi, en alls engar skuli lækníngar meiga viðhafa; að amtmaður megi ákveða með ráði sýslunefndar, hve mikið skuli niðurskèra ef sýkin gjörir vart við sig, en vilji þá einhver eigi skèra fè sitt fúslega, þá megi gjöra það með valdi og á eiganda kostnað, en annars skal bæta fè nokkru, og þó eigi jafnan; bætum þessum skyldi jafna niður á sýslu hverja eptir fjármegni, og sýslunefndirnar aptur á hreppana, og að lyktum skyldu hreppstjórar jafna þeim niður á hreppsbúa, á þann hátt, er þeim þykir bezt við eiga. 1858. 3. nóvbr.

Þèr hafið, herra amtmaður, fengið að vita af brèfi voru 15. apríl í vor, að stjórnin getur enganvegin fallizt á skoðun yðra um eðli sýkinnar, og um aðferðina til að stöðva hana og útrýma henni; vèr höfum tekið það skýlaust fram í brèfi því, að skyldi ráðstafanir þær reynast ónógar, er gjörðar hafa verið í Húnavatns sýslu, til að varna sýkinni frá að breiðast út úr sýslunni, þá þækti oss óráðlegt, að halda áfram öðrum eins niðurskurði og hafður hefur verið þar í sýslu, og því lètum vèr skora fastlega á amtsbúa, að athuga sem vandlegast, hvort eigi mundi rèttara að láta af uppteknum hætti en taka upp lækníngar í staðinn; og buðumst vèr þá til, að rètta amtsbúum hjálparhönd vora, til að útvega þeim lækna og læknisdóma. Því fer svo fjærri, að oss hafi snúist hugur um nytsemi lækninganna af bænarskrám þeim, er vèr höfum síðar fengið, að vèr höfum miklu fremur fengið enn fastari sannfæríng um þetta mál, af tveimur álitsskjölum um kláðamálið, er vèr höfum nýlega fengið frá dýralækninga-

1858. 3. nóvbr. ráðinu í Kaupmannahöfn, og sem fylgja brèfi þessu[1]; því dýralæknìngaráðið er mjög svo mótfallið algjörðum niðurskurði sökum sýkinnar, er hafður hefur verið í Norðurlandi, en ræður til þess að fara eptir reglum þeim, er fylgt hefur verið á Suðurlandi, og sem því þykir rèttar að mestu. Af þessu leiðir nú, að stjórnin finnur alls enga ástæðu til að fá samþykki konúngs á amtsfundar frumvarpinu, er fer í öldúngis gagnstæða stefnu við það, sem stjórnin álítur rètt að vera, en hún hefir fyrir sèr álit allra þeirra manna, utanlands og innan, er vit hafa á lækníngum; og eigi getum vèr heldur samþykkt, að skaðabótunum fyrir fé það, er skorið hefur verið niður í Húnavatnssýslu, sè jafnað niður á menn að þeim nauðugum, heldur álítum vèr það undir hverjum einum komið, hvað hann gjörir, og kemur mál þetta oss því ekki við. Þá getur stjórnin ekki heldur tekið neinn þátt í endurgjaldinu fyrir ásauðarkúgildi þau, er skorin hafa verið niður á þjóðjörðunum, þareð skuldbindíngin til að bæta eigendunum tiltölulegan hluta af skaða þeim, er þeir hafa beðið af því, að skèra niður fènað sinn sjálfviljugir til þess að útrýma sýkinni, verður einúngis að hvíla þeim á herðum, sem fyrirfram hafa lagt þar lof á, en það höfum vèr ekki gjört, og hafi nokkur gjört það í voru nafni, liggur það í augum uppi, að slíkt loforð, er gjört hefur verið umboðslaust, getur aldrei skuldbundið stjórnina.

Þegar nú um það er að ræða, hvað gjöra skuli, ef að fjárkláðinn útbreiðist lengra í umdæmi yðru, þá hefir stjórnin reyndar ekki vald á, að banna fjáreigendum sjálfum að halda fram niðurskurði, hversu bágt sem til þess er að vita; en hitt getur stjórnin eigi leyft, að embættismenn hennar gjörist oddvitar að, og leitizt við að koma fram þess konar ráðstöfunum, sem bæði stjórnin, og allir þeir menn utanlands og innan, er vit hafa á málinu, hlýtur að álíta rángar og til helbers skaða fyrir helsta bjargræðisveg landsmanna; því verðum vèr að láta herra amtmanninn, sýslumenn alla og hreppstjóra þá er undir yður lúta, vita fullt og fastlega, að það sè vili dómsmálastjórnarinnar, að

1) sjá fylgiskjal I—II hèr á eptir.

þèr þrátt fyrir yðar eigin sannfæringu um þetta mál, hættið 1858.
að vinna að framhaldi niðurskurðarins, en reynið aptur á mót, 3. nóvbr.
hver í sinn stað, af fremsta megni og svo mjög sem í yðar valdi
stendur, að hindra niðurskurðinn en leitast við að efla lækn-
íngar samkvæmt reglum dýralækníngaráðsins. Í þessu skyni send-
um vèr yður ágrip af álitsskjali dýralækníngaráðsins, og verðið
þèr að sjá um að það verði heyrum kunnugt, bæði með því
að láta sýslumenn auglýsa það, og láta prenta það í blaðinu
Norðra. Þèr verðið og að bera umhyggju fyrir því í tíma, að
fá tilhjálp við lækníngatilraunir þær, er amtsbúar yðrir kynnu
gjöra vilja, frá Suðurumdæminu, þar sem menn eru nú orðnir
vanir meðferð sýkinnar. Að lyktum verðið þèr að sjá um, að
fengnir sèu læknisdómar og læknir hèðan að vori komanda ef
þess skyldi viðþurfa, og lofum vèr enn að nýju að styrkja yður
til þess.

Að öðru leiti vonumst vèr eptir, að oss verði send við
fyrsta tækifæri nákvæm skýrsla um ástandið í Norður-umdæm-
inu og hverjar ráðstafanir gjörðar hafi verið til að útrýma
sýkinni.

I. Fylgiskjal.

Ágrip af álitsskjali dýralækníngaráðsins 31. ágúst 1858 um fjárkláðann á Íslandi.

Dýralækníngaráðið er landlæknum og dýralæknunum sam-
dóma um það, að sýki sú, er gengur á Íslandi, sè vanalegur
fjárkláði, því hún er þar eigi frábrugðnari en fullkomlega
skiljanlegt er af eðli kláðasýkinnar sjálfrar og því öðru, er
sauðfè á þar við frábreytt kjör að búa. Kláða fylgir sú náttúra,
að hörundsveikin breytist að útliti eptir því hversu sýkin er lángvinn
og skepnan hraust. Rannsóknir manna nú á tímum hafa nóg-
samlega sannað, að kláðamaurinn geti verið undirrót að ýmsum
hörundskvillum, er fyrrum voru taldir sèrstakleg veikindi;
reynslan hefir og sýnt, að veikindi þau, er að ytra áliti virtust
ólík fjárkláða, hafa skjótt og lengi horfið fyrir kláðalyfjum. Þá

1858. 3. nóvbr. er það og, að öll veikindi þau, er komin eru af sníkjupöddum eins og kláðinn, eru stundum skæðari en stundum. Að öllu samtöldu hagar illa til á Íslandi fyrir heilnæmi sauðfjár, og veldur því jafnt veðráttufar sem fjárgeymsla og hirðing, er hlýtur að vera ábótavant í mörgu sakir mergðar þeirrar, er flestir búendur hafa. Eigi ætlum vèr, að kláði sè nein óvanaleg sýki á Íslandi. Til eru lýsingar á ýmsum hörundskvillum, er verið hafa álgengir á sauðfè Íslendínga um lángan aldur og er innvortis veikindum hefir verið umkennt, þær draga nálega af því allan efa, að kláði hafi þar verið fremstur á palli. Svo margar ástæður eru til þess á Íslandi, að kláðin geti kviknað þar af sjálfum sèr, að óþarft er að leita að upptökum hans í samgöngum við erlent sauðfè; það er jafnvel eigi líklegt, að sýkin sè sprottinn upp á þann hátt, en þótt svo væri, þá gjörir það alls ekki til nè frá um aðferðina til að rýma henni á brott. Þar sem talið er, að sýkin sè fyrir sakir sóttnæmis flutt úr suðurumdæminu í hin umdæmin, þá skal þess getið, að það er vanalega mjög örðugt úr að ráða, hvort sýki, sú er dreifst hefir mjög víða yfir, sè komin af sóttnæmi eður af almennum orsökum. Hèr hefir vafalaust hvorttveggja hjálpast að. Ef nú sýkin ætti að vera komin í norðurumdæmið og vesturumdæmið úr suðurumdæminu sökum sóttnæmis eins, þá stendur það fyrir, að sýki sú, er mun verið hafa fyrir norðan um sama leyti sem kláðinn gjörðist ískyggilegur fyrir sunnan, virðist alls ekki verið hafa til nokkurra muna frábrugðin sunnlenzka fjárkláðanum.

Það er sannfæring vor í dýralækningaráðinu, að sýkin sè eigi mjög hættuleg, hvað þá heldur ólæknandi, ef farið er skynlega með skepnurnar; en víst og satt er það, að eigi tjáir að vera hirðulaus úm sýkina. Þess vegna erum vèr því mjög mótfallnir, að allt sè skorið niður sökum sýkinar, sem gjört hefir verið í norðurumdæminu; það er ógagnlegt og óþarft að skera fleira fè en þörf er vegna hirðingarinnar. En reglur þær álítum vèr að mestu leyti rèttar, er fylgt hefir verið í suðurumdæminu, og afskipti stiptamtmanns af málinu eigu fullt lof skilið. Það er því ráð vort, að framvegis sè haldið áfram þá leiðina, og að stjórnin styrki af alefli viðleitni stiptamtmanns

og dýralæknanna, og leggi svo undir, að í norðurumdæminu og vesturumdæminu verði fylgt réttum frumreglum. 1858. 3. nóvbr.

Telja verður lækníngar ásamt skynsamlegri og heilsusamlegri hirðíngu fjárins hið bezta ráð til að burtrýma sýkinni. Ef vel væri, þá ætti að hafa við lækníngar um sömu mundir á öllu sjúku fè, er saman gengur, hversu stórt sem svæðið svo væri, þar til fèð hefir reynzt allvel heilbrigt, vetrarlángt að minnsta kosti; lækníngarnar eru því einkum komnar undir fullkomnum aðskilnaði fjárins. Í þessu efni eru sjálfsagt miklir örðugleikar á Íslandi, og því megu menn eigi gjöra sèr of miklar vonir um, að sýkinni verði útrýmt þar í snatri. Alla alúð verður að leggja á lækníngar, ef menn eigu að fá unnið fullkominn svig á sýkinni fyrr enn eptir nokkur ár; fyrir því þykir oss nauðsyn á að gjöra nokkru skýrari grein fyrir lækníngunum.

Það er alkunnugt, að þótt lækníngar sè viðhafðar á einstökum kláðablettum, þá er slík lækníng ónóg til að allækna skepnuna, enn þótt hún kynni vera nauðsynleg til undirbúníngs. Böðin eru með öllu nauðsynleg, og skal þá dýfa kindinni margsinnis ofan í þau. Mjög svo áríðanda er að vita hversu sterkur baðlögurinn eigi að vera; eigi eru og öll böð jafnhaganleg, þau er nú eru notuð. Gjöra má hinn valzneska baðlög mátulega sterkan með því að hafa vatn minna, t. a. m. ef komið er 2 pundum af kalki í 340 merkur af vatni, í stað 400 marka. Ef haft er laugavatn til lyfbaða, verður að gjalda varhuga við, að vatnið sè of mikið, því þá verða þau áhrifa minni. Eptir rannsóknum og reynslu manna á síðari tímum, finnum vèr oss skylt að fara nokkrum orðum um meðferð tóbaksbaða ásamt kalisböðum. Kalisbaðið er búið til úr 2 hlutum pottösku, 1 hluta af brenndu kalki og 50 hlutum vatns, og skal allt talið eptir þýngd. Til tóbaksbaða skal hafa seyði af 1 þýngdarhluta tóbaks og 25 þýngdarhluta vatns, er áður hafi verið lengi soðið. Fyrst skal baða skepnuna í kalisbaði, og svo sem 20 stundum síðar í tóbaksleginum; 5 dögum síðar skal aptur baða í tóbaksleginum. Lyf þessi skyldi og hafa, ef lækna skal einstaka kláðabletti, og má þá gjöra baðlöginn sterkari; einkanlega má tóbaksseyðið vera svo sterkt, að ein 5

1858. 3. nóvbr. pund vatns sè á móti 1 pundi af tóbaki. Með því að lyfböðin eigu einkum að drepa kláðamaurinn, er fjölgar harðla fljótt, og eigi er að vænta, að maurar allir og egg drepist við fyrsta bað, sè kindin mjög kláðug, þá skal við hafa lyfböð hin næstu, hvers konar lyf sem annars höfð eru, svo skömmum tíma eptir sem kindin þolir, enda líði eigi lengra á milli en 4 eður 5 dagar, þar til kindin er læknuð. Ef kláðinn er eigi mjög magnaður, þá geta böðin orðið að fullum notum, þótt lengri tími líði á milli, t. a. m. 8 eður 10 dagar; en engar verða þó kláðalækníngar taldar nægilegar, nema kindin sè böðuð í frumbaðinu (þ. e. kalisbaðinu) og síðan að minnsta kosti tvisvar í lyfböðunum (tóbaksseyðinu) á 5 daga fresti. En um innvortis lyf er það ætlun vor, að eigi ætti önnur við að hafa en blendíng af matarsalti (steinsalti), tjöru og linum kryddjurtum (einkum malurt), og skal blendíng þenna svo til búa, að kindin eti sjálfkrafa nokkuð af honum. Eigi verður kláðsjúk kind talin allæknuð, fyrr enn að minnsta kosti 6 vikur eru liðnar frá því er nokkur kláðavottur sást á henni.

Auðsætt er af því er nú var sagt, að harðla gagnlegt er að hafa lyf við fjárkláðanum, og nú með því að hætta sóttmæmisins rýrnar að sama skapi sem lækníngarnar eflast, þá eru þær nokkurn veginn færar um að bæta úr því, er ábótavant kann að vera við aðskilnað sauðfjárins.

Lyfin eru og ágæt vörn gegn sóttnæmi, því er flyzt með öðrum hlutum en kindunum sjálfum; en í því efni ætti menn að færa sèr í nyt reynslu þá, að fjárkláðamaurinn lifir að eins skamma stund annarstaðar en á kindinni, hvort heldur hann er á lifandi hlutum eður dauðum, og að mikill þurrakuldi eður þurrahiti er næsta bannvænn öllum kláðamaurum. Gærur af kláðsjúku fè eður aðrir dauðir hlutir, þeir er kláðamaurr getur í fluzt, eru því með öllu óskaðvænar, ef þær eru annaðhvort látnar gagnþorna eður gaddfrjósa, eður þeim hafi verið haldið svo lengi í 60 mælistiga hita, saggasömum eður þurrum, að þær sè gagnbakaðar orðnar. Af lyfjum er baðlögurinn valzneski og tóbaksseyðið bezt sóttvarnarlyf, en þau munu optast verða óþörf, ef rèttilega er farið með hin einföldu lyfin, er fyrr var

getið. Kláðamaurnum er svo farið, sem og áður hefir verið á 1858.
vikið, að lítt er að óttast útbreiðslu sóttnæmis frá íveruhúsum 3. nóvbr.
eður úr sængurfötum. Þá mun og optast óþarfi að hirða um
ígángsklæði manna, er þeir ferðast um kláðahéruð, því svo lítt
er að óttast útbreiðslu kláðans á þann hátt, að þess er að
engu getandi hjá útbreiðslu hans af samgöngum fjárins. En
varhuga skal þó gjalda við gærur af kláðsjúku fé. Þá skal og
vandlega eyða kláðamaur öllum í fjárhúsum. Þvo skal húsin,
kalka þau og viðra; þá er og gott ráð, að væta gólfið með
tóbaksseyði og svo garðana og veggina, þar sem kindurnar koma
við, og er tóbaksseyði betra til þessa en valzneski baðlögurinn.
Sé nú rètt að öllu farið, mun óþarfi að rýfa nokkurt fjárhús
sökum kláðans.

Dýralækníngaráðið telur það æskilegt, ef hið opinbera
annaðist lækníngarnar að öllu leyti; því eigi hverr einstakur
maður að annast lækníngarnar sjálfur, er opt og einatt á örð-
ugt með að afla sèr lyfjanna og aðstoðar þeirra manna, er vit
hafi á lækníngum, þá er lítil von um, að lækníngar verði við
hafðar. Rèttast mundi þá að líkindum, að af nema verðina,
er kosta æríð fè; eru til margar skýrslur um, að verðirnir hafi
eigi verið haldnir svo, að fullvel sè; mætti þá og verja því fè
til lækníngа, er hèr sparast í aðra hönd. Vèr hljótum að telja
það mjög ísjárvert, að varna mönnum að reka fè sitt á afrètti,
og það eigi að eins vegna hagbeitarinnar, heldur og vegna
heilbrigði fjárins. Sè menn hræddir við sóttnæmi, þá er og
þess að geta, að það verður talsvert minna, ef böðin eru notuð
nógsamlega. Leita ætti og skýrslu um það, hve ágengt verður
með umbót fjárhúsanna, sem og virðist hafa vakað fyrir ráð-
herranum.

Nú þótt svo megi segja, eptir því sem ráða er af skýrsl-
unum úr suðurumdæminu, að árángurinn af lækníngunum þar
sè viðunandi, verður því þó eigi neitað, að enn vantar nægi-
legar skýrslur til þess að geta metið, hversu mikin þátt sýkin
hafi áttt i því hinu mikla fjárhruni, er þar hefir orðið. Útvega
ætti því, svo sem kostur er á, skýrslur um 1) hversu margt fè
sè allæknað af kláðanum; 2) hve margt hafi skorið verið sökum

1858. 3. nóvbr. sýkinnar (ólæknandi); 3) hversu margt hafi skorið verið, til þess að fækka fènu að þörfum, og 3) hversu margt hafi skorið verið að óþörfu. Að lyktum mundi og áríðanda, að bera það saman, hversu margt fè drapst áður kláðinn kom og hversu margt nú.

Eigi árángur þessa máls að verða viðunandi, þá er það samt óumflýjanlegt, að senda verður nokkru fleiri dýralækna til Íslands, og megu þeir eigi að vorri hyggju færri vera, en 2 til vesturumdæmisins og aðrir tveir til norðurumdæmisins.

II. Fylgiskjal.

Brèf dýralækníngaráðsins til innanríkisráðgjafans um fjárkláðamálið.

Hið háa ráðaneyti hefur sent oss bænarskrár og skýrslur um fjárkláðann á Íslandi, og beðið oss í brèfi, dagsettu 2. september, að láta um það álit vort í ljósi, hvort oss þætti ástæða til af skýrslum þessum, að auka nokkrum nýjum athugasemdum við álitsskjal vort um fjárkláðann, dagsettu 31. ágúst mán. þ. á.

Þess vegna skulum vèr láta það álit vort í ljósi, að skjöl þessi gjörðu oss einúngis enn sannfærðari um, að aðferð sú sè rètt, að lækna hið sjúka fè, og eigi skera nema einstaka skepnu. Fyrir því verðum vèr að leggja stjórninni það ráð, að gjöra allt sitt til að styrkja lækníngarnar, og þá meðal annars með því, að menn þeir fái sæmilega borgun, er hjálpað hafa til að baða fèð. Það liggur í augum uppi, að niðurskurðurinn hefur þegar gjört landinu mikið tjón, og verði hann eigi heptur, getur hann auðveldlega gjöreytt öllum fjárstofni í heilu umdæmi; fyrir því ráðum vèr eigi að eins gjörsamlega frá því að reglugjörðar frumvarpið verði samþykt, heldur hvetjum vèr og stjórnina til að senda amtmönnum öldúngis ljósar og ótvíræðar skipanir, til þegar í stað að hætta við að skera niður fè fyrir mönnum að þeim nauðugum, og í annan stað, að samþykkja það eigi, að skaðabótunum verði jafnað niður á menn að þeim

nauðugum, heldur verði hver maður látinn ráða því sjálfur, hvort hann vilji bæta nokkru. 1858. 3. nóvbr.

Dýralækningaráðið í Kaupmannahöfn, 6. október 1858.

H. Bagge,
nú forseti.

---

29. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu um verzlun lausakaupmanna. 5. nóvbr.

Með þessu voru brèfi sendum vèr yður, herra amtmaður, eptirrit af brèfi Fr. Hillebrandts, íslenzks kaupmanns og eiganda verzlunarstaðarins á Reykjafirði, er hann kvartar um, að hið fyrra sumar og enn þetta sumar hafi lögbönnuð lausaverzlun rekin verið á Steingrímsfirði, er liggur skammt frá Reykjafirði, og hafi valdsmaður látið slíka lögleysu sig engu skipta. Fyrir því leggjum vèr á við yður að láta rannsaka málið, og skyldi umkvörtun þessi reynast á rökum byggð, þá verði þèr að setja duglega ofaní við sýslumanninn og áminna hann um að gæta betur embættisskyldu sinnar framvegis.

Vèr vonum, að þèr látið oss vita afdrif þessa máls svo skjótt sem verður.

---

30. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um fjárkláðann. 8. nóvbr.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, skýrt oss, í brèfi yðru 13. október um fjárkláðann í suðurumdæminu, frá heilbrigðisástæðum sauðfjárins í Rángárvallasýslu og hversu sýslubúar sè mótfallnir lækningatilraunum. Vèr viljum enn að nýju, líkt og vèr höfum áður ritað yður í brèfi voru 3. þ. m., mælast til þess, að þèr leitizt við með ráðum þeim, er þèr eigið vald á, og þó einkum með aðstoð hreppsnefndanna í Rángárvalla sýslu, að koma því til leiðar, að lækningar sè reyndar og viðhafðar sem dýralækningarráðið hefir fyrir sagt, að þèr einnig

1858. útvegið og sendið oss áreiðanlegar og nákvæmar haglýsíngar
8. nóvbr. úr hrepp hverjum í sýslunni og hvað gjört hafi verið til að stöðva sýkina. Vèr biðjum yður og að skýra oss nákvæmar frá því að vori komanda, hvort yður þyki nauðsyn á að hèðan sè sendir dýralæknar til suðurumdæmisins til aðstoðar við læknínganar, og þá hve margir.

En um beiðslu þá, er fylgdi brèfi yðar, um borgun til handa hreppsnefndamönnum, þá sendum vèr yður nú 1 exemplar af frumvarpi til viðaukalaga árið 1858—59, er nú er búið að leggja fram á þíngi Dana, en eigi að samþykkja; muni þèr af því sjá mega, að dómsmálastjórnin hefir, samkvæmt tilmælum yðar í brèfi 11. júní þetta sumar, sett 6000 rd. „við 9. gr. staflið 2 a 2", er vera skyldi leigulaust lán handa suðurumdæminu, svo að það gæti borgað dýralæknum þeim, er fengnir hafa verið til að lækna fjárkláðann, og aðstoðarmönnum þeirra; en þess verðum vèr að geta, að nokkurn hluta fjár þessa, svo framarlega sem nú ríkisþíngið játar fènu, verður að taka til þess að borga þeim Jensen og Hansteen, dýralæknum, það sem þèr segið í brèfi yðru 28. ágúst að þeir hafi átt eptir ógoldið af launum sínum á Íslandi; vèr munum og gjöra það að álitum, þá er vèr höfum fengið svar yðar upp á brèf vort 18. f. m., hvort eigi skuli og taka af þessum 6000 rd. til þess að borga með þá 1333 rd. 32 sk., er getið er um í brèfinu, eður þó nokkuð af þeim.

Að lyktum látum vèr yður vita, að sjálfsagt verður engum greiðslum lokið af fè þessu, fyrr en þíng Dana hefir goldið þar á samkvæði sitt.

---

9. nóvbr. **31. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmanna á Íslandi um dómstefnur glæpamála til yfirrèttanna og hæstarèttar.**

Með þessi brèfi voru sendum vèr yður, herra (títull) eitt exemplar af umburðarbrèfi dómsmálastjórnarinnar, dagsett 21. júní þetta ár, um dómstefnur glæpamála til yfirrèttanna og

hæstarèttar[1], til þess að þèr hafið það til eptirsjónar og skýrið sýslumönnum þeim, er undir yður þjóna, frá efni þess. 1858. 9. nóvbr.

1) Umburðarbrèf þetta er svo látandi:

Í umburðarbrèfi 28. apríl 1851 og 15. desember 1852 hefir dómsmálastjórnin skýrt yður frá, herra (titull), að þar er maður hefir lögsóktur verið um ýms afbrót, annaðhvort ólík eður lík, og hann verið dæmdur sekur um sum þeirra en sýkn af sumum, og hann áfrýjar dóminum, þá þætti henni rèttast, að þá væri og optast nær áfrýjað dóminum af hálfu hins opinbera, svo að hæstarètti eður yfirdómi þeim, er sökin er í lögð, skuli eigi sakir dómstefnulagsins vera bægt frá að leggja dóm á þær greinir, er maðurinn var dæmdur sýkn af.

Dómsmálastjórnin hefir nú tekið eptir því, að hæstirèttur hefir álitið svo í dómi sínum 22. apríl þetta ár, er stendur í hæstarèttartíðindunum 1858, 5. tölu 77.—78. bls., að þar er maður hefir verið dæmdur í hèraði sýkn frekari málssóknar og málinu síðan skotið einúngis að beiðni hans til yfirdómsins, þá megi svo virðast sem yfirvaldið hafi unað málalyktum í hèraði, að því leyti er maðurinn var dæmdur sýkn sakar, en af því leiði, að yfirdómurinn eigi ekki, eptir svo skapaðri dómstefnu, að skilja um sekt mannsins, heldur um það eitt, hvort gjalda skuli samkvæði á hèraðsdóminn, eður dæma manninn alsýknan. Hæstirèttur fann nú að því í dómsatkvæði sínu, er landsyfirrètturinn hafði dæmt manninn um sök þá sekan, er hann átti eigi um að skilja; vildi og hæstirèttur eigi dæma sekt hans, og galt því samkvæði sitt á hèraðsdóminn í þeirri grein.

Eptir þessu áliti hæstarèttar virðist oss rèttast, að hvar þess er maður er dæmdur sýkn frekari málsóknar, og vill hann skjóta málinu til yfirdómsins, er þá hlýtur þó að meta sakargögn, til þess að geta dæmt manninn annaðtveggja alsýknan eður sýknan frekari málsóknar, þá skuli amtmaður og áfrýja málinu af hálfu hins opinbera, svo yfirdómurinn verði fær um að leggja dóm á allt málið; fyrir því leggjum vèr svo á við yður, herra (titull), að hvar þess er maður er dæmdur sýkn frekari málsóknar og dómi þeim skotið til æðra dóms að beiðni þess er sóttur er, að þèr þá og afrýið málinu af hálfu hins opinbera.

Með því að svo hefir optlega að borið, að þess hefir eigi gætt verið, er glæpamálum er skotið til hæstarèttar, að áfrýja og málinu af hálfu hins opinbera, þá er maður hefir verið dæmdur sýkn sumra saka og beiðist síðan dómstefnu, þá viljum vèr og um leið minna yður á að gæta umburðabrèfanna 28. apríl 1851 og 15. desember 1852, og þó einkanlega um dómstefnur til yfirdómsins.

1858. 30. nóvbr. **32. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmanns á Íslandi um eptirlaun fráskilinnar konu.**

Vèr höfum ritazt á við innanríkisstjórnina og stjórn hins almenna ekknasjóðs um beiðni þá, er þèr, herra stiptamtmaður, senduð oss með brèfi yðru 14. nóvember í fyrra frá O. M. Ch. Thorarensen, dóttur Bonnesens, er lifir skilin frá manni sínum, gullsmið V. Thorarensen, þar er hún mælist til að fá eptirlaun sín, 50 rd. úr ekknasjóðnum og 20 rd. úr ríkissjóðnum, er henni hafa veitt verið 1840 eptir mann sinn látinn, J. Árnason, sýslumann í Suðurþíngeyjarsýslu. Höfum vèr nú fengið það svar, að hún geti eigi fengið eptirlaun sín þau úr ríkissjóðnum, af því hún sè eigi ekkja eptir skilníngi eptirlaunalaganna, en fengið geti hún ekkjupeníngа sína eptir fyrra mann sinn úr ekknasjóðnum, 50 rd. ár hvert frá því 24. ágúst í fyrra, þá er hún var skilin við síðari mann sinn að konúngs leyfi.

Þessu skýrum vèr yður frá, herra stiptamtmaðnr, að þèr auglýsið henni það; vèr sendum yður og auglýsíng frá stjórn ekknasjóðsins, er vèr biðjum yður færa henni; þá látum vèr og yður vita, að þenna sama dag höfum vèr boðið landfógetanum að greiða henni þá 50 rd. úr jarðabókarsjóðnum, svo sem venja er til og gegn fullkomnum heimildarskýrteinum.

---

20. desbr. **33. Brèf dómsmálastjórnarinnar til ráðgjafa hertogadæmanna Holtsetalands og Láenborgar um eið skipstjóra.**

Hið konúnglega ráðaneyti fyrir hertogadæmin Holtsetaland og Láenborg hefir sent oss með brèfi sínu, dagsettu 15. október í haust, íslenzkt leiðarbrèf, er notað var handa skipinu Activ frá Húsum; með brèfinu fylgdi og skýrsla frá bæjarráðinu í Altóna um apturskilun leiðarbrèfsins. Hið konúngl. ráðaneyti getur nú þess, að Lodberg skipstjóri hafi unnið eið í nærveru bæjarráðsins í Altóna eptir fyrirmælum 7. gr. í opnu brèfi 28. marz 1787, en segir það ætlun sína, að eiðstafur sá

muni nú niður fallinn, síðan lögin 15. apríl 1854 um siglíngar og verzlun á Íslandi voru sett, og felur oss að lyktum á vald, hvort gefa skuli bæjarráðinu vísbendíngu nokkra í þessari grein. 1858. 20. desbr.

Vèr mælumst því til, að hið konúngl. ráðuneyti skýri bæjarráðinu í Altóna frá, að fyrirmæli 7. greinar í opnu brèfi 28. marz 1787 um skipstjóraeiðinn sè nú úr lögum teknar, með því að 4. gr. í verzlunarlögunum 15. apríl 1854 (samanborin við lög 16. febr. 1856) og 5. grein mæli fyrir, hvernig nú skuli útvega sèr og skila aptur íslenzkum leiðarbrèfum.

---

33. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um vogrek. 24. desbr.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, í brèfi yðru 8. september í haust skýrt oss frá, að á Skúmstaða fjöru hafi rekið bút af siglutrè eður brandi, 20 álna lángan, er virtur hafi verið á 18 rd. 24 sk., og berið síðan undir oss, hvort eigandi rekans skyldi eigi mega eignast vogrek þetta, þá er farið hefir verið með það sem lög mæla fyrir, sjá opið brèf 2. apríl 1853, sbr. opið brèf 4. maí 1778 2. gr., eður hvort hann þá mætti eigi eignast það með þeim skildaga, að hann greiði í jarðabókarsjóðinn svo mikið fè, sem virðíngar verð trèsins var meira en bjarglaun þess, þá er lögtími er liðinn frá lýsíng vogreksins í yfirdóminum.

Þessu máli skulum vèr svo svara, sjálfum yður til eptirsjónar og til auglýsíngar, að dómsmálastjórnin getur eigi álitið eiganda rekans eiga tilkall að lögum til siglutrès þessa, með því að sjálfsagt sè, að þá er vogrek er virt, skuli meta verð þess allt; en því er hún eigi mótfallin, að maðurinn fái trèð keypt því verði, er það var virt, og hafi hann bjargað trènu undan sjó, er eigi verður þó á málinu sèð, þá skal hann taka einn þriðjúng virðíngarverðs að bjarglaunum, en lúka hina tvo í jarðabókarsjóðinn.

1859.

1859. 16. febrúar. **1. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um endurgjald handa lyfsölumanninum í Reykjavík.**

Með brèfi 13. október í fyrra hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað beiðni frá lyfsölumanni Randrup í Reykjavík, um að fá endurgoldna af opinberum sjóði 962 rd. 48 sk., er hann kveður sig hafa misst í við það, að lækníngatilraunir við kláðasjúkt fè í Ráng árvalla sýslu ekki hafi verið gjörðar á þann hátt, sem skipað hafi verið, og hefir af þessu leitt, að hann nú hefir afgángs töluvert af lyfjum, sem blönduð hafa verið saman til hinna svo kölluðu Tessinsku baða, en einmitt vegna þess að lyfin þegar eru blönduð saman, geti hann ekki skilað þeim aptur til þeirra, er honum hafa selt.

Vèr látum yður nú vita til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsíngar fyrir beiðanda, að eptir því sem þèr, herra stiptamtmaður, hafið skýrt frá, þá getur það ekki komið til máls, að beiðandi hafi nokkurt lagatilkall til að fá penínga þessa endurgoldna úr ríkissjóðnum, og á hinn bóginn getur því síður sanngirnis ástæða sú, sem hann hefir borið fyrir, orðið tekin til greina, þareð líkindi eru til að honum takist að selja lyf þessi, þegar lækníngunum samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar, dagsettu 3. nóvember í fyrra, verður haldið áfram með meiru afli.

---

16. febrúar. **2. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um lán til þess að byggja þínghús á Vestmannaeyjum.**

Í brèfi 19. október í fyrra hafið þèr, herra stiptamtmaður, beðið um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að hreppurinn í Vestmannaeyjum megi taka til láns 600 rd. af peníngum

þeim, sem fátækrasjóður eyjanna hefir á leigu í jarðabókarsjóðnum, til þess að byggja nýtt þínghús og fángelsi á eyjunum, og með þeim skilmálum, að borga skal aptur lán þetta á fjórum árum. 1859. 16. febrúar.

Í tilefni af þessu viljum vèr skýra yður frá til þóknanlegrar vitundar og frekari ráðstafana, að af hálfu stjórnarráðsins er ekkert ámóti því, að hið umgetna lán verði veitt hreppnum í Vestmannaeyjum með skilmálum þeim, sem hèr að framan eru til greindir.

---

3. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um afbrot gegn verzlunarlögunum. 16. febrúar.

Í brèfi 8. október f. á. hafið þèr, herra amtmaður, borið það undir dómsmálastjórnina, hvort lögsækja skuli skipstjóra Sörensen fyrir það, að hann árið 1857 hafi komið við í Ólafsvík, og þar affermt 70 kaffibaunasekki án þess að kaupa þar íslenzkt leiðarbrèf, og með þessu brotið gegn verzlunarlögunum.

Vèr viljum nú láta yður vita til frekari auglýsingar, að dómsmálastjórnin leyfir, að lagasókn í þetta skipti megi falla niður, eptir þeim sèrlegu ástæðum, sem þèr hafið frá skýrt; en að öðru leyti er það sjálfsagt, að skipstjóranum samkvæmt 8. gr. laganna 15. apríl 1854, sbr. aukatekjureglugjörð 10. september 1830, 62. gr., ber að greiða sýslumanninum í Snæfellsness sýslu 4 rd. 80 sk., eður helming gjalds þess, sem lögboðið er fyrir að rita á skjöl skipa, og á hann þá á hinn bóginn tilkall til eins mikils hjá sýslumanninum í Ísafjarðar sýslu, E. Þórarinssyni eður dánarbúi hans, þareð sjá má af því, sem þessi embættismaður hefir ritað á leiðarbrèfið, að hann hafi fengið 9 rd. 64 sk. fyrir þenna starfa, í stað þess að honum einúngis bar helming þess, þareð skipið að nokkru leyti var affermt í Ólafsvík.

1859. 23. febrúar.

4. Brèf fræðslumálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um Vestmannaeyja prestakall.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, í brèfi 15. október í fyrra skýrt oss frá, að Vestmannaeyja prestakall sè orðið laust við fráfall prestsins Jóns Austmanns, og hafið þèr um leið getið þess, að breytíng sú, sem áður hafi verið stúngið uppá að gjörð væri á tekjum þessa brauðs, sè nú hvorki nauðsynleg nè ráðleg, þareð nú sè öðruvísi ásttatt á eyjunum.

Vèr svörum nú þessu á þá leið, að stjórnarráðið þegar í brèfi 13. maí 1852 hefir talið tormerki á að fallast á uppástúngu stiptsyfirvaldanna, eins og hún þá kom fram, og eptir því sem þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, hafið skýrt frá, þá álítum vèr einnig að hin helzta ástæða fyrir þessari breytíngu nú sè orðin að engu; vèr höfum þessvegna ekkert á móti því, að þetta verði látið standa við það sem verið hefir.

Þar sem þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, að öðru leyti í brèfi yðar hafið getið þess, að aðstoðarpresti Brynjólfi Jónssyni hafi verið gefið loforð um þetta brauð seinna meir, þá verðum vèr að vekja eptirtekt yðar á því, að slík loforð um embætti ekki lengur eiga sèr stað, og þykir oss því síður hafa verið ástæða til að beita því, þar sem bjóða mátti hlutaðeiganda mjög svo góða kosti.

---

25. febrúar.

5. Brèf fræðslumálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um þóknun fyrir prestsverk við hinn lærða skóla.

Í brèfi yðar 1. desember í fyrra hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, skýrt oss frá, að presturinn til Garða og Bessastaða prestakalls, stiptprófastur A. Hel-

gason, hafi sagt þessu embætti af sèr; en þar honum hafi verið leyft að halda þeim 24 rd., sem reglugjörð 29. apríl 1785 leggur fyrir prestsverk við hinn lærða skóla, meðan hann væri í embætti, þá hafið þèr einnig skotið því undir úrskurð fræðslumálastjórnarinnar, hvort ekki mætti leggja dómkirkjuprestinum í Reykjavík, sira Ólafi Pálssyni, bæði á þessu skólaári og framvegis þá 40 rd., sem í fjárhagslögunum eru taldir fyrir prestsverk við skólann. 1859. 25. febrúar.

Þessu svörum vèr nú á þá leið, til eptirsjónar og til auglýsingar prófasti Ó. Pálssyni og fèhirði skólans, að þareð athugasemdir við frumvarpið til fjárhagslaganna fyrir árið $18^{53}/_{54}$ bera með sèr, að 16 rd. borgun sú, sem upp frá þeim tíma hefir verið lögð dómkirkjuprestinum fyrir þessi embættisverk hans, einúngis átti sèr stað um stundar sakir, þar hún skyldi falla niður undireins og Garðar og Bessastaðir losnuðu og hann gæti fengið þá 24 rd., sem reglugjörð 29. apríl 1785 til tekur, þá getur hann hvorki á þessu reikníngsári nè framvegis fengið meir en þessa síðast nefndu 24 rd.

---

6. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um geymslu á íslenzkum leiðarbrèfum þeirra skipa, sem gjörð eru út til fiskiveiða.[1] 26. febrúar.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, í brèfi yðru 7. september í fyrra skýrt stjórnarráðinu frá því, að sýslumaðurinn í Gullbríngu- og Kjósar-sýslu hafi ritað á skjöl skipsins *Anna Helene*, 15 lestarúm að stærð, sem stórkaupmaður Knudtzon er eigandi að, og sem átti að fara frá Hafnarfirði til Kaupmannahafnar, án þess að leiðarbrèf það, sem árið 1854 var keypt handa

1) Áþekk brèf eru sama dag skrifuð amtmönnunum í hinum umdæmunum á Íslandi.

1859. 26. febrúar. þessu skipi, væri meðal skilríkjanna, þarað skjal þetta, eptir því sem hlutaðeigandi skýrir frá, hafi verið sent til stjórnarinnar um haustið 1857. Þér hafið þarhjá skýrt frá því, að síðan þetta skip kom til Íslands árið 1854, hafi það verið á fiskiveiðum um Faxaflóa en á veturna stöðugt legið í Hafnarfirði, án þess á því tímabili að hafa gjört nokkra ferð til útlanda, og hafið þér því álitið vafasamt, hvort optnefnt skip ekki hefði átt að kaupa íslenzkt leiðarbréf þegar það fór frá Íslandi. Þér hafið því skotið því undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar, hverri reglu skuli framvegis fylgt þegar eins er ástatt.

Dómsmálastjórnin lætur yður nú vita, að eptir kríngumstæðunum leyfum vèr að nefnt skip megi vera laust við að kaupa leiðarbrèf til ferðarinnar frá Íslandi haustið sem leið, og álítum vèr þarhjá að eptirleiðis muni rèttast, þegar líkt stendur á, að leiðarbrèf það, sem hefir verið keypt í Danmörku handa skipi því, sem einúngis er ætlað til fiskiveiða við strendur Íslands eða þá um leið til vöruflutníng hafna á milli á Íslandi, og sem þessvegna ekki fer heimleiðis á sama ári, sè geymt hjá hlutaðeiganda sýslumanni á Íslandi meðan skipið er þar, og skal sýslumaður þá, í reikníngum þeim, sem hann á ári hverju er skyldur að senda dómsmálastjórninni um skipagjöld, skýra frá að hann hafi leiðarbrèfið til geymslu; en þegar skipið fer frá Íslandi þángað sem það á heima, þá skal sýslumaður afhenda skipstjóra leiðarbrèfið eptir beiðni hans, og svo rita á það, að skipið fari frá Íslandi, og skal þarhjá einnig um þetta atriði gjöra skýrslu í reikníngunum fyrir skipagjöld á því ári.

---

26. febrúar. **7. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vestur-umdæminu, um reglur fyrir því, þegar útlendíngar vilja taka sèr bólfestu á Íslandi.**

Þér hafið, herra amtmaður, í brèfi yðru 8. nóvember í haust er leið skýrt frá því, að L. Bouriand, sem þér hafið

getið í brèfi yðru 4. maí í fyrra vor, og sem er erindisreki Frakka á Íslandi, nú hafi keypt lóð á Grundarfjarðar verzlunarstað í Snæfellsness sýslu; þèr hafið sömuleiðis getið þess, að ástæða sè til að halda, að Frakkar muni ætla sèr að setja fiskiver á þessa lóð. Þèr hafið því spurt dómsmálastjórnina að því, hvort það sè leyfilegt eptir nú gildandi lögum, að fiskur sá, sem veiddur er við strendur Íslands, sè fluttur á land og verkaður á lóð Frakka og síðan fluttur utan á frakkneskum skipum, eða hvort það sè nauðsynlegt, til þess að slík verkun og útflutníngur á fiski geti átt sèr stað, að skip þau, sem höfð eru til veiðanna, áður sèu gjörð innlend og af þeim greitt gjald það, sem skipað er fyrir, þegar útlend skip eru keypt af innlendum manni. Þá hafið þèr og beiðzt úrlausnar dómsmálastjórnarinnar á nokkrum spurníngum sýslumannsins í Snæfellsness sýslu, þeim er standa í sambandi við þetta mál, yður sjálfum og embættismönnum í yðru umdæmi til leiðarvísis; en spurníngarnar eru þessar: 1859. 26. febrúar.

1) hvernig taka skuli borgara- og hollustueið þann, sem um er getið í tilskipun 17. nóvember 1786, 6. og 7. gr., þegar svo stendur á, að útlendíngur sá, sem eiðinn á að vinna, skilur hvorki danska nè íslenzka túngu, og þegar á þeim stað ekki heldur getur fengizt túlkur, sem kann mál útlendíngsins;

2) hvort heimta skuli af útlendum manni, áður hann geti náð borgararètti:

a) skilríki fyrir því að hann ekki sè illræmdur og að hann hafi óflekkað mannorð;

b) skírnarattesti, eða þá

c) hvort það sè nóg, að hann leggi fram löglegt vegabrèf, og loks

d) hvort skírteini þau, er hann leggur fram, skuli vera staðfest annaðhvort af hinum danska verzlunarfulltrúa eða af sendiherra Dana konungs á þeim stað, þar sem útlendíngurinn á heima;

1859. 26. febrúar.

3. a) hvort það sè nóg til þess að útlendíngur geti fengið borgararètt, að hann lýsi því yfir, að hann hafi tekið eður ætli sèr að taka fasta bólfestu í landinu, eða þá hvort til þessa útheimtist, að hann annaðhvort sjálfur eða þá umboðsmaður hans hafi þegar tekið sèr bústað og sè búinn að koma sèr fyrir í landinu;

b) hvort það verði heimtað, að hann sanni að hann hafi efni nóg til þess að geta haldið fram fiskiveiðum svo nokkuð kveði að;

4) hvort það sè íslenzkum borgurum leyft, þegar þeir eiga útlend skip, þá fyrst um sinn að halda þessum skipum til fiskjar við Ísland, með þeim skilmálum, að þeir seti svo mikið fè til geymslu, að það nemi afgjaldi því, sem lúka skal þegar útlend skip eru keypt að, og að þeir sèu skyldir til innan tiltekins tíma að láta skipið koma við á einhverjum tollstað í Danmörku, til þess skipið geti orðið gjört innlent og fengið danskt mælíngabrèf;

5. a) hvort skipi því, er kemur til einhverrar hafnar á Íslandi til þess þar að afferma veiði sína, verði vísað frá, hafi það hvorki íslenzkt leiðarbrèf samkvæmt opnu brèfi 7. marz 1787, nè heldur leiðarbrèf samkvæmt lögum 15. apríl 1854;

b) hvort útlend skip, sem hafa leiðarbrèf samkvæmt lögum 15. apríl 1854, hafi rètt á bæði að fara hafna á milli á Íslandi og líka að nota fiskiveiðar við Ísland og flytja á land veiðina; en sè þetta ekki svo, hvort þá skuli fara með þess konar skip eptir því sem segir fyrir í tilskipun 13. júní 1787 1. kap.;

c) hvort ekki, auk þeirra 12 sk. af hverju lestarúmi, sem boðið er í aukatekjureglugjörðinni 10. september 1830, 62. gr., að gjalda skuli fyrir að rita á skjöl þeirra skipa, er einúngis eru gjörð út til fiskjar, ennfremur beri að greiða gjald það, sem til er tekið í lögum 15. apríl 1854,

8. gr., sbr. 62. gr. í aukatekjureglugjörðinni, þegar þessi hin sömu skip seinna meir kaupa íslenzk leiðarbrèf samkvæmt áðurnefndum lögum, til þess að flytja vörur frá Íslandi. 1859. 26. febrúar.

Vèr skulum nú fyrst benda herra amtmanninum til þess, að spurningu yðar sjálfs að voru áliti mun nægilega svarað í brèfi dómsmálastjórnarinnar til yðar, dagsettu 27. júlí í fyrra, en þar vèr verðum að álíta, að brèf þetta ekki hafi borizt yður til handa, sendum vèr yður nú eptirrit af því. En spurningum sýslumannsins í Snæfellsness sýslu svörum vèr á þessa leið:

1) þegar svo stendur á, eins og gjört er ráð fyrir í þessari spurningu, mun sjálfsagt hagkvæmast að taka eiðinn á þann hátt, að sýslumaður láti prenta eyðublöð annaðhvort á frakknesku eða ensku máli, og skal þá síðan sá, sem eiðinn á að vinna, útfylla þau og rita nafn sitt undir.

2. a-d) Hvað eiginlegleika þá snertir, er lúta að manni sjálfum, og sem útheimtast til að ná borgararètti, þá má ekki heimta önnur skilríki af útlendum mönnum en af innlendum, en sè þeirra krafizt, þá er sjálfsagt, að þau skulu staðfest af dönskum verzlunarfulltrúa eða þá af einhverjum öðrum áreiðanlegum manni.

3. a) Að vísu verður þess ekki krafizt, áður útlendum manni sè veittur borgararèttur, að hann þá þegar hafi tekið sèr bólfestu í landinu; en atvikin verða þó að lýsa því, að hann hafi í huga að setjast að í landinu; sbr. tilskipun 17. nóvember 1786, 6. gr.: „til þess að setjast að."

b) Þessari spurningu verðum vèr að kveða nei við.

4) Úr þessari spurningu er leyst í brèfi dómsmálastjórnarinnar 9. maí 1857; sbr. opið brèf 23. október 1816.

5. a) Það lítur svo út að sýslumaðurinn gjöri ráð fyrir, að sèrstök leiðarbrèf sèu gefin út til fiskiveiða við strendur Íslands; en þetta á sèr ekki stað, að því stjórnarráðinu er kunnugt. Aptur á hinn bóginn flýtur það beinlínis af 4. gr. í lögum 15. apríl 1854, að ekki er nokkru skipi leyft að flytja vörur til Íslands eða frá Íslandi, nema það áður hafi keypt íslenzkt leiðarbrèf.

1859. 26. febrúar.

b) Úr þessari spurningu er leyst í brèfi dómsmálastjórnarinnar 27. júlí í fyrra.

c) Eins og áður er á vikið, undir staflið a., er það ekkert efunarmál, að ekki þarf tvö sèrstök leiðarbrèf handa sama skipi; en á hinn bóginn er það sjálfsagt, að þegar vörur eru fluttar frá Íslandi á skipi því, er einungis hefur verið gjört út til fiskiveiða, þá ber að greiða gjöld þau að fullu, sem ákveðin eru í 8. gr. laganna 15. apríl 1854; en hafi minna verið goldið samkvæmt 62. gr. aukatekjureglugjörðarinnar 10. september 1830, þá skal greiða mismuninn milli þessa, og þess, sem ákveðið er í verzlunarlögunum.

---

18. apríl.

8. Brèf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland[1].

Stjórn sjóliðsins hefur skýrt frá því í brèfi 27. febrúarm. þ. á., að ef engar tálmanir, er ekki má fyrir sjá, gjöri það ófært, verði herskip eitt sent til Íslands í byrjun næstkomandi maímánaðar, og að eptir fèmegni, því sem verja megi til þessa fyrirtækis, megi ætla að ferð þessari verði eigi lokið fyrri en seinast í ágústmánuði; hefur sjóliðsstjórnin um leið mælzt til, að dómsmálastjórnin láti í ljósi álit sitt um það, hverjar reglur setja skuli foríngja herskipsins um vernd fiskiveiðanna við Ísland.

Útaf þessu skal þess getið, að eins og sjóliðsstjórninni er kunnugt, hefur að vísu að undanförnu verið gjört ráð fyrir því, að eptir hinum eldri íslenzku lögum sè 4 mílna fjarlægð frá landi það takmark, sem útlendum fiskimönnum er bannað að fara yfir á fiskiveiðum sínum við Ísland; en samt sem áður álítur dómsmálastjórnin, að það muni samkvæmast skoðun þeirri,

1) Eptirrit af brèfi þessu var sent amtmönnunum á Íslandi s. d., og 9. maí var þeim sent eptirrit af reglugjörð þeirri, er sjóliðsstjórnin samdi handa Knudsen herskipsforingja, er var fyrir herskipinu „Örnen", að því leyti snerti ferð skips þessa til Íslands.

sem nú tíðkast um yfirráðin yfir sjónum, að takmörk þau, sem hèr ræðir um, sèu sett á þann hátt, sem fyrir er mælt í konungsúrskurði 22. febrúarm. 1812 (eptirrit af úrskurði þessum fylgir hèr með) smbr. Canc. br. 16. desember 1845, en það er þannig, að þau sèu bundin við eina vanalega sjávarmílu frá yztu ey eður hólma við landið, sem eigi er yfirflotinn af sjó; hefur því dómsmálastjórninni þótt rèttast að láta sèr nægja með að heimta, að þessari ákvörðun væri hlýtt; en af þessu leiðir, að útlendum fiskiskipum eigi er leyfilegt að fara inn í firði og flóa við landið til fiskiveiða. Í brèfi dagsettu í dag, sem hèr er með eptirrit af, hefur og utanríkisstjórnin verið beðin um að hlutast til um, að stjórnir útlendra ríkja, þær er hlut eiga að máli, bjóði fiskimönnum sínum að gæta þess, sem nú hefur verið sagt, og láti þá þar að auki vita, að ef þeir fara inn fyrir takmark það, sem þeim er sett, mega þeir búast við, að með þá verði farið eptir nú gildandi tilskipunum, einkum tilsk. 13. júním. 1787. 1859. 18. apríl.

En um það, hvernig að skal farið, þá er útlendir fiskimenn kynnu að brjóta á móti reglum þessum, þá er bent til þess í 4. gr. í tilsk. 13. júním. 1787, að þegar svo er ástatt, megi leggja hald á skipin og gjöra þau upptæk; en bæði er það, að ekki hefur nákvæmlega verið farið eptir reglu þessari að undanförnu, og svo virðist það og rèttast, að herskipsforinginn fyrst í stað láti sèr nægja með að bægja hinum útlendu fiskiskipum burt, þegar hann hittir þau á því sviði, þar sem þau, eptir því sem áður hefur verið sagt, ekki mega veiða, en leggi eigi hald á þau fyrri en þau á ný koma á þessar stöðvar, eptir að búið er að bægja þeim burt þaðan; ráðgist hann síðan um málið við stiptamtmanninn á Íslandi eða hlutaðeiganda amtmann, áður en því er ráðið til lykta á þann hátt, er fyrir er mælt í tilskipununum.

Um leið og dómsmálastjórnin nú biður sjóliðsstjórnina að fá foringja herskips þess, er sent verður til Íslands, reglugjörð til eptirbreytni, er þessu sè samkvæm, skal þess getið, að umsjónin um fiskiveiðarnar varðar mestu fyrir vesturamtið, og

1859. 18. apríl. væri það því ákjósanlegt, að skipið færi þangað sem fyrst verða má.

---

18. apríl. **9. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland.**

Stjórn utanríkismálanna hefur í brèfi 10. f. m. skýrt dómsmálastjórninni frá, að hinn konunglegi verzlunarfulltrúi í *Leith* hafi meðal annars beiðzt upplýsingar um það, í hverri fjarlægð undan landi erlendum mönnum sèu leyfilegar fiskiveiðar við Ísland. Jafnframt þessu hefur utanríkisstjórnin spurt um, að hve miklu leyti farið hafi verið eptir reglum þeim, sem settar voru í konungsúrskurði 22. febrúar 1812, þá er ákveðin hafa verið þau takmörk, sem mönnum úr erlendum ríkjum er bannað að fara yfir á fiskiveiðum við Ísland; en konungsúrskurður þessi, sem birtur var öllum háyfirvöldum í Danmörku með Canc. br. 25. s. m., kveður svo að orði, að umráð konungs yfir sjónum nái eina mílu undan landi, og sè sú vegalengd talin frá yztu eyjum eður hólmum við landið.

Mál þetta stendur í enu nánasta sambandi við það, sem um er rætt í brèfi utanríkisstjórnarinnar 18. f. m.; en í því var beðið um skýrslu um þau lagaboð og aðrar þær yfirvaldatilskipanir, er miðuðu til að vernda fiskiveiðar Íslendinga, og sem þætti æskilegt að kunngjört yrði skipverjum á erlendum fiskiskútum, einkum frakkneskum og enskum, þeim er stunda fiskiveiðar í höfum þessum, samkvæmt því sem farið hafði verið fram á í brèfi dómsmálastjórnarinnar 22. febr. þ. á.

Dómsmálastjórnin leyfir sèr því að svara brèfum þessum báðum í einu lagi á þessa leið:

Frá ómuna tíð, og allt þangað til íslenzka verzlunin var látin laus við alla þegna Danakonungs árið 1786, voru fiskiveiðarnar við Ísland álitnar að vera eign hinnar dönsku stjórnar, og þegar verzlunin um ýms tímabil var seld á leigu einstökum mönnum eður fèlögum, voru veiðirèttindi þessi einnig látin fylgja með. *Privilegia* 16. desemberm. 1631 og leyfisbrèf 16. aprílm. 1636

eru hin elztu lagaboð, er til taka, hvað langt undan landi rètturinn til fiskiveiða við Ísland nái; með þeim var það leyft hinu íslenzka verzlunarfèlagi að gjöra upptæk ensk hvalveiðaskip, er kæmu nær landi en 4 vikur sjávar, og skip annara þjóða, er nær kæmu landinu en í 6 mílna fjarlægð. Opið brèf 13. maím. 1682, um fyrirkomulag hinnar færeysku og íslenzku verzlunar, bannar í 2. gr. öllum, bæði innlendum og útlendum, þeim er eigi voru í verzlunarfèlagi því, er þar ræðir um, að stunda fiskiveiðar við Ísland nær en 4 mílur undan landi; og skyldu þeir sem á móti brytu missa skip og farm, og sæta þar að auki líkamlegri hegningu. Þessar ákvarðanir eru endurnýjaðar í ýmsum seinni verzlunarlögum, smbr. t. a. m. *Octroi* 13. júlím. 1742, 6. og 7. gr., og 15. ágústm. 1763, 14. og 15. gr. Svo er það og með tilskipun 1. aprílm. 1776, 2. gr. harðlega bannað, bæði útlendum mönnum og innlendum, þeim er ekki höfðu sèrstaklegt leyfi til þess fengið, að stunda dugguveiðar eður fiskiveiðar kringum strendur landsins; en eigi er í tilskipun þessari tiltekin nein viss fjarlægð. 1859. 18. apríl.

Með opnu brèfi 18. ágústm. 1786 voru fiskiveiðarnar við Ísland, ásamt verzluninni, látnar lausar við alla þegna Danakonungs; var þar á eptir með tilsk. 13. júním. 1787 lagt fullt bann við, að skip útlendra þjóða kæmu inn í firði, flóa og hafnir landsins, nema þau væru nauðstödd; skyldu skipin vera upptæk ef á móti væri brotið; það var og bannað öllum útlendingum að stunda dugguveiðar og fiskiveiðar við landið, og var sama hegning við lögð (smbr. 2. og 4. gr.). En ekki eru í tilskipun þessari tekin til nein ákveðin takmörk, sem beri að álíta, að umráð sjávarins nái að. Í tilskipun 11. septemberm. 1816, er veitti þegnum erlendra ríkja leyfi til að verzla á Íslandi, með þeim skilmálum, sem nákvæmar eru til greindir, er öldungis ekki minnzt á fiskiveiðarnar; þessu er og á sama hátt varið með hin nýju lög 15. aprílm. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi.

En um það, hvernig ákvörðunum þeim, sem nú hefur verið um getið, hefur verið fram fylgt á fyrri og seinni tímum, þá má það varla ætla, að neinni fastri reglu hafi verið fylgt í því

1859. 18. apríl. efni. Þannig er gjört ráð fyrir því, að takmörkin sèu 3 mílur undan landi, í reglugjörð þeirri, er samin var handa *Bille*, skipsforíngja, þá er hann var sendur með freygátuskip árið 1774 til þess að bægja útlendum fiskimönnum frá Íslandi. En í skýrslu þeirri, er hann samdi eptir það að hann var kominn aptur úr ferð þessari, segir svo frá, að útlendir fiskimenn vildu eigi hlýðnast ákvörðuninni um 3 mílna fjarlægð, en könnuðust aðeins við, að þeir ekki mættu fara inn í firði og flóa við landið. Eigi hefur heldur verið farið eptir hinni almennu grundvallarreglu um það, hversu langt umráð konungs nái yfir sjónum undan landi, sem tekin er fram í konungsúrskurði 22. febrúarm. 1812, viðvíkjandi fiskiveiðunum við Ísland; þar á móti er gjört ráð fyrir því, og það jafnvel nú á seinni árum, í reglugjörðum þeim, er samdar hafa verið handa herskipaforingjum, er sendir hafa verið á ýmsum tímum til Íslands, til þess að vera á krosssiglingum þar við landið, að enn sèu 4 mílur undan landi takmarkið, og megi ekki útlendir fiskimenn veiða nær landinu; þó er þess jafnframt getið, að ekki beri að fram fylgja banni þessu eins stranglega og orðin hljóða.

Á hinn bóginn virðist það vera ákjósanlegt, að fengist geti stöðug og óraskanleg regla, er farið verði eptir í þessu efni. Eptir brèfum þeim, er fyrrum fóru á milli rentukammersins og stjórnardeildar hinna útlendu mála um þetta (smbr. brèf stjórnardeildarinnar 11. desemberm. 1833) virðist svo sem það muni vera samkvæmast almennri skoðun um yfirráðin yfir sjónum, að takmörkin sèu ákveðin á þann hátt, sem um er rætt í konungsúrskurði 22. febr. 1812 (smbr. Canc. br. 16. desemberm. 1845), en þar er til tekin einnar mílu fjarlægð frá yztu ey eður hólma við landið, sem stendur uppúr sjó. Þess vegna mælist dómsmálastjórnin til þess, að utanríkisstjórnin hlutist til um það við stjórnir hinna útlendu ríkja, þær er hlut eiga að máli, að útlendum fiskimönnum verði boðið að halda sèr fyrir utan þetta svið; og er það þá sjálfsagt, að þeim ekki heldur er heimilt að fara til fiskiveiða inn í firði og flóa við landið; bæri þá um leið að gefa þeim til vitundar, að ef þeir fari inn á þetta svið megi þeir búast við því, að farið verði með þá

samkvæmt hinum konunglegu tilskipunum, einkum tilsk. 13. júním. 1787. 1859. 18. apríl.

Að lyktum skal þess getið, að sjóliðsstjórninni hefur í dag verið skrifað til, að setja foringjanum fyrir herskipi því, er fara á í sumar til Íslands, reglur, er þessu sèu samkvæmar.

---

10. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um póstgöngur. 30. apríl.

Yður er kunnugt, herra stiptamtmaður, að alþing 1855 sendi bænarskrá til konungs um, að samið yrði og lagt fyrir alþing frumvarp til laga eða reglugjörðar um breytingar á póstgöngum á Íslandi.

En af því póstgöngur á Íslandi, eins og alþing líka hefur drepið á, hljóta að standa í sambandi við póstferðirnar milli Danmerkur og Íslands, varð að koma þeim í lag, áður en ákvarðanir yrðu samdar um breytingu á póstgöngum á Íslandi sjálfu. Það var og nauðsynlegt, fyrst að ákveða, hvort íslenzk póstmál framvegis skyldu heyra undir dómsmálastjórnina, eða hvort ekki væri haganlegra, að leggja mál þessi undir póststjórnina í Danmörku.

Þessum tveimur atriðum er nú þannig ráðið til lykta, að búið er að koma á reglulegum póstgöngum milli Danmerkur og Íslands með gufuskipi fyrst um sinn, og fjárhagsstjórnin neitaði í brèfi dags. 10. október í fyrra að gefa jáyrði til þess, að afgreiðsla íslenzkra póstmála yrði lögð undir yfirpóststjórnina, þareð hún ekki hefði nægan kunnugleik um það, hvernig til hagaði á Íslandi.

Það er því ekkert á móti því, að nú sè byrjað að semja um breytingar þær á íslenzkum póstgöngum, sem alþing fór fram. Það er í þessu tilliti nauðsynlegt, að samin verði alveg ný íslenzk póstlög, eða reglugjörð um póstgöngur á Íslandi, þareð svo ólíkt hagar þar til, við það sem hèr er, svo það mundi vera óráð, að reyna til að laga póstlögin frá 11. marz 1851 þannig, að þeim yrði komið við á Íslandi. Ákvarðanir

1859. 30. apríl. þær, sem gjöra mundi þurfa um póstgöngur á Íslandi sjálfu, eru svo sèrstaklegs eðlis, að það þykir óráðlegt að láta semja þær hèr í dómsmálastjórninni, sem eptir því sem hingað til hefur viðgengizt, hartnær ekkert hefur skipt sèr af innra fyrirkomulagi íslenzkra póstmála, en hefur þar á móti falið það amtmönnum, sínum í hverju amti, á hendur, og sumpart stiptamtmanni og landfógeta. Álitsskjöl þau, sem amtmönnum fyrir nokkrum árum var boðið að senda til stjórnarinnar um mál þetta, bera það og með sèr, að talsverður og verulegur ágreiningur hefur í mörgu tilliti verið um það, hvernig koma ætti fyrir póstgöngum milli amtanna; það þykir því ráðlegt, að embættismönnum þessum gefist kostur á að bera sig saman um þetta mál. Það virðist í þessu tilliti haganlegast að setja nefnd í Reykjavík til að taka mál þetta til meðferðar og gjöra þær uppástungur, er þurfa þykir. Í nefnd þessari skulu vera allir amtmennirnir og landfógetinn og einn af hendi alþingis, sem það sjálft velur.

Þareð póstgöngur á Íslandi, eins og áður er ávikið, verða að standa í nánasta sambandi við póstferðirnar milli Danmerkur og Íslands, verður nefndin enn fremur að taka þau atriði, sem hèr að lúta, til íhugunar, og gjöra uppástungur um, hvernig þessu mætti bezt haga. Þess má þó geta, að þó fyrirkomulag á póstgöngum á Íslandi sè sèrstaklegt mál, sem ekki heyrir undir ríkisþingið, er samt öðru máli að gegna með póstferðirnar milli Danmerkur og Íslands. Það þykir því fara bezt, að samin verði tvö sèrstakleg frumvörp, annað um póstgöngur á Íslandi sjálfu, og hitt um póstferðir milli Danmerkur og Íslands.

Um leið og eg sendi ýms skjöl og skýrteini, er snerta mál þetta, leyfi eg mèr að biðja yður, herra stiptamtmaður, svo fljótt, sem kringumstæður leyfa, að ganga í nefnd með amtmönnunum úr Vesturamtinu og Norður- og Austuramtinu, landfógetanum og þeim, sem verður valinn af hendi alþingis, til að taka mál þetta til íhugunar. Þèr eigið enn fremur, sem formaður nefndarinnar, að leiðbeina henni í störfum sínum, og sjá um, að uppástungur verði samdar. Hinir þrír aðrir embættismenn, sem áður er getið, eru í dag kvaddir til að taka þátt í meðferð

þessa máls, og að mæta á þeim tíma, sem þèr, eptir að hafa borið yður saman við meðnefndarmenn yðar, nákvæmar ákveðið. Það þykir hentast, svo framarlega sem ekkert kemur fyrir, sem gæti hindrað það, að nefndin komi saman strax eptir lok alþingis í næsta ágústmánuði. Þess er enn að geta, að konungsfulltrúa mun verða skrifað um, að sjá um að einn maður af hálfu alþingis verði valinn til nefndarinnar, og að láta yður vita hver það verður. 1859. 30. apríl.

Það er yður lagt í sjálfs vald, herra stiptamtmaður, að taka mann, sem þèr álítið til þess hæfan, til að gegna skrifarastörfum fyrir nefndina.

Stjórnin vonast eptir á sínum tíma að fá að heyra, hvaða úrslit aðgjörðir nefndarinnar fá í máli þessu, og óskar um leið að skjöl þau, sem hèr fylgja, verði þá send aptur.[1]

---

11. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins á Íslandi, um gjöf Kelsall's til bókhlöðuhúss handa skólanum. 9. maí.

Eins og sjá má af fylgiskjali brèfs þessa[2] hefur herra *Charles Kelsall* í erfðaskrá nokkurri, dagsettri 15. ágústm. 1853,

---

1) Sama dag er amtmönnunum í Vestur-, Norður- og Austuramtinu og landfógetanum skrifað um þetta mál, og konúngsfulltrúa 6. maí.

2) Fylgiskjal það, sem hèr ræðir um, er útdráttur úr erfðaskrá *Charles Kelsall's* á ensku máli, og er það þannig hljóðandi:

Extract from Codicil dated 15th August 1853 to Will of Charles Kelsall Esqr.

„I hereby give and bequeath to the Danish Ambassador, resident in London at the time of my death, one thousand pounds of the new South Sea Annuities, to be held by him in trust for the benefit of the College at Reykjavik in Iceland; and wherewith to build a new library for the College of Reykjavik, and I hereby desire my Executors to confer with the Secretary of the Danish Embassy on the most advisable mode of transferring safely the aforesaid Legacy and of guaranteeing the faithful and prompt application of the bequest."

1859. 9. maí. ánafnað sendiboða Danakonungs í Lundúnum 1000 pund sterling í skuldabrèfum þeim er kallast „the new South Sea Annuities" (suðurhafs-skuldabrèf hin nýju) með þeim skilmála, að sendiboðinn aptur greiði fè þetta skólanum (the College) í Reykjavík á Íslandi, svo að því verði varið til bókhlöðubyggingar.

Með því ágreiningur varð um rèttan skilning á erfðaskránni tók dómstóll sá, er heitir „*the Court of Chancery*", dánarbú Kelsalls til umsjónar, og hefur dómstóll þessi skorið svo úr, að erfðaskráin væri gild; síðan hefur fè það, sem áður er um getið, verið greitt sendiboða Danakonúngs í Lundúnum í enskum ríkisskuldabrèfum, sem svarað er af í vöxtu 2½ af hundraði; því búið var að breyta suðurhafsskuldabrèfum þeim, sem áður er um getið, í slík ríkisskuldabrèf; hefur *Hambro*, barún, að tilhlutun sendiherrans látið selja skuldabrèf þessi, og hefur fengizt fyrir þau £ 838—1—1, að frádregnum öllum kostnaði; og ber þess að geta, að Hambro, barún, vegna augnamiðsins með gjöfina, hefur afsalað sèr þeirri borgun, er honum bar fyrir það, er hann annaðist um sölu skuldabrèfanna.

Þetta gefst yður til vitundar, herra stiptamtmaður og yður, háæruverðugi herra, og skal þess því næst getið, að hlutazt hefur verið til um það, að fèð yrði sent hingað frá Englandi. Jafnframt þessu eru það tilmæli stjórnarinnar, að þèr gjörið uppástungu um það, hvernig fè þessu verði bezt varið samkvæmt tilgangi gjafarans.

---

16. maí. **12. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um Biflíuna.**

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, í brèfi yðar 12. febrúar þ. á. skýrt frá, að forstjórar „hins íslenzka biflíufèlags" hafi sótt um, að fèlag þetta, sem nú hefur látið prenta nýja, fullkomna útgáfu af biflíunni, mætti senda þau exemplör, sem það kringumstæða vegna þyrfti að láta binda í Kaupmannahöfn, þangað með póstskipi, án þess að borga undir þau, og að fèlagið þannig mætti senda 100 exemplör, sem hingað

eiga að fara, með næsta póstskipi, ókeypis fram og aptur, þó ekki nema nokkur exemplör verði send aptur að sinni. Þèr hafið enn fremur sjálfur tekið það fram, að fjárstofn fèlagsins hafi mest allur gengið í prentunina, og að það sè áríðandi fyrir fèlagið, að geta sent biflíuna út um landið sem allrá fyrst. 1859. 16. apríl.

Þèr hafið af þessum ástæðum, í von um samþykki stjórnarinnar, gefið fèlaginu heityrði fyrir, að það ókeypis skyldi mega senda þessi 100 exemplör, svo framarlega sem stjórnin hefði áskilið sèr nokkurt lestarúm í skipinu auk þess sem póstsendingarnar tækju upp, og jafnframt mælt fram með því, að fèlaginu leyfðist að senda það af upplaginu, sem smátt og smátt kynni að verða sent hingað til bindingar, ókeypis fram og aptur með póstskipi.

Yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir hlutaðeigendum látum vèr yður því hèr með vita, að stjórnin hefur ekkert á móti því, að biflían verði send hingað ókeypis, að svo miklu leyti, sem lestarúm það, sem stjórninni er áskilið, hrökkur til. Stjórnin er og viljug til, ef hlutaðeigendur fara þess á leit, að taka þær biflíur, sem senda á heim til Íslands eptir að búið er að binda þær, í lestarúm það, sem henni er áskilið.

---

13. Konungleg umboðsskrá handa yfir-dýralækni prófessor Tscherning og skjalaverði Jóni Sigurðssyni, til að skipa fyrir í fjárkláðamálinu. 27. maí.

Friðrik hinn sjöundi af guðs náð konungur Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg.
sendum yður kveðju Vora.

Þèr skuluð vita, Vor elskulegi yfir-dýralæknir *Hans Christian Tscherning*, háskólakennari, og herra Jón Sigurðsson, ridd. af dbr., að með því löggæzluráðgjafi Vor hefur allraþegnsamlegast skýrt Oss frá, að á Voru landi Íslandi sè í hinum ýmsu umdæmum höfð með öllu sundurleit aðferð í meðferð á fjársýki þeirri, sem þar fer nú yfir, þar sem það þó verður að telja

1859. 27. maí. haganlegast, að hin sama aðferð sè höfð um allt land, þá er það Vor allramildasti vilji og boð, að þèr búizt til, að fara til Íslands sem sèrstaklegir erindsrekar stjórnarinnar, til þess að rannsaka vandlega heilbrigðisástæður sauðfjárins þar í landi, einkum og sèr í lagi að því leyti, er nær til hörundsveiki þeirrar, er gengið hefur þar um hin síðustu árin, og heilbrigði sauðfjárins yfir höfuð, og því næst í sameiningu að gjöra þær ráðstafanir, sem ykkur kynni að þykja nauðsynlegar til þess að stemma stigu fyrir frekari útbreiðslu sýkinnar, eða hagkvæmar til lækninganna á fènu og heilbrigði þess, og geta átt sèr stað, eptir því sem ástatt er á Íslandi.

Eins og Vèr í þessu skyni viljum fá ykkur, og hèr með fáum, ótakmarkað vald til að gjöra allar þær ráðstafanir, sem ykkur kynni að þykja nauðsynlegar eða haganlegar, til að ná því, sem tilætlazt er með ferð ykkar, eptir því sem þið treystist til að ábyrgjast fyrir Oss, þannig er það og Vor allrahæsti vilji og boð, að allir embættismenn Vorir og þjónar á Íslandi, sem þèr kunnið að snúa yður til, skuli eigi að eins gefa ykkur allar þær skýrslur, og láta ykkur í tè alla þá aðstoð, sem þið kunnið að beiðast af þeim, til þess að þið getið rekið erindi það, sem ykkur er þannig á hendur falið, en einnig að þeir tregðulaust hlýði þeim tilskipunum, sem þið kunnið að telja nauðsynlegt að setja þeim í þessu skyni, og gjöri þeir eigi svo, liggur við missir náðar Vorar og hollustu, eða aðför að lögum.

Með því verður Vor vilji. Felandi ykkur guði.

Skrifað í höll Vorri Friðriksborg 27. dag maím. 1859.

Frederik R.

(L. S.) *Simony.*

Umboðsskrá handa

Yfir-dýralækni, prófessor Tscherning og skjalaverði Jóni Sigurðssyni, að fara til Íslands, til þess sameiginlega að gjöra ráðstafanir til að útrýma fjársýki þeirri, sem þar gengur nú sem stendur, eða hvernig sem fer, til að stemma stigu fyrir frekari útbreiðslu hennar.

14. **Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi, með breytingum, lög 6. apríl 1855, er gjöra leiguburð af peningum frjálsan í vissum tilfellum, og breyta straffi fyrir okur, m. m.** 1859. 27. maí.

Vèr Friðrik hinn sjöundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þèttmerki, Láenborg og Aldinborg, gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um að lögleiða á Íslandi, með breytingum, lög 6. apríl 1855, er gjöra leiguburð af peningum frjálsan í vissum tilfellum, og breyta straffi fyrir okur, m. m., bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Hinn almenni leiguburður af peningum, 4 af hundraði, sem ákveðinn er með tilskipun 20. marz 1815, 7. gr., samanb. opið brèf 22. nóvember 1820, 2. gr., skal eptirleiðis að eins gilda um lán gegn veði í fasteignum, en í öðrum peningalánum skal leiguburðurinn vera óbundinn.

2. gr. Þegar skuldunautur borgar ekki skuld sína á rèttum gjalddaga, er hann skyldur til, upp frá þeim degi, er lánardrottinn leitar rèttar síns á löglegan hátt og þangað til borgað verður, að greiða í leigu einum meira af hundraði, en heimilað er í lögum, eða samið hefur verið um milli hlutaðeigenda, eða siður og venja er til milli kaupmanna. Þessu skal einnig fylgt um lán, sem standa í fasteignum; þó mega seinni veðhafendur einkis í missa við það, að hin algenga leiga af slíkum lánum er hækkuð.

3. gr. Í staðinn fyrir straff það, að höfuðstóllinn skuli upptækur, sem ákveðið er fyrir okur í dönsku laga 5. bókar 14. kap. 5. art. og tilskipun 14. maí 1754 6. gr., ber þessu lagabroti eptirleiðis að hegna með fjársekt, er eigi sè minni en fjórfaldur og eigi stærri en tuttugufaldur sá ágóði, er ólöglega hefir tekinn verið, ef það verður nákvæmlega sannað, hve mikill slíkur ágóði hafi verið, en að öðrum kosti skal ákveða sektina eptir öllum málavöxtum.

4. gr. Takmörkun sú, sem ákveðin er í tilskipun 14.

1859. 27. maí. maí 1754 6. gr., viðvíkjandi þóknun til erindsreka eða milligöngumanns, skal, ásamt hegningu þeirri, er við lá ef út af var brotið, vera úr lögum numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

---

27. maí. **15. Opið brèf um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsingum í blöðunum í vissum tilfellum.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 22. febrúar 1855 viðvíkjandi auglýsingum þeim, sem í vissum tilfellum áður voru lögboðnar í blöðum „Adressekontoirsins", bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Auglýsingar þær, sem eptir reglum þeim, er hingað til hafa verið í gildi á Íslandi, áttu, til þess þær gæti álitizt nægilega birtar, að takast inn í Berlingatíðindi og í blöð „Adressekontoirsins" eða í dagblað stiptisins, skulu hèreptir álítast þannig kunngjörðar, ef þær hafa verið birtar í hinum fyrstnefndu tíðindum og í einhverju blaði, sem kemur út í Reykjavík og nákvæmar verður tiltekið af dómsmálastjórnarherranum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

---

27. maí. **16. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi lög 13. september 1855, sem leyfa dönskum skipurum að ráða útlenda menn á skip sín.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 13. september 1855, sem leyfa dönskum skipurum að ráða útlenda menn á skip sín, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Það skal hèr eptir, þegar danskt skip er gjört út frá einhverjum stað á Íslandi, vera leyft, einnig að ráða á það útlenda sjómenn, þó skal þess gætt, að helmingur skipverja, auk skipstjóra og stýrimanna, sèu menn, er eigi heima í hinu danska konungsveldi. 1859. 27. maí.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ágrip

af skýrslu dómsmálastjórnarherrans til konungs um löggildingu nokkurra lagaboða á Íslandi, er út komu í Danmörku árin 1855 og 1856, dags. 16. maí 1859.

Í konungsúrskurði 10. nóvemberm. 1843 er svo fyrir mælt, að fulltrúi konungs skuli, eptir að hafa ráðgazt um það við hlutaðeigandi stjórnarráð, í hvert skipti leggja fyrir alþingi þau af hinum almennu lagaboðum, er síðast hafa út komið í Danmörku, sem ekki hefur verið boðið að leggja fyrir þingið sèrtaklegt frumvarp um að lögleiða á Íslandi, en sem þó kynni við eiga að veita þar lagagildi; og skuli hann skora á þingið að láta í ljósi álit sitt um löggildingu þeirra, og um þær breytingar, er við þætti eiga að gjöra á þeim.

Samkvæmt þessu hefur konungsfulltrúinn, Melsteð amtmaður, að tilhlutun stjórnarinnar borið undir álit alþingis 1857 lagaboð þau er nú skal greina:

1. Lög 22. febrm. 1855 viðvíkjandi auglýsingum, sem að undanförnu hefur verið boðið að þegar svo stendur á skyldi prenta í dagblaði því er heitir „Adressecontoirets Efterretninger" (Auglýsingatíðindi);

2. Lög 6. aprílm. s. á., sem gjöra leiguburð af peningum frjálsan í vissum tilfellum, og breyta straffi fyrir okur, m. m.;

3. Lög 13. septemberm. s. á. um leyfi fyrir danska skipara að ráða útlenda menn á skip sín, og

4. Lög 8. marzm. 1856, er skipa fyrir, að hæztirèttur skuli gefa ástæður fyrir dómum sínum.

Um lagaboð það, sem nefnt er undir 1. tölulið, gat þingið þess, að það væri þess eðlis að það ætti að fá lagagildi á Ís-

1859. 27. maí. landi, einkum þegar litið er á það, sem fyrir er skipað í opnu brèfi 9. maí 1855, er lögleiðir á Íslandi lög 25. aprílm. 1850; en við umræður málsins komst þingið að þeirri niðurstöðu, að betur ætti við að auglýsingar þær, sem eptir lögum þeim, er nú var á vikið, á að birta í „Auglýsingatíðindum" Dana, væru kunngjörðar í einhverju blaði er út kæmi í Reykjavík, eptir því sem stjórnin nákvæmar ákvæði um það efni; en þar af leiddi aptur, að auglýsingar þær, er hèr ræðir um, ættu einungis að birtast í Berlinga-tíðindum og því dagblaði er kæmi út í Reykjavík og til þess yrði kosið; yrði þá löggilding lagaboðsins, eins og það er, óþörf á Íslandi.

Um löggildingu lagaboðsins frá 6. aprílm. 1855 urðu á þinginu umræður bæði með og móti, en með 11 atkvæðum mót 8 komst þó þingið til þeirrar niðurstöðu, að þetta lagaboð ætti að öðlast gildi á Íslandi, og urðu 18 atkvæði gegn 5 fyrir því, að 2. grein þess yrði felld úr, að því leyti Ísland snertir, og 14 atkvæði gegn 6 fyrir því, að biðja konung um að lögleiða lagaboðið með þessari breytingu.

Um lögin frá 13. september 1855 viðurkenndi þingið að sönnu að þau, eins og nú stæði á á Íslandi, ekki gætu haft neina verulega þýðingu, en þar sem þó þingið á hinn bóginn hlaut að fallast á, að þetta kynni að breytast, og að líkindum breytist, þegar stundir líða fram, og frjálsa verzlunin hefði náð þroska á Íslandi, þótti þinginu næg ástæða til að biðja um löggildingu lagaboðsins með þeirri breytingu í upphafinu, er þannig sè hljóðandi:

„Það skal eptirleiðis, þegar skip, sem á heima í konungsríkinu Danmörku eða á Íslandi, er gjört út frá einhverjum stað í Danmörku eður hèr á landi, vera leyft", o. s. frv.; sömuleiðis í niðurlaginu, að sett verði: „konungsveldinu", ístaðinn fyrir „konungsríkinu".

Lögin frá 8. marzm. 1856, um birtingu af ástæðum hæztarèttardóma, áleit þingið væri sjálfsagt að öðlast ætti lagagildi á Íslandi, þar sem hæzti rèttur sè æðsti dómur í íslenzkum málum; þingið aðhylltist því í einu hljóði, að þetta lagaboð ætti óbreytt að lögleiðast á Íslandi.

Samkvæmt því, er skorað var á þingið um að athuga, hvort lögleiða ætti á Íslandi nokkur önnur af almennum lagaboðum, þeim er út hafa komið árin 1855 og 1856, en þau 4, sem nú hefur verið á vikið og stjórnin hafði bent á, hefur þingið í álitsskjali sínu leitt athuga að lögum 2. aprílm. 1855, sem inn kalla gömlu ríkisortin eður spesíufimmtungana. En með því svo virðist, sem spurning sú heyri undir fjárstjórn alríkisins, hvort lögleiða beri lög þessi á Íslandi, og heimfæra þau þar, eður ekki, hefur sá hluti málsins, er þar að lýtur, verið fenginn fjárstjórninni til frekari framkvæmda. 1859. 27. maí.

Um hin lagaboðin, þau er um ræðir í álitsskjali alþingis, getur ráðherrann þess, að það sè að vísu nokkrum vafa undirorpið, hvort nauðsyn beri til að löggilda beinlínis á Íslandi ákvarðanir þær, sem settar eru í lögum 22. febrúarm. 1855, og lúta að því að birting sú, er boðið var að stundum skyldi eiga sèr stað í „Auglýsingatíðindunum", ekki skuli við höfð eptirleiðis; en með því slík birting þó er nefnd í opnu brèfi fyrir Ísland 9. maí s. á. og lagaboð þetta er yngra en lögin 22. febrúarm., virðist það þó vera rèttast, að tilskipanir þær, er að því leyti Ísland snertir mæla svo fyrir, að birta skuli auglýsingar í áður greindum tíðindum, sèu beinlínis numdar úr gildi; og þótti ekkert vera því til fyrirstöðu, að fallast á þá uppástungu alþingis, að eigi þurfi eptirleiðis að birta auglýsingar þær, sem um er rætt í opnu brèfi 9. maí 1855, í dagblöðum stiptisins, en í stað þess skuli birta þær í einhverju blaði er út komi í Reykjavík. Um lagaboðin 6. aprílm. 1855 og 13. septemberm. s. á. er þess getið, að ekkert sè á móti því að löggilda þau á Íslandi samkvæmt uppástungu alþingis, og með breytingum þeim er þingið stakk upp á; þó á þann hátt, að hagað sè öðruvísi orðum í byrjuninni á hinu síðar nefnda af lagaboðum þessum.

En þar sem þingið í einu hljóði bað um, að lög 8. marzm. 1856, er bjóða hæstarètti að til greina ástæður fyrir dómum sínum, yrðu lögleidd á Íslandi, þá virtist þetta eigi vera nauðsynlegt og jafnvel ekki eiga við, vegna þess lögum þessum samkvæmt efni þeirra hefur þegar um lengri tíma verið fylgt einnig þegar Ísland hefur átt hlut að máli, og ber það þess vitni, að

1859. 27. maí. í hæstarèttartíðindunum hafa einnig verið birtar ástæður fyrir dómum rèttarins, þeim er upp hafa verið kveðnir í íslenzkum málum. Alþingi hafði til styrkingar bæn sinni skýrskotað til þess, að opið brèf 17. febrúarm. 1847, um borgun fyrir málsvarnarmenn við hæstarètt, hafi á sínum tíma verið lögleitt á Íslandi, smbr. opið brèf 9. maím. 1855; en þessi ástæða virtist varla geta ráðið málalyktum, með því öðruvísi stóð á en um þau lög, er hèr ræðir um. Þar á móti hefur þótt við eiga, að lög þessi væri út lögð á íslenzku, svo að þau þar á eptir yrðu þinglesin á Íslandi, svo sem fyrir er mælt í tilskipun 21. desemberm. 1831.

---

27. maí. **17. Konungleg Auglýsing til Alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1857.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., sendum Voru trúa alþingi kveðju guðs og Vora!

Vèr höfum með allrahæstri velþóknun meðtekið þegnlegt ávarp alþingis, og hefur Oss verið það ánægjusamt að sjá af því, hversu alþingi metur tilraunir Vorar til að efla hag Vorra trúu og kæru þegna á Íslandi og framfarir landsins. Og eins- og tilraunir Vorar framvegis skulu stefna að þessu sama takmarki á sama hátt og að undanförnu, eins treystum Vèr því, að alþingi láti í tè til þessa hyggilega og trúlynda aðstoð sína. — En þarsem alþingi í áður greindu þegnlegu ávarpi sínu hefur þótt ástæða til þess, að gjöra þá athugasemd, að íslenzka verzlunarmálinu hafi á sínum tíma verið ráðið til lykta, án þess þingið væri kallað til ráðaneytis um hin síðustu úrslit málsins, þá skal þess getið, að bæði liggur það í augum uppi, að þetta mál, er mjög snertir hagsmuni þegna Vorra í Danmörku, og einkum hinnar dönsku verzlunarstèttar, eigi varð leitt til lykta án þess ríkisþingið ætti þátt í því, og svo þótti einnig því síður ástæða til að bera mál þetta, er einusinni hafði verið rætt á

alþingi, aptur undir álit þingsins eptir að búið var að semja nýtt frumvarp, sem frumvarp þetta, eins og viðurkennt er í ávarpi alþingis, í flestum aðalatriðum var samkvæmt tillögum þeim, er komið höfðu frá þinginu; hefði þetta einnig, að minnsta kosti um hríð, ollað drætti á endalokum málsins, er Íslendingum lágu svo ríkt á huga. 1859. 27. maí.

Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur Vors trúa alþingis um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess sumarið 1857, og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vèr nú skýra hèr í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefur verið af ráðið:

I.

Um þegnleg álitsmál sem komin eru frá alþingi:

Þessar rèttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem vèr höfum fengið um þegnlegar tillögur Vors trúa alþingis:

1) Tilskipun 27. maí þ. á., sem lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 6. apríl 1855, er gjöra leiguburð af peningum frjálsan í vissum tilfellum, og breyta straffi fyrir okur, m. m.
2) Opið brèf s. d. um breyting á reglum þeim, sem gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsingum í blöðunum í vissum tilfellum.
3) Opið brèf s. d., er lögleiðir á Íslandi lög 13. sept. 1855, sem leyfa dönskum skipurum að ráða útlenda menn á skip sín.

Lagaboð þessi eru yfir höfuð að tala samkvæm tillögum alþingis, að undanskildum fáeinum orðabreytingum, er litlu varða.

Alþingi hefur enn fremur farið fram á það, að lög 8. marz 1856, er bjóða hæstarètti að tilgreina ástæður fyrir dómum sínum, yrðu löggilt á Íslandi[1]; en þetta hefur eigi þótt nauð-

1) Lög þessi eru þannig hljóðandi:

Lög, er skipa fyrir að hæstirèttur skuli gefa ástæður fyrir dómum sínum.

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Lög þessi hefur ríkisþingið fallizt á og Vèr staðfest með samþykki Voru.

1859. 27. maí. synlegt, og virtist jafnvel ekki eiga við, þareð lögum þessum samkvæmt efni þeirra hefur þegar um lengri tíma fylgt verið, einnig þegar Ísland hefur átt hlut að máli. Þar á móti hefur lögum þessum verið snúið á íslenzku, svo að þau þar á eptir verði birt almenningi á venjulegan hátt.

Um það, hvort löggilda skuli á Íslandi lög 2. apríl 1855 um innköllun hinna gömlu ríkisorta, mun verða birtur nákvæmari úrskurður, þegar brèfaviðskiptum þeim er lokið, sem nú eiga sèr stað milli dómsmálastjórnarinnar og fjárhagsstjórnarinnar.

Um þegnlegt álitsskjal alþingis viðvíkjandi því að koma á reglulegum gufuskipaferðum milli Kaupmannahafnar og Íslands, skal þess getið, að þetta nú er komið á síðan 1. apríl f. á., eptir að ríkisþingið var búið að veita fè það, er til þess þurfti. — Í álitsskjali þessu var því einnig farið á flot, að póstgöngum

---

1. gr. Hæstirèttur á að tilgreina ástæður þær, sem dómar hans eru byggðir á.

2. gr. Þetta má í sèrhverju máli gjöra með tvennu móti: annaðhvort með því, að tilgreina ástæðurnar skriflega, eður með því, að greiða atkvæði í heyranda hljóði; kýs hæstirèttur hvorja aðferðina er hann vill.

3. gr. Verði það kosið, að tilgreina ástæðurnar fyrir dómsatkvæðinu skriflega, má, ef þess er þörf, fresta því að semja ástæðurnar þangað til einn af næstu dögunum eptir að dómsatkvæðið sjálft er samþykkt. Þó má ekki taka neitt nýtt mál fyrir, fyrr en búið er að birta dómsatkvæðið í málinu sem fyrir er, ásamt með ástæðunum fyrir því.

4. gr. Verði atkvæðagreiðsla í heyranda hljóði kosin, má ráðgast um hana á undan innan luktra dyra.

5. gr. Hæstarètti gefst heimild til, sjálfum nákvæmar að ákveða, hvernig lögum þessum verði fullnusta veitt.

6. gr. Lög þessi öðlast lagakrapt fra byrjun hæstarèttarársins 1857, og ganga þá úr gildi þær ákvarðanir í lögum þeim, er nú gilda um hæstarètt, sem ekki geta staðizt með lögum þessum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í höll Vorri Kristjánsborg, 8. dag marzmánaðar 1856.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Samhljóða hinum danska texta,

vitnar

Oddg. Stephensen.

á Íslandi verði, að því leyti því verður við komið, til bráða- 1859.
byrgða hagað samkvæmt gufuskipsferðunum, og að frumvarp til 27. maí.
reglugjörðar um betri skipun á póstgöngum á Íslandi verði samið og lagt fyrir alþingi; mun fulltrúi Vor gjöra þinginu kunnugt, hvað um þessi efni hefur verið af ráðið.

Vèr höfum með allrahæstri velþóknan meðtekið þegnlegt álitsskjal alþingis um mál það, er fyrir þingið var lagt, um leyfi fyrir útlenda menn til að byggja fiskiverkunarhús á Íslandi m. m.; mun álit það, er þingið hefur látið í ljósi í þessu máli, verða til greina tekið þegar svo ber undir; svo mun og stjórnin, að því leyti sem alþingi hefur beðið um, að nákvæmt eptirlit verði haft með fiskiveiðum útlendinga við strendur Íslands, láta sèr umhugað um, að gjöra þær ráðstafanir í því efni, er bezt hentar, og hefur til þessa verið gjörð nokkur tilraun nú þegar.

Í þegnlegu álitsskjali alþingis um það, hvort leggja skuli fyrir þingið áætlun um tekjur og útgjöld Íslands, og um hlutteknigu Íslands í útboði til hins konunglega herflota, hefur alþingi viðvíkjandi hinu fyrrnefnda atriðinu ráðið frá því, að tekju- og útgjalda áætlun Íslands verði lögð fyrir alþingi til ráðaneytis, en beðið um, að þinginu allramildilegast verði veitt ályktandi vald hvað þessa tekju- og útgjalda-áætlun snertir, og að frumvarp eður uppástunga um hið nákvæmara fyrirkomulag á þessu verði lagt fyrir þing það, er nú fer í hönd.

En hversu geðfellt sem það hefði verið Oss, að geta orðið við bæn alþingis í þessu efni, hefur máli þessu, sem íhuga þarf á marga vegu, og stendur í nánu sambandi við það, hvort alþingi verði veitt meira vald yfir höfuð að tala, eigi orðið komið svo langt áleiðis, að lagafrumvarp um það efni hafi í þetta skipti getað orðið lagt fyrir alþingi. -- En að öðru leyti er það sjálfsagt, að stjórnin mun eptirleiðis hafa sèrdeilislegt athygli á máli þessu, og ekki láta hjá líða að taka það á ný til íhugunar undir eins og kringumstæðurnar með nokkru móti leyfa.

Hitt atriðið í álitsskjali því, sem hèr ræðir um, er lýtur að hluttekningu Íslands í útboði til flotans, er fyrst um sinn

1859. 27. maí. látið við svo búið standa, þareð alþingi hefur ráðið frá, að slík útboðsskylda verði að svo komnu lögð á Ísland.

Í álitsskjali alþingis viðvíkjandi máli því, er fyrir það var lagt um nýtt jarðamat á Íslandi, er eitt atriði, sem miklu varðar, er Vèr ekki höfum getað allramíldilegast fallizt á, en þetta atriði lýtur að þeim mælikvarða, sem reikna ætti eptir jarðarhundruðin; vegna þessa hefur Oss eigi litizt að löggilda frumvarp það til nýrrar jarðabókar, er lagt var fyrir alþingi árið 1857, eins og alþingi fèllst á það; þar á móti hefur verið samið frumvarp til jarðabókar, og eru jarðarhundruðin þar reiknuð eptir öðrum mælikvarða; verður frumvarp þetta nú borið undir álit þingsins, ásamt frumvarpi til tilskipunar um löggildingu jarðabókar þessarar á Íslandi.

Frumvarp það til tilskipunar um vegina á Íslandi, er alþingi samdi, hefur eigi orðið tekið til greina, af þeim ástæðum er fulltrúi Vor mun gjöra þinginu kunnugar; en þareð Oss á hinn bóginn hefur þótt ísjárvert, að gjöra frumvarp það til slíkrar tilskipunar, er stjórnin áður lagði fyrir alþingi, óbreytt að lögum, verður mál þetta nú á ný borið undir álit alþingis þess, er nú fer í hönd.

Uppástungur þær, er alþingi bar fram í þegnlegu álitsskjali, um það hvernig rýma skyldi burt fjárkláðanum á Íslandi, virtust ekki svo til fallnar, að þær yrðu teknar til greina. Þar á móti hefur stjórnin, með því að neyta framkvæmdarvalds síns, leitazt við að gjöra hinar hagfelldustu ráðstafanir til þess að eyða sýki þessari, er landinu vinnur svo mikið tjón; og hefur ríkisþingið góðfúslega látið í tè kröptuga aðstoð sína í þessu efni.

Eptir að nú er búið að fá skýrslur þær og uppástungur, er alþingi beiddist á sínum tíma viðvíkjandi því, hvernig fè fengist, er þyrfti til stofnunar barnaskóla í Reykjavík og framhalds skóla þessa eptirleiðis, verður mál þetta nú á ný lagt fyrir alþingi, ásamt upplýsingum þeim, er nú var á vikið, og lagafrumvarpi, er um þetta efni hefur samið verið.

II. 1859.

Um þegnlegar bænarskrár Vors trúa alþingis birtum Vèr 27. maí.
þinginu allramildilegast á þessa leið:

1) Eptir þegnlegri bænarskrá alþingis höfum Vèr allramildilegast veitt, að hinn íslenzki texti laga þeirra, sem hèr eptir koma út fyrir Ísland, verði, á sama hátt og hinn danski texti, undirskrifaður af konungi og hlutaðeigandi ráðgjafa.

2) Vèr höfum að vísu ekki nú sem stendur sèð Oss fært að leggja fyrir alþingi, eins og farið var fram á í bænarskrá þess, lagafrumvarp um fyrirkomulag á stöðu Íslands í ríkinu. En Vèr viljum láta Oss vera annt um það, svo fljótt sem kringumstæður leyfa, að leiða mál þetta til lykta á þann haganlegasta hátt sem verða má; og skulu þá, þegar málið kemur til íhugunar, tillögur alþingis verða teknar til greina, svo sem framast er unnt.

3) Alþingi hefur í þegnlegri bænarskrá farið þess á leit, að Seyðisfjörður í Norðurmúla sýslu yrði gjörður að aðalverzlunarstað í Austfirðingafjórðungi í stað Eskifjarðar. En Vèr höfum eigi fundið ástæðu til að gjöra nú þegar slíka breytingu á lögum 15. apríl 1854, sem svo nýlega eru komin út, og það því síður, sem það yrði óumflýjanlegt, ef breyting þessi væri gjörð, að setja sèrstakan lögreglustjóra á Seyðisfirði; en það virðist ótiltækilegt, eins og nú stendur á, að leggja þá byrði, sem af því flýtur, á hlutaðeigandi jafnaðarsjóð, sem eptir opnu brèfi 24. nóvember 1856 ætti að greiða laun handa embættismanni þessum. Að öðru leyti mun fulltrúi Vor skýra alþingi frá ástæðum þeim, er ráðið hafa úrslitum máls þessa.

4) Út úr því sem alþingi beiddi um, að ný helgidaga tilskipun yrði samin fyrir Ísland, og lögð fyrir alþingi, verður nú frumvarp til opins brèfs um breytingu á tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi borið undir álit þingsins.

5) Alþingi hefur í þegnlegri bænarskrá farið fram á, að ölmusum við prestaskólann í Reykjavík yrði fjölgað og

1859. 27. maí.

aukinn húsaleigustyrkur sá, er prestaefnum þeim, er ganga á skóla þenna, er veittur. Þareð prestaskólinn eingöngu hefur fè það, er til hans þarfa er lagt, úr ríkissjóðnum, og fè þetta er veitt með hinum árlegu fjárhagslögum ríkisins, heyrir málefni þetta undir úrlausn ríkisþingsins. Annars er nú í fjárhagslögum yfirstandandi árs, eptir tillögum skólastjórnarinnar á Íslandi, húsaleigustyrkurinn handa áður greindum prestaefnum hækkaður; en viðvíkjandi fjölgun á ölmusunum hefur hlutaðeigandi ráðgjafi skrifað skólastjórninni á Íslandi.

6) Frá alþingi hefur enn á ný komið bænarskrá um það, að hinn svo nefndi íslenzki kollektusjóður verði við reistur á ný eptir reikningum, er byggðir séu á konungsúrskurðum 29. marz og 18. október 1786, m. m. En þareð mál þetta, eins og til er greint í konunglegri auglýsingu 27. maí 1857, er fullkomlega á enda kljáð með allrahæstum úrskurði 25. júlí 1844, hefur ekki virzt nein ástæða til að taka til greina bænarskrá þá, er hèr ræðir um. Umkvartanir þær, er í bænarskránni eru, yfir hinum fyrri úrslitum málsins, geta því síður álitizt á rökum byggðar, sem áður greindur konungsúrskurður var lagður á málið eptir að hlutaðeigandi stjórnarráð voru búin að ráðslaga um það vandlega og út í yztu æsar, og nákvæm ransókn og reikningar höfðu um það gjörðir verið, og málið loksins hafði verið rætt af nefnd manna, þar sem menn, er til þess voru kjörnir úr hinum ýmislegu stjórnarráðum, áttu sæti; einnig var við úrslit málsins sú niðurstaðan látin ráða, er mest var í hag fyrir sjóðinn.

7) Vèr höfum allramildilegast fallizt á þegnlega bænarskrá alþingis um það, að settir verði 2 málaflutningsmenn við landsyfirrèttinn á Íslandi, og hefur samkvæmt þessu dómsmálastjórn Vor 30. júlí f. á. sett 2 lögfróða menn til þess fyrst um sinn að hafa á hendi málaflutninga við yfirrèttinn, með þeim skilmálum: að þeim veitist sami einkarèttur til að flytja mál við yfirrèttinn, eins og lög heimila málaflutningsmönnum í konungsríkinu; að þeir fái

hvor um sig 250 rd. í laun á ári; að fé þetta fyrst um sinn í 3 ár verði greitt úr dómsmálasjóði Íslands, og að síðan verði leitað álits alþingis um það, hvaðan greiða skuli laun þeirra, ef sú raun verði á, að dómsmálasjóðurinn geti ekki eptirleiðis látið af hendi fé þetta. 1859. 27. maí.

8) Vèr höfum ekki fundið neina ástæðu til að fallast á þá þegnlega beiðni alþingis, er það nú hefur endurnýjað um, að breytt verði 15. gr. í tilskipun 26. janúar 1821, og stofnaður í Reykjavík kennsluskóli handa íslenzkum lögfræðingaefnum; má annars þingið eiga von á því, að fulltrúi Vor skýri því frá ástæðum þeim, er ráðið hafa úrslitum máls þessa.

9) Þar sem beðið er um í þegnlegri bænarskrá alþingis, viðvíkjandi umbótum á læknaskipun á Íslandi, að stofnaður verði læknaskóli í Reykjavík, þá hefur, af ástæðum þeim er fulltrúi Vor mun skýra þinginu frá, eigi virzt vera ástæða til að fallast á þenna hluta bænarskráarinnar; eigi verður heldur við því búizt, að útgjöld þau, er þyrftu til að setja 7 lækna, er bænarskráin fer fram á, geti fengizt greidd úr ríkissjóðnum. Eins og nú er ástatt, hefur það þar að auki þótt ótiltækilegt, að leggja á jafnaðarsjóðu amtanna gjöld þau, er stungið var upp á að ganga skyldi til styrktar læknisfræðisiðkurum við háskólann; enda getur eigi styrkur þessi álitizt nógur til þess að ná augnamiði því, er til var ætlazt.

Um uppástungur þær, er gjörðar voru í 3., 4. og 5. tölulið áður greindrar bænarskrár, hefur dómsmálastjórn Vor ritað hlutaðeigandi embættismönnum á Íslandi. Að öðru leyti mun stjórnin eptirleiðis láta sèr vera annt um, að betra skipulag komist á um lækna og yfirsetukonur á Íslandi, á þann hátt sem áformað hefur verið samkvæmt fyrri tillögum alþingis, og mun fulltrúi Vor skýra þinginu frá aðalatriðunum í því efni.

10) Af ástæðum þeim, er fulltrúi Vor mun nákvæmar skýra þinginu frá, hefur ekki orðið tekin til greina þegnleg bæn alþingis um, að leyft verði að veita móttöku á leigu í

1859. 27. maí.

hinn íslenzka jarðarbókarsjóð ómyndugra fè og opinberra stiptana, er nemur frá 25 rd. til 100 rd.

11) Um leið og alþingi hefur gjört ráð fyrir, að því yrði veitt meira vald, en hingað til hefur verið, til að ákveða um tekjur og útgjöld Íslands, hefur þingið farið því á flot, að engin sala á opinberum eignum í landinu fari hèr eptir fram, áður um það sè fengið álit alþingis. En með því það, sem alþingi byggir bæn sína á, enn ekki hefur orðið veitt, geta eigi tillögur þingsins í þessu efni nú sem stendur orðið teknar til greina; þar á móti munu þær verða teknar til íhugunar þegar því verður ráðið til lykta, hvort, og þá á hvern hátt, veitt verði alþingi hlutdeild í meðferð á fjárhagsmálum Íslands. Annars hefur stjórnin nú lengi fylgt þeirri reglu, að láta ekki selja opinberar eignir á Íslandi, þó þráfaldlega hafi verið um það sótt, og embættismenn á Íslandi hafi mælt með því; og þegar í svo sem tveimur einstöku tilfellum hefur verið brugðið útaf reglu þessari, þá hafa verið til þess öldungis sèrstaklegar ástæður, eins og alþingi mun að nokkru leyti vera kunnugt.

Nefnd sú, er sett var til að semja hústhough stjórnarlög fyrir Ísland, hefur nú lokið starfa sínum, en með því skjölin frá nefndinni eigi hafa borizt hlutaðeigandi ráðgjafa fyrri en í næstliðnum mánuði, hefur eigi verið tími til að rannsaka málið svo nákvæmlega, að uppástungur um það efni í þetta skipti verði lagðar fyrir alþingi.

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefur verið getið, höfum Vèr sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúa alþingi hylli vorri og konunglegri mildi.

Gefið í höll Vorri Kristjánsborg, 27. dag maímánaðar 1859.

18. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna, um fjárkláðann. 1859. 28. maí.

Ef fjársýki þeirri, sem nú gengur á Íslandi, á að verða útrýmt, virðist það nauðsynlegt og að öðru leyti haganlegast, að um allt land verði höfð sama aðferð við meðferð sjúkdómsins; en þareð þess verður naumast að vænta, að þessu verði til leiðar komið eins og nú stendur á á Íslandi, og meðan þar vantar nægan myndugleika til að framfylgja þessu, hefur konungur, samkvæmt uppástungum dýralækningaráðsins, verið beðinn um, að fela mál þetta alveg á hendur konunglegum erindsrekum með nægu valdi. Konungi þóknaðist eptir þetta að útnefna dýralækni, prófessor Tscherning og skjalavörð Jón Sigurðsson, til sem erindsreka stjórnarinnar að fara til Íslands; og skyldu þeir fyrst nákvæmlega rannsaka heilbrigðisástand fjárins, einkum með tilliti til þess hörundskvilla, sem hefur gengið nú seinustu árin, og yfir höfuð veita eptirtekt öllu, sem snertir heilbrigði fjárins; og síðan í sameiningu gjöra þær ákvarðarnir, sem þeim kynni að sýnast nauðsyn á og annars eiga við á Íslandi, til að varna útbreiðslu sýkinnar, eða til að lækna fèð og bæta heilbrigðisástand þess.[1]

Um leið og eg tilkynni yður þetta, herra amtmaður, sendi eg yður afskript af hinu konunglega erindisbrèfi, er erindsrekar þessir hafa fengið, svo að þèr getið hagað yður þar eptir og gert það kunnugt í amti yðar.

---

19. Auglýsing um að birta í blaðinu „Þjóðólfi" auglýsingar þær, sem um ræðir í opnu brèfi 27. maí þ. á. 27. júní.

Eptir valdi því, er dómsmálastjórnarherranum er veitt í opnu brèfi 27. maí þ. á., um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsingum í blöðunum í vissum tilfellum, er það hèr með fyrirskipað, að auglýsingar þær, sem um er

1) Til stiptamtmannsins var hèr bætt við um laun erindsrekanna, og um að greiða þeim fè þar eptir, þegar þeir æsktu þess.

1859. 27. júní. rætt í áðurgreindu opnu brèfi, skal, þangað til öðruvísi verður ákveðið, birta í blaðinu „Þjóðólfi", er út kemur í Reykjavík.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Í dómsmálastjórninni 27. dag júnímánaðar 1859.

---

27. júní. **20. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmanna á Íslandi, um fiskiveiðar útlendra manna.**

Stjórn hinna útlendu mála hefur skýrt dómsmálastjórninni frá því, að keisarastjórninni á Frakklandi og hinni konunglegu stjórn á Englandi hafi verið kunngjört um ferð herskips þess, er „Örnen" heitir, til Íslands, og innan hverra takmarka undan landi skipsforingjanum hafi verið boðið að verja umráð Danakonungs yfir sjónum til verndar fiskiveiðum Íslendinga; en að svo búnu hafi utanríkisráðherrann enski, 18. dag f. m., ritað sendiherra Danakonungs í Lundúnum á þá leið, að enska stjórnin ekki gæti kannast við, að nokkurt ríki, sem ekki hefði heimild til þess í þjóðsamningum, ætti með að taka sèr vald yfir sjónum lengra en 3 enskar mílur undan ströndum landsins, en einsog yður er kunnugt, herra (*tit.*), af brèfi stjórnarinnar 9. f. m., hafði svið þetta verið þannig á kveðið, að það skyldi ná eina venjulega sjávarmílu undan landi frá yztu ey eður hólma. Síðan var leitað álits utanríkisstjórnarinnar um það, hvort hún hefði í hyggju að halda fram þeim takmörkum, er af hálfu Danastjórnar hefðu verið ákveðin um yfirráð konungs yfir sjónum kringum Ísland, þrátt fyrir ummæli Bretastjórnar, og hefur utanríkisstjórnin svarað á þá leið, að sèr ekki þyki næg ástæða til beinlínis að hverfa frá þeim takmörkum, er ákveðin voru um yfirráð konungs yfir sjónum, að minnsta kosti ekki fyrri, en búið sè að semja við ensku stjórnina um þetta efni; en til þess að forðast sem mest að lenda í deilum við hina konunglegu stjórn á Englandi, fer utanríkisstjórnin því á flot, að yfirvöldunum á Íslandi sè boðið að fara að með sem mestri lagkænsku við skip frá Bretlandi hinu mikla, þá er halda skuli fram yfirráðum þeim, sem hèr ræðir um.

Þetta læt eg ekki hjá líða að tilkynna yður, herra (*tit.*), til eptirsjónar og leiðbeiningar þá er með þarf. 1859. 27. júní.

---

21. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um vaxtafè ómyndugra og opinberra stiptana, og um sparisjóði. 30. júní.

Af hinni konunglegu auglýsingu til alþingis 27. f. m. er yður það kunnugt, herra stiptamtmaður, að ekki varð tekin til greina bænarskrá, er alþingi sendi konungi árið 1857, um það að leyft verði framvegis að veita móttöku á leigu í jarðabókarsjóð ómyndugra fè og opinberra stiptana, er nemur 25 rd. til 100 rd. Bænarskrá alþingis studdist einkum við þá ástæðu, að brýn nauðsyn bæri til þess að hafa einhvern óhultan stað, þangað er koma mætti á vöxtu og til varðveizlu litlum peningum, en slíkt væri miklum annmörkum bundið á Íslandi.

En annmarkar þeir er hèr ræðir um mundu að líkindum minnka, ef stofnaðir væru á Íslandi einn eður fleiri sparisjóðir; það var og í ráðagjörð árið 1850, að stofna slíkan sjóð í Reykjavík, en ekki er hann, svo kunnugt sè, enn kominn á fót; á hinn bóginn er bænarskrá alþingis, sú er að ofan er um getið, nýr vottur um að þörf sè á honum; mundi og slík stofnun í ýmsu tilliti verða að miklum notum, ekki einungis Reykjavíkurbæ og sveitum þeim, er þar eru í grennd, heldur og gjörvöllu Íslandi, eptir því sem verkasvið hennar næði að aukast; það virðist því að vera ákjósanlegt, að stuðlað væri til þess að slík stofnun kæmist á fót.

Stjórnin treystir því þess vegna, að þèr, herra stiptamtmaður, munið bera sèrstaklega umhyggju fyrir því, að greiða fyrir máli þessu, og eruð þèr einnig beðnir að senda stjórninni skýrslu um það, hvort búið sè að gjöra nokkrar frekari ráðstafanir til þess að stofna sparisjóð í Reykjavík.

Að endingu eruð þèr beðnir að skýra frá því, hvort þèr álítið það hagfellt, að leyft sè að ávaxta ómyndugra fè á þann

1859. 30. júní. hátt, að keypt sèu fyrir það konungleg skuldabrèf, en þau eru nú til hljóðandi upp á 25 og 50 rd.[1]

---

4. júlí. **22. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norður- og Austur-umdæminu, um að senda megi ókeypis með póstum skaðabætur fyrir fè það, sem skorið hefur verið í Húnavatnssýslu vegna fjárkláðans.**

Dómsmálastjórnin hefur ekkert á móti því, sem þèr, herra amtmaður, í brèfi yðar 12. febrúar þ. á., hafið farið fram á, að skaðabóta-samskot þau, sem gerð hafa verið handa Húnvetningum fyrir fè það, sem þeir hafa slátrað til að varna útbreiðslu fjárkláðans, megi senda með póstum, án þess fyrir þau sè greiddur vanalegur burðareyrir. Þetta læt eg ekki hjálíða að tilkynna yður, herra amtmaður, svo að þèr getið hagað yður þar eptir.

---

4. júlí. **23. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norður- og Austur-umdæminu, um skaðabætur fyrir kúgildi klausturjarða.**

Þèr hafið, herra amtmaður, í brèfi yðar 6. janúar þ. á. meðal annars beðið um, að þann hluta skaðabótanna til Húnvetninga fyrir niðurskurð vegna fjárkláðans, sem eptir rèttum jöfnuði komi á innstæðu-kúgildi á konungsjörðum í Norður- og Austur-umdæminu, og sem svarar til tólfta hluta af verði kúgildanna, mætti greiða úr umboðssjóðunum.

Í þessu tilliti verð eg að taka það fram, að stjórnin, eins og hún þegar hefur látið í ljósi í brèfi, dags. 3. nóvember í fyrra, ekki getur tekið í mál að greiða nokkrar skaðabætur fyrir fè það, sem skorið hefur verið niður í Húnavatnssýslu vegna fjárkláðans.

---

1) um hið síðasta atriði í brèfi þessu var sama dag leitað álits hinna amtmannanna á Íslandi.

24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norður- og Austur-umdæminu, um fjárbannið hjá prestinum sèra Gísla Gíslasyni á Staðarbakka. 1859. 6. júlí.

Stjórnin hefur fengið álit yðar, herra amtmaður, dags. 3. febrúar þ. á., um umkvörtun þá, er stiptsyfirvöldin á Íslandi höfðu sent stjórn kirkju- og kennslumálanna um fjárbann, er lagt hefði verið á 200 dala virði af eigum prestsins sèra Gísla Gíslasonar á Staðarbakka, til að borga með kostnað þann, er leiða kynni af ráðstöfunum þeim, er taka kynni þurfa til að afstýra því, að fé það gerði skaða, sem presturinn um vorið 1858 hafði rekið suður í Borgarfjarðarsýslu, ef það slyppi þaðan aptur.

Hvað mál þetta snertir, er stjórnin að öllu samtöldu mótfallin aðferð þeirri, er höfð hefur verið við prestinn, og bjóðum vèr yður því að apturkalla fjárbannið þegar í stað, og að láta mál það, er höfðað hefur verið móti presti, falla niður; og enn fremur, þegar þetta er gjört, þá að skýra stjórninni frá því.

---

25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norður- og Austur-umdæminu, um ólöglega sölu á nokkrum frakkneskum þiljubátum. 9. júlí.

Eptir að sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu hafði skýrt yður frá, að nokkrir frakkneskir fiskimenn frá *Paimbol* hefðu á Nesi í Norðfirði sumarið 1858 byggt 11 þiljubáta úr efni, sem flutt var til Íslands móti reglum þeim, sem lög 15. apríl 1854 innihalda, og að bátar þessir, nema einn, sem hefði týnzt, nú væru til sölu, hafið þèr, herra amtmaður, boðið sýslumanni fyrst um sinn að leggja löghald á báta þessa, og auk þessa í brèfi 9. febrúar f. á. spurt stjórnina, hvað þèr framvegis ættuð að gjöra viðvíkjandi máli þessu.

Í þessu tilliti gefst yður hèrmeð til vitundar, að mál þetta verður að ganga til dóms og laga samkvæmt lögum 15. apríl 1854 §§ 9 og 10, og bátarnir, meðan á því stendur, vera í löghaldi.

1859. 9. júlí. **26. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norður- og Austur-umdæminu, um leigu af kúgildum á nokkrum klausturjörðum.**

Þèr hafið, herra amtmaður, sent bónarbrèf frá hinum setta umboðsmanni þíngeyra klausturs um, að ábúendur af 11 jörðum klaustursins mættu verða undanþegnir að gjalda nema hálfa kúgildaleigu, þangað til þau 18 kúgildi, sem eptir skipun amtsins var lógað vegna fjárkláðans, kæmust upp aptur; auk þessa hafið þèr í brèfi 27. október f. á., eptir að hafa bent á, að leiguliðar þessir alls ekki geti gert tilkall til meiri uppgjafar í kúgildaleigunni, en svo sem svari fjórða hluta, og að þèr hafið, í von um samþykki stjórnarinnar, gefið þeim gjaldfrest með þenna fjórða hluta, þangað til þèr gætuð fengið álit hennar, skotið máli þessu til stjórnarinnar úrslita.

Í þessu tilliti gefst yður hèrmeð til vitundar, að stjórnin eptir grundvallarreglum þeim, sem hún hefir látið í ljósi í brèfi 3. nóvember í fyrra, ekki getur veitt þá uppgjöf í kúgildaleigunni, sem hèr ræðir um.

---

13. júlí. **27. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um umkvörtun fjögra bæjarfulltrúa í Reykjavík yfir formanni sínum, skólakennara Halldóri K. Friðrikssyni.**

Með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, frá 2. apríl þ. á., hefur stjórnin meðtekið álit bæjarfógetans í Reykjavík um umkvörtun þá, er hingað hafði verið send, um að hinn fyrrverandi formaður bæjarfulltrúanna, skólakennari Halldór K. Friðriksson, þrátt fyrir ósk þeirra og bæjarfógeta hafi synjað þess, að mál viðvíkjandi sölu á Laugarness og Klepps beitilandi kæmi til umræðu á fundi fulltrúanna, þar nokkrir af þeim er æsktu sölunnar voru meðeigendur jarðanna.

Yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir þeim, er hlut eiga að máli, gef eg yður hèrmeð til kynna, að stjórnin er á

sama máli og þèr, herra stiptamtmaður, um það, að formaðurinn, eptir því sem á stóð, hafi breytt rètt og farið vel að. Um leið og stjórnin þannig ekki getur annað en fallizt á aðferð formannsins í þessu efni, er þess enn fremur að geta, að hún ekki getur betur sèð, en að fógetinn hefði gjört rèttara í því, að beiðast úrskurðar stiptamtmannsins í þessu efni, en að leita álits fulltrúanna, sem voru riðnir við málið; hefði þá líkast til átt að gjöra um þetta mál á almennum borgarafundi, eins og fyrir er mælt í reglug. 27. nóvember 1846 24. gr. 1859. 13. júlí.

---

28. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um kúgildi á kirkjujörðum. 13. júlí.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, í brèfum yðar, dagsettum 28. janúar og 5. marz í fyrra, leitað úrskurðar stjórnarinnar um, hvernig koma eigi upp aptur kúgildum á kirkjujarðirnar á Íslandi, þegar þau falla án þess leiguliðunum verði um það kennt, eða hafa verið felld vegna kláðasýki þeirrar, er gengur meðal fjárins á Íslandi, og jafnframt spurt yður fyrir um, hvort ekki mætti lofa þeim styrk úr opinberum sjóði til að koma upp kúgildunum aptur, sem hafa gjört allt, sem í þeirra valdi stóð, til að frelsa skepnur sínar og kúgildin, sem þeim er trúað fyrir.

Í þessu máli hlyti líklega að hafa sömu aðferð og með kúgildin á konungsjörðunum á Íslandi. Dómsmálastjórnin var því beðin upplýsingar um, hvaða aðferð amtmennirnir fyrir norðan og vestan hefðu haft í þessu tilfelli, bæði með kúgildi á konungseignum og kirkjujörðum. Dómsmálastjórnin leitaði því næst álits amtmannanna um málið og sendi það hingað; og fylgir hèr nú eptirrit af því. Nefnd stjórnardeild hefur meðal annars tekið það fram, að hún sè á sama máli og amtmaðurinn í Vesturamtinu um það, að enn sè ekki kominn tími til að skera úr þessu flókna máli, þareð menn hvorki hafa eða geta haft nokkurt yfirlit yfir stærð skaðans eða bótanna; og að mál þetta, eptir þeim gögnum, sem fram eru komin, að eins í Suðuramt-

1859. 13. júlí. inu geti haft nokkuð að þýða í verkinu. En hún getur að hinu leytinu ekki álitið hentugt að leggja mál þetta fyrir næsta alþing, eins og nefndur embættismaður hafði stungið upp á, og það því síður, sem það liggur í augum uppi, að skoðanir íslenzku embættismannanna um úrslit þessa máls eru ólíkar, og það má sjá fyrir, að sama myndi verða ofaná á þinginu; þessvegna álítur hún rèttast að bíða eptir, að alþing veki máls á þessu, áður en nokkur ákvörðun verði um það gjörð hèr.

Kirkju- og kennslustjórnin er fyrir sitt leyti á sama máli og dómsmálastjórnin í þessu efni, en þess má þó þegar hèr geta, að svo framarlega sem spursmál getur verið um, að hjálpa ábúendum kirkjujarðanna með að koma upp kúgildunum aptur, ætti hjálp þessi að líkindum að vera í því innifalin, að leiguliðum, sem hlut eiga að máli, gæfist hæfilegur frestur með að koma upp kúgildunum, og væri leyft að koma þeim upp smátt og smátt, innan viss tíma, sem nákvæmar væri til tekinn.

Loksins er þess að geta, að amtmaður Havstein seinast í álitsskjali sínu hefur borið undir stjórnina, hvort ekki mætti af sjóðum kirknanna, eða þá af tekjum prestakallanna, greiða skaðabætur eptir rèttri tiltölu fyrir fè það, er fellt hafði verið í Húnavatnssýslu. Um þetta hefur embættismanni þessum verið skrifað í dag, og hefur stjórnin synjað samþykkis síns í þessu efni, því það hlýtur að lenda á hlutaðeigandi ábúendum kirkjujarðanna, þegar þeir hafa lofað að taka þátt í skaðabótum þeim, sem hèr ræðir um, að greiða sinn hluta, án þess að kirkjujarðirnar missi nokkurs í við það.

---

14. júlí. **29. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu, um, að katólskur klerkur, Bernard að nafni, megi byggja hús á Seyðisfirði.**

Þèr hafið, herra amtmaður, með brèfi yðar, dagsettu 2. febrúar í fyrra, sent fyrirspurn á latínu frá katólskum klerki, Bernard-Bernard að nafni, er komið hafði til Íslands árið 1857,

um það, hvort nokkuð væri því til fyrirstöðu, að hann á sinn kostnað reisti hús á lóð þeirri, sem hann þegar hafði keypt, á Seyðisfjarðar verzlunarstað eða þar í grend við, til þess að veita þar móttöku frakkneskum fiskurum, er á sumrum koma til Íslands, og vera þeim til hjálpar og aðstoðar, bæði í veikindum þeirra og andlegum þörfum, og meðal annars til að geta veitt þeim sakramentið eins og siður er til í hinni katólsku kirkju. 1859. 14. júlí.

Það hefur verið skrifazt á við kirkju- og kennslustjórnina um mál þetta, og fengið álit ríkislögræðismannsins um það, sem hèr fylgir eptirrit af. Af sömu ástæðum, sem embætttismaður þessi hefur tekið fram, finnur stjórnin ekki ástæðu til að setja sig á móti því, sem hèr er beðið um, ef næg ábyrgð getur fengizt fyrir, að leyfi þetta ekki verði misbrúkað í neinu tilliti, og sízt til að reyna að snúa Íslendíngum til katólskrar trúar.

Eg verð þessvegna að biðja yður, herra amtmaður, að leita álits hlutaðeigandi sýslumanns um þetta efni, og síðan skýra stjórninni frá skoðun yðar á þessu máli. Jafnframt bið eg yður að láta Bernard-Bernard vita, hvernig stjórnin fyrst um sinn hefur skorið úr beiðni hans; og um leið vekja athygli hans á því, að eptir fyrirmælum laganna frá 15. apríl 1854 er það heimildarlaust fyrir útlend fiskiskip, nema í hafsnauð, að sigla beinlínis inn á Seyðisfjörð, en þar á móti verða þau fyrst að hleypa inn á einhverja af höfnum þeim, er til eru greindar í 2. grein laga þessara, til að gæta þess, sem fyrir er mælt í þessari grein.

Fylgiskjal:

Útdráttur úr álitsskjali ríkislögræðismannsins í málinu um Bernard prest, dags. 10. Mai 1858.

. . . . Dómsmálastjórnin hefur í brèfi dags. 6. þ. m. beiðzt álits míns um mál þetta, og einkum það, hvort ekki mætti álíta, að 6—1—3 í Kristjáns 5. lögum enn þá væri gildandi á Íslandi, svo að reka mætti hinn katólska klerk, er hèr ræðir um, úr landi eptir þessum lagastað, eða ef menn ekki vildu beita slíkri hörku, hvort honum ekki yrðu settir skilmálar

1859. 14. júlí. samkvæmt þessari laga ákvörðun, sem hann yrði að hlýðnast, til að fá að dvelja á Íslandi.

Eins og grundvallarlögin 5. júni 1849 ekki ná til Íslands, og ákvarðanirnar í 7. kafla þeirra ekki eiga þar við, á líkan hátt má álíta að 6—1—3 í dönsku lögum ekki sè úr lögum tekinn við ákvarðanir þær, sem þar eru um trúarfrelsi þegnanna; þetta er og skýlaust tekið fram í umræðunum á ríkisþinginu um frumvarp til laga um heimild fyrir erlenda gyðinga til að taka bólfestu í ríkinu (sjá Lþt. 1. Sess. 1850, bls. 1436—54). Þarað heimild sú, sem reglug. 17. nóvember 1786 gefur öllum játendum kristinnar trúar, og þá einnig katólskum, til „frjálst og ótakmarkað að rækja trú sína", að eins gildir um kaupstaðina á Íslandi, og samkvæmt opnu brèfi 28. desember 1836 um hina löggildu verzlunarstaði, en staður sá, þar sem byggja á hús það sem hèr ræðir um, eptir upplýsingum þeim, sem amtmaðurinn yfir Norður- og Austur-amtinu hefur gefið, ekki verður álitinn löggildur verzlunarstaður, má álíta að stjórnin hafi rètt til að banna, að slíkt hús verði reist þar, og að beita lögboðinu í 6—1—3 móti hinum katólska klerki, er hèr ræðir um, ef til þess kynnu að finnast nægar ástæður.

Það er nú hvorki sannað, að hann sè út sendur frá háskóla Jesúíta, eins og biskupinn yfir Íslandi hefur fullyrt, eða upplýst, að hann hafi reynt að telja menn af trú sinni, eða yfir höfuð að tala sýnt sig í nokkru, sem er ólöglegt; en þvert á móti er hann, eptir vitnisburði sýslumannsins í Norðurmúla sýslu, þar sem hann hefur dvalið, friðsamur maður, og hefur opt miðlað málum milli landsmanna og skipverja á hinum frakknesku fiskiskútum, og milli skipverja sjálfra, þegar þras hefur komið upp milli þeirra; hann hefur og hjálpað landsmönnum til að ná rètti sínum, þegar fiskarar þessir á einhvern hátt hafa gjört á hluta þeirra. Það er enn fremur eðlileg og sanngjörn ósk, að hinir mörgu frakknesku þegnar, sem á sumrum dvelja við strendur Íslands á fiskiveiðum, vilji hafa andlegrar stèttar mann, sömu trúar og þeir eru, til að leita trausts og hælis hjá, einkum þegar

eitthvað gengur að þeim, sem þeir þurfa því heldur við, þar þeir eru svo langt frá heimili sínu. 1859. 14. júlí.

Af þessum rökum mun hin danska stjórn, sem annars er vön að vera væg í trúarefnum, ekki neita klerki þessum um að taka bólfestu á Íslandi, til þess að veita löndum sínum þá aðhjúkrun og hjálp í trúarefnum, sem hann til ætlast, ef nægileg trygging fæst fyrir því, að leyfi þetta verði ekki misbrúkað á nokkurn hátt, og sízt til að telja Íslendínga á katólska trú.

Það er því heldur ráðlegt að fara þannig að, því ef öðruvísi væri að farið, gæti vel farið svo, að frakkneska stjórnin gengi í málið, sem bezt er að komast hjá.

---

30. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi og amtmannsins í Vesturumdæminu, um síldarveiðar Norðmanna við Ísland m. fl. 14. júlí.

Amtmaðurinn í Norður- og Austurumdæminu hefur gjört fyrirspurn hjá stjórninni um, hvort og að hvað miklu leyti Norðmenn, sem kynnu að reyna síldarveiðar í fjörðum og víkum á Íslandi, þurfa að greiða hið lögboðna tveggja ríkisdala lestagjald. Dómsmálastjórnin hefur í þessu tilliti, eptir að hafa bent til þess, sem mælt er fyrir um heimild erlendra til að fiska við Ísland í brèfum hennar 18. apríl og 9. maí þ. á., í dag úrskurðað, að erlendir ekki megi verka fisk þann, sem þeir veiða, á Íslandi, og hvenær sem nokkuð er affermt eða fermt, skulu þeir skyldir að greiða það tveggja dala lestagjald, er lögin 15. april 1854 bjóða.

Þetta gjörum vèr yður, herra stiptamtmaður (amtmaður), kunnugt, svo að þèr getið hagað yður þar eptir.

1859. 14. júlí. **31. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi og amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu, um skilning á opnu brèfi 19. mai 1854.**

Dómsmálastjórnin hefur, eptir að vera kvödd þar til[1], í dag úrskurðað, að opið brèf 19. mai 1854 skuli skilið á þann veg, að svo framarlega sem kaupmenn sanna, að þeir sèu eigendur eða meðeigendur að einhverju föstu verzlunarhúsi á Íslandi, skal þeim vera heimilt að kaupa íslenzkar vörur, og selja vörutegundir þær, er opið brèf 19. maí 1854 nefnir, annarstaðar á ströndum Íslands, en á hinum löggildu verzlunarstöðum; en þar á móti geta þeir ekki flutt aðrar vörur, en þetta opna brèf nefnir, til innbúa slíkra staða, nema þeir fyrst hafi selt þær á hinum föstu verzlunarstöðum, en enganveginn þegar þeir hafa selt þær annarstaðar sem lausakaupmenn, þar það liggur í augum uppi, að slíkt mundi leiða til þess, að farið yrði kringum ákvörðun þá, er hèr ræðir um. Þetta látum vèr yður, herra stiptamtmaður (amtmaður), hèrmeð vita yður til leiðbeiningar.

---

28. júlí. **32. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir Norður- og Austurumdæminu, útaf umkvörtun Kristjáns Jónssonar í Stóradal, um það hvernig farið var að við hann í kláðamálinu.**

Í brèfi 10. janúarm. þ. á. hefur dómsmálastjórnin fengið álit yðar, herra amtmaður, viðvíkjandi umkvörtun Kristjáns bónda Jónssonar í Stóradal í Húnavatns sýslu, útaf aðferð þeirri er höfð var í frammi frá hálfu hins opinbera, er hann neitaði að uppfylla boð amtsins um að skera niður geldfè sitt; hafði hann fyrst og fremst sótt um það, að stjórnin með úrskurði sínum

1) Amtmaður Melsteð hafði nefnilega skýrt stjórninni frá, hvað gjört hefði verið við hina ólöglegu verzlun lausakaupmannanna Simonsens, Christensens og Glads á Steingrímsfirði í fyrra, og beiðzt úrskurðar stjórnarinnar um málið.

skyldi utkljá málið á þann hátt, að hann annaðhvort með öllu losaðist við varðkostnað þann, er hann var skyldaður til að greiða, eður þá að kostnaður þessi yrði hæfilega lækkaður; en fengist ekki þetta, hafði hann beðið um, að stjórnin að minnsta kosti skyldi bjóða, að málinu yrði skotið til úrskurðar dómstólanna, og að honum þá yrði veitt gjafsókn. 1859. 28. júlí.

Um þetta efni lætur stjórnin yður vita, herra amtmaður, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir Kristjáni bónda Jónssyni, að þareð hann í máli þessu hefur gefið skýlaust loforð um að takast á hendur skuldbindingar þær, er hèr ræðir um, getur stjórnin ekki losað hann við þær, en að hann sjálfsagt á kost á því, að framfylgja rètti sínum við dómstólana, ef hann treystist til að sanna, að loforðið, eins og segir í umkvörtun hans, hafi verið fengið með slíkri andlegri þvingun, að það sè ómerkt.

---

33. Brèf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslustjórnarinnar, um læknaskipun á Íslandi og styrk handa íslenzkum læknaefnum. 9. águst.

Það er kunnugt kirkju- og kennslustjórninni, að Dr. med. Schleisner, jústizráð, sem nú er yfirlæknir í hertogadæminu Slèsvík, hefur gjört uppástungur um betri læknaskipun á Íslandi, og að þetta leiddi til þess, að stjórnin fyrir milligöngu háskólaráðsins fekk álitsskjal um málið frá læknisfræðisdeild háskólans og stjórnarnefnd þeirri, er ræður fyrir hinum svo kallaða „kommúnitets"-sjóði.

Eins og kunnugt er lutu uppástungur Schleisners jústizráðs að því, að ráða bót á hinum mikla læknaskorti á Íslandi með því að fjölga læknaembættum, og jafnframt með því að reyna að koma því svo fyrir, að ávallt verði nóg til af innlendum íslenzkum læknaefnum, og til þess þetta gæti orðið stakk hann meðal annars upp á því, að gjöra skyldi þá undantekningu frá hinum almennu reglum, að leyfa Íslendingum að stunda læknisfræði við háskólann, þó ekki væru þeir stúdentar,

1859. 9. ágúst. ef þeir hefðu tekið frumpróf nokkurt við hinn lærða skóla í Reykjavík; skyldu þeir fá kennslu útaf fyrir sig við háskólann og ganga undir sèrstaklegt próf; svo skyldu þeir og njóta hinna sömu hlunninda, sem íslenzkum stúdentum eru veitt.

Uppástunga þessi, er hlaut meðmæli hins konunglega heilbrigðisráðs, mætti mótspyrnu frá hálfu læknisfræðisdeildarinnar við háskólann, að því leyti sem farið var fram á, að halda skyldi fyrirlestra og próf útaf fyrir sig fyrir læknisfræðisiðkendur þá, sem hèr ræðir um; svo var og stjórn „kommúnitets"-sjóðsins og háskólaráðið mótfallið uppástungunni, að því leyti sem Íslendingar þeir, er ekki væru stúdentar, ættu að fá aðgang til að njóta hlunninda á „regentsi" og fá ölmusur úr „kommúnitets"-sjóði. En vegna hins heillaríka tilgangs með uppástungur þessar bauðst þó stjórn sjóðsins og háskólaráðið til að veita slíkum læknaefnum að minnsta kosti fyrst um sinn 200 rdl. styrk á ári úr sjóði þessum, þó á þann hátt, að styrkur þessi ekki verði um sama leyti veittur fleiri en fjórum, svo að kostnaður sá, er lendi á sjóðnum, eigi verði meiri en 800 rdl. á ári; lofaði og kirkju- og kennslustjórnin í brèfi 30. ágústm. 1855, ef uppástunga þessi þætti tiltækileg, þá er málinu yrði ráðið til lykta, að taka fèstyrk þenna inn í fjárlagafrumvarp „kommúnitetsins", það er samið yrði í fyrsta skipti eptir að hún hefði fengið vitneskju um, hvað úr hefði verið ráðið um þetta atriði málsins, og um úrslit málsins yfir höfuð að tala.

Eptir undirtekt læknisfræðisdeildarinnar um þetta efni varð ekki tekið í mál að fara eptir uppástungum Schleisners, jústizráðs, þeim er að ofan eru nefndar; eigi hefur heldur orðið fallizt á uppástungur alþingis, um að stofna lækna-háskóla í Reykjavík; en eins og sjá má af útdrætti úr skýrslu dómsmálastjórnarinnar til konungs 25. maím. þ. á., sem fylgir brèfi þessu, hefur það þótt líklegt, að nægur fjöldi af læknaefnum, er bæði væru fúsir á að verða hèraðslæknar á Íslandi og hæfir til þess, helzt mundi fást, ef í fyrsta lagi væru stofnuð 6 ný læknaembætti á Íslandi, en því mætti við koma ef tekið væri til spítalasjóðanna, sem eptir opnu brèfi 23. ágústm. 1848 eru einmitt ætlaðir til þess, að koma læknaskipuninni á landinu í betra

horf; og ef í öðru lagi íslenzkum stúdentum, er stunda læknis- 1859.
fræði við Kaupmannahafnar háskóla, yrði veittur 200 rd. styrkur, 9. ágúst.
eins og áður hefur verið um getið, úr sjóði „kommúnitetsins", auk ölmusu þeirrar úr sjóði þessum, og hlunninda á „regentsi", sem þeir eptir reglugjörð 11. febrúarm. 1848, 4. gr. eiga rètt á að njóta, undireins og búið er að rita þá í tölu stúdenta við háskólann; er það sjálfsagt, að styrkur sá, er áður var um getið, aðeins yrði veittur hlutaðeigendum með þeim skilmála, að þeir skuldbyndu sig til að taka við læknisembættum á Íslandi.

Þareð hans hátign konúngurinn hefur, með allramildilegustum úrskurði 27. maím. þ. á., fallizt á að reynt sè að koma skipulagi á málið á þenna hátt, leyfir dómsmálastjórnin sèr að senda hinni heiðruðu kirkju- og kennslustjórn skjöl málsins, sem rituð eru á lista þann, sem fylgir brèfi þessu, og felur henni þetta atriði málsins til hinna beztu aðgjörða. Þegar svo langt er komið biður dómsmálastjórnin um, að sèr verði tilkynnt úrslit málsins og skjölin send aptur.

---

34. Brèf dómsmálastjórnarinnar til lögfræðisdeildarinnar við Kaupmannahafnar háskóla, um kennslu í íslenzkri lögfræði. 17. ágúst.

Eins og sjá má af meðfylgjandi bænarskrá hefur alþing Íslendinga árið 1857 enn á ný farið þess á leit, að 15. grein í tilskipun 26. janúarm. 1821 yrði úr lögum numin, að svo miklu leyti hún á kveður, að hinir „dönsku júristar", sem svo eru kallaðir, geti orðið sýslumenn á Íslandi, og að sem allrafyrst á kostnað ríkissjóðsins verði stofnaður kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðingaefnum; skyldu lögfræðingar þeir, sem tækju embættispróf í skóla þessum og reyndust hæfir, öðlast rètt til lögfræðingaembætta á Íslandi, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum er þurfa þætti.

Dómsmálastjórnin gjörir lögfræðisdeildinni kunna bænarskrá þessa, og skal þess getið, að henni var synjað um bænheyrslu með konungsúrskurði 6. maím. þ. á., sem sjá má af meðfylgj-

1859. 17. ágúst. andi konunglegri auglýsingu til alþingis 27. s. m.; sömu urðu og afdrif bænarskrár þeirrar, er alþing sendi konungi árið 1855 um sama efni. Um leið og dómsmálastjórnin, til upplýsingar um ástæður þær, er stjórnin hafði fyrir sèr, þá er máli þessu var ráðið til lykta, lætur hèr með fylgja eptirrit af skýrslu til konungs um þetta efni 25. mai 1857, er lögfræðisdeildin beðin að láta í ljósi álit sitt um það, hvort ekki megi í fyrirlestrunum um hina dönsku lögfræði hafa nokkru meira tillit til Íslendinga, er stunda lögfræði við háskólann, með því, að útskýra nákvæmar, en hingað til hefur tíðkazt, þau atriði, þar sem íslenzkan rètt greinir frá hinni almennu dönsku löggjöf; svo og með því, að skýra stuttlega frá þeim fáu rèttaratriðum, þar sem hin forna íslenzka löggjöf (Jónsbok) ennþá er í gildi.

Með svari lögfræðisdeildarinnar biður dómsmálastjórnin um að fylgiskjölin verði send aptur.

---

19. ágúst. **35. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um 400 dala lán til bæjarsjóðsins í Reykjavík.**

Þareð árstekjur Reykjavíkur bæjar, einkum tillög þau, sem jafnað er niður á byggingar bæjarins, eður innbúana eptir efnum og ástandi, ekki eru komnar í gjalddaga á þeim tíma árs, sem er haganlegastur til að vinna það sem vinna þarf fyrir bæinn á ári hverju, og verður því að fresta þessu til óhentugri tíma, sem vanalega gjörir vinnuna dýrari en hún annars yrði eða ætti að vera, hafið þèr, herra stiptamtmaður, til þess að ráða alveg bót á þessu, eptir beiðni bæjarstjórnarinnar, og í von um samþykki stjórnarinnar, leyft að taka mætti til láns 400 ríkisdali handa bæjarsjóðnum með þeim skilmálum: 1) að af því sè goldnir 4 dalir af hundraði í rentu; 2) að lánið sè borgað aptur með 40 dölum á hverju ári, og skal þeim fyrstu 40 dölum lokið 1861; 3) að þessir 40 dalir með rentunum sem eptir standa á ári hverju, þangað til lánið er alborgað, sèu teknir sèr upp í reikning bæjarins, og að þess sè nákvæmlega gætt, að þessum 400 dölum ekki sè blandað saman við jafnaðarsummuna, svo að

þeir við lok hvers reikningsárs sèu í sjóði. Þessari ráðstöfun hafið þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi yðar 30. maí þ. á., skotið til samþykkis stjórnarinnar. 1859. 19. ágúst.

Það lítur svo út, að legið hafi á að máli þessu væri fljótt ráðið til lykta, þó þèr hafið ekki tekið það fram, þareð annars hefði átt að skjóta því undir úrskurð stjórnarinnar, samkvæmt reglugjörð 27. nóvember 1846, 24. gr.

Vèr látum yður hèrmeð vita, að stjórnin að öðru leyti fellst á ráðstafanir yðar í máli þessu.

---

36. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um veitingu Vestmannaeyja prestakalls. 19. ágúst.

Með því ágreiningur var milli yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, um veitingu Vestmannaeyja-brauðsins, sem nú er laust, hafið þèr í brèfi 17. júním. þ. á. beiðzt úrskurðar stjórnarinnar um þetta mál, samkvæmt konungsúrskurði 14. maí 1850, um breytingu á veitingu þeirra brauða á Íslandi, sem hans hátign konungurinn eigi sjálfur veitir.

En áður brauð þetta sè veitt, þykir stjórninni hlýða að það sè nákvæmlega yfirvegað, hvort ekki sè ástæða til að skipa svo fyrir, að vera skuli aðstoðarprestur á Vestmannaeyjum, annaðhvort á þann hátt, að þar sè fastur aðstoðarprestur í brauðinu, er hafi ákveðinn hluta af tekjum þess, eða þannig, að sóknarpresturinn sè skyldaður til að hafa aðstoðarprest; og ber þess að geta í því efni, að þareð Vestmannaeyjar liggja afskekktar og optlega er erfitt að komast þaðan í land, getur svo farið, að þegar ekki er nema einn prestur á eyjunum, og hann fatlast, að þar verði prestlaust svo mánuðum skipti; á hinn bóginn eru tekjur brauðs þessa meiri, en tekjur flestra eður allra annara brauða á Íslandi, svo að fært er þeirra vegna að búa svo um, að slíkt komi eigi fyrir; virðist þetta allt saman mæla með því, að setja skuli aðstoðarprest á eyjarnar.

Fyrir því skorar kirkju- og kennslustjórnin á yður um, að

1859. 19. ágúst. athuga málefni þetta, og leita um það álits nefndar þeirrar, er „synodus" hefir sett til þess að ræða um umbót á prestaköllum á Íslandi, og senda síðan hingað álitsskjal nefndarinnar svo fljótt sem verða má, ásamt með athugasemdum sjálfra yðar; einnig eruð þér beðnir að senda skýrslu um tekjur brauðsins á ári hverju um 10 ára tíma, og um stærð safnaðarins, og gjöra uppástungur um það, hvernig máli þessu skuli ráða til lykta.

---

19. ágúst. **37. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um leyfi fyrir eigendur Skálholts kirkju til að kaupa konungleg skuldabrèf fyrir fè kirkjunnar.**

Í bænarskrá nokkurri, er þèr, herra stiptamtmaður og þèr, háæruverðugi herra, hafið sagt álit yðar um í brèfi 17. nóvemberm. f. á., hafa þeir Thorsteinson, konferenzráð, og Hannes kaupmaður Johnsen, eigendur Skálholts kirkju, meðal annars farið þess á leit, að þeim yrði veitt leyfi til að verja fè kirkju þessarar, því sem um er rætt í konúngsbrèfi 29. septemberm. 1848, og sem nú er að upphæð 960 rd., til að kaupa fyrir það konungleg skuldabrèf, er gefi 4 af hundraði í vöxtu á ári, í stað þess að setja fè þetta á vöxtu í jarðabókarsjóð Íslands.

Eptir að stjórn kirkju- og kennslumálanna var búin að bera mál þetta upp fyrir konungi, hefur hans hátign 17. dag þ. m. allramildilegast fallizt á þá uppástungu stjórnarinnar, að leyfi það, er um var sótt, veitist beiðendunum, með þeim skilmálum, að þèr ritið á skuldabrèfin bann mót því að þeim sè fargað, og að þau sèu síðan fram seld til varðveizlu í jarðabókarsjóðnum, og að endingu að öllu því fè, sem áður er um getið, eður 960 rd., sè varið til að kaupa fyrir það slík ríkisskuldabrèf, er eigi standi í hærra verði en þau hljóða uppá.

Þetta tilkynnist yður, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar þeim, er hlut eiga að máli.

---

38. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um gjafakorn til Snæfellsnes sýslu. 1859. 3. septemb.

Þèr hafið, herra amtmaður, í brèfi 3. f. m. farið þess á leit, að dómsmálastjórnin hlutist til um að útvega svosem 400 eður 500 tunnur af korni, til þess að afstýra með því móti hallæri, er menn annars óttast fyrir muni að höndum bera í þremur bágstöddustu hreppunum í Snæfellsnes sýslu, en það eru Breiðavíkur hreppur, Staðarsveit og Eyrarsveit.

Um þetta efni tilkynnist yður, að sendar verða hèðan 500 tunnur af rúgi, með skipi nokkru, er agent Clausen á, og um þessar mundir fer til Stykkishólms; má útbýta korni þessu ókeypis til hinna nauðstöddustu af íbúum Snæfellsnes sýslu, einkum í þeim þremur hreppum, er áður voru nefndir. Korninu verður úthlutað eptir fyrirsögn yfirvaldsins, og eruð þèr beðnir að gæta þess, að því verði að eins útbýtt til þeirra sveita, sem eru í raun og veru nauðstaddar, og að því sè skipt milli þeirra eptir uppástungu, er þar um sè gjörð af sýslumanni, og samþykkt af yður; einnig eruð þèr beðnir að senda reikning með skilríkjum, svo sem vera ber, um úthlutun kornsins og skýrslu um það, hvernig því hafi verið útbýtt.

Þess skal getið, að eigi skal útbýta korninu ókeypis, nema til þess beri óumflýjanleg nauðsyn, og hefur því verið svo um samið við agent Clausen, að hann taki inn í verzlun sína það af korninu, sem ekki kynni nauðsynlega við þurfa til útbýtingar í hinum nauðstöddu sveitum.

Dómsmálastjórnin vonast eptir að fá skýrslu frá yður um það, hvað gjört verður í þessu efni, og um það, hvernig ástatt er yfir höfuð að tala.

---

39. Brèf dómsmálastjórnarinnar til hins setta sýslumanns í Húnavatns sýslu, um kornlán. 13. sept.

Þèr hafið, herra kammerráð, ásamt Jósep hèraðslækni Skaptasyni, í brèfi 26. júlí þ. á. skýrt frá, að á sýslufundi, er

1859. 13. sept. menn áttu 25. s. m., hafi menn komizt að raun um, að vörubyrgðir þær, sem í vor er leið hafi flutzt til verzlunarstaðanna í Húnavatns þingi, sèu öldungis ónógar, svo sjá megi fyrir að skortur verði á vörum næstkomandi vetur, einkum handa hinum fátækari af sýslubúum; hafi það því verið falið yður á hendur að rita Hillebrandt stórkaupmanni, og biðja hann um að senda nú í haust 1200 tunnur af kornvörum til verzlunarstaðanna í sýslu þessari; hafið þèr því næst beðið dómsmálastjórnina um fulltingi sitt, til þess að Hillebrandt gjöri að tilmælum yðar; en fari svo, að hann ekki sè fáanlegur til þess, hafið þèr skorað á stjórnina að hlutast til um, að kornvörur þær, er hèr ræðir um, verði með einhverju móti útvegaðar, þareð búast megi við hallæri í sýslunni að öðrum kosti.

Samkvæmt þessu var skorað á Hillebrandt stórkaupmann, að láta að tilmælum þeim, er áður var um getið, og hefur hann svarað því, að hann ekki sjái sèr fært af eigin rammleik að kaupa og senda til verzlunarstaðanna í Húnavatns sýslu nú í haust meiri kornvörur, en þegar hafi verið þangað fluttar; en þar á móti hefur hann gefið kost á því, að flytja í þessum mánuði 800 tunnur af kornvörum til Skagastrandar, svo framarlega sem stjórnin geti útvegað það fè, er þarf til kornkaupanna hèr, en hann láni fè það er gengur í flutningskostnað, ábyrgðargjald m. m., þangað til vörurnar sèu komnar til verzlunarstaðarins.

Með því dómsmálastjórnin, eptir því sem nú hefur sagt verið, hlaut að álíta góða úrgreiðslu þessa málefnis mikils umvarðandi, þótti ráðlegt að fallast á tilboð Hillebrandts; hefur því Húnavatns sýslu verið veitt lán, að upphæð 5083 rd. 2 mk., er tekið verður inn í fjáraukalög konungsríkisins. Fyrir fè þetta hafa keyptar verið kornvörur þær, sem til eru greindar á skrá þeirri, er með fylgir, en það eru: 400 tunnur af rúgi, tunnan 5 rdl. 2 mk., 200 tunnur af bankabyggi, tunnan á 8 rdl. 1 mk. 8 sk., og 200 tunnur af baunum, tunnan á 6 rdlr. 3 mk. Vörurnar fara nú hèðan með skipinu „Friðrik", er skipstjóri Christiansen ræður fyrir, og verða lagðar upp á Hólanes-verzlun-

arstað hjá Knudsen verzlunarstjóra, og úthlutar hann þeim síðan eptir boði yfirvaldsins. 1859. 13. sept.

Þegar búið er að bæta við kaupverð það, sem áður er greint, flutningskaupi því er Hillebrandt hefur áskilið sèr, ásamt með ábyrgðargjaldi, borgun fyrir afferming, og fyrir úthlutun varanna á Íslandi, en það eru samtals 2 rd. 4 mk. fyrir rúgtunnuna, 2 rd. 4 mk. 8 sk. fyrir tunnu af bankabyggi og 2 rd. 3 mk. fyrir tunnu af baunum, þá má selja vörutegundir þær, er nú hafa verið nefndar, fyrir 8 rd., 11 rd. og 9 rd. tunnuna.

Um borgun lánsins skal þess getið, að þó ekki hafi verið beðið um neinn borgunarfrest, virðist þó varlegra að ákveða slíkan frest, er nota mætti, ef á þyrfti að halda, til þess að útvega fè til endurgjalds láninu, og dómsmálastjórnin hefir því í hyggju að fara fram á það við ríkisþingið, að veitt verði nokkur umlíðing um lánið; verður yður gefið til vitundar með hverjum skilmálum lánið er veitt, þegar ríkisþingið er búið að samþykkja fjáraukalögin.

Eptir tilmælum Hillebrandts stórkaupmanns verður dómsmálastjórnin þar að auki að skora á yður, að annast um það, svo sem með þarf, að endurgjald það, sem áður hefur nefnt verið, og honum ber fyrir flutning á vörunum, ábyrgðargjald m. m., sem er samtals 2116 rd. 4 mk., verði greitt Knudsen verzlunarstjóra á Hólanesi, áður en skipið fer þaðan aptur.

Að endingu sè yður falið á hendur að gæta þess nákvæmlega, að áður greindum kornvörum verði haganlega úthlutað, og vonast dómsmálastjórnin eptir að fá sem fyrst játningu yðar fyrir því, að vörurnar hafi komið til skila, og seinna meir nákvæma skýrslu um það, hvernig þeim hafi verið varið.

---

40. Almennar reglur, sem gilda skulu fyrst um sinn á Íslandi viðvíkjandi fjárkláðanum. 14. sept.

1. grein. Lögreglustjórnin á að leitast við með öllu móti, sem í hennar valdi stendur, að kæfa niður fjárkláða þann, sem í landinu er, girða fyrir útbreiðslu hans og endurkviknun, eink-

1859. 14. sept.

um með nægilegum aðskilnaði sauðfjár þess, sem kláðsjúkt er, eða grunað um sýkina, og með því að við hafa á reittan hátt lyf þau, sem lækna sýkina, þar sem hún á sèr stað, og eyða sóttnæmi því, er henni fylgir. Yfirvöldin sjálf, og hver sá, sem er þeim undirgefinn í opinberri þjónustu, eiga á þann hátt, sem bezt gegnir, að reyna til að aptra því, að bændur skeri sjálfkrafa svo niður sauðfènað sinn, að óttast megi skaðlega fækkun sauðfjárins, svo að þar af geti leidt hnignun jarðræktarinnar í landinu.

2. gr. Amtmenn og sýslumenn eiga að útvega, eins opt og þeim er unnt, áreiðanlegar skýrslur um heilbrigðisástæður sauðfjárins í hèruðum þeim, sem þeir eru yfir skipaðir; fái þeir nokkurnveginn áreiðanlega vitneskju um, að ný hætta muni búin af fjárkláðanum, og hafi þeir þó enn eigi fyrir sèr álit þeirra manna, sem beri læknislegt skyn á því máli, eiga þeir, svo fljótt sem kostur er, að láta dýralækni skoða sauðkindur þær, sem hættan þykir búin af. Komi sýkin í ljós í sveitum þeim, er liggja við sýslumót, skal skýra lögreglustjóranum í hinni næstu sýslu frá því.

3. gr. Allir fjáreigendur í hverju amti skulu áminntir um, að sjálfir þeir eigi af fremsta megni að ala önn fyrir heilbrigði sauðfènaðar síns, og að því leyti skal þess einkum gætt:

a) að bændur eigi seti meiri fènað á vetur, en þeir eiga nokkurnveginn víst að geta fóðrað svo vel sè.

b) að bændur fækki fènaði sínum, eins og nauðsyn þykir til vera, undir eins og fóðurskortur þykir að yfir muni vofa.

c) að bændur, jafnframt nægu fóðri, veiti skepnum sínum húsaskjól, sem þær við þurfa, og nægilegt gott vatn að drekka.

d) að bændur eins forðist, að fènaður sè í ofheitum húsum, eins og að hann verði að búa undir skaðvænum áhrifum af miklum kulda og óveðri.

e) að gætt sè hins mesta hreinlætis í fènaðarhúsum, þegar fè hefir innistöðu.

f) að bændur gæti þess, sem þeim er framast unnt, að sauðfè þeirra hafi eigi samgöngur við annara fè, sem annaðhvort

er kláðsjúkt, eða grunað um kláðsýki; og komi einhver aðkomukind saman við fé einhvers, og nokkur óttavon sé, að hún sé eigi heilbrigð, skal hreppstjóra eða einhverjum hreppsnefndarmanni gefin vitneskja um, og kindinni haldið aðskildri frá öllu öðru fé, unz hreppstjórinn kemur. 1859. 14. sept.

g) Allan sauðfénað skal iðulega skoða vandlega, til að gæta að, hvort merki sjáist nokkurs hörundskvilla (kláðavottur, óþrifakláði, hrúðrar, vos, skurfur, þvalasýki o. s. frv.), sem ugga megi að kláði sé.

4. gr. Finnist kláði í sauðfé einhvers bónda, skal það þegar í stað gefið til vitundar hreppstjóra eða einhverjum hreppsnefndarmanni. Eigandi fjárins skal jafnframt tafarlaust ala önn fyrir, að því sé haldið svo aðskildu, að annara sauðfé sýkist eigi af því. Sömuleiðis skal og við hafa lyf þau, er geti læknað kláðasýkina og afstýrt henni[1]. Að svo miklu leyti, sem kostur er, skal þegar greina hinar sjúku kindur frá þeim, er heilbrigðar virðast, og með frábærri umhyggju við hafa lyfin við hinar sjúku. Skinn og ull af kindum þeim, sem skornar verða eða

---

1) Athugasemd. Sem lyf til að lækna fjárkláða og afstýra honum er einkum ráðanda til að við hafa tóbak, og getur það komið að góðu gagni að við hafa tóbakssósu, sem svo er kölluð, eða öllu heldur tóbaksseyði, sem alþýða manna þekkir, og skal hella lyfi þessu hér og hvar á kropp kindarinnar; en sé sýkin þegar komin í ljós á mörgu fé einhvers bónda, eða einstaka kindur sé orðnar mjög kláðsjúkar, þá skal sjá svo um, að lyfið renni um allan kroppinn, og það á öllu fénu, og má það gjöra með sömu aðferð, og höfð er, þegar lyfinu er núið í skinnið, eða hellt á hörundið, ef menn eigi vilja við hafa tóbaksbað, sem þó er betra, og þarf lyfið þá eigi að vera eins megnt.

Þessi er tilbúningur tóbaksseyðisins: Taka skal eitt pund af tóbaki (rjóli, rullu, tóbaksblöðum frá Ameríku, eða kavendish-tóbaki), smásaxa og seyða í 24 mörkum vatns að minnsta kosti um 3 stundir, unz 12 merkur að eins eru eptir. Tvær merkur af seyði þessu skal þynna með öðrum 2 mörkum vatns, þó má hafa gamalt hland í stað fjórðungs eða jafnvel þriðjungs af vatninu. Tóbaksseyðinu má og núa í einstaka bletti, án þess það sé þynnt að nokkru.

1859. 14. sept. drepast af fè því, er menn eru hræddir um að kláði sè í, skal fara með eins og síðar segir í 9. grein.

5. gr. Þegar hreppstjórinn (hreppsnefndin) fær vitneskju þá um kláða, sem áður er um getið, skal hann (hún) ala önn fyrir, að eigandi hins sjúka fjár hlýðnist reglum þeim, sem hèr á undan eru settar um meðferð alls fjárins, og skal hreppstjórinn (hreppsnefndin) koma þángað sjálfur optar en einu sinni til að sjá um þetta. Hreppstjórinn (hreppsnefndin) skal og skýra sýslumanni frá hið hraðasta, hvernig ástatt sè með sauðfè það, sem tekið er undir vöktun, og gefa honum til vitundar, þegar nokkur hættuvon er að annara sauðfè sýkist af því. Hreppstjórinn (hreppsnefndin) skal gefa öllum sauðfjáreigendum í hreppnum það til vitundar, hverir þeir bæir sè, er óttast megi að kláði sè á.

6. gr. Þegar hreppstjórinn (hreppsnefndin) fær vitneskju um, að einhver aðkomukind, er hætta sè búin af sökum kláða, hafi hlaupizt saman við eitthvert fè í hreppnum, ber honum (henni) að ala önn fyrir, að slíkri kind sè haldið nægilega aðskildri frá öðru fè á kostnað eigandans, og með hana sè farið samkvæmt reglum þeim, sem settar eru um lækningar fjárkláðans, unz enga hættu þarf lengur að óttast, að aðrar kindur veikist af henni. Á sama hátt skal fara með annara kindur, þær er hætta þykir af standa sökum kláða, er þær verða fundnar fyrir utan landareign eigandans.

7. gr. Þyki sýslumanni, eptir skýrslum þeim, er hann hefir fengið, sem nokkurstaðar sè ótta von um, að sóttnæmi eigi sèr stað, eða að það hafi þegar borizt á ýmsa bæi í hreppnum, skal hann, svo fljótt sem unnt er, skýra amtmanni frá, og stefna til sín dýralækni þeim, sem þar er skipaður; skal dýralæknirinn fara til bæja þeirra, sem sýkin er á, og rannsaka, hvort frekari ráðstafanir þurfi, en þær, sem þegar eru gjörðar, til að stemma stigu fyrir útbreiðslu sóttnæmisins, og kæfa niður sýkina. Skuldbindi eigandinn sig til sjálfviljuglega, að gjöra það er dýralæknirinum þykir nauðsyn til bera, skal þegar framkvæma það, en að öðrum kosti skal sýslumanni þegar í stað skýrt frá. Við rannsókn þessa skal dýralæknirinn jafnframt

hyggja vel að, hvort ráðstafanir þær, sem áður hafa verið gjörðar til að stemma stigu fyrir útbreiðslu sýkinnar, eptir því sem ástatt er, þar sem hún er, megi telja fullnægar, og hafi vanrækt eða skeytingarleysi átt sèr stað í því efni, skal hann skýra sýslumanni frá því. Sè enginn dýralæknir til, skal stefna til öðrum manni, er vit hafi á málinu, og gengur hann þá í stað dýralæknisins. 1859. 14. sept.

8. gr. Ráðstafanir þær, sem dýralæknirinn telur nauðsynlegar til að kæfa niður sýkina, samkvæmt því, sem í þessum reglum er fyrir skipað, og sem eigandi fjárins vill eigi sjálfviljugur hlýðnast, þær skal framkvæma eptir ályktun amtmanns, eða eptir ályktun sýslumanns, eptir heimild frá amtmanni, sè hætta bráðlega búin; en sýslumaður ber ábyrgðina, sè ráðstafanir þessar vanræktar. Verði sú raun á, eptir að dýralæknirinn hefir haft fram rannsókn þá, sem áður er getið, að eigandi hins sýkta fjár eða hreppstjórinn sè þess valdandi sökum vanræktar á skyldum sínum, að sýkin hafi magnazt svo, að hættan hafi aukizt við það af sóttnæminu meira en þurfti að vera, skulu hlutaðeigendur greiða hæfilegar sektir, eptir úrskurði og ráðstöfun yfirvaldsins.

9. gr. Sèrhverja þá sauðfjárhjörð, er dýralæknir telur kláðsjúka, skal þegar aðgreina svo frá öðru fè, að allri hættu sè afstýrt, að sóttnæmið útbreiðist, skal því setja fastar reglur um það á hverjum einstökum bæ, eptir því sem dýralæknirinn segir fyrir, eða einhver sá maður, sem til þess er skipaður, og skal þeim reglum vandlega hlýdt. Láti eigandinn skera fèð niður, eða nokkurn hluta þess, sem ávallt skal gjört undir umsjón yfirvaldsins, og, að svo miklu leyti því verður við komið, undir umsjón dýralæknisins, eða að minnsta kosti aðstoðarmanns hans, eða þess sem í hans stað er settur, skal allt um það hafa aðgreininguna og halda henni áfram, svo lengi sem nokkur kind er lifandi af fènu. Þess skal og gætt, að sóttnæmið útbreiðist eigi við skinn hinna skornu kinda, eða við fjárhús þau, er þær hafa verið í, kvíar eða heimalönd, nè heldur við sauðataðið í fjárhúsunum[1].

1) Athugasemd. Í þessu efni skal gætt reglu þeirrar, sem nú skal

1859. 14. sept. 10. gr. Verði það fé, sem kláðsjúkt er, og sem greint er frá öðru fé eptir ráðstöfun dýralæknisins eða annars þess manns, sem í hans stað er skipaður, eða eptir ráðstöfun yfirvaldsins, eigi haldið svo vandlega frá samgöngum við annara fé, að alls engin hætta sé búin, að sóttnæmið útbreiðist af því, skal leggja fyrir eigandann, að við hafa þegar í stað, eða svo fljótt sem auðið er, þess kyns lækningar, sem dýralæknirinn, eða sá sem í hans stað kemur, telur nægilegar til að útrýma sýkinni úr fé hans. Svo lengi sem eigandinn sýnir nokkra vanrækt í þessu efni, skal sýslumaður annast, að höfð sé opinber umsjón með aðskilnaði fjárins, svo að engin ótta von sé, að svo miklu leyti orðið getur, fyrir því, að sóttnæmið útbreiðist frá fé hans, og skal sú umsjón vera sett á kostnað eigandans.

---

greina, að svo miklu leyti, sem hlutaðeigandi dýralæknir eigi telur aðra aðferð haganlegri, eptir því sem ástatt er á hverjum stað fyrir sig. Haga þá, sem grunaðir eru um sóttnæmi, má um vetur telja hættulausa 4 vikum eptir það þeir voru síðast notaðir til hagbeitar fyrir kláðsjúkt eða grunað fé, og á sumrum 6 vikum eptir. Fjárhús þau, sem talin eru hættuleg sökum sóttnæmis, skal vandlega hreinsa, og sérílagi þannig, að þegar búið er að flytja allt það burt, skal hella sjóðheitu vatni á jöturnar, garðana og veggina, svo langt upp eptir, sem kindin getur til náð að snerta. Þegar búið er að hreinsa fjárhúsin, eins og nú var sagt, skal kinda þau innan og fylla þau reyk af einhverju því brennsluefni, sem megnan reyk leggur af, svo að blossann leggi á alla þá hluta hússins, sem eigi kviknar í, og að reykinn geti lagt inn í hverja glufu, hversu lítil sem er. Sauðataðið úr slíkum húsum skal flytja þangað, er heilbrigt fé eigi komist að, eða hylja með taði annars fénaðar. Því næst skal svo um búið, að lopt geti leikið um húsin í 6 vikur eptir, áður en inn í þau sé látið heilbrigt sauðfé.

Flytja skal og vandlega allt sauðatað úr kvíum þeim, er grunur liggur á um sóttnæmi, og skal með það fara á sama hátt og með sauðataðið úr fjárhúsunum. Allan við skal þvo úr sjóðheitu vatni, og veggina, þá er þola svo mikinn hita, skal fara með á sama hátt og þann hluta fjárhúsanna, er eldur vinnur eigi á. Enga heilbrigða sauðkind má hafa þar sem kvíar hafa verið hafðar, fyr en 6 vikum eptir hreinsunina. Gærurnar af hinum sýktu eða grunuðu sauðkindum skulu látnar liggja um hríð í tóbaksseyði því, sem áður er um getið, blönduðu vatni að helmingi; því næst skal þvo þær í vatni, og hengja þær upp og þurka.

11. gr. Baða skal vel allt það fé, sem er í grennd við hið kláðsjúka fé, og sem dýralæknirinn, eða sá maður, sem í hans stað kemur, telur hætt við að kunni að sýkja aptur út frá sèr. 1859. 14. sept.

12. gr. Hver sá, er gjörist sekur í að afrækja ráðstafanir þær, sem yfirvaldið og dýralæknirinn, eða sá er í hans stað kemur, hafa gjört, eða vanræki einhver umsjón þá, sem honum er á hendur falin, skal sæta fèsekt, er yfirvaldið ákveður, eptir því, hvernig vanrækt þeirri er háttað.

13. gr. Úr hrepp þeim, þar sem fjárkláða verður vart á vori, má engan sauðfènað reka á afrètti, fyr en sá maður hefir skoðað, er vit hefir á og til þess er skipaður af yfirvaldinu, og hann telur fèð með öllu kláðlaust, og þó því að eins, að það hafi eigi hinar næstu 6 vikur á undan haft samgöngur við kláðsjúkt fé.

14. gr. Halda skal hreppsnefndum þeim og sýslunefndum, sem þegar eru skipaðar, að svo miklu leyti þörf gjörist, reisa þær við þar sem þær eru eigi fullsettar, og stofna þær þar sem þær eru eigi enn settar. Hreppanefndirnar skulu einkum láta sèr annt um, að fá sem áreiðanlegasta vitneskju um heilbrigðisástæður sauðfjárins, hver í sínum hrepp, og skulu hreppanefndarmenn því sjálfir iðulega rannsaka og skoða fèð í hreppnum, einkum á veturna og á vorum, þegar aukast fara samgöngurnar millum sauðfjárins frá ýmsum bæjum. Hvenær sem hreppstjórinn eða einhver hreppsnefndarmaður þykist verða kláða var í fè einhvers bónda, skal að farið á sama hátt, og ef eigandinn hefði frá því skýrt.

15. gr. Beiðist eigandi hins kláðsjúka eða grunaða fjár aðstoðar dýralæknisins við lækningu fjár síns, skal hann fá hana, að svo miklu leyti auðið er, án alls kostnaðarauka fyrir hann, og verði það sannað, að hann sè svo fátækur, að hann geti eigi keypt lyf þau, er til lækninganna þurfa, getur yfirvald hans látið hann fá lyfin, og sker yfirvaldið síðar úr, hvort honum verði gefin upp borgunin fyrir þau.

Ef dýralæknirinn í þessu eða öðru þarf aðstoðarmanna, er trúa megi fyrir stjórn á lækningastörfunum, til að stemma stigu fyrir fjárkláðanum og kæfa hann niður, skal amtmaður, eða þá

1859. 14. sept. sýslumaður, ef bráða nauðsyn ber til, annast, að hann fái aðstoðarmenn, og skulu þá einkum teknir til greina þeir menn, er dýralæknirinn stingur upp á. Dýralæknirinn er hinn næsti yfirmaður aðstoðarmanna, sem honum eru skipaðir, að því er snertir öll lækningastörf.

16. gr. Allir hlutaðeigendur skulu skýra næstu yfirmönnum sínum frá heilbrigðisástæðum sauðfjárins, og öllu því, sem gjört er til að útrýma fjárkláðanum, svo opt og nákvæmlega, að þeir ávallt hafi áreiðanlega vitneskju um allar ástæður, og skal hver yfirmaður gefa undirmönnum sínum reglur um það, svo að aðferðin verði í því efni samkynja í öllu umdæminu; sèr í lagi skal hreppstjórinn eða hreppsnefndin semja skýrslu að minnsta kosti einu sinni á mánuði hverjum, og senda sýslumanni svo fljótt sem auðið er. Um skýrslur dýralæknanna er ákvörðun gjörð í reglugjörð þeirri, er vèr, hinir konunglegu erindsrekar, höfum samið handa þeim.

Reykjavík, 14. september 1859.

H. C. Tscherning. *Jón Sigurðsson.*

---

14. sept. **41. Reglugjörð fyrir dýralæknana Hansteen og Krause, meðan þeir dvelja á Íslandi sökum fjárkláða þess, sem þar gengur yfir.**

1. gr. Dýralæknarnir eiga, hvor um sig og í sameiningu, að leggja alla alúð á að styrkja með læknisráðum, sem framast þeim er unnt, allar ráðstafanir þær, sem gjörðar eru til að útrýma og afstýra fjárkláðanum.

2. gr. Þeir skulu nota sèrhvert tækifæri, sem þeim býðst, til að afla sèr vitneskju, svo nákvæmrar, sem auðið er, um heilbrigðisástæður sauðfjárins í hinum ýmsu hèruðum landsins, og einkum skulu þeir hafa gætur á, þar sem fjárkláðinn þegar hefur komið í ljós.

3. gr. Fái þeir vitneskju um, að nokkur ný hætta sè búin af fjárkláðanum, skulu þeir hið allrabráðasta skýra lögreglustjórninni frá, og einkum snúa sèr að hlutaðeiganda sýslumanni, ef enginn frestur má verða á rannsókninni.

4. gr. Dýralæknarnir skulu, eins og þeir framast geta, gegna áskorun yfirvaldanna, að leggja ráð á og skýra frá áliti sínu í þeim efnum, er ná til dýralækninganna, og sömuleiðis láta í tè aðstoð sína, þar sem yfirvaldið telur nauðsyn á, að þeir sèu nærstaddir. Því að eins mega þeir synja slíks, að þeir sèu veikir, eða að þeir sèu bundnir við þau dýralæknastörf, sem meira sè undir komið, og sem þeir mega eigi frá hverfa þegar í stað. Þeir skulu ávallt skýra stiptamtmanni frá, er þeir skipta um bústaði, að svo miklu leyti þeir geta því við komið. 1859. 14. sept.

5. gr. Dýralæknarnir skulu hafa, eptir því sem þörf krefur, stöðugar gætur á bæjum þeim, þar sem kláðinn hefur þegar komið í ljós, unz þeir geta talið sýkina með öllu útrýmda.

6. gr. Skyldi svo fara, að dýralæknarnir væru beðnir að koma í hin umdæmin, skal dýralæknir Hansteen fyrstur taka að sèr það starf. Að öðru leyti skulu þeir, þegar hinir konunglegu erindsrekar eru farnir hèðan af landi, og þegar þeir hafa lokið störfum þeim, sem þeim hafa verið falin á hendur á tilteknum stöðum, skýra hlutaðeiganda amtmanni frá, hvað þeir sameiginlega hafa afráðið um störf sín framvegis.

Dýralæknarnir skulu iðulega skýra lögreglustjórninni frá heilbrigðisástæðum sauðfjárins, að því er kláðann snertir, samkvæmt þeirri vitneskju, sem þeir hafa aflað sèr. Þeir skulu og skýra yfirvaldinu frá, hvað þeir hafi aðgjört til að rýma burtu sýkinni, og að minnsta kosti skulu þeir einu sinni á mánuði hverjum senda sýslumanni svo nákvæma skýrslu um þetta, sem þeim er auðið, en sýslumaður sendi amtmanni.

7. gr. Að öðru leyti skulu dýralæknarnir hafa gætur á heilbrigðisástæðum alidýra allra, og reyna að komast fyrir orsakirnar til hinna tíðustu og hættulegustu sjúkdóma, og hver ráð sèu hentust til að afstýra þeim og lækna. Skýrslu skulu þeir og senda löggæzluráðherranum um árangurinn af rannsóknum sínum í þessum efnum, meðan þeir dvelja á Íslandi.

Reykjavík, 14. september 1859.

H. C. Tscherning. *Jón Sigurðsson.*

1859. 15. sept. **42. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um linun í afgjaldi af konungsjörðum á vesturlandi.**

Dómsmálastjórnin hefur borið upp fyrir konungi mál það, sem um er rætt í brèfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 9. dag desemberm. f. á., og hefur hans hátign 9. þ. m. allramildilegast fallizt á þær tillögur stjórnarinnar, að leiguliðum á þjóðjörðum í vesturumdæminu á Íslandi enn í 3 ár, er talin sèu frá fardögum 1858, veitist sú hin sama linun í landskuldargjaldi af ábúðarjörðum sínum, sem þeir hafa verið að njótandi nú á seinni árum; en það er á þann hátt, að þeir greiði $\frac{5}{6}$ landskuldarinnar eptir fornu verðlagi, en $\frac{1}{6}$ með peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá á hverju ári; þó skal bjóða umboðsmanni að hækka landskuldina við ábúandaskipti, eptir nákvæmari ákvörðun amtmanns í hvert sinn, þegar slíkt þykir fært eptir ásigkomulagi jarðarinnar og öðrum atvikum.

---

11. október. **43. Brèf dómsmálastjórnarinnar til sýslumannsins í Skagafjarðar sýslu, um kornlán[1].**

Í bænarskrá, er þèr senduð amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, en hann hefur hingað sent, hafið þèr, herra kammerráð, farið þess á leit, að Skagafjarðar sýslu verði veitt leigulaust peningalán til þess að kaupa fyrir 300 tunnur af rúgi, 150 tunnur af bankabyggi og 150 tunnur af baunum, til þess að fyrirbyggja hallæri, er menn annars óttast fyrir í sýslu þessari á næsta vetri.

Með því nú skýrslur þær, er hingað bárust, um ástandið í sýslunni og um vörubyrgðir á verzlunarstöðunum, votta um það, að málefni þetta er mjög mikils varðandi, hefur Skaga-

1) s. d. var amtmanninum yfir norður- og austur-umdæminu sent eptirrit af brèfi þessu, og hann beðinn að leggjast á eitt með sýslumanni, til þess að annast um, að kornvörum þeim, er hèr ræðir um, yrði varið sem haganlegast.

fjarðar sýslu verið veitt lán það, er um var beðið, og verður fé tekið inn í fjáraukalög konungsríkisins. Dómsmálastjórnin hefur síðan hlutazt til um, að keyptar væru og sendar til sýslunnar vörur þær, sem til eru greindar á skrá þeirri, er með fylgir, en það eru 300 tunnur af rúgi, 150 tunnur af bankabyggi og 150 tunnur af baunum; fara vörur þessar nú með skipinu „Elinna", er Siwertz skipstjóri ræður fyrir, og verða lagðar upp í Hofsós, svo þeim síðan verði úthlutað eptir fyrirsögn yfirvaldsins. 1859. 11. október.

Verð það, sem greitt hefur verið fyrir vörur þessar, eru 8 rd. fyrir rúgtunnuna, 11 rd. fyrir tunnu af bankabyggi og 9 rd. fyrir tunnu af baunum; en það er samtals 5400 rd.; innibindur verð þetta bæði kaupverðið á vörunum og allan kostnað, er leiðir af flutningi þeirra til Íslands og úthlutun; og má því láta hlutaðeigandi sveitir eður einstaka menn fá þær við þessu verði.

Þegar ríkisþingið er búið að samþykkja fjáraukalögin, mun yður, herra kammerráð, verða tilkynnt, hve langur borgunarfrestur sé veittur með lán þetta, og hverjum skilmálum það að öðru leyti verði bundið.

Að endingu sé yður falið það á hendur, eptir nákvæmari fyrirmælum amtmanns, að ákveða hvernig úthluta skuli kornvörum þessum, og vonast dómsmálastjórnin eptir, að þér, svo sem vera ber, látið yður annt um að þeim verði úthlutað með sem mestri nærgætni verða má, svo tilganginum verði fullnægt; eruð þér og beðnir að senda með skipinu aptur vottorð yðar um það, að vörurnar hafi komið til skila, og seinna meir nákvæma skýrslu um, hvernig þeim hafi verið varið.

---

44. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun til sýslumanna fyrir ferðir í kláðamálinu. 14. október.

Eptir reikningi þeim og fylgiskjali, sem er með brèfi þessu, hefur sýslumaðurinn í Árnes sýslu heimtað 54 rd. í borgun fyrir

1859. 14. október. ferðir sínar og annað þess konar til að koma fram böðun fjárins til varnar mót kláðasýkinni í nokkrum hreppum í sýslunni. Hinir konunglegu erindsrekar, Tscherning, prófessor, og Jón Sigurðsson, skjalavörður, hafa sent hingað reikning þenna, og getið þess um leið, að það hafi komið til íhugunar hvort sýslumenn almennt ættu heimting á endurgjaldi fyrir ferðir sínar, er þeir tækjust á hendur til að koma fram þeim ráðstöfunum, er miða til að eyða fjárkláðanum; en með því erindsrekarnir ekki hafa viljað færast í fang að ráða sjálfir máli þessu til lykta, hafa þeir skotið því til úrlausnar stjórnarinnar.

Stjórninni þykir nú sem stendur ekki ástæða til að leggja úrskurð á þá hina almennu spurningu er hèr ræðir um, þareð það hlýtur að vera komið undir því, hvernig ástatt er í sèrhvert skipti, hvort málinu er þannig varið, að endurgjald beri að veita. En það tilkynnist yður, sjálfum yður til leiðbeiningar og frekari framkvæmdar, og til auglýsingar þeim, er hlut eiga að máli, að eptir málavöxtum er frá stjórnarinnar hálfu ekkert því til fyrirstöðu, að borgun sú, sem áður er um getið, sè greidd Guðmundsen kammerráði úr jarðabókarsjóði Íslands af fè því, sem til er greint í 22. tölulið í 14. gr. fjárhagslaganna.

---

14. október. **45. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um það, hvort greiða megi til bráðabyrgða úr jafnaðarsjóði amtsins skaðabætur fyrir niðurskurð.**

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, í brèfi 7. f. m. beðið um leyfi stjórnarinnar, til að mega greiða til bráðabyrgða úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins 150 ríkisdali til Jóns bónda Þórðarsonar á Svínhaga, í skaðabætur fyrir niðurskurð á kláðasjúku og grunuðu fè, er fram fór hjá honum árið 1857 að tilhlutun sýslumanns, og skyldi síðan sjóðnum endurgjaldast þetta aptur af Rangárvalla sýslu.

Í þessu efni er yður það til vitundar gefið, sjálfum yður

til leiðbeiningar og til auglýsingar þeim, er hlut eiga að máli, 1859.
að eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar, getur dóms- 14. október.
málastjórnin ekki álitið, að greiða beri áðurnefnt fé úr jafnaðarsjóði amtsins.

---

46. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um gjald af brauðum til uppgjafapresta og prestaekkna. 14. október.

Í brèfi 19. febrúarm. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, gjört uppástungu um breytingu á reglum þeim, er hingað til hafa verið í gildi, um það, hvernig greiða skuli gjald til fátækra uppgjafa-presta og prestaekkna á Íslandi, það er ákveðið var með konungsbrèfum 14. febr. 1705 og 5. júní 1750; og hafið þèr þar að auki farið fram á, að tvær hinar eldri matsgjörðir um tekjur prestakalla á landinu, frá 1737 og 1748, verði teknar úr gildi, en aptur á móti verði útveguð staðfesting konungs á matsgjörð þeirri, er samin var um öll brauð á Íslandi árið 1853 (1854).

Stjórnin finnur nú reyndar fyrir sitt leyti ekkert athugavert við uppástungu þá, er hèr ræðir um; en með því að hún er mjög ólík uppástungu þeirri, er nefnd sú, er „Synodus" setti í þessu máli, samdi, og lögð var fyrir fund þenna, þykir það rèttast, áður en lengra er farið út í málið, að uppástunga yðar sè borin undir álit fundarins, ásamt brauðamatsgjörðinni frá 1853, svo framarlega sem matsgjörð þessi ekki áður hefur verið tekin til yfirvegunar á „Synodus"; en hvort svo sè, er stjórninni ókunnugt.

Þess vegna bið eg yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að hlutast til um það, sem með þarf í þessu efni, og þykir um leið vert að geta þess um brauðamatsgjörð þá, er síðast var nefnd, að stjórninni þótti það undarlegt, að Hólmar í Suðurmúla-prófastsdæmi, sem almennt er álitið eitt af beztu brauðum á Íslandi, er í matsgjörð þessari aðeins talið 492 rd. 62 sk.

1859. 14. október. Að því leyti, sem þèr í áður greindu brèfi yðar hafið farið fram á, að um leið yrði gjörð slík breyting á reglum þeim, er nú eru í gildi um árgjöld til prestaekkna á Íslandi, að sèrhver prestsekkja, sem eptir konungsbrèfi 5. júní 1750 á tilkall til árgjalds af brauði, eigi rètt á að fá þau goldin eptir tilsk. 6. janúar 1847, 5. gr., þá verður ekki fallizt á þessa uppástungu. Í því tilliti skal þess getið, að skiptingin á brauðunum í aðalbrauð og meðalbrauð, sem gjörð er í konungsbrèfi 5. júní 1750, 1. og 2. gr., er byggð á brauðamatsgjörðunum frá 1737 og 1748; og ef sú verður raun á, að matsgjörðir þessar sèu óhæfar til þess að leggja þær til grundvallar fyrir gjald það, sem áður er á vikið, til fátækra presta og prestaekkna, virðist svo, sem ekki muni heldur gjörlegt að leggja þær til grundvallar viðvíkjandi árgjaldi til prestaekkna framvegis á þann hátt, að eptir þetta beri rèttur til árgjalds að eins ekkjum þeirra presta, sem voru á þeim brauðum, er eptir konungsbrèfi 5. júní 1750 heim færast til þeirra þriggja flokka, sem þar eru til greindir eptir hinum fornu brauðamatsgjörðum.

Sè aptur á móti brauðamatsgjörðin frá 1853 lögð til grundvallar viðvíkjandi árgjöldum til prestaekkna, verður ekki hjá því komizt, að þessu sè til hagað á annan hátt en verið hefur; því brauðamatsgjörð þessi gjörir enga slíka flokkaskiptingu á brauðunum, sem hinar eldri; en slíku fyrirkomulagi verður, eptir því sem fyrir er mælt í tilskipun 31. mai 1855, ekki komið á nema með nýjum lögum.

Annars ber þess að geta, að grundvallarregla sú, sem að undanförnu hefur verið farið eptir, að veita árgjald aðeins ekkjum eptir þá presta, sem verið hafa á betri brauðunum, virðist varla vera rèttlæti samkvæm; því það má telja víst, að ekkjur þeirra presta, sem voru á fátækustu brauðunum, sèu optastnær mest þurfandi. Að sönnu fá hinar fátækustu af ekkjum þessum hlutdeild að tiltölu í þeim 300 rd., sem árlega eru veittir prestaekkjum á Íslandi og börnum þeirra úr ríkissjóði, og að auki hlut í gjaldi því af öðrum brauðum, sem opt hefur nefnt verið hèr á undan, og getur styrkur sá, er þær þannig hreppa, töluvert aukizt með tímanum, ef farið verður eptir uppá-

stungu stiptsyfirvaldanna um breytingu á gjaldi þessu; en samt sem áður virðist hann þó að vera með öllu ónógur fyrir flestar þeirra; það er og í því efni athugandi, að það eingöngu er komið undir álitum, hvort þær, hver fyrir sig, fá nokkurn hlut í styrk þessum, og hve mikill hann sè. Það virðist því rèttast, að sleppa framvegis grundvallarreglum þeim um árgjöld til prestaekkna, sem farið er eptir í konungsbrèfi 5. júní 1750, en aðhyllast þær hinar sömu reglur, sem farið er eptir um eptirlaun presta, á þann hátt, að þær fái tiltekinn hluta af hinum vissu tekjum sèrhvers brauðs. 1859. 14. október.

Stjórnin skorar því á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að semja frumvarp til nýrra ákvarðana um árgjöld til prestaekkna á Íslandi, og senda það síðan hingað, eptir að búið er að bera það undir „Synodus", og fundur þessi er búinn að kveða upp um það álit sitt. Væri og ástæða til, að reyna um leið að koma á betra skipulagi um eptirlaun presta; því um það efni er varla, nú sem stendur, fylgt neinni stöðugri reglu, er svo virðist, sem stiptsyfirvöldin í hvert skipti ákveði eptirlaunin eptir samkomulagi við prest þann, er frá brauðinu fer.

Að endingu skal því við bætt, að ef lagt verður samþykki á brauðamatsgjörðina frá 1853, hlýtur jafnframt að gjöra breytingu á reglunum um veitingu aðalbrauðanna; því þau 6 brauð, sem hans hátign konungurinn nú veitir, verða þá ekki öll saman beztu brauðin á landinu; væri, að áliti stjórnarinnar, ástæða til, að áskilja konungi að veita þau brauð, sem eptir hinni nýju matsgjörð eru metin hærra en 600 rd.; en um þetta eruð þèr beðnir að láta í ljósi álit yðar.

Þegar mál þetta kemur aptur til stjórnarinnar, eruð þèr beðnir að senda með því 2 „exemplör" af brauðamatsgjörðinni frá 1853, og um leið að skýra frá, hve margir prestar og prestaekkjur nú sem stendur eru á landinu, og um tölu þeirra, sem fá hlutdeild í gjaldi því af brauðunum, sem nú er úthlutað.

Fylgiskjöl þau, er þèr senduð, eru með brèfi þessu, en þèr eruð beðnir að senda þau aptur, þegar þèr eruð búnir að halda á þeim.

1859. 14. október.

47. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um lestagjald af frakkneskum skipum.

Þèr hafið, herra amtmaður, eptir skýrslu sýslumannsins í Snæfellsnes sýslu, er þèr senduð eptirrit af, skýrt frá því í brèfi 31. mai þ. á., að frakkneskur erindsreki nokkur, *Bouriaud* að nafni, hafði látið leggja á land í Grundarfirði húsavið, er þangað hafi verið fluttur á tveim frakkneskum skipum, og hafi þó ekki skip þessi áður komið við á neinum af verzlunarstöðum þeim, sem um er getið í lögum 15. aprílm. 1854 2. gr., nè heldur keypt íslenzk leiðarbrèf og greitt hið lögboðna lestagjald; reyndar hafi seinna verið fengið leiðarbrèf handa öðru af skipum þessum, *Clementine* að nafni, og greitt fyrir það lestagjald; en ekki hafi gjald þetta greitt verið fyrir hitt skipið, er *Nelly* heiti, því það hafi verið siglt á burt, þá er sýslumaður kom til Grundarfjarðar, og hafi hann þó farið þangað þegar í stað, er hann frètti hvað gjörzt hafði; hann hafi og ekki getað fengið neina upplýsingu um lestatölu skipsins, eður nafn skipstjóra, eður útgjörðarmanns. Þèr hafið þess vegna leitað úrskurðar um, hvort sekta beri *Bouriaud* fyrir brot hans móti verzlunarlögunum.

Um þetta efni skal þess getið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til frekari auglýsingar, að stjórninni þykir rètt vera, eptir málavöxtum, að sekta *Bouriaud* um 10 rd. til sveitarsjóðsins, einkum vegna þess, að hann ekki gaf yfirvaldinu neina vísbendingu um það, er skipin komu til Grundarfjarðar, jafnvel þó þau eigi mættu þangað koma að lögum beinlínis frá útlöndum, en lèt þau þar á móti leyfislaust leggja á land nokkurn hluta af farmi sínum. Með því einnig hefði átt að kaupa íslenzkt leiðarbrèf handa skipinu *Nelly*, eruð þèr beðnir um, að bjóða sýslumanni að reyna að ná hinu lögboðna lestagjaldi af skipi þessu; og á hann í því efni við *Bouriaud*, þareð hann er fulltrúi útgjörðarmanns, sem kvað eiga heima í Frakklandi.

48. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norður- og Austur-umdæminu, um drátt á alþingiskosningum í Húnavatnssýslu.** 1859. 14. október.

Þèr hafið, herra amtmaður, sent álit hlutaðeiganda sýslumanns um það, hverjum væri að kenna um drátt þann, sem seinast varð á að velja alþingismann og varaalþingismann fyrir Húnavatnssýslu. Þèr hafið og í brèfi, dags. 16. júlí þ. á., látið það álit í ljósi, að eptir því sem fram væri komið í máli þessu, mundi ekkert frekara við það að gjöra, nema að svo miklu leyti sem stjórnin vildi láta leggja ríkt á við hlutaðeigandi presta, að gæta betri reglu, þegar semja skyldi kjörskrár næsta sinn.

Í þessu tilliti látum vèr yður vita, að eptir því sem á stendur virðist að sönnu ekki næg ástæða til, að láta hlutaðeigendur sæta ábyrgð fyrir aðferð þeirra í máli því, er hèr ræðir um; en þareð kjörskrárnar úr Hjaltabakka, Hofs og Höskuldstaða prestaköllum eptir skýrslu sýslumannsins ekki eru dagsettar fyr en í ágústmánuði, og frá Hofs og Höskuldstaða prestunum ekki komnar til sýslumannsins fyr en seinast í þessum mánuði, þó að hann þegar í byrjun júnímánaðar hefði boðið að senda sèr þær innan júlímánaðar loka, þá finnur stjórnin ástæðu til, til að koma í veg fyrir slíka óreglu framvegis, að mælast til við yður, herra amtmaður, að leggja ríkt á við fyrnefnda þrjá hlutaðeigandi sóknarpresta, að ljúka í tækan tíma störfum þeim, sem hèr ræðir um, og þeir eru skyldir til að lögum.

---

49. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir Norður- og Austur-umdæminu, um uppbót til eins umboðsmanns fyrir þann halla, er hann hafði liðið sökum verðlags á vörum.** 15. október.

Þèr hafið, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá frá Birni Skúlasyni, umboðsmanni Skriðu klausturs; sækir hann um að fá uppbót á skaða þeim, er hann hefur orðið fyrir, af því að undanfarin reikningsár hefur verið svo mikill munur á gangverði

1859. 15. október. ýmsra vörutegunda í verzlun og verði þeirra eptir verðlagsskrá, en skaða þenna hefur hann talið 77 rd. 38 sk.

Í þessu efni lætur stjórnin eigi hjá líða að tilkynna yður, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar Birni umboðsmanni Skúlasyni, að það sem hann sótti um getur ekki orðið veitt honum, og er þetta samkvæmt því, sem um áþekkt tilfelli var á kveðið í brèfi innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur umdæminu, 10. nóvembr. 1849.

---

17. október. **50. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um skozka plóga handa Borgarfjarðarsýslu.**

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, með brèfi yðar, dags. 3. febrúar þ. á., sent hingað beiðni frá nefnd þeirri, sem Borgarfjarðar sýslubúar höfðu valið, til að ráðgast um, hvað úr skyldi ráða, til að stemma stigu fyrir bágindum þeim, er vofðu yfir vegna fjárkláðans. Þar er þess farið á leit, að stjórnin útvegi einn skozkan járnplóg, í minna meðallagi stóran, handa hverjum hrepp í sýslunni, en þeir eru níu, á þann hátt, að andvirði plóganna verði tekið úr styrktarsjóði Íslands; eða að öðrum kosti, að fè það, sem þarf til að kaupa plógana fyrir, verði fyrst um sinn lagt út úr sjóði þessum, sem leigulaust lán; og færi svo, að hvorugt af því, sem hèr er farið fram á, fengi áheyrn hjá stjórninni: þá í þriðja lagi, að kostur gæfist á, að fá áhöld þessi með hjálp hins danska landbústjórnarfèlags.

Eins og þèr hafið getið um í brèfi yðar, er fyr var nefnt, hefur suðuramtsins hús- og bústjórnarfèlag ekki fundið nægа ástæðu til að leggja til með beiðendum, að þeir fengi það, sem fyrst er farið fram á, og verður stjórnin að vera á sama máli í því efni. Stjórnin gat heldur ekki tekið til greina það, sem næst var beðið um, þar ásigkomulag og tilgangur styrktarsjóðsins ekki leyfir, að slík lán, er hèr ræðir um, séu úr honum tekin. Á hinn bóginn áleit stjórnin, að það gæti orðið Borgfirðingum að talsverðu gagni, ef það gæti fengizt, sem um var beðið; og hefur því skrifað hinu danska landbústjórnarfèlagi, og farið þess á leit, að það, ef

þess væri kostur, lèti Borgfirðinga fá plóga þessa, með þeim skilmálum, sem stungið hafði verið upp á. 1859. 17. október.

Landbústjórnarfèlagið hefur nú svarað því aptur, að það hafi ásett sèr, til að stuðla til betri jarðræktar í Borgarfjarðarsýslu, að láta sýslu þessa fá 9 lètta járnplóga, einn handa hverjum hinna 9 hreppa í sýslunni, fyrir hálfvirði, hèrumbil 7 til 8 dali hvern, sem hlutaðeigandi hreppar eiga að borga á þann hátt, að þeir eptir ásigkomulagi geti fengið þriggja ára gjaldfrest. Landbústjórnarfèlagið hefur enn fremur sagt, að það ætli nú að senda plógana til Íslands með gufuskipinu „*Arcturus*", og fela þá yður á hendur, herra stiptamtmaður.

Þetta látum vèr yður vita, yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir hlutaðeigendum.

---

51. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um fèstyrk til Borgarfjarðar- og Gullbringusýslu. 17. október.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, í brèfi, dags. 15. f. m., sótt um, að þèr mættuð fá til umráða allt að 1000 dölum, þareð óttast mætti fyrir hallæri í Borgarfjarðar- og Gullbringusýslu á komanda vetri, og skyldi fè þetta álíta sem styrk, er væri veittur sýslubúum þessum, og ei þyrfti að svara aptur.

Stjórnarráðið hefur skrifazt á við innanríkisstjórnina um mál þetta, og látum vèr yður því næst vita yður til leiðbeiningar, að stjórnin, eins og nú stendur á, ekki hefur á móti því, að þèr látið borga yður allt að 1000 dölum úr jarðabókarsjóði Íslands, til að verja því til þess augnamiðs, er hèr ræðir um. Fè þetta mun síðan fært inn í fjáraukalögin fyrir yfirstandanda fjárhagsár, sem lán til þeirra sveita í suðuramtinu, er njóta þess; og skulu sveitir þessar borga ríkissjóðnum lán þetta innan tiltekins tíma, og með þeim kostum, sem yður, herra stiptamtmaður, skal nákvæmar verða skýrt frá, eptir að ríkisþingið hefur samþykkt fjáraukalögin.

Þareð stjórnin ekki getur veitt styrk þann, sem beðið er

1859. 17. október. um, nema sem lán, sem örðugleikar kynnu að verða á að borga aptur, er til þess ætlazt, að þèr ekki notið leyfi það, sem hèr er gefið, nema ef einkis annars er úrkostur. Stjórnin vonast á sínum tíma eptir nákvæmri skýrslu frá yður um mál þetta.

---

17. október. **52. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um að setja nefnd í Reykjavík, til umsjónar í fjárkláðamálinu.**

Hinir konunglegu erindsrekar, prófessor Tscherning og skjalavörður Jón Sigurðsson, hafa í brèfi til stjórnarinnar, dagsettu 16. f. m., stungið upp á því, að í Reykjavík verði sett nefnd til bráðabyrgða, sem skuli gæta þess, að ákvörðunum þeim, sem þeir hafa gjört til að útrýma kláðanum, verði fylgt, og yfirhöfuð greiða veg fyrir lækningunum. Hvað kláðamálið snertir, er ætlazt til að nefnd þessi hafi sama ætlunarverk, og sama myndugleika, sem dýralækningaráðið í Danmörku. Ætlunarverk nefndar þessarar ætti þannig að vera, að gæta allra þeirra ákvarðana, sem þegar eru teknar, til að stemma stigu fyrir sýkinni, og jafnframt, ef þörf gjörist, gefa embættismönnunum álit sitt og uppástungur um nýjar ráðstafanir, er bæði almennt og í sèrstökum tilfellum mættu álítast nauðsynlegar eða hentugar til að gjöra heilbrigði og líf fjárins óhult; hún ætti auk þessa að hafa myndugleika til að fá skýrslur þær beinlínis frá hlutaðeigandi embættismönnum, og beinlínis að leggja þeim þau ráð, sem henni þætti nauðsyn til bera í máli þessu, sjá konungsúrskurð 8. júní 1851, um stofnun dýralækningaráðsins, sem með ástæðunum er tilfærður í stjórnartíðindum Dana fyrir árið 1851, bls. 593-598.

Hvað samsetningu nefndarinnar viðvíkur, hafa hinir konunglegu erindsrekar stungið upp á, að í henni skyldu vera 5 menn, nefnilega 3 menn er bæru skyn á dýralækningar, einn lögfræðingur, er jafnframt skyldi gegna skrifarastörfum nefndarinnar, og einn valinkunnur maður, er mál þetta væri alkunnugt.

Ef stjórnin fèllist á uppástungur þeirra, um að setja nefnd þessa, 1859.
og samansetning hennar, hafa þeir enn fremur mælt fram með 17. október.
því, að landlæknir Dr. med. Jón Hjaltalín, yfirdómari í landsyfirrèttinum Benedikt Sveinsson, kennari við hinn lærða skóla H. Kr. Friðriksson, og dýralæknarnir Teitur Finnbogason og Hansteen skyldu kosnir í nefnd þessa. Landlæknir Dr. J. Hjaltalín skyldi vera formaður nefndarinnar, og yfirdómari B. Sveinsson skyldi takast skrifarastörf nefndarinnar á hendur fyrir hæfilega borgun. Að öðru leyti skulu nefndarmenn enga borgun fá fyrir fyrirhöfn sína. Þar á móti skulu þeir fá fè nokkurt til umráða, til að borga með kostnað þann, er leiðir af störfum þeirra.

Um leið og eg læt yður vita þetta, herra stiptamtmaður, leyfi eg mèr að geta þess, að stjórnin ekki getur betur sèð, en að það megi verða til gagns og þarfa, að setja slíka nefnd fyrst um sinn til 1. apríl komanda ár. Stjórnin efast heldur ekki um, að menn þeir, sem erindsrekarnir hafa stungið upp á, til að sitja í nefndinni, bæði sèu viljugir og vel hæfir til að takast þetta trúnaðarstarf á hendur.

Stjórnin álítur því, að fallast megi á þær uppástungur erindsrekanna, sem hèr eru greindar, og það því fremur, sem þessu má fyrir koma án nokkurs kostnaðar fyrir almenning, er teljandi sè. Eg bið yður þess vegna, herra stiptamtmaður, á þann hátt, sem þèr álítið hentugast, að gjöra þær ráðstafanir, sem þurfa, til að framkvæma uppástungur þessar, og meðal annars gefa nefndinni þær reglur, er þurfa þykir, um ætlunarverk hennar og myndugleik, eptir því sem er greint hèr að framan.

Kostnaður sá, sem leiðir af störfum nefndarinnar, og þar á meðal skrifarastörfum, verður endurgoldinn nefndarmönnum, þegar þeir senda reikning yfir hann og æskja þess innan loka reikningsársins[1].

---

1) Sama dag var hinum amtmönnunum tilkynnt efni brèfs þessa.

1859. 17. október. **53. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um gjöf Kelsalls.**

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, og þèr háæruverðugi herra, í brèfi 15. f. m. látið í ljósi álit yðar um, hvernig verja skuli gjöf þeirri, er Charles heitinn Kelsall hafði ánafnað skólanum (*the College*) í Reykjavík til bókhlöðubyggingar, og hafið þèr stungið upp á því, að fyrir fè þetta, sem nú er að upphæð £ 838. 1. 1., sè byggt hús, er geyma megi í eigi að eins bókasöfn lærða skólans og prestaskólans, heldur og stiptsbókasafnið, og ætti, eptir áliti yðar, að auki að vera í húsi þessu lestrarsalur og húsnæði handa dyraverði.

Eptir þeim skýrslum, sem fram eru komnar um þetta mál, og einkum vegna þess, að bókasafn skólans, enn sem komið er, er næsta lítið, þykir stjórninni ástæða til að fallast á ofan greindar uppástungur yðar, þó á þann hátt, að stiptsbókasafninu að eins fyrst um sinn sè lèð húsrúm í húsi því, sem í ráði er að byggja, á meðan slíkt leyfi ekki kemur í bága við þarfir skólans. Og eruð þèr beðnir um að láta búa til og senda síðan hingað uppdrátt af húsinu, og áætlun um kostnað þann, er ganga muni til húsbyggingarinnar.

---

25. nóvemb. **54. Reglugjörð fyrir nefnd þá í Reykjavík, sem skipuð er í fjárkláðamálinu, samkvæmt brèfi lögstjórans 17. október 1859[1].**

1. gr. Nefndinni ber, eins og henni er bezt unnt, að halda vörð á því, að þeim ráðstöfunum, sem þegar er búið að gjöra, til þess að útrýma og lækna fjárkláðann, og varna hans útbreiðslu, verði rækilega fylgt, og þyki þær í þessu atriði ekki nógu tryggjandi, eða eitthvað í þeim of eða van, ber nefndinni að bera upp um það álit sitt og uppástungu, svo úr þessu geti orðið bætt, svo fljótt sem verða má.

1) Reglugjörð þessi er tekin upp eptir „Hirði" (III, 10-12), þareð stiptamtmaðurinn ekki hafði skýrt stjórninni frá henni.

2. gr. Nefndin lætur stiptamtinu og öðrum hlutaðeigendum, sem kynni leita álits og ráða hennar viðvíkjandi kláðaveikinni og meðferð á henni, í tè álit sitt og uppástungur, eins og henni stendur frjálst fyrir, þó hún ekki sè til þess kvödd, að leiða stiptamtsins og annara hlutaðeiganda athuga að öllu því, sem henni mætti þykja betur fara og þörf vera á, máli þessu til betri framkvæmdar, bæði yfirhöfuð og í einstökum tilfellum. 1859. 25. nóvemb.

3. gr. Nefndinni stendur frjálst fyrir, til þess framkvæmdum hennar geti því fljótar og greiðar orðið framgengt, að snúa sèr beinlínis að hlutaðeigandi yfirvöldum viðvíkjandi þeim skýrslum og upplýsingum, sem henni kynni þykja umvarðandi að útvega, og liggja innan hennar verkahrings, og eins getur hún beinlínis látið hlutaðeigendum í tè þær ráðleggingar og uppástungur, sem henni mætti virðast hagfelldar og þörf vera til, í öllu því, sem að öðru leyti ber undir aðgjörðir hennar og íhlutun.

4. gr. Jafnvel þó nefndarinnar verkahringur, eins og nú stendur, einkum og sèrílagi nái yfir suðuramtið, þar sem fjárkláðinn nú er talinn horfinn úr norðuramtinu, og ekki heldur, svo kunnugt sè, lengur kláða vart í vesturamtinu, er það þó sjálfsagt, að nefndin, ef svo mætti atvikast, að kláðasýkin aptur lèti bera á sèr, einnig er skyld til, að láta hlutaðeigendum álit sitt og holl ráð í tè, þegar þess yrði leitað, sem og, ef henni mætti þykja ástæða til þess, að fyrra bragði láta hlutaðeigendum í ljósi, hvað henni mætti virðast hagfellt og helzt tiltækilegt að gjöra, eptir sem málavextir standa til; þó ber að tilkynna það stiptamtinu, hvað nefndin í því efni hefur gjört og stungið upp á, og ef máli skiptir um mjög verulegar ráðstafanir og framkvæmdir, ætlast stiptamtið til, að nefndin um þvílík málefni beri sig saman við það, svo stiptamtið yfirhöfuð jafnan hafi yfirlit yfir, hvernig á málinu stendur.

5. gr. Formaður nefndarinnar stýrir aðgjörðum hennar, boðar fundi og ákveður, hver mál skuli taka fyrir í hvert skipti, og hefur eptirlit og umsjón með því, að málin síðan sèu afgreidd samkvæmt því, sem ákveðið hefur verið í nefndinni, sem

1859. 25. nóvemb. og með því, að allt sè skilmerkilega bókað í gjörðabók nefndarinnar.

6. gr. Nefndin fær, sem slík, eigi laun fyrir starfa sinn, en sá kostnaður, sem leiða kynni af nefndarstörfunum, t. a. m. að einhver nefndarmanna þyrfti að takast ferð á hendur, sem og hæfileg sanngjörn þóknun til nefndarskrifarans, verður endurgoldinn eptir rèttum reikningi, sem þó sè innsendur áður en finantsárið er útrunnið.

7. gr. Þar sem nefndin á vissan hátt kemur í stað hinna konunglegu erindsreka, flýtur það af sjálfu sèr, að henni ber ígegnum stiptamtið að gefa lögstjóranum skýrslu um athafnir sínar, þegar störfum hennar um sinn er lokið við útgöngu næstkomandi marzmánaðar.

Íslands stiptamthúsi 25. nóvember 1859.

Th. Jónassen,
const.

---

13. desemb. **55. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um flutning sakamanna til Danmerkur.**

Hinn setti sýslumaður í Gullbringu og Kjósar sýslum hefur með brèfi 1. f. m. sent dómsmálastjórninni samning, er hann hafði gjört við skipstjóra N. Petersen um að flytja til Kaupmannahafnar tukthússfanga Ólaf Gíslason og betrunarhússfanga Ingibjörgu Árnadóttur, og var áskilið í fararkaup fyrir hvort þeirra 35 rd.

En þess ber að gæta, að skipstjórar, er fara frá Íslandi til Danmerkur, eru eptir konungsbrèfi 3. maim. 1816 skyldir að taka við sakamönnum, er yfirvöldin heimta að þeir skuli flytja, fyrir sanngjarna borgun, sem ákveðið er í konungsbrèfi 25. septemberm. s. á. að vera skuli 1 rd. um daginn fyrir hvern sakamann meðan á ferðinni stendur.

Með því nú sakamenn þeir, sem hèr ræðir um, eptir dagbók skipstjóra eigi hafa verið á skipinu lengur en 30 daga,

hefur dómsmálastjórnin eigi getað veitt útgjörðarmanni skipsins meiri borgun, en 30 rd. fyrir flutning þeirra. 1859. 13. desemb.

Þetta eruð þèr, herra stiptamtmaður, beðnir að tilkynna sýslumanni þeim, er hlut á að máli, og minna hann um leið á, að þegar slíkt kemur fyrir í annað skipti, eigi hann að fara eptir ákvörðunum þeim, sem að ofan er á vikið.

---

56. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins á Íslandi, um leyfi til að byggja kirkju á Hólsfjöllum eða Neðrifjöllum í Þingeyjarsýslu. 24. desemb.

Samkvæmt því, sem þèr rèðuð til í brèfum yðar, dags. 14. marz og 3. ágúst þ. á., þóknaðist Hans Hátign konunginum 24. október þ. á., eptir þegnlegri uppástungu stjórnarráðsins, að samþykkja:

1. að bændunum á Hólsfjöllum eða Neðrifjöllum í Þingeyjarsýslu sè leyft, á einhverri jörð sinni, sem biskupinn þar til velur, á eiginn kostnað að byggja kirkju með umgirtum greptrunarreit, og skulu þeir allir í sameiningu skyldir til að halda kirkjunni við, og að útvega messuskrúða og önnur áhöld, er kirkjan þarf með.

2. að kirkja þessi fyrst um sinn verði lögð undir Skinnastaða prestakall sem útkirkja, upp frá því, að hún með tilheyrandi kirkjugarði er á þann hátt fullgjör, að hún við löglega skoðunargjörð geti álitizt að fullnægja þeim kröfum, er gjöra ber til slíks húss; og skal prestinum á Skinnastöðum gjört að skyldu, meðan kirkja þessi er talin til þess prestakalls, að messa þar að minnsta kosti fimmta hvern helgan dag á sumrin, og einu sinni eða tvisvar á veturna; þó skal biskupinn á Íslandi hafa rètt til að gjöra þá breytingu á þessu, að þar verði messað fjórða hvern helgan dag á sumrin.

3. að kirkjan fái legkaupin fyrir þá, sem þar eru jarðaðir; en hrökkvi tekjur þessar ekki til að lýsa kirkjuna og fyrir brauð og vín, þá skal leyft að taka það, sem til vantar, af tekjum Skinnastaða kirkju, þó svo, að aldrei sè af þeim tekið meira en

1859. 24. desemb. 3 dalir á ári, og að kirkja þessi að öðru leyti ekkert missi af tekjum þeim, sem henni bera að lögum af jörðum þessum og ábúendum þeirra.

Þetta látum vèr yður, háæruverðugi herra, vita, yður til leiðbeiningar og til frekari auglýsingar fyrir hlutaðeigendum.

---

31. desemb. **57. Brèf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslustjórnarinnar, um styrk handa íslenzkum læknaefnum við háskólann í Kaupmannahöfn.**

Kirkju- og kennslustjórnin hefur með brèfi, dags. 9. þ. m., sent hingað nýtt álitsskjal frá ölmusuráðinu, sem háskólaráðið þegar hefur fallizt á, um það, hvernig verja skuli þeim 800 dölum á ári, er fyrst um sinn skulu teknir úr ölmususjóð háskólans og skipt í fjórar 200 dala ölmusur, handa íslenzkum stúdentum, sem eru að búa sig undir embættispróf lækna hèr við háskólann, og skyldu þeir fyrst fá styrk þenna eptir að „regenz"-tími þeirra er liðinn, og með þeim skilmálum, sem nákvæmar eru tilteknir í álitsskjalinu.

Kirkju- og kennslustjórnin hefur um leið getið þess, að hún væri fús til, með þeim skilmálum og reglum, sem háskólaráðið nákvæmar hafði tiltekið, um það, hvernig verja skyldi fèstyrk þessum, að koma því til leiðar, að fè þetta verði veitt á ríkisþinginu, með því að gjöra um það breytingaratkvæði til fjárhagslaganna fyrir fjárhagsárið $18\frac{60}{61}$, og enn fremur leitað álits dómsmálastjórnarinnar um þann hluta málsins, sem hèr ræðir um.

Um leið og dómsmálastjórnin að fullu viðurkennir, hvað vel bæði háskólaráðið og kirkju- og kennslustjórnin hafa tekið undir mál þetta, álítur hún sèr þó skylt, að benda stjórnarráðinu á, að eins og uppástungan nú er löguð, getur það opt komið fyrir, að styrkur þessi verði ekki, eða að minnsta kosti ekki að fullu notaður, því það verður varla gjört ráð fyrir, að ætíð verði 4 stúdentar, sem í einu haldi áfram lærdómsiðkunum sínum, eptir að regenztími þeirra er liðinn. Dómsmálastjórnin

hefur með uppástungu sinni meðal annars ætlazt til, að íslenzkum stúdentum, sem vegna fátæktar enga útsjón hefðu til að dvelja við háskólann, gæfist færi á því með styrk þessum; en styrkur þessi hlýtur að rírna til muna, ef farið er eptir uppástungu háskóla-ráðsins, og þareð skortur á læknum á Íslandi, nú sem stendur, er svo mikill, að tvö læknaumdæmi eru óveitt (annað þeirra hefur þegar í 2 ár verið óveitt), án þess nokkur von sé til að fá menn í þau, þá væri þess óskanda, að þegar kringumstæðurnar mæltu með því, og einkum þegar ekki væru fleiri en einn eða tveir íslenzkir stúdentar, er legðu sig eptir læknisfræði, sem væru þurfandi og hjálpar verðir, að þá mætti veita 250 til 300 dala styrk í einu, svo að hlutaðeigandi hafi hèrumbil sömu hjálp og meðan hann hafði regenz og háskóla-ölmusuna. 1859. 31. desemb.

Af ástæðum þeim, er hèr eru greindar, leyfir dómsmálastjórnin sèr að mælast til við stjórn kirkju- og kennslumálanna, að breytingar-atkvæði það, er hún ætlar að gjöra, mætti verða þannig lagað, að það ekki verði því til fyrirstöðu, að fèstyrk þessum verði varið á þann hátt, sem greinir að framan, og þykir mega gera ráð fyrir, að háskólaráðið muni gefa samþykki sitt til þessa, þegar til þess kasta kemur.

1860.

1860.

14. janúar. **1. Brèf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsnefndar ríkisþingsins, um 10000 dali til fjárkláðans.**

Um leið og eg sendi nefndinni breytingaratkvæði það, er hèr fylgir, til fjárhagslaganna fyrir komanda ár, leyfi eg mèr að taka fram ástæður þær, er nú skulu greindar, fyrir breytingaratkvæði þessu.

Eptir að dómsmálastjórnin, samkvæmt fjárhagslögunum fyrir yfirstandanda ár, hafði fengið 30,000 dali til umráða vegna fjárkláðans á Íslandi, var, eptir þegnlegri uppástungu þessa stjórnarráðs, umboðsskrá samin fyrir dýralækni, prófessor Tscherning, og skjalavörð Jón Sigurðsson, og skyldu þeir sem sèrstaklegir erindsrekar stjórnarinnar ferðast um Ísland og gjöra allar þær ákvarðanir, er þeim mætti virðast nauðsynlegar til að varna útbreiðslu sýkinnar. Hèðan voru og sendir tveir dýralæknar og einn aðstoðarmaður með erindsrekunum.

Erindsrekar þessir hafa nú lokið starfi sínu á Íslandi, og eru komnir hingað aptur; þar á móti hafa þeir skilið eptir á Íslandi dýralækna þá, er hèðan voru sendir, til að leiðbeina og standa fyrir lækningunum. Auk þessa hefur stjórnin að ráði erindsrekanna sett nefnd í Reykjavík, sem skyldi hafa það starf á hendi, að styrkja valdstjórnina til að koma fram ráðstöfunum þeim, er erindsrekarnir höfðu gjört til að útrýma sýkinni. Eptir skýrslum erindsrekanna má nú álíta að sýkin sè upprætt, að minnsta kosti í þeim hèruðum í suðurumdæminu, þar sem hún var almennt og lækningar hafa verið við hafðar. Samt sem áður hafa hinir konunglegu erindsrekar í brèfi, dags. 9. þ. m., ráðið til, að frá stjórnarinnar hálfu yrði haft vakanda auga á sýkinni enn þá um nokkurn tíma, nefnilega allt árið sem nú er að líða; skyldi það sumpart falið nefndinni á hendur, þeirri er fyr var getið, og sumpart hlutaðeigandi yfirvöldum. Af þessu getur nú á fjárhagsári því, er í hönd fer, risið nokkur kostnaður, og það er heldur ekki með öllu ugglaust, að ekki kynni

að brydda á sýkinni aptur í sveitum þeim, sem hún hefur gengið í, eða annarstaðar á landinu. Erindsrekarnir hafa því ráðið stjórninni til, að sjá svo fyrir, að hún gæti haft fé það til taks, er þurfa kynni til þessa augnamiðs, næsta fjárhagsár. Þeir hafa og, eptir því sem næst varð komizt, gjört þá áætlun, að af þeim 30,000 ríkisdölum, sem á yfirstandanda fjárhagsári voru veittir vegna fjárkláðans, muni ganga hérumbil 20,000 til að koma fram ráðstöfunum þeim, sem þeir hafa gjört í máli þessu. Erindsrekarnir hafa því næst álitið það nauðsynlegt, að á næsta fjárhagsári væru til taks allt að 10,000 dölum, hvað sem uppá kynni að koma. 1860. 14. janúar.

Þó að stjórnin nú hafi von um, að ekki þurfi að halda lækningunum áfram lengur en fjárhagsár það, er nú er að líða, eða þá að minnsta kosti, að ekki muni ganga eins mikið fé til þeirra, eins og erindsrekarnir hafa stungið uppá, hlýtur það þó að virðast nauðsynlegt, einkum ef svo skyldi fara, að kláðinn kæmi upp einhverstaðar aptur, að stjórnin geti fengið ráð yfir allt að 10,000 ríkisdölum til þessa augnamiðs.

Loksins má þess geta, að eins og nú stendur lítur út fyrir, að meira muni verða eptir þetta fjárhagsár af þeim 30,000 dölum, er veittir voru í fjárhagslögum 30. desember 1858, 14. gr. 22. tölulið, en erindsrekarnir hafa gjört ráð fyrir.

---

2. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um bætur til sveitarsjóða í Rangárvalla sýslu. 27. janúar.

Á hinu síðasta alþingi bar þingmaður Rangvellinga fram bænarskrá þess efnis, að nokkrum sveitarsjóðum í Rangárvallasýslu yrði veitt fullt endurgjald úr almennum sjóði fyrir það af fé þeirra, er varið hafði verið til þess að borga með hin *tessiersku* böðunarmeðöl, er við höfð voru við sauðfénað í sýslu þessari. Um málefni þetta ákvað alþingi 21. júlím. f. á., að forseta þingsins skyldi falið á hendur að bera það undir stjórnina. Eptir þessu hefur því forsetinn, examinatus juris Jón Guðmundsson, í brèfi 19. sept. f. á., er hann beina leið sendi dómsmálastjórn-

1860. 27. janúar. inni og ritað var á íslenzku, farið þess á leit, að dómsmálastjórnin skyldi gjöra hinar nauðsynlegu ráðstafanir til þess, að sveitarsjóðir þeir, sem hèr ræðir um, fengju í þessu skyni endurgoldna 1203 rd. 51 sk.

Um þetta efni biður dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, að tilkynna nefndum Jóni Guðmundssyni, að ekkert tillit verði tekið til brèfs þess, er áður er getið og hann sendi stjórninni, þareð það ekki kom henni til handa á þann hátt, sem fyrir er mælt í tilskipun 8. marzm. 1843, 44 gr.

---

28. janúar. **3. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um borgun fyrir þingstörf til málafærslumanns Jóns Guðmundssonar.**

Stjórnin hefur nú fengið skýrslu þá frá málafærslumanni Jóni Guðmundssyni, sem þèr, herra stiptamtmaður, minntust á í brèfi yðar 3. nóvember í fyrra, um þá 48 og 39 dali, sem rætt var um í brèfi stjórnarinnar 19. ágúst í fyrra, og hann hafði látið borga sèr úr jarðabókarsjóðnum fyrir ýms störf, sem hann, sem varaforseti á alþingi því, sem var haldið 1857, varð að gjöra eptir þinglok.

Yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir hlutaðeiganda látum vèr yður vita, að í þetta skipti getur staðið við það, sem búið er að gjöra, en annars álítur stjórnin, að engin heimild sè fyrir slíkum útgjöldum í alþingistilskipuninni.

Um leið gætuð þèr minnt Jón Guðmundsson á, að eptir reglum þeim, sem nú gilda, hefði hann átt að semja skýrslu sína á dönsku, eða að minnsta kosti láta henni fylgja danska útleggingu, en ekki senda hana einungis á íslenzku, eins og hann hefur gjört.

---

4. **Auglýsing** um að skip þau, er eiga heima í lýðstjórnarborgunum Hamborg, Lübeck og Bremen, og í stórhertogadæminu Oldenborg, séu undanþegin aukagjaldi, er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja. 1860. 30. janúar.

Eptir skýrslu utanríkisstjórnarinnar sæta dönsk skip sömu kjörum um alla verzlunartolla og skipagjöld í lýðstjórnarborgunum Hamborg, Lübeck og Bremen, og í stórhertogadæminu Oldenborg, og þau skip er þar eiga heima.

Fyrir því skulu upp frá þessu skip þau, er eiga heima á þessum stöðum, þá er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, vera undan þegin að greiða aukagjald það, 2 rd. af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konungsúrskurði 1. aprílm. 1856, sem birtur er með auglýsing frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2. dag sama mánaðar.

Þetta kunngjörist hèrmeð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Stjórn dómsmálanna, 30. dag janúarmánaðar 1860.

Rotwitt.

---

5. **Samningur** milli dómsmálastjórnarinnar og konsúls og stórkaupmanns C. P. A. Kochs í Kaupmannahöfn, um póstgufuskipsferðir milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, árið 1860. 4. febrúar.

1. gr. Eg undirskrifaður konsúl og stórkaupmaður, C. P. A. Koch, skuldbind mig til að hafa skrúfu-gufuskip úr fyrsta flokki, sem taki hèrumbil 400 enskar lestir, í förum, sem póstskip milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, og láta það á yfirstandanda ári fara sex ferðir milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, og á leiðinni koma við í Þórshöfn. Ferðum þessum skal, að svo miklu leyti því verður við komið, hagað verða eptir áætlun þeirri, sem hèr fylgir fyrir árið 1860.

1860. 4. febrúar.

2. gr. Eg skuldbind mig til á hverri ferð milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, fram og aptur, að koma ætíð við í Þórshöfn á Færeyjum, til að skila og taka við póstbrèfum og farþegum; eg skuldbind mig enn fremur til að koma við í Vestmannaeyjum, ef það ekki tefur fyrir, til að skila póstbrèfum í eyjar þessar og taka aptur við þeim þaðan. Aptur áskil eg mèr rètt til, ef að skipið, vegna storms ellegar annara óumflýjanlegra hindrana, þegar það kemur til Íslands, ekki getur lagt inn í Reykjavík hættulaust, að skila póstbrèfunum í Hafnarfirði; og skulu þau þá á kostnað stjórnarinnar verða flutt þaðan til Reykjavíkur. Eg áskil mèr enn fremur rètt til, bæði á leiðinni til Íslands og þaðan aptur, að koma við á öðrum höfnum, og líka til að koma við á öðrum höfnum á Íslandi en í Reykjavík.

3. gr. Á hverri ferð skal eg ætla nægilegt rúm fyrir póstbrèfin til Færeyja og Íslands og þaðan aptur. Sem póstbrèf skulu talin aðeins sendibrèf og konungleg erindismál, þar á móti eru smábögglar og annað, sem vant er að senda með bögglapósti, samningi þessum óviðkomandi; þesskonar sendingum tek eg við og sendi, og verður að borga undir þær eptir verðlagi, sem eg set.

4. gr. Póstbrèfin skulu á kostnað stjórnarinnar flytjast á skip og af.

Hin íslenzka stjórnardeild í Kaupmannahöfn skal, að minnsta kosti 8 dögum áður en skipið er ferðbúið, látin vita, hvaða dag og klukkustund skipið á að fara af stað; formaður gufuskipsins skal sömuleiðis strax, og ef þess er unnt innan 24 stunda, eptir að hann er kominn til Íslands, láta stiptamtmanninn í Reykjavík vita, hvaða dag og stund hann muni fara aptur. Bæði hin íslenzka stjórnardeild og stiptamtmaðurinn skulu sjá svo um, að póstbrèfin verði komin út á skipið á þeim tiltekna tíma.

Þar á móti skulu póstbrèfin í Þórshöfn vera komin á skip innan þriggja stunda eptir að skipið er þangað komið, án nokkurrar sèrstakrar vörunar. Skyldi skipið nokkru sinni þurfa að bíða eptir póstbrèfum, skal stjórnin greiða mèr fyrir bið þessa 150 dali fyrir hverjar 24 stundir, og eptir tiltölu fyrir styttri tíma.

5. gr. Skyldi eg ekki hafa skipið ferðbúið á þeim tíma,

sem það á að fara hèðan, er eg skuldbundinn til að láta sama eða annað óaðfinnanlegt gufuskip fara hèðan innan 14 daga, og þar að auk til að greiða bætur, eptir því sem óvilhallir menn ákveða, ef bið þessi er mèr að kenna. 1860. 4. febrúar.

6. gr. Hvert sinn og skipið fer frá Kaupmannahöfn til Færeyja og Íslands er eg skyldur til, ef stjórnin krefst þess, að taka þrjá farþega, og á leiðinni frá Íslandi og Færeyjum, eptir ósk hlutaðeigandi amtmanna, tvo frá Íslandi og einn frá Færeyjum, fyrir 25 rd. fyrir hvern farþega til Íslands, og þaðan, og 20 rd. fyrir hvern til Færeyja og þaðan aptur.

7. gr. Á ferðunum frá Kaupmannahöfn til Færeyja og Íslands skal stjórnin og hafa rètt til að ráða yfir 24 lesta rúmi í skipinu, samtals fyrir allar ferðirnar, og skal það vera komið undir samkomulagi milli stjórnarinnar og útgjörðarmanns skipsins, hvað mikið af rúmi þessu er notað í hvert skiptið. En á leiðinni frá Íslandi og Færeyjum geta hlutaðeigandi amtmenn að eins ráðið yfir tveggja lesta rúmi kauplaust í hvert skipti, á þann hátt, að amtmaðurinn á Færeyjum ætíð hafi rètt til að ráða yfir hálfu lestarrúmi að minnsta kosti.

Allt það rúm í skipinu, sem ekki er áskilið stjórninni, eins og að ofan er greint, hef eg rètt til að nota sjálfur, þó með þeim hætti, að skipið sè lètt og haganlega hlaðið, eptir þeim tíma árs, sem ferðirnar eru farnar á. Stjórnin, eða hlutaðeigandi amtmenn, hafa ekki rètt til að leigja burt neitt af rúmi því, sem þeim er áskilið, þar á móti áskil eg mèr rètt til, að hagnýta það af þessu rúmi, sem ekki er haft í þarfir stjórnarinnar.

8. gr. Afferma skal og ferma á hentugum stað, og skal skipstjórinn gaumgæfilega sjá um póstsekkina; hann skal og gæta þess, að skipverjar fari varlega með vörur þær og góz, er flytja skal á skip og af, svo að ekkert fari að forgörðum af hirðulausri meðferð. Verði nokkrar slíkar skemmdir, skal skipstjórinn og *in subsidium* útgerðarmaður skipsins bæta það að óvilhallra manna dómi.

9. gr. Skipsleigan fyrir allar ferðirnar er 10,000 rd. R. M., sem dómsmálastjórnin á að ávísa mèr til borgunar í

1860. 4. febrúar.

ríkisfèhirzlunni eptir rèttri tiltölu, í hvert sinn og skipið kemur aptur til Kaupmannahafnar.

Stjórnin skal og við lok hverrar ferðar bæta mèr lestarafgjald það, sem eg bæði hèr, á Færeyjum og á Íslandi, hef orðið að greiða fyrir skipið, eptir reikningi.

10. gr. Á Íslandi og Færeyjum er skipið undanþegið að greiða hafnargjald.

11. gr. Týnist skipið eða verði fyrir haftjóni, skal farið eptir lögum og venju.

Þannig samið í tvennu lagi í dómsmálastjórninni 4. febrúar 1860.

Rotwitt.

Sem útgjörðarmaður:

C. P. A. Koch.

Áætlun

um ferðir hins íslenzka póstgufuskips, „Arcturus", fyrir árið 1860.

1. ferð. Frá Kaupmannahöfn: fyrst í marz, frá Reykjavík: seinast í marz.

2. ferð. Frá Kaupmannahöfn: í miðjum apríl, frá Reykjavík: í miðjum maí.

3. ferð. Frá Kaupmannahöfn: fyrst í júní, frá Reykjavík: seinast í júní.

4. ferð. Frá Kaupmannahöfn: í miðjum júlí, frá Reykjavík: fyrst í ágúst.

5. ferð. Frá Kaupmannahöfn: fyrst í september, frá Reykjavík: seinast í september.

6. ferð. Frá Kaupmannahöfn: í miðjum október, frá Reykjavík: í miðjum nóvember.

Athugasemdir.

1) Allt með því skilyrði, að skipinu ekki hlekkist á.
2) Ef isalög skyldu hindra skipið meir en 14 daga, verða aðeins fimm ferðir farnar.
3) Póstbrèfin til Kaupmannahafnar frá Reykjavík verða að vera tilbúin þar daga þá, er hèr greinir: 24. marz, 6. maí, 19. júní, 2. ágúst, 24. september og 6. nóvember.

6. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um lestagjald af frakkneskum fiskiskipum.

1860. 8. febrúar.

Í bænarskrá nokkurri, er hingað barst með brèfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 25. októberm. f. á., hefur frakkneskur maður, *L. Bouriaud* að nafni, sem er til veru á Grundarfirði í Snæfellsness sýslu, og er á Íslandi erindsreki verzlunarhússins *S. Allenou* í *Paimbol*, kvartað yfir, að sýslumaðurinn í Snæfellsness sýslu hafi krafið af formanni skipsins *Clementine*, sem er eign verzlunarhúss þessa, íslenzkt leiðarbrèf, og bannað honum að flytja í land nokkuð af skipsfarminum fyr en búið væri að greiða hið fulla lestagjald, sem ákveðið er með lögum 15. aprílm. 1854, en það eru 2 rd. af hverju dönsku lestarrúmi í skipinu.

Til styrkingar sínu máli hefur nefndur *Bouriaud* tekið það fram, að skip það, er hèr ræðir um, hafi verið fiskiskúta, sem ekki hafi komið til Grundarfjarðar í neinum verzlunarerindum, heldur einungis í þeim tilgangi, að leggja nokkuð af farmi sínum upp á lóð þá, sem verzlunarhúsið á þar; hafi þessir hlutir verið ætlaðir sumpart honum sjálfum til eigin nota, og sumpart handa tveim frakkneskum klerkum, er þar sèu til veru. Með því nú verzlunarhúsið þannig að eins hafi ætlað svo sem að hagnýta sèr eign sína, en enganveginn ætlað að verzla með skipsfarminn, hyggur *Bouriaud*, að sýslumaður hafi haft rangt fyrir sèr, er hann heimtaði íslenzkt leiðarbrèf og lestagjald samkvæmt lögum 15. aprílm. 1854; hefur hann því beðið um, að skip það, sem áður var nefnt, verði undan þegið að greiða lestagjald það, er krafizt hafði verið, eður þá að gjald þetta verði að minnsta kosti lækkað svo, að það samsvari lestarúmi því, er þeir hlutir fylltu í skipinu, er fluttir voru í land úr því; og til þess að geta fengið fasta reglu sèr til leiðbeiningar eptirleiðis, hefur hann beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um, hvort það sè ekki yfirboðara sínum heimilt, að flytja í land á Grundarfirði, upp á lóð þá, sem hann er eigandi að, sèrhvað það, er snertir skip hans, eður háseta, eður það sem veiðist, eður það,

1860. 8. febrúar. sem með þarf til fiskiveiðanna, t. a. m. timbur, salt, lýsi, fisk og fl., án þess hann þurfi að greiða lestagjald það, sem ákveðið er að kaupför greiði; eður að öðrum kosti, hvort þetta ekki sè leyfilegt með því móti, að greitt sè fyrir skipin það gjald, er samsvari lestarúmi því, er það, sem flutt sè í land, fylli í skipunum.

Um leið og þèr nú senduð dómsmálastjórninni bænarskrá þessa, ásamt álitsskjali sýslumannsins, hafið þèr, herra amtmaður, getið þess, að eptir nokkra samninga milli sýslumanns og hins frakkneska erindsreka, sè málið til bráðabyrgða þannig út kljáð, að það skyldi vera *Bouriaud* heimilt að flytja í land á Grundarfirði, án þess að greiða lestagjald, alla þá búshluti og vistir, sem til er greint á vöruskrá þeirri, er þèr einnig senduð hingað, en þar á móti skyldi eigi flytja í land 26,340 „kílógröm" af salti, er voru á vöruskránni, og skyldi það flutt út í aðrar frakkneskar fiskiskútur; hafið þèr og óskað, að hinn danski sendiherra í Parísarborg, eður kaupræðismaður sá, er til þess er kjörinn, verði látinn tilkynna hlutaðeigendum á Frakklandi úrskurð dómsmálastjórnarinnar í máli þessu, er þèr hafið orðið áskynja um, að Frakkar, er koma á Grundarfjörð, þykist hafa mætt minni greiðvikni hjá yfirvöldum á Íslandi, en þeir mundu hafa hlotið frá stjórnarinnar hálfu, ef þeir hefðu snúið sèr beint til hennar.

Um þetta efni svarar dómsmálastjórnin yður á þessa leið:

Í lögum 15. aprílm. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi eru fiskiveiðarnar þar undir landi öldungis ekki nefndar, og það er ljóst, bæði af ástæðum laga þessara og umræðunum um þau á alþingi, að fiskiveiðarnar áttu að vera þeim óviðkomandi. Þessa skoðun lèt og alþingi öldungis skýlaust í ljósi árið 1857, þá er málefnið um fiskiveiðar útlendra manna á Íslandi var borið undir álit þess, og skal um það skýrskota til þegnlegs álitsskjals alþingis 31. júlím. s. á.; en þar er meðal annars svo að orði kveðið (sjá Alþ. t. 1857, p. 391): að þær lagaákvarðarnir, sem gefnar eru í opnu brèfi 18. ágústm. 1786 og í tilsk. 13. júním. 1787, og sem harðlega banna utanríkismönnum bæði að fiska undir landinu sjálfu, og að verka fisk

sinn á íslenzkri lóð, standa enn í fullu og óröskuðu gildi, og að hin seinni löggjöf um íslenzka verzlun, bæði tilskipun 11. septemberm. 1816 og lög 15. aprílm. 1854, hafi haldið spurningunni um fiskiveiðar og fiskiverkun utanríkismanna fyrir utan verzlunarmálið, og þannig sýnt, að hvorki hafi stjórnin sjálf, nè heldur Íslendingar álitið ráðlegt að breyta þeim ákvörðunum, sem löggjöfin frá 1786 og 1787 hefir þar um sett. Það er því næst í álitsskjalinu tekið fram, sem eindregið álit þingsins, að með tilliti til landsins núverandi ásigkomulags sè ekki nein ástæða til að breyta þeirri grundvallarreglu, sem löggjafinn hefur fylgt í þessu efni, eður nema það bann úr lögum, sem þannig liggur á útlendum þjóðum í tilliti til fiskiveiða og fiskiverkunar, heldur hlyti það að verða landinu til hins mesta tjóns og óhagnaðar, ef það væri gjört takmarka- og skilyrðislaust. 1860. 8. febrúar.

Það virðist því ekki geta verið hinn minnsti vafi um, að hin eldri löggjöf um fiskiveiðar við Ísland, sem almennt bannar útlendum fiskimönnum að koma að landinu, eður leggja þar upp fisk sinn (smbr. tilsk. 13. júním. 1787, kap. I, 2. gr.), sè enn í gildi. Sú eina breyting, sem lög 15. aprílm. 1854 hafa gjört um þetta efni, er sú, að nú er öllum utanríkismönnum, og því einnig útlendum fiskiskútum, heimilt, jafnvel þó þeir ekki sèu í nauð staddir, að koma á þær 6 hafnir, sem til eru teknar í 2. gr. laganna, og kaupa þar það, sem þeir með þurfa til nauðsynja skipa sinna; þar á móti er þeim enn bannað að hafast nokkuð annað að, nema þeir kaupi íslenzkt leiðarbrèf.

Sèu nú þessar ákvarðanir heimfærðar upp á hina útlendu fiskimenn, sem koma á Grundarfjörð, þá hefði eptir ströngum rètti átt að vísa þeim burt, eins og það einnig er öldungis ljóst, af því sem nú hefur sagt verið, að þeir ekki mega flytja á land neitt af skipsfarmi sínum, sè það kaupeyrir eður sjávarafli, nema því að eins að þeir svari hinu lögboðna lestagjaldi. Þareð þeir öldungis engan rètt hafa til fiskiveiða á Íslandi (smbr. tilsk. 13. júním. 1787, 10. gr.) getur þeim því síður verið heimilt að flytja þangað þá hluti, er þeir þurfa með til fiskiveiða, t. a. m.: timbur, salt, veiðarfæri m. fl., nema þeir

1860. 8. febrúar. fái sèr íslenzkt leiðarbrèf, og greiði gjald það, sem danskir og íslenzkir þegnar verða að greiða þegar eins stendur á.

Það var því full ástæða til fyrir sýslumann, er hann synjaði formanni skips þess, er hèr ræðir um, að flytja á land salt það, sem nefnt er í vöruskránni, og ætlað var fiskiskútum verzlunarhússins, þeim er voru á veiðum við Ísland, nema svarað væri lestagjaldi af öllu lestarúmi skipsins.

Hvað það atriði snertir, hvort sýslumaður hafi haft rètt fyrir sèr í því, er hann heimtaði lestagjald af hlutaðeiganda, áður en hinir aðrir hlutir, þeir er nefndir eru í bænarskránni, og ekki má álíta kaupeyri, væru fluttir á land, þá verður og að kveða já við því; því það mundi greiða veg augljósum undanbrögðum undan boðum verzlunarlaganna, ef slíkur flutningur úr skipum væri leyfður á Íslandi, þar sem engin tollstjórn er, og eigi verður á komið, án þess að greitt væri hið lögboðna lestagjald, sem á Íslandi að nokkru leyti kemur í staðinn fyrir toll.

Með því nú eigi heldur ákvarðanir verzlunarlaganna með nokkru móti heimila, að lestagjaldið sè lækkað að nokkru leyti, eins og beðið var um til vara í bænarskránni, verður að kveða nei við allri bæn beiðanda, og biður dómsmálastjórnin yður um, að tilkynna honum það er með þarf, eptir því, sem nú hefur verið sagt, og um leið brýna fyrir honum, að það er bannað að hafa utanríkisskip til fiskiveiða á Íslandi, og að flytja afla þeirra þar á land, og því síður megi verka fiskinn þar; ætti og að láta hann vita, að útlend fiskiskip ekki einusinni eiga rètt á, að koma á aðrar hafnir, en þær, sem nefndar eru í 2. gr. laga 15. aprílm. 1854, en komi þau í öðrum erindum (sbr. 3. gr.) hljóta þau, áður en leyft sè að flytja af skipi eður á nokkurn tollskyldan hlut, að kaupa íslenzk leiðarbrèf eptir hinum almennu ákvörðunum í 4. gr. laganna, smbr. 2. gr.

Að endingu skal þess getið, að ekki hefur þótt næg ástæða til að láta hlutaðeigendur í Frakklandi beina leið þangað fá vitneskju um úrskurðinn í máli þessu; því í formlegu tilliti virðist það rèttast, að amtið birti erindsreka verzlunarhússins úrskurð dómsmálastjórnarinnar um bænarskrá hans.

7. Brèf hinnar íslenzku stjórnardeildar til allra prófasta á Íslandi, um fólkstölu.

1860. 16. febrúar.

Eptir skýrslu ríkisfræðisdeildarinnar var allt fólk í konungsríkinu Danmörku talið á ný 1. dag þessa mánaðar; en með því sá dagur þótti ekki hentugur til fólkstölu á Íslandi, eptir því sem þar hagar til og í hinum öðrum norðlægu löndum Danakonungs, er ákveðið, að þar skuli fólk talið 1. dag næstkomandi októbermánaðar. Á Íslandi þótti bezt henta, að telja eptir sóknum, áþekkt því, sem gjört hefir verið í Danmörku, á þann hátt, að hver prestur láti hreppstjóra eður annan mann í sókninni, er til þess sè fær, rita á eyðublöð, er til þess eru ætluð, íbúa sóknarinnar, og skal þar til greind tala heimilanna, nöfn manna, aldur, stètt o. s. frv., og að presturinn síðan semji eptir manntalstöflum þessum aðaltöflur fyrir sóknina, og sendi þar á eptir hvorttveggja prófasti, er aptur sendi það beina leið hinni íslenzku stjórnardeild, ásamt manntalsskrám og aðaltöflum fyrir sína eigin sókn. Það þótti og rèttast, að fólkstalan sè tekin eins og hún er 1. dag októberm. þ. á., svo að töflurnar sýni hina rèttu tölu landsbúa þann dag.

Stjórnardeildin sendir yður nú, herra prófastur, með brèfi þessu, reglur um fólkstölu, skýrsluform og eyðublöð, sem prentað er á íslenzku, og er það í flestum atriðum samkvæmt því, sem farið er eptir, þá fólkstala fer fram í sveitum í Danmörku; en skjöl þessi eru þau, er nú skal greina:

1. Reglur fyrir því, hvernig semja skuli manntalsskrárnar.
2. Skýrsluform til manntalsskránna.
3. Skýrsla um fólkstal.
4. Eyðublöð til aðaltaflna, er prestar eiga að semja yfir fólksfjölda í hverri sókn, og er þar við bætt reglum um það, hvernig semja skuli töflur þessar.

Eruð þèr beðnir að úthluta skjölum þessum meðal prestanna í prófastsdæmi yðar, eptir því sem með þarf í hverri sókn, og hafa gætur á, að málið fái góðan framgang í prófastsdæmi yðar, og að farið sè eptir reglum þeim, sem að ofan er á minnzt, og að svara fyrirspurnum þeim, er prestar kynnu að

1860. 16. febrúar. gjöra um rèttan skilning á reglunum — og fylgja því brèfi þessu til samanburðar, ef einhver vafi kynni að verða á, tvö expl. af reglum um manntal í sveitum í Danmörku o. s. frv. —; eruð þèr og beðnir að láta yður einkar annt um, að manntalsskrárnar og aðaltöflurnar frá öllum sóknum í prófastsdæmi yðar komist hingað með fyrstu póstskipsferð næsta ár.

---

17. febrúar. **8. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um ölmusur til prestaskólans í Reykjavík.**

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, eptir tilmælum stjórnarinnar, í brèfi dags. 10. maí í fyrra, látið í ljósi álit yðar um bænarskrá þá, sem alþing sendi hingað 1857 viðvíkjandi prestaskólanum í Reykjavík, þar sem beðið var um, að auk þeirra þriggja ölmusa, sem veittar eru úr ölmususjóði háskólans, yrði enn fremur úr ríkissjóðnum veittar þrjár ölmusur, jafnháar þeim, sem verið hafa.

Stjórnin hefur nú kynnt sèr álitsskjal þetta, og þótti henni ei að síður ísjárvert, að leggja þann kostnað á ríkissjóðinn, er af því leiddi, ef það fengist, sem um var beðið. Þar á móti hefur hún enn að nýju snúið sèr til háskólaráðsins í Kaupmannahöfn og spurt það, hvort nokkur von mundi til, að fleiri ölmusur gætu fengizt úr ölmususjóði háskólans handa prestaskólanum í Reykjavík.

Eins og sjá má af álitsskjölum háskólaráðsins, er hèr fylgja, hefur það þverneitað þessu, og sèr stjórnin því engan veg til að gjöra frekara í máli þessu. Eg hef ekki viljað láta hjálíða, að láta yður vita þetta.

---

9. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um forgangsrètt skulda í þrotabúi. 1860. 23. febrúar.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, með brèfi 7. marzm. f. á. sent dómsmálastjórninni landsyfirrèttar-dómsgjörning í máli því, er ríkissjóðurinn átti í við jungfrúrnar M. K. Lassen og J. M. Lassen m. fl.; sèst af dómsgjörningi þessum, að yfirrètturinn hefur staðfest skipti á búi eptir Grím Jónsson, etazráð, fyrrum amtmann yfir norður- og austurumdæminu, og þannig synjað ríkissjóðnum um alla borgun úr búinu fyrir skuld þá, að upphæð 509 rd. 92 sk., er hann átti inni í því; en af skuld þessari voru 462 rd. 92 sk. ofborguð laun, 37 rd. 46 sk. óborgaður metorðatollur, og 9 rd. 50 sk. brèfburðarpeningar, er greiða átti póstsjóðnum.

Með því opið brèf 23. júlím. 1819 ekki hefur verið löggilt á Íslandi, smbr. kansell. br. 28. ágústm. 1830, hlýtur dómsmálastjórnin að vísu að fallast á álit landsyfirrèttarins um það, að ríkissjóðurinn hefði ekki átt að njóta forrèttar fyrir neinu af kröfu sinni í þrotabúinu, og ganga á undan skuld þeirri, er hinar stefndu áttu eptir veðbrèfi 21. septemberm. 1836, svo framarlega sem það er rètt, sem landsyfirrètturinn hyggur, að skuld þeirra beri að álíta sem veðskuld; en þetta virðist dómsmálastjórninni vera aðalspurningin í máli þessu, og að því leyti getur dómsmálastjórnin ekki betur sèð, en að dómurinn ekki sè á góðum rökum byggður, þó ekki væri annað, þá samt þess vegna, að skuldabrèfinu jafnvel ekki í konungsríkinu hefur verið haldið við sem veðskuldabrèfi, þareð það ekki var þinglesið samkvæmt tilskipun 28. júlím. 1841, 1. gr., innan 12 vikna frá því tilskipun þessi er dagsett.

Þegar þannig er litið á málið virðist því að vísu vera næg ástæða til að skjóta landsyfirrèttardóminum til hæstarèttar. En á hinn bóginn ber þess að gæta, að skiptagjörningnum var fullnægt vorið 1853 og þá borgaðar skuldir búsins eptir honum, en þeir, er fèð fengu, eru öreigar, eptir því sem frá er skýrt, og hefur því dómsmálastjórnin haldið, að það mundi engan

1860. árangur hafa fyrir ríkissjóðinn, að skjóta málinu til hæstaréttar.
23. febrúar. Eptir að búið er að skrifast á um málið við málaflutningsmann stjórnarinnar í fjármálum og við innanríkis stjórnina, hefur því verið ákveðið að láta svo búið standa við dóm landsyfirréttarins.

Um leið og dómsmálastjórnin tilkynnir yður þetta, eruð þér beðnir að sjá svo um, að þeir 509 rd. 92 sk., sem að ofan eru nefndir, verði taldir með gjöldum sem ófáanleg skuld í reikningunum, þar sem gjörð er grein fyrir þessu fé, og sè þá skýrskotað til brèfs þessa.

---

29. febrúar. **10. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um nefnd þá í Reykjavík, sem sett var til umsjónar í fjárkláðamálinu.**

Sem framhald af brèfum stjórnarinnar 15. og 17. október í fyrra, látum vèr yður hèr með vita, að nefnd sú, sem skipuð var í seinna brèfinu til umsjónar í fjárkláðamálinu, getur fyrst um sinn haldið áfram störfum sínum, þangað til nákvæmari skýrslur eru komnar um heilbrigðisástand fjárins, ef þèr álítið það nauðsynlegt. Það er og lagt á yðar vald, eptir að þèr hafið borið yður saman við nefndina um það, að ákveða, hvort dýralæknarnir skuli dvelja á Íslandi lengur en þetta fjárhagsár.

Stjórnin vonar eptir skýrslu með gufuskipinu aptur, um það sem af verður ráðið í þessu efni, og um allt sem lýtur að þessu máli.

---

3. marz. **11. Lög um eptirlauna viðbót handa fyrrum sóknarpresti til Garða og Bessastaða og prófasti í Gullbringu og Kjósar sýslum á Íslandi, stiptprófasti Árna Helgasyni.**

Vèr Friðrik hinn sjöundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Lög þessi hefur ríkisþingið fallizt á og Vèr staðfest með samþykki Voru:

Fyrrum sóknarpresti til Garða og Bessastaða og prófasti í Gullbringu og Kjósar sýslum á Íslandi, stiptprófasti Árna Helgasyni, veitast 300 ríkisdalir á ári hverju úr ríkissjóðnum í viðbót við eptirlaun sín. 1860. 3. marz.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Ástæður fyrir lögum þessum.

Árni Helgason, stiptprófastur, hefur nú tvo um áttrætt, og þegar hann fèkk lausn í fyrra, hafði hann verið embættismaður í 49 ár.

Árið 1807 tók hann embættispróf í guðfræði með ágætum vitnisburði (*egregia laude dignus*). Árið eptir fèkk hann verðlaunapening háskólans fyrir ritgjörð í guðfræði. Það ár var honum og veittur Vatnsfjörður fyrir vestan, en hann tók ekki við því brauði sökum vísindaiðkana sinna við kennimannaskólann. Árið 1811 fèkk hann Reynivelli í Kjós, og þjónaði þar í 4 ár. Eptir það varð hann dómkirkjuprestur í Reykjavík, og árið 1826 var honum veitt Garða og Bessastaða prestakall, og hefur hann þjónað brauði því þangað til árið 1858, þá neyddist hann til, fyrir elli og lasleika sakir, að segja af sèr. Auk þessa hefur hann í 30 ár verið hèraðsprófastur í Gullbringu og Kjósarsýslu, og tvisvar verið settur biskup, þegar verið hefur milli biskupa, og hefur hann þannig gegnt embætti þessu í hèrumbil 3 ár. Hann hefur og í 3 ár verið settur kennari við hinn lærða skóla á Íslandi. Að boði konungs tók hann þátt í embættismannanefnd þeirri, er kom saman í Reykjavík 1839 og 1841, og var á hinum fyrstu þremur alþingum sem konungkjörinn þingmaður.

Auk þess, að stiptprófastur Árni Helgason þannig um langan tíma hefur gegnt ýmsum embættum með alþekktum dugnaði, hefur hann með ritum sínum ekki að eins eflt andlega uppfræðing og næstum gefið henni nýja stefnu, heldur hefur hann með ritum sínum fremur en nokkur þeirra manna, sem nú eru uppi, útbreitt vísindi og almenna menntun. Þareð hann var alkunnur sem skarpur guðfræðingur, heimspekingur og mál-

1860. 3. marz. fræðingur, og var vel að sèr í nýju málunum, hafa margir reynt, að koma sonum sínum til kennslu hjá honum, svo hann hefur um mestan hluta embættistíðar sinnar haldið heimaskóla, og hafa margir dugandi stúdentar útskrifazt frá honum, og ekki allfáa hefur hann undirbúið til háskólans í Kaupmannahöfn.

Þegar hann fèkk lausn frá embætti því, er hann seinast gegndi, og hann hafði að öllu samtöldu hèrumbil 800 dala tekjur af á ári, fèkk hann, eptir lögum um eptirlaun presta á Íslandi, þriðjung hinna vissu tekja í eptirlaun. Eptirlaun þessi geta með engu móti, þó vel sè í lagt, numið meiru en 150 dölum á ári, og tekjurnar af því, sem hann á til sjálfur, eru að eins 70 til 80 dala á ári. Tekjur þessar, sem til samans ekki geta orðið meiri en 230 dalir á ári, eru þannig ónógar til hinna bráðustu þarfa fyrir hann og þá, sem hann á fyrir að sjá.

Þegar svona stendur á, hefur stjórnarráðinu fundizt næg ástæða til, að reyna að útvega þessum manni, sem svo mjög hefur til þess unnið, viðbót við eptirlaunin, eins og hann hefur sótt um; stiptsyfirvöldin á Íslandi hafa og mælt fast fram með því. Ef hann á ekki að líða skort á elliárum, má eptirlauna viðbót þessi ekki vera minni en 300 ríkisdalir á ári. Stjórnarráðið hefur því látið búa til lagafrumvarp það, er hèr er greint, til þess það verði lagt fyrir ríkisþingið[1].

---

20. marz. **12. Brèf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um herskipsferð til Íslands.**

Útaf bænarskrá nokkurri, er hið síðasta alþingi sendi stjórninni viðvíkjandi fiskiveiðum útlendra manna við Ísland, bað dómsmálastjórnin í brèfi 4. f. m. um álit sjóliðsstjórnarinnar um það, sem farið var fram á í bænarskránni, en það var, að sendar yrðu á ári hverju 4 herskútur til landsins, til þess að hafa umsjón yfir hinum útlendu fiskiskipum og halda við reglu kring-

1) Ríkisþingið fèllst á frumvarpið óbreytt með öllu, og var það því öldungis eins hljóðandi og lög þau, sem hèr eru á undan.

um strendur landsins, og gat dómsmálastjórnin þess um leið, að ef þessari ráðstöfun yrði ekki við komið, væri það mjög ákjósanlegt, að nú í sumar yrði eins og í fyrra sent eitt herskip til Íslands, í þeim tilgangi að varna útlendum fiskimönnum að skerða réttindi landsbúa. 1860. 20. marz.

En sjóliðsstjórnin hefir í brèfi 14. f. m. tilkynnt dómsmálastjórninni, að hún ekki sjái sèr fært að láta að þeirri bón alþingis, að senda á ári hverju 4 herskútur til Íslands, og að hún ekki heldur geti nú í sumar látið eitt herskip hafa stöðvar þar við landið, þareð svo standi á, að af fè því, sem ætlað sè til skipaútgjörðar til sjóliðsæfinga verði þetta árið að verja svo miklu til annars, að ekki verði nóg fè eptir til þess að gjöra út skip til Íslands.

Að dómsmálastjórnin eigi að síður leyfir sèr enn á ný að snúa sèr til hinnar heiðruðu sjóliðsstjórnar í máli þessu, kemur af því, að það varðar svo miklu fyrir þann hluta ríkisins, sem hèr á hlut að máli, er svo má álíta að hinum helzta atvinnuvegi Íslands sè búið hið mesta tjón eður eyðilegging, ef útlendir fiskimenn geta hindrunarlaust verið á fiskiveiðum við strendur landsins, er yfirvöldin þar eigi geta fyrirmunað þeim; svo vantar og landsbúa, er með öllu eru varnarlausir, vernd móti yfirgangi þeirra, og skerðingu eignarrèttinda; hefur optlega verið kvartað um þetta, og virðast slíkar umkvartanir vera á rökum byggðar. En að öðru leyti þarf eigi með fleirum orðum að lýsa því fyrir sjóliðsstjórninni, hversu mikils það er um vardanda, að dönsk herskip geti verndað yfirráð hans hátignar konungsins yfir sjónum kringum landið fyrir yfirgangi útlendra fiskimanna.

Enn skal þess getið, að þó alþingi ekki hafi álitið það nægilegt til að ná tilganginum, að eitt herskip væri sent til landsins, má það þó ætla, bæði eptir því, sem fram kom á alþingi, og svo eptir því, sem reynslan bar vitni um í fyrra, að með þessu mundi mjög mikið áunnið; er sjóliðsstjórninni þetta kunnugt af skýrslum þeim, er henni hafa verið sendar um það efni.

Dómsmálastjórnin leyfir sèr því, að fela sjóliðssjórninni mál-

1860. 20. marz. efni þetta, er Íslendinga varðar svo mikils, til hinnar beztu forsjár, og skal því við bætt, að ef sjóliðsstjórnin getur í þessu efni farið eptir ósk dómsmálastjórnarinnar, er það vegna augnamiðsins nauðsynlegt, að herskipið yrði sent svo snemma í vor, sem kringumstæðurnar leyfa.

Dómsmálastjórnin vonast eptir að fá að vita hvað úr verður ráðið í þessu efni.

---

12. apríl. **13. Brèf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um að senda herskip til Íslands.**

Eptir að dómsmálastjórnin í annað sinn hafði farið þess á leit við sjóliðsstjórnina, að herskip yrði sent til Íslands, til að verja rètt Íslendinga gegn ágangi erlendra fiskara, hefur hið heiðraða stjórnarráð í brèfi, dags. 31. f. m., svarað, að það sökum peningaleysis ekki sæi sèr fært, að gjöra út sèrstakt skip til Íslands, en það vilji gjarna verða við tilmælum dómsmálastjórnarinnar að því er unnt sè, og sè því fúst til að láta herskipið „Heimdal" koma við á Íslandi, þar það verði gjört út, hvort sem heldur er, fyrst í maímánuði, til að æfa á því sjóforingjaefni. Foringja skipsins skal og verða gjört að skyldu, að bera sig saman við yfirvöldin, og gjöra það, sem kynni að sýnast nauðsynlegt og haganlegt, allan þann tíma, sem hann getur dvalið á Íslandi, eptir því sem ákveðið er um leiðangur skipsins. Þess skal og getið, að ekkert er því til fyrirstöðu, að nokkrir Íslendingar verði teknir á herskip þetta, til að kynna sèr það, er að sjómennsku lýtur. Hið heiðraða stjórnarráð hefur enn fremur getið þess, að „Heimdalur" gæti farið til Íslands aptur seinna í sumar, þó ekki fyr en í septembermánuði, ef það gæti orðið til nokkurs verulegs gagns. Gæti þá skipið samt ekki dvalið á Íslandi nema stutta stund, bæði vegna þess, hvað áliðið væri orðið, og vegna þess, að þá þyrfti að hafa skipið til annars.

Dómsmálastjórnin metur mikils, hve greiðlega hið heiðraða stjórnarráð hefur tekið í mál þetta, og þiggur það tilboð, að

herskip þetta komi við á Íslandi á sínum vanalegu ferðum í því augnamiði, sem áður hefur verið getið, og að nokkrum Íslendingum, sem þess kynnu að óska, gæfist kostur á að kynna sèr sjómennsku á skipi þessu, og skyldi dómsmálastjórnin endurgjalda sjóliðsstjórninni kostnað þann, er af því kynni að leiða. Þar á móti verður dómsmálastjórnin að hafna tilboðinu um að senda skipið aptur til Íslands í septembermánuði, þareð það ekki getur komið að neinu haldi til að verja hin íslenzku fiskimið, þegar svo er áliðið. 1860. 12. apríl.

Sjóliðsstjórnin hefur enn fremur dregizt á að senda herskip til Íslands við og við framvegis, og getur dómsmálastjórnin ekki annað en lýst þakklæti sínu fyrir heitorð þetta. Um leið og sjóliðsstjórnin hefur gefið heit þetta, hefur hún spurt, hvort nokkrar frekari ákvarðanir mundi mega gjöra í þessu augnamiði. En dómsmálastjórnin verður að geyma sèr rètt til að taka mál þetta til nákvæmari íhugunar.

Að endingu leyfir dómsmálastjórnin sèr að biðjast upplýsingar um, hvort herskipið „Heimdalur" fari beinlínis til Reykjavíkur, og nær ætlazt er til að það verði þangað komið, svo það verði gefið hlutaðeiganda yfirvaldi til vitundar. Það væri æskilegt, ef herskipið seinna gæti komið við á einhverri höfn á vesturlandinu, svo sem á Stykkishólmi eða Dýrafirði.

---

14. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrktarfè prestaekkna. 17. apríl.

Með brèfi þessu látum vèr yður vita, að þeir 300 dalir, sem hingað til hafa á ári hverju verið færðir til í eptirlaunareikningum ríkisins, og sem eptir konungs úrskurði 13. mai 1785 hafa verið hafðir til styrktar prestaekkjum og börnum þeirra á Íslandi, og þèr hafið úthlutað, verða í fjárhagslögunum fyrir árið $18\frac{60}{61}$ taldir meðal útgjalda Íslands, sem sjá má af 9. gr. A. b. 1. í lögum þessum.

1860. 17. apríl. **15. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um fèstyrk til Flateyjar Framfarafèlags.**

Í fjárhagslögunum fyrir árið $18\frac{60}{61}$, sem útkomu 31. fyrra mánaðar, er Flateyjar framfarafèlagi, sem Ólafur prófastur Sivertsen og húsfrú hans stofnuðu árið 1833, veittur 200 dala styrkur, að eins einu sinni.

Þetta látum vèr ekki hjá líða að tilkynna yður, herra stiptamtmaður og yður háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og auglýsingar fyrir hinum hlutaðeigandi, og getum vèr um leið brèfs hèðan, dags. 13. október í fyrra.

---

18. apríl. **16. Brèf fjárhagsstjórnarinnar til dómsmálastjórnarinnar, um rafsegulþráð milli Íslands, Færeyja og Grænlands.**

Það lítur svo út eptir brèfi, sem hingað hefur komið frá innanríkisstjórninni, að dómsmálastjórnin sè í nokkrum vafa um, hvort enn megi álíta gilt leyfi það, er Tal. P. Shaffner, frá Kentucky í Bandafylkjum Vesturheims, var veitt 16. ágúst 1854, til að leggja og nota rafsegulþráð milli Norðurálfu og Vesturheims, sem gengi yfir Ísland, Færeyjar og Grænland. Fjárhagsstjórnin lætur því ekki hjá líða að lýsa því yfir, að leyfi það, sem nefnt er hèr að framan, er framvegis í fullu gildi, þareð Tal. P. Shaffner hefur fullnægt því, sem áskilið er í 10. grein leyfisbrèfsins, og fengið stjórninni til varðveizlu 100,000 dali. Þar á móti hefur Shaffner afsalað nokkru af rèttindum þeim, sem leyfisbrèfið heimilar honum, til Croskey og Magnus í Lundúnum.

Í sumar er kemur á að gjöra út skip, til að rannsaka, hvort koma megi fram fyrirtæki þessu, og hefur fjárhagsstjórnin lofað að sjá svo til, að öll yfirvöld á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi, sýni þeim, sem í sendiför þessari verða, allan þann velvilja, og veiti þeim alla þá hjálp, sem unnt er. Undir eins og fjárhagsstjórnin fær að vita, hvenær leiðangur þessi byrjar, mun hún aptur snúa sèr til dómsmálastjórnarinnar um þetta,

og treystir þá því, að hún muni góðfúslega láta liðsinni sitt í tè í þessu máli. 1860. 18. apríl.

---

17. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um fjárhagslögin fyrir árið $18\frac{60}{61}$. 19. apríl.

Með brèfi þessu sendum vèr yður, herra stiptamtmaður, eitt exemplar af fjárhagslögunum fyrir árið $18\frac{60}{61}$, dagsett 31. í fyrra mánuði, ásamt athugasemdum við frumvarp laga þessara. Vèr sendum og eptirrit af aukafylgiskjali, er hèr að lýtur, að svo miklu leyti sem Ísland snertir.

Vèr getum nú í þetta sinn yfirhöfuð að tala vísað til þess, sem við sama tækifæri var tekið fram í brèfi stjórnarinnar 15. apríl 1851, nefnilega:

að öll laun og tekjur embættismanna og embættisþjóna, sem færð eru til í fjárhagslögum hvers árs, skal borga hlutaðeigendum eptir þeirri upphæð, sem til er tekin fyrir hvern þeirra, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í Opnu brèfi 31. mai 1855, 1. gr., án þess nokkra sèrstaklega skipun þurfi að gjöra um borgunina, og án nokkurs tillits til þess, hvort launin í fjárhagslögunum eru hærra eða lægra reiknuð en áður;

að þegar embættismenn á Íslandi framvegis vilja fá laun sín borguð úr ríkisfèhirzlunni, verður að eins þeim hluta launanna ávísað, sem í hvert skipti er kominn í gjalddaga, þá er embættismaðurinn æskti borgunarinnar.

Landfógeti verður og ávallt að rita á launaávísanir þessar, að hann hafi sèð þær og bókað. —

Vèr biðjum yður, herra stiptamtmaður, að láta hlutaðeigendur vita það, sem þeir þurfa, í þessu efni; vèr höfum og í dag skrifað landfógetanum um þetta, og amtmennirnir á Íslandi hafa einnig fengið vitneskju um það, svo þeir geti birt það embættismönnum í sínum ömtum.

Í fjáraukalögum 29. des. 1857 voru veittir 4000 rd. sem lán vegna fjársýkinnar, sem þá gekk í suðuramtinu. Svo

1860. 19. apríl. Svo sjá megi, hvernig fé þetta skuli gjalda, bendum vèr á athugagreinirnar við 4. grein 4. töluliö fjárhagslaganna, og er þess þar getið, að það af skuldinni, sem greiða á þetta fjárhagsár, sè að öllu rentulaust.

---

20. apríl. **18. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um höfnina í Reykjavík.**

Með brèfi 26. októberm. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað uppástungu, er Koch kaupræðismaður hafði sent hafnarnefndinni í Reykjavík, um að búa þar til bryggju til að lenda við; hafið þèr samkvæmt álitsskjali því, er þèr höfðuð fengið um uppástungu þessa frá verzlunarmönnum í bænum, skýlaust ráðið frá að fallast á uppástunguna; þar á móti hafið þèr enn á ný fastlega mælt með, að bænum væri útvegaður úr ríkissjóði nægilegur fjárstyrkur til þess, að búin yrði til innilokuð skipalega, á þann hátt, er þèr hafið áður stungið upp á í brèfi 14. nóvemberm. 1857; en ef svo færi, að slíkur styrkur eigi gæti fengizt, hafið þèr ráðið til, að búin væri til hentug bátabryggja, sem þèr hélduð eigi mundi kosta meira en hèrumbil 5000 rdl.

Um þetta efni er yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar, að dómsmálastjórnin ekki sèr sèr fært að fallast á uppástungu Kochs, kaupræðismanns, þá er að ofan er nefnd, nè heldur uppástungu þá er gjörð var árið 1857; og skal þess enn fremur getið um hina síðar nefndu uppástungu, að eptir áætlun, sem Fischer forsmiður (Civilingenieur) hefur síðar gjört, yrði kostnaður sá, sem þurfa mundi til að búa til innilokaða skipalegu, verða hèrumbil 50000 rdl. En hvað snertir bátabryggju þá, sem um er getið í brèfi yðar, þá getur stjórnin ekki sagt neitt um það efni, fyr en búið er að fá um það álitsskjal hafnarnefndarinnar; svo verður og að útvega álitsskjal nefndar þessarar viðvíkjandi því, sem stungið var upp á í áður nefndu brèfi stiptamtsins 14. nóvemberm. 1857, áður en nokkuð verður gjört í því efni.

---

19. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nefnd, er sett var í fjárkláðamálinu.

1860. 20. apríl.

Skýrslur þær, er hingað hafa borizt, bæði frá nefnd þeirri, er sett var í Reykjavík í fjárkláðamálinu, og frá yður, herra stiptamtmaður, og dagsettar eru 26. og 27. f. m., bera það reyndar með sèr, að heilbrigðisástand fjárins virðist yfir höfuð að tala að vera viðunandi, en þó hlýtur dómsmálastjórnin, sem metur svo sem vert er það kapp og alúð, er nefndin hefir allt til þessa lagt á störf þau, er henni voru falin á hendur, að álíta það rèttast, að hún fyrst um sinn haldi þeim áfram á sama hátt og að undanförnu; með því og ákvörðun sú, sem getið er í brèfi yðar 28. f. m., að eins er til bráðabyrgða, er það lagt í yðar vald, herra stiptamtmaður, eptir að þèr eruð búnir að bera yður saman við nefndina, að ákveða, hvort og hve lengi dýralæknarnir Hansteen og Krause þurfa að vera á Íslandi; en að minnsta kosti virðist það vera ákjósanlegt, að þeir sèu þar þangað til böðun fjárins er lokið nú í vor.

Eins og sjá má af útdrætti úr brèfi nefndarinnar, sem hèr er með, hefir hún sótt um, að álit hennar yrði aukið með konungligum úrskurði, ok að stjórn kláðamálsins yrði gjörð einfaldari með því, að nefndinni sjálfri yrði veitt embættisvald viðvíkjandi framkvæmdum lækninganna í suðurumdæminu og hún stæði beint undir yfirumsjón dómsmálastjórnarinnar sjálfrar. En um þetta efni skal þess getið, að það er hvorttveggja, að síðan gufuskipið kom hefir ekki verið tími til að bera málið undir hans hátign konunginn, enda þykir og stjórninni ekki næg ástæða til þessa, eptir því sem málið nú stendur; svo verður og eigi betur sèð, en að það fyrirkomulag, sem nefndin hefir hlotið samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 17. október f. á., sè yfir höfuð að tala hagfellt og nægilega tryggjandi fyrir álit hennar; skal þess getið um leið, að stjórninni hefir ekki verið sent eptirrit af reglugjörð þeirri, er stiptamtmaður hefir sett nefndinni, og eruð þèr því beðnir að senda það hingað, svo fljótt sem verða má; en annars telur dómsmálastjórnin það víst, að reglugjörð þessi sè í öllum aðalatriðunum samkvæm brèfi stjórnarinnar

1860. 20. apríl. 17. októberm. f. á., sem áður er á minnzt. — Að öðru leyti hlýtur dómsmálastjórnin að álíta það ákjósanlegt, að nefndin sendi skýrslur sínar gegnum amtið, svo að efni þeirra sè því kunnugt, og það geti gjört athugasemdir sínar við þau atriði, er það finnur ástæðu til.

Nefndin hefir enn fremur sótt um, að mega sjálf út nefna og setja af þá lögregluþjóna, er þykja nauðsynlegir til þess að framkvæma þær ráðstafanir, er hún gjörir, og mega setja þeim slíka reglugjörð, er henni þyki með þurfa. Með því stjórnin viðurkennir, að fyrirkomulag þetta, eptir skýrslum nefndarinnar, virðist hafa borið góða ávöxtu, er ekkert því til fyrirstöðu, að þjónar þeir, sem hèr er um rætt, sèu hèr á eptir notaðir í sama augnamiði og að undanförnu; svo má og nefndin sjálf útnefna þá og af setja; en þó ætti að íhuga það nákvæmlega, hvort ekki mætti fækka slíkum þjónum nokkuð, og hvort ekki mætti lækka borgun þá, sem þeim hefir verið veitt að undanförnu, er dómsmálastjórninni finnst slík borgun vera mjög há.

Nefndin hefir farið fram á, að hún fengi til umráða svo mikið fè, er með þyrfti til að framkvæma störf hennar. Í þessu efni verður að leiða athuga manna að því, að það þegar var ákveðið í brèfi dómsmálastjórnarinnar 17. október f. á., samkvæmt uppástungu hinna konunglegu erindsreka, að nefndin skyldi fá fè nokkurt til umráða til að borga með kostnað þann, er leiddi af störfum hennar. Þar á móti hefir svo verið ráð fyrir gjört, að eptirleiðis gæti ekki orðið umtal um önnur gjöld viðvíkjandi kláðamálinu, en laun dýralæknanna, og einkum er það sjálfsagt, að fjáreigendurnir verða sjálfir að standast kostnaðinn af því að útvega lyf og böðunarefni fyrir fè sitt eins og á þarf að halda, að minnsta kosti að undanskildum sèrstökum tilfellum, eptir því sem fyrir er mælt í 15. gr. í hinum almennu reglum um fjárkláðann 14. sept. f. á., er hinir konunglegu erindsrekar settu.

Gjöld þau, sem að ofan eru nefnd og það, sem eptir þetta gengur til launa handa dýralæknum og lögregluþjónum, ber að greiða af þeim 10,000 rdl., sem veittir eru í fjárhagslögum þ. á. 14. gr., 23. tölulið.

Útaf fyrirspurn nefndarinnar um það, hvort störf hennar eptir þetta ættu að vera bundin við suðuramtið eitt, skal þess getið, að eins og áður er sagt er stjórninni ókunnugt, hvað um þetta efni hefir verið ákveðið í reglugjörð þeirri, er nefndinni hefir verið fengin, en í optnefndu brèfi dómsmálastjórnarinnar, 17. októberm. f. á., var ekki svo til ætlazt, að störf hennar væru einskorðuð við suðurumdæmið eitt, ef nokkur ástæða væri til þess að halda, að sýkin væri í hinum umdæmunum. 1860. 20. apríl.

Eptir skýrslum nefndarinnar finnur dómsmálastjórnin ástæðu til að skora á yður, herra stiptamtmaður, að hafa vakandi auga á hvað prentað er, og láta hlutaðeigendur sæta lagaábyrgð, að svo miklu leyti sem þar til eru ástæður. Að endingu skal því við bætt, að dómsmálastjórnin í brèfum dagsettum í dag, hefir boðið hinum amtmönnunum að hafa vandlega gætur á, að ekki sèu lagðar neinar tálmanir, einkum af hálfu embættismanna, fyrir ráðstafanir þær, er nefndin gjörir, eptir því valdi, er stjórnin hefir veitt henni til þess, annaðhvort í suðurumdæminu, eður í hinum tveimur umdæmunum, og að brýna fyrir embættismönnunum, að það er skylda þeirra að styrkja tilraunir nefndarinnar í máli þessu, sem varðar svo miklu fyrir land og lýð.

Efni brèfs þessa eruð þèr beðnir að gjöra nefndinni kunnugt.

---

20. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um danska þýðingu alþingistíðindanna, m. m. 20. apríl.

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, með brèfi yðar 28. f. m. senduð hingað hið síðasta af hinum íslenzka texta alþingistíðindanna árið 1859, ásamt danskri þýðingu af gjörðum þingsins á 9 fundum, hinum 15. til 23., hafið þèr að tilmælum forseta þingsins, Jóns Guðmundssonar málaflutningsmanns, beðið um úrskurð stjórnarinnar, hvort það, sem eptir sè hinnar dönsku þýðingar tíðindanna megi ekki burt falla, þareð ekki sè unnt, nú sem stendur, að fá þýðingu þessa bærilega af hendi leysta.

1860. 20. apríl. Um þetta efni er yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar þeim, er hlut á að máli, að eptir því sem á stendur er frá dómsmálastjórnarinnar hálfu ekkert þessu til fyrirstöðu.

Þér hafið því næst skotið undir úrskurð stjórnarinnar, hvort borga megi úr jarðabókarsjóði Íslands þann hluta af alþingiskostnaðinum 1859, er fari fram úr upphæð þeirri, sem ákveðin er í fjárhagslögunum. Um þetta atriði skal skýrskotað til brèfs hèðan, 28. janúarm. þ. á.; er í því veitt það leyfi, sem hèr er æskt[1].

---

12. maí. **21. Brèf hinnar íslenzku stjórnardeildar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ríkisskuldabrèf.**

Frá fjárhagsstjórninni hafa út komið auglýsingar þær, er fylgja með brèfi þessu og nú skal greina:

1. Auglýsing 22. septemberm. 1859, um það hvernig að skuli farið, þá er skipt er gömlum ríkisskuldabrèfum fyrir ný, hvort sem þau eru inn kölluð eður eigandi sendir þau að eigin vild;
2. Auglýsing 30. janúarm. 1860, um innköllun nokkurra ríkisskuldabrèfa og kvittunarbrèfa (Indskrivningsbeviser) til þess þeim verði skipt fyrir önnur, og
3. Auglýsing 20. aprílm. 1860, um innköllun nokkurra ríkisskuldabrèfa til þess þeim verði skipt.

Um leið og 4. deild fjárhagsstjórnarinnar sendi hingað

---

1) Landfógetinn hafði neitað að borga úr jarðarbókarsjóði Íslands meira til alþingiskostnaðar 1859 eptir ávísunum alþingisforsetans, en til var tekið í þessu skyni í fjárhagslögunum fyrir árið 1859/60; bað því forseti stjórnina um að veita leyfi til að borga gjald það, er fram yfir færi, og mundi nema svosem 2000 — 2200 ríkisdölum. Dómsmálastjórnin gaf þess kost, í brèfi til stiptamtmanns 28. janúarm. 1860, að borga mætti úr jarðabókarsjóði Íslands á vanalegan hátt fè það, er alþingiskostnaðurinn 1859 færi fram úr þeim 10,000 rdl., sem til eru teknir í fjárhagslögunum.

auglýsingar þessar með brèfi 3. þ. m. gat hún þess, að þó efni 1860.
þeirra væri almenns eðlis ættu þær samt ekki að gilda á 12. maí.
Íslandi, og sama væri um auglýsingar þær, sem hèr eptir kynnu að koma út, til að innkalla ríkisskuldabrèf, til þess þeim yrði skipt; þess vegna beri eigi að álíta þau skuldabrèf, sem á Íslandi sèu, sem innkölluð, og verði því greiddir vextir af þeim úr jarðabókarsjóði Íslands öldúngis á sama hátt og að undanförnu, þó að skuldabrèf, sömu tegundar og þau, kynnu að vera innkölluð með slíkri auglýsingu til þess þeim yrði skipt fyrir önnur, og þar að auki væri á kveðið, að vextir ekki yrðu greiddir af þeim frá þeim tíma, er fjárhagsstjórnin hefði til tekið.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til nauðsynlegrar auglýsingar.

---

22. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um mótþróa móti gjaldi til jafnaðarsjóðsins[1]. 26. maí.

Þèr hafið, herra amtmaður, í brèfi til dómsmálastjórnarinnar 10. febrúarm. þ. á., skýrt frá, hvað fram hafi farið á manntalsþingum í vesturumdæminu tvö undanfarin ár, þá er krafizt hefir verið gjalds þess, er greiða skal til jafnaðarsjóðsins.

Af skýrslu yðar og skjölum þeim, er henni fylgdu, sèst, að til þess að jafnaðarsjóður vesturumdæmisins gæti svarað þeim hinum talsverðu gjöldum, er hann átti að greiða tvö hin umræddu ár, og sem einkum höfðu aukizt mjög af því, að eptir brèfi dómsmálastjórnarinnar 11. maímánaðar 1858 og fjáraukalögunum 29. desembermánaðar 1857 var á kveðið, að það 2478 rdl. lán, er jafnaðarsjóðurinn hafði fengið úr jarðabókarsjóðnum til þess að standast kostnað af Hvítárverðinum gegn fjárkláðanum árið 1857, skyldi endurgoldið innan tveggja ára — þá hafið þèr, með ráði nokkurra manna, er kunnugir voru hvernig á stóð, á kveðið 10 skildinga gjald af hverju gjaldskyldu lausa-

1) sbr. «Íslending« Nr. 16, 8. Novbr. 1860.

1860. 26. maí. fjárhundraði í umdæminu til jafnaðarsjóðsins árið 1858, og að íbúar amtsins hvervetna hafa greitt það af hendi mótmælalaust, þó það væri helmingi meira en árin þar á undan, nema í 3 hinum austustu hreppum Barðastrandarsýslu, Geiradals, Reykhóla og Gufudals hreppum, en í þessum þrem sveitum neituðu menn að gjalda nema 6 skildinga af hverju lausafjárhundraði, og báru það fyrir, að þeir þekktu engin þau lög, er heimiluðu amtmanni að verja nokkru af tekjum jafnaðarsjóðsins til þess að greiða kostnað þann, er leiddi af verði þeim, er áður er nefndur, en hinsvegar hafa þeir, eptir því sem sýslumaður skýrir frá, sagt, að þeir væri fúsir til að greiða seinna meir þá 4 skildinga af hverju lausafjárhundraði, er á vantaði, þegar stjórnin skipaði svo fyrir, að gjalda skyldi kostnað þenna úr jafnaðarsjóði vesturumdæmisins.

Af skýrslu yðar sést enn fremur, að þér hafið ekki fyrri en 13. októberm. 1858 fengið brèf Thoroddsens sýslumanns, sem dagsett var 2. septemberm. þar á undan, þar sem hann skýrir frá, hvað gjörzt hafi í þessu efni á manntalsþingum það ár í hreppum þeim, er áður voru nefndir; að þèr 16. októbermánaðar þá um haustið hafið skipað honum að taka lögtaki það, sem eptir var ógoldið í þeim 3 hreppum, er mótþróann sýndu, en að hann þrátt fyrir skipun yðar lèt það ógjört, og jafnvel svaraði ekki brèfi yðar fyrri en að 14 mánuðum liðnum eður 20. desembermánaðar 1859. Af þessu hirðuleysi sýslumannsins í framkvæmdum á skipun þeirri, er fyrir hann var lögð, hefir því leitt, að hinar útistandandi skuldir hjá gjaldendum eru enn ógoldnar, og hefir hann ekki getað annað fyrir sig borið sèr til afsökunar en það, að hann hafi gjört sèr von um, að gjaldendur mundu fást til með góðu að greiða það, er á vantaði tollinn.

Eptirdæmi það, er þrír hinir fyrnefndu hreppar höfðu gefið árið 1858, og sem komst vítalaust af fyrir undandrátt sýslumannsins, hefir ásamt með æsingum eins hreppstjóra eptir ætlan yðar komið því til leiðar, að þá er þèr árið 1859 lögðuð 12 skildinga gjald á hvert lausafjárhundrað til jafnaðarsjóðsins, hafa ekki einungis íbúar hinna sömu hreppa í Barðastrandarsýslu, heldur einnig margir aðrir gjaldþegnar í Dala- Ísafjarðar-

og Stranda sýslum — og jafnvel meiri hluti manna í tveim hinum síðast nefndu sýslum — neitað að greiða meira en 6 skildinga af hverju lausafjárhundraði, og mikill þorri þeirra hefir jafnvel haft þá ofdirfð í frammi, að bera fram á manntalsþingum skriflegt skjal, og í því leitt rök að og lýst yfir, að þeir ætluðu ekki að hlýða boði amtmannsins, og bæði tekið það fram aptur, er hinir þrír hrepparnir í Barðastrandar sýslu höfðu sagt árið áður, að amtið ætti ekkert með að verja efnum jafnaðarsjóðsins til að gjalda kostnað Hvítárvarðarins, og þar að auki byggt neitun sína um það, að greiða gjaldið að fullu, á þeirri ástæðu, að þeir fengju enga vitneskju um, til hvers gjöld þau, er þannig væru árlega heimtuð af þeim, væru höfð, og að eptir réttum skilningi íslenzkra laga yrði engir skattar á þá lagðir, nema því að eins alþingi hefði áður sagt þar að lútandi álit sitt. 1860. 26. maí.

Nú er dómsmálastjórnin, samkvæmt uppástúngu yðar, skal láta í ljósi álit sitt um það, hvort þér hafið haft rétt og heimild til þess að jafna þannig niður gjaldi til jafnaðarsjóðsins á íbúa vesturumdæmisins, eins og þér hafið gjört árin 1858 og 1859, eður ekki, þá verður því ekki svarað öðruvísi en svo, að þér hafið haft hinn fyllsta r é t t til þess að jafna gjaldi því, sem hér er um rætt, á amtsbúa; því eptir lögum þeim, sem nú gilda, eruð þér í þessu efni hið eina og rétta yfirvald, er því máli eigið að ráða, og almenningi getur ekki verið ókunnugt um, að það er með öllu ástæðulaust að krefjast þess, að alþingi eður gjaldþegnar í umdæminu eigi hina minnstu heimting á að hafa hönd í bagga með, þá er upphæð gjalds þessa er ákveðin. Eins ljóst er og hitt, að þér hafið haft fulla h e i m i l d til að fara þannig að, sem þér hafið gjört; því að öðrum kosti hefði jafnaðarsjóður umdæmisins ekki verið fær um að greiða í tæka tíð skuld sína til jarðabókarsjóðsins, og þar að auki standast kostnað þann, er að öðru leyti hvíldi á honum.

Þar sem það því næst optar en í eitt skipti hefir verið tekið fram í máli þessu, að amtmaður ekki hafi haft heimild til að verja neinu af efnum jafnaðarsjóðsins til þess að gjalda kostnað þann, er leiddi af kláðaverðinum 1857 við umdæmamótin, þá er slíkt einnig með öllu ástæðulaust; því ráðstöfun sú,

1860. 26. maí. sem hèr er um rætt, var eptir tillögum amtmanns við stjórnina og með hennar samþykki gjörð í þarfir alls umdæmisins, og kostnaður sá, sem þar af leiddi, hlýtur því að snerta allt umdæmið sem eina heild, og hlýtur því einmitt að leggjast á jafnaðarsjóð umdæmisins. Þessu var einnig fullkomlega játað af þeim hinum þjóðkjörnu mönnum úr hverri sýslu vesturumdæmisins, er vorið 1858 áttu fund með sèr í Stykkishólmi til þess að ráðgast um varnir gegn útbreiðslu fjárkláðans í vesturumdæminu, og er þetta með berum orðum tekið fram í þegnlegu skjali fundar þessa, er hann sendi stjórninni 21. aprílm. 1858.

Að síðustu hafa gjaldþegnarnir barið því við, sem ástæðu fyrir undanfærslu sinni með að greiða gjald það, er á þá var jafnað, að þeir enga vitneskju fái um, til hvers varið sè fè því, er þannig sè af þeim heimtað. En í því efni skal þess getið, að gjaldendum hvergi í lögum er veitt heimild til að rannsaka, til hvers gjaldinu sè varið, áður en þeir greiða það; en á hinn bóginn á hver og einn kost á því, að snúa sèr til amtmannsins og á þann hátt fá þær upplýsingar í þessu efni, er með þarf; slíkar upplýsingar fást og í frèttablöðunum, því í þeim eru ágrip af reikningum jafnaðarsjóðsins við og við auglýst. Annars eru reikningar þessir rannsakaðir í skrifstofum dómsmálastjórnarinnar, og eptir því sem sveitastjórnarlög nú eru á Íslandi eru þeir ekki háðir neinu öðru eptirliti og allra sízt nokkru eptirliti af hálfu gjaldþegnanna.

Með því það þannig er laust við allan efa, að þèr hafið haft fulla heimild til að ákveða gjaldið til jafnaðarsjóðsins árin 1858 og 1859 eins og þèr hafið gjört, þá leiðir af því, að þeir af íbúum umdæmisins, sem neitað hafa að greiða hið niðurjafnaða gjald að fullu, hafa brotið gegn lögum og landstjórn, og þeir af mótþróamannaflokki þessum, sem svo langt hafa farið, að þeir jafnvel á manntalsþingum hafa lýst því yfir, að þeir vildu ekki hlýðnast fyrirskipunum amtsins, hafa gjört svo stórvægileg frèttarspjöll, að ástæða er til að höfða sök á hendur þeim af frèttvísinnar hálfu, og geta þeir þá ekki komizt hjá að verða dæmdir til að sæta mjög þungri hegningu. En að stjórnin nú samt sem

áður ekki lætur höfða mál móti mönnum þessum, þá er það 1860.
fyrir þá sök, að aðferð þeirra virðist lýsa því, að þeim hafi ekki 26. maí.
verið fullljóst hvers kyns yfirsjón það var, sem þeir drýgðu, og fyrir þá sök, að álíta má þá afvegaleidda til óhlýðni gegn valdstjórninni, bæði af dæmi hinna þriggja hreppa í Barðastrandarsýslu árið 1858, og af fortölum og æsingum Indriða hreppstjóra Gíslasonar; en vitaskuld er, að tafarlaust skal nú taka lögtaki það, sem ógoldið er af tollinum hjá þeim, sem þrjózkazt hafa að gjalda hann, ef þeir greiða það ekki þegar í stað, eptir að búið er að birta þeim þenna úrskurð stjórnarinnar. Hitt er og sjálfsagt, að hlíf sú, er þeim er nú sýnd, ekki getur orðið þeim til málsbóta, er annaðhvort að nýju gjöra sig seinna meir seka í líku athæfi, ellegar á nokkurn hátt leggja tálmanir í veg fyrir yfirvaldið, þegar það á að heimta saman þetta skuldagjald.

Um leið og dómsmálastjórnin birtir yður þetta, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar íbúum umdæmis þess, sem þér eruð yfir skipaðir, verður þess að geta, að þareð skýrslur sýslumannanna í Barðastrandar- og Strandasýslum bera með sèr, að nokkrir hreppstjórar hafi sumpart með framgöngu sinni stutt að því að efla mótþróa þann, er hreppsbændurnir sýndu, sumpart jafnvel fyrir rètti neitað, að þeir vildu taka lögtaki tolla þá, er ógoldnir voru, þá þykir full ástæða til að víkja hreppstjórum þessum frá völdum, sem og öðrum hreppstjórum, er ratað hafa í líkar yfirsjónir, og hlýtur stjórnin að fela yður á hendur, herra amtmaður, að haga því á þann hátt, er bezt þykir við eiga, eptir því sem á stendur, með því það má virðast nauðsyn, til þess að lög og landstjórn geti staðizt, að þola engan mótþróa í máli þessu, sem yfirvöldin því miður hafa þegar tekið of linlega í. En hvað sem um annað er að ræða, þá skal tafarlaust setja af völdum hreppstjórann í Saurbæjar hrepp í Dala sýslu, Indriða Gíslason, og hefði það átt að vera gjört fyrir löngu síðan; og þareð það enn fremur sèst af skýrslu yðar, að maður þessi hefir litlu fyrir manntalsþing í Dala sýslu árið sem leið ferðazt um sýsluna, kallað bændur á fundi og æst þá þar til þess að neita að greiða meira en helming af toll-

1860. 26. maí. gjaldi því, er á þá var lagt, þá eigið þèr að láta taka próf um þessa breytni hans, senda síðan stjórninni eptirrit af prófinu, og leiðbeina því með þeim athugasemdum, sem yður þykir við þurfa . . . . . —

---

26. maí. **23. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um arfleiðslu hórgetins barns.**

Með brèfi 6. marzm. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá frá Katli bónda Ketilssyni á Seljum í Snæfellsnes sýslu, og biður hann þar um konunglega staðfestingu á erfðaskrá, er hann hafði samið 26. septemberm. f. á., til þess að arfleiða hórgetna dóttur sína, Ágústínu Abizay.

Um þetta efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og auglýsingar fyrir beiðanda, að þareð arfleiðsla sú, sem hèr er um rætt, er bundin við þann skilmála, að ekki sèu lífserfingjar eptir arfleiðanda látinn, er staðfesting sú, sem um er beðið óþörf, samkvæmt tilsk. 25. septemberm. 1850 20. gr.

---

29. maí. **24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, viðvíkjandi klögun Jónasar bónda Bjarnasonar á Rófu, um aðferð þá, er höfð var í frammi við hann í fjárkláðamálinu.**

Eptir að dómsmálastjórnin hefir fengið álitsskjal yðar, herra amtmaður, dagsett 7. dag febrúarm. þ. á., viðvíkjandi umkvörtun Jónasar bónda Bjarnasonar á Rófu í Húnavatnssýslu, um aðferð þá, er höfð var í frammi við hann í fjárkláðamálinu af hálfu yfirvaldanna, skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar þeim, er hlut á að máli, að stjórnin sèr ekki kost á að styrkja hann til að ná neinum bótum í þessu tilliti, en verður að láta hann sjálfan um það, hvort

hann vill fara í málssókn til að leita réttar þess, er hann telur sig eiga; en ef hann afræður þetta, getur hann vænzt eptir að fá gjafsókn í héraði, þegar hann fer þess á leit á tilhlýðilegan hátt. 1860. 29. maí.

---

25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um bætur fyrir nokkra forustusauði úr Borgarfjarðar sýslu. 31. maí.

Eptir tilhlutun dómsmálastjórnarinnar hafið þèr, herra amtmaður, í brèfi 10. desemberm. f. á. látið í ljósi álit yðar um ágreining nokkurn milli yðar og stiptamtmannsins yfir Íslandi um það, hvort þèr hafið haft næga ástæðu til að færast undan að greiða úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins 44 rdl. 32 skildinga, eður þriðjung skaðabóta þeirra, er gjalda átti samkvæmt ákvörðun amtmannanna 11. júním. 1857 fyrir niðurskurð á nokkrum forustusauðum í Borgarfjarðar sýslu.

Um þetta mál sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmdar, að eptir upplýsingum þeim, sem nú eru fengnar um atvik málsins, verður dómsmálastjórnin að álíta, að þèr hafið ástæðulaust færzt undan að endurgjalda jafnaðarsjóði suðurumdæmisins fè það, sem hèr er um rætt, úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins; og vonast því stjórnin eptir, að fè þetta verði endurgoldið svo fljótt sem verða má.

---

26. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um umboðslaun af þingeyra klaustri. 31. maí.

Með því það hefir þótt vafasamt, hvernig ákveða skyldi þann helming af umboðslaununum af Þingeyra klaustri, sem R. Olsen umboðsmanni, er var undan þeginn því að hafa á hendi umboðssýslu þessa, bar eptir brèfi dómsmálastjórnar-

1860. 31. maí. innar 22. aprílm. 1856, hafið þèr, herra amtmaður, í brèfi 7. febrúarm. þ. á. skotið því undir úrskurð stjórnarinnar, hvort reikna skuli helming þenna af umboðslaununum óskertum, eins og þau eru til greind á gjaldasíðunni í umboðsreikningunum, eða hvort fyrst eigi að draga frá kostnað þann, er umboðssýslan hefir í för með sèr, og hafið þèr getið þess, að þèr hyggið þetta hið síðara vera rèttara.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til auglýsingar þeim, er hlut eiga að máli, að bæði eptir því, sem eðli málsins bendir til, og samkvæmt grundvallarreglum í opnu brèfi 23. aprílm. 1813 og 14. sept. 1830, smbr. tilskipun 3. febrúarm. 1836, IV., ber að skipta umboðslaununum að frádregnum kostnaði þeim, er umboðssýslan hefir í för með sèr, til jafnaðar milli þess, er hefir á hendi umboðsstörfin og þess, sem er undanþeginn frá því að gegna þeim.

---

31. maí. **27. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skaðabætur til norðanpóstsins.**

Þèr hafið herra amtmaður, með brèfi 30. septemberm. f. á., sent dómsmálastjórninni bænarskrá frá Vigfúsi Gíslasyni, norðanpósti, um það, að fá þóknun eður endurgjald fyrir tjón það, er hann hreppti á póstferð til Reykjavíkur í febrúarmánuði árið 1859, og hefir hann metið tjón þetta 234 ríkisdali; hafið þèr lagt það til, að honum verði í þessu skyni veitt 100 ríkisdala þóknun.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar þeim, er hlut á að máli, að dómsmálastjórnin, vegna upplýsinga þeirra, er fram hafa komið um alla málavöxtu, hefir veitt Vigfúsi pósti Gíslasyni, þeim er áður er nefndur, 100 rdl. sem aukaþóknun, sökum tjóns þess er hann beið á ferð þeirri, er að ofan er greind, og skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði landsins.

---

28. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um gjaldfrest á láni, er jafnaðarsjóði amtsins hafði verið veitt.** 1860. 31. maí.

Þèr hafið, herra amtmaður, í brèfi 30. septemberm. f. á. farið þess á leit, að dómsmálastjórnin útvegi fyrst um sinn frest á borgun þeirra 1333 rdl. 32 sk., sem samkvæmt fjáraukalögum 29. desemberm. 1857, 3. gr., 7. tölul., voru greiddir jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, sem lán úr jarðabókarsjóði Íslands vegna fjárkláðans.

Útaf þessu sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til frekari framkvæmdar, að dómsmálastjórninni ekki þykir vera ástæða til að biðja ríkisþingið um lengri gjaldfrest á láni þessu, og það því síður, sem nú er mjög vel ástatt í norður- og austurumdæminu að því leyti, er fjárkláðann snertir, eptir skýrslum þeim, er þèr hafið hingað sent; svo er það og eigi mikið fè, sem hèr er um að ræða. Dómsmálastjórnin verður því að bjóða yður nákvæmlega að annast um, að lánið verði endurgoldið jarðabókarsjóðnum, þó rentulaust, á yfirstandandi fjárhagsári, samkvæmt fjárlögunum fyrir árið $18^{60}/_{61}$ (smbr. athugasemdirnar við frumvarpið til laga þessara, við 4. gr. A. 4.).

---

29. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk til að ala upp svín.** 31. maí.

Með brèfi 16. desemberm. f. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað eptirrit af bænarskrá, er yður barst frá A. Sæmundsen, umboðsmanni vesturhluta Munkaþverárklausturs, um það, að tveim af landsetum klausturs þessa, Bjarna Davíðssyni á Snæbjarnarstöðum og Guðmundi Davíðssyni í Hjaltadal, verði hvorum fyrir sig úr almennum sjóði veittur styrkur til að kaupa tvo grísa, eitt karldýr (gölt) og eitt kvenndýr (gyltu), til þess að gjöra tilraun með að ala upp svín til sveita á Íslandi; og

1860. 31. maí. hafið þèr stungið upp á, að þeim í þessum tilgangi yrði veittur 60 ríkisdala styrkur úr umboðssjóðnum.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til auglýsingar þeim, er hlut eiga að máli, að þareð hinn svo nefndi umboðssjóður ekki er eiginlegur sjóður útaf fyrir sig þannig, að honum verði varið til sèrstaklegra fyrirtækja, og í raun og veru ekki annað en sá hluti af umboðstekjum ríkissjóðsins, sem á ýmsum tímum er í vörzlum hlutaðeiganda umboðsmanns, getur stjórnin ekki, án þess fyrir því sè heimild í fjárhagslögunum, veitt það, sem um er beðið, á þann hátt, er þèr stingið upp á; en þar á móti er frá stjórnarinnar hálfu ekkert því til fyrirstöðu, að fè það, er um var getið, verði greitt úr búnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, ef hann er fær um að bera slíkt gjald.

---

2. júní. **30. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um póstferðir.**[1]

Af skýrslu einni, er hingað hefir borizt frá stiptamtmanninum yfir Íslandi, sèst, að hinn síðasti norðanpóstur (og einnig vestanpósturinn) hafa ekki komið til Reykjavíkur fyr en 12. dag fyrra mánaðar, og að af því hefir leitt, að bið hefir orðið á, að gufuskipið kæmist af stað; hefir útgjörðarmaður skipsins krafizt skaðabóta fyrir bið þessa, samkvæmt 4. gr. í samningi þeim, er við hann hefir verið gjörður, og 3. athugasemd við áætlunina um ferðir skipsins[2]; en eptir því, sem þar er ákveðið, áttu póstbrèf að vera tilbúin í Reykjavík þegar 6. dag maímánaðar.

Dómsmálastjórninni þykir þess vegna vera ástæða til að skora á yður, herra amtmaður, um að gæta þess nákvæmlega, að norðanpósturinn fari svo snemma af stað, að hann geti komizt til Reykjavíkur fyrir þá daga, sem til tekið er í áætluninni um gufuskipsferðirnar, að skila skuli póstskipsbrèfunum.

1) Amtmanninum í vesturumdæminu var sama dag skrifað brèf sama efnis, viðvíkjandi vestanpóstinum.

2) Samningurinn við útgjörðarmann gufuskipsins og áætlan um ferðir þess er prentað hèr að framan, bls. 327—330.

---

31. Opið brèf frá dómsmálastjórninni til yfirvalda á Færeyjum og Íslandi, um ferð Sir Leopold M'Clintocks skipstjóra m. fl. 1860. 9. Júní.

Dómsmálastjórninni hefir verið kunngjört, að á þessu ári eigi að fara fram rannsókn um, að hve miklu leyti unnt muni vera að leggja rafsegulþráð milli Norðurálfu og norðurhluta Vesturálfu, eptir Færeyjum, Íslandi og Grænlandi, svosem Tal. P. Shaffner ofursti fèkk til leyfisbrèf konungs 16. ágústm. 1854. Það er og orðið stjórninni hèr kunnugt, að hin enska stjórn ætlar í miðjum þessum mánuði að senda *Sir Leopold M'Clintock* norður í höf með gufuskipið *Bulldog*, til þess að rannsaka dýpt sjávarins m. fl., og stendur sendiför þessi, eptir því sem stjórninni hefir verið skýrt frá, í sambandi við þá rannsókn, er að ofan er um getið, eður jafnvel á að líkindum að vinna að hinum sama starfa.

Þess vegna skorar dómsmálastjórnin á öll yfirvöld á Færeyjum og Íslandi, og einkum amtmanninn á Færeyjum og stiptamtmanninn og amtmennina á Íslandi, að þeir láti *M'Clintock* skipstjóra í tè við rannsóknir hans alla þá greiðvikni og hjálp, sem þeim er unnt.

---

32. Brèf hinnar íslenzku stjórnardeildar til annarar stjórnardeildar kirkju- og kennslumálanna, um stiptsbókasafnið á Íslandi. 13. júní.

Hin heiðraða stjórnardeild hefir með brèfi 18. f. m. sent hingað skjal það, sem fylgir aptur með brèfi þessu, frá kirkju- og kennslumáladeild hinnar norsku stjórnar; er þess getið í skjali þessu, að þareð hinni norsku stjórnardeild sè mjög annt um, að eitt exemplar af riti, sem nýlega er komið á prent um dómkirkjuna í Þrándheimi, komist í einhverja almenna bókhlöðu á Íslandi, mælist hún til að fá ýmsar upplýsingar viðvíkjandi stiptsbókasafninu í Reykjavík.

Um þetta efni lætur ekki stjórnin hjalíða að gefa eptirfylgjandi skýrslu:

1860. 13. júní. Árið 1818 og næstu árin þar á eptir var, einkum fyrir tilstilli C. C. Rafns, doktors í heimsspeki og konferentsráðs, farið að safna bókum, og átti þannig að leggja grundvöll til bókasafns, er hafa skyldi fyrir mark og mið að efla almenna uppfræðingu á Íslandi; síðan var stofnan hins íslenzka stiptsbókasafns í Reykjavík staðfest með allrahæstum úrskurði 11. aprílm. 1821; árið 1826 fekk bókhlaðan statútur sínar, er staðfestar voru af konungi 15. nóvemberm. s. á. Stofnun þessi eignaðist innan skamms allmikið bókasafn, bæði fyrir gjafir Hans Hátignar konungsins, og ýmsra velgjörðamanna í Danmörku og á Íslandi; svo hefir það og smátt og smátt aukizt töluvert, sumpart af því, að það fær aukaexemplör frá hinni miklu konunglegu bókhlöðu hèr í borginni, og sumpart af því, að ferðamenn, sem komið hafa til Íslands, og aðrir, bæði einstakir menn og vísindafèlög, einkum í Svíþjóð, á Þjóðverjalandi, Frakklandi, Englandi og í norðurhluta Vesturheims, hafa á ýmsum tímum, þó mest síðustu árin, gefið því margar og merkilegar bækur, svo að nú eru í safninu yfir 10,000 bindi.

10. dag júlímánaðar 1856 staðfesti konungur statútu fyrir hinn fasta sjóð stiptsbókasafnsins. Sjóður þessi var í fyrstu stofnsettur af gjöfum, er Rafn konferentsráð útvegaði hjá velvildarmönnum bókasafnsins, einkum á Englandi, svosem Hudson Gurney Esq., Sir Nicolai Carlisle og fleirum, og voru gjafir þessar sendar stjórn bókasafnsins árin 1829, 1830 og 1834. Sjóður bókasafnsins var, þegar statúturnar voru samdar, 2343 rdl. í ríkisskuldabrèfum, sem goldnir eru vextir af. Í statútum þessum er það meðal annars ákveðið, að 50 rdl. af ársvöxtunum, sem að öðru leyti sè varið í þarfir bókasafnsins, skuli bæta við hinn fasta sjóð, og að aldrei megi með neinni ákvörðun skerða fè það, er á þann hátt smátt og smátt komi í sjóðinn.

Stjórn stiptsbókasafnsins er, undir yfirumsjón stiptsyfirvaldanna, falin á hendur þrem mönnum, er búa í Reykjavík; er einn þeirra fèhirðir og semur á ári hverju reikning um tekjur og gjöld bókasafnsins; stiptsyfirvöldin rita vottorð sitt á reikning þenna, og senda hann síðan stjórn kirkju- og kennslumálanna. Þar að auki er skipaður bókavörður við safnið; hefir

hann umsjón yfir því, annast um útlán bókanna, samkvæmt reglugjörð, er um það hefir verið sett, m. fl. 1860. 13. júní.

Enn skal því við bætt, að ekkert annað bókasafn á Íslandi kemst í neinn samjöfnuð við stiptsbókasafnið að stærð; það er og hið eina bókasafn, sem hefir fyrir mark og mið að efla menntun á gjörvöllu landinu; en til eru önnur söfn, sem aðeins eru ætluð amti eður minna hèraði. Stjórnardeildin verður því að láta í ljósi það álit sitt, að eptir því sem að ofan er greint sè stiptsbókasafnið þannig á sig komið, að vert sè að mæla fram með því, að það fái ritið um dómkirkjuna í Þrándheimi, svo og að bókasafn þetta verði tekið til greina seinna meir, þá er líkt kann að standa á.

---

33. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu. 20. júní.

Eptir bænarskrá, er þèr, herra amtmaður, hafið sent hingað með brèfi 11. febrúarm. þ. á., hefir dómsmálastjórnin veitt Valgerði Árnadóttur á Grund, ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðarsýslu, 20 ríkisdala styrk, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði landsins.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til auglýsingar.

---

34. Opið brèf frá dómsmálastjórninni til allra yfirvalda á Færeyjum og Íslandi, um ferð Allen Young's skipstjóra í norðurhöfin. 20. júní.

Einsog dómsmálastjórnin þegar í opnu brèfi 9. þ. m. hefir skorað á öll yfirvöld á Færeyjum og Íslandi, að láta *Sir Leopold*

1860. 20. júní. *M'Clintock*, skipstjóra, í tè alla þá hjálp og greiðvikni, sem þeim er unnt, við rannsóknir hans um dýpt sjávarins og annað við eylönd þessi, þær er hann á að gjöra eptir tilhlutun hinnar ensku stjórnar á gufuskipinu *Bulldog*, til að komast að raun um, hvort fært sè, eptir því sem áformað hefir verið, að leggja rafsegulþráð millum Norðurálfu og norðurhluta Vesturheims, yfir Færeyjar, Ísland og Grænland, — þannig skora jeg á sama hátt, eptir tilmælum fjárhagsstjórnarinnar, á öll yfirvöld á Færeyjum og Íslandi, einkum amtmanninn á Færeyjum og stiptamtmanninn og amtmennina á Íslandi, að veita Allen Young skipstjóra, er ræður fyrir gufuskipinu *Fox*, og öllum þeim, sem eru í för með honum, allt það liðsinni og alla þá greiðvikni, sem unnt er, við rannsóknir þær, er þeir munu gjöra, eptir skýrslu *Tal. P. Shaffner's* ofursta, til að komast eptir, hvort leggja megi rafsegulþráðinn, er áður er um getið, og sem einkanlega munu verða í því fólgnar, að kanna firðina við eyjar þessar og þá staði, þar sem koma mætti þræðinum á land, einnig í því, að kynna sèr, hver stefna þar væri hagkvæmust fyrir rafsegulþráðinn á landi.

---

20. júní. **35. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um ritlaun handa Sigurði Melsteð, kennara við prestaskólann.**

Eptir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 1. ágústm. í fyrra, hefir stjórn kirkju- og kennslumálanna í dag veitt Sigurði Melsteð, kennara við prestaskólann í Reykjavík, 200 ríkisdala þóknun, sem ritlaun fyrir bók, er hann hefir ritað á íslenzku um mismun á trúarlærdómum katólsku og prótestantisku kirkjunnar.

Um leið og þetta er nú gefið yður til vitundar, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar Melsteð kennara, skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir einnig í dag verið boðið að greiða fèð úr jarðabókarsjóði landsins.

---

36. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skemmdir á skógi.

1860. 21. júní.

Af brèfi yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 23. marzm. þ. á., og fylgiskjölum þess, er stjórn kirkju- og kennslumálanna orðið það kunnugt, að presturinn á Hallormsstað, Hjálmar Guðmundsson, hefir veturinn 1857—58 nálega gjöreytt skógi þeim, er liggur undir prestssetrið, og að hvorki þèr, háæruverðugi herra, nè heldur amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu, sem sýslumaður hafði spurt um, hvað gjöra ætti í þessu efni, hafið viljað hafa nein afskipti af máli þessu, er þèr, háæruverðugi herra, hugðuð að þetta mál, eins og öll önnur mál, er snerta meðferð á skógunum á Íslandi, væri af stjórninni lagt undir umráð hinna veraldlegu yfirvalda, en amtmaður hinsvegar hèlt, að Hallormsstaðar skógur, á sama hátt og aðrar kirknaeignir, hlyti að vera hinum veraldlegu yfirvöldum óviðkomandi, en heyra þar á móti undir yfirstjórn kirkjumála.

Í þessu tilliti skal stjórnin fyrst geta þess, að þareð málefni þetta snertir eignir kirkjunnar, heyrir það undir afskipti stiptsyfirvaldanna, en ekki biskups eins. Þvínæst sè yður það til vitundar gefið, að stjórn kirkju- og kennslumálanna hefir í dag skorað á dómsmálastjórnina, að bjóða Havstein amtmanni að láta tafarlaust taka próf til að fá skýrslu um þá hina ólögmætu meðferð á áðurgreindum skógi, sem Hjálmari presti Guðmundssyni er gefin að sök, og um stærð skemmdanna; hefir og verið mælzt til þess, að amtmaður verði látinn senda yður eptirrit af prófinu, með þeim athugasemdum, sem honum þykir ástæða til að bæta við það; en eptir að þèr hafið fengið skjöl þessi, eruð þèr beðnir að senda þau hingað með áliti yðar og uppástungum um, hvað ráðlegt sè að gjöra frekara við mál þetta. Um leið og stjórnin að síðustu skorar á yður, að bjóða prófasti þeim, er hlut á að máli, að hafa nákvæmar gætur á, að það, sem eptir er af skóginum, verði ekki látið sæta meiri skemmdum en þegar er orðið, þykir ástæða til að benda á, að þèr hefðuð átt þegar í stað að hlutast til um, að amtmaðurinn

1860. 21. júní. yfir norður- og austurumdæminu útvegaði yður skýrslu þá, sem að ofan er um getið[1].

---

22. júní. **37. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kostnað við að handsama og flytja Guðmund Guðmundsson „kíkir".**

Þèr hafið, herra amtmaður, í brèfi 22. nóvemberm. f. á. beðið um úrskurð dómsmálastjórnarinnar útaf því, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hafi færzt undan að endurgjalda jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins 9 rdl., er árið 1857 voru greiddir úr hinum fyrnefnda sjóði í þann kostnað, er leiddi af að handsama og flytja heim á leið úr Þingeyjar sýslu Guðmund nokkurn Guðmundsson, að auknefni „kíkir", er átti heima í suðurumdæminu.

Í þessu efni lætur ekki stjórnin hjá líða að birta yður, að þareð Guðmundur þessi var handsamaður og sendur úr norðurlandi suður til átthaga sinna, án þess um það hefði komið nein brèfleg beiðni frá yfirvöldunum á suðurlandi, og þèr þar á móti höfðuð tekið upp hjá sjálfum yður að láta gjöra þetta, þá getur ekki stjórnin álitið, að jafnaðarsjóði suðurumdæmisins sè skylt að standa kostnað þann, er af því leiddi.

---

1) Dómsmálastjórnin ritaði amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu 9. dag júlím. 1860 samkvæmt tilmælum kirkju- og kennslustjórnarinnar; í því brèfi er meðal annars svo að orði kveðið, að dómsmálastjórnin áliti það vafalaust, að amtmaðurinn ekki aðeins hafi haft heimild til að hafa afskipti af máli þessu, heldur hafi hann jafnvel verið skyldur til þess eptir rentukammerbrèfi 30. septembermánaðar 1825; málefnið heyri reyndar einnig undir yfirstjórn andlegrar stèttar mála, biskup og stiptamtmann, en ekki biskup einn, einsog amtmaður virtist að álíta, af því það snerti kirkjueign, en með því það og snerti almennan landshag, þá sè það sjálfsagt, að málefnið að því leyti einnig heyri undir umráð hinna veraldlegu yfirvalda.

38. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um bygging á Bessastöðum. 1860. 25. júní.

Eptir að þèr samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 17. októbr. f. á. voruð búnir að láta þrisvar bjóða upp jörðina Bessastaði til byggingar í 2 ár, þá hafið þèr, eptir því sem þèr skýrið frá í brèfi 10. janúarm. í vetur er leið, lagt samþykki yðar 31. júlím. í fyrra sumar á hæsta boð, 56 ríkisd., er gjört var á síðasta uppboðsþinginu, og cand. phil. St. Thordersen átti; en hinsvegar hafið þèr ekki tekið til greina tvö eptirboð, sem þeir komu fram með eptir að þriðja uppboðinu var lokið, yfirrèttardómari Benedikt Sveinsson með 80 ríkisdala boð og yfirrèttardómari Jón Pètursson með 70 ríkisdala boð, með því það og hafi verið nægilega kunngjört á undan síðasta uppboðinu, að engu eptirboði yrði gaumur gefinn.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin álítur, að þèr hafið farið öldungis rètt að í máli þessu, og að hún því með öllu fellst á það, að þèr hafið lagt samþykki á hið hæsta boð, er cand. phil. St. Thordersen bauð á hinu síðasta uppboðsþingi.

---

39. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi um það, hvort leggja skuli nokkra bæi í Leiðvallar hrepp til Kleifa hrepps. 5. júlí.

Dómsmálastjórnin hefir með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 16. desemberm. f. á., fengið ýmsar ítarlegri skýrslur, er beðið var um í brèfi 31. ágústm. 1858, út úr bænarskrá þeirri, er hingað kom frá ábúendunum á Efri- og Syðri Steinsmýri, Gamlabæ og Króki í Leiðvallar hrepp í Skaptafells sýslu, um að fá ábúðarjarðir sínar að skildar frá hreppsfèlagi því, sem þær eru nú í, en fá þær aptur sameinaðar við Kleifa hrepp í sömu sýslu.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til birtingar þeim, er hlut eiga að máli,

1860. 5. júlí. að þareð breyting sú, sem áður er getið, eptir því, sem sèst af álitsskjölunum um málefni þetta, yrði til töluverðs skaða fyrir Leiðvallar hrepp, nema því að eins að Kleifa hreppur væri skyldaður til að taka að sèr meira af hreppsþyngslunum í Leiðvallar hrepp, en sveitarstjórnin í Kleifa hrepp hefir viljað gangast undir, þá finnur stjórnin ekki næga ástæðu til að veita það, sem um var sótt.

---

5. júlí. **40. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.**

Í brèfi 1. októbermánaðar f. á. hafið þèr, herra amtmaður, skotið undir úrskurð stjórnarinnar ágreiningi millum Presthóla hrepps í Þingeyjar sýslu og Jökuldals- og Hlíðarhrepps í Norðurmúla sýslu, útaf kröfu, er Presthóla hreppur gjörir til hins síðarnefnda hrepps, um að fá endurgoldinn styrk, er óskilgetið barn, Soffía Sveinsdóttir að nafni, þáði af sveit árin 1838—1844, og var það alls 123 ríkisdalir 9 sk.

Af brèfi yðar, því er áður er getið, og fylgiskjölum þess, sèst: að þetta óskilgetna barn fæddist í Jökuldals- og Hlíðarhrepp árið 1830; að sökum fátæktar foreldranna var því lagt af sveit þar í hreppnum árið 1831, með því það eptir hinum eldri lögum bar að álíta sveitlægt í fæðingarhreppi sínum; að þegar móðir barnsins, er þá var á flækingi, árið 1832 var rekin á sveit sína, sem síðar reyndist að vera Presthóla hreppur, þá tók hún barnið með sèr þangað; að sira Sigfús Finnsson eittsinn síðar greiddi henni 120 álnir eður 26 rdl. af fè Jökuldals- og Hlíðarhrepps til uppeldis barninu; að þareð hún ekki optar fèkk styrk af sveit þessari, var umkvörtun um það hennar vegna send amtmanni 16. nóvembermánaðar 1835, og að amtmaður leitaði upplýsinga um málið og úrskurðaði síðan 18. desembermánaðar 1837, að barnið ætti sveit með móður sinni í Presthóla hrepp, samkvæmt reglugjörð 8. janúarmánaðar 1834.

Nú leitast hreppstjórinn í Presthóla hrepp og sýslumaðurinn í Þingeyjar sýslu við að færa sönnur á, að hreppurinn eigi rètta heimtingu á endurgjaldi, vegna þess að svo hafi staðið á, að þegar hafi verið búið að taka barnið til eiginlegs uppeldis af sveit í Jökuldals- og Hlíðarhrepp áður en reglugjörðin 8. janúarm. 1834 kom út, en þetta atvik hafi ekki komið nógu ljóslega fram fyrrum, þá er gjört var út um málefni þetta, hafi það eigi orðið sannað fyr en síðar. En hèr ber þess að gæta, að þó svo mætti álíta, sem barnið, þá er fátækrareglugjörðin varð lög, hafi notið reglulegs sveitaruppeldis í Jökuldals- og Hlíðarhrepp, sem þó er ekki öldungis vafalaust, þá getur þetta atvik, að áliti dómsmálastjórnarinnar, ekki í sjálfu sèr leitt til annarar niðurstöðu en þeirrar, sem amtsúrskurður 18. desembr. 1837, sá er áður er getið, hefir komizt að; því ákvörðunin síðast í 6. gr. í reglugjörð 8. janúarmánaðar 1834, þar sem svo er fyrir mælt, að börn yngri en 16 vetra eigi framfærsluhrepp með föðurnum, en ef þau sèu óskilgetin með móðirinni, virðist ekki aðeins eptir þýðingu orðanna og öllu fyrirkomulagi greinarinnar, heldur og eptir hlutarins eðli, eiga án nokkurra skilmála og undir eins að heimfærast uppá öll þau tilfelli, þar sem ákveða skal hvar barn sè sveitlægt, og það getur engu breytt í því efni, að svo er ákveðið í 2. lið greinarinnar, að þegar einhver samkvæmt eldri lögum þegar sè farinn að njóta sveitarstyrks í einhverjum hrepp, þá skuli standa við það; því það má sjá bæði af því, hvar þessi ákvörðun stendur, og af ástæðunum fyrir lagaboði þessu, að hún er miðuð við reglu þá, sem sett er í 1. lið greinarinnar um það, hvernig þeir, sem eldri eru en 16 vetra, ávinni sèr framfærslurètt með dvöl sinni. 1860. 5. júlí.

Dómsmálastjórnin verður því að álíta, að krafa Presthóla hrepps um að fá endurgoldinn sveitarstyrk þann, er veittur var Soffíu Sveinsdóttur árin 1838—1844, ekki sè á nægum rökum byggð, og eruð þèr beðnir að birta það þeim er hlut eiga að máli.

1860. 9. júlí. **41. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um kirkjubyggingu á Akureyri m. m.**

Eptir þegnlegri uppástungu kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konungurinn 29. f. m. allramildilegast fallizt á:

að leggja skuli niður kirkjuna á Hrafnagili í Eyjafjarðar sýslu þegar búið er að byggja á Akureyri nýja kirkju, er sè svo stór og að öðru leyti svo á sig komin, að hún geti verið sóknarkirkja fyrir söfnuð þann, er til þessa hefir átt kirkjusókn að Hrafnagili, og eptir að búið er að búa þar til greptrunarreit, er sè umgirtur svo sem vera ber;

að allar eignir og rèttindi Hrafnagils kirkju, eptirstöðvar af tekjum hennar, skrúðar og áhöld, hverfi til hinnar nýju kirkju á Akureyri;

að söfnuðurinn fyrst um sinn taki við fjárhaldi hinnar nýju kirkju, og feli það á hendur nokkrum sóknarmönnum, er til þess sèu kosnir og hafi það á hendi undir umsjón sóknarprestsins, en fái verzlunarstaðurinn Akureyri bæjarstjórn útaf fyrir sig, þá taki bæjarstjórnin við fjárhaldi kirkjunnar; og

að þegar búið er að byggja hina nýju kirkju á Akureyri verði prestur sá, er veitt verður Hrafnagils brauðið, sem nú er laust, skyldaður til að búa á verzlunarstaðnum eða rètt í grennd við hann, eptir því sem biskupinn nákvæmar ákveður.

Um leið og stjórnin birtir yður þetta, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til auglýsingar fyrir þeim, er hlut eiga að máli, skal því við bætt um hin önnur atriði máls þessa, sem um er rætt í brèfi yðar 24. janúarmánaðar þ. á., að stjórninni ekki þykir næg ástæða til að skylda prestinn til að flytja stundum ræðu á dönsku í hinni nýju kirkju á Akureyri; en að hinsvegar virðist vera ástæða til þess, eptir því sem til hagar, að skylda hann til að halda þar guðsþjónustugjörð ekki aðeins þá helgidaga, sem guðsþjónustugjörð á þar fram að fara eptir tiltölu rèttri, heldur og á þeim helgidögum, þegar messað verður á hvorugri annexkirkjunni sökum veðráttufars, og einnig þá helgidaga, þegar

messa ber í Kaupangs kirkju, er liggur í grennd við verzlunarstaðinn Akureyri. 1860. 9. júlí.

---

42. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um að leggja Nes-brauð í Þingeyjar prófastsdæmi til Múla prestakalls í sama prófastsdæmi m. m. 9. júlí.

Eptir að stjórn kirkju og kennslumálanna var búin að fá uppástungur frá yður, herra stiptamtmaður, og yður háæruverðugi herra, í brèfi yðar 8. maímánaðar þ. á., um sameiningu Múla og Nes brauðs í Þingeyjar prófastsdæmi í norðurumdæminu á Íslandi, m. m., var konungi send þegnleg skýrsla um málefni þetta samkvæmt tillögum yðar, og hefir hans hátign síðan 29. dag júnímánaðar allramildilegast lagt úrskurð á málið á þessa leið:

1. að Nes brauð í Þingeyjar prófastsdæmi í norðurumdæminu á Íslandi skuli lagt niður sem sèrstakt brauð, en þar á móti skuli það með kirkju þeirri, sem þar er, lagt sem annexía til Múla brauðs í sama prófastsdæmi;
2. að sá þriðjungur jarðarinnar Sigurðarstaða, sem Múla kirkja á, skuli lagður til Presthóla brauðs í Þingeyjar prófastsdæmi, og
3. að jörðin Geirbjarnarstaðir, 20 hundruð að dýrleika, sem Múla kirkja einnig á, skuli lögð til Þönglabakka prestakalls í sama prófastsdæmi.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda.

1860. 9. júlí. **43. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um þóknun handa Jóni presti Hallssyni og Ólafi dannebrogsmanni Jónssyni fyrir póstafgreiðslu í Skagafjarðar- og Húnavatns sýslum.**

Þèr hafið, herra amtmaður, með brèfi 20. aprílm. þ. á. sent dómsmálastjórninni bænarskrá frá Jóni prófasti Hallssyni, presti til Miklabæjar í Skagafjarðarsýslu, og sækir hann um, að fá fyrir það, að hann afgreiðir póstinn þar í sýslu, álíka þóknun á ári hverju og í þessu skyni var veitt formanni hans í brauðinu. — Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar, að eptir málavöxtum leyfir dómsmálastjórnin, að Jón prófastur Hallsson fái 6 ríkisdala þóknun á ári fyrir afgreiðslu póstsins í Skagafjarðar sýslu, og með því hann hefir haft starfa þenna á hendi síðan 1. dag ágústmánaðar 1858, má borga honum 10 ríkisdali fyrir tímabilið frá þeim degi, er nú var nefndur, til 31. marzm. þ. á., og síðan 6 ríkisdali á ári, frá 1. aprílm. þ. á.

Einnig hefir dómsmálastjórninni, samkvæmt tillögum yðar í brèfi 25. aprílm. þ. á., eptir því sem ástatt er, þótt ástæða til að veita Ólafi dannebrogsmanni Jónssyni á Sveinstöðum 6 ríkisdala þóknun á ári, frá 1. aprílm. þ. á. fyrir það, að hann hefir á hendi póstafgreiðsluna í Húnavatns sýslu.

Því skal við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands, eptir yðar nákvæmari ráðstöfun.

---

23. júlí. **44. Brèf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslustjórnarinnar, um styrk handa íslenzkum læknaefnum.**

Kirkju- og kennslustjórnin hefir í brèfi 20. aprílm. þ. á. bent á, að þeir 800 ríkisdalir, sem í fjárlögunum fyrir yfirstandandi ár eru til greindir í 1. lið í útgjaldadálki „komm-

únítetsins", og veittir eru til styrks handa íslenzkum stú- 1860.
dentum, er búa sig undir embættispróf í læknisfræði við Kaup- 23. júlí.
mannahafnar háskóla, aðeins sèu veittir fyrir þetta eina fjár-
hagsár, eptir því sem fjárlaganefndin hafi tekið fram í álits-
skjali sínu um frumvarp til fjárlaganna fyrir árið $18\frac{60}{61}$ (sjá
ríkisþingstíðindin frá 11. þingi, 1859, viðbæti B, 113. og 114.
dálk) og að það þurfi að minnsta kosti að íhuga ítarlegar
læknaskipunarmálið íslenzka, áður en afráðið sè, hvort fara
skuli fram á, að fè þetta verði veitt á ný: hefir kirkju- og
kennslustjórnin skotið því til dómsmálastjórnarinnar að láta
íhuga málið svo sem nú var sagt, og beðið um álit hennar og
tillögur þar að lútandi svo snemma, að uppástunga um fjár-
tillag þetta geti, ef á þarf að halda, aptur orðið tekin til
greina þegar samin verður gjaldaáætlun kommúnítetssjóðsins,
sú er tekin verður inn í fjárlagafrumvarpið fyrir árið $18\frac{61}{62}$.

Um leið og dómsmálastjórnin nú á ný sendir með brèfi
þessu skjöl þau, er fylgdu brèfi hèðan 9. ágústmánaðar f. á.,
til þess fjárlaganefndin, ef á þarf að halda, geti notað skjöl
þessi, sem eru hin merkilegustu, sem hèr eru til, viðvíkjandi
læknaskipun á Íslandi, skal þess getið, að dómsmálastjórnin enn
verður að vera á því, að vissast og með minnstum kostnaði og
þegar á allt er litið með hagfelldustu móti verði bætt úr
hinum mikla læknaskorti, sem nú er á Íslandi, ef farið er að
á þann hátt, sem vikið er á í brèfi dómsmálastjórnarinnar 9.
ágústm. f. á.

Í brèfi þessu, og þó einkum í útdrætti úr þegnlegri skýrslu
dómsmálastjórnarinnar 25. maím. f. á., er sendur var með
brèfinu, er greinilega skýrt frá hinum ýmislegu uppástungum,
sem gjörðar hafa verið um læknaskipun á Íslandi, og sumpart
eru komnar frá alþingi og sumpart frá Schleisner, jústizráði,
dr. med., yfirlækni í hertogadæminu Sljesvík, sem, eins og
kirkju- og kennslustjórninni er kunnugt, öðrum fremur hefir
átt kost á að kynna sèr nákvæmlega málefni þetta; með því
og ástæður þær, sem hafa hvatt stjórnina til að leitazt við
að skipa málinu á þann hátt, sem á er vikið í brèfinu, einnig
eru til greindar í skýrslunni, þá skal ekki taka hèr upp aptur

1860. 23. júlí. ástæður þessar, heldur skal þess eins getið, að aldrei verður við því búizt að fá nógu marga dugandis lækna á Íslandi, nema því að eins, að það sè haft fyrir mark og mið að koma því svo fyrir, að nóg sè til af innlendum læknaefnum, sem gjöra má ráð fyrir að vildu taka að sèr embætti á fósturjörðu sinni, og liggur þetta í eðli hlutarins og einkum því, hve afskekkt Ísland er, hvernig þar er veðráttufar, hvernig þar að öðru leyti hagar til og hve stórt flatamál landsins er í samanburði við íbúafjölda; uppástungur dómsmálastjórnarinnar virðast og að vera mjög vel fallnar til að koma því fram, sem til er ætlazt; því ef stofnuð væru 6 ný læknaembætti á Íslandi, og spítalasjóðunum varið til launa handa þeim, og læknaefnum þannig gefinn kostur á að komast fljótt í hèraðslæknaembætti, og ef sèrhverjum íslenzkum stúdenti, er stundar læknisfræði, væri jafnframt þessu veittur 200 ríkisdala styrkur á ári úr sjóði „kommúnitetsins" auk þeirra venjulegu hlunninda, sem allir íslenzkir stúdentar þegar eru aðnjótandi, þá gæti varla hjá því farið, að það yrði svo aðgengilegt fyrir Íslendinga að stunda læknisfræði hèr við háskólann, að vafalaust yrði nóg til af kandidötum í læknisfræði, er bæði væru hæfir til þess að taka að sèr læknaembætti á Íslandi, og fúsir á það.

Sú mótbára hefir komið fram móti því að skipa málinu á þenna hátt, að það ætti of langt í land að gagn yrði að þessu; það skal og viðurkennt, að ekki verður með þessu móti bætt úr þeim læknaskorti, sem nú sem stendur á sèr stað á Íslandi, en þó má koma þessari skipun á málið undir eins og fást nógu margir íslenzkir kandídatar í læknisfræði, en það mun bráðum heppnast ef uppástungur dómsmálastjórnarinnar að öllu leyti verða teknar til greina, og að minnsta kosti mun læknaskipunin með þessu mótinu eins fljótt komast í kring, eins og þó farið væri eptir uppástungum alþingis eður Schleisners justizráðs. Að öðru leyti ber þess að geta, að á landi, þar sem eins er ástatt og á Íslandi, þar er það vitaskuld, að menn verða að takmarka nokkuð kröfur sínar um læknaskipunina, og að ekkert er því til fyrirstöðu, að þegar svo stendur á að það er fært, verði notað leyfi það, sem veitt er í opnu brèfi 23.

ágústm. 1848, til að verja allt að 200 ríkisdölum á ári úr jafn- 1860.
aðarsjóði hvers umdæmis til kennslu handa aðstoðarlæknum. 23. júlí.

Dómsmálastjórnin verður því enn að vera á því, að sú uppástunga, sem gjörð er í brèfi hennar 9. ágústm. f. á., sè eptir því sem nú er ástatt öflugasta ráðið til þess að fá nóg af duglegum innlendum læknum; og um leið og þess skal getið, að Schleisner, doktor, hefir innilega mælt fram með þessari uppástungu, verður dómsmálastjórnin fyrst og fremst að láta það álit sitt í ljósi, að taka beri til greina þá uppástungu, að öllu leyti eins og hún er; en þyki kirkju- og kennslustjórninni ísjárvert að fallast á hana, þá verður dómsmálastjórnin til vara að álíta það nauðsynlegt, að sami styrkur og veittur er þetta árið, verði og veittur á næsta fjárhagsári, þó það sè vitaskuld, að þetta miklu síður geti komið því til leiðar, að íslenzkir stúdentar leggi stund á læknisfræði, og með þessu móti sèu mjög takmarkaðar uppástungur dómsmálastjórnarinnar, er hans hátign konungurinn fèllst á.

Dómsmálastjórnin vonast eptir skýrslu um, hvað af verður ráðið í þessu efni, og biður um að fylgiskjölin verði send aptur.

---

45. Auglýsing frá fjárhagsstjórninni, um innlausn spesíufimmtunga (ríkisorta) eður tuttugu og fjögra skildinga peninga í dönskum kúranti á Íslandi. 30. júlí.

Eptir að tuttugu og fjögra skildinga peningar í dönskum kúranti, eður spesíufimmtungar þeir, er áður gengu manna á milli, nú ekki lengur eru gildur gjaldeyrir í hinu danska alríki, samkvæmt tilskipunum þeim, sem í því efni hafa gjörðar verið, hefir hans hátign konunginum, eptir þegnlegri uppástungu alþingis, allramildilegast þóknazt að fyrirskipa, að þeim peningum af myntteguud þessari, sem enn kynnu að vera til á Íslandi, skuli veitt viðtaka í jarðabókarsjóð landsins enn eitt ár, upp frá þeim degi, er auglýsing þessi hefir verið birt almenningi, fyrir það fulla verð, er þeir áður voru í, eður þannig,

1860. 30. júli. að 5 þeirra jafngildi einni spesíu eður 2 ríkisdölum ríkismyntar, og hver einstakur 38 skildingum ríkismyntar; en eptir að þessi tími er liðinn skuli þeim veitt viðtaka í jarðabókarsjóðinn aðeins fyrir 36 skildinga ríkismyntar. Þá peninga, er þannig koma inn í sjóðinn, má ekki aptur út láta, heldur skal senda þá til Kaupmannahafnar til þess að þeir verði ónýttir.

Þetta kunngjörist hèrmeð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni, samkvæmt konungsúrskurði 13. júním. þ. á.

---

3. ágúst. **46. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um verðlaun fyrir að bjarga mönnum úr lífsháska.**

Eptir því sem skýrt er frá um málavexti í prófseptirriti því, er þèr, herra stiptamtmaður, senduð hingað með brèfi 5. júním. þ. á., hefir dómsmálastjórnin veitt Nikulási Gottskálkssyni og hásetum hans, Árna Nikulássyni og Jóni á Ferstiklu, 32 ríkisdala verðlaun, Nikulási 20 rdl. en hverjum hásetanna 6 ríkisdali, fyrir það, að þeir í fyrra vor björguðu Árna Grímssyni og syni hans Njáli Árnasyni úr lífsháska á sjó, og hefir verið hlutazt til um, að fè þetta verði greitt úr jarðabókarsjóði Íslands eptir ráðstöfun yðar.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þèr gætið þess, sem að öðru leyti er þörf á í þessu efni.

---

30. ágúst. **47. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýðingu yfir nokkra kafla úr nýja testamentinu.**

Kirkju- og kennslustjórnin hefir fengið aptur með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, og yðar hæruverðugi herra, 7. f. m., bænarskrá frá Pètri prófessor Pèturssyni, og Sigurði Melsted,

prestaskólakennara í Reykjavík, um styrk til að gefa út þýðingu yfir útvalda kafla úr nýja testamentinu. Stjórnin hefir í þessu skyni veitt beiðendunum 200 ríkisdala styrk. 1860. 30. ágúst.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir þeim, er hlut eiga að máli, og skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir verið skipað í dag að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

48. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nefnd þá, er sett var í Reykjavík í fjárkláðamálinu, m. m. 30. ágúst.

Dómsmálastjórnin hefir fengið brèf yðar, herra stiptamtmaður, 27. f. m., þar sem þèr lètuð í ljósi álit yðar um bænarskrá, dagsetta 21. júnímánuðar er leið, frá nefnd þeirri, er fyrst um sinn hefir sett verið í Reykjavík í fjárkláðamálinu; fer nefndin fram á, að hverjum nefndarmanni sè veittur myndugleiki til að ferðast um í landinu ásamt dýralæknunum, hvar og hvenær sem þeim þyki þörf vera á því, til þess að kynna sèr heilbrigðisástand fjárins.

Sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir nefnd þessari lætur dómsmálastjórnin yður nú vita það, að hún verður að vera yður samdóma um, að ekki sè ráðlegt að veita nefndarmönnum slíkan almennan myndugleika til að ferðast um í landinu til að rannsaka ástand sauðfjárins; en að öðru leyti sè það lagt á yðar vald að leyfa nefndinni, þegar svo ber undir, að láta einn eður fleiri af nefndarmönnum ferðast til að rannsaka fèð, ef yður virðist slíkt af sèrstaklegum ástæðum vera æskilegt.

Hvorigur þeirra dýralækna, er til Íslands fóru, er enn kominn hingað aptur, og er þess þó getið í brèfi stiptamtmanns 12. maímánaðar er leið, að þeir ættu báðir eptir samkomulagi við nefndina að fara frá Íslandi með næstu gufuskipsferð, og aptur á ný í brèfi yðar 27. f. m., sem að ofan er nefnt, að Krause dýralæknir ætti, með samþykki nefndarinnar, að fara með gufuskipsferð þeirri, er þá var fyrir hendi. Dóms-

1860. 30. ágúst. málastjórnin finnur þess vegna ástæðu til að geta þess, að eins og það er vitaskuld, að Krause getur ekki fengið neina borgun fyrir þann tíma, sem hann hefir dvalið á Íslandi eptir að gufuskipið fór þaðan, þannig býst stjórnin og við að þér, herra stiptamtmaður, gætið þess, að Hanstein dýralæknir ílengist þar ekki, til kostnaðarauka fyrir hið opinbera, lengur en þörf er á.

Að endingu skal þess getið, að nefndin í brèfi 31. f. m., er hún sendi beina leið hingað, hefir skýrt frá, að hún hafi sent amtmönnunum í norður- og austurumdæminu og í vesturumdæminu form til skýrslna um tölu fjárins, heilbrigðisástand þess m. m., og beðið embættismenn þessa sjá svo um, að slíkar skýrslur yrðu búnar til í hverjum hrepp, í fyrsta skipti við endalok septembermánaðar í haust, og síðan tvisvar á þriggja mánaða fresti. Um þetta efni eruð þér beðnir að tilkynna nefndinni, að dómsmálastjórnin hefir fallizt á þessa ráðstöfun hennar.

---

31. ágúst. **49. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um borgun fyrir kennslu aðstoðarlækna.**

Eins og sjá má af eptirriti því, sem fylgir brèfi þessu, af bænarskrá, er landlæknirinn á Íslandi, Hjaltalín jústizráð, hefir sent beina leið hingað, hefir hann skýrt frá því, að 3 efnilegir ungir stúdentar hafi farið þess á leit við sig, að hann veitti þeim kennslu í læknisfræði, og þvínæst sótt um, að þeir 200 ríkisdalir, sem samkvæmt konungsúrskurði 12. ágústm. 1848 fyrst um sinn á ári hverju má greiða úr jafnaðarsjóði hvers amts í borgun fyrir slíka kennslu, verði lagðir undir umráð landlæknisins, til þess þeim verði varið sumpart í ölmusur handa þeim, er ætla að verða aðstoðarlæknar, og sumpart til að kaupa fyrir bækur og áhöld, er þurfa við kennsluna, þareð það megi sjá fyrir, að héraðslæknarnir hvorki vilji né geti notað leyfi það, sem þeim er veitt til að kenna aðstoðarlæknum; en fari svo, að fè þetta ekki undir eins þetta árið geti orðið greitt úr jafnaðarsjóðunum, þá hefir landlæknirinn, til þess að missa ekki

af þeim 3 efnismönnum, sem æskja kennslunnar, og þegar hafa tveir af þeim numið forspjallsvísindi læknismenntarinnar, farið fram á, að það sè til bráðabyrgða greitt annaðhvort úr spítalasjóðnum, eða af þeim 4000 ríkisdölum, sem þetta árið eru veittir til óvissra gjalda, með þeim skilmála, að það verði seinna meir endurgoldið úr jafnaðarsjóðum amtanna; hann hefir og tekið það fram, að það sè vitaskuld, að landlæknirinn sjái svo um, að kennslan einnig komi hinum umdæmunum að notum, því læknaefni þessi muni skipta sèr niður á víð og dreif um landið, eptir að þeir sèu búnir að fá *veniam practicandi*, sem landlæknirinn muni hafa heimild til að veita þeim, er hann hefir sjálfur kennt. 1860. 31. ágúst.

Útaf þessu biður dómsmálastjórnin yður um, herra stiptamtmaður, um leið og þèr bendið Hjaltalín jústizráði á það, að hann eigi framvegis að senda bænarskrár sínar til stiptamtmanns áður en þær koma til stjórnarinnar, að tilkynna honum, að með tilliti til borgunar fyrir kennslu aðstoðarlækna m. m. beri að fara eptir því, sem fyrir er mælt í brèfi dómsmálastjórnarinnar 12. maím. 1849 til stiptamtmanns þess, er þá var á Íslandi; fylgir hèr með útdráttur úr brèfi þessu, og eruð þèr beðnir að gjöra Hjaltalín jústizráði kunnugt efni þess; en eptir því, sem þar er fyrir mælt, eiga þeir landlæknirinn og amtmennirnir að semja um og koma sèr saman um öll þau atriði, er að þessu lúta. Hvað það snertir, er landlæknirinn bað um til vara, þá skal þess getið, að fè það, sem hèr er um rætt, verður hvorki greitt úr spítalasjóðnum, þareð það kæmi í bága við konungsúrskurð 12. ágústm. 1848 að verja fè hans á þann hátt, nè heldur af þeim 4000 ríkisdölum, sem þetta árið eru veittir til óvissra gjalda fyrir Ísland, þó ekki væri af öðru, þá samt þess vegna, að búið er að verja þeim til annars.

En um það, hve yfirgripsmikil kennsla sú ætti að vera, sem veitt yrði aðstoðarlæknum þessum, og um það, hvern rètt þeir ættu að öðlast til að hafa við lækningar eptir að kennslan er búin, þá álítur dómsmálastjórnin, að í því efni beri að fara eptir uppástungum hins konunglega læknaráðs í brèfi 8. ágústm. 1848, sem er birt stiptamtmanninum yfir Íslandi með

1860. 31. ágúst. brèfi hèðan 18. s. m., og er því þar farið fram, að það sem aðstoðarlæknum þessum skuli leyft að gjöra, sè það: að þeir til bráðabyrgða megi liðsinna þeim, er hafa orðið fyrir meiðslum, eður öðrum sjúklingum, þangað til náð verður til læknis, eður að minnsta kosti ráð hans verða fengin brèflega, og skuli því haga kennslu þeirra á þann hátt, að þeir beri skyn á meiðsli og sjúkdóma, er optast koma fyrir, og reglurnar um meðferð þeirra á fyrsta stigi, svo að þeir sèu færir um að liðsinna sjúklingum til bráðabyrgða með því að búa um þá, binda um sár þeirra, taka blóð, fyrir skipa um mataræði, og ráðleggja þau fáu og einföldu lyf, sem þeim þætti trúandi fyrir að hafa undir höndum, t. a. m. uppsölumeðöl, niðurgangslyf, kælandi og hressandi lyf. Rètt þann, sem aðstoðarlæknar eptir þessu hafa til að við hafa lækningar má þó, samkvæmt uppástungu Rosenörns stiptamtmanns í brèfi 18. febrúarm. 1849, ríka á þann hátt, að þeim sè heimilt að halda áfram læknisumsjón yfir sjúklingum, þegar þetta er gjört eptir tilmælum hins rètta læknis, og með eptirliti hans, t. a. m. á þann hátt, að þeir skrifist á við hann, eður þá með því, að aðstoðarlæknirinn riti dagbók um sjúkdóminn, sem hèraðslæknirinn á eptir geti rannsakað, eður með öðru áþekku móti. Samkvæmt þessu ætti að haga kennslunni, og einkum ætti hún, eptir áliti læknaráðsins, með öllu að vera miðuð við verklega framkvæmd, en laus við alla vísindalega útlistun. Til að sanna hæfilegleika aðstoðarlækna til að hafa við lækningar innan þeirra takmarka, sem nú var sagt, á landlæknirinn að gefa þeim vitnisburð um, að þeir hafi öðlazt næga þekkingu til þess og sèu færir um það.

Að síðustu skal því við bætt, að amtmanninum yfir vesturumdæminu og amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu hefir í dag verið sent eptirrit af brèfi þessu, og skorað á þá um að nota tækifæri það, sem nú býðst, til þess að koma á betri læknaskipun í umdæmum þeim, sem þeir eru yfir skipaðir.

50. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kornlán til Snæfellsnes sýslu. 1860. 12. sept.

Eptir tilmælum yðar, herra amtmaður, í brèfi 26. júlím. þ. á. hefir dómsmálastjórnin hlutazt til um, að keyptar væru 400 tunnur af rúgi, sem eru til greindar í ávísunarseðlum þeim, sem fylgja brèfi þessu; verður korn þetta nú flutt hèðan með skipi, er heitir Anna, og Thurö skipstjóri ræður fyrir, til verzlunarstaðanna Ólafsvíkur og Stykkishólms, og má lána það, fyrir 9½ ríkisdal tunnuna, þeim sveitum í Snæfellsnes sýslu, þar sem mestur er bjargarskortur.

Um leið og dómsmálastjórnin skorar á yður að gæta þess nákvæmlega, að korni þessu, sem hlutaðeigandi verzlunarstjórar úthluta eptir ráðstöfun yfirvaldsins, verði útbýtt á skynsamlegan hátt, skal því við bætt, að þèr seinna meir verðið látnir vita nákvæmar um, uppá hverja skilmála lánið verður veitt.

Stjórnin vonar eptir að fá játningu yðar um, að kornið hafi komið til skila, og skýrslu um, hvernig því verður útbýtt.

---

51. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa Þórarni Finnbogasyni til að kaupa fyrir smíðatól. 24. sept.

Í bænarskrá, er hèðan var send innanríkisstjórninni, hefir sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu, Þorsteinn Jónsson kanselíráð, sótt um, að Þórarni Finnbogasyni á Vopnafirði verði veittur styrkur úr almennum sjóði, til þess hann geti leitað sèr framfara í járnsmiðs-iðninni, og einkum til þess, að hann geti fengið sèr þau smíðatól, er hann þarf á að halda við iðn þessa; hefir síðan innanríkisstjórnin kveðið sig fúsa til, að veita Þórarni hèrumbil 50 ríkisdala styrk til að kaupa fyrir smíðatól, en óskar á hinn bóginn að fá fyrst vitneskju um, hvaða tól hann þurfi, og hvað af þeim kynni fást á Íslandi, og hvað þau kosti, og um það, hver smíðatól ætti að kaupa hèr, að því leyti fèð hrökkur til þess.

1860. 24. sept. Um leið og dómsmálastjórnin tilkynnir yður þetta, til þess þér kunngjörið það þeim, er hlut á að máli, biður hún yður að útvega og senda hingað skýrslur þær, sem að ofan er á vikið.

---

26. sept. **52. Opið brèf, viðvíkjandi breyting á tilskipun 28. marz 1855, um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs, viðvíkjandi breyting á tilskipun 28 marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Þau störf, skemmtanir og önnur fyrirtæki, sem eptir tilskipun 28. marz 1855 eru eigi leyfileg á sunnu- og helgidögum fyrri en eptir miðaptan, mega hèr eptir eigi heldur fram fara hinn tímann, sem eptir er til kvölds á þessum dögum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða[1].

---

26. sept. **53. Opið brèf, um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Á hvert tómthús með lóð þeirri, sem því fylgir, í um-

---

1) Frumvarp til lagaboðs þessa var lagt fyrir alþingi 1859, og fèllst þingið á það óbreytt. sjá Alþ. t. 1859, 364. og 365. bls. og viðbæti A, 3.—6. bls.

dæmi Reykjavíkur bæjar, og sem eigi hefir hingað til verið goldið lóðargjald af til lóðareiganda, skal lagður tollur frá 6 til 16 álna eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá þeirri, er það ár er sett í Reykjavík, og skal bæjarstjórnin ákveða upphæð lóðargjaldsins innan þessara takmarka eptir málavöxtum. 1860. 26. sept.

2. gr.

Á allar þær lóðir, sem liggja á svæði því, sem ákveðið var handa kaupstaðnum með mælingargjörð 22. og 23. dag maímánaðar 1792, og eigi verða heimfærðar undir ákvörðunina í 1. gr., hvort heldur eru kálgarðar, garðsrúm, stakkstæði, eða hverju nafni sem nefnist, og hvort heldur lóðin er umgirt eða óumgirt, skal, þar sem sérstakir samningar af hálfu bæjarstjórnarinnar eru eigi því til fyrirstöðu, ár hvert jafna lóðarskatti eptir flatarmáli, eptir sama mælikvarða, sem farið er eptir um skatt af kaupstaðarhúsunum, þó svo, að gjald það, sem árlega er lagt á hverja ferhyrnda alin af flatarmáli lóða þeirra, sem um er rætt í þessari grein, sé jafnt sjöttungi af skatti þeim, sem það ár er lagður á hverja ferhyrnda alin í sjálfum kaupstaðarhúsunum.

3. gr.

Gjöld þessi, er renna í Reykjavíkur bæjarsjóð, eiga að koma upp í þann hluta af útgjöldum bæjarins, sem jafna á niður á bæjarbúa eptir efnum og ástandi, samkvæmt reglugjörð 27. nóvembermánaðar 1846, 19. gr. Að öðru leyti skal um það, að gjöld þessi séu rituð á hina árlegu niðurjöfnunarskrá, um það hvenær þau skuli greidd, og hvernig þau verði heimt, fara eptir ákvörðunum þeim, sem nú gilda um bæjargjöldin yfir höfuð.

4. gr.

Lagaboð þetta öðlast lagagildi 1. janúarmánaðar 1861.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

1860. 26. sept. Árið 1859 var lagt fyrir alþingi frumvarp til opins brèfs um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík; er frumvarp þetta með ástæðum prentað í Alþingistíðindum fyrir það ár, viðbæti A, 23.—28. bls. Málefni þetta var rætt á þinginu á löglegan hátt, og það síðan alþingi um í þegnlegu álitsskjali til konungs, að frumvarpið fengi lagagildi, þó skyldi því breytt þannig, að 1. og 2. grein þess væru þannig orðaðar:

1. gr.

»Á hvert tómthús með lóð þeirri, sem því fylgir, í umdæmi »Reykjavíkur bæjar, og sem eigi hefir hingað til verið goldið »lóðargjald af til lóðareiganda, skal lagður tollur frá 6—16 álna »eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá þeirri, er það ár »er sett í Reykjavík, og skal bæjarstjórnin ákveða upphæð lóð»argjaldsins innan þessara takmarka eptir málavöxtum".

2. gr.

»Á allar þær lóðir, sem eigi eru undan skildar eptir 1. gr., »á lóð þeirri, sem ákveðin var handa kaupstaðnum með mæling»argjörð 22. og 23. dag maímánaðar 1792, þar sem sèrstakir »samningar af hálfu bæjarstjórnarinnar eru eigi því til fyrirstöðu, »hvort heldur eru kálgarðar, garðsrúm, stakkstæði, eða hverju »nafni sem nefnist, og hvort heldur lóðin er umgirt eða óumgirt, »skal ár hvert jafna lóðarskatti eptir flatarmáli, er sè að upphæð »$\frac{1}{6}$ af húsaskatti þeim, sem það ár er lagt á kaupstaðarhúsin »samkvæmt 19. gr. í tilskipun 27. dag nóvembermánaðar 1846".

Þegar greinir þessar, eins og alþingi hefir stungið upp á þeim, eru bornar saman við frumvarp stjórnarinnar, þá sèst, að það einkum er í tveim atriðum, sem alþingi fer fram á, að breytt sè frumvarpinu, en það er í fyrsta lagi um það, hvernig leggja skuli skatt á tómthúsin og í öðru lagi um það, af hverju beri að svara hinum nýja skatti.

Um fyrra atriðið var ákveðið í frumvarpinu, samkvæmt tillögum bæjarstjórnarinnar, að á öll tómthús í umdæmi Reykjavíkur bæjar, ásamt hjöllum eður öðrum útihúsum, er þeim fylgja, skal á ári hverju jafna niður hússtæðisskatti, eptir sama

mælikvarða og hingaðtil hefir verið fylgt viðvíkjandi lóðargjaldi af kaupstaðarhúsum, samkvæmt reglugjörð 27. nóvemberm. 1846, 19. gr.; en jafnvel þó skattur þessi, svo sem skýrt er frá í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að öllum jafnaði hafi ekki verið hærri en einn skildingur af hverri ferhyrndri alin, þótti þinginu þó ísjárvert að fallast á þessa ákvörðun, er því þótti það ekki allskostar eðlilegt, að leggja sama gjald á tómthúsin eptir flatarmáli hússtæðisins, og á timburhúsin og múrhúsin, eður hin eiginlegu kaupstaðarhús, með því bæði væru torfbæir tómthúsmanna miklu minna virði í sjálfu sèr, og líka væru þeir undirorpnir miklu meiri hrörnun en þau, og það svo mjög, að þeir á fáum árum gengju svo úr sèr, að lítil eign væri orðin í þeim. Þótti því þinginu vera ástæða til, að flatarmálsskattur af tómthúsum í Reykjavík væri ákveðinn töluvert lægri en af kaupstaðarhúsunum, og að rèttast mundi að leggja gjaldið á þau eptir sömu reglum og á sèr stað annarstaðar hèr á landi í því efni þannig, að eigendurnir gyldu víst og tiltekið árgjald eptir alla lóð þá, sem þeir hefðu, í einu lagi, án þess gjörður væri greinarmunur á sjálfum tómthúsunum (1. gr.) og lóð þeirri er þeim heyrir til (2. gr.); þótti þinginu hæfilegt, eptir því sem ástatt er í Reykjavík, að gjald þetta væri að upphæð 11—12 álnir að meðaltali, en með því lóð sú, sem tómthúsunum fylgdi, væri fjarskalega misjöfn bæði að stærð og gæðum, þar sem þvínær engin lóð fylgdi sumum þeirra, en sumum aptur mikil, virtist rèttast að bæjarstjórninni væri falið að ákveða skattinn af hverju einstöku tómthúsi eptir ástæðum, þannig, að 6 álnir að eins væru goldnar af hinum minnstu, en 16 álnir af hinum stærstu. 1860. 26. sept.

Um hið annað atriðið, sem lýtur að því, á hvað ætti að leggja skattinn, þá var það ákveðið í 2. gr. frumvarpsins, að hann skyldi auk tómthúsanna hvíla á öllum óbyggðum lóðum í umdæmi bæjarins undantekningarlaust; þó skyldi flatarmálsskatturinn af lóðunum vera sjöttungur af gjaldi því, er eptir 1. gr. ætti að jafna á tómthúsin, og var regla þessi enn takmörkuð með tilliti til lóða þeirra, er liggja fyrir utan sjálfa kaupstaðarlóðina. Á þessu hefir uppástunga alþingis gjört tölu-

1860. 26. sept. verða breytingu; því auk þess, að það leiðir beint af uppástungu þingsins um það, hvernig leggja skuli skatt á tómthúsin, að skilja verður undan skattgjaldinu eptir 2. gr. allar óbyggðar lóðir í umdæmi bæjarins, sem fylgja einhverju tómthúsi, þá hefir þingið og stungið upp á því, að allar þær lóðir, er liggja fyrir utan sjálfa kaupstaðarlóðina, en þó í umdæmi bæjarins, verði undanþegnar öllu gjaldi eptir lögum þessum, og er það tekið fram sem ástæða fyrir þessu, að eptir því sem ástatt er í Reykjavík, sè öll ástæða til, að gjöra mönnum sem lèttast fyrir með að yrkja slíka bletti, enda hafi eigendurnir haft ærnan kostnað við að yrkja þá.

Eptir þeim ástæðum, sem til eru greindar fyrir þessum uppástungum alþingis um breytingar á frumvarpinu, þóttu uppástungurnar þess verðar, að þær væru teknar til greina; það eina, sem þótti ísjárvert við þær, var það, að hætt er við, að ekki muni fást á þenna hátt svo mikið fè, sem búizt var við þegar frumvarpið var samið, til stofnunar og viðurhalds barnaskóla þess, sem í ráði er að koma á í Reykjavík; en með því af þessu leiðir að eins það, að meiru verður að jafna niður á bæjarmenn eptir efnum og ástandi, samkvæmt tilskipun 27. nóvemberm. 1846, 19. gr., án þess að slík álaga þó þurfi að verða of þungbær fyrir gjaldendur, þá þótti eigi ástæða til að fella uppástungu alþingis fyrir þessa sök. Frumvarpi því, er borið hafði verið undir álit alþingis, var því breytt samkvæmt uppástungum þingsins, að fáeinum orðabreytingum undanskildum; bar síðan dómsmálastjórnin málið upp fyrir konungi, og voru þá gjörðar þessar athugasemdir við hinar einstöku greinir þess:

Við 1. gr.

Í þessari grein er samkvæmt uppástungu alþingis svo ákveðið, að gjaldinu skuli að eins svarað af þeim tómthúsum í umdæmi bæjarins, „sem eigi hefir hingaðtil verið goldið lóðargjald af til lóðareiganda"; er ákvörðun þessi byggð á því, að þar eru nokkur tómthús, sem eru byggð á annara lóð, og goldið eptir árgjald, sem er nokkurskonar landskuld eður borgun fyrir að nota lóðina. Hefir alþingi álitið, að þessir

tómthúsmenn, sem þannig eiga hús á annara lóð, eigi full erfitt með að borga eptir lóðina, og geti ekki risið undir nýjum álögum til bæjarins, með því og gjald það, er þeir eiga að greiða lóðareiganda, að öllum jafnaði sè miklum mun hærra en skattur sá, sem hèr er um rætt. 1860. 26. sept.

Að vísu er það nú naumast samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem almennt er farið eptir um nýjar skattaálögur, að hafa tillit til þess, hvort lóðargjald til einstakra manna eða annað þvílíkt hvílir á eigninni; það leiðir og í þessu efni til þess, að þeir tómthúsmenn, er gjalda lóðargjald til lóðareiganda, sæta betri kjörum en þeir, sem hafa greitt kaupverð fyrir lóðina. En eigi að síður virtist það vera rèttast að fara eptir uppástungu þingsins, sem það í einu hljóði fèllst á; er þá í ákvörðun þessari nokkurskonar tilhliðrunarsemi með tilliti til þeirra tómthúsa, sem þegar er búið að byggja og lóðargjald hvílir á. Það hefði reyndar verið sjálfu sèr samkvæmast, eptir ástæðu þeirri sem ákvörðun þessi er byggð á, að alþingi hefði stungið uppá, að þau tómthús, sem hèr á eptir verða byggð með þeim skilmálum, að eptir þau skuli gjalda lóðartoll til lóðareiganda, skuli vera undanþegin bæjargjaldi því, er hèr er um rætt; en með því alþingi ekki hefir farið fram á þetta, þótti dómsmálastjórninni því minni ástæða fyrir sig að gjöra þar að lútandi uppástungu, sem undantekning sú, sem hèr er gjörð, naumast er samkvæm rèttum grundvallarreglum um skattaálögur, eins og áður er á vikið, og virðist því ekki eiga að láta hana ná lengra en alþingi hefir stungið upp á; svo yrði það og til þess, að tekjur þær, sem gjört var ráð fyrir að mundu fást með þessu móti þá, er frumvarpið var samið, mundu rýrna enn meir, en þegar er orðið eptir uppástungu alþingis; þess ber og að geta, að sá sem byggir slík tómthús á annars manns lóð, eptir að lög þessi eru út komin, veit að hverju hann hefir að ganga, og verður að vera við búinn að gjalda bæjargjald það, sem ákveðið er í lögum þessum, og hefir því ástæðu til að íhuga, áður en hann byggir hús sitt, hvort hann muni geta risið undir gjöldum þessum.

1860.

Við 2. gr.

26. sept. Byrjunin á uppástungu alþingis um þessa grein: „Á allar þær lóðir, sem eigi eru undan skildar eptir 1. gr." er óheppilega orðuð til að tákna það, sem til er ætlazt; en það eru þær lóðir, sem fylgja tómthúsunum, og eru undan skildar sérstöku gjaldi, sem lóðir, eptir 2. gr., með því gjaldið af þeim er fólgið í því gjaldi, sem er lagt á tómthúsin í 1. grein. Byrjun greinarinnar hefir því verið breytt þannig: „Á allar þær lóðir sem — — — — — ekki verða heimfærðar undir ákvörðunina í 1. grein", og er með því móti tekið fyrir allan efa um það, hvernig skilja eigi orð þessi. Í enda greinarinnar, sem var ónákvæmt orðaður í uppástungu alþingis, hefir og verið gjörð orðabreyting.

Við 3. gr.

Þessi grein er öldungis samhljóða 3. gr. í frumvarpi því, er lagt var fyrir alþingi.

Við 4. gr.

Samkvæmt uppástungu alþingis er það ákveðið, að lagaboð þetta fái lagagildi 1. dag janúarm. 1861.

Hans hátign konungurinn veitti síðan mildilegast samþykki til þess, að frumvarpið, þannig breytt, skyldi koma út sem lög fyrir Ísland.

---

29. sept. **54. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um bjargarskort í Múla sýslum m. m.**

Þèr hafið, herra amtmaður, í brèfi 16. júlímánaðar er leið skýrt frá, að sýslumaðurinn í Suðurmúla sýslu hafi 3. dag sama mánaðar beðið um aðstoð yðar til að afstýra bjargarskorti, er óttast megi þar í sýslunni næstkomanda vetur, svo framarlega sem verzlunarhúsið Örum & Wulff ekki sendi þangað nú í haust töluverðan vöruforða; og með því bjargræðisvegirnir

sumstaðar í Múla sýslum, eptir því sem yður hafa borizt fregnir um, eru mjög illa á sig komnir, þá hafið þèr skorað á stjórnina um liðsinni í þessu efni, þegar þar að lútandi bænarskrár koma frá sýslumönnum þeim, er hlut eiga að máli. Síðan hefir dómsmálastjórnin fengið bænarskrá frá sýslumanninum í Suðurmúla sýslu, dagsetta 3. dag júlímánaðar, og er í henni farið fram á það, sem á er vikið í brèfi yðar. Eptir þetta var leitað skýrslu hjá verzlunarhúsinu Örum & Wulff, hvort þegar hafi verið sendar nokkrar kornvörur síðan bænarskráin var samin, eða þær verði sendar enn í haust til þeirra verzlunarstaða, er verzlunarhús þetta á í Múla sýslum, einkum til Eskifjarðar; því eptir því, sem sýslumaður skýrir frá, er hættast við, að þar muni verða matvöruskortur. Verzlunarhús þetta hefir svarað því, að 24. f. m. hafi verið sendar hèðan 930 tunnur af kornvörum til Eskifjarðar, og þar að auki 460 tunnur til Seyðisfjarðar, og að eptir þessum vörubyrgðum þyrfti varla að óttast bjargarskort; dómsmálastjórninni hefir því ekki þótt ástæða til að gjöra meira í þessu efni. 1860. 29. sept.

Um leið og dómsmálastjórnin gefur yður þetta til vitundar, herra amtmaður, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það Jónasi sýslumanni Thorstensen, verður hún að geta þess, að það hefir allopt borið við, einkum núna síðustu árin, að yfirvöldin á Íslandi og landsmenn hafa leitað til stjórnarinnar, þegar einhverra hluta vegna hefir þótt hætt við, að einhver verzlunarstaður væri ekki nógu byrgur af kornvörum, og beðið hana að hlutast svo til, að ráðið yrði úr þeim vandræðum, er til horfði. En dómsmálastjórnin verður við þetta tækifæri að minna yður á, að það er tekið fram í brèfi innanríkisstjórnarinnar 29. janúarm. 1855, að eptir að verzlun á Íslandi er orðin frjáls fyrir allar þjóðir, þá flýtur það af sjálfu sèr, að hvorki stjórnin eða danskir kaupmenn geta haft neina sèrstaklega skyldu til að annast um vörubyrgðir í landinu framvegis. En með því svo er að sjá, sem þessu að undanförnu ekki hafi verið nægilega gaumur gefinn, þykir dómsmálastjórninni vera ástæða til að skora á yður á ný, herra amtmaður, að annast um, að það á tilhlýðilegan hátt verði brýnt fyrir íbúum

1860. 29. sept. umdæmis þess, sem þèr eruð yfir skipaðir, að þeir ekki megi vænta þess, að stjórnin, eptir því sem verzluninni er nú háttað, muni skerast í að senda vörur til landsins, sem hún eigi heldur sèr sig færa til, og að þeir því verði sjálfir að vera viðbúnir að sjá sèr fyrir nauðsynlegum matvælum, og skal því við bætt, að ekki þykir neinn vafi vera á, að sveitastjórnirnar að öllum jafnaði muni geta komið í veginn fyrir, að fátæklingar í sveitunum líði slíkan bjargarskort, sem menn núna síðustu árin svo opt hafa borið kvíðboga fyrir, ef þær, þegar því er að skipta, í tæka tíð snúa sèr til hlutaðeigandi kaupmanna, og nota sèr fè það, sem þær hafa umráð yfir[1].

---

9. október. **55. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um prjónavefstað handa Ólafi bónda Guðmundssyni á Einarsnesi.**

Eptir þegnlegum tillögum innanríkisstjórnarinnar hefir hans hátign konunginum allramildilegast þóknazt að veita Ólafi bónda Guðmundssyni á Einarsnesi í Mýra sýslu styrk, er ekki fari fram úr 230 ríkisdölum, til að kaupa fyrir prjónavefstað, þó með þeim skilmálum, að hann undirgangist að kenna öðrum ókeypis prjónavefnað á Íslandi, og að hann gefi hverjum, er þess æskir þar á landinu, kost á að sjá vefinn og smíða eptir honum.

Um leið og dómsmálastjórnin, út af brèfi yðar 27. júlím.

---

1) Sama dag var stiptamtmanninum yfir Íslandi og amtmanninum yfir vesturumdæminu ritað brèf öldungis samhljóða síðari kafla brèfs þess, sem hèr er á undan, og skulu því hèr aðeins táknaðar breytingarnar frá því:

„Þareð það allopt hefir við borið einkum síðustu árin — þeim vandræðum er til horfði, verður dómsmálastjórnin að minna yður á, að það er tekið fram — að skora á yður á ný herra (*tit.*) að annast um, að það á tilhlýðilegan hátt verði — — — — — — — — — — — — — — þær hafa umráð yfir.

f. á., birtir yður þetta, herra amtmaður, sjálfum yður til leið- 1860.
beiningar og til þess þèr auglýsið það Ólafi bónda Guðmunds- 9. október.
syni, skorar hún á yður að senda hingað skriflega skuldbindingu hans um það, sem áður er á minnzt; mun síðan hèr verða annast um, að vefstaðurinn verði sendur til Íslands á næstkomanda vori.

---

56. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk til Rosmhvalanes hrepps.

9. október.

Í bænarskrá, er hingað barst með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 21. aprílm. þ. á., hefir sveitarstjórnin í Rosmhvalanes hrepp í Gullbringu sýslu sótt um, að hrepp þessum yrði á ári hverju veittur 300 ríkisdala styrkur til uppeldis hinum mörgu holdsveiku mönnum, sem eru þar í sveitinni. Þèr hafið vitnað, að satt væri það, sem í bænarskránni segir um ástandið í Rosmhvalanes hrepp, og hversu mjög hreppurinn sè þurfandi fyrir að fá nokkurn lètti í þyngslum þeim, er á honum hvíla; en að því leyti stungið er upp á, að styrkur sá, sem um er beðið, verði greiddur annaðhvort úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins, er nú þegar í 3 ár að undanförnu hefir goldið sveit þessari 80 ríkisdali á ári fyrir lyf handa hinum holdsveiku, eður af þeim 4000 ríkisdölum, sem á ári hverju eru veittir til óvissra gjalda fyrir Ísland, þá hafið þèr látið í ljósi það álit yðar, að styrkur þessi ekki verði tekinn af fè því, er nú var nefnt; þar á móti hafið þèr vakið máls á því, hvort ekki mætti hjálpa sveitinni á þann hátt, að henni væru eptir látnir þeir spítalahlutir, sem á ári hverju fást þar í hrepp, en þeir hafa nú 5 árin síðustu verið 61 ríkisd. virði á ári að meðaltali, og mundu, að yðar áliti, nema töluvert meiru ef þeir væru goldnir hreppnum í skileyri, en þá 80 ríkisdali á ári, sem hreppurinn nú sem stendur fær úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins, skyldi hann ekki fá meðan hann væri aðnjótandi spítalahlutanna.

Um þetta efni skal dómsmálastjórnin geta þess, að þareð það kæmi í bága við konungsúrskurð 12. ágústm. 1848, sem

1860. 9. október. kunngjörður er með opnu brèfi 23. s. m., að verja spítalahlutunum í Rosmhvalanes hrepp á þann hátt, sem þèr hafið stungið upp á, þá verður ekki tekið í mál að hjálpa sveitinni á þenna hátt, að minnsta kosti ekki án þess málið væri borið undir álit alþingis; en þegar þess er gætt, að alþingi hefir farið fram á, að jafnvel spítalahlutirnir á Vestmannaeyjum, sem hingað til ekki hafa runnið í spítalasjóðinn, framvegis skuli renna í sjóð þenna, þá eru lítil líkindi til, að þingið mundi fást til að fallast á uppástungu, er færi í þá stefnu, sem hèr er um rætt; þess ber og að geta, að sveitarstjórnin í Rosmhvalanes hrepp árið 1854 sótti um styrk úr spítalasjóðnum, en þessu neitaði dómsmálastjórnin í brèfi til stiptsyfirvaldanna á Íslandi 14. októberm. s. á.; þar við bætist, að hreppurinn fengi með þessu móti annaðhvort enga eður mjög litla bót á kjörum sínum, ef að styrkur sá, er hann nú fær úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins, ætti að hætta, eins og þèr hafið stungið upp á.

En með því stjórninni þætti það mjög æskilegt, ef sveit þessari, sem á við svo erfið kjör að búa, yrði hjálpað með einhverju móti, eruð þèr beðnir, áður en frekara er gjört við mál þetta, að láta í ljósi álit yðar um, hvort ekki mundi mega greiða úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins nokkru meiri styrk til uppheldis hinum holdsveiku í Rosmhvalanes hrepp, en gjört hefir verið hin síðustu árin, eptir brèfi dómsmálastjórnarinnar 11. desemberm. 1856; þaraðauki eruð þèr beðnir að senda hingað eptirrit af hreppsbókinni, er sýni, hvernig jafnað hafi verið niður fátækra útsvari því, er hreppsbúar hafa átt að greiða 5 árin síðustu, og hvernig því hafi verið skipt milli þurfamanna, til þess sèð verði hlutfallið milli þeirra, er gjalda til sveitar, og þurfamanna, og verður því að tilgreina tölu hvorutveggja.

Að síðustu eruð þèr beðnir að senda dómsmálastjórninni skýrslu, byggða á upphæð sveitarútsvaranna, um það, hversu mikil sveitarþyngslin eru í Rosmhvalaneshreppi í samanburði við aðra hreppa í suðurumdæminu, og sèrílagi í Gullbringu sýslu.

57. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um veitingahús í Reykjavík.

1860. 11. október.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, með brèfi 14. júlímánaðar er síðast leið, sent eptirrit af umkvörtun til dómsmálastjórnarinnar frá eigendum veitingahúss þess í Reykjavík, sem kallað er „Scandinavia", yfir því, að þèr, meðan þèr gengduð stiptamtmannsstörfum í fjærveru Trampe greifa, hafið veitt Jörgensen, er fyrrum var veitingamaður í gesthúsi þessu, leyfi til að hafa almennt veitingahús í Reykjavík, þrátt fyrir þó að leyfi það, er þeim sjálfum fyrr meir var veitt, heimilaði þeim að þeirra áliti nokkurskonar einkarètt til að hafa veitingahús í bæ þessum, meðan þar væri ekki þörf á fleiri veitingahúsum; hafið þèr í brèfi yðar meðal annars getið þess, að það sè ekki rètt hermt, er sagt er í umkvörtuninni, að Jörgensen hafi hjá yður fengið nýtt leyfisbrèf, þareð þèr hafið aðeins lýst því yfir, þegar hann spurðist fyrir um þetta efni hjá yður, að leyfisbrèf frá 29. marzmánaðar 1856, er honum var veitt til að hafa veitingar og hýsa gesti í húsinu „Scandinavia", heimili honum að halda áfram þessum atvinnuvegi sínum annarstaðar í Reykjavík; kveðist þèr enn vera á þessu, með því leyfisbrèf það, er nú var nefnt, eigi hafi verið veitt Jörgensen sem þjóni þeirra, er voru eigendur að veitingahúsinu „Scandinavia", en sè sèrstakt leyfisbrèf, er gildi fyrir hann sjálfan; hafi hann og, eins og honum hafi verið boðið, keypt borgarabrèf og unnið borgaraeið sem gestgjafi og veitingamaður.

Dómsmálastjórnin skal nú um þetta efni geta þess, að yður, herra stiptamtmaður, hlýtur að hafa sèzt yfir það, að í leyfisbrèfi því, er eigendur veitingahússins „Scandinavia" fengu 8. febrúarmánaðar 1856, er það með berum orðum tekið fram, að þeir ættu að láta mann, er til þess hefði fengið leyfisbrèf amtmanns, veita forstöðu gestgjafahúsi þessu og veitingahúsi, og að þeir því ekki gátu látið eitthvert af hjúum sínum, er ekkert leyfisbrèf hefði til þess fengið, hafa þetta á hendi; svo er og leyfisbrèf það, er Jörgensen samkvæmt þessu var veitt, með berum orðum takmarkað við, að hann megi hafa

1860. 11. október. veitingar í húsinu „Scandinavia", og er einnig í leyfisbrèfi þessu skýrskotað til þess, að hann sè ráðinn til að vera forstöðumaður veitingahússins; það er því ljóst, að hann á ekki með að hafa veitingahús neinstaðar annarstaðar í Reykjavík, nema hann til þess fái nýtt leyfisbrèf. En dómsmálastjórnin ætlar sèr sjálf að skera úr því, hvort ástæða sè til að veita honum slíkt leyfisbrèf, ef hann enn æskir þess; en áður en lengra sè farið út í þetta mál, eruð þèr beðnir að útvega álit bæjarfógetans og bæjarstjórnarinnar um þetta atriði, og senda það síðan hingað með athugasemdum sjálfs yðar.

Að endingu eruð þèr beðnir að birta þenna úrskurð dómsmálastjórnarinnar eigendum veitingahússins „Scandinavia", Jörgensen og bæjarfógetanum í Reykjavík.

---

12. október. **58. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um tekjur er standa inni hjá sýslumönnum.**

Af skýrslu, er hingað hefir verið send, er dómsmálastjórninni orðið það kunnugt, að þeir menn, sem hafa á hendi þann starfa að rannsaka íslenzka reikninga, hafa við lauslega yfirskoðun reikninga, er komið hafa frá Íslandi fyrir árið 1859 og fyrir fjárhagsárið, er nær frá 1. aprílm. 1859 til 31. marzmánaðar 1860, orðið þess varir, að ýmsar tekjur, sem fyrir löngu síðan áttu sèr gjalddaga, eru enn inni standandi hjá þeim embættismönnum, sem þær áttu að heimta, og um sumar tekjur er svo frá skýrt í reikningunum, að fèð sè borgað í jarðabókarsjóð Íslands eður í aðalfèhirzlu ríkisins, án þess fyrir þessu sèu nokkur skilríki með reikningunum.

Af þessum ástæðum finnur dómsmálastjórnin sèr skylt að skora á yður, herra amtmaður, að gæta þess nákvæmlega framvegis, að enginn gjaldliður í reikningum þeim, sem til yðar koma úr norður- og austurumdæminu, má vera án nægra skýrteina um, hvernig gjörð hafi verið skil fyrir fènu; en komi slíkt fyrir í reikningunum, eigið þèr, með því að neyta þeirra

úrræða, sem þèr eigið vald á, þegar í stað að annast um, að skil verði gjörð fyrir fè því, sem um er að ræða; eigið þèr og að skýra greinilega frá um þetta efni í athugasemdum þeim, sem þèr ritið á reikningana[1]. 1860. 12. október.

---

59. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um íslenzka þýðingu af riti Guénon's um mjólkurkýr. 12. október.

Dómsmálastjórnin hefir sent hinu konunglega danska landbústjórnarfèlagi bænarskrá, er þèr, herra amtmaður, senduð hingað með brèfi 16. desemberm. f. á., þess efnis, að Jón Borgfirðingur og fl. biðja um, að þeim sè útvegaður hjá fèlagi þessu 100 ríkisdala styrkur eður lán, til þess að gefa út á íslenzku rit *Guénon's* um mjólkurkýr. En landbústjórnarfèlagið hefir 26. dag fyrra mánaðar svarað því, að það virðist ekki að eins vera gagnslaust að þýða rit *Guénon's* á íslenzka tungu, heldur geti slíkt jafnvel orðið til skaða; reglur *Guénons* sèu að vísu nokkurs nýtar, þegar jafnframt verði höfð hliðsjón af öðrum kennimerkjum en speglinum, sem taka verði til greina þá er sjá skuli hvort kýr sèu góðar til mjólkur eður ekki, en þegar reglum hans sè fylgt eingöngu, komist menn að einstrengingslegri og rangri niðurstöðu; flokkaskipunin sè og eptir hans reglum svo margbrotin og smásmugleg, að reglurnar verði óaðgengilegar fyrir flesta þá, er stunda landbúnað verklega, vegna þess hins langa tíma, yfirlegu og umhugsunar, sem þarf til þess að skilja þær vel, og að minnsta kosti sè ekki unnt að læra þær af lýsingu einni, þó henni fylgi uppdrættir.

---

1) Sama dag var stiptamtmanninum yfir Íslandi og amtmanninum yfir vesturumdæminu ritað um ýmsar tekjur, sem sýslumenn í umdæmum þeirra eigi höfðu staðið skil á í tækan tíma, og var í þeim brèfum tekin fram sama reglan, sem í þessu brèfi er brýnd fyrir amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu.

1860. 12. október. þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir þeim, sem hlut eiga að máli[1].

---

12. október. **60. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skaðabætur til stiptsprentsmiðjunnar í Reykjavík.**

Dómsmálastjórnin er nú búin að skrifazt á við stiptsyfirvöldin á Íslandi um bænarskrá þá, er þèr hafið sagt álit yðar um í brèfi dagsettu 2. febr. þ. á. Í bænarskrá þessari, sem dagsett er 20. janúarmánaðar þ. á., hefir forstöðunefnd sú, sem nú er fyrir prentsmiðjunni á Akureyri, sótt um eptirgjöf á þeim 400 ríkisdölum, sem hin fyrri forstöðunefnd prentsmiðju þessarar, með hæstarèttardómi 24. nóvembermánaðar 1858, var dæmd til að greiða stiptsprentsmiðjunni í Reykjavík, í skaðabætur fyrir prentun og sölu á barnalærdómsbók Balles; en fáist ekki full uppgjöf á fè þessu, er sótt um, að svo mikið af því verði upp gefið, sem eptir verði, þegar búið sè að draga frá skaða þann, sem prentsmiðjan í Reykjavík í raun og veru hafi haft á, að bókin var gefin út.

Um þetta efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir beiðendunum, að dómsmálastjórnin, samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna, leggur samþykki sitt á það, að forstöðunefnd prentsmiðjunnar á Akureyri sè álitin að hafa fullnægt hæstarèttardóminum 24. nóvembermánaðar 1858, ef hún greiðir prentsmiðju Íslands 200 ríkisdali; en skyldi forstöðunefnd hinnar fyrnefndu prentsmiðju sýna undandrátt í því að greiða fè þetta, þá er prentsmiðjunni í Reykjavík geymdur rèttur til hinna fullu skaðabóta, eins og þær eru á kveðnar í dóminum.

---

1) Bæklingur „Um einkenni á mjólkurkúm", eptir *Guénon*, er prentaður á Akureyri 1859. 8vo.

---

61. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um bókagjafir til Flateyjar framfarastofnunar. 1860. 19. nóvemb.

Eptir að búið var að gjöra hinu konunglega danska landbústjórnarfèlagi kunnar hinar ítarlegri skýrslur, er hingað komu með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 30. aprílm. þ. á., um stofnun Ólafs prófasts Sivertsens í Flatey og konu hans, hefir fèlagið gefið lestrarbókasafni því, er sameinað er stofnun þessari, bækur þær, sem til eru greindar á lista, er fylgir með brèfi þessu.

Um leið og þetta er tilkynnt yður, skal því við bætt, að bækurnar verða hèðan sendar amtmanninum yfir vesturumdæminu til frekari ráðstöfunar, með einhverri af hinum fyrstu skipaferðum í vor komandi.

---

62. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um það, hvernig taka skuli skatt. 23. nóvemb.

Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis, þess er síðast var haldið, um gjaldheimtu hins svo nefnda skatts á Íslandi, hefir dómsmálastjórnin borið upp fyrir konungi þegnlega skýrslu um málefni þetta, og hefir hans hátign 11. þ. m. allramildilegast þóknazt að úrskurða, að út af bænarskrá þessari skuli bjóða öllum amtmönnum á Íslandi að brýna það fyrir sýslumönnum þeim, er þeir eiga yfir að bjóða, að þeim beri að fara eptir þeim ákvörðunum, sem stjórnin að undanförnu á ýmsum tímum, einkum í rentukammerbrèfi 28. aprílm. 1832, hefir sett um heimtingu skattsins.

Um leið og stjórnin birtir yður þetta, herra (tit.), eruð þèr beðnir að gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til þess að hinum konunglega úrskurði, sem að ofan er um rætt, verði hlýtt.

1860. 8. desemb. **63. Brèf dómsmálastjórnarinnar til bæjarstjórnarinnar í Kaupmannahöfn, um brèfburðareyri fyrir póstskipsbrèf frá Íslandi 1859.**

Nokkrir Íslendingar og íslenzkir kaupmenn, er búa hèr í bænum, hafa í brèfi til dómsmálastjórnarinnar sótt um, að brèf þau, er komu til þeirra og annara með gufuskipi, er Óðinn heitir, í aprílmánuði f. á. frá Íslandi til *Liverpool* og þaðan voru send til Belgíu og síðan hingað yfir Þjóðverjaland, verði fram seld án þess fyrir þau sè goldinn sá brèfburðareyrir, er póstmálastjórnin hèr heimtar; svo hafa þeir og sótt um, að burðareyrir sá, er þeir þegar sèu búnir að greiða fyrir brèf þessi, verði endurgoldinn þeim úr almennum sjóði.

Í þessu efni skal þess getið, að eptir að dómsmálastjórnin og fjárhagsstjórnin höfðu skrifazt á um málefni þetta, er þegar fyrir löngu síðan búið að veita þeim, er brèfin voru til, eptirgjöf á öllum hinum innlenda burðareyri fyrir þau, að svo miklu leyti, sem þeir hafa getað sannað heimild sína, og hefir þar að auki hinn útlendi burðareyrir fyrir prentuð skjöl, þó þau annars ekki ættu að komast af með burðareyri dagblaða, og fyrir annað það, er senda á með „pakkapósti", og fyrst var heimtaður burðareyrir fyrir eins og fyrir brèf, verið lækkaður svo, að ekki hefir verið goldið meira fyrir þetta en annars er vant að gjalda fyrir það, sem sent er með pakkapósti. En með því nú einn af þeim mönnum, er ritað höfðu undir skjalið til dómsmálastjórnarinnar, Jón Sigurðsson, skjalavörður, sem býr hèr í bænum, hefir leitað upplýsingar hjá stjórninni um úrslit málsins, þá biður dómsmálastjórnin bæjarstjórnina um að láta hann vita, að stjórnin ekki geti útvegað hlutaðeigendum meira endurgjald fyrir útlát þeirra, þau er að ofan er getið, en þeir þegar eru búnir að fá.

---

12. desemb. **64. Tilskipun um stofnun barnaskóla í Reykjavík.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors

trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, um stofnun barnaskóla í Reykjavík, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið: 1860. 12. desemb.

1. gr.

Í Reykjavík skal stofna skóla, sem öll þau börn, er þar eiga heima, geti notið þeirrar kennslu í, er þykir nauðsynleg fyrir menntaða menn yfir höfuð.

Svo má og fyrir hæfilega borgun taka í þenna skóla önnur börn, þegar því verður við komið án þess hin missi í. Að því leyti fè það, sem til stofnunar og viðurhalds skólans er ákveðið, hrökkur ekki til, skal greiða kostnaðinn á þann hátt, sem fyrir er mælt í tilskipun um stjórn Reykjavíkurbæjar 27. dag nóvembermánaðar 1846 19. gr., og opnu brèfi um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík 26. dag septembermánaðar 1860 3. gr.

2. gr.

Stjórn kirkju- og kennslumálanna skal falið á hendur með ráði stiptsyfirvaldanna á Íslandi og annara þeirra manna, er hlut eiga að máli, að skipa fyrir um fyrirkomulag skóla þessa og skyldur bæjarmanna við hann, samkvæmt reglum þeim, sem ákveðnar eru um þesskonar skóla í Danmörku, þó með þeirri tilhögun og breytingum, sem eptir þörfum landsins og ásigkomulagi bæjarins eru nauðsynlegar eður ákjósandi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Samkvæmt konungsúrskurði 22. maím. 1853 var lagt fyrir alþingi það ár frumvarp til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík; var málið rætt á alþingi á lögskipaðan hátt og konungi sent um það þegnlegt álitsskjal, en í því fór þingið fram á, að frumvarpi þessu yrði slegið á frest þangað til ákveðnar yrðu nefndum skóla tekjur þær eður fèstyrkur, sem samsvari þörfum skólans, og að frumvarpið síðan á ný yrði lagt fyrir þingið. (smbr. Alþ. t. 1853: 1028.—1032. bls. og viðbæti A 11.—14. bls.).

Eptir að búið var að útvega skýrslur og uppástungur þær,

1860. 12. desemb. er þingið hafði farið fram á að fá um áður greint atriði, voru þær ásamt frumvarpinu lagðar fyrir alþingi 1859; var málefni þetta á ný rætt á þinginu á lögskipaðan hátt, og konungi sent um það álitsskjal; og það þingið í því með samhljóða 24 atkvæðum um, að hið umrædda frumvarp til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík yrði að lögum gjört; þó fèllst þingið með 18 atkvæðum gegn 4 á þá breytingu í 1. gr. frumvarpsins, að fyrir aptan orðin: „er nauðsynleg þykir fyrir hvern mann" í fyrri kafla greinarinnar, yrði bætt þessum orðum: „sem almennt er kallaður vel að sèr"[1].

Eptir því, sem sjá má af umræðunum um málefni þetta á alþingi, var tilgangurinn með breytingu þessa sá, að gefa til kynna, að fyrirkomulag skólans ætti að vera á þá leið, að hann ekki aðeins yrði alþýðuskóli, heldur yrði áþekkur borgaraskólum í Danmörku; og með því þetta einnig var tilgangurinn með orð þau, sem eru í frumvarpinu, þar sem rætt er um þá kennslu, er nauðsynleg þyki fyrir hvern mann, þá þótti stjórninni vel mega fara, að taka það skýrar fram, sem í orðunum lægi samkvæmt ósk þingsins; en þareð þau orðatiltæki, er þingið stakk upp á, þóttu ekki sem heppilegast valin, var frumvarpinu breytt þannig, að í staðinn fyrir orðin: „er þykir nauðsynleg fyrir hvern mann", var sett: "er þykir nauðsynleg fyrir menntaða menn yfir höfuð", og virtist svo sem það, er alþingi vildi bæta inn í frumvarpið, væri með þessu móti nógu ljóslega tekið fram.

Með því enn fremur ákvörðunin í 3. gr. í opnu brèfi 26. septemberm. 1860, um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík, hefir gjört breyting á því, sem ákveðið er í 19. gr. í tilskipun um stjórn Reykjavíkur bæjar, 27. nóvemberm. 1846, að því leyti snertir niðurjöfnun á gjaldi til skólans, þá varð að breyta niðurlagi 1. greinar frumvarpsins þannig, að í staðinn fyrir orðin: „skal jafna kostnaðinum niður á bæjar-

1) Fyrri kafli 1. greinar í frumvarpinu hljóðar þannig: „Í Reykjavík skal stofna skóla, sem öll þau börn, er þar eiga heima, geti notið þeirrar kennslu í, er þykir nauðsynleg fyrir hvern mann".

menn, samkvæmt tilskipun um stjórn Reykjavíkur bæjar, dag- 1860.
settri 27. dag nóvembermánaðar 1846, 19. gr." — var sett: 12. desemb.
"skal greiða kostnaðinn á þann hátt, sem fyrir er mælt í tilskipun um stjórn Reykjavíkurbæjar 27. dag nóvembermánaðar 1846 19. gr., og í opnu brèfi um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík 26. dag septembermánaðar 1860 3. gr." [1].

Eptir að búið var að laga frumvarpið eptir því, sem nú hefir verið á vikið, lagði ráðgjafi kirkju- og kennslumálanna það fyrir konung með skýrslu sinni um málið, og fèllst hans hátign allramildilegast á, að út skyldi koma lagaboð það, sem prentað er hèr að ofan, um stofnun barnaskóla í Reykjavík.

---

65. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun til Hermanns Jónssonar málaflutningsmanns, fyrir skrifarastörf í nefnd þeirri, er sett var í fjárkláðamálinu. 28. desemb.

Samkvæmt uppástungu yðar, herra stiptamtmaður, í brèfi 5. f. m., leyfir dómsmálastjórnin, að Hermanni Jónssyni málaflutningsmanni sè greidd sæmileg þóknun af þeim 10,000 rdl., sem veittir eru í fjárlögum þessa árs, 14. gr. 23. tölulið, fyrir skrifarastörf í nefnd þeirri, er til bráðabyrgða var sett í Reykjavík vegna fjárkláðans; er yður falið að ákveða, hvað mikil þóknun þessi skuli vera; þó má hún ekki vera meiri en 60 ríkisdalir, fyrir tímabilið frá 16. júní í sumar er leið og til loka þessa fjárhagsárs. Þegar búið er að ávísa fè þessu til

---

1) Allur síðari kafli 1. greinar í frumvarpinu hljóðar þannig: „Svo má og fyrir hæfilega borgun taka í þenna skóla önnur börn, þegar því verður við komið án þess hin missi í. Að því leyti fè það, sem til stofnunar og viðurhalds skólans er ákveðið, hrökkur ekki til, skal jafna kostnaðinum niður á bæjarmenn, samkvæmt tilskipun um stjórn Reykjavíkur bæjar, dagsettri 27. dag nóvembermánaðar 1846, 19. gr.".

1860. 28. desemb. útborgunar, vonast stjórnin eptir að fá um það vísbending frá yður.

---

28. desemb. **66. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun til Benedikts Sveinssonar yfirdómara fyrir skrifarastörf í nefnd þeirri er sett var í Reykjavík vegna fjárkláðans.**

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, í brèfi 23. októbermánaðar, er síðast leið, beðið um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að þèr hafið látið borga Benedikt Sveinssyni yfirdómara, eptir kröfu hans, 39 rdl. 10 sk. úr jarðabókarsjóði Íslands, sem endurgjald fyrir skrifarastörf þau, er hann hafði á hendi í nefnd þeirri, er sett var til bráðabyrgða í Reykjavík vegna fjárkláðans, frá því 19. aprílmánaðar og þangað til 15. júnímánaðar þ. á.; og hafið þèr um leið getið þess, að þareð dómsmálastjórnin með brèfi 19. aprílm. þ. á. hafi verið búin að veita honum 100 rdl. þóknun fyrir tímann, er liðinn var, þá hafi yður fundizt að þèr ekki gætið neitað honum um þóknun eptir sömu tiltölu þangað til 15. júnímánaðar, þá er honum var kunngjört brèf dómsmálastjórnarinnar 1. júnímánaðar um það, að honum eptir beiðni hans væri veitt lausn frá störfum í nefndinni.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, að stjórnin reyndar ekki getur fallizt á, hvaða þýðingu stiptamtið hefir lagt í brèf dómsmálastjórnarinnar 19. aprílm. þ. á., það er áður var nefnt; því þá 100 rdl., sem þar er um rætt, bar ekki að álíta sem laun, heldur aðeins sem þóknun, en af því leiðir, að þetta brèf stjórnarinnar enga heimild gaf til að álykta neitt um upphæð þeirrar borgunar, sem veitt yrði fyrir eptirkomandi tíð, og hafði þar að auki dómsmálastjórnin sjálf áskilið sèr að ákveða hana; en samt sem áður má í þetta skipti við svo búið standa.

---

67. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um gjaldfrest á skuld jafnaðarsjóðsins. 1860. 28. desemb.

Í brèfi 3. októbermánaðar, er síðast leið, hafið þèr, herra amtmaður, á ný farið þess á leit, að þeir 1333 rdl. 32 sk., sem jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins voru greiddir úr jarðabókarsjóði Íslands samkvæmt fjáraukalögunum 29. desemberm. 1857, 3. gr., 7. tölulið, vegna fjársýkinnar, er þá geysaði yfir, verði annaðhvort alveg upp gefnir jafnaðarsjóðnum, eður honum að minnsta kosti enn veittur 5 ára frestur til að gjalda skuld þessa, og að sjóðurinn auk þess verði undan þeginn að svara vöxtum af henni.

Dómsmálastjórnin svarar þessu á þá leið, að hún ekki sèr sèr fært að útvega jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins meiri linun í lúkningu skuldar þessarar, en veitt er í fjárlögum þessa árs (smbr. athugasemdirnar við 4. gr. A. 4) og stjórnin vonast því eptir að þèr, herra amtmaður, nú án nokkurrar undanfærslu annist um, að ríkissjóðurinn fái lán það, sem hèr er um rætt, endurgoldið að fullu svo fljótt sem verða má, og í seinasta lagi innan loka næsta fjárhagsárs.

---

68. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi um uppástungur um styrk til umbóta í fjárræktinni á Íslandi m. m. 28. desemb.

Um leið og þèr skýrðuð stjórninni frá, hvernig heilbrigðisástand fjárins sè í þeim hèruðum í suðurumdæminu, þar sem fjárkláðinn hefir komið, hafið þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi 4. f. m. stungið upp á, að á ári hverju verði veittir allt að 5000 ríkisdalir til að bæta sauðfjárrækt á Íslandi, og að skipuð verði nefnd til að sjá um, að fè þessu sè varið vel og haganlega og gjöra fyrir því árlegan reikning.

En með því ekki eru fram komnar neinar nákvæmari uppástungur um, í hverju ráðstafanir þær, sem hèr er um rætt,

1860. 28. desemb.

eigi að vera fólgnar og á hvern hátt þær verði framkvæmdar og s. frv., þá sèr dómsmálastjórnin sèr ekki fært að gjöra neitt í þessu efni fyrri, en slíkar uppástungur eru fyrir hendi, og það því síður, sem stjórnin ekki hefir fengið álitsskjal það, sem heitið er í brèfi stiptamtsins 24. septemberm. þ. á. um það skjal, er stjórninni þá var sent frá formanni nefndar þeirrar, er til bráðabyrgða hefir skipuð verið í Reykjavík vegna fjárkláðans; en í skjali þessu var farið fram á, að í stað nefndar þeirrar, sem nú er, verði skipuð föst dýralækninganefnd, er hafa skuli gætur á heilbrigðisástandi húsdýranna á Íslandi yfir höfuð.

Dómsmálastjórnin sendir yður því skjal það, er nú var um getið, og skorar á yður að taka mál þetta í heild sinni til íhugunar á ný, svo fljótt sem unnt er, og senda síðan stjórninni álit yðar og uppástungur um það, hvernig því beri að skipa, og eru yður hèr með send nokkur exemplör af skýrslu hinna konunglegu erindsreka um fjárkláðann á Íslandi, til þess þèr getið haft hliðsjón af henni.

1861.

1861.

1. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857, áhrærandi nákvæmari ákvarðanir um betrunarhúss vinnu. 4. janúar.

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857, áhrærandi nákvæmari ákvarðanir um betrunarhúss vinnu, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Þegar dæma ætti einhvern eptir lögum þeim, sem nú gilda, í tugthús vinnu 6 ár eður skemur, þá skal í stað þess dæma hann í betrunarhúss vinnu. En þegar dæma ætti einhvern eptir lögum þeim, sem nú gilda, í betrunarhúss vinnu lengri tíma en 6 ár, þá skal í stað þess dæma hann í tugthúss vinnu.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

---

2. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857, um innkallanir í búum. 4. janúar.

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857 um innkallanir í búum, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Í dánarbúum, uppboðsbúum og þrotabúum, og í öðrum búum, þar sem innköllun til skuldaheimtumanna á fram að fara, skal slík innköllun eptirleiðis gefin út með 6 mánaða fresti, þegar svo má ætla, eptir því sem ástatt er, að sá, er

1861. 4. janúar. hlut á að máli, hafi ekki staðið í skuldaskiptum annarstaðar en á Íslandi. En þegar þetta þar á móti á sèr stað, á innköllunin að fara fram með 12 mánaða fresti.

En þó hlutaðeigandi hafi búið eður átt dvöl annarstaðar en á Íslandi, þá skal það atvik útaf fyrir sig eigi gjöra það að verkum, að hinn síðar nefnda frest skuli við hafa, ef liðið er, áður en hann deyr eður þann atburð ber að höndum, sem gefur tilefni til skipta á búi hans, meir en eitt ár frá þeim tíma, er hann fór þaðan og yfirgaf stöðu þá, er hann þar hafði.

2. gr.

Þær innkallanir, sem samkvæmt 1. gr. mega fara fram með 6 mánaða fresti, skal birta á Íslandi í blaði því, sem ákveðið er til að birta í almennar auglýsingar. Þar á móti á að birta innkallanir þær, sem gefa skal út með 12 mánaða fresti, þrisvar sinnum í röð í „Berlinga pólitisku og avertissements tíðindum", auk þess að þær einnig skulu auglýstar á fyr greindan hátt. Frestinn ber að reikna fra seinasta birtingardegi.

3. gr.

Samkvæmt framan greindum ákvörðunum fellur í burtu bæði leyfisbrèf, sem áður þurfti í ýmsum tilfellum til að gefa út innkallanir í búum, og eins hin lögboðna þinglýsing innkallana. Ákvörðun Norsku laga 5. bókar 13. kapítula, 27. artíkula er, hvað Ísland snertir, úr lögum numin.

4. gr.

Við skipti á dánarbúum eptir þá menn, sem engin líkindi eru til að eptir lífsstöðu sinni hafi átt í neinum sèrstaklegum viðskiptum út af verzlun eður öðru slíku, má sleppa hvers konar innköllun, hvort sem hinn dáni lætur mikið eður lítið eptir sig, ef erfingjar hans, eður þeir, sem búið er í hendur selt, lýsa því yfir, að þeir vilji taka að sèr lögmætar skuldir búsins, ef einhver skuldakrafa seinna kynni að koma fram.

5. gr. 1861.

Framan greindar ákvarðanir eiga einnig við þegar ekkja, 4. janúar.
sem situr í óskiptu búi, vill gefa út innköllun til skuldaheimtumanna manns hennar, eður þegar erfingjar, sem skipta sjálfir sín á milli, vilja gefa út innköllun til skuldaheimtumanna arfleifanda.

6. gr.

Lagaboð þetta öðlast lagagildi 1. dag júlímánaðar 1861.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

---

3. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi lög 29. desember 1857, um myndugleika kvenna. 4. janúar.

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 29. desember 1857 um myndugleika kvenna, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Frá 1. degi júlímánaðar 1861 eru ógiptar konur, þegar þær eru orðnar 18 ára gamlar, myndugar með tilsjónarmanni, og fullmyndugar þegar þær eru orðnar fullra 25 ára að aldri.

2. gr.

Því fè, sem nú er undir stjórn yfirfjárráðenda ómyndugra, og ógiptar konur eiga, sem orðnar eru 18 ára gamlar, mega þær ekki segja upp til útborgunar fyrri, en að 3 árum liðnum frá þeim degi, er þetta lagaboð öðlast lagagildi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

1861. 4. janúar.

Ágrip af skýrslu dómsmálastjórnarherrans til konungs, um löggilding nokkurra lagaboða á Íslandi, er út komu í Danmörku árin 1857 og 1858.

Í konungsúrskurði 10. nóvemberm. 1843 er svo fyrir mælt, að fulltrúi konungs skuli, eptir að hlutaðeigandi stjórnarráð hafa ráðgazt um málið, í hvert skipti leggja fyrir alþingi þau af hinum almennu lagaboðum, er síðast hafa komið út í konungsríkinu Danmörku, sem ekki hefir verið boðið að leggja fyrir þingið sèrstaklegt frumvarp um að lögleiða á Íslandi, en sem þó kynni við eiga að veita þar lagagildi; og skuli hann skora á þingið, að láta í ljósi álit sitt um löggilding þeirra og um þær breytingar, er við þætti eiga að gjöra á þeim.

Samkvæmt þessu ritaði dómsmálastjórnin konungsfulltrúa á alþingi 1859, um að leita álits þingsins, hver af almennum lagaboðum þeim, er komið höfðu út í konungsríkinu árin 1857 og 1858, ætti við að lögleiða á Íslandi, og var sèrstaklega bent á þau af lagaboðum þessum, sem stjórnin hèlt að aðeins gæti verið umtalsmál um að löggilda á Íslandi, og voru það þessi:

1. lög 21. janúarm. 1857 um hegning fyrir illa meðferð á skepnum;

2. lög 4. marzm. s. á. um breyting á tilskipun um skírnina 30. maím. 1828;

3. lög 30. nóvemberm. s. á., er nema úr lögum að skírn sè nauðsynleg sem skilyrði fyrir erfðarètti;

4. lög s. d. viðvíkjandi nákvæmari ákvörðunum um betrunarhússvinnu;

5. lög s. d. um innkallanir í búum;

6. lög 29. desemberm. s. á. um breyting á tilskipun 21. maím. 1845;

7. lög s. d. um myndugleika kvenna;

8. lög s. d., er breyta 10. atriði í 3. grein í tilskipun 30. aprílm. 1824, viðvíkjandi embættiskyldu prestanna með tilliti til hjónabands;

9. lög s. d. um heimildarlausa prentun bóka og s. frv.;

10. lög 30. desemberm. 1858, er ákveða ýmislegt um gjaldþrota bú, og um meðferð á þrotabúum og öðrum búum. 1861. 4. janúar.

Stjórnin bætti því við, að það væri vitaskuld, að alþingi væri innanhandar að íhuga, hvort nokkur fleiri af lagaboðum þeim, sem út komu árin 1857 og 1858, væru þess efnis, að við ætti að löggilda þau á Íslandi óbreytt, eður með nokkrum breytingum; en um lagaboð þau, sem að ofan eru nefnd, var þess sèrstaklega getið, að þó tilskipun 30. maím. 1828, sem lagaboð það, er tilgreint er við 2. tölulið, hefir gjört breytingar á, ekki að öllu leyti hafi verið löggilt á Íslandi, þótti eigi að síður rèttast að leiða athygli alþingis að lögum þessum, með því þau taka af hina kirkjulegu skyldu til að láta skíra börn sín; en þessi skylda á sèr einnig stað á Íslandi eptir lögum þeim, er þar gilda; um lagaboð það, sem tilgreint er við 5. tölulið, var tekið fram, að það bæri að íhuga, hvort ekki væri ástæða til, ef það yrði löggilt á Íslandi, að breyta því á sama hátt og gjört var þá, er það var lögleitt á Færeyjum með lögum 6. nóvemberm. 1858; og að síðustu var þess getið um lagaboð það, sem til er greint við 6. tölulið, að einungis gæti orðið umtal um, að lögleiða ákvörðunina í 2. grein, með því ákvörðun sú sem er í 1. gr., um að konur skuli erfa jafnt karlmönnum, þá er afkvæmi tekur arf, þegar er lög á Íslandi, eptir því sem fyrir er mælt í tilskipun 25. septemberm. 1850.

Alþingi ræddi mál þetta á lögskipaðan hátt, og er þess getið í þegnlegu álitsskjali þess um málið, að þingið eindregið hafi verið á því, að ekki gæti orðið umtal um að lögleiða á Íslandi önnur lagaboð en þau, sem að ofan eru til greind, hvort heldur breytt eður óbreytt, en á hinn bóginn væru ýms af lagaboðum þessum, sem þingið yrði að ráða frá að lögleidd væru á Íslandi.

Í þessum síðasta flokki eru fyrst, eptir álitsskjali alþingis, lög 4. marzm. 1857 um breyting á tilskipun um skírnina 30. maím. 1828 (2. tölul.) og lög 30. nóvemberm. 1857, er nema úr lögum nauðsyn skírnarinnar, sem skilyrði fyrir erfðarètti (3. tölul.). Um þessi tvö lagaboð er þess getið, að það sè algjörlega gagnstætt hugsunarhætti almennings á Íslandi,

1861. 4. janúar. að láta barnaskírn dragast lengur, en kringumstæðurnar ítrast leyfa í hvert skipti, auk heldur að sleppa henni algjörlega; þingið þóttist því geta fullyrt, að lagaboð þessi, þó lögleidd yrðu á Íslandi, vissulega ekki mundu geta komizt inn í meðvitund alþýðu, og yrðu þannig að verða þýðingarlans.

Ekki þótti þinginu heldur ástæða til, að mæla fram með löggildingu laganna frá 29. desemberm. 1857, um breytingu á tilskipun 21. maím. 1845 (6. tölul.), smbr. tilsk. 25. septemberm. 1850, 22. gr., og er það í því efni tekið fram, að rèttur sá, sem þegar í Jónsbók er heimilaður þeim, er á arfgengt afkvæmi, til að gefa fjórðung af búi sínu eptir sinn dag, sè orðinn þjóðinni svo innrættur, og hún uni honum svo vel, að yfirgnæfandi ástæður virtust vera, að láta allt standa við sama og nú er í lögum um það efni.

Einnig virtist þinginu eiga að ráða frá því, að lög 29. desemberm. 1857 um heimildarlausa prentun bóka, og s. frv. (9. tölul.), og lög 30. desemberm. 1858 um þrotabú (10. tölul.), yrðu lögleidd á Íslandi, bæði sökum þess, að í lagaboðum þessum sèu margar ákvarðanir, sem ekki eigi við þar á landi, og svo vegna þess, að þær ákvarðanir, sem nú eru í lögum, sèu að þingsins áliti nægilega tryggjandi fyrir þá, er hlut eiga að máli; þar við bætist og, að hinar strangari rèttargangsreglur um aðfarir í skuldamálum, persónuleg höpt, uppboð og annað þesskonar, nálega aldrei komi þar fyrir, eður sèu við hafðar, með því allt í þessu efni sè svo einfalt og óbrotið.

Til sömu niðurstöðu komst alþingi og um lög 29. desemberm. 1857, er breyta 10. atriði í 3. gr. í tilsk. 30. aprílm. 1824, viðvíkjandi embættisskyldu prestanna með tilliti til hjónabands (8. tölul.), og sèst ekki af álitsskjali þingsins, hvers vegna ekki þótti ráðlegt að lögleiða lagaboð þetta á Íslandi; en af umræðunum um málefni þetta á þinginu, og af bænarskrá þess um bann mót öreigagiptingum, er það auðráðið, að enginn efi er á, að ástæðan er sú, að alþingi hefir álitið, að fremur beri að takmarka en rífka rètt þeirra til að giptast, sem notið hafa styrks af sveit, og ekki hafa endurgoldið hann.

Aptur á móti mælti þingið fram með, að lög þau,

sem nefnd eru við 4. 5. og 7. tölulið, verði lögleidd á Íslandi með nokkrum breytingum, en það eru lög 30. nóvemberm. 1857 viðvíkjandi nákvæmari ákvörðunum um betrunarhúss vinnu, lög s. d. um innkallanir í búum og lög 29. desemberm. 1857 um myndugleika kvenna. 1861. 4. janúar.

Um lög 21. janúarm. 1857 (1. tölul.) um hegning fyrir illa meðferð á skepnum skal þess getið, að um það efni kom frá þinginu sèrstakleg bænarskrá.

Í þegnlegri skýrslu, er dómsmálastjórnin lagði fyrir konung um álitsskjal alþingis, er þess meðal annars getið um lög 30. nóvemberm. 1857, er nema úr lögum að skírn sè nauðsynleg, sem skilyrði fyrir erfðarètti, og um lög 29. desemberm. s. á., er breyta 10. atriði í 3. gr. í tilskipun 30. aprílm. 1824 viðvíkjandi embættisskyldu prestanna með tilliti til hjónabands, að ástæður þær, er þingið tók fram móti því, að lagaboð þessi væru gjörð að lögum á Íslandi, yrðu reyndar ekki álitnar nægar, en samt sem áður þótti ekki full ástæða til að leggja lög þessi fyrir alþingi á ný, með því þingið svo eindregið hafði farið því fram, að ekki bæri að löggilda þau, og þetta þótti vera órækur vottur þess, að almenningur ekki fyndi með sèr þörf á þessum rèttarbótum.

Um þau þrjú lagaboð, er alþingi mælti með að lögleidd yrðu á Íslandi, voru gjörðar þessar athugasemdir:

Um 4. lagaboðið: Lög 30. nóvemberm. 1857 viðvíkjandi nákvæmari ákvörðunum um betrunarhúss vinnu. Þingið hafði með 23 atkvæðum móti 1 atkvæði stungið upp á því, að lagaboð þetta yrði lögleitt á Íslandi; en með því sakamálalög Íslands meðal annars eru frábrugðin sakamálalögum konungsríkisins í því, að tveggja ára hegningarvinna er á Íslandi afplánuð með vandarhaggarefsingu, og hegning fyrir betl og flakk ekki hin sama, þá stakk þingið upp á, að lagaboðinu væri breytt svo sem nú skal frá skýrt:

a. að felldur sè úr síðasti kaflinn í 1. gr.: „Undanskilin er þó hegning fyrir flakk og betl; skal fyrir slík brot fyrst um sinn dæmt og hegnt eptir lögum þeim, er hingaðtil hafa verið gildandi", og

1861. 4. janúar.

b. að fyrsti kafli í 2. grein sè orðaður þannig: „Þeir afbrotamenn karlkyns frá Íslandi, sem dæmdir verða til vinnu í betrunarhúsi, eiga og yfirhöfuð að tala að afplána þá hegning í einhýsi, og hafast þar við bæði nótt og dag með þeirri linun í hegningartímanum, að hann færist niður um þriðjung fyrir 3 fyrstu árin, og um helming fyrir hvert af árunum, sem þar er framyfir".

Dómsmálastjórninni þótti það varla nokkrum efa undirorpið, að lög þessi bæri að lögleiða á Íslandi, vegna þess sakamálalög konungsríkisins og Íslands eru hvor öðrum svo samkvæm; en þegar svo er, virtist ekki eiga að nema staðar við þær breytingar, er alþingi stakk upp á; því þareð engin betrunarhús eru á Íslandi, og íslenzkir afbrotamenn verða að þola hegning þá, er þeim ber, í húsum þeim er hèr eru til slíks höfð, þá leiðir það beint af þessu, að ekki ætti vel við að lögleiða á Íslandi ákvarðanirnar í 2. og 3. grein laga þessara, með því þær gætu ekki þar haft neina þýðing. Það voru því þegnlegar tillögur stjórnarinnar, að einungis 1. grein laganna skyldi verða löggilt á Íslandi, með þeirri breyting, er alþingi stakk upp á.

Um 5. lagaboðið: Lög 30. nóvembermánaðar 1857 um innkallanir í búum. Til þess að gjöra lagaboð þetta hagfelt fyrir Ísland, eptir því sem þar hagar til og samboðið þörfum landsins, stakk alþingi upp á því í einu hljóði, að lagaboðinu yrði breytt á þann hátt, er nú skal greint, þegar það yrði löggilt á Íslandi:

a. að fyrri kafli 1. greinar sè orðaður þannig:
„Eptirleiðis skal bæði í dánarbúum, uppboðsbúum, þrotabúum og öðrum búum, sem proclama er gefið út í til skuldaheimtumanna, gefa það út með 6 mánaða fyrirvara, þegar svo stendur á, að hlutaðeigandi ekki getur álitizt að hafa átt í skuldaskiptum annarstaðar en á Íslandi, en ellegar með 12 mánaða fyrirvara".

b. að úr síðari kafla 1. greinar sèu felld orðin: „í Evrópu eða" og orðin „eða á Færeyjum".

c. að 2. grein sè orðuð þannig: 1861.
„Þær innkallanir, sem samkvæmt 1. grein geta farið 4. janúar.
fram með 6 mánaða fresti, á að birta í dagblöðum, sem koma út hèr á landi og stjórnin á kveður. Þar á móti eiga þær innkallanir, sem gjöra skal með 12 mánaða fyrirvara, auk þess að þær á að birta á fyrnefndan hátt, jafnframt að auglýsast í Berlinga „„politiske og Avertissements"" - tíðindum. Frestinn á að telja frá seinasta birtingardegi".

d. að allur síðari kafli 3. greinar sè úr felldur nema sjálft niðurlag hans þannig breytt:
„Norsku laga 5—13—27 er hèr með, að því er Ísland snertir, úr lögum numinn".

e. að 6. grein sè orðuð þannig:
„Þetta lagaboð fær lagagildi 1. júlí 1860".

Samkvæmt bending dómsmálastjórnarinnar, svo sem áður er sagt, hafði alþingi fyrir sèr við breytingar þessar lög 6. nóvembermánaðar 1858, er lögleiða á Færeyjum lögin frá 30. nóvemberm. 1857 um innkallanir í búum, og eru uppástungur alþingis, að fáeinum nauðsynlegum breytingum undanskildum, nálega öldungis samhljóða lögunum frá 6. nóvemberm. 1858. Í einu atriði er þó verulegur munur á uppástungu alþingis og færeysku lögunum; því alþingi hefir stungið upp á, að skuldaheimtumönnum sè veittur 6 mánaða og 12 mánaða frestur, eptir því hvort svo má ætla, eptir því sem ástatt er, að hlutaðeigandi hafi átt í skuldaskiptum einungis á Íslandi, eður einnig annarstaðar en á Íslandi. Reyndar er frestur þessi helmingi lengri en sá, sem ákveðinn er í lögum 30. nóvemberm. 1857, smbr. lög fyrir Færeyjar 6. nóvemberm. 1858, og reyndar kemur fram sú ósamkvæmni, ef farið er eptir uppástungum alþingis, að sè búinu skipt í Danmörku fá skuldaheimtumenn á Íslandi aðeins 6 mánaða frest, en sè búinu þar á móti skipt á Íslandi, þá fá skuldaheimtumenn þeir, sem hèr eru, 12 mánaða frest. Samt sem áður voru, að stjórnarinnar áliti, varla nægar ástæður til að breyta útaf uppástungum alþingis, er það hafði fallizt á í einu hljóði, og það því síður, sem það ef til vill er hægra

1861. 4. janúar. fyrir skuldaheimtumenn á Íslandi að fá vitneskju um innkallanir í búum, þegar skiptin fara hèr fram, og láta síðan umboðmenn sína bera upp skuldakröfur sínar, en fyrir þá skuldaheimtumenn, sem búa annarstaðar en á Íslandi, að fá skuldakröfur sínar bornar upp í tæka tíð í búum, sem skipt er í enum fjarlægari hèruðum á Íslandi. Það voru því þegnlegar tillögur dómsmálastjórnarinnar, að lög þessi yrðu löggilt á Íslandi með þeim breytingum, er alþingi stakk upp á; að eins yrði að breyta tíma þeim, er alþingi stakk upp á, að lagaboðið skyldi fá lagagildi; einnig þótti þurfa að gjöra dálitla orðabreyting í 2. grein, einsog hún var orðuð eptir uppástungu alþingis.

Um 7. lagaboðið: Lög 29. desembermánaðar 1857 um myndugleika kvenna. Alþingi bað í einu hljóði um, að lagaboð þetta yrði löggilt á Íslandi, þó skyldi bæta við það ákvörðun, er ætti að miða til að gjöra það samkvæmt reglum þeim, er gilda um ekkjur. Þingið stakk upp á, að í upphafi 1. greinar sè sett: „frá 1. júlí 1860" í staðinn fyrir 1. mai 1858, og að aptan við greinina sè bætt þessum orðum:

„En hafi þó í vandamálum valinkunnan mann sèr til ráðaneytis, eins og á sèr stað með ekkjur".

En stjórninni virtist ekki vera ástæða til að mæla með, að þessi síðasta uppástunga alþingis yrði tekin til greina, ekki einungis þess vegna, að í viðbætisákvörðun þessari er gjört ráð fyrir, að ekkjur sèu skyldar að hafa lögverja, en sú skoðun er fyrir löngu fallin úr gildi bæði í vísindalegri útlistun laganna og þegar þau eru heimfærð í daglegu lífi, heldur einnig þess vegna, að það virðist rèttara, ef það þætti svo æskilegt að koma lögum þessum í samhljóðan við reglur þær, sem gilda um ekkjur, þá að veita ekkjum sama myndugleika og lög þessi veita stúlkum, er hafa náð 25 ára aldri, en að svipta þær nokkru af myndugleika þeim, er lögin veita þeim. Það voru því þegnlegar tillögur dómsmálastjórnarinnar, að lagaboð það, sem hèr er um rætt, yrði löggilt á Íslandi óumbreytt; að eins skyldi setja annan tíma, þá er það ætti að öðlast lagagildi.

Í álitsskjali sínu um málefni þetta fór alþingi einnig fram á, að breytt væri þeirri aðferð, sem hingaðtil hefir verið við

höfð um löggildingu danskra lagaboða á Íslandi. Það sem þinginu í þessu efni þótti miður hagfelt, og virtist ekki eiga vel við, þegar málið væri skoðað frá formlegri hlið, er það, að öll þau almenn lög, sem síðustu tvö árin hafa út komið fyrir konungsríkið Danmörku, eru í einu lagi lögð fyrir alþingi, til þess það segi um þau álit sitt, að lög þessi eru lögð fyrir þingið á frummálinu, sem er danska, og að nefnd sú, sem síðan er kosin til að íhuga málið annast um, eptir tilmælum konungsfulltrúa, að lagaboðum þeim, sem umtal virðist geta orðið um að löggilt verði á Íslandi, sè snúið á íslenzka tungu, og eru þau síðan á þessu máli lögð fyrir þingið undir eins og nefndarálitið. Auk þess að aðferð þessi, eptir því, sem tekið var fram á þinginu, gjörir umræðurnar um málið torveldari, leiðir hún og til þess, að einungis ein nefnd fær til meðferðar málið um löggilding danskra lagaboða, án þess haft verði tillit til hins margbreytta efnis lagaboðanna, og þessi atvik og það, að hin íslenzka þýðing ekki ætíð er nákvæm, hlýtur að þingsins áliti að spilla meðferð málsins. Þingið fór því í einu hljóði fram á, að það verði gjört að reglu framvegis, að hvert það almennt lagaboð, sem álitið er hagfelt, að lögleitt verði á Íslandi, verði hèðanaf lagt fyrir alþingi á íslenzku, sem frumvarp og hvert sèr í lagi, með þeim breytingum sem þættu nauðsynlegar. 1861. 4. janúar.

Það mætti nú að sönnu með rökum hafa það á móti því, sem um þetta efni hefir verið tekið fram á þinginu, að þó lagaboðin sèu lögð fyrir þingið í einu lagi, þá er það innan handar þinginu að ræða hvert það lagaboð, sem komið getur til umtals að löggilda á Íslandi, sem eitt mál útaf fyrir sig; það er og líklegt, að sú þýðing lagaboðanna, sem konungsfulltrúi lætur gjöra, ætíð sè svo vönduð, sem þörf er á til þess þingið geti íhugað hvort löggilda eigi lagaboðin á Íslandi; svo ber og þess að gæta, að mikill munur er á, hvort almenn dönsk lagaboð eru borin undir álit þingsins, eður lögð eru fyrir þingið sèrstakleg íslenzk frumvörp; því í fyrra tilfellinu er einungis spurning um, hvort það eður það lagaboð, sem þegar er komið út í konungsríkinu Danmörku, beri að lögleiða á Íslandi óbreytt

1861. 4. janúar.

eður með breytingum, án þess texti laganna að öðru leyti þurfi að sæta nokkrum breytingum; en samt sem áður þótti dómsmálastjórninni ekki eiga að ráða frá því, að fallizt væri á þessa uppástungu alþingis, með því það og má ætla að það greiði fyrir meðferð málsins á alþingi, og geti stutt að því, ef til vill, að það verði grandgæfilegar íhugað, ef stjórnin, í stað þess að hafa við þá aðferð, sem hingaðtil hefir tíðkazt, semur sérstök frumvörp um að löggilda á Íslandi með þeim breytingum, er þurfa þykir, þau af almennum lögum, er út hafa komið í konungsríkinu Danmörku, sem virðast vera þess efnis, að þau beri að lögleiða á Íslandi.

Annars á, að áliti dómsmálastjórnarinnar, eptir sem áður, þó þetta komist á, að senda konungsfulltrúa öll önnur lagaboð sem út hafa komið, svo að alþingi fyrir tilhlutun hans gefist færi á að íhuga, hvort það kynni að æskja, að nokkur fleiri lagaboð en þau, er stjórnin hefði lagt fyrir þingið, yrðu lögleidd á Íslandi.

Mál þetta var síðan flutt fyrir konungi á ráðgjafafundi 4. janúarm. 1861, og fèllst þá hans hátign allramildilegast á þessa uppástungu dómsmálastjórnarinnar:

> „að eptir þetta skuli öll þau almenn lög, sem virðist eiga að lögleiða á Íslandi, lögð fyrir alþingi sem lagafrumvörp á danskri og íslenzkri tungu, hvert lagaboð út af fyrir sig, með þeim breytingum sem þurfa þykir".

Einnig fèllst hans hátign á, að þau þrjú lagaboð, sem að ofan er getið (4. 5. og 7. lagaboðið) yrðu löggilt á Íslandi, og komu samkvæmt því út þau 3 opnu brèf, sem prentuð eru hèr á undan[1].

---

1) Smbr. Alþ. t. 1859. 411.—437., 616.—635., 1556.—1561. bls. og viðbæti A. 56.—60. bls.

1861.
11. janúar.

4. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um afhending umboðsjarða.

Þèr hafið, herra amtmaður í brèfi 2. júlím., er síðast leið, samkvæmt tilmælum dómsmálastjórnarinnar í brèfi 25. nóvembermánaðar 1857, skýrt frá, hverjar ráðstafanir þèr hafið gjört til þess, að hinar konunglegu umboðsjarðir í Stranda sýslu yrðu af hálfu dánarbús Vigfúsar Thorarensens sýslumanns, afhentar Jóhannesi sýslumanni Guðmundsyni.

Af brèfi yðar, og skýrslu þeirri er því fylgdi um ásigkomulag jarðanna sèst, að ekki hefir framfarið nein almenn skoðunargjörð á umboðsjörðunum eður úttektargjörð við hin síðustu umboðsmanna skipti, og alls ekki síðan árið 1828, þá er Johnsen kammerráð tók við umboðinu; en með því jarðirnar eru sæmilega vel setnar, ábúendurnir yfir höfuð fullveðja og þeir í byggingarbrèfunum eru skyldaðir til, þegar þeir hætti ábúðinni, að skila jörðinni annaðhvort í álagsfríu standi eða með nægu ofanálagi, og með því þess er nákvæmlega gætt, í hvert sinn, er ábúandaskipti verða, að skoðunar- og úttektargjörð sè haldin yfir hverja jörð, þá hafið þèr látið það í ljósi, að það sè hvorki nauðsynlegt til þess að tryggja rèttindi ríkissjóðsins, eður hagfellt nú sem stendur, að láta fram fara reglulega skoðunar- og úttektargjörð á jörðunum; þar á móti heitið þèr því, að ef dómsmálastjórnin æski þess, skulið þèr framvegis annast um, að slík skoðunar- og úttektargjörð fari fram í hvert skipti, sem umboðsjarðirnar verði afhentar nýjum umboðsmanni.

Í þessu efni lætur dómsmálastjórnin yður vita, yður til leiðbeiníngar, að eptir þeim skýrslum um málið, sem fram eru komnar, þykir ekki ástæða til að fyrir skipa, að nú skuli fram fara regluleg skoðunargjörð á jörðunum, eptir að þegar eru liðin 5 ár frá dauða Vigfúsar Thorarensens, er hafði umboðið á hendi, og að ekki þykir heldur vert, einkum vegna kostnaðar þess sem af því leiðir, að ákveða það sem reglu er eigi megi út af bregða, að í hvert skipti, er nýr umboðsmaður tekur við umboðinu, skuli slík skoðunargjörð framfara; en til þess að hafa yfirlit yfir ásigkomulag jarðanna svo sem með þarf, virðist

1861. 11. janúar. vera hagkvæmt, að amtmaður við sérhver umboðsmanna skipti láti senda sér nákvæma skýrslu um ásigkomulag jarðanna, um það hvort ábúendur séu fullveðja, og um annað það, sem athugavert er, og ef skýrsla þessi vekur grun um, að sá er lætur af hendi umboðið hafi verið svo hirðulaus, að honum verði gefin sök á, eða ef sá, er tekur við umboðinu æskir þess til tryggingar fyrir sjálfan sig, þá á að hlutast til um, að regluleg skoðunargjörð fram fari; svo á og ætíð að senda stjórninni skýrslu um ásigkomulag umboðsjarðanna.

---

22. janúar. **5. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um endurreisn fallinna ásauðarkúgilda á lènskirknajörðum.**

Það er yður kunnugt herra stipamtmaður, og yður háæruverðugi herra, að hið síðasta alþingi hefir í þegnlegri bænarskrá til konungs farið þess á leit, að nokkur styrkur verði veittur úr ríkissjóðnum, þegar fjárkláðinn er um garð genginn, til að koma upp aptur ærkúgildum á lènskirkjujörðunum á Íslandi, þegar stiptsyfirvöldin mætti állíta eptir hinum innkomnu skýrslum, annaðhvort að kúgildin væru fallin, án þess landsetanum eða prestinum væri um að kenna, eða þó þetta hafi ekki átt sèr stað, ef hvorki presturinn nè leiguliðinn hafa efni til að setja kúgildin inn aptur.

Þó það sè vitaskuld, að ekki verði gjört út um málefni þetta fyr en nægar skýrslur eru fengnar um, hversu mörg kúgildi hafi farizt, og um önnur atvik, er að því lúta, hvernig slíkt hafi til borið, þá þykir samt sem áður við eiga, eptir því sem málinu er komið, að fara nú þegar um það nokkrum orðum:

Eins og það eptir eðli málsins hlýtur að vera ríkissjóðnum óviðkomandi að koma upp aptur, svo sem farið er fram á í bænarskrá alþíngis, ásauðarkúgildunum á lènskirknajörðum, þannig verður eigi heldur, eins og alþingi hefir gjört, þessu til styrkingar með nokkrum rökum skýrskotað til þess, að hið opin-

bera hafi veitt áþekkan styrk eptir hina fyrri fjárpestina; því endurgjald það, sem um er rætt í konungsbrèfi 29. marzm. 1779 var að eins veitt leiguliðum á konungsjörðum, og einungis með þeim skilmála, að kúgildin í raun og veru hefði farizt af sýkinni; þar á móti var ekkert endurgjald látið í tè fyrir þær skepnur, sem skornar höfðu verið, og það þrátt fyrir það, þó stjórnin þá hèldi fram niðurskurði sem einu úrræðunum gegn sýkinni; smbr. tilskipun 12. maím. 1772. En tjón það, sem nú hefir orðið, hefir að mestu leyti hlotnazt af niðurskurði, er landsmenn hafa sumpart framið af sjálfsdáðum, og sumpart þrátt ofan í kröptuglegar bendingar stjórnarinnar hvað eptir annað um, að menn skyldu fara öðruvísi að ráði sínu; er það ljóst af þessu, að öldungis ekki á við að bera þetta tilfelli saman við hið fyrra, eins og gjört hefir verið. Eptir því sem málefni þessu nú er varið, virðist stjórnarráðinu ekki verða tekið í mál að láta prestum þeim, er hlut eiga að máli, eður leiguliðum aðra hjálp í tè til að koma upp aptur kúgildunum, en þá, sem vikið er á í brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 13. júlím. 1859, að þeim í þessu efni sè veittur hæfilegur frestur eptir málavöxtum; þó virðis sanngjarnt að brauðið, jafnvel þó ekki verði álitið að til þess sè lagaskylda, styrki nokkuð til viðreisnar kúgildanna, þar sem slíkur styrkur yrði greiddur af eptirstöðvum af tekjum kirkjunnar, og það að öðru leyti þykir ráðlegt, eptir því sem ástatt er.

1861. 22. janúar.

Stjórnarráðið tekur það því fram til leiðbeiningar í máli þessu, að ekki þarf að búast við að veittur verði neinn styrkur úr ríkissjóðnum til endurreisnar kúgildanna, en að þar á móti, þar sem kringumstæðurnar mæla fram með því, má veita frest með að koma upp kúgildunum aptur þannig, að það sè gjört smátt og smátt, í nokkur ár, og að stjórnarráðið ekki er því mótfallið, að veittur sè nokkur styrkur til að kaupa kúgildi af tekju-eptirstöðvum kirknanna, þar sem slíkt gjald verður af þeim tekið og kringumstæðurnar annars mæla með því.

Að svo mæltu eruð þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, beðnir að útvega skýrslur þær, sem að ofan er getið um málefni þetta, og þvínæst að láta í ljósi við stjórn-

1860. 22. janúar. ina álit yðar og uppástungur um, hvernig því verði skipað svo bezt megi fara.

---

13. febrúar. **6. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um prestsmötu af Langholts kirkju.**

Í brèfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 15. októbermán. f. á., hefir dómsmálastjórnin fengið skýrslur viðvíkjandi bænarskrá Jóns Bjarnasonar, prests til Langholts kirkju, um að hann, meðan hann er í embættinu, megi halda áfram að fá prestsmötu þá, er honum ber af kúgildum kirkju þessarar, borgaða með 160 álnum, er hún um mörg ár að undanförnu hafi verið greidd prestum þar með þessari upphæð, í stað þess að hún sè greidd með 8 ríkisdölum á ári samkvæmt rentukammersbrèfi 21. maím. 1831.

Í þessu efni sè yður það tilkynnt, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þèr gjörið þær ráðstafanir, er með þarf, að þareð ekki var hafður neinn fyrirvari um það, hvernig reikna skyldi prestsmötuna, þá er Jóni presti Bjarnasyni var veitt brauðið, má hann um sína embættistíð fá hana borgaða með 160 álnum smjörs í skileyri, eður eptir því verði, sem sett er á vörutegund þessa í verðlagsskránni; þar á móti fellst stjórnin á að prestsmatan, frá því að næsta sinn verða prestaskipti í brauðinu, sè samkvæmt uppástungum yðar goldin af 11 kúgildum með 110 álnum.

---

13. febrúar. **7. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmanusins yfir Íslandi, um kostnað til næturvarða í Reykjavíkur bæ.**

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, senduð stjórninni álitsskjal bæjarfulltrúanna og bæjarfógetans í Reykjavík um næturvörð þar í bænum, hafið þèr í brèfi 2. nóvemberm. f. á. stungið upp á, að það verði leyft bæjarstjórninni að verja allt að 200

ríkisdölum á ári úr bæjarsjóði til að koma skipulagi á málefni þetta, auk þess sem nú sem stendur er til þess varið. 1861. 13. febrúar.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar, að af hálfu dómsmálastjórnarinnar er ekkert því til fyrirstöðu, að fyrst um sinn í 2 ár verði varið allt að 200 ríkisdölum á ári úr bæjarsjóði Reykjavíkur í þeim tilgangi, sem áður er getið. En þegar búið er að koma skipulagi á málið vonast stjórnin eptir að fá um það nákvæmari skýrslu.

---

8. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um lækni í Ísafjarðar sýslu. 13. febrúar.

Í bænarskrá, er hingað barst með brèfi yðar, herra amtmaður, 25. okóberm. f. á., hafa 37 menn í Ísafjarða rsýslu farið þess á leit, að hið allra bráðasta verði skipaður duglegur læknir í nyrðra læknisumdæmið í Vestfirðingafjórðungi, er laust hefir verið síðan Clausen hèraðslæknir dó árið 1858; hafa beiðendur meðal annars kveðið svo að orði, að hálft þriðja ár, sem embættið hafi verið laust, megi álíta nægan tíma fyrir stjórnina til að útvega í það lækni.

Í þessu efni eruð þèr beðnir að tilkynna beiðendunum, að þar sem svo sýnist, að með orðum þeim, sem nú var getið, sè bent til þess, að stjórnin hafi verið hirðulaus um að fá í embættið mann, er til þess væri hæfur, þá er slíkt með öllu ástæðulaust; því undir eins og búið var að veita Clausen hèraðslækni lausn frá embættinu, og áður en fregnin barst hingað um lát hans, var það auglýst, að embættið væri laust, en með því enginn sótti um það leitaði dómsmálastjórnin hvað eptir annað til hins konunglega læknaráðs, og bað um aðstoð þess til að útvega hèraðinu læknishjálp. Læknaráðið hefir og gjört það sem í þess valdi stóð til að fá menn, er tekið hafa próf í læknisfræði, til að taka að sèr embætti þetta, og einkum hefir það nýlega farið þess á leit við mann einn, er það hèlt kynni að vera til-

1861. 13. febrúar. leiðanlegur til þess; en allar tilraunir læknaráðsins hafa verið árangurslausar.

Með því nú þessu er þannig varið, getur dómsmálastjórnin því miður ekki gjört meira til þess að fá lækni í embættið, er hún ekki treystist til að útvega þeim manni, er í það yrði skipaður, önnur kjör en hinum hèraðslæknunum á Íslandi; en það er vitaskuld, að stjórnin mun láta sèr annt um að fá duglegan lækni í embættið, svo fljótt, sem það verður unnt, eptir því sem ástatt er.

---

26. febrúar. **9. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrktarfè prestaekkna.**

Þeir 300 ríkisdalir, er samkvæmt brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 17. aprílm. f. á. eru taldir meðal útgjalda Íslands í fjárhagslögunum fyrir árið $18\frac{60}{61}$, og sem eptir konungsúrskurði 13. maím. 1785 hafa verið hafðir til styrktar prestaekkjum og börnum þeirra á Íslandi, og stiptsyfirvöldin úthluta þeim, eru nú í fjárhagslögunum fyrir árið $18\frac{61}{62}$, er út komu 19. þ. m., hækkaðir til 400 ríkisdala.

Þetta sè yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar.

---

26. febrúar. **10. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um lán til kirkjubyggingar á Eyri í Ísafjarðar sýslu.**

Eptir uppástungu kirkju- og kennslustjórnarinnar við ríkisþingið, eru í fjárhagslögunum fyrir árið $18\frac{61}{62}$, er út komu 19. þ. m., veittir 1800 ríkisdalir til að fullbyggja nýja kirkju á Eyri í Ísafjarðar sýslu í vesturumdæmi Íslands; er fè þetta veitt sem lán, er á að hvíla á brauðinu, og ber að greiða af því 6 af hundraði á ári í 28 ár í röð í vöxtu og borgun innstæðunnar. Þetta sè yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður og yður háæruverðugi herra, sjálfum yður til leiðbein-

ingar og til þess þèr auglýsið það, og vonast stjórnin eptir, að þèr sjáið um að borgun innstæðunnar og vextir af láninu, svo sem áskilið er, verði skilvíslega greitt og borgað í jarðabókarsjóð Íslands. 1861. 26. febrúar.

---

11. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stjórnenda hins íslenzka biblíufèlags, um styrk til að gefa út nýja testamentið. 26. febrúar.

Eptir bænarskrá, dagsettri 11. júlím. f. á., er hingað barst frá stjórnendum hins íslenzka biblíufèlags, eru í fjárhagslögunum fyrir árið $18\frac{61}{62}$, sem útkomu 19. þ. m., fèlagi þessu veittir 200 ríkisdalir, sem sèrstaklegur styrkur fyrir eitt ár, til að koma út eptir fyrirætlun fèlagsins nýju upplagi af nýja testamentinu á íslenzku.

Þetta sè yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar.

---

12. Brèf hinnar íslenzku stjórnardeildar til stiptamtmannsins á Íslandi, um fjárhagslögin fyrir árið 1861—62. 27. febrúar.

Með brèfi þessu er yður, herra stiptamtmaður, sent eitt exemplar af fjárhagslögunum fyrir árið $18\frac{61}{62}$, er út komu 19. þ. m., ásamt athugasemdum við frumvarp til laga þessara og eptirriti af fylgiskjali, er til þess heyrir, að svo miklu leyti það snertir Ísland.

Um þetta efni skal nú yfirhöfuð að tala skýrskotað til þess, sem þegar eins stóð á var tekið fram í brèfi stjórnarinnar 15. aprílm. 1851, þannig:

að öll laun og hlunnindi embættismanna og embættisþjóna, sem tilgreind eru í fjárhagslögum hvers árs, skal borga hlutaðeigendum afdráttarlaust, eptir þeirri upphæð, sem til er tekin fyrir hvern þeirra, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í opnu brèfi 31. maím. 1855, 1. gr., án þess nokkra sèrstaklega

1861. 27. febrúar. skipun þurfi að gjöra um borgunina, og án þess tekið sè til greina, hvort launin í fjárhagslögunum eru sett hærri eða lægri en áður hefir verið;

að þegar embættismenn á Íslandi vilja fá laun sín borguð úr ríkisfèhirzlunni, verður að eins sá hluti launanna ávísaður, sem í hvert skipti er kominn í gjalddaga, eptir því sem áður er sagt, þá er embættismaðurinn æskir borgunarinnar. Landfógeti verður og ávallt að rita á launaávísanir þessar, að hann hafi sèð þær og bókað.

Þèr eruð, herra stiptamtmaður, beðinn að láta hlutaðeigendur vita það, sem þeir þurfa í þessu efni; hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið skrifað um þetta mál og einnig hinum amtmönnunum á Íslandi, að því leyti snertir þá sjálfa og embættismenn þá, er búa í umdæmum þeirra.

Um 1000 ríkisdala rentulaust lán, sem í fjáraukalögunum 31. marzm. 1860 var veitt ýmsum sveitum í suðurumdæminu vegna hallæris, er menn báru kvíðboga fyrir, skal að endingu leiða athygli yðar að því, sem tekið er fram í athugasemdunum við frumvarpið til fjárhagslaganna, við 4. gr. A, 4, en eptir því sem þar segir er veitt umlíðun um borgunina þangað til árið 1861, og á úr því að borga fimmtung af láninu á ári.

---

15. marz. **13. Tilskipun um vegina á Íslandi.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um vegina á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Vegum skal skipt í þjóðvegi og aukavegi.

2. gr.

Þá vegi skal álíta þjóðvegi, sem innbúar eins eða fleiri hèraða fara jafnaðarlega, er þeir ætla í kaupstað, fiskiver eða á

annan stað, þar sem menn almennt koma saman. Sem þjóðvegi ber einnig að álíta þá vegi, er menn almennt fara milli tveggja sýslna, þótt eigi sè miklar samgöngur milli þeirra, og eins hina almennu póstvegi. 1861. 15. marz.

3. gr.

Hreppstjórar stinga upp á, hverja vegi skuli álíta sem þjóðvegi og hverja sem aukavegi í hreppnum; skulu sýslumenn því næst bera upp við hlutaðeigandi amtmann uppástúngu um það, hverja vegi skuli álíta sem þjóðvegi í sýslum þeim, sem þeim er trúað fyrir, og hverja sem aukavegi, og hafa þeir reglur þær, sem settar eru í 2. gr., fyrir sèr í þessu; leggur amtmaður síðan úrskurð á málið og birtir auglýsingu um það til eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.

4. gr.

Að fengnum uppástungum hreppstjóranna skal sýslumaður á ári hverju innan loka janúarmánaðar senda amtmanni nákvæma uppástúngu um þau verk, er vinna skal hið næsta sumar við þjóðvegi þá, er liggja um sýsluna; skal þeirri uppástungu fylgja skýrsla um, hvernig verkinu skuli haga og hvernig það verði framkvæmt, samkvæmt 5. gr., og enn fremur áætlun yfir kostnað þann, er hann hyggur að til þess þurfi; skal amtmaður eptir þessu ákveða, að hve miklu leyti og með hverjum hætti verkið skuli vinna, og á hann að gefa sýslumanni það til vitundar í seinasta lagi innan loka aprílmánaðar.

5. gr.

Öll verk við þjóðvegi skal að svo miklu leyti, sem unnt er, framkvæma þannig, að það sè sett til uppboðs, hver vilji takast verkið á hendur fyrir minnst kaup. Einungis þegar yfirvaldinu þykir það óráðlegt að láta bjóða verkið upp, eða þegar aðgengilegt boð fæst ekki, á sýslumaður að gjöra samning um verkið á þann hátt, ef því verður við komið, að viss borgun sè ákveðin fyrir nákvæmlega tiltekinn vegarpart, en fáist það ekki með aðgengilegum skilmálum, þá skal láta vinna verkið fyrir ákveðin

1861. 15. marz. daglaun, og skal sýslumaður, þegar svo stendur á, til kveðja áreiðanlega umsjónarmenn til að hafa gætur á, að verkið verði óaðfinnanlega af hendi leyst.

6. gr.

Þjóðvegir skulu að öllum jafnaði halda hinni sömu stefnu, sem þeir hafa haft hingað til; en þegar sýslumanni þykir nauðsyn til bera, að á þessu sè gjörð nokkur breyting, eður nýr þjóðvegur sè gjörður, þá skal hann um þetta senda uppástungu til amtmanns, og ræður hann málinu til úrskurðar samkvæmt reglum þeim, er settar eru í þessari tilskipun.

7. gr.

Sérhver jarðeigandi er skyldur til, nema því að eins að svo standi á, sem sagt er í 8. gr., að láta af hendi uppbótarlaust land það, er þarf til að leggja þjóðveg um eða gjöra við hann, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun. Svo er hann einnig skyldur til að leyfa, að á hans landareign sè tekin þau tilföng, sem kann að þurfa til vegagjörðarinnar, og skal honum það ekki heldur að neinu bætt, nema tilföng hafi verið tekin honum í mein.

8. gr.

Nýja vegi má aldrei leggja gegnum tún eða umgirt graslendi, og að öllum jafnaði ekki heldur yfir engjar, nema yfirvaldinu virðist svo, að ekki verði hjá því komizt án skaða fyrir almennar samgöngur, og skal, þegar svo stendur á, greiða eigandanum, ef hann krefst þess, af vegabótagjaldinu sanngjarna þokkabót, sem óvilhallir menn, þeir er tilkvaddir sè af rèttinum á vanalegan hátt, ákveða fyrir það eptir skoðunargjörð, sem haldin sè undir umsjón sýslumanns.

9. gr.

Þjóðvegir skulu ætíð vera 5 danskar álnir á breidd að minnsta kosti; samt getur sýslumaður leyft undantekning frá þeirri reglu, þegar landslagi er svo varið, til að mynda þar

sem vegur liggur yfir fjöll eða hraun, að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess. 1861. 15. marz.

10. gr.

Þjóðvegi skal bæta með ruðningum, ef á þann hátt má fá fasta braut. Ef svo stórir steinar koma fyrir á vegi þeim, er ryðja skal, að þeim verður ekki komið úr brautinni, þá skal beggja megin þeirra gjöra mjórri brautir, er aptur ná saman í aðalgötunni. Lausagrjóti því, er liggur á veginum, skal snara svo langt úr vegi, að það geti ekki fallið í brautina aptur, nema svo sè, að steina þá megi hafa til að bera ofan í veginn.

11. gr.

Þar sem ekki verður fengin föst braut með ruðningum, skal leggja veginn hærra, ef jarðvegur er mjög laus; þyki yfirvaldi það nauðsynlegt, eptir því sem á þeim stað hagar til, skal grafa skurði jafnvel beggja megin vegarins, og skal einnig, ef þörf er á, gjöra ræsi þvert yfir veginn. Moldu þeirri, sem mokað er upp úr skurðunum og ræsunum, skal snara upp á veginn, og skal hafa hana sem undirlag til að fylla upp veginn, en annars skal fylla upp veginn á þann hátt, að hann verði í miðju að minnsta kosti hálfri danskri alin hærri en til hliðanna, og skal einnig bera ofan í veginn 5 eða 6 þumlunga þykkt lag af möl, þar sem hún er fáanleg í nánd. Yfir ræsa þá, er ganga þvert yfir veginn, skal gjöra brýr, annaðhvort úr steini eða trè, ellegar hvorutveggja saman, eptir því sem sýslumaður eða umsjónarmaður sá, er hann hefir til kvatt samkvæmt 5 gr., ákveður nákvæmar á hverjum einstökum stað.

12. gr.

Yfir mýrlendi skal jafnaðarlegast gjöra steinbrýr, en þegar yfirvaldi virðist að því verði ekki með nokkru móti við komið vegna landslagsins, þá má þar gjöra brýr úr torfhnausum; skulu torfbrýr þessar vera 1½ danskri alin hærri til hliðanna en grundvöllurinn, er þar að liggur, og í miðju svo háar, að vel falli útaf til beggja hliða. Að öðru leyti eiga steinbrýrnar og torf-

1861. 15. marz. brýrnar ætíð að vera að minnsta kosti $2\frac{1}{2}$ danskar álnir á breidd, og skal gjöra við þær skurði og ræsi, sem fyr er sagt.

13. gr.

Yfir litlar ár og læki skal, ef nauðsyn krefur og því verður við komið, gjöra steinbrýr eða trébrýr, og skulu brýr þessar vera að minnsta kosti $2\frac{1}{2}$ danskar álnir á breidd, og skal ætíð halda þeim svo við, að farið verði yfir þær með klyfjaða hesta.

14. gr.

Á öllum þeim fjallvegum, sem ferðamenn eru vanir að fara á vetrardag, skal hlaða vörður, og skal einnig gjöra sæluhús, þar sem yfirvaldi þykir þörf á. Eiga vörðurnar að vera, þegar því verður við komið, svo nálægt hver annari, að tvær að minnsta kosti sjáist í einu, þegar þoka er yfir; skal þar að auki á hverri vörðu vera gjörður stallur, eða annað merki, á þeirri hlið, sem snýr til norðurs, ferðamönnum til leiðbeiningar.

15. gr.

Þegar einhver hefir tekizt á hendur að láta gjöra vegabætur þær, sem að ofan eru nefndar, skal fyrst greiða borgun fyrir það, þegar það er sannað með lögmætri skoðunargjörð, er sýslumaður sendir amtmanni, að allt verkið sé óaðfinnanlega af hendi leyst; þó má amtmaður, ef sá er verkið lætur vinna krefst þess, og verkið er umfangsmikið, eptir að hann um það hefir meðtekið upplýsingar og uppástungu frá hlutaðeigandi sýslumanni, láta greiða manni þeim, sem verkið annast, nokkurn part af kaupinu smátt og smátt, eptir því sem verkinu skilar áleiðis.

16. gr.

Útgjöld til allra þjóðvega skal þannig greiða, að af hverjum hrepp í öllu landinu gjaldist svo mikið í peningum, sem nemur hálfu dagsverki eptir verðlagsskrá, fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, í hverri stöðu sem hann er, frá 20 ára að 60. Hreppstjórar skulu á ári hverju fyrir sumarmál (18—25. aprílm.), senda sýslumanni nafnaskrá yfir alla verkfæra menn í

hreppnum á þeim aldri, er nú var sagt, og skal sýslumaður eptir því ákveða, hve mikið tillag hver hreppur eigi að greiða. Gjald þetta skal tekið af sveitarsjóðnum og greitt sýslumanni á manntalsþingi, og leggur hreppstjóri, með 2—4 mönnum, er bændur sjálfir kjósa, gjaldið á hreppsbúa eptir sömu reglum og aukaútsvarið (til fátækra). 1861. 15. marz.

17. gr.

Sýslumenn skulu á ári hverju innan ársloka senda amtmanni reikning yfir vegabótagjald það, er þeir hafa heimt, og yfir bætur fyrir skemmdir á þjóðvegum, er samkvæmt 30. gr. í tilskipun þessari á að greiða sýslumanni.

18. gr.

Það skal framvegis vera skylda innbúanna í hverjum hrepp að gjöra vegabætur og halda við aukavegum þeim, er liggja um hreppinn, og sem nauðsynlegir eru til almennings þarfa, svo að vegir þessir ávallt sè í sæmilegu standi. Það, sem vinna þarf í þessum tilgangi, er skylduvinna, og skulu allir verkfærir karlmenn í hreppnum frá 20. til 60. árs, hvort sem þeir eru af bændastètt eða ekki, vera skyldir að leggja verk til, eptir því, sem á þá skiptist af hreppstjóra, að yfirveguðum efnum og ástandi. En ef hreppsbændur, eða meiri hluti þeirra, kynni heldur að æskja, annaðhvort að einhver takist á hendur vegabæturnar fyrir kaup, eða þá að menn sè leigðir til þess, en um það skal taka ákvörðun á hreppaskilaþingi á haustin, þá er þeim það heimilt, og skal þá hreppstjórinn jafna niður kostnaðinum á hina sömu menn, sem skyldir eru að vinna að vegabótum, eptir því sem áður er sagt, og að öðru leyti þannig, að húsbóndinn greiðir borgun fyrir þá verkfæra menn, sem eru í hans þjónustu.

19. gr.

Að því leyti, sem sèrlegur kostnaður kynni að standa af aukavegum, til að mynda til brúa, eða til að útvega þær tilfærur, sem ekki verða heimtaðar af þeim, sem skyldir eru að leggja til verk til vegagjörðar, sbr. 24. gr., eða púður til að

1861. 15. marz.

sprengja steina o. fl., þá skal greiða þann kostnað, er til þess þarf, úr sveitarsjóðnum og jafna honum niður samkvæmt reglu þeirri, sem sett er í niðurlagi 18. greinar, að svo mikln leyti, sem vegasjóður sá, sem nefndur er í 21. grein, hrökkur ekki til þessa kostnaðar.

20. gr.

Aukavegir eiga almennt að vera 3 álnir á breidd að minnsta kosti; þó má hreppstjóri leyfa, að brugðið sè út af þessu, þegar landslagi er svo háttað (sbr. 9. gr. að niðurlagi), að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess. Að öðru leyti skal í öllu því, er aukavegi snertir, hvort heldur þeir eru gjörðir að nýju eða endurbættir, og eins hvað skyldu eigandans viðvíkur til að láta af hendi land það og tilföng, sem þarf, farið eptir reglum þeim, er ákveðnar eru hèr að framan um þjóðvegi, að svo miklu leyti, sem þær geta átt hèr við.

21. gr.

Það skal vera hverjum þeim, er skylduverk á að vinna, heimilt að senda annan verkfæran mann í sinn stað. Vilji hann greiða borgun í peningum fyrir skylduverk það, sem hann á að vinna, þá skal það leyft, ef áður er um það gjört samkomulag við hlutaðeigandi hreppstjóra, sem þá skal leigja mann, er gengið geti í hins stað, fyrir fè það er hann hefir greitt. Bregðist nokkur undan að koma til verka þegar hann er til þess kvaddur, og hefir enga þá ráðstöfun gjört, sem áður er sagt, og hann getur ekki sannað lögmætt forfall, þá á hann fyrir það að gjalda í sekt 32 sk. r. m. og þar að auki greiða slíka borgun, sem hlutaðeigandi hreppstjóri álítur nægja til að leigja fyrir annan verkmann. Það er vitaskuld, að það, sem hèr segir, á við, hvenær sem verkskyldur maður bregzt undan, eins fyrir það, þó fleiri verkamenn eigi að koma frá einum bæ, og á húsbóndinn að greiða ofannefnda borgun og gjalda ákveðnar sektir fyrir hvern verkskyldan mann af börnum hans eða vinnufólki, er undan bregzt, en aptur á móti á hann rètt á að halda fènu inni í kaupi verkmanns, ef honum verður gefin sök á burtverunni.

Ofannefndar sektir skal greiða í vegasjóð, sem stofnsetja skal fyrir hreppinn, og skal hreppstjóri geyma hann, og tekjunum verja til vegabóta í hreppnum, eptir því sem sýslumaður nákvæmar ákveður. 1861. 15. marz.

Hefjist deila um það, hvort sá, er í stað annars gengur, sè verkfær, þá skal hreppstjóri þegar í stað leggja úrskurð á þrætuna með tveim tilkvöddum mönnum. Ef einhver sendir óverkfæran mann í sinn stað, skal álíta sem hann hafi ekki komið.

22. gr.

Hreppstjóri tiltekur, á hvaða dögum verkið skuli vinna, en það má þó ekki vera seinna en í júnímánuði, nema svo sèrstaklega sè ástatt á einhverjum stað, eða eitthvað annað beri til, að óumflýjanlegt sè að bregða út af þessu.

23. gr.

Verkamenn skal hreppstjóri til kveðja með skriflegum seðli, og skulu bændur láta bera hann tafarlaust bæja á milli um hreppinn eptir rèttri boðleið; skal hreppstjóri senda hann út svo tímanlega, að hann komist alla boðleið að minnsta kosti tveim dögum fyrir hinn ákveðna verkdag.

24. gr.

Sèrhver verkmaður skal með sèr hafa verktól þau, sem til er tekið þegar honum er sagt til, en þó ekki önnur en þau, sem almennt eru höfð við moldarverk þar í sveit; skal hann vera kominn á hinn tiltekna stað á dagmálum og vera við vinnu til náttmála; þó skal veita tveggja stunda hvíld á þeim tíma, sem hreppstjóri ákveður. Ef nokkur, sem tilkvaddur er, án löglegra forfalla, kemur seinna til verka en nú var sagt, eða fer fyr á burt, eða yfir höfuð ekki er hinn tiltekna tíma við vinnu sína, þá skal hann gjalda svo mikið í verkfall, sem hreppstjóri með tveim tilkvöddum mönnum metur, og að auki í sekt 32 skildinga r. m.

25. gr.

Hreppstjóra er heimilt að skipta niður vegastörfum þeim,

1861. 15. marz. sem falla á hreppinn, á 2 eða fleiri daga, en samt þannig, að enginn sá, sem skylduverk á að vinna, hafi meira en eins dags verk.

26. gr.

Meðan á verkum stendur, skal hreppstjóri skipta verkamönnum í flokka, og skal hverjum þeirra fenginn sinn kafli af veginum. Hreppstjórinn skal ætíð vera viðstaddur sem umsjónarmaður, meðan unnið er að vegastörfunum; líka getur hann kosið umsjónarmenn sèr til hjálpar meðal hreppsbænda, þegar honum þykir nauðsyn til bera. Skal svo álíta, að bæði hreppstjórinn og áðurnefndir umsjónarmenn hafi með umsjón þeirri, er þeir þannig hafa haft með vinnunni, fullnægt skylduverki því, er á þeim sjálfum liggur.

27. gr.

Þegar verkið eptir 18. gr. 3. atr. þessarar tilskipunar er unnið af einhverjum, sem hefir tekizt það á hendur, eða af leigðum mönnum, eiga hreppstjórarnir að hafa umsjón með, að það verði óaðfinnanlega af hendi leyst, samkvæmt þeim ákvörðunum, sem gjörðar eru af hreppsbændum því viðvíkjandi.

28. gr.

Sýslumenn skulu á ári hverju líta eptir þjóðvegunum í sýslum þeim, er þeim er trúað fyrir, og líka hafa eptirlit með hinum nauðsynlegu aukavegum þar, og eiga þeir á ári hverju að senda amtmanni skýrslu um ástand veganna í sýslunni; skal í henni vera greint frá, ekki að eins hve mikið, heldur einnig hvernig hafi verið starfað að vegagjörðum á ári hverju.

29. gr.

Það er skylda amtmanna að hafa yfirumsjón með vegunum í ömtum þeim, sem þeir eru settir yfir, og eiga þeir á embættisferðum sínum nákvæmlega að gefa gæturað á standi veganna, og að öðru leyti á ári hverju að senda hlutaðeigandi stjórnarráði skýrslu um ásigkomulag veganna í amtinu, og láta þar með

fylgja hinar ofannefndu skýrslur, sem komnar eru frá sýslumönnum. 1861. 15. marz.

30. gr.

Verði nokkur uppvís að því, að hafa með ásettu ráði skemmt þau verk, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, þá skal hann bæta skaðann og þar að auki sektast frá 1 rd. til 10 rd., eptir því hvað skemmdin er mikil, og öðrum málavöxtum; skal einnig taka til greina, hvort yfirsjónin er framin í fyrsta sinn eða hún er ítrekuð. Sè vörður og sæluhús á vetrarvegum skemmd eða eydd, þá skal það varða 10 rdl. til 50 rdl. sekt, eða líkamlegri refsingu frá 10 til 27 vandarhagga. Sè mannvirki þau burt tekin, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, svo sem brýr, vörður eða sæluhús, þá varðar það þjófsstraffi, og skal, þegar ákveða á stærð hegningarinnar, einkum tekin til greina hætta sú, sem af því hefði getað hlotizt fyrir ferðamenn. Sektir þær, sem ákveðnar eru í þessari grein, skulu falla til þjóðvegagjaldsins ef þjóðvegur hefir verið skemmdur, en annars í vegasjóð hreppsins.

31. gr.

Öll mál viðvíkjandi afbrigðum gegn þessari tilskipun skal með fara og dæma sem almenn lögreglumál, að því leyti, sem þau ekki eptir eðli sínu eru misgjörðamál, og skal að öðru leyti, hvað þær yfirsjónir snertir, sem hèr ræðir um, fara eptir ákvörðununum í tilsk. 24. jan. 1838, 9. og 10. gr.

32. gr.

Hvað hinar almennu ferjur yfir stærri ár og vatnsföll áhrærir, þá skal framvegis farið eptir reglum þeim, sem settar eru í Jónsbókar landsleigubálks 45. kap. og í konungsbrèfi 29. apríl 1776 6. gr.

Að öðru leyti skulu þær ákvarðanir, sem ofannefnt konungsbrèf og Jónsbókar landsleigub. 44. kap. innihalda um vegina á Íslandi, hèr eptir vera teknar úr lögum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

1861.
15. marz.

Ástæður[1].

Frumvarpið til tilskipunar þessarar var í annað skipti lagt fyrir alþingi árið 1859, og fèllst þá þingið á það með fáeinum breytingum, er ekki voru mikils varðandi, nema sú breyting, er þingið stakk upp á um, hvernig greiða skyldi kostnaðinn til þjóðvega, en frá því skal betur skýrt síðar í athugasemdunum við 16. grein. Dómsmálastjórnin bar síðan málið undir konung og lagði til í þegnlegri skýrslu sinni um það, að frumvarpið yrði gjört að lögum fyrir Ísland með þeim breytingum, er alþingi hafði við það gjört, þó skyldi enn gjöra við það fáeinar smábreytingar:

Um sèrstakar greinir frumvarpsins eru gjörðar þessar athugasemdir:

Við 1. og 2. gr.

Alþingi hefir ekki stungið upp á neinni breytingu á þessum greinum frumvarpsins.

Við 3. og 4. gr.

Samkvæmt uppástungu alþingis er nú í greinir þessar sett skýr ákvörðun um, að sýslumenn skuli fá álit og uppástungur hlutaðeigandi hreppstjóra, áður en þeir bera undir amtmann uppástungur þær, sem um er rætt í greinunum. Slík ákvörðun var eigi í frumvarpinu; því það þótti vitaskuld, að sýslumenn mundu leita álits hjá hreppstjórunum og byggja uppástungur sínar til amtmanns á þeim uppástungum, er þeir hefðu gjört; en á hinn bóginn getur ekkert verið því til fyrirstöðu, að þetta sè berlega tekið fram, þegar það að eins er gjört á þann hátt, að það sè ljóst, að sýslumenn eigi sèu bundnir við uppástungur hreppstjóra.

Við 5. og 6. gr.

Þessar greinir eru eins hljóðandi og 5. og 6. grein í hinu fyrra frumvarpi.

1) Smbr. Alþ.t. 1857: 56., 83., 422.—448., 493.—524., 646.—692., 976.—987. bls. og viðbæti A 3.—24. bls. Alþ.t. 1859: 12., 17., 18.—28., 1370.—1447., 1635.—1696., 1873.—1887. bls. og viðb. A 35.—56. bls.

Við 7. gr. 1861.

Með því svo getur stundum við borið, að tilföng, er kann 15. marz.
að þurfa til vegagjörðarinnar, ekki geti fengizt jarðeiganda að skaðlausu, hefir alþingi stungið upp á, að við niðurlag greinar þessarar sè bætt þessum orðum: „nema tilföng hafi verið tekin honum í mein", og er 8. grein breytt eptir þessari uppástungu.

Við 8. gr.

Samkvæmt hinni almennu reglu í 15. grein frumvarpsins var ákveðið, að endurgjald það, sem um er rætt í þessari grein, skyldi greitt úr jafnaðarsjóði amtsins. En eins og getið er um síðar í athugasemdunum við 16. grein, hefir þótt ástæða til að fallast á uppástungu alþingis um breytingu á því, hvernig greiddur skyldi kostnaður til þjóðveganna, og leiðir aptur af þessu, að breyta verður ákvörðuninni um gjald það, sem um er rætt í 8. grein. Alþingi hefir nú stungið upp á, að í stað orðanna „úr jafnaðarsjóði amtsins" sè sett „af vegabótagjaldinu", og er sú uppástunga tekin til greina[1].

Annars er gjörð sú breyting á þessari grein, samkvæmt uppástungu alþingis, að sleppt er þeirri ákvörðun, að endurgjaldið skuli ákveðið eptir yfirskoðunargjörð, ef amtmanni þyki vera ástæða til þess, og ákvörðuninni um að tilkall það, er eigandi annars á til endurgjalds, skuli hverfa, svo framarlega og að svo miklu leyti sem skylda hefir hingað til legið á jörðinni til að leyfa umferð yfir engjar. Fyrri breytingin er byggð á því, að ekki þarf að hafa í lagaboðinu neina ákvörðun um að halda megi yfirskoðunargjörðir, með því það er vitaskuld, bæði eptir eðli hlutarins og almennum lagasetningum, að ekki að eins amtmaður getur heimtað slíka yfirskoðunargjörð, heldur og landeigandinn, ef honum þykir gengið of nærri sèr. Um hina síðari breytinguna hefir

1) í hinum danska texta af álitsskjali alþingis er uppástungan orðuð svo, að í staðinn fyrir orðin „af Amtsrepartitionsfonden" (úr jafnaðarsjóði amtsins) sè sett: „af Veikassen" (úr vegabótasjóðinum); en þetta orðatiltæki þótti ekki eiga vel við, af því ekki er neinn sèrstaklegur vegabótasjóður til þjóðveganna; er því þessu breytt í: „af Veipengene", sem er samkvæmt hinum íslenzka texta.

1861. 15. marz. alþingi tekið það fram, að það væri ósanngjarnt að synja eigandanum um endurgjald einungis fyrir þá sök, að áður hefir legið vegur einhverstaðar um engjar hans, því svo gæti hæglega á staðið, að eigandanum sè til mikils skaða, að nýr vegur sè lagður á öðrum stað yfir engjar hans.

Við 9. gr.

Eptir frumvarpinu áttu þjóðvegir að öllum jafnaði að vera að minnsta kosti 6 álnir á breidd; en amtmanni var veittur myndugleiki til að leyfa á stundum undantekning frá þessari reglu eptir uppástungu sýslumanns. Þessi ákvörðun um breidd veganna var samkvæm reglu þeirri, sem sett var í konungsbrèfi 29. aprílm. 1776, 1. gr., sem reyndar aldrei hefir verið farið eptir. En alþingi var á því, að rèttast væri að láta standa við reglu þá, sem sett er í Jónsbók um þjóðvegina, og því ákveða, að þeir að eins skyldu vera 5 álnir á breidd, og yrðu þeir þá breiðari en vegir nú eru almennt; og þar sem gjöra þyrfti undantekning frá þessari reglu, þótti þinginu ekki nauðsyn að málið gengi lengra en til sýslumanns úrskurðar; hefir þótt ástæða að taka þessa uppástungu til greina þannig, að þjóðvegir skuli vera að minnsta kosti 5 álnir á breidd.

Við 10. gr.

Þessi grein er eins og 10. grein í fyrra frumvarpinu.

Við 11. gr.

Eptir breytingaruppástungum alþingis við þessa grein, er sleppt niðurlagsákvörðuninni í 11. grein frumvarpsins, um að leggja skuli moldarlag ofan á brýrnar, með því alþingi hefir haldið að þetta mundi fremur spilla en bæta; svo er og í niðurlagi greinarinnar á eptir orðinu: „sýslumaður" bætt inn í; „eða umsjónarmaður sá, er hann hefir til kvatt samkvæmt 5. grein" (eptir því sem sýslumaður eða umsjónarmaður sá, er hann hefir til kvatt samkvæmt 5. gr., ákveður nákvæmar á hverjum stað). Reyndar stakk alþingi upp á, að sett væri „umsjónarmaður" í staðinn fyrir „sýslumaður"; en með því ákvörðun

þessi einnig á að verða heimfærð þegar svo stendur á, að verkið er unnið fyrir ákveðið kaup, eður eptir samningi um vissa borgun fyrir tiltekinn vegarpart, þá varð að breyta frá uppástungu alþingis; því þegar svo stendur á, sem nú var sagt, eru ekki tilkvaddir umsjónarmenn eptir 5. grein, heldur að eins þegar sú undantekning frá reglunni kemur fyrir, að verkið er unnið fyrir ákveðin daglaun; en tilganginum með uppástungu alþingis virðist eigi að síður vera náð, þegar greinin er orðuð eins og nú er gjört. 1861. 15. marz.

Við 12.—14. gr.

Í 12. og 13. grein eru, eptir uppástungu alþingis, gjörðar nokkrar smábreytingar frá því, sem var í frumvarpinu, en að öðru leyti eru greinir þessar óbreyttar.

Við 15. gr.

Grein þessi er eins og 2. kafli í 15. grein frumvarpsins.

Við 16. gr.

Í 15. grein frumvarpsins, 1. og 3. kafla, var svo á kveðið, að útgjöld til allra viðgjörða og viðurhalds þjóðveganna skyldu greidd úr jafnaðarsjóði hvers amts, þó skyldu gjöld þessi eigi mega vera meiri en svo, að þau yrðu greidd með því, að jafna niður í mesta lagi 2 skildingum á hvert lausafjárhundrað. Alþingi 1857 réði þegar frá að gjöra þessa ákvörðun að lögum, meðal annars af því, að fé það, er með þessu móti fengist, yrði ónógt til þess, sem það væri ætlað, en á hinn bóginn virtist ekki vera tiltækilegt að leggja meiri álögur á lausafé en stungið var uppá í frumvarpinu. Út af þessu gaf stjórnin alþingi það til vitundar, að eptir því sem þingið hefði skýrt málið, yrði svo að álíta, að það fé, sem fengizt gæti eptir frumvarpinu til viðgjörða þjóðveganna, mundi verða allt of lítið, og líka yrði stjórninni eins og alþingi að þykja það ísjárvert, að leggja meiri álögur á lausafé, þar sem eins báglega er ástatt á Íslandi eins og nú er; en að ekki þótti á hinn bóginn ráðlegt, af ástæðum þeim, sem lýst var yfir, að fallast á uppástungu þingsins um

1861. 15. marz. það, hvernig greiða skyldi kostnaðinn, og að því virtist vera ástæða til að reyna að skipa málinu á annan hátt, og þá helzt á þann hátt, sem þegar var bent á í ástæðunum fyrir 15. gr., en það er þannig, að amtmennirnir, hver í sínu amti, skyldu ákveða, eptir uppástungum sýslumanna, hversu mikið hver sýsla skyldi greiða til þjóðveganna, og að sýslumaður (ef til vill með tveim tilkvöddum mönnum) síðan skyldi jafna gjaldi þessu á hreppana í sýslunni, og skyldi það greitt úr sveitarsjóði, en hreppurinn geta skotið máli sínu til amtmanns úrskurðar, ef svo þætti, sem rètti hans væri hallað við niðurjöfnun sýslumannsins. Þetta gjörði einn alþingismanna að sinni uppástungu, en breytingaratkvæði hans, og eins ákvörðunin í frumvarpinu, var fellt á síðasta alþingi (1859); en þar á móti fèllst þingið með 14 atkvæðum gegn 5 á það, að útgjöld til allra þjóðvega skyldu þannig greidd, að af hverjum hrepp í öllu landinu gjaldist svo mikið í peningum, sem nemur hálfu dagsverki eptir verðlagsskrá, fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, í hverri stöðu sem hann er, frá 20 ára að 60. Gjald þetta átti eptir uppástungu þingsins að taka úr sveitarsjóði og greiða sýslumanni á manntalsþingi, og skyldi hreppstjóri, með 2—4 mönnum er bændur sjálfir kjósa, leggja það á hreppsbúa eptir sömu reglum og aukaútsvarið.

Um ákvörðun þessa er nú það að segja, að reyndar verður það móti henni haft, að það er fremur óeðlilegt að ákveða upphæð þess gjalds, sem hver hreppur á að leggja til þjóðvega, eptir tölu verkfærra karlmanna í hreppnum, þar sem þó gjaldið sjálft á eptir ekki er lagt á þessa menn, og það með góðum rökum, heldur á alla þá, er greiða aukaútsvar til sveitar. Það er því rangt, er ýmsir alþingismanna í ræðum sínum og þingið sjálft í álitsskjali sínu gjöra ráð fyrir, að vinnukraptarnir séu lagðir til grundvallar við niðurjöfnunina; því eptir uppástungu þingsins sjálfs verða stundum þeir, sem ekki eru verkfærir, t. a. m. ekkjur og karlmenn, sem komnir eru yfir sextugt, að taka þátt í gjaldi þessu, en aptur á móti geta verkfærir karlmenn sloppið við það, þegar þeir ekki greiða aukaútsvar til sveitar. En miklu þýðingarmeiri er þó sú mótbáran gegn

ákvörðun þessari, sem einnig kom fram á þinginu, að tala verk- 1861.
færra karlmanna í einum hrepp enganveginn er áreiðanlegur 15. marz.
mælikvarði fyrir efnahag hreppsins, með því í sjávarsveitum, sem að jafnaði eru fátækustu sveitirnar, er mestur fjöldi verkfærra karlmanna, en af þessu leiðir, að álögurnar til vegabóta koma misjafnt niður á hreppana. Það hefði því verið heppilegra, ef alþingi hefði kosið hina aðferðina, sem að ofan er greind og stjórnin hafði bent á, þareð niðurjöfnunin á hreppana vissulega með því móti hefði orðið jafnari, er sýslumaður hefði, eins og með þarf, getað tekið til greina efnahag hvers hrepps. Alþingi hefir nú tekið það fram sem ástæðu móti þessari uppástungu, að óráðlegt sé að fá amtmönnum í hendur slíkt vald til að leggja skatta á menn; en þess hefir ekki nægilega verið gætt, að úrskurður amtmanns átti að vera byggður á uppástungum sýslumanna og hreppstjóra, og hefði með því móti að mestu leyti orðið séð við gjörræði því, er menn óttuðust af amtmanns hálfu. Þingið hefir og sjálft játað, að uppástunga sín gæti leitt til ójafnaðar milli hreppa og sýslna, en á hinn bóginn hélt þingið, að með henni væri unnið það, er meira væri vert, að með hægu móti og umsvifalítið mætti ná því aðalaugnamiði, að fá nægilegt fé til þess að bæta smátt og smátt þjóðvegina og halda þeim við framvegis, án þess nokkur slyppi hjá vegabótagjaldinu, sem efni hefði til að greiða það.

Eptir því hvernig atkvæðagreiðlan fór á þinginu um þessa uppástungu, þá virtist stjórninni ekki eiga að víkja frá uppástungu alþingis um þetta aðalatriði málsins, og er því 16. grein samin þessu samkvæmt, þó þótti rèttast að taka í þessa grein þá ákvörðun, sem þingið stakk upp á að skyldi vera ný grein (18. gr.), að hreppstjórar á ári hverju fyrir sumarmál skuli senda sýslumanni nafnaskrá yfir alla verkfæra menn í hreppnum frá 20 ára að 60, svo að sýslumaður þar eptir geti ákveðið hve mikið hver hreppur í sýslunni eigi að greiða. Því þegar farið er eptir uppástungu alþingis um, hvernig greiða skuli kostnaðinn til þjóðvega, þá er slík ákvörðun öldungis nauðsynleg, en aptur á móti er eðlilegast að hún sé í þessari grein, og að minnsta kosti er það rangt að setja þessa ákvörðun í

1861. 15. marz. nýja grein innanum ákvarðanirnar um aukavegina, eins og alþingi hefir stungið upp á. Að öðru leyti skal þess getið um ákvörðun þessa, að það er ekki öldungis rètt, sem sagt er í uppástungu alþingis, að nafnaskráin sè yfir þá menn, sem eru skyldir að leggja fè til þjóðvegabóta, því hún á, eins og sjá má af ástæðum alþingis fyrir greininni, einmitt að vera listi yfir verkfæra karlmenn frá 20 ára að 60, þareð upphæð gjaldsins er ákveðin eptir tölu þeirra.

Við 17. gr.

Með því tilskipunin virðist eiga að hafa ákvörðun um, að sýslumenn skuli á ári hverju gjöra reikning um vegabótagjald það og bætur, er þeir heimta, smbr. 30. gr., þá hefir ákvörðun verið gjörð um þetta efni í 17. grein, en slík ákvörðun var ekki í frumvarpi alþingis.

Við 18. gr.

Í grein þessari er sú aðalregla sett um aðgjörð og viðurhald aukaveganna, að það framvegis skuli vera skylda innbúanna í hverjum hrepp, að gjöra vegabætur og halda við aukavegum þeim, er liggja um hreppinn, og sem nauðsynlegir eru til almennings þarfa, og að það, sem vinna þarf í þessum tilgangi, sè skylduvinna, nema svo sè, að hreppsbændur eða meiri hluti þeirra kjósi heldur annaðhvort að einhver takist á hendur vegabæturnar fyrir kaup, eða menn sèu leigðir til þess. Að þessu leytinu hefir alþingi öldungis fallizt á það, sem ákveðið er í 16. gr. í frumvarpi stjórnarinnar, en stungið uppá breytingum, sem nokkru varða, í tveim öðrum atriðum greinar þessarar. Eptir frumvarpinu áttu allir verkfærir karlmenn, sem væru að aldri 18 til 60 ára, að vera skyldir að starfa að vegabótum, og var það þar að auki sett sem föst regla, að þeir skyldu leggja verk til eptir því, sem á þá skiptist; í 17. grein er það og gjört hreppstjórum að skyldu að sjá um, að vinnan komi jafnt niður á þá, sem eru skyldir að leggja verk til. En alþingi hefir nú fyrst og fremst aðeins látið vegabótaskylduna ná til karlmanna frá 20 til 60 ára að aldri, og er það til fært, að

fæstir sèu orðnir fullþroska fyrir innan tvítugt. Það er nú reyndar vafasamt, hvort þetta er rètt álitið, en þó svo væri, þá gæti ástæða þessi ekki ráðið málalyktum, með því vegabótaskyldan eptir frumvarpinu ekki átti að hvíla á öðrum 18 ára gömlum mönnum, en þeim sem verkfærir eru; en samt sem áður er varla næg ástæða til að fella þessa uppástungu alþingis, þareð ætla má, að eigi að síður verði nógir vinnukraptar til þeirra vegabóta, sem hèr er um rætt. Miklu meiru skiptir það þar á móti, að alþingi, án þess tekin sè fram nein ástæða fyrir því, hefir stungið upp á að breyta reglunni þannig, að verkfærir karlmenn í hreppnum frá 20. til 60. árs skuli vera skyldir að leggja til verk eptir því sem á þá skiptist af hreppstjóra, að yfirveguðum efnum og ástandi[1]. Verður því eigi neitað, að þetta er veruleg breyting; því sè hreppstjóra gefið vald til að taka til greina annað, en að menn sèu verkfærir, þá verður eigi sèð við, að gjörræði verði við haft. En aðferð þessi er samkvæm venju þeirri, er tíðkazt hefir að undanförnu, og virðist alþingi vera á því, að yfirhöfuð beri að fylgja sömu reglum og hingað til um aukavegina; því verður heldur eigi neitað, að svo getur staðið á, að það sè sanngjarnt, að nokkuð sè hliðrað til um verktillag þetta, sem getur orðið þungbært sumum mönnum; svo má og gjöra ráð fyrir, að hreppstjórar bregði ekki út af reglunni nema til þess sèu sèrstaklegar ástæður. Þess vegna hefir ekki þótt næg ástæða til að fella þessa uppástungu þingsins, sem það hefir fallizt á í einu hljóði. Að öðru leyti er greinin eins og 16. grein í frumvarpinu, að lítilli orðabreytingu undanskildri í niðurlagi greinarinnar.

1861. 15. marz.

Með því alþingi hèlt, að rèttast væri að fela hreppstjórum að hafa eingöngu á hendi alla stjórn, er snertir aukavegi, þá hefir verið sleppt 17. grein frumvarpsins. Þar á móti stakk þingið upp á grein (19. gr. í frumvarpi alþingis), er þannig hljóðar:

1) Danska þýðingin er eigi nákvæm á þessum stað; þar stendur, að þeir menn, sem hèr er um rætt, skuli leggja til verk eptir því, sem á þá skiptist af hreppstjóra eptir efnum og ástandi (i Forhold til deres Evner og Formue) og er það enn meiri breyting.

1861. 15. marz. „Í þeim hreppi er hver maður skyldur að vinna að vegabótum, sem hann var heimilisfastur í haustinu áður, er hreppaskil voru þar haldin".

Fyrir ákvörðun þessari er tilfærð sú ástæða, að þegar bændur kjósi að láta vinna verkið fyrir vissa borgun, eða leigja menn til þess, þá sé um það gjörð ákvörðun á haustin; og eigi því þeir, sem þá voru í hreppnum, að greiða peningatillag það, er til þess þarf, en með því peningatillag þetta komi í staðinn fyrir skylduvinnuna, þá eigi hún og að hvíla á hinum sömu mönnum. En það er hægt að sjá fyrir, að slík ákvörðun mundi ekki verða hagkvæm; því þegar svo stæði á, sem venjulegt mundi vera, að vegabætur á aukavegum yrðu framkvæmdar með skylduvinnu, yrði hver verkfær karlmaður frá 20 til 60 ára að aldri, er síðan um haustið hefði flutt burt úr hreppnum, ef til vill langar leiðir og jafnvel í annan landsfjórðung, að koma aptur í þann hrepp, þar sem hann áður var, til að vinna verk sitt, ef hann ekki treysti sér til að fá annan verkfæran mann í sinn stað, eptir því sem fyrir er mælt í 21. grein; og þó nú hreppsbændur ákvæðu, að leigja skyldi menn til að gjöra vegabæturnar, sem jafnan verður að álíta sem undantekning reglunnar, yrði ákvörðun þessi samt sem áður ýmsum annmörkum bundin, er til framkvæmdanna kæmi, ekki aðeins ef sá, er hlut á að máli, hefði dáið áður en hann hefði goldið tillag sitt, er þá yrði skuld á búi hans, heldur og þegar hann hefði flutt í annan hrepp. Ástæður þær, sem alþingi hefir til greint fyrir uppástungu þessari, virðast og með öllu ónógar; ákvörðun sú, er bændur gjöra á haustum, snertir aðeins það atriði, hvernig menn ætla að uppfylla þá skyldu, er á þeim liggur til vegabóta, en það er í augum uppi, að hún ekki snertir það atriði, á hverjum skylda þessi liggur; og með því nú ákvörðunin er gjörð fyrir hreppinn, en kemur eigi til framkvæmdar fyrri en næsta vor, þá má svo álíta eptir eðli málsins, að allir sem á þeim tíma eru í sveitinni séu skyldir að fara eptir henni. Við umræðurnar um málefni þetta á þinginu var reyndar tekin fram önnur ástæða, sem þó ekki er tilfærð í athugasemdunum við grein þessa í

álitsskjali þingsins, en það er sú ástæða, að með þessu móti ætti að tálma því, að nokkur ynni að vegabótum á tveim stöðum sama árið, því svo gæti staðið á, að einhver, sem væri búinn að starfa að vegabótum í sínum hrepp, flytti í annan hrepp áður en vegabótum þar væri lokið það ár, og yrði þannig að vinna að vegabótum á ný, og aptur á móti gæti það hugsast, að sá, sem flytti úr einum hrepp í annan, yrði með því laus við öll vegabótastörf. En í þessu efni skal þess getið, að þetta mundi svo afar sjaldan bera við, er vegabótum mundi hvergi lokið fyrir hinn almenna hjúaskildaga 14. maímánaðar, og jafnvel mjög sjaldan fyrir fardaga, að ekki ber fyrir þá skuld að setja lagaákvörðun, sem er óeðlileg í sjálfri sèr og gagnstæð því, er tíðkazt hefir að undanförnu, og þar að auki mundi vera bundin ýmsum annmörkum, er til framkvæmdar kæmi, eins og áður er sagt. 1861. 15. marz.

Af þessum ástæðum hefir ekki þótt ráðlegt að setja í tilskipunina grein þessa, er alþingi stakk upp á; rèði og konungsfulltrúi frá því í álitsskjali sínu um málið. En eigi hefir heldur þótt þörf á að setja um þetta neina aðra ákvörðun en þá, sem er í 18. gr., en eptir því, sem þar er fyrir mælt, eiga allir verkfærir karlmenn í hreppnum að leggja til skylduvinnuna til vegabóta, en af því leiðir, að hinir sömu menn eiga að greiða gjald það, sem um er rætt í niðurlagi greinarinnar, þegar svo hefir verið ákveðið, að tillag sè greitt í staðinn fyrir skylduvinnu.

Við 19. gr.

Við þessa grein er aðeins bætt þeirri ákvörðun, eptir uppástungu alþingis, að kostnaður sá, sem þar er um rætt, skuli greiddur úr sveitarsjóðnum, að svo miklu leyti, sem vegasjóður sá, sem nefndur er í 21. grein, hrökkur ekki til þessa kostnaðar. Að öðru leyti er þessi grein eins og 18. grein í frumvarpi stjórnarinnar.

Við 20. gr.

Í frumvarpi stjórnarinnar var breidd aukaveganna látin vera 5 álnir, en alþingi hefir stungið upp á, að hún væri minnkuð

1861. 15. marz. til 3 álna, og er þess getið, að þinginu virtist sú breidd vera nóg, með því þessir vegir ekki sèu nema smávegir, sem einstakir menn og helzt heimamenn fara um; hefir ekki þótt ástæða til að fella þessa uppástungu (smbr. athugasemdirnar við 9. grein hèr að framan um þjóðvegina) þó svo, að aukavegir skuli vera 3 álnir á breidd að minnsta kosti. Einnig er uppástunga alþingis tekin til greina um það, að hreppstjórum, en ekki amtmönnum, eins og ákveðið var í frumvarpinu, skuli falið á hendur að leyfa, að brugðið sè út af þessu, þegar landslagi er svo háttað að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess, smbr. niðurlag 9. greinar.

Við 21. gr.

Þessi grein er eins og 20. grein í frumvarpinu.

Við 22. gr.

Samkvæmt þeirri ákvörðun í frumvarpi alþingis, að hreppstjórar skuli ráða öllu um vegabætur, að því leyti snertir aukavegina, þá er orðið „hreppstjóri" í upphafi greinarinnar sett í staðinn fyrir orðið „sýslumaður". Einnig er orðunum: „en það má þó ekki vera á öðrum tíma en í maí eða júnímánuði . . ." breytt þannig eptir uppástungu alþingis: „en það má þó ekki vera seinna en í júnímánuði . . .". Niðurlagsákvörðuninni er og sleppt.

Við 23. gr.

Í grein þessari er gjörð ein lítilfjörleg breyting eptir uppástungu alþingis, en að öðru leyti er hún eins og 22. grein frumvarpsins.

Við 24. gr.

Eptir 23. grein frumvarpsins átti verkið að byrja um 7. stund að morgni og hætta um 7. stund að kveldi. En í stað þessa hefir alþingi þótt rèttast, að verkið skyldi byrja á dagmálum og hætta á miðaptni. Alþingi hefir þar að auki stungið upp á, að gjörðar væru ýmsar breytingar á því, sem ákveðið er í þessari grein frumvarpsins um það, ef nokkur bregzt undan

að koma til verka, eður vanrækir verk sitt, og um afleiðingar af slíku, án þess tilgreindar sèu ástæður fyrir þessum breytingum í álitsskjali þingsins, en af nefndarálitinu sèst, að þessar ákvarðanir í frumvarpinu hafa þótt of smásmuglegar, og að rèttast hefir þótt að fela hreppstjóra að meta verkfall það, er verður. Þessar uppástungur fellst nú stjórnin á, að undanskildri þeirri uppástungu, að í niðurlagi greinarinnar sè ákveðið, að sá, sem kemur of seint til verka, eða fer of snemma í burt, eða yfir höfuð ekki er allan hinn tiltekna tíma við vinnu sína, skuli greiða svo mikið í verkfall, sem hreppstjóri með tveim tilkvöddum mönnum metur, og, hafi hann engar lögmætar nauðsynjar haft, að auk í sekt 32 skildinga. En það virðist vera í sjálfu sèr eðlilegt og samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 21. gr., að sá, sem sannað getur lögmæta hindrun, eigi að eins sè laus við að greiða sekt, heldur og að bæta fyrir verkfall, og hefir greinin því verið samin á þann veg. 1861. 15. marz.

Við 25.—27. gr.

Þessar greinir eru eins og 24., 25. og 26. grein í frumvarpinu.

Við 28. gr.

Þessi grein er eins og 27. grein í frumvarpinu, að undanskildum tveim orðabreytingum.

Vid 29. gr.

Alþingi hefir stungið upp á að sleppa úr grein þessari, sem er eins og 28. grein frumvarpsins, þeirri ákvörðun, er býður amtmönnum að senda á ári hverju dómsmálastjórninni skýrslu um ásigkomulag veganna, með því slíkar skýrslur, að þingsins áliti, eru óþarfar, er amtmönnum sè trúandi fyrir að láta sèr annt um ástand og umbætur veganna. En konungsfulltrúi hefir ráðið frá, að minnkað sè eptirlitið með því, að vegabætur sèu löglega gjörðar, og einkum að afteknar sèu skýrslur þær, er nú voru nefndar; hefir og því síður þótt ástæða til að sleppa skýrslum þessum, sem þær þegar eru

1861. 15. marz. fyrir skipaðar með konungsbréfi 29. aprílm. 1776, 10. gr.; er því ákvörðunin um þetta efni látin halda sèr óbreytt, eins og hún er í frumvarpinu.

Við 30. gr.

Með því ekki á að greiða kostnað til þjóðveganna úr jafnaðarsjóðum amtanna (smbr. 16. gr.), þá geta bætur þær, sem í þessari grein eru lagðar við skemmdir á þjóðvegum, eigi heldur runnið inn í jafnaðarsjóðina. Alþingi hefir því stungið upp á, að í niðurlagi greinarinnar sè sett „til þjóðvegagjaldsins" í staðinn fyrir orðin „í jafnaðarsjóð amtsins", og er sú uppástunga tekin til greina og niðurlag greinarinnar þannig orðað: „Sektir þær, sem ákveðnar eru í þessari grein, skulu falla til þjóðvegagjaldsins, ef þjóðvegur hefir verið skemmdur, en annars í vegasjóð hreppsins"[1]. Að öðru leyti er grein þessi öldungis eins og 29. grein frumvarpsins.

Við 31. og 32. gr.

Þessar greinir eru óbreyttar eins og í frumvarpinu.

Loksins hefir alþingi beðið um, að lagaboð þetta komi út sem bráðabyrgðarlög, það er að segja, að því yrði lýst yfir, er lagaboðið kæmi út, að það ætti aðeins að gilda fyrst um sinn. Til styrkingar þessari uppástungu, sem konungsfulltrúi hefir mælt fram með, hefir alþingi tilfært, að þó það hafi varið allri þeirri alúð, sem kostur var á, til að leysa mál þetta vel af hendi, verði það þó að viðurkenna, að hinn naumi þingtími og

1) Í hinum danska texta lagaboðsins varð að gjöra meiri breyting frá uppástungu þingsins, einsog hún er þýdd á dönsku í útleggingunni af frumvarpi þess, þeirri er hingað var send. Þar er sett „sjóð þjóðveganna" (Hovedveienes Kasse) í staðinn fyrir „jafnaðarsjóð amtsins". En af því enginn þjóðvegasjóður er til, eins og þegar er á vikið í athugasemdunum við 8. grein hèr á undan, varð að orða þetta á annan veg, þannig: „De i denne § bestemte Böder bör, hvor Beskadigelsen er tilföjet en Hovedvei, indbetales til Sysselmanden og anvendes til Hovedvejenes Forbedring, men ellers tilfalde de Reppens Veikasse".

hin mörgu og margbrotnu þingstörf, ásamt stjórnartilhögun þeirri, sem nú er á landinu, ekki hafi gefið þinginu færi á að útkljá mál þetta svo í alla staði, að ekki kynni, við breytta stjórnartilhögun í landinu og það, er mæta kann í framkvæmdum þessa máls, að leiðast í ljós með tímanum ýmsir gallar, sem kynnu að gefa ástæðu til að breyta lagaboðinu. 1861. 15. marz.

En bæði er það, að það sem alþingi á við, að ef til vill verði sett ný sveitastjórn á Íslandi, sem vegabótamál þá yrðu lögð undir, ekki virðist geta verið ástæða fyrir þessari uppástungu alþingis, enda virðist það eigi heldur vera til nokkurs gagns að láta tilskipunina koma út með þeirri athugasemd, að hún aðeins ætti að hafa lagagildi fyrst um sinn, með því það er vitaskuld, að ef sú verður raun á, að gallar séu á lagaboðinu, eður það sé miður hagfelt, má breyta því hvenær sem vera skal, eins og hverju öðru lagaboði, á venjulegan hátt. Þareð slík yfirlýsing þar að auki hæglega gæti rýrt álit lagaboðsins, og ef til vill einnig alþingis sjálfs, og því á hinn bóginn ekki verður neitað, að lagaboðið er vandlega samið og hefir verið gaumgæfilega rætt á síðasta alþingi, þá hefir ekki þótt nein ástæða til að fallast á þessa uppástungu alþingis.

---

14. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins, amtmannanna, og stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um auglýsing á reikningum opinberra sjóða og stofnana. 21. marz.

Útaf bænarskrá, er kom frá síðasta alþingi, um að auglýstir verði á prenti reikningar opinberra sjóða og stofnana m. m., hefir dómsmálastjórnin lagt þegnlega skýrslu um málið fyrir hans hátign konunginn, og hefir hans hátign 2. þ. m. allramildilegast þóknazt að úrskurða á þessa leið:

1. að dómsmálastjórnin bjóði þeim embættismönnum á Íslandi, sem falin er stjórn opinberra sjóða og stofnana, að birta á prenti greinilega og nákvæma reikninga um tekjur og gjöld slíkra sjóða og stofnana, svo fljótt sem verða má eptir að

1861. 21. marz. ársreikningar eru samdir, og að gæta þess, að í næstu reikningum, sem samdir eru, eptir að hinir fyrri reikningarnir eru á enda kljáðir, verði gjörð grein fyrir þeim breytingum, er á þeim hafa orðið, þá er útgjört var um þá, og 2. að kostnaður sá, er af þessu rís, gjaldist af eigum sjálfra sjóðanna og stofnananna.

Um leið og dómsmálastjórnin birtir yður þetta, herra (tit.), skorar hún á yður að gjöra þær ráðstafanir, er með þarf, samkvæmt þessum allrahæsta úrskurði.

---

1. aprílm. **15. Tilskipun um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Hin nýja jarðabók fyrir Ísland, er samin hefir verið samkvæmt tilskipun 27. maí 1848, 1. gr., skal öðlast lagagildi 6. dag júnímánaðar 1862.

2. gr.

Eptir þessari hinni nýju jarðabók skulu greiddir skattar, tollar og gjöld þau til almennings þarfa, er eptir þetta kunna að verða lögð á jarðir á Íslandi; einnig skal upp frá þeim degi, sem að ofan er nefndur, heimta og greiða allar tíundir af jörðum á Íslandi eptir þeim dýrleika, sem á hverja jörð er settur í hinni nýju jarðabók; þó áskilst þeim prestum, sem eru í kallinu þegar hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, rèttur til að taka preststíund sína af jörðunum eptir hinum eldri dýrleika jarðanna, ámeðan þeir eru í því sama kalli, svo framt

jarðartíundin er á þann hátt rífari, en ef hún væri reiknuð eptir hinni nýju jarðabók. 1861. 1. aprílm.

3. gr.

Þeim hluta alþingiskostnaðarins, sem lagður er á jarðirnar, skal jafna niður á sama hátt og að undanförnu, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

4. gr.

Þegar 20 ár eru liðin frá því, að hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, skal það tekið til yfirvegunar, hvort ástæða sé til að leggja hana undir almenna endurskoðun.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Ástæður[1].

Samkvæmt konungsúrskurði 27. maím. 1859 var lagt fyrir alþing það ár frumvarp til tilskipunar um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, ásamt jarðabókarfrumvarpi, er að síðustu hafði verið samið í dómsmálastjórninni.

Af þegnlegu álitsskjali alþingis um málefni þetta sést, að þingið með 17 atkvæðum móti 8 hefir fallizt á, að við hafður sé einn mælikvarði á öllu landinu til að finna dýrleik hverrar jarðar, en ekki sinn mælikvarði fyrir hvert amt, eins og alþingi stakk upp á 1857, og að þingið með 19 atkvæðum gegn 5 hefir fallizt á að mæla með því, að frumvarpið til tilskipunar um löggilding nýrrar jarðabókar, þarsem hundraðatalan væri þannig reiknuð, yrði gjört að lögum, þó með þeim breytingum, er nú skal greina:

1. að í 1. grein sé ákveðið að jarðabókin fái lagagildi 6. júním. 1863, og að bætt sé við þessa grein þeirri ákvörðun: „að stjórnin hlutist til, að hið nýja jarðabókar frumvarp verði sem fyrst gjört þjóðinni kunnugt, að þjóðinni gefist kostur á að benda

1) Smbr. alþ.tíð. 1859. 11., 15.—16., 877.—947., 1118.—1161., 1164.—1181., 1821.—1824. bls.; viðb. A 16.—22. bls.

1861. 1. aprílm.

á þá helztu galla, sem þykja vera á jarðamatinu, og að stjórnin síðan á haganlegasta hátt lagfæri þá, þar sem ástæða þykir til vera."

2. að í stað síðari hluta 2. greinar, frá orðunum: „þó áskilst þeim prestum . . . . . eptir hinni nýju jarðabók"[1], verði sett: „þó áskilst þeim prestum og sýslumönnum, sem eru í embættum þegar hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, að fá endurgoldið af ríkissjóði það, sem þeir missa í við breytinguna á tíundargjaldinu".
3. að fyrri kafli 3. greinar falli burt[2].
4. að við 4. grein sè bætt þessari ákvörðun: „Þó skal hverjum, sem getur fært ljós rök fyrir því, að jörð sín sè rangt metin, 5 fyrstu árin eptir löggilding jarðabókarinnar heimilt að bera fram ástæður sínar við stjórnina, til þess að fá matinu breytt".

Um 1. uppástunguatriðið í álitsskjali alþingis skal þess getið, að árið 1857 kom þegar fram á þinginu áþekk uppástunga um, að frestað yrði löggilding jarðabókarinnar, en sú uppástunga var þá felld með 13 atkvæðum gegn 6, og fallizt á, að jarðabókin þegar í stað skyldi öðlast lagagildi. Í álitsskjali þingsins það ár um málefni þetta er það meðal annars tekið fram, og það með rökum, þessu til styrkingar, að hèr væri eigi að gjöra um jarðamat, sem alþýða ekkert vissi um, á hverju það væri byggt, eða hvernig það hafi ráðizt til lykta, fyr en það hafi verið albúið og látið fá gildi um land allt, heldur sè hèr einungis að ræða um jarðavirðing, er lögin hafi lagt í hendur landsmönnum sjálfum, og

---

1) Þessi kafli 2. greinar í frumvarpinu er þannig hljóðandi: „þó áskilst þeim prestum, sem eru í kallinu þegar hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, rèttur til að taka preststíund sína af jörðunum eptir hinum eldri dýrleik jarðanna, á meðan þeir eru í því sama kalli, svo framt jarðartíundin er á þann hátt rifari, en ef hún væri reiknuð eptir hinni nýju jarðabók."

2) Fyrri kafli 3. greinar í frumvarpinu er þannig hljóðandi: „Enn fremur skal farið eptir hinni nýju jarðabók, þá er ákveða skal hinn svo nefnda skatt, að því leyti sem það er sumstaðar venja, að leggja saman, þegar svo stendur á, fasteign og lausafè til þess að reikna út skattinn".

síðan (við yfirmatið) gefið hverjum jarðeiganda og ábúanda kost á að bera sig upp undan öllum ójöfnum á matinu í því og því hèraði. Við þetta bætist, að eptir að búið var að virða allar jarðir í hverjum hrepp á landinu árin 1849 og 1850, samkvæmt tilskipun 27. maím. 1848, voru eptirrit af virðingargjörðunum lögð fram á hverjum kirkjustað, öllum hreppsbúum í hverjum hrepp til sýnis, á þeim tíma, er leið frá virðingargjörðinni og þangað til yfirmat það fór fram, sem fyrir skipað er í 4. grein tilskipunarinnar, og var þá skorað á menn að koma innan tiltekins tíma fram með þær umkvartanir, er þeir kynnu hafa um virðing þá, er hefði verið lögð á jarðir þeirra, til þess endurskoðendur matsins í hèruðunum gætu lagt á þær úrskurð sinn. Þegar jarðamatið var fullbúið, var það síðan lagt fyrir alþingi 1853, til þess það segði um það álit sitt, og lèt þá þingið þá skoðun í ljósi, að jarðamatið, að fáeinum undantekningum frá-skildum, væri rètt og jafnt, ekki einungis í hverjum hrepp út af fyrir sig, heldur og í hreppunum innbyrðis í hverri sýslu, en þar á móti vantaði jöfnuð þenna þegar sýslurnar væru bornar saman hvor við aðra, og stakk því þingið upp á að setja þriggja manna nefnd í Reykjavík, til að jafna þessar misfellur og til að laga aðra galla, er þóttu vera á jarðamatinu. Innanríkisstjórnin, er íslenzk mál þá heyrðu undir, bjó þessvegna til uppástungu um það, hvernig jarðamatið yrði leiðrètt með hagfeldustu móti, og var sú uppástunga síðan borin undir álit alþingis 1855, og síðan eptir tillögum þingsins sett 3 manna nefnd (og kaus þingið 2 af nefndarmönnum) til þess að rannsaka og leiðrètta jarðamatið, samkvæmt þeim skoðunum, er alþingi hafði látið í ljósi. Álitsskjal nefndarinnar var síðan lagt fyrir alþingi 1857; rannsakaði þingið það nákvæmlega, og fèllst á það að mestu leyti og játaði, að það væri, þegar á allt er litið, vel af hendi leyst, og yrði til verulegra bóta; en með því þingið einnig fór fram á að hafa skyldi 3 deila (einn deili fyrir hvert amt) til að ákveða dýrleik hverrar jarðar fyrir sig, í stað þess að stjórnin og nefndin hafði gjört ráð fyrir, að einungis einn deili skyldi við hafa um allt land, en stjórninni eigi þótti vera ástæða til að fallast á

1861. 1. aprílm.

1861. 1. aprílm. þessa breyting, þá var þetta aðalástæðan til þess, að málið á ný var borið undir álit alþingis árið 1859.

Eptir allri þeirri aðferð, er þannig hefir verið viðhöfð frá upphafi við tilbúning jarðabókar þessarar, og með því málið hefir verið rætt á alþingi á fjórum hinum síðustu þingum, þá virtist ekki vera nein gild ástæða til að fresta lengur löggilding jarðabókarinnar, en ef fallizt væri á uppástungu alþingis, að auglýsa jarðabókar frumvarpið um land allt, og á þann hátt bjóða landsbúum að koma fram með mótbárur sínar móti jarðabókinni, sem nú þegar er fullbúin, þá gæti hæglega svo farið, að öllu verkinu yrði svo að segja kollvarpað, og yrði þá aptur að byrja frá upphafi að nýju; á þetta er og vikið í álitsskjali alþingis 1857; einnig hafa ýmsir þingmenn mjög fastlega tekið það fram á síðasta alþingi. Það er eigi heldur neinn efi á því, að allflestir eigendur þeirra jarða, sem hækkaður hefir verið dýrleiki á með hinu nýja jarðamati, mundu nota tækifærið til að biðja um, að því yrði breytt; svo mundu og þeir menn, er frá upphafi hafa verið mótstöðumenn hinnar nýju jarðabókar, fá æskilegt færi á að vekja nýjar æsingar gegn öllu jarðamatinu. Sú uppástunga alþingis, sem hèr er um rætt, virðist þar að auki vera svo óákveðin, að hún jafnvel af þeirri ástæðu ekki verður tekin til greina; því eptir uppástungu þessari á stjórnin á haganlegasta hátt að laga þá galla, sem þykja vera á jarðamatinu, þar sem ástæða þykir til vera, en að öðru leyti hefir alþingi ekki sèð sèr fært að tiltaka nákvæmar, hvernig skyldi að farið í þessu efni. Þarað það nú ekki mundi ráðlegt fyrir stjórnina, að skera úr málum þessum sem umboðslegum málum, mundi verða nauðsynlegt að setja eina eður fleiri nefndir til þess nýjar rannsóknir gætu fram farið á Íslandi, og leita síðan álits alþingis um það, eður með öðrum orðum, það yrði að byrja á ný frá upphafi, og þetta yrði ekki að eins mjög kostnaðarsamt, heldur mundi það og olla miklu lengri drætti á jarðamatinu en alþingi sjálft vill.

Þar sem skýrskotað hefir verið til þess, að aðferð sú, sem alþingi hefir stungið upp á, sè samkvæm þeirri aðferð, sem hafi verið viðhöfð þá er nýtt jarðamat var lögleitt í konungsríkinu, þá ber þess að geta, að þessu er engan veginn þannig varið;

því fyrst og fremst fara uppástungur alþingis miklu lengra en átti sèr stað í konungsríkinu eptir opnu brèfi 24. júním. 1840, þar sem þingið fer fram á að ekki einungis jarðeigendurnir, heldur landsmenn yfir höfuð, þ. e. hver og einn, skyldi eiga kost á að benda á hina helztu galla, sem enn kynnu vera á jarðamatinu; og í öðru lagi er það aðgætandi, að við endurskoðun jarðamatsins, er fram fór á Íslandi árið 1850, var jarðeigendunum nægilega gefinn kostur á að láta í ljósi, hvað þeim þætti jarðamatinu ábótavant, á líkan hátt og gjört var í konungsríkinu árið 1840, en þó með hagfeldara móti. Það virðist nú svo, sem menn eigi að láta lenda við þetta, að því leyti snertir dýrleik einstakra jarða, og þetta er einnig með berum orðum tekið fram í uppástungum þeim um leiðrètting jarðamatsins, er innanríkisstjórnin samdi árið 1855, og það ár voru lagðar fyrir alþingi; komu þá engar mótbárur fram gegn þessu af þingsins hálfu, en þar á móti fèllst þingið á þá skoðun stjórnarinnar, að einungis gæti orðið umtalsmál að jafna þær misfellur, er þóttu vera á matinu í hreppum eða þó einkum sýslum, þegar einn hreppur eða sýsla væri borin saman við annan hrepp eða sýslu, og þetta var því aðalætlunarverk jarðamatsnefndarinnar í Reykjavík. Þess skal og getið um þetta atriði í álitsskjali alþingis, að uppástunga þingsins um að gefa landsmönnum enn á ný kost á að fá jarðamatinu breytt, að eins var samþykkt með eins atkvæðis mun (13 atkvæði móti 12), og að þeim, er gáfu atkvæði móti uppástungunni, þótti ástæða til að neyta rèttar þess, sem 61. grein tilskipunarinnar veitir minni hlutanum til að koma fram með atkvæði sitt. 1861. 1. aprílm.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, hefir þótt vera næg ástæða til nú þegar að löggilda jarðabókarfrumvarpið, þannig, að hin nýja jarðabók fái lagagildi 6. júnímán. 1862, og að gjöld sèu tekin eptir henni í fyrsta skipti í fardögum 1863.

Í hinu 2. uppástunguatriði í álitsskjali alþingis er farið fram á breyting á 2. grein frumvarpsins, og lítur sú breyting að því, að ríkissjóðurinn skuli endurgjalda prestum þeim og sýslumönnum, sem eru í embættum þegar hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, það sem þeir missa í við það, að eptir

1861. 1. aprílm. því, sem ákveðið er í greininni, á að gjalda tíundina eptir hinni nýju jarðabók. Í frumvarpinu var engin ákvörðun um þetta efni, að því, er snertir sýslumennina, en þar á móti var leitazt við að sjá prestunum borgið fyrir missi þeim, er þeir kynnu að verða fyrir, af því, að jarðarhundruðin, sem preststíundin að nokkru leyti er goldin af, í sumum prestaköllum eru færri eptir nýju jarðabókinni, en eptir þeirri, sem nú er í gildi, á þann hátt, að við ákvörðunina um tíundargjaldið eptir nýju jarðabókinni var bætt þeirri undantekning, að þeim prestum, sem væru komnir í embættin, þegar hin nýja jarðabók öðlaðist lagagildi, skyldi áskilinn rèttur til að taka preststíund sína af jörðunum, eptir hinum eldri dýrleik þeirra, á meðan þeir væri í hinu sama kalli, svo framarlega sem jarðartíundin á þann hátt yrði rífari, en ef hún væri reiknuð eptir hinni nýju jarðabók. Þessi ákvörðun var sett í frumvarpið samkvæmt uppástungu alþingis árið 1857, og nefnd sú, er kosin var í málið 1859, komst einnig að þeirri niðurstöðu, að ákvörðun þessi ætti að vera óbreytt, og þótti nefndinni einkum ísjárvert að stinga upp á, að endurgjaldið yrði greitt úr ríkissjóði, er svo megi ætlazt á, að það verði alls frá 300 til 400 ríkisdala, og fyrir hvern einstakan prest frá 1 ríkisdal eður þaðan af minna til 15 ríkisdala. Alþingi hefir nú reyndar tekið það fram sem ástæðu fyrir uppástungu sinni, að ákvörðun frumvarpsins hafi ollað nokkurri óánægju meðal bænda, með því hún í raun og veru raski, þó í litlu sè og aðeins um stundarsakir, þeim innbyrðis jöfnuði, sem gjaldendur sýnist eiga sanngjarna kröfu á, og að þingið ekki geti bent á neinn annan veg, er sanngjarnari sè og í öllu tilliti aðgengilegri, en að prestarnir fái endurgoldið úr ríkissjóðnum það, er þeir kynnu að missa í af tekjum sínum við löggilding jarðabókarinnar. En eins og stjórnin í raun og veru eigi getur sèð, hvernig það verði heimtað með sanngirni, að ríkissjóðurinn beri gjöld, er af þessu fljóta, þannig verður það eigi heldur viðurkennt, að ákvörðunin gefi almenningi ástæðu til nokkurrar óánægju, því bæði er hún samkvæm uppástungu alþingis 1857, eins og áður er á vikið, og svo er hèr rætt um gjald, sem er sárlítið fyrir hvern gjaldþegn, en það er sá mismunur, sem kemur fram af því, að einn fjórði

hluti jarðartíundarinnar er goldinn eptir hinum forna jarðadýr- 1861.
leik en ekki eptir hinum nýja, og þetta jafnvel aðeins um stundar 1. aprílm.
sakir, meðan sami presturinn er í brauðinu. Við þetta bætist, að gjaldþegnarnir ekki eiga að greiða hærri tíund en að undanförnu, þó ákvörðun frumvarpsins sè gjörð að lögum, og þeir hafa eigi að síður hag af löggilding hinnar nýju jarðabókar, með því þeir að öðru leyti greiða minni tíund en áður, vegna þess að jarðir þeirra eru settar niður, og virðist svo, sem þeir því síður hafi gilda ástæðu til umkvartana.

Eins og þannig ekki hefir virzt vera ástæða til að breyta frumvarpinu, að því leyti er snertir prestana, svo hefir eigi heldur þótt vera næg ástæða til að setja neina ákvörðun í þessu efni um sýslumennina. Reyndar er konungstíundin í nokkrum sýslum leigð sýslumönnunum, og með því jarðadýrleikinn er nokkuð lækkaður í sumum af sýslum þessum, missa þeir af tekjum sínum, sem annars eru litlar; en þetta nemur þó mjög litlu, og ber þess að gæta, að nefnd sú, er kosin var í málið á alþingi, hefir haldið, að allur tekjumissir sýslumanna mundi nú sem stendur nema hèr um bil 110 ríkisdölum á ári, en það er ljóst, að þetta er of hátt metið; því nefndin hefir ekki að eins talið þær sýslur, þar sem konungstíundin er seld sýslumönnum á leigu, heldur og þær sýslur, þar sem sýslumenn fá sjöttung tíundar þessarar í umboðslaun, fyrir það er þeir krefja hana af gjaldþegnum og standa síðan ríkissjóðnum skil á henni, en á þetta verður með engu móti fallizt, því það er vitaskuld, að sýslumenn í þessum síðustu sýslum ekki eiga heimting á meiru en sjöttungi þess, er þeir heimta fyrir ríkissjóðinn. Við þetta bætist þar að auki, að þessi rýrnun á tekjum nokkurra sýslumanna, sem er afleiðing af almennum lagaráðstöfunum, varla veitir þeim rètt til endurgjalds, og það því síður, sem flestir embættismenn þessir, ef ekki allir, hafa verið skyldaðir til, þá er þeim voru veitt embættin, að láta sèr lynda þær breytingar, sem nauðsynlegt kynni verða að gjöra á tekjum þeirra.

Í fyrri kafla 3. greinar í frumvarpi stjórnarinnar var ákvörðun um, að farið skyldi eptir hinni nýju jarðabók, þá er ákveða skal hinn svo nefnda skatt, að því leyti sem það er sumstaðar

1861. 1. aprílm. venja að leggja saman, þegar svo stendur á, fasteign og lausafè til að reikna út skattinn. Eins og áður er á vikið hefir alþingi beðið um, að þessi ákvörðun yrði úr felld, og hefir því til styrkingar verið tekið fram, að með henni virtist vera samþykkt sú aðferð, sem á ýmsum stöðum sè farin að smeygja sèr inn, að sýslumenn heimti skatt af samanlögðu lausafè og fasteign, en með því alþingi áleit slíka aðferð ranga, þótti því rèttast að sleppa ákvörðuninni um, að farið skuli eptir hinni nýju jarðabók, þá er reikna skal skattinn, þar sem það hefir verið venja að byggja skylduna til að greiða skatt að nokkru leyti á fasteign. Þó það nú sè full-ljóst af ástæðunum fyrir grein þessari í frumvarpinu, að ákvörðunin enga breyting gjörir á reglum þeim, sem hingað til hefir verið farið eptir um skattheimtuna, og að sýslumenn því ekki eptir þessari ákvörðun gætu lagt saman fasteign og lausafè til að reikna af skattinn, þar sem ekki er heimild fyrir því í eldri ákvörðunum eður slíkri venju, sem um er rætt í rentukammerbrèfi 28. aprílm. 1832, þá er það á hinn bóginn víst, að það skiptir litlu, hvort haft er tillit til hins forna eður nýja jarðadýrleika, þegar slík samlagning getur átt sèr stað, og með því ákvörðun þessi einkum var sett í frumvarpið til þess ekki vantaði ákvörðun um það atriði, þótti það engum vankvæðum bundið að láta hana falla burt úr 3. grein eptir uppástungu þingsins.

Að síðustu hefir alþingi í 4. niðurlagsatriði álitsskjalsins stungið uppá, að við 4. grein frumvarpsins sè bætt þeirri ákvörðun, að hverjum, sem getur fært ljós rök fyrir því, að jörð sín sè rangt metin, skuli 5 fyrstu árin eptir löggilding jarðabókarinnar heimilt að bera ástæður sínar fyrir stjórnina, til þess að fá matinu breytt. En ekki hefir virzt vera ráðlegt að gjöra slíka ákvörðun. Alþingi hefir reyndar þótt þetta vel til fallið, þareð verið gæti, að stórfelldir gallar reyndust á skuldsetning einstakra jarða, en mikið væri undir því komið, að hin nýja jarðabók yrði almenningi sem aðgengilegust, og næði sem fyrst fullri staðfestu og hylli alþýðu. En eptir því, sem tekið hefir verið fram áður um 1. niðurlagsatriðið í álitsskjali alþingis verður að álíta, að við svo búið eigi að standa um skuldsetning jarðanna,

eins og hún er orðin eptir þær endurskoðanir á jarðamatinu, sem hvað eptir annað hafa fram farið, og eigi jarðamatið að geta náð nokkurri staðfestu, er það einmitt nauðsynlegt að girða nú fyrir nýjar endurskoðanir, og ekki leyfa þær fyr en sá tími er liðinn, sem til er tekinn í 4. grein, en það eru 20 ár frá þeim degi, er hin nýja jarðabók öðlast lagagildi. 1861. 1. aprílm.

---

16. Opið brèf um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands. 1. aprílm.

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands, að upphæð 8,360 rdl. 82 sk., skal endurgjalda jarðabókarsjóðnum á þann hátt, að honum sè jafnað niður á allar jarðir í landinu, þannig, að gjalda skal $9\frac{1}{4}$ skildinga af hverju jarðarhundraði, sem til er fært í hinni nýju jarðabók.

2. gr.

Gjald þetta skal eigandi hverrar jarðar skyldur að greiða, eða, ef hann ekki sjálfur býr á jörðinni, ábúandi hennar, en hann skal eiga rètt á að fá það endurgoldið hjá eiganda; skulu

1861. 1. aprílm. sýslumenn heimta helming þess árið 1863, en hinn helminginn árið 1864.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður[1].

Samkvæmt konungsúrskurði 27. maím. 1859 var lagt fyrir alþingi 1859 frumvarp til opins brèfs um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands, en í álitsskjali sínu um málefni þetta rèði þingið frá því, með 16 atkvæðum mót 8, að frumvarpið að svo komnu skyldi út koma sem lagaboð, og það af þeim ástæðum, að ofsnemmt sè að gjöra ákvörðun um, að hve miklu leyti beri að endurgjalda ríkissjóðnum jarðamatskostnaðinn, og um það, hvernig jafna skuli kostnaði þessum á landið, meðan eigi sè búið að staðfesta hina nýju jarðabók, og eigi verði fyrir sèð, nema hún kunni verða lögð undir meiri eða minni endurskoðun, en af því muni vafalaust leiða nýjan kostnað.

En með því búið er að staðfesta hina nýju jarðabók, þá er horfin þessi ástæða til að fresta máli þessu, og þarf því eigi að rannsaka, hvort svo óslítandi samband, eins og alþingi hefir gjört ráð fyrir, sè milli löggildingar jarðabókarinnar og frumvarps þess, sem hèr er um rætt, að ekki megi gjöra það að lögum fyrri en búið sè að löggilda jarðabókina.

Þess vegna þótti ekki vera nein ástæða til að fresta úrslitum máls þessa, og ber því nú að ákveða, hve mikið fè skuli endurgoldið og á hvern hátt því skuli jafnað á jarðir í landinu og hvernig það skuli heimt, samkvæmt reglunni í tilsk. 27. maím. 1848, 7. gr. Eins og getið er um í ástæðunum fyrir frumvarpi til lagaboðs þessa[2], er kostnaður sá, er risið hefir af tilbúningi hinnar nýju jarðabókar, og til bráðabyrgða hefir

---

1) Smbr. alþ.tíð. 1859, 12., 13.—14., 1775.—1779., 1824.—1846., 1857.—1858., viðb. A 33.—34. bls.

2) Sjá alþ.tíð. 1859, viðb. A 33. og 34. bls.

greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands, samtals 8,360 ríkis- 1861.
dalir 82 skild.; af fè þessu hefir gengið 5,720 rdl. 92 sk. til 1. aprílm.
jarðavirðingar þeirrar, er fram fór á Íslandi árin 1849 og 1850, 2,489 rdl. 86 sk. til matsnefndar þeirrar, er sett var í Reykjavík samkvæmt konungsúrskurði 18. maím. 1855, og að síðustu 150 rdl. fyrir útreikning á dýrleika hverrar jarðar fyrir sig, sem gjörður hefir verið í hinni íslenzku stjórnardeild dómsmálastjórnarinnar.

Í umræðunum um málið á alþingi og í álitsskjali þingsins er það nú reyndar tekið fram, að ástæða sè til að slengja ekki saman gjöldum þessum, bæði af því, að tilskipun 27. maí 1848 7. gr. naumast hafi getað haft tillit til annars kostnaðar en þess, sem fyrst er talinn, sem stendur beint í sambandi við jarðamatið sjálft, og svo vegna þess, að hin síðarnefndu gjöldin eru annars eðlis, þarsem nefndin í Reykjavík hafi verið konungleg nefnd, og útreikningur jarðabókarinnar verið gjörður í skrifstofum stjórnarinnar, og er af þessum ástæðum farið fram á, að einungis þau gjöldin, sem fyrst eru nefnd, eður 5,720 rdl. 92 sk., skuli lenda á Íslandi, og verða jafnað niður á jarðir í landinu eptir hinu nýja jarðamati, en hinn kostnaðinn, eður 2,639 rdl. 86 skild., virtist þinginu eiga að greiða úr ríkissjóði og telja með skrifstofukostnaði.

En ekki virðist eiga að láta það, er alþingi þannig hefir tilfært, neinu ráða. Í 7. gr. í tilskipun 27. maím. 1848 er það ákveðið með berum orðum, að allur sá kostnaður, er rísi af ráðstöfun þessari, skuli endurgoldinn, og er engin heimild til að álíta, að það hafi verið tilgangur tilskipunarinnar, að þessi regla skyldi að eins eiga við um þann kostnað, er reis af jarðamatinu árin 1849 og 1850; miklu fremur er það ljóst, þegar 7. grein er borin saman við 5. grein, að einnig átti að endurgjalda ríkissjóðnum allan þann kostnað, er reis af þeim störfum, er miðuðu til að fullgjöra jarðamatið, eptir að hinni eiginlegu virðing var lokið; þau störf eru þar að auki gjörð eptir uppástungum alþingis, og er það ákveðið í konungsúrskurðum 18. maím. 1855, 27. maím. 1857 og 27. maím. 1859, að kostnaður sá, er af þessu risi, skyldi endurgoldinn ríkissjóðnum á sama hátt og annar

1861. 1. aprílm. kostnaður við jarðamatið. Við þetta bætist enn fremur, hvað sérstaklega snertir jarðamatsnefndina í Reykjavík, að hún ekki var konungleg nefnd, því konungur hafði eigi skipað hana, heldur hafði konungsfulltrúi nefnt í hana einn mann, en alþingi tvo, og að alþingi þá, er það í þegnlegu álitsskjali sínu 10. ágústm. 1853 bað um, að nefndin yrði skipuð, með 15 atkvæðum mót 2 stakk upp á, að allur sá kostnaður, er leiddi af ráðstöfun þessari, og er með berum orðum þar með talið hæfileg þóknun handa nefndarmönnunum og kostnaður við ritföng m. m., yrði fyrirfram[1] greiddur úr jarðabókarsjóðnum, en í þessu liggur augljóslega sú þýðing, að kostnaðurinn skyldi síðar endurgoldinn, þetta virðist einnig hafa verið álit alþingis 1857, því þá var þinginu kunngjörður konungsúrskurður 27. maí 1857, en í honum var meðal annars ákveðið, að þóknun til nefndarmannanna m. m. skyldi endurgoldin ríkissjóðnum; en eigi að síður komu engin mótmæli fram móti þessu frá þingsins hálfu, heldur stakk alþingi jafnvel upp á því, að hver nefndarmanna fengi 100 ríkisdölum meira, en ákveðið var í konungsúrskurðinum.

Það hefir því ekki þótt vera ástæða til að gjöra greinarmun á gjöldum þessum, sem til bráðabyrgða hafa greidd verið úr ríkissjóðnum til hins nýja jarðamats, heldur hefir virzt eiga að endurgjalda allt það fé, er til þess hefir gengið, en það eru 8,360 ríkisdalir 82 sk. Þegar jafna skal þessu fé á allar jarðir í landinu þannig, að af hverju jarðarhundraði í hinni nýju jarðabók sé goldið að tiltölu réttri, þá telst svo til, að næst því fer að jafna skuli $9\frac{1}{4}$ sk. á hvert hundrað. Að vísu er öll hundraðatalan í hinni nýju jarðabók 86755,1 hndr., og fæst því með

---

1) Í hinum danska texta álitsskjalsins stendur „forskudsviis", og er það einnig ljóst af álitsskjalinu sjálfu, að sú hefir átt að vera þýðingin í orðinu fyrirfram í niðurlagsatriðinu, að kostnaðinn skyldi til bráðabyrgða eða fyrst um sinn greiða úr jarðabókarsjóðnum, en ekki sú þýðing, sem næst liggur í þessu orði, að kostnaður sá, er leiddi af starfa þessum, skyldi greiddur úr jarðabókarsjóðnum áður en starfinn færi fram (fyrirfram), án þess þar með væri sagt, hvort hann ætti að endurgjaldast sjóðnum eður ekki. Ritst.

niðurjöfnun þessari að eins 8359 rdl. 20 sk., eður 1 rdl. 62 sk. of lítið; en líklegt er, að þessi skakki muni jafnast, þegar skildingabrot eru gjörð að heilum skildingum, þá er reikna skal gjaldið af hverri jörð fyrir sig; svo yrði og skakkinn meiri, eður 73 rdl. 63 sk. of mikið, ef jafnað væri $9\frac{1}{3}$ sk. á hvert jarðarhundrað, og á hinn bóginn yrði það of erfitt, ef jafna skyldi gjaldinu á jarðarhundruðin þannig, að hafa við brot er væri milli $\frac{1}{4}$ og $\frac{1}{3}$. 1861. 1. aprílm.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, og samkvæmt þeirri ákvörðun í tilskipuninni um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, að hún skuli fá gildi 6. júnímánaðar 1862, verður að bæta við, því sem með þarf, í 1. og 2. grein frumvarps þess, sem hèr er um rætt, og þykir þar að auki ástæða til að gjöra orðabreyting í niðurlagi 2. greinar, til þess efni hennar verði ljósara.

---

17. Brèf dómsmálastjórnarinnar til innanríkisstjórnarinnar um launaviðbót embættismanna á Íslandi, m. m. 4. aprílm.

Í brèfi 23. f. m. hefir innanríkisstjórnin lýst því yfir um reikning þann, er henni var hèðan sendur um launaviðbót embættismanna og sýslunarmanna á Íslandi og Færeyjum fyrir fjárhagsárið $18\frac{6}{12}$ eptir lögum 19. febrúarm. þ. á., að ekkert hafi þótt athugavert um það, hvernig launaviðbót embættismanna á Færeyjum hafi verið reiknuð, en þar á móti þyki innanríkisstjórninni vafasamt, hvort lög þessi verði heimfærð til embættismanna og sýslunarmanna á Íslandi, er fái laun sín úr ríkissjóðnum.

Í þessu efni skal þess getið, að eins og hin fyrri lög um launaviðbót ætíð hafa verið heimfærð til embættismanna á Íslandi, þannig hefir og dómsmálastjórnin gjört ráð fyrir því, að einnig ætti að heimfæra til embættismanna þessara hinar almennu ákvarðanir í lögunum 19. febrúarm. um greiðslu embættislauna, með því öldungis sömu ástæður eru til þess, og

1861. 4. aprílm.

lögin eptir efni sínu ná til þeirra (sjá einkum fyrirsögn laganna og 1. grein), og þar sem það hefir verið tekið fram til að hrekja þetta, að á fjárhagsári því, er síðast leið, hafi komið út sèrstakleg lög um það, hvernig greiða skyldi laun íslenzkra embættismanna, þá stóð svo á því, að þegar þau lög voru rædd, var það ekki orðið víst, hvort ríkisþingið mundi fallast á almenn launalög fyrir embættismenn í konungsríkinu, og ef það yrði ekki, hvort þá mundi verða samþykkt almenn lög um greiðslu embættislauna, en eins og kunnugt er varð þessu eigi framgengt fyrri en á síðasta fundi ríkisþingsins í fyrra. Eptir að svona var komið voru í raun og veru orðin óþörf sèrstakleg lög um það, hvernig greiða skuli laun embættismanna á Íslandi, en með því nú ríkisþingið á annað borð var búið að samþykkja þau, þótti rèttast að þau fengi konunglega staðfesting.

Eigi virðist það heldur geta gjört neitt til í þessu efni, að það var í ráði, eins og innanríkisstjórnin víkur á, að leggja fyrir hið síðasta ríkisþing á ný sèrstaklegt lagafrumvarp um laun embættismanna og sýslunarmanna á Íslandi; því eptir að síðar var búið að sleppa þessu, þá var öldungis eins ástatt með embættismenn þessa eins og aðra embættismenn, er njóta góðs af hinum almennu ákvörðunum í lögunum frá 19. febrúar þ. á., jafnvel þó laun þeirra eigi sèu ákveðin í þeim lögum.

Þar sem innanríkisstjórnin þessu næst hefir látið í ljósi það álit sitt, að ef heimfæra skuli lögin frá 19. febrúarm. þ. á. til íslenzkra embættismanna, þá eigi ekki að eins að heimfæra til þeirra ákvarðanirnar í 1. grein laganna, heldur einnig allar ákvarðanir í 1. kafla þeirra, þá getur dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti ekki haft neitt á móti þessu. Enn fremur hefir hið heiðraða stjórnarráð í sambandi við þetta tekið fram, að það leiði af því, sem ákveðið er í 8. grein laganna (smbr. 4. gr.), að þeir tveir hèraðslæknar á Íslandi, sem nú sem stendur gegna tveim embættum, verði að missa nokkurs í af launum sínum, samkvæmt því, sem þar er fyrir mælt. Um þetta atriði skal skýrskotað til þess, sem sagt er í brèfum hèðan, dagsettum 13. f. m. og í dag, viðvíkjandi nokkrum embættismönnum, sem eru settir til að gegna embættum í hinum konunglega landsyfirrètti,

hirðrètti og bæjarrètti Kaupmannahafnar, um það, hvort 8. grein laganna eigi að heimfærast til þeirra, sem búið var að setja í embætti áður en lögin komu út; en hvað sèr í lagi snertir lækna þá, er fyr voru nefndir, þá er það athugavert, að dómsmálastjórnin með samþykki innanríkisstjórnarinnar, er hún veitti í brèfum sínum 19. marzm. 1859 og 28. ágústm. 1860, hefir sett þá í embættin með þeim skilmálum, að þeir skyldu hafa full laun beggja embættanna, meðan þeir væru settir til að gegna þeim, og launaviðbót, er reiknuð skyldi af launanum samanlögðum; virðist því dómsmálastjórninni, að fyrir þann tíma, er líður þangað til þeir geta lýst því yfir, hvort þeir vilji takast á hendur að gegna embættunum með þeim kjörum, sem ákveðin eru í lögunum frá 19. febrúarm. 1861, eður ekki, þá eigi þeir heimting á að fá í uppbót svo mikið, er svari mismun þeirra launa, er þeim voru heitin, þá er þeir voru settir í embættin, og þeirra, er þeir fá eptir lögum þessum, og ætti að áliti dómsmálastjórnarinnar að stinga upp á þessari uppbót í frumvarpi til fjáraukalaga. 1861. 4. aprílm.

Dómsmálastjórnin óskar að fá vitneskju um, hvað innanríkisstjórnin afræður í þessu efni, ef unnt er svo bráðlega, að það verði tilkynnt hlutaðeigendum með póstskipinu, sem á að fara hèðan 13. þ. m.

Með því 1. og 3. kafli laganna frá 19. febr. 1861, sem opt er vitnað til í brèfi því, sem hèr er á undan, eru að mestu leyti almenns efnis, og ákvarðanirnar í 1. kaflanum eiga við um embættismenn á Íslandi, eptir áliti dómsmálastjórnarinnar, setjum vèr hèr þessa kafla úr lögunum, en sleppum 2. kafla þeirra, sem er sèrstaklegs efnis og snertir Ísland að engu.

Lög

um laun þeirra embættismanna og sýslunarmanna, er heyra undir stjórnarráð konungsríkisins, að þeim undanskildum, sem eru í sjálfum stjórnarráðunum:

1861. Vèr Friðrik hinn sjöundi o. s. frv. gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á og Vèr með samþykki Voru staðfest þessi lög:

I.

Almennar ákvarðanir.

1. grein.

Af föstum tekjum í peningum (hvort sem það eru eiginleg embættislaun, sýslunarlaun og launaviðbót, sem veitt er einstökum manni, eða fast gjald í peningum í staðinn fyrir skileyri), sem veittar eru embættismönnum og sýslunarmönnum þeim, er fá laun sín úr ríkissjóði eður sèrstaklegum sjóðum, sem eru til greindir í fjárlögunum, skal reikna til korns 60 ríkisdali af hverju hundraði af fyrstu fimm hundruðunum, 40 ríkisdali af hverju hundraði af næstu fimm hundruðunum, 20 ríkisdali af hverju hundraði af næstu fimm hundruðunum, og að síðustu 10 ríkisdali af hverju af þeim fimm hundruðum, er á eptir fara, á þann hátt, að 4 ríkisdalir sèu taldir til jafns við eina korntunnu. Að eins þann hluta peningagjaldsins skal reikna til korns, er eptir þessu nemur heilum korntunnum, en það, sem fram yfir er, skal eigi með talið. Enn fremur skal nema svo af þeim hluta árslaunanna, sem eptir ákvörðun þessari skal talinn embættismönnum til ágóða, að hann sè heilir ríkisdalir, er eigi standi á stökum, en það, sem fram yfir er, falli burt; þar að auki mega engi laun við ákvörðun þessa verða hærri en 4000 rdl.

Það korn, er embættismenn eður sýslunarmenn eptir þessu eiga að fá, skal reiknað þeim í tekjur eptir meðalverði þeirra fjögra korntegunda, er nú skal sagt: hveitis, rúgs, byggs og hafra, eptir verðlagsskrá þeirri, er gildir um kornuppskeru síðastliðins árs, þannig, að hveitið sè metið eptir verðlagsskránni í Lálands- og Falsturs-stipti, en rúg, bygg og hafrar eptir verðlagsskránni í Sjálands-stipti.

Það kornverð, sem eptir þessu á að reikna í tekjur embættismanna, skal aldrei sett hærra en 6 ríkisdalir, og aldrei lægra en 4 ríkisdalir á hverri tunnu. Það skal greitt þeim ásamt með öðrum launum þeirra, og á sama hátt og þau.

2. grein. 1861.

Nú hefir einhver á hendi fleiri en eitt embætti eður sýslanir, er laun hafa úr almennum sjóði, þá skal haft tillit til samanlagðra launa þeirra í peningum, er hann hefir í tekjur, hvort sem þau eru greidd af fè konungsríkisins eður úr sèrstaklegum sjóðum, er til greindir eru í fjárlögunum, eður þau eru til greind í gjaldaáætlun alríkisins eður einhvers annars ríkishluta, og á að því leyti konungsríkið snertir að greiða korn það, er honum ber, eptir tiltölu af þeirri upphæð, er svarar til launanna samanlagðra.

3. grein.

Ákvarðanir þær, sem að ofan eru greindar, eiga ekki við:

1. Um þá embættismenn og sýslunarmenn, sem hafa aðallaun sín af aukatekjum, afnotum jarða, gjöldum, er greidd eru í skileyri, eða öðrum þeim hlutum, er ætla má að hafi hækkað í verði eptir því, sem kringumstæðurnar hafa breytzt, og eigi um þann hagnað, er embættismenn og sýslunarmenn hafa af slíkum hlynnindum.

2. Um það, sem er greitt í þóknunarskyni, eður af aðstoðarfè því, sem um er getið í 25. og 27. grein, eður af fè, sem nefnt er í lögum 12. janúarm. 1858, 5., 9., 15., 18., 21., 28. og 32. grein.

3. Um dómendur í æðsta dómstól ríkisins, lærifeður og kennara við Kaupmannahafnar háskóla, þá er ákveðið er að þar skuli vera, kennarana við fjöllistaskólann, og embættismenn og sýslunarmenn við skóla hinna blindu. Þeir sem eru í einhverri stöðu við hið konunglega leikhús, eður í hinni konunglegu kapellu, en ekki eiga rètt til eptirlauna, eiga að eins á þann hátt, sem stjórnarráðið nákvæmar tiltekur, heimting á þeirri launaviðbót, sem fæst með því, að nokkur hluti launanna, eptir því sem að ofan er ákveðið, sè reiknaður til korns.

4. grein.

Nú á einhver fleirum en einu embætti eður opinberri sýslan að gegna, þá skal hann missa svo mikils í af launanum saman

1861. lögðum, sem svari helmingi þeirra allra, að undanskildum hinum hæstu, eða einhverjum af hinum hæstu laununum, ef fleiri eru jafnhá; þó má það, sem á þann hátt er afdregið, aldrei nema meiru en fjórðungi af samtölu allra launanna. Því sem af er dregið skal skipt á tekjur embættanna eður sýslananna eptir því, hvað tekjurnar eru miklar við hvert embætti eður sýslan, en verður eptir þessum lögum aðeins haldið aptur af þeim launum, sem greidd eru úr sjóði konungsríkisins, eður af þeim stofnunum, er tekjur og gjöld þeirra eru ákveðin í fjárhagslögunum. Að því leyti snertir þá menn, sem nú eru í embættunum, þá skal að eins dregið af þeirri launaviðbót í peningum, sem ákveðin er í þessum lögum.

Það er á skilið, að skipa megi fyrir um þetta efni nákvæmar í fjárlögunum á ári hverju, ef þess virðist vera þörf.

5. grein.

Nú hefir einhver meiri laun en heyrir embætti hans eptir lögum þessum, þá heldur hann því, sem framyfir er, sem launaviðbót, er honum sè veitt fyrir sjálfan sig. Launaviðbætur, er mönnum eru veittar fyrir sjálfa sig, hverfa eptir því, sem launin vaxa við það, er menn fá viðbót fyrir embættis þjónustu.

6. grein.

Þá er ákveða skal eptirlaun, skulu launaviðbætur þær, sem um er rætt í 1. og 2. grein, eigi með taldar.

7. grein.

Útreikningur þeirrar launaviðbótar, sem embættismenn og sýslunarmenn fá eptir 1. og 2. grein, og viðbótar þeirrar eptir kornverði, sem um er rætt í 25. og 27. grein, skal lagður fyrir þann ráðgjafa, er hefir á hendi fjárstjórn konungsríkisins, áður nokkru megi ávísa eptir lagagreinum þessum, og skal svo búið standa við ákvörðun þessa ráðgjafa, og má eigi skjóta henni undir úrskurð dómstólanna.

8. grein.

Sá embættismaður, er föst laun hefir úr almennum sjóði,

og settur er til að gegna öðru embætti, sem einnig fylgja fastar tekjur, um tímabil er ei nemi meiru en 6 vikum, fær enga sérstaklega borgun fyrir það, auk launa þeirra er hann hefir haft; en þurfi hann fyrir þá sök, að hann er settur til að gegna embættinu, að fara burt þaðan, sem hann átti fasta dvöl, á hann heimting á ferðakostnaði og fæðispeningum. Sé hann settur til að gegna embættinu um lengri tíma, þá fái hann í þóknun mismuninn milli hæsta launastigs í þeim flokki embættislauna, er hann heyrir undir, og lægsta launastigs í þeim flokki, sem það embætti er í, sem hann nú sem stendur er settur í. 1861.

Nú er einhver settur til að gegna embætti, og gegnir jafnframt því embætti, sem hann áður hefir verið skipaður í, þá skal farið eptir því, sem fyrir er mælt í 4. grein; þó ber að álíta sem þóknun þau laun, er hann eptir þessu fær framyfir þau embættislaun, er hann hefir áður haft. Séu laun þau, sem lögð eru öðru hvorju af embættum þeim, sem um stundarsakir eru þannig sameinuð, eður báðum, að nokkru eður öllu leyti óvissar tekjur, þá skal farið eptir því, hve miklar tekjurnar hafa verið 5 árin síðustu að meðaltali, er jafna skal saman tekjum embættanna, og heimfæra til þeirra reglu þá, sem hér er fyrir skipuð.

II.

. . . . . .

. . . . . .

III.

29. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag aprílm. 1861, að svo miklu leyti, sem ekki verður óumflýjanlegt að hafa lengri frest til að ráðstafa þeim breytingum, er af þeim leiða í ýmsum sérstaklegum atriðum; þó má sá frestur með engu móti lengri vera en til 1. júlím. þ. á. Á lögum þessum skal gjörð almenn endurskoðun áður en liðið sé fjárhagsárið 1865—66.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

1861. Gefið í höll Vorri Kristjánsborg, 19. dag februarm. 1861.
Undir Vorri Konunglegu hendi og innsigli.

---

17. aprilm. **18. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um fjárverði vegna fjárkláðans.**

Í bænarskrá, er hingað barst með brèfi yðar, herra amtmaður, 20. februarm., er síðast leið, hafa þeir Kristján kammerráð Kristjánsson, sýslumaður í Húnavatnssýslu, Jósep hèraðslæknir Skaptason og fl. farið þess á leit, að með því fjárkláðinn, á þann hátt að ísjárvert megi þykja, hafi á ný gjört vart við sig í Gullbringu og Kjósarsýslum og í Borgarfjarðarsýslu í suðurumdæminu, þá skuli nú í vor og í sumar komanda settir fjárverðir á hentugum stað, til þess að varna samgöngum milli fjár úr suðurumdæminu við fè úr vesturumdæminu og norðurumdæminu, er alls enginn kláði sè í tveim þessum síðast nefndu umdæmum.

Um leið og þèr senduð hingað bænarskrá þessa, mæltuð þèr með því, að stjórnin annaðist málið, og bættuð að eins við það þeim athugasemdum, að reynsla undanfarinna ára hafi að fullu sannfært yður um, að aðskilnaður fjár og verðir sè, eptir því sem til hagar á Íslandi, eina ráðið til að varna útbreiðslu og viðgangi sýkinnar, en að þèr hafið ekki sèð yður fært að taka bænarskrána til greina uppá yðar eigin ábyrgð, bæði vegna þess, að jafnaðarsjóður norður- og austurumdæmisins sè í töluverðri skuld við ríkissjóðinn, og svo þess vegna, að setja yrði að líkindum verðina fyrir utan ummerki þessa umdæmis, helzt á takmörkunum milli hinna sýktu og ósýktu sveita í Borgarfjarðar sýslu.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að þareð menn ætla, eptir því sem segir í skýrslu stiptamtmanns, sem dagsett er 24. f. m., að sýkin sè hætt í suðurumdæminu, þykir dómsmálastjórninni ekki vera ástæða til

að gjöra neinar ráðstafanir útaf bænarskrá þeirri, sem að ofan er getið. En ef svo skyldi breytast, frá því sem nú er, að yður, herra amtmaður, kynni virðast nauðsyn til bera, að gjörðar sèu slíkar ráðstafanir sem bent er á í bænarskránni, eigið þèr að leita til hinna amtmannanna á Íslandi, er í dag hefir verið ritað um þetta efni, um þær framkvæmdir, er að þessu lúta, og koma yður saman við þá bæði um það, hvernig vörðunum skuli hagað, og hvernig kostnaður til þeirra skuli niður koma, en hann verður að lenda á umdæmunum sjálfum, og má eigi búast við neinum styrk til þeirra úr ríkissjóðnum[1]. 1861. 17. aprílm.

---

19. Brèf dómsmálastjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um póstmálefni Íslands. 23. aprílm.

Þegar fjárstjórnin var búin að lýsa því yfir við dómsmálastjórnina, í heiðruðu brèfi 10. októberm. 1858, að hún yrði að halda það óráðlegt að fá aðalpóststjórninni í hendur stjórn hinna íslenzku póstmálefna, þá varð að sleppa þeirri fyrirætlun, að minnsta kosti fyrst um sinn, að sameina þessi póstmálefni við hin almennu póstmálefni alríkisins. Síðan hefir verið skipuð nefnd manna í Reykjavík árið 1859, og voru í henni allir amtmennirnir á Íslandi, landfógetinn, og einn maður er alþingi kaus; var það ætlunarverk nefndar þessarar að búa til uppástungur um fyrirkomulag póstmálefna á Íslandi, og um póstferðir milli konungsríkisins og Íslands. Eptir að nefndin var búin að senda hingað uppástungur sínar, var samið í dómsmálastjórninni frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland, um sendingar með póstum.

Það er nú áform dómsmálastjórnarinnar, að leggja frumvarp þetta fyrir alþingi það, er haldið verður þetta árið, til þess það segi um það álit sitt, en áður en þetta sè gjört, hefir

---

1) Sama dag var stiptamtmanninum yfir Íslandi og amtmanninum yfir vesturumdæminu ritað um málefni þetta. Var þeim sent eptirrit af bænarskránni og brèfi amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, og gefið til vitundar hverju amtmanninum hefði verið svarað.

1861. 23. aprílm. þótt við eiga að biðja um athugasemdir fjárstjórnarinnar um frumvarpið; hefir ekki að eins eðli máls þessa hvatt dómsmálastjórnina til þess, heldur og það heit hinnar heiðruðu fjárstjórnar, að láta í tè aðstoð sína til að koma skipulagi á málefni þetta.

Dómsmálastjórnin sendir því fjárstjórninni með brèfi þessu frumvarp það, sem nú var nefnt, og þau tvö lagafrumvörp, er nefndin hefir samið, og skal um leið skýrskotað til ástæðna þeirra, er þeim fylgja, en um frumvarpið í heild sinni skal nú farið nokkrum orðum:

Dómsmálastjórninni virðist eigi vera nægileg ástæða til að skipa fyrir um málefni þetta í tveim lagaboðum, eins og nefndin hefir stungið upp á, þannig, að í öðru lagaboðinu skyldi ákveðið um póstferðir milli Danmerkur og Íslands, en í hinu um póstmálefni á Íslandi. Hið einfaldasta og eðlilegasta virðist vera, að einungis ein lög komi út fyrir Ísland, um sendingar með póstum, og í þeim séu einnig þær ákvarðanir, sem þörf er á, um póstferðir milli Danmerkur og Íslands. Menn hafa og áþekkt dæmi fyrir sèr, þar sem er tilskipun 10. júlím. 1855 um löggilding dönsku póstlaganna frá 11. marzm. 1851 á Vestureyjum. Þvínæst hefir verið sleppt úr frumvarpinu þeim ákvörðunum, sem eiginlega eiga heima í reglugjörð, t. a. m. hvernig flytja skuli það, sem sent er með póstum, um póstvegina, tölu þeirra, afgreiðslu pósta, stjórn póstmálefna, skyldur póstþjóna m. m.; um allt þetta má ákveða í fararsamningi þeim, er gjöra skal við hlutaðeiganda gufuskips-útgjörðarmann, og í reglugjörð þeirri, er ætti að birta um leið og lagaboðið um sendingar með póstum kæmi út.

Um sèrstakar ákvarðanir frumvarpsins er þessu næst það að segja, að þegar það var samið, var það byggt á frumvarpi nefndarinnar; þó var einnig, að því er unnt var, höfð hliðsjón af póstlögunum frá 11. marzm. 1851, og tilskipun fyrir Vestureyjar frá 10. júlím. 1855. Þannig hefir verið tekin eptir frumvarpi nefndarinnar ákvörðunin um, hverja hluti megi senda með póstum (sjá 1. grein), um að greiða skuli fyrirfram burðareyri, og um undantekningar frá þeirri reglu; um það, að burðareyrir skuli vera hinn sami um allt land, um það, hve mikill

hann skuli vera, og um það, að álíta skuli sem brèf allt, sem sent er með póstum (3.—5. grein); enn fremur um minni brèfburðareyri fyrir dagblöð og önnur blöð, sem send eru með póstum í krossbandi (6. grein), og um ábyrgð þá, sem póststjórnin tekur að sèr á peningum, sem sendir eru með póstum á Íslandi (7. grein). Í þessari síðustu grein virtist þó eiga að breyta töluvert frá uppástungu nefndarinnar; því bæði er það með berum orðum tekið fram, að póststjórnin ekki taki að sèr neina ábyrgð til skaðabóta á öðru því, sem sent er með póstum, en peningum, og svo hefir og töluvert verið minnkað gjald það, er nefndin stakk upp á að greiða skyldi fyrir það, að póststjórnin tæki að sèr ábyrgð á slíkum peningum, með því gjald þetta virðist vera svo mikið, að nálega yrði ófært að senda peningana með póstum, einkum fyrir þá, sem búa annarstaðar á Íslandi en í Reykjavík, og vilja koma peningum hingað. Sú önnur breyting frá uppástungum nefndarinnar, er töluverðu skiptir, er í síðustu grein frumvarpsins; þar er svo fyrir skipað, að greiða skuli flutningseyri fyrir það, sem sent er með pósti millum Danmerkur og Íslands, en nefndin stakk upp á, að um það, sem sent væri með pósti þessa leið, skyldi farið að á sama hátt og að undanförnu, og ætti eptir því ekki að greiða neitt fyrir þau brèf, er send væru með gufupóstskipinu. En ástæður þær, sem nefndin hefir tekið fram til styrkingar þessu gjaldfrelsi, virðast ekki vera svo afmiklar, að á þeim verði byggð slík undantekning frá þeirri reglu, er gildir um allar aðrar póstferðir í alríkinu; því þó ekki væri heimtað neitt gjald fyrir það, sem sent var með pósti til Danmerkur meðan haft var til póstferðanna seglskip, er ekki fór landa á milli nema einusinni á ári, þá er vitaskuld, að slíkt er ekki nóg ástæða til þess að ákveða, að eigi skuli heldur heimta gjald þetta, eptir að búið er að koma á reglulegum póstferðum 6 eður 7 sinnum á ári, og koma nýju og betra skipulagi á póstmálefni bæði hèr og á Íslandi. Það hefir því næst verið tekið fram, að þetta mundi töluvert auka störf þeirra, er eiga að afgreiða póstana, og að varla sè líklegt, að sá kostnaðarauki, er þetta mundi hafa í för með sèr, yrði borgaður af tekjum þeim, er á þenna hátt fengjust; en eigi verður

1861. 23. aprílm.

1861. 23. aprílm. sèð að þetta sè rètt; því þegar á annað borð á að skipa sèrstaklega póstafgreiðslumenn bæði hèr og í Reykjavík, þá virðist ekki eiga að veita þeim neina sèrstaklega borgun í því skyni. Á hinn bóginn yrðu tekjur þær, sem fengjust fyrir sendingar þessar, ekki svo mjög litlar; því núna síðustu árin hafa farið þessa leið með póstskipinu hèr um bil 4000 brèf til einstakra manna, og þar að auki hèr um bil 130 smábögglar, og má þannig telja víst, að nú þegar mundu fást í flutningseyri fyrir sendingar þessar frá 300 til 400 rdl., og mundu tekjur þessar vafalaust vaxa þegar betur greiðist úr ýmsum hlutum. Enn fremur sèst, að nefndin hefir stungið upp á, að ef svo færi að aðalpóststjórnin tæki að sèr að afgreiða póstinn, þá skuli þegar heimta flutningseyri fyrir sendingar þær, sem hèr er um rætt; en eigi virðist það eiga að gjöra neitt til sakar í þessu efni, hvort hin íslenzka stjórnardeild afgreiðir póstinn eða aðalpóststjórnin gjörir það.

Þegar flutningseyrir er ákveðinn hèðan og til Íslands, þá virðist engin ástæða vera til að senda að eins brèf með pósti með gufuskipinu þessa leið, því reyndar er það tiltekið í fararsamningi þeim, er gjörður hefir verið við verzlunarhúsið Koch og Henderson, að ekki skuli sendir bögglar í pósttöskunum, en í fyrsta lagi er það athugandi, að engin föst takmörk eru sett milli þess, sem senda má með gufuskipinu sem brèf, og þess sem telja skal að sèu bögglar, og svo getur stjórnin þar að auki, þegar gjörður verður nýr fararsamningur (því sá, sem nú gildir, nær að eins til loka næsta árs), áskilið sèr rètt til að senda með póstskipinu þá hluti, sem sendir verða með póstum á Íslandi, smbr. 1. grein frumvarpsins. Til þess að lögin gætu orðið svo óbrotin og auðskilin, sem unnt er, hefir þótt rèttast að forðast, að reglur um sendingar með pósti millum Danmerkur og Íslands væru öðruvísi en um sendingar með póstum á Íslandi, og hefir því í grein þá, sem hèr er um rætt, verið sett ákvörðun um að reglurnar í 1.—6. grein frumvarpsins skuli einnig gilda um sendingar þær, er fari með hinu íslenzka gufupóstskipi, þó svo að flutningseyrir sè helmingi meiri en almennur brèfburðareyrir á Íslandi (smbr. 4. og 6. grein), og er

það áþekkt því, sem fyrir er mælt í tilskipun 10. júlím. 1855, 13. grein. 1861. 23. aprílm.

Enn skal dómsmálastjórnin sèrstaklega leiða athygli fjárstjórnarinnar að því, hvort það muni nokkrum vankvæðum bundið, að heimta brèfburðareyri fyrirfram, að því er snertir brèf hèðan úr landi, eður úr útlöndum, sem póststjórnin hèr á að koma til manna á Íslandi, og að svo mæltu biðja hið heiðraða stjórnarráð að láta í ljósi álit sitt um málið, og skal því einu við bætt, að dómsmálastjórninni er annt um að geta fengið svar svo bráðlega, að frumvarpið verði lagt fyrir alþing í sumar, en þá þyrfti svarið að koma svo fljótt, að hans hátign konunginum verði skýrt frá málinu, áður en gufupóstskipið fer hèðan næstu ferð, sem mun verða í byrjun júnímánaðar.

Með svarinu biður dómsmálastjórnin um, að send verði aptur skjöl þau er fylgja brèfi þessu.

Frumvarp það, sem um er rætt í brèfi þessu, er, að ýmsum smábreytingum undanskildum, samhljóða frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi 1861, að öðru leyti en því, að þar er sleppt síðustu greininni, en hún er þannig hljóðandi:

8. grein: Það skal falið á hendur póststjórninni að ákveða, hvort senda megi með pósti peninga millum konungsríkisins og Íslands. Um annað, er sent er með pósti, með hinu íslenzka póstskipi, skulu gilda reglur þær, sem settar eru í 1.—6. grein, þó á þann hátt, að burðareyrir fyrir sjóleiðina sè helmingi meiri, en hinn almenni brèfburðareyrir á Íslandi (smbr. 4. og 6. grein).

En frumvarpið, er lagt var fyrir alþingi, er þannig hljóðandi:

Frumvarp
til
tilskipunar fyrir Ísland, um sendingar með póstum.

1. grein.

Til að senda með póstum á Íslandi skal tekið við brèfum og bögglum, sem eigi eru þyngri en 5 pund, og eigi stærri en 18 þumlungar á lengd og 9 þumlungar á hæð og breidd. Á vetrarferðum skal aðeins tekið við brèfum og bögglum, sem eigi eru þyngri en hálft pund.

1861. Í tvöföldum umslögum má senda bankaseðla og önnur peningaskjöl, er hljóða upp á þann, er þau hefir í höndum; einnig peninga allt að 4 ríkisdölum í hálfum eða heilum spesíum, og 95½ skilding í smápeningum; meiri peninga má þar á móti aðeins senda í tvöföldum pokum, sæmilega sterkum.

Frá því, er senda má með póstum, er undanskilið: púður, skeiðvatn, brennisteinssýra, saltsýra og aðrar etandi sýrur, brennisteinsspítur og aðrir þeir hlutir, sem hætta er búin af, ef fluttir eru.

2. grein.

Fyrir allt það, sem sent er með póstum, skal fyrirfram greiða burðareyri. Frá þessu er undanskilið það, sem sent er í konungleg erindi; skal það fyrst um sinn, eins og verið hefir, vera undanþegið burðareyri. Með því, sem sent er í konungleg erindi, skal eigi talið það, sem snertir sveitamál eða þær stofnanir, er eiga sérstaklegan fjárstofn, en þar á móti bæði það, sem yfirvöldin senda sín á milli eður til einstakra manna, og snertir almenn málefni, og það, sem einstakir menn senda yfirvöldunum, ef sá, er það sendir, hefir ritað utan á það, og skrifað sjálfur nafn sitt undir, að ekki sé í því neitt annað en skýrsla, er honum hafi verið boðið að senda, eða álitsskjal, er hafi verið af honum heimtað.

3. grein.

Burðareyrir skal vera hinn sami fyrir öll brèf og böggla, sem send eru frá einhverjum stað eða til einhvers staðar á Íslandi, og skal eigi tekin til greina vegalengd.

Fyrir brèf og böggla, sem beðið er um að sendir sèu á eptir manni, eða sèu sendir til baka, skal eigi greiða annan burðareyri en þann, er upphaflega var greiddur.

4. grein.

Burðareyrir fyrir einföld brèf er 6 skildingar, nema svo sè, að þegar þau voru afhent, til þess þau yrðu send með pósti, hafi verið á þau fest frímerki, sem póstmálastjórnin gefur út í þessum tilgángi, og skal hvert frímerki, er gildir fyrir burðareyri

einfalds brèfs, borgað 4 skildingum, en 100 frímerki 4 ríkisdölum. 1861.

Þau brèf skulu talin einföld brèf, sem vega 1 lóð á danskri verzlunarvikt, og þaðan af minna.

Fyrir brèf, sem vega

meira en 1 lóð, en eigi meira en 2 lóð skal greiddur tvöfaldur brèfburðareyrir eður 2 frímerki viðhöfð,

— - 2 - — — 3 - 3faldur burðareyrir eða 3 frímerki,
— - 3 - — — 4 - 4 — — — 4 —
— - 4 - — — 5 - 5 — — — 5 —
— - 5 - — — 6 - 6 — — — 6 —
— - 6 - — — 7 - 7 — — — 7 —
— - 7 - — — 8 - 8 — — — 8 —

Eigi má, í stað þess að greiða burðareyri, viðhafa frímerki, þegar ritað er á sendíngar: „burðareyrir borgaður" eða því um líkt.

Fyrir brèf þau, sem ritað er á: „Falið á hendur" eða „N.B." skal, auk burðareyris eptir þyngd brèfsins, greiða í ómakslaun jafnmikið og burðareyrir er fyrir einfalt brèf; slík brèf skulu eigi afhent nema mót kvittun.

5. grein.

Sèrhver sending, sem er þyngri en 8 lóð, er böggull.

Fyrir böggla frá 8 til 10 lóða skal greiða 9fald. burðare., eða hafa 9frím.

— — 10 - 12 — — — 10 — — — — 10 —
— — 12 - 14 — — — 11 — — — — 11 —
— — 14 - 16 — — — 12 — — — — 12 —
— — 16 - 20 — — — 13 — — — — 13 —
— — 20 - 24 — — — 14 — — — — 14 —
— — 24 - 28 — — — 15 — — — — 15 —
— — 28 - 32 — — — 16 — — — — 16 —
— — 32 - 40 — — — 17 — — — — 17 —
— — 40 - 48 — — — 18 — — — — 18 —

og svo framvegis burðareyri eins og fyrir einfalt brèf (1 frímerki) að auki fyrir hver átta lóð, er böggullinn er þyngri, allt að 5 pundum.

Þegar brèf fylgir með, skal það og böggullinn vegið í einu lagi, þá er ákveða skal burðareyri.

1861.

6. grein.

Nú eru dagblöð og önnur blöð og tímarit, sem koma út að minnsta kosti einusinni í mánuði, send með pósti, og aðeins bundið krossbandi utanum, og eigi annað skrifað en utanáskriptin, nafn þess er sendir, hvaðan það er sent og hvenær, og hafi þar að auki útgefandi, ef ritið kemur út á Íslandi, skuldbundið sig til að senda það eingöngu með póstum, þá skal greiða tvöfaldan brèfburðareyri, 12 sk., eður viðhafa tvö frímerki, fyrir það, sem eigi vegur meira en 8 lóð, þrefaldan burðareyri, eða 3 frímerki, fyrir 8 til 16 lóð, en fyrir það, sem vegur meira en 16 lóð, skal greiða burðareyri eins og fyrir einfalt brèf fyrir hver 4 lóð, sem umfram eru.

Brèf, sem með eru, skulu metin til burðareyris sèr, eptir sömu reglum og brèf.

7. grein.

Póststjórnin tekur að sèr ábyrgð á peningum, sem sendir eru með póstum á Íslandi, — nema fyrir slysförum, er skeytingarleysi póststjórnarinnar eigi verður um kennt — ef sá, er peningana sendir, lætur hlutaðeigandi póstþjón telja þá, er hann afhendir þá, og auk burðareyris eptir 4. eða 5. grein greiðir gjald það, er nú skal tilgreint:

Fyrir peninga, er eigi nema meira en 5 rdl., eins og fyrir einfalt brèf, frá 5 rdl. til 25 rdl., eins og fyrir tvöfalt brèf;

og að auki fyrir það, sem umfram er 25 rdl., einsog fyrir tvöfalt brèf fyrir hverja 25 ríkisdali.

Kvittun fyrir móttöku peninganna skal póststjórnin veita án sèrstakrar borgunar.

Skyldan til að bæta skaðann hverfur:

a. þegar sá, sem við peningunum á að taka, hefir gefið kvittun fyrir móttöku þeirra, og

b. þegar ekki er krafizt skaðabóta áður eitt ár er liðið frá því, er peningarnir voru afhentir.

Nú vilja menn senda þá peninga, er fara með pósti, áfram til Kaupmannahafnar, og æskir sá, er peningana sendir, að þeir sèu borgaðir í jarðabókarsjóðinn, þá skal þess kostur, ef

sent er auk brèfsins til þess, er á að fá peningana, skrifleg beiðni til póstmeistarans í Reykjavík um að borga fèð í jarðabókarsjóðinn og senda ávísunina þeim, sem peningarnir eru til; skal þar að auki senda póstmeistaranum einn af hundraði af peningunum fyrir móttöku þeirra í jarðabókarsjóðinn, og í póstgjald fyrir þá peninga, er eigi nema meiru en 5 rdl. . . 8 sk.
frá 5 rdl. til 25 rdl. . . . . 12 -
— 25 — — 100 — . . . . . 16 -
— 100 — fyrir hverja 100 rdl. . . . . 16 - 1861.

Hundraðsgjald það, er nú var nefnt, má aðeins greiða með peningum; en önnur gjöld, þau er nefnd eru í þessari grein, má einnig greiða með frímerkjum.

Póststjórnin tekur ekki að sèr neina ábyrgð til skaðabóta á öðru því, sem sent er með póstum, en peningum.

---

20. Brèf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um laun málaflutningsmannanna við landsyfirrèttinn. 29. maím.

Eins og yður er kunnugt, herra amtmaður[1], setti dómsmálastjórnin 30. júlím. 1858, samkvæmt konungsúrskurði 19. marzm. s. á., þá Hermann Elías Jónsson, cand. juris, og Jón Guðmundsson, examinatus juris, til að vera fyrst um sinn málaflutningsmenn í yfirdóminum á Íslandi, meðal annars með þeim kjörum, að þeir hvor um sig skyldu fá 250 rd. í laun á ári, er fyrst um sinn í 3 ár skyldu greidd úr dómsmálasjóði Íslands, en síðan skyldi leitað álits alþingis um það, hvaðan greiða skyldi laun þeirra, ef sú yrði raun á, að dómsmálasjóðurinn gæti ekki eptirleiðis látið af hendi fè þetta.[2]

Með því þessi 3 ár eru liðin 30. júlím. í sumar, og svo virðist, eptir því sem ráða má af skýrslu stiptamtmanns og álits-

1) Brèfið er stílað til Melsteðs amtmanns, er eigi var komin fregn um lát hans þá er það var ritað.

2) Sjá Konunglega Augl. til Alþingis 27. maím. 1859, II. 7.

1861. 29. maím. skjali hins setta landfógeta, er brèfi þessu fylgja eptirrit af, að dómsmálasjóðurinn ekki sè fær um að greiða laun þau, sem nú voru nefnd, nema tekið sè á vaxtafè hans, þá skorar dómsmálastjórnin á yður, að hlutast til um að alþingi, samkvæmt konungsúrskurði 19. marzm. 1858, þeim er fyr var getið, láti í ljósi álit sitt um það, hvernig eptirleiðis skuli fá fè til launa þessara; síðan eruð þèr beðnir að senda hingað álitsskjal alþingis með athugasemdum yðar um málefnið.

---

1. júním. **21. Konungleg Auglýsing til Alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1859.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg, sendum Voru trúa alþingi á Voru landi Íslandi kveðju guðs og Vora!

Af því, sem gjörzt hefir á alþingi árið 1859, höfum Vèr sèð með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitazt við að efla Vort gagn og hag landsins; svo höfum Vèr og með Konunglegri velþóknun tekið við þegnlegu þakkarávarpi alþingis fyrir það, er Vèr höfum allramildilegast veitt, að hinn íslenzki texti laga þeirra, sem koma út fyrir Ísland, verði undirskrifaður af Konungi og hlutaðeigandi ráðgjafa.

Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur Vors trúa alþingis, um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess árið 1859 og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vèr nú skýra hèr í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir verið af ráðið.

I.

Um þegnleg álitsmál, sem komin eru frá alþingi:

Þessar rèttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem Vèr höfum fengið um þegnlegar tillögur Vors trúa alþingis:

1. Opið brèf 26. septemberm. 1860, um breyting á tilskipun 28. marzm. 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.

2. Opið brèf s. d., um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík. 1861. 1. júním.
3. Tilskipun 12. desemberm. 1860, um stofnun barnaskóla í Reykjavík.
4. Opið brèf 4. janúarm. 1861, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvemberm. 1857, áhrærandi nákvæmari ákvarðanir um betrunarhússvinnu.
5. Opið brèf s. d., er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvemberm. 1857 um innkallanir í búum.
6. Opið brèf s. d., er lögleiðir á Íslandi lög 29. desemberm. 1857 um myndugleik kvenna.
7. Tilskipun 15. marzm. 1861, um vegina á Íslandi.
8. Tilskipun 1. aprílm. 1861, um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland; og var hin nýja jarðabók sama dag allramildilegast staðfest.
9. Opið brèf s. d. um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands.

Þegar lagaboð þessi hafa verið samin, hafa verið vandlega íhugaðar athugasemdir þær, er alþingi hefir gjört um þau, og hefir sumum þeirra eptir því verið breytt í ýmsu, ýmislegt verið nákvæmar á kveðið og ýmsu við bætt.

Viðvíkjandi þegnlegri uppástungu alþingis árið 1857 um, að lögleidd yrðu á Íslandi með breytingum lög 2. aprílm. 1855 um innköllun hinna gömlu ríkisorta, skal skýrskotað til auglýsingar frá fjárhagsstjórninni, er út kom 30. júlímánaðar 1860.

Eptir þegnlegri uppástungu alþingis höfum Vèr allramildilegast veitt, að almenn lagaboð, þau er virðast vera þess efnis, að þau beri að löggilda á Íslandi, verði hèr eptir lögð fyrir alþingi sem lagafrumvörp á dönsku og íslenzku, hvert lagaboð útaf fyrir sig, með þeim breytingum, er þurfa þykir.

Um lagafrumvarp, er lagt var fyrir alþingi 1859, um laun ýmsra embættismanna á Íslandi, skal þess getið, að eptir að komið var þegnlegt álit alþingis um málið, var frumvarp þetta með nokkrum breytingum, er eptir því voru við það gjörðar,

1861. 1. júním. lagt fyrir ríkisþingið; en með því það mætti mótspyrnu á ríkisþinginu, að lögunum yrði framgengt, varð að hætta við málið að sinni.

II.

Um þegnlegar bænarskrár Vors trúa alþingis birtum Vèr þinginu allramildilegast á þessa leið:

1. Þarsem alþingi í 1. og 2. niðurlagsatriði í þegnlegri bænarskrá sinni um fiskiveiðar útlendra þjóða við Ísland, m. m., hefir beðið um, að fiskiveiðunum við Ísland verði sèrlegur gaumur gefinn, og að hvenær sem tiltækilegast þyki verði því farið á flot við stjórnirnar í þeim löndum, þar sem ójafnaðartollur er á fiski, að sá tollur verði af numinn, þá mun stjórnin láta sèr framvegis vera mjög umhugað um þessi atriði. En hvað því næst snertir 3., 4. og 5. niðurlagsatriði bænarskrár þessarar, þá verður ekki uppfyllt sú ósk þingsins, að send verði til landsins smáskip þau, er það bað um, með því herskipastjórnin hefir ekki til slík skip, og það á hinn bóginn yrði óhæfilega dýrt að útvega sèr þau; en bæði skal verða sent til Íslands herskip, svo opt sem því verður við komið, til að hafa gát á útlendum fiskiveiðamönnum, og til að halda reglu við strendur landsins, og svo skal einnig verða annazt um, að þegar þess verður æskt, verði á skipum þessum veitt viðtaka hæfilega mörgum Íslendingum, til að læra sjómennsku.
2. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um, að löggiltur verði verzlunarstaður á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Stranda sýslu, þá verður nú lagafrumvarp um það efni lagt fyrir þingið. En þar sem alþingi enn fremur hefir beðið um, að Straumfjörður í Mýra sýslu einnig verði löggiltur sem verzlunarstaður, þá hefir sú uppástunga ekki orðið tekin til greina, með því ekki hafði verið farið að á löglegan hátt með bænarskrá þá, er um þetta kom til þingsins, er hún ekki var fengin neinni nefnd til meðferðar.
3. Þarsem alþingi í þegnlegri bænarskrá, er frá því kom um fjárkláðann á Íslandi, hefir í 1. kafla niðurlagsatriðanna lýst

yfir almennri óánægju yfir ráðstöfunum stjórnarinnar í máli þessu, og jafnvel þótt ástæða til að áskilja, að stjórnin hafi ábyrgð á því, þá er slíkt með öllu ástæðulaust, er því verður ekki neitað, að gjörðar hafa verið þær ráðstafanir, er bezt þóttu við eiga, til að vinna bug á fjárkláðanum, með ráði þeirra manna og yfirvalda, er skyn báru á málið, og kunnugt var um, hvernig ástatt var á landinu. Eigi verður heldur fallizt á, að nauðsynlegar séu eður hagfelldar ráðstafanir þær, sem alþingi hefir stungið upp á í II. kafla niðurlagsatriðanna í bænarskrá þessari, og hvað sér í lagi snertir uppástungu þess um, að sè sýkinni ekki algjörlega út rýmt um nýár 1861, þá verði lagt fyrir alþingi það ár lagafrumvarp um algjörða útrýming sýkinnar, þá getur þetta nú ekki orðið umtalsmál, með því svo má álíta, eptir embættisskýrslum, er komið hafa frá Íslandi, að sýkin sè nú gjörsamlega yfirbuguð. Að öðru leyti mun fulltrúi Vor gefa þinginu bending, þá er með þarf, um nokkur atriði, er miklu varða, en ranghermt var um í þessari bænarskrá. 1861. 1. júním.

4. Eins og getið er um í konunglegri auglýsing til alþingis 27. maímánaðar 1857, hefir það verið yfirvegað, hvað tiltækilegast væri að gjöra, til að koma fram málinu um sveitastjórn á Íslandi, og hafa einnig viðburðir verið gjörðir þar að lútandi; en málið hefir þó ekki orðið undirbúið á þann hátt, að eptir þegnlegri bænarskrá alþingis verði í þetta skipti lagt fyrir þingið lagafrumvarp um það efni; eigi hefir heldur þótt ástæða til að láta búa til frumvarp til sèrstaklegs lagaboðs um það atriði, sem um er rætt í 3. uppástunguatriði í bænarskránni, því það atriði er óaðgreinanlegur liður í sveitastjórnarmálinu, og á því að skipa fyrir um það í sambandi við sveitastjórnarmálið sjálft; en að öðru leyti munum Vèr hafa það hugfast, jafnskjótt og því verður við komið, að láta leggja fyrir alþingi lagafrumvarp um fyrirkomulag á öllu þessu málefni yfirhöfuð.

5. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um, að verzlunarstaðurinn Akureyri verði gjörður að kaupstað, hefir stjórnin samið lagafrumvarp, er verður lagt fyrir alþingi það, er nú fer í hönd.

1861. 1. júním.

6. Af hinum sömu ástæðum, sem fulltrúi Vor var látinn birta alþingi því, er síðast var haldið, hefir ítrekuð bæn þingsins um, að stofnaður verði kennsluskóli í Reykjavík handa íslenzkum lögfræðingaefnum, ekki orðið tekin til greina.

7. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um stofnun búnaðarskóla í hverju amti á Íslandi, hefir dómsmálastjórn Vor skrifað til öllum amtmönnunum á Íslandi.

8. Stjórninni hefir ekki þótt nein ástæða til að fallast á þegnlega bænarskrá alþingis um breyting á hjúskaparlögunum, og skal í því efni skýrskotað til þess, sem fulltrúi Vor lèt í ljósi um málið, þá er það var rætt á alþingi.

9. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis höfum Vèr allramildilegast fallizt á, að það sè boðið embættismönnum á Íslandi, þeim er falin er stjórn opinberra sjóða og stofnana, að birta á prenti greinilega og nákvæma reikninga um tekjur og gjöld slíkra sjóða og stofnana svo fljótt, sem verða má, eptir að ársreikningar eru samdir, og að gæta þess, að í hinum næsta reikningi, sem saminn verður eptir að hinir fyrri reikningarnir eru á enda kljáðir, verði gjörð grein fyrir þeim breytingum, er á þeim hafa orðið, þá er útgjört var um þá, og er það einnig samþykkt, að kostnaður sá, er af þessu rís, gjaldist af eigum sjálfra sjóðanna og stofnananna.

10. Af þeim ástæðum, sem áður hafa verið birtar alþingi, höfum Vèr ekki fundið ástæðu til að taka til greina þegnlega bænarskrá alþingis um, að gjörðir verði nýir reikningar um hinn íslenzka kollektusjóð m. m.

11. Áður en þegnleg bænarskrá kom frá alþingi 1859 um, að sèð yrði ráð við hallæri, er menn óttuðust á Íslandi, var stjórnin þegar búin að gjöra ráðstafanir þær, er með þurfti í þessu efni, einkum á þann hátt, að sendur var kornforði til þeirra staða, þar sem hættast var við, að skortur mundi verða.

12. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um gjaldheimtu hins svo nefnda skatts á Íslandi, þá hefir það verið boðið amtmönnum þar að brýna fyrir sýslumönnum þeim, er þeir eiga yfir að bjóða, að fara eptir þeim ákvörðunum, sem stjórnin

að undanförnu á ýmsum tímum, einkum í rentukammerbréfi 28. aprílm. 1832, hefir sett um heimting skattsins; munum Vèr að öðru leyti láta fulltrúa Vorn birta þinginu nákvæmari skýrslu um þær ástæður, er hafa ráðið úrslitum máls þessa. 1861. 1. júním.

13. Stjórnarráð Vort fyrir kirkju- og kennslumál hefir skrifað til stiptsyfirvöldunum á Íslandi útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um, að veittur yrði styrkur til að koma upp aptur föllnum ásauðarkúgildum á lènskirkjujörðum á Íslandi.

14. Þar sem alþingi í þegnlegri bænarskrá hefir beðið um, að málinu um stjórnarfyrirkomulag Íslands í ríkinu verði flýtt þannig, að það geti orðið til lykta leitt, svo fljótt sem mögulegt er, þá er það sjálfsagt að Vèr, eins og sagt er í konunglegri auglýsing til alþingis 27. maím. 1859, framvegis munum láta oss vera mjög umhugað um þetta mál, og skal þess getið, að þarsem fjárhagsmálið milli Íslands og konungsríkisins er svo nátengt málefni því, er hèr ræðir um, eru gjörðar þær ráðstafanir, er með þarf, til þess að téð málefni verði tekið til yfirvegunar.

15. Í því, sem tekið er fram í þegnlegri bænarskrá alþingis um betri læknaskipun á Íslandi, hefir ekki stjórnin fundið ástæðu til að breyta áformi því, sem hefir verið fyrirhugað um, hvernig skipa skuli læknamálinu, og hefir fulltrúi Vor áður verið látinn birta þinginu aðalatriðin í áformi þessu. En vegna þess, að nú sem stendur er skortur á læknum á Íslandi, þá hefir jafnframt þessu verið álitið vel til fallið, að þangað til nógu mörg útlærð læknaefni fást, verði aðstoðarlæknum veitt tilsögn í læknisfræðinni, einkum hjá landlækni, samkvæmt allrahæstum úrskurði 12. ágústm. 1848, og hefir dómsmálastjórn Vor árið sem leið gjört þar að lútandi ráðstafanir. En ef það yrði álitið nauðsynlegt að gjöra frekara til þess að ná tilgangi þessum, þá mundi ekkert verða því til fyrirstöðu, að til bráðabyrgða yrði skotið fè til þessa úr hinum íslenzka spítalasjóði, en rèttast hefir þótt að bíða þess, hvort alþingi þætti ástæða til að bera fram uppástungu í þessu efni.

Þar sem alþingi enn á ný hefir beðið um, að lagt yrði

1861. 1. júním.

fyrir þingið frumvarp um betri tilhögun á spítala tekjunum, þá skal þess getið, að stjórnin hefir enn eigi fengið frá embættismönnum á Íslandi skýrslur þær og uppástungur um fyrirkomulag máls þessa, sem beðið hefir verið um.

Viðvíkjandi uppástungu þeirri, er kom frá alþingi árið 1857 um, að þeir sem búnir væru að taka burtfararpróf á prestaskólanum og æsktu tilsagnar í læknisfræði, skyldu eiga kost á að fá slíka tilsögn ókeypis, annaðhvort hjá landlækni eður héraðslæknunum, þá hafa þeir fjórir héraðslæknar, er látið hafa í ljósi álit sitt um uppástungu þessa (frá landlæknunum hefir ekkert álitsskjal komið), verið á því, að það væri óráðlegt að gjöra slíka ráðstöfun, og þar að auki lýst því yfir, að þeir gætu ekki tekizt á hendur að veita tilsögn þá, sem hér er um rætt; hefir því ekki þótt ástæða til að halda lengra fram í þetta.

Hvað snertir uppástungu, er kom frá alþingi 1857 um, að úr lögum sè numin sú ákvörðun í konungsbréfi 20. febr. 1750: „að þurfamenn á Vestmannaeyjum skuli njóta þeirra spítalahluta, er falla þar á eyjunum af fuglaveiði og fiska", þá hefir ekki aðeins sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum fastlega verið á móti þessu, heldur hefir og amtmaðurinn ráðið frá, að fallizt væri á þessa uppástungu, og með því teknar hafa verið fram merkar ástæður þessu áliti til styrkingar, þá hefir þótt réttast, áður en farið væri lengra út í málið, að láta alþingi fá álitsskjölin til meðferðar, og þannig gefa því tækifæri á að taka málið fyrir á ný.

16. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um, að út komi lagaboð fyrir Ísland viðvíkjandi hegning fyrir illa meðferð á skepnum, þá verður nú frumvarp um þetta efni lagt fyrir þingið.

17. Með því nauðsynlegt var að útvega ýmsar nákvæmari skýrslur útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um betri stjórn og afnot kristfjárjarða, þá hefir dómsmálastjórn Vor skrifað biskupinum á Íslandi um þetta mál.

18. Útaf því, að til alþingis höfðu komið tvær umkvartanir yfir því, að amtmaðurinn í suðurumdæminu hefði neitað að endurgjalda úr jafnaðarsjóði amtsins þann kostnað, samtals

697 rd. 56 sk., sem íbúar Skaptafellssýslu og Rangárvallasýslu höfðu greitt árin 1857 og 1858 til fjárvarða vegna fjárkláðans, þá hefir alþingi sent stjórninni þegnlega bænarskrá um, að þetta fé verði sem fyrst endurgoldið hlutaðeigendum. En um þetta efni skal þess getið, að alþingi hefði ekki átt að taka málefni þetta til umræðu, því eptir tilskipun 8. marzm. 1843, 77. gr., á alþingi ekki að gefa gaum bænum og umkvörtunum einstakra manna, og undantekning sú, sem gjörð er frá téðri ákvörðun í 2. lið greinarinnar, getur ekki átt við þegar eins stendur á og hèr er; því ekki getur verið umtalsmál, að með þessu hafi verið óréttur gjör einstökum mönnum, og þarf ekki að leiða önnur rök að því, en að ráðstafanir þær, sem varið var til því fé sem amtmaður hefir neitað að endurgjalda, voru sumpart gjörðar án hans samþykkis og sumpart jafnvel eptir að hann var búinn að lýsa því yfir, að þess væri eigi að vænta, að kostnaðurinn yrði endurgoldinn. Samkvæmt því, sem ákveðið er í 1. lið í þeirri grein alþingistilskipunarinnar, sem að ofan er nefnd, hefði því þingið átt að skjóta málinu frá sèr til úrlausnar hlutaðeigandi yfirvalds. 1861. 1. júním.

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vèr sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum voru trúa alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Gefið í Skoðsborg, 1. dag júnímánaðar 1861.

---

22. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa Ólafi Guðmundssyni á Einarsnesi til að kaupa prjónavefstað. 1. júním.

Samkvæmt þegnlegum tillögum innanríkisstjórnarinnar hefir hans hátign konungurinn allramildilegast veitt Ólafi bónda Guðmundssyni á Einarsnesi í Mýrasýslu 230 ríkisdala styrk til að útvega sèr fyrir prjónavefstað, þó með því skilyrði, að hann

1861. 1.júnim. skuldbindi sig til að kenna mönnum á Íslandi ókeypis prjónavefnað, og gefa hverjum þar, sem þess æskir, kost á að sjá vefstaðinn og smíða eptir honum.

Með því Ólafur Guðmundsson hefir sent amtmanninum yfir vesturumdæminu, en hann aptur dómsmálastjórninni, skuldbinding sína í þessu efni, ritaða með eigin hendi, og þar að auki farið þess á leit, að vefstaðurinn yrði sendur til Reykjavíkur, þá er yður með brèfi þessu sendur prjónavefstaður þessi, gjörður úr járni, og annað það, er til hans heyrir; er hann í kassa, sem er auðkenndur O. G., og fylgja einnig 3 fótstykki úr eik, auðkennd á sama hátt; eruð þèr beðnir að sjá um, að Ólafur Guðmundsson fái vefstaðinn, og að hingað verði send játning hans um það.

Því skal við bætt, að amtmanninum yfir vesturumdæminu hefir í dag verið ritað um, að vefstaðurinn sè sendur með póstskipinu.

---

1. júnim. **23. Brèf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um dönsk lagaboð.**

Með brèfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra amtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi, þau almennu lagaboð m. m., er út hafa komið fyrir konungsríkið Danmörk árin 1859 og 1860, til þess alþingi geti gefizt kostur á að íhuga, að hve miklu leyti virðist við eiga, að þau sèu lögleidd á Íslandi, og skal þess getið, að stjórninni ekki hefir þótt ástæða til að leggja neitt af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvarp samkvæmt konungsúrskurði 4. janúarm. þ. á.[1], að minnsta kosti ekki nú sem stendur.

---

1) Sjá kgl. auglýsing til alþingis 1. júnim. 1861. I.

24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um tillag nokkurra manna til bæjarsjóðs Reykjavíkur kaupstaðar. 1861. 21. júním.

Bæjarfulltrúarnir í Reykjavíkur kaupstað hafa í skjali nokkru, er hingað kom með áliti yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 29. nóvemberm. f. á., kvartað yfir því, að þèr hafið hækkað tillag það, er Valdemar kaupmanni Fischer og Jóni tómthúsmanni Þórðarsyni var gjört að greiða til bæjarsjóðs árið 1860, og með því þeir hafa haldið, að aðferð sú, sem við var höfð um þetta málefni, sè ósamkvæm því, sem fyrir er skipað í 21. grein í reglugjörð um stjórn bæjarmálefna í kaupstaðnum Reykjavík 27. nóvemberm. 1846, hafa þeir farið þess á leit, að fá úrskurð stjórnarinnar um þau atriði, er nú skal greina:

1. Hvort ekki beri sèrhverjum gjaldþegni, er þættist hafa ástæðu til að bera sig upp undan bæjargjöldum þeim, sem á hann eru lögð, að hlýðnast í því efni ákvörðuninni í bæjarstjórnarreglugjörðinni, 21. grein, 2. atriði, með því að kvarta fyrir bæjarfógetanum, en ekki beinlínis og frá upphafi málsins fyrir amtinu, og hvort bæjarstjórnin, ef útaf þessu er brugðið, sè ekki bær um að færast undan því að gjöra umkvörtunina að álitum.
2. Hvort úrslit þau, er bæjarstjórnin kemst niður á út af slíkri umkvörtun, hvort heldur að hið niðurjafnaða gjald verði fært niður sakir umkvörtunarinnar, eða hún álízt ástæðulaus, beri eigi fyrst að kunngjöra gjaldþegninum, áður en amtmaðurinn, án þar að lútandi ánýjaðra tilmæla frá kæranda, fer að gefa sig við að leggja úrskurð á málið.
3. Hvort hver sá kaupmaður, sem hèr á verzlun undir forstöðu „faktors" í umboði hans, sè ekki, að hinni árlegu niðurjöfnun til, háður ákvörðununum í bæjarstjórnarreglugjörðarinnar 21. grein, eins fyrir það, þótt sjálfur hann kunni að vera búsettur erlendis eða fyrir utan Reykjavík, þannig, að ef verzlunarstjóri hans ber ekki upp umkvörtunina yfir hinum niðurjöfnuðu gjöldum innan lögskipaðs tíma, þá verði þar að lútandi kæra kaupmannsins sjálfs, er ekki kemur fyrri en eptir þann tíma, eigi tekin til greina.

1861. 21. júnim. 4. Hvort ekki hver sá úrskurður, er amtið fellir, samkvæmt tèðrar lagagreinar 2. atriði, ef hann á að geta áorkað því, að þar með sè hin lögformlega niðurjöfnun á bæjargjöldunum svipt rèttarafli sínu, að því er snertir gjöld eins eða annara gjaldþegna, hljóti að vera kveðinn upp í vanalegu valdstjórnarúrskurðarformi, með ákveðnu niðurlagsatkvæði, en hitt nægi ekki, að þar í komi aðeins fram yfirlýst skoðun eða álit yfirvaldsins.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr auglýsið það þeim, sem hlut eiga að máli, að þeim spurningunum, sem eru bornar upp í 1. og 2. tölulið, ber að svara með jáyrði, og fellur þá burt varaspurningin í 1. tölulið, en þar á móti verður að kveða nei við spurningunni í 3. lið, sem rèttara væri að orða á þenna hátt: „hvort hlutaðeigendur missi rètt sinn til þess að bera upp umkvörtun yfir hinum niðurjöfnuðu gjöldum, ef þeir ekki koma fram með hana áður en liðinn sè hinn lögákveðni tími, sem niðurjöfnunarskráin er fram lögð til almennrar skoðunar"; því reglugjörðin leggur ekki þá þýðing í frestinn, að honum fylgi slíkur rèttinda missir, og eigi er það heldur óþarft, að niðurjöfnunarskráin sè lögð fram til sýnis, þó eigi hafi það þessa þýðing; þar á móti á um þá gjaldþegna, sem ekki bera fram umkvartanir sínar, fyrri en hinn ákveðni tími er liðinn, að fara eptir því, sem fyrir er mælt í kans. brèfi 20. októberm. 1838, á þann hátt, að þeir fyrst um sinn greiði það gjald, er á þá hefir verið lagt, en verði sú raun á, þegar málið er útkljáð, að of mikið hafi verið af þeim heimtað, þá sè það látið koma upp í gjöld þeirra fyrir næsta ár á eptir. Um 4. spurninguna er það að segja, að ekki verður heimtað annað um form það, er úrskurðir amtsins eigi að vera í, en að nægilega sè ljóst af þeim, hverja ákvörðun amtmaðurinn hefir gjört, og að því, er snertir það málefni, sem hèr er um rætt, þá er þessari kröfu fullnægt í því, sem fram hefir komið af hendi amtmannsins.

25. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út kennslubók í kirkjurètti. 1861. 3. júlím.

Eptir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 2. dag maímánaðar, er síðast leið, hefir stjórn kirkju- og kennslumálanna veitt Jóni Pèturssyni, dómara í hinum íslenzka landsyfirrètti, 200 ríkisdala styrk til að gefa út á prent kennslubók í almennum og íslenzkum kirkjurètti. Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr birtið það þeim, er hlut eiga að máli, og skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands, þegar stiptsyfirvöldin fara þess á leit við hann, mót kvittun Jóns yfirdómara Pèturssonar.

---

26. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um sameining brauða í Skagafjarðar sýslu. 3. júlím.

Í brèfi 18. nóvemberm. f. á. (er hingað kom 27. maím. þ. á.) hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr háæruverðugi herra, skýrt frá því, að um vorið 1860 hafi stiptsyfirvöldunum á Íslandi verið sent eptirrit af bænarskrá nokkurri, er beina leið hafi verið send stjórninni, en í bænarskrá þessari fari nokkrir sóknarmenn í Flugumýrar og Hofstaða sóknum í Skagafjarðar sýslu þess á leit, að felldur verði úr gildi konungsúrskurður 25. septemberm. 1854, um að leggja megi niður Flugumýrar og Hofstaða brauð, og sameina þær sóknir við Miklabæjar brauð og Hóla og Viðvíkur brauð í sömu sýslu; hafið þèr þvínæst beiðst yfirlýsingar frá stjórnarráðinu um það, hvort búast megi við nokkurri breyting á konungsúrskurði þeim, sem fyr var nefndur, og hafið þèr getið þess, að þær ástæður, er fyrrum leiddu til þess, að ráðstöfun þessi var gjörð, hafi, að yðar áliti, verið fullgild-

1861. 3. júlím. ar, og að þær séu að engu hraktar með því, sem til er greint í bænarskránni.

Um leið og þess skal getið, að bænarskrá sú, sem hèr er um rætt, kom ekki til stjórnarráðsins fyrri en með brèfi frá Gísla alþingismanni Brynjólfssyni, dagsettu 28. maím. þ. á., sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr birtið það hlutaðeigendum, að það, sem beðið er um í bænarskránni, ekki verður veitt.

---

3. júlím. **27. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafa-prestum og prestaekkjum.**

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, í brèfi 8. maím. þ. á., hefir stjórn kirkju- og kennslumálanna veitt uppgjafa-prestum og prestaekkjum á Íslandi, þeim er nú skal greina, fjárstyrk úr styrktarsjóði sínum á þessa leið:

Pastori emerito	Sveinbirni Sveinbjarnarsyni	40 rd.
— —	Guðlaugi Sveinbjarnarsyni	10 -
— —	Vigfúsi E. Reykdal	10 -
— —	Jóni Sigurðssyni	40 -
prestsekkju	Þorbjörgu Þorvaldsdóttur	20 -
—	Steinunni Ólafsdóttur	20 -
—	Guðrúnu Ingvarsdóttur	15 -
—	Kristínu Eyríksdóttur	10 -
—	Oddnýju Ingvarsdóttur	15 -
—	Guðrúnu Þorvaldsdóttur	10 -
—	Ingibjörgu Pálsdóttur	10 -

Þetta sè yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það þeim, er hlut eiga að máli. Því skal við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

28. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um gjald það, er eptir hæstarèttardómum ber að greiða í dómsmálasjóð. 1861. 4. júlím.

Af eptirriti því, sem fylgir brèfi þessu, má sjá, að úr 2. af þeim skrifstofum, þar sem endurskoðaðir eru reikningar konungsríkisins, hefir dómsmálastjórnin fengið skýrslu um, að það fè, sem síðustu árin hefir verið dæmt „dómsmálasjóðnum" í hæstarèttardómum í íslenzkum málum, hefir runnið inn í hinn íslenzka dómsmálasjóð, þar sem það ávallt áður var greitt inn í jarðabókarsjóð Íslands.

Með því nú dómsmálastjórninni ekki finnst vera neinn vafi á því, að það fè, sem í hæstarèttardómum er dæmt „dómsmálasjóðnum", eigi að renna í hinn almenna dómsmálasjóð, en ekki inn í hinn sèrstaklega dómsmálasjóð Íslands, nema svo sè ákveðið í dóminum, þá skorar stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, að þèr hèr eptir gætið þess, að fè það, sem hèr er um rætt, verði, þegar svo stendur á, greitt í jarðabókarsjóð Íslands, og að þèr annist um, að þeir 27 rdl., sem eptir brèfinu frá endurskoðunar-skrifstofunni hafa ranglega verið borgaðir inn í dómsmálasjóð Íslands, verði, svo fljótt sem unnt er, aptur greiddir til jarðabókarsjóðsins.

---

29. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um bryggju í Reykjavík. 5. júlím.

Með brèfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, eptirrit af brèfi frá P. C. Knudtzon, stórkaupmanni, býður hann í því fyrir sjálfan sig og C. F. Siemsen kaupmann, að nota megi ókeypis í þarfir hins opinbera bryggjur þær, er þeir eiga í Reykjavíkurbæ. Með tilliti til þessa skýtur stjórnarráðið því nú til úrlausnar yðar, herra stiptamtmaður, eptir að þèr um það efni hafið fengið álit hafnarnefndarinnar í Reykjavík, hvort eigi að síður sè ástæða til að veita úr hafnarsjóði bæjar-

1861. 5. júlím. ins þann 50 ríkisdala styrk á ári, sem um er rætt í brèfi yðar 24. nóvemberm. f. á., til viðurhalds bryggju þeirrar, er þeir Valdemar kaupmaður Fischer og fl. hafa byggt, og ætlazt var til að aptur á móti mætti borgunarlaust nota til almennra þarfa.

---

5. júlím. **30. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að nefnd sú, er sett var í Reykjavík vegna fjárkláðans, skuli leyst frá starfa sínum.**

Þareð ætla má, að fjárkláðinn sè nú hættur að geysa á Íslandi, eptir því sem frá er skýrt í brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 23. marzm. þ. á., og skýrslu þeirri, er því fylgdi, frá fjárlækninga nefnd þeirri, er sett var til bráðabyrgða í Reykjavík, þá ber nú að leysa nefnd þessa frá starfa sínum, samkvæmt tilmælum hennar í skýrslu þeirri, er nú var getið.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr gjörið það, er þarf í því efni. Um leið skal því við bætt, að þar sem nefndin í skýrslu sinni hefir borið upp ýmsar kvartanir yfir því, að málið ekki hafi orðið aðnjótandi þess styrks, sem æskilegt hefði verið, af hálfu yfirvaldanna, og þar á meðal einnig stiptamtmanns, þá virðist dómsmálastjórninni, að kvartanir nefndarinnar yfir aðferð yðar í kláðamálinu, sem stjórnarráðinu yfir höfuð líkar vel, sèu ástæðulausar.

Þegar búið er að leysa nefndina frá starfa sínum, vonast stjórnarráðið eptir að fá skýrslu yðar um það.[1]

---

5. júlím. **31. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um tekjur, er sýslumenn greiða í jarðabókarsjóðinn eður í aðalfèhirzlu ríkisins.**

Þareð þeir menn, sem hafa á hendi endurskoðun á reikn-

1) Sama dag var hinum amtmönnunum á Íslandi tilkynnt, að stiptamtmanni hefði verið ritað um að leysa nefndina frá starfa sínum.

ingum ríkisins, optlega hafa kvartað yfir því, að tekjur af sýslunum á Íslandi sèu þar ekki nógu greinilega sundurliðaðar, þá skorar dómsmálastjórnin á yður, herra (tit.), á líkan hátt og gjört er í brèfi hinnar íslenzku stjórnardeildar 22. júlím. 1857, að brýna fyrir sýslumönnum í umdæmi því, sem þèr eruð yfir skipaðir, og ef með þarf, beita við þá tilhlýðilegum fjársektum, að þeir eigi nákvæmlega að fara eptir því, sem fyrir er mælt í brèfi innanríkisstjórnarinnar 13. janúarm. 1854, en í því brèfi er embættismönnum þessum boðið að tilgreina sèrstaklega í skýrslum þeim, er fylgja sýslugjöldum, er þeir greiða í jarðabókarsjóð Íslands, uppí hverjar tekjur fè það, er þeir greiða, eigi að koma, og fyrir hvaða ár, og sèu gjörð skil fyrir tekjum þessum á þann hátt, að send sè ávísun uppá eitthvert verzlunarhús í Danmörku, þá skuli þetta vera tilgreint í brèfi því, sem ávísunin er send með til hlutaðeiganda stjórnarráðs. 1861. 5. júlím.

---

32. Brèf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um prentun alþingistíðindanna. 5. júlím.

Eins og ljósar sèst af skjölum þeim, er fylgja brèfi þessu, hefir forseti á alþingi 1859, examinatus juris Jón Guðmundsson, færzt undan að ávísa, með öðrum alþingiskostnaði úr jarðabókarsjóði Íslands, 705 ríkisdölum 21 sk., sem eru eptirstöðvar af kostnaðinum fyrir prentun þingtíðindanna árið 1859, með því hann heldur, að færa eigi niður fè þetta að minnsta kosti um 200 ríkisdali, sökum þess, að af hálfu prentsmiðjunnar hafi verið brugðið útaf samningi þeim, er gjörður hafi verið um prentun tíðindanna; en þareð stjórnendur prentsmiðjunnar eigi hafa viljað fallast á þetta, og hlutaðeigendur eigi getað orðið á eitt sáttir, þá hafa bæði stiptsyfirvöldin á Íslandi og Jón Guðmundsson borið upp málið fyrir dómsmálastjórninni.

Um þetta málefni gjörir dómsmálastjórnin fyrst þá athugasemd, að sú hlutdeild, er forseti á alþingi á að eiga í því, að birta almenningi gjörðir þingsins, eptir 2. málsgrein í 78.

1861. 5. júlím. grein alþingistilskipunarinnar 8. marzm. 1843, snertir að eins það, að semja alþingistíðindin, en eptir 1. málsgreininni er það konungsfulltrúi, er á að annast um útgáfu tíðindanna.

Um leið og dómsmálastjórnin því sendir yður skjöl málsins, skorar hún á yður, herra amtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi, að þér, samkvæmt lagastað þeim, er nú var nefndur, annist um, að máli þessu verði ráðið til lykta, og sendið síðan stjórnarráðinu skýrslu um það.

Fylgiskjölin eruð þér beðnir að senda aptur.

---

5. júlím. **33. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ljóstoll til kirkju.**

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, með brèfi 21. aprílm. f. á., sent hingað skjal nokkurt frá Jónasi Guðmundssyni, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík; fer hann þess á leit, að hann sè undan þeginn að gjalda ljóstoll til dómkirkjunnar, meðan hann hvorki setur bú nè eignast tíundbært fè, svo og að honum verði endurgoldinn ljóstollur sá, er hann hefir greitt síðan árið 1856.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það Jónasi kennara Guðmundssyni, að dómsmálastjórnin ekki álítur sig eiga að skilja hann undan að greiða ljóstoll, en annars beri spurningunni um skyldu hans í því efni undir úrskurð dómenda.

---

5. júlím. **34. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um hús, keypt á umboðsjörð.**

Samkvæmt því, sem farið er fram á í brèfi yðar, herra amtmaður, 12. aprílm. þ. á., leggur dómsmálastjórnin samþykki sitt á, að þèr, eptir tilmælum hlutaðeigandi umboðsmanns, hafið varið 6 ríkisdölum af tekjunum af Reynistaðar klausturs jörðum til að

kaupa fyrir fjós á jörðinni Daufá, er slíkt hús eptir eldri og nýrri úttektargjörðum eigi hafi fylgt jörð þessari. 1861. 5. júlím.

Þetta sè yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar.

---

35. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um leyfisbrèf til að hafa veitingahús í Reykjavík. 5. júlím.

Eptir að dómsmálastjórnin með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 28. febrúarm. þ. á., hefir fengið álitsskjöl frá bæjarfógetanum og bæjarstjórninni í Reykjavíkur kaupstað, um það, hvort ástæða sè til að veita N. Jörgensen, er fyrrum var gestgjafi í veitingahúsi því, sem kallað er „Scandinavia", leyfisbrèf til að hafa veitingar og gestaherbergi á öðrum stað í kaupstaðnum, m. m., skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr gjörið frekari ráðstafanir í því efni, að eptir þeim skýrslum, sem nú eru framkomnar um það, hvernig ástatt er, má veita Jörgensen leyfisbrèf með vanalegum kjörum, svo sem hann hefir um beðið í bænarskrá þeirri, er fylgir brèfi þessu.

---

36. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu. 5. júlím.

Eptir bænarskrá, er þèr, herra amtmaður, hafið sent hingað með brèfi 17. febrúarm. þ. á., hefir dómsmálastjórnin veitt Valgerði Árnadóttur á Grund, ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu, 20 ríkisdala styrk, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði landsins.

1861. 5. júlím. Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar.

---

5. júlím. **37. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um kostnað við að senda fanga til átthaga sinna.**

Með því amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hefir færzt undan að láta eptir tilmælum yðar borga úr hlutaðeiganda sveitarsjóði 13 rdl. 48 sk., til að endurgjalda lögreglusjóði Kaupmannahafnar kostnað, er reis af því, er leystur fangi, Jónas Sigfússon, var sendur til átthaga sinna á Íslandi árið 1859, er amtmaður hèlt að kostnað þenna bæri að greiða úr dómsmálasjóði Íslands, þá hafið þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi 21. marzmánaðar, er síðast leið, beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um það, hvort dómsmálasjóðurinn eigi ekki að vera laus við kostnað þenna, og hvort eigi beri að greiða hann á þann hátt, sem að undanförnu hafi tíðkazt í suðurumdæminu, þegar um þess konar gjöld hefir verið að ræða, en það er á þann hátt, að hann sè greiddur af framfærslusveit þess, er hlut á að máli.

Út af þessu skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þèr hlutist til um það, er þarf í því efni, að þareð það er ákveðið í kanselíbrèfi 6. nóvemberm. 1815, að greiða skuli fyrst um sinn úr dómsmálasjóði Íslands kostnað, er rís af því, að afbrotamenn, sem búið er að láta lausa, eru sendir til átthaga sinna á Íslandi, þá ber að greiða úr sjóði þessum kostnað þann, er reis af heimför Jónasar Sigfússonar, og hefir Havstein amtmanni í dag verið ritað um þetta efni.

---

5. júlím. **38. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skil fyrir láni, er veitt var Skagafjarðarsýslu.**

Í bænarskrá, er hingað kom með brèfi yðar, herra amtmaður, 18. febrúarm., er síðast leið, hefir Eggert Briem, sýslumaður í

Skagafjarðarsýslu, sótt um uppgjöf á 80 ríkisdölum af láni því, 1861.
5,400 rdl. að upphæð, er veitt var sýslu þessari í fjáraukalögum 5. júlím.
31. marzm. f. á., til að varna hallæri, er menn báru kvíðboga fyrir; svo hefir hann og spurt um, hvort búast mætti við, að veitt yrði nokkuð lengri umlíðun um lán þetta, en ákveðið var, sökum þess hvað sumar sveitir sèu fátækar.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það Briem sýslumanni, að uppgjöf sú, sem sótt var um, ekki verður veitt, og að dómsmálastjórnin eigi heldur sèr sèr fært að útvega lengri umlíðun um lánið, en þegar var ákveðið, þá er það var veitt; vonast því stjórnarráðið eptir, að þèr, herra amtmaður, látið yður vera umhugað um, að þeir skilmálar, er lánið var bundið, og skýrt er frá í brèfi dómsmálastjórnarinnar 17. aprílm. f. á., verði nákvæmlega haldnir.

---

39. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um gjöf Kelsalls til bókhlöðubyggingar. 9. júlím.

Með brèfum, dagsettum 27. ágústm. f. á. og 8. maím., er síðast leið, hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr háæruverðugi herra, sent hingað, að undirlagi stjórnarráðsins, uppdrætti nokkra og áætlanir um bókhlöðuhús það, sem í ráði er að byggja í Reykjavík fyrir fè það, er Charles Kelsall, Englendingur, gaf eptir sinn dag í því skyni, en það er að upphæð 7,350 rdl. 42 sk.; svo hafið þèr og sent áætlun um, hvað kostnaðurinn mundi verða mikill, ef farið væri eptir uppástungu þeirri, sem gjörð hefir verið um, að bókhlöðuhúsið sè haft svo stórt, að prestaskólinn einnig geti fengið þar húsnæði.

Af áætlunum þeim, er þèr hafið sent, má sjá, að þó aðeins verði byggt bókhlöðuhús, og ekkert tillit haft til prestaskólans, og þó treysta mætti áætlunarreikningum Odds heitins snikkara Guðjónssonar, þar sem það þó virðist vafasamt hvort þeir reikningar sèu áreiðanlegir, með því þeir eru byggðir á

1861. 9. júlím. verðlagi hèr í bænum, sem varla hefir verið nógu kunnugt höfundinum — þá er eigi að síður fèð ónóg til þess, að farið verði að byggja húsið, því það mundi nálega allt ganga til þess að koma upp húsinu, og yrði þá ekkert eptir í ýms nauðsynleg gjöld, t. a. m. til launa handa bókaverði, í brunabótagjald, til eldsneytis, lýsingar, m. m. Við þetta bætist, að nú sem stendur og fyrst um sinn verður ekki nauðsyn á sèrstaklegu bókhlöðuhúsi, með því til er rúmgott húsnæði í skólahúsinu sjálfu til að geyma í bókasafn skólans, og hefir því þótt rèttast að nema fyrst um sinn staðar við svo búið, en setja fèð á vöxtu þangað til það er orðið svo mikið, að óhult sè um, að það verði nóg til þess, sem það er ætlað til; þá verður og kominn tími til að skera úr því, hvort ástæða sè til að byggja hús handa prestaskólanum, og ef svo er, hvort það þá eigi að vera í sambandi við hús það, sem hèr er um rætt; en varla verður sagt, að enn sè kominn tími til að gjöra út um þetta.

Um leið og stjórnarráðið tilkynnir yður þetta, skal þess við getið, að gjafafè það, sem hèr er um rætt, hefir verið ritað í skuldabrèfabók þá, sem búin var til samkvæmt auglýsing fjárstjórnarinnar 20. septemberm. 1859, og að þegar búið er að gefa út skýrteini um þetta, þá verður það skjal geymt hjá þeim manni, sem er fèhirðir fyrir stjórnarráð konungsríkisins.

---

11. júlím. **40. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að hann gegni störfum konungsfulltrúa á alþingi.**

Dómsmálastjórnin hefir reyndar enga skýrslu fengið frá yður, herra stiptamtmaður, um það, hvernig þèr ætluðuð að fara að við alþingi, er enginn var skipaður konungsfulltrúi eptir fráfall Melsteðs amtmanns, þá er þingið átti að byrja 1. þ. m.; en þó nú stjórnarráðið ekki efist um, að þèr þegar af eigin hvöt hafið sett þingið, og að öðru leyti gegnt skyldum þeim, er konungsfulltrúa ber að gegna, þá hefir þótt rèttast að láta ekki póstskipið í þetta skipti fara svo til Íslands, að yður sè ekki

tilkynnt, að stjórnarráðið álítur það vitaskuld, að þèr, eptir því 1861.
sem nú er ástatt, án þess yður hafi sèrstaklega verið fengið 11. júlím.
vald til þess, komið fram á alþingi sem konungsfulltrúi og gegnið öllum þeim störfum, sem á honum hvíla, og skal því með brèfi þessu, í von um að hans hátign konungurinn síðar fallizt á það, lagt samþykki á, að þèr, eptir því sem gjört er ráð fyrir, til þessa hafið gegnt köllun konungsfulltrúa, og yður veitt vald til að halda áfram að gegna þeim starfa.

Þess skal við getið, að þeir 1,000 rdl., sem Melsteð amtmanni voru fengnir til umráða, sem konungsfulltrúa, og um er rætt í brèfi dómsmálastjórnarinnar til yðar 31. maím. þ. á., má landfógetinn nú greiða úr jarðabókarsjóðnum eptir fyrirmælum yðar, og gegn kvittun af yðar hendi, og verjið þèr fènu til kostnaðar þess, sem því er samfara að vera konungsfulltrúi á alþingi.

---

41. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, um styrk til jarðabóta. 11. júlím.

Samkvæmt því, sem farið er fram á í brèfi yðar, herra amtmaður, 29. desemberm. f. á., leyfir dómsmálastjórnin, að Friðbirni Bjarnarsyni sè veittur 100 ríkisdala styrkur úr búnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, til að halda áfram jarðabótum þeim, er faðir hans var byrjaður á, en aptur á mót sè hann skyldaður til að veita öðrum kennslu í landbúnaði. Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr gjörið það, er þarf í því efni.

---

42. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um sameining Grímstungu brauðs við Undirfell. 27. júlím.

Eptir uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar, er samkvæmar voru brèfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, há-

1861. 27. júlím. æruverðugi herra, 7. febrúarm., er síðast leið, hefir hans hátign konungurinn 20. þ. m. allramildilegast fallizt á:

1. að Grímstungu brauð í Húnavatnssýslu í norður- og austurumdæminu á Íslandi sè lagt niður sem sèrstakt brauð, en sè með kirkju þeirri, sem þar er, lagt til Undirfells í sömu sýslu, sem annexía.
2. að báðar kirkjurnar í brauði þessu, er þannig verði sameinað, skuli vera lènskirkjur (benificiair-kirkjur), og að prestinum á Undirfelli sè lögð á herðar ábyrgð á því, að þeim sè við haldið eins og vera ber.

Þetta sè yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, og yður háæruverðugi herra, sjálfum yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmdar.

---

9. ágústm. **43. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um „litla varningsbók".**

Um leið og dómsmálastjórnin sendir yður, herra stiptamtmaður, 600 exempl. af bók, er Jón skjalavörður Sigurðsson hefir samið, og gefin hefir verið út á kostnað stjórnarráðsins, um vöruafla á Íslandi og vöruverkun („Lítil varningsbók"), eruð þèr beðnir að útbýta ókeypis 150 exemplörum af bókinni, á þann hátt, er yður þykir bezt við eiga, einkum til dugandis bænda í suðurumdæminu, en hlutast til um, að þau 450 exemplör, sem þá eru eptir, verði höfð á boðstólum fyrir söluverð, er þykir hæfilega metið til 40 skildinga á hverri bók.

Um það, hvernig út býtt verði bókinni og um sölu hennar, ber að gjöra skýrslu og reikning, og senda hingað[1].

---

1) Sama dag voru amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu og amtmanninum yfir vesturumdæminu á Íslandi send 150 exemplör af bók þessari, hvorjum fyrir sig, til gefins útbýtingar.

44. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um kærur útaf lausablöðum, er prentuð höfðu verið í prentsmiðju Íslands. 1861. 14. ágústm.

Eptir að dómsmálastjórnin er búin að fá álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 9. janúarm. þ. á., um kæruskjal, er þèr um leið senduð aptur, þar sem examinatus juris Jón Guðmundsson kvartar yfir því, að frá prentsmiðju Íslands hafi út komið þrjú lausablöð, er eigi sè nafngreindur höfundur að, og sem hann hyggur vera meiðandi fyrir sig að efninu til, þá skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það kæranda, að stjórnarráðinu ekki þykir vera ástæða fyrir sig að skipta sèr af máli þessu, heldur verður að vísa honum til dómstólanna, ef honum þykja vera rök til, að bera málið undir þá.

Um leið og þetta er birt yður, getur dómsmálastjórnin þó eigi látið hjá líða að taka það fram, að það væri ákjósanlegt að vekja athygli þeirra, er hlut eiga að máli, á því, að ekkert sè tekið til prentunar í prentsmiðjunni, sem stofnun þessari geti orðið til minnkunar.

---

45. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um bæjarfulltrúakosning í Reykjavík. 19. ágústm.

Í bænarskrá, er hingað kom með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 19. marzm. þ. á., hefir Sigurður Melsteð, prestaskólakennari, sótt um að losast við að taka móti kosning til bæjarfulltrúa í Reykjavík, er hann varð fyrir.

Í þessu efni skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr birtið það þeim, er hlut á að máli, að það, sem um var sótt, eigi verður veitt.

1861. 19. ágústm. **46. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um linun í jarðarafgjaldi af klausturjörðinni Klauf.**

Með því jörðin Klauf, er heyrir undir umboð Þykkvabæjarklausturs, núna síðustu árin hefir orðið fyrir áföllum miklum af sandfoki, hafið þèr, herra stiptamtmaður, eptir bón Runólfs Sveinssonar, sem er ábúandi á jörð þessari, stungið upp á því í brèfi 13. desemberm. f. á., að honum sè leyft að borga með peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá á ári hverju, í fardögum 1861 og svo þaðan af, þangað til öðruvísi verður ákveðið, þá 30 álna landskuld, sem hann eptir byggingarbrèfi sínu á að greiða eptir meðalverði verðlagsskrár á ull, smjöri og tólg.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr auglýsið það, að dómsmálastjórnin fellst á, að landskuldargjald það, sem hèr er um rætt, sè greitt á þann hátt, er þèr stingið upp á, þó fyrst um sinn aðeins í 3 ár; en þegar sá tími er liðinn, ber að senda stjórnarráðinu skýrslu um, hvernig jörðin er á sig komin.

---

21. ágústm. **47. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp sveitarómaga.**

Með brèfi 31. janúarm. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt; í því biður sveitarstjórnin í Fliótshlíðar hrepp um, að dómsmálastjórnin skeri úr ágreiningi, sem orðið hefir milli þessa hrepps og Hvols hrepps um hinn rètta framfærsluhrepp Jóns Ólafssonar á Giljum.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það þeim, er hlut eiga að máli, að stjórnarráðið fellst á úrskurð þann, er þèr, herra stiptamtmaður, lögðuð á mál þetta 2. dag maím. 1860, en eptir þeim úrskurði ber svo að álíta, að Jón Ólafsson eigi framfærslurètt í Fljótshlíðarhrepp.

---

48. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um laun héraðslæknis, er skipaður var í annað embætti. 1861. 21. ágústm.

Eptir að dómsmálastjórnin með brèfi yðar, herra amtmaður, 20. júním. þ. á., hefir meðtekið álitsskjal frá Jóni héraðslækni Finsen, um það, er hann er settur til að gegna héraðslæknisembættinu í Múlasýslum og Austur-Skaptafellssýslu, skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr birtið það hlutaðeiganda, að frá 1. degi októbermánaðar í haust getur hann aðeins fengið laun eptir 8. grein í lögunum frá 19. febrúarm. þ. á., smbr. 4. gr. og 2. tölulið 3. greinar. Auk launa sinna sem héraðslæknis í Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslum, sem eru 550 ríkisdalir, og launaviðbótar þeirrar, er honum ber af þeim, en hún er 11 ríkisdalir 64 sk. um mánuðinn, það sem eptir er fjárhagsársins, á hann því, eptir þessum ákvörðunum, aðeins að fá tiltöluhluta af þóknun, sem er að upphæð 250 rdl. um árið, eður 20 rdl. 80 sk. um mánuðinn, sem settur héraðslæknir í því embættinu, er fyrst var nefnt.

---

49. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um bænarskrá frá alþingi 1859, um endurgjald fjárvarðakostnaðar. 27. ágústm.

Dómsmálastjórnin hefir meðtekið álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, 9. aprílm. þ. á., um þegnlega bænarskrá, er kom frá alþingi árið 1859, um að fè það, samtals 697 rdl. 56 sk., sem varið var til fjárvarða nokkurra, er íbúar Rangárvalla og Skaptafellssýslu settu árin 1857 og 1858, verði endurgoldið héruðum þessum, annaðhvort úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins, eður af þeim 4000 ríkisdölum, sem veittir eru til óvissra gjalda handa Íslandi.

Um leið og í þessu efni skal skýrskotað til hinnar konunglegu auglýsingar til alþingis 1. júním. þ. á. (II., 18. tölulið), er yður það hèrmeð til vitundar gefið, sjálfum yður til leið-

1861. 27. ágústm. beiningar, og til þess þèr kunngjörið það þeim, er hlut eiga að máli, að eptir öllu því, sem fram er komið um atvik málsins, þykir dómsmálastjórninni ekki vera ástæða til að veita eður útvega endurgjald kostnaðar þess, sem fyr var getið, einkum fyrir þá sök, að menn höfðu tekið upp hjá sjálfum sèr að gjöra ráðstafanir þær, er fènu var til varið, sumpart án samþykkis yfirvaldsins, og sumpart eptir að amtmaður með berum orðum var búinn að lýsa því yfir, að þess væri eigi að vænta, að kostnaðurinn yrði endurgoldinn úr jafnaðarsjóði amtsins.

---

27. ágústm. **50. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um auglýsing reikninga.**

Þèr hafið herra amtmaður, í brèfi 30. maím. þ. á. spurt um, hvort reikningar sveitarsjóðanna í hverjum hreppi eigi að teljast með þeim reikningum, sem konungsúrskurður 2. marzm. þ. á. býður að auglýstir sèu á prenti; svo og hvort birta eigi með reikningum þeim, sem þannig skal auglýsa, fylgiskjöl þeirra, t. a. m. fylgiskjölin við jafnaðarsjóðsreikninga amtsins.

Um þetta er yður það kunngjört, sjálfum yður til leiðbeiningar, að kveða verður nei við báðum þeim spurningum, er þèr hafið upp borið.

---

30. ágústm. **51. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um gjaldheimtu af tómthúsum á Arnarhóls lóð.**

Í brèfi 1. marzm. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, beðið um, að dómsmálastjórnin skeri úr ágreiningi nokkrum milli yðar og bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um það, hvort opið brèf 26. septemberm. 1860, um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík, geti heimfærzt til tómthúsa þeirra, er sèu á jörðinni Arnarhóli, sem fengin er stiptamtmanni til afnota.

Um þetta efni er yður hèr með kunngjört, að bæði eptir 1861.
orðum hins opna brèfs og þeim umræðum, sem áður urðu um 30. ágústm.
lagaboð þetta á alþingi, ber að álíta, að það einnig nái til þeirra tómthúsa, sem eru á jörð þeirri, er að ofan er nefnd, að svo miklu leyti, sem engu lóðargjaldi hefir verið af þeim svarað, áður en lagaboðið kom út.

---

52. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um vöruskrár og heilbrigðisskýrteini. 30. ágústm.

Að undirlagi hins konunglega kaupræðismanns í Liverpool hefir utanríkisstjórnin í brèfi 31. f. m. spurt um, hvort enn sè nauðsyn á, að kaupræðismenn staðfesti vöruskrár og heilbrigðisskýrteini þeirra skipa, sem ætla að fara til Íslands og Færeyja, svo sem fyrir er mælt í 8. grein í lögum 15. aprílm. 1854, og hvort haldið skuli áfram að heimta borgun þá, sem ákveðin er fyrir staðfesting þessa.

Þessu leyfir dómsmálastjórnin sèr að svara á þá leið: að með því lagaákvörðun sú, sem nú var getið, enn er í gildi, þá leiðir beina leið af því, að staðfesting sú, sem hèr er um rætt, framvegis er nauðsynleg; og þar sem hinn konunglegi kaupræðismaður hefir sagt, að ýmsir skipstjórar hafi skýrt honum frá, að vöruskrárnar sèu aldrei heimtaðar af þeim, og heilbrigðisskýrteini að eins sjaldan, þá skal þess getið, að vöruskrár hafaá ári hverju verið sendar stjórnarráðinu samkvæmt lögunum, og eru þar á meðal nokkrar, sem hinn konunglegi kaupræðismaður í Liverpool hefir staðfest.

---

53. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um vöruskrár og heilbrigðisskýrteini. 30. ágústm.

Þareð ráða má af skýrslu, er hingað hefir komið frá utanríkisstjórninni, að ekki er ætíð heimtað af skipstjórunum vöruskrár

1861. og heilbrigðisskýrteini, svo sem fyrir er skipað í verzlunarlögun-
30. ágústm. um frá 15. aprílm. 1854, þá skorar nú dómsmálastjórnin á yður herra (tit.), að þèr brýnið það fyrir sýslumönnum (í brèfinu til stiptamtmanns: bæjarfógetanum og sýslumönnum) þeim, sem þèr eruð yfir skipaðir, að þeir eigi vandlega að gæta laga-ákvarðana þeirra, er nú voru nefndar.

---

30. ágústm. **54. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán handa Reykjavíkur bæ.**

Nokkrir af íbúum Reykjavíkurbæjar hafa í bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 13. júním. þ. á., sótt um, að bæ þessum sè leyft að taka 4000 ríkisdala lán, er í 28 ár í röð verði goldnir af 6 af hundraði í leigu og borgun höfuðstólsins, til þess ráðin verði bót á bjargræðisskorti þeim, sem nú sè meðal fátæklinga þar í bænum, á þann hátt, að þeim gefist kostur á að fá atvinnu við verk, er framkvæmd skuli fyrir kaupstaðinn þetta árið.

Um leið og þèr senduð hingað bænarskrá þessa, sem bæjarfulltrúarnir hafa mælt fram með, að veitt verði áheyrsla, þó svo, að lánið eigi nemi meiru en 2700 ríkisdölum, hafið þèr, herra stiptamtmaður, meðal annars getið þess, að það, að yðar áliti, sè mjög vafasamt, hvort og að hve miklu leyti lán það, er menn æskja, geti orðið að þeim notum, sem til er ætlazt, og að það að minnsta kosti sè mjög ísjárvert að þyngja á svo fátæku bæjarfèlagi, sem Reykjavík er, með svo mikilli skuld, einkum þareð óumflýjanlegt verði fyrir bæinn að taka töluvert lán vegna barnaskólans, sem nú á að stofna þar. Auk þessa hafið þèr bent á, að kjör manna í bænum sèu enn ekki orðin svo bág, eður svo mikil hætta á ferðum, sem ráða megi af bænarskránni; en með því það á hinn bóginn sè rètt hermt, að sá hluti bæjarbúa, sem að mestu eigi bjargræði sitt undir sjávaraflanum, nú sem stendur eigi að nokkru leyti við bág kjör að búa, og að þess vegna megi fyrir sjá, að fátækrasjóðurinn

muni þurfa viðbót við tekjur sínar, þá hafið þèr lagt það til, 1861.
að bænum verði veitt heimild til að taka 1000 ríkisdala lán, 30. ágústm.
til þess að því fè verði varið ásamt því, sem þegar er búið að jafna á bæjarbúa, til þeirra gjalda, er nauðsynleg eru í þarfir fátækra þetta árið.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr kunngjörið það þeim, er hlut eiga að máli, að dómsmálastjórnin verður að vera á sama máli og þèr, herra stiptamtmaður, um það, að ekki sè ástæða til að samþykkja, að bærinn taki lán það, sem um er rætt í bænarskránni, og að stjórnarráðið eigi heldur getur hlutast til um að útvega fátækrasjóðnum lán, fyrri en ef svo kann að breytast ástandið, að brýna nauðsyn beri til þess.

---

55. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir eptirrit af dómsgjörðum. 31. ágústm.

Í brèfi 31. maím. þ. á. hefir amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi skýrt frá, að hann, samkvæmt heimild, er hann hafði til þess fengið hjá dómsmálastjórninni, hafi beðið um að fá frá landsyfirrèttinum dómsgjörðirnar í máli því, er dæmt var í yfirdóminum 16. janúarm. f. á. milli eiganda jarðarinnar Víðivalla og Skriðu-klausturs umboðs, út af Ranaskógi, sem svo er nefndur, en hafi eigi síðar fengið dómsgjörðir þessar, meðfram fyrir þá sök, að Benidikt yfirdómari Sveinsson, sem er skrifari í yfirdóminum, hafi neitað að láta af hendi eptirrit yfirdóms-gjörðanna nema fyrir borgun, og hefir því amtmaðurinn beðið um, að dómsmálastjórnin tilkynni embættismanni þessum það, sem nauðsyn er á í þessu efni.

Með því nú Benidikt yfirdómari Sveinsson ekki á heimting á borgun fyrir eptirrit dómsgjörða í þeim málum, er snerta rèttindi kóngsjarða, eptir því, sem ákveðið er í aukatekjureglugjörð 10. septemberm. 1830, 13. grein, smbr. rentu-

1861. kammerbrèf 19. febrúarm. 1842 og brèf dómsmálastjórnarinnar
31. ágústm. 23. janúarm. 1858, þá skorar dómsmálastjórnin á yður, herra stiptamtmaður, að þèr bjóðið honum að láta tafarlaust af hendi eptirritið af yfirdóms-gjörðunum, til þess þeim verði snúið á dönsku, ef hann eigi þegar er búinn að því.

---

31. ágústm. **56. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um endurgjald, er veitt skal settum yfirdómara.**

Eptir því, sem frá er skýrt í brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 23. febrúarm. þ. á., hefir O. M. Stephensen í Viðey, sekretèri, er þèr settuð til að gegna meðdómandastörfum í hinum íslenzka landsyfirrètti meðan Benidikt yfirdómari Sveinsson var sjúkur sumarið 1860, farið fram á, að sèr væri veitt 10 ríkisdala þóknun, samkvæmt konungsúrskurði 25. septemberm. 1816, fyrir sèrhvert af málum þeim, 8 að tölu, er hann átti þátt í, og 6 ríkisdalir í ferðakostnað um daginn, þá 5 rèttardaga, er hann átti sæti í rèttinum. En á hinn bóginn hafið þèr, herra stiptamtmaður, látið í ljósi það álit yðar, að konungsúrskurð þann, er nú var getið, beri að skilja á þann hátt, að sú 10 ríkisdala þóknun, sem stiptamtmanni er leyft að ávísa hinum setta meðdómanda úr dómsmálasjóðnum, sè borgun fyrir alla meðferð og dóm eins máls í yfirdóminum, en ákvörðun þessi eigi aðeins við að nokkrum hluta, þegar sá, er settur hafi verið meðdómandi, hafi, eins og hèr hafi átt sèr stað, að eins að nokkru leyti átt þátt í meðferð málanna, en þegar svo sè ástatt beri að greiða þóknun, er sè minni eptir tiltölu, t. a. m. í þessu tilfelli 15 rdl. fyrir hvern rèttardag, að meðtöldum ferðakostnaði; hafið þèr því ekki sèð yður fært að veita Stephensen sekretèra þóknun þá, er hann heimtaði, nema þèr fengjuð heimild til þess frá stjórnarráðinu, og það því síður, sem þar að auki kynni að vera vafasamt, hvort hið opinbera eigi að bera þann kostnað, er leiðir af því, að annar maður er skipaður til að

gegna meðdómandastörfum, þegar hinn rètti meðdómandi er fatlaður. 1861. 31. ágústm.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, til þess þèr hagið yður eptir því, að dómsmálastjórnin leyfir, að Stephensen sekretèra sèu borgaðir 75 ríkisdalir alls úr dómsmálasjóðnum fyrir það, er hann var settur til að gegna dómarastörfum í yfirrèttinum, svo sem fyr er sagt, og er í þessu einnig fólgið endurgjald fyrir ferðakostnað hans; má og hèr eptir fara að á líkan hátt, þegar nauðsyn verður á að setja einhvern mann, er ekki hefir föst laun úr ríkissjóði, til að gegna dómandastörfum í rèttinum um stundarsakir, vegna þess að einhver af dómendunum er sjúkur.

Þar sem þèr, herra stiptamtmaður, í sambandi við þetta mál hafið hreift því, að 10 ríkisdala þóknun sú, sem ákveðin er í konungsúrskurðinum frá 25. septemberm. 1816, sem fyr er getið, að yðar áliti sè of lítil, einkum í löngum og flóknum málum, og að þess vegna mundi vera ástæða til að hækka hana eptirleiðis, þá skal þess getið, að stjórnarráðinu ekki þykir vera ástæða til að fá konungsúrskurði þessum breytt, að því er snertir ákvörðun þá, sem hèr er um rætt.

---

57. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um hvenær landfógeti, sýslumenn og umboðsmenn skuli senda reikninga sína. 4. septbr.

Með því dómsmálastjórnin eigi enn er búin að fá jarðabókarreikninginn íslenzka fyrir fjárhagsárið 1860—61, og þar að auki vantar nokkra aðra reikninga um tekjur ríkissjóðsins af Íslandi á því fjárhagsári, er nú var nefnt, þá hefir ekki orðið samið í tækan tíma hið fyrirskipaða reiknings-yfirlit yfir tekjur og gjöld, er Ísland snerta á því ári; svo hefir eigi heldur, svo sem ákveðið er að vera skuli, orðið haft tillit til tekjanna á síðast liðnu fjárhagsári, þá er samið var frumvarp til fjárlaganna fyrir árið 1862—63.

Til þess að varna því, að slíkt beri við framvegis, skorar

1861. 4. septbr. dómsmálastjórnin á yður, herra stiptamtmaður, að þèr brýnið alvarlega fyrir landfógetanum á Íslandi og sýslumönnum þeim og umboðsmönnum, sem eru í umdæmi yðar, að eigi megi út af því bregða, að þeir á ári hverju sendi amtinu svo snemma reikninga sína, að þeir geti komizt hingað í síðasta lagi með þriðju póstskipsferðinni frá Íslandi, en að öðrum kosti verði eigi hjá því komizt að við hafa þau þvingunarmeðöl, er með þarf í þessu efni.[1]

---

9. septbr. **58. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um læknislyf handa stúdentum á prestaskólanum.**

Eptir að þèr herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, voruð búnir að láta í ljósi álit yðar um úrskurð þann, er lagður var á 12. útásetningagrein við reikninga um tekjur og gjöld hinna lærðu menntunarstofnana á Íslandi fyrir tímabilið frá 1. aprílm. 1854 til 31. marzm. 1856, viðvíkjandi 5 rdl. 36 sk., er varið hefir verið fyrir læknislyf handa tveim stúdentum á prestaskólanum, hefir stjórnardeild sú, er hefir á hendi rannsókn reikninga í konungsríkinu, skotið undir úrlausn dómsmálastjórnarinnar, hvort heimild sè fyrir því í gildandi lögum, að stúdentar á prestaskólanum fái læknislyf ókeypis, þá er þeir sýkjast.

Út af þessu skal yður það til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að þó svo væri, sem ekki eru komnar fram neinar skýrslur um í málinu, að þessir tveir prestaskólastúdentar hafi haft ölmusu, þá er engin heimild til að veita þeim læknislyf ókeypis í sjúkdómi í stjórnarráðaúrskurðum þeim, sem yfirstjórnendur skólans hafa skýrskotað til, en það eru rentukammerbrèf 28. marzm. 1787, kanselíbr. 6. maím. s. á. og kanselí-cirk. 16. septemberm. 1820; en eptir því, sem ástatt er, má í þetta skipti við svo búið standa í þessu efni.

---

1) Sama dag voru amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu og amtmanninum yfir vesturumdæminu rituð brèf sama efnis, um reikninga sýslumanna og umboðsmanna í umdæmum þeirra.

59. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kirkjugarð við Möðruvalla-klausturs kirkju. 1861. 12. septbr.

Eptir að dómsmálastjórnin hefir borið upp fyrir konungi þegnlega skýrslu um bænarskrá þá, er hingað kom með álitsskjali yðar herra amtmaður, dagsettu 28. febrúarm. þ. á., hefir hans hátign 7. þ. m. allramildilegast fallizt á, að verja megi 200 ríkisdölum af fè Möðruvalla-klausturs kirkju til styrks handa sóknarmönnum til að byggja kirkjugarð við kirkju þessa úr trè og grjóti, þó svo, að öllu verkinu sè lokið innan 1. októbermánaðar 1863, og að þegar þar að kemur verði gjörð skilagrein fyrir því, hvernig fènu hafi verið varið.

Um leið og yður er birt þetta, yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það þeim, er hlut eiga að máli, skorar dómsmálastjórnin á yður, að gjöra þær ráðstafanir, er þarf, samkvæmt konungsúrskurði þessum, og að senda stjórnarráðinu síðan skýrslu um málið.

---

60. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um laun handa settum hèraðslækni. 12. septbr.

Eptir að dómsmálastjórnin með brèfi yðar, herra amtmaður, 26. júlím. þ. á., er búin að fá svar frá Lind hèraðslækni, viðvíkjandi því, að hann er settur til að gegna hèraðslæknisembætti í nyrðra umdæmi vesturamtsins, skal yður það nú til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr auglýsið það þeim, er hlut á að máli, að frá 1. degi októbermánaðar næstkomanda getur hann aðeins fengið laun samkvæmt lögum 19. febrúarm. þ. á. 8. gr. smbr. 4. gr., og 3. gr. 2. tölul.; en eptir þessum lagagreinum á hann, auk launa sinna sem hèraðslæknis í syðra læknisumdæmi vesturamtsins, að upphæð 625 rdl., og launaviðbótar þeirrar, sem honum ber af þeim launum, sem er 12 rdl. 64 sk. á mánuði, það sem eptir er fjár-

1861. 12. septbr. hagsársins, aðeins að fá að tiltölu af þóknun, er sè reiknuð til 250 rdl. á ári, eður 20 rdl. 80 sk. á mánuði, sem settur hèraðslæknir í því embættinu, er fyrst var nefnt.

Því skal við bætt, að embættismaður þessi skal fá nákvæmari úrskurð um það, er hann hefir sótt um að fá þá 25 rdl., sem lagðir eru hèraðslæknisembættinu í nyrðra umdæminu í staðinn fyrir ábúðarjörð læknis.

---

12. septbr. **61. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán af kollektusjóðnum sökum dýrtíðar.**

Með hinu síðasta póstskipi fekk dómsmálastjórnin bænarskrá alþingis 30. júlím. þ. á.; í henni hefir þingið í einu hljóði farið þess á leit, að veitt yrði á yfirstandandi sumri peningalán, að minnsta kosti 7000 rdl., úr hinum svonefnda íslenzka kollektusjóði, til að kaupa kornvöru fyrir handa bágstöddustu sveitunum í Borgarfjarðar sýslu og Kjósar- og Gullbringu sýslum, á þann hátt, að lán þetta verði endurgoldið með 1000 ríkisdölum á ári, og að af því verði goldnir 4 af hundraði í vöxtu, þangað til búið er að borga það aptur að fullu.

Eptir því sem lýst er í bænarskránni, hvernig ástatt sè í sýslum þessum og eptir því, sem þèr, herra stiptamtmaður, hafið tilgreint í álitsskjali því er þèr, sem konungsfulltrúi á alþingi, rituðuð 10. dag f. m., hefir dómsmálastjórninni, í von um samþykki konungs, þótt hlýða, að veita yður með brèfi þessu vald til að láta borga til yðar til bráðabyrgða úr jarðabókarsjóði Íslands fè, er eigi nemi meiru en 7000 rdl., til þess að verja því í því augnamiði, sem að ofan er á vikið, og að öðru leyti með þeim kjörum, er alþingi hefir stungið upp á, en það er á þann hátt, að $\frac{1}{7}$ af láni þessu verði endurgoldinn á ári hverju, og að það að eins verði veitt hreppunum í sýslum þessum, en ekki einstökum mönnum, að svo miklu leyti, sem þeir eigi mynda sveitarfèlag.

þareð endurgjalda á ríkissjóðnum af hinum íslenzka styrktarsjóði fé það, er þèr neyðist til að taka úr jarðabókarsjóðnum í þessum tilgangi, þá skorar dómsmálastjórnin á yður að senda hingað, svo skjótt sem unnt er, og í síðasta lagi fyrir lok þessa fjárhagsárs, skýrslu um, hve miklu fé hafi eytt verið, svo stjórnarráðið geti gjört þær ráðstafanir, er með þarf, til þess fèð verði endurgoldið ríkissjóðnum. Annars vonast dómsmálastjórnin eptir, að þèr ekki notið leyfi það, er nú hefir verið veitt, nema brýna nauðsyn beri til þess, og skorar á yður að senda, þegar þar að kemur, nákvæma skýrslu um, hvernig ástatt sè í sýslum þessum, og um þær ráðstafanir, er þèr hafið gjört í þessu máli. 1861. 12. septbr.

---

62. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kornlán til Snæfellsness sýslu. 12. septbr.

Eptir að dómsmálastjórnin er búin að fá uppástungur yðar, herra amtmaður, í brèfi 27. júlím. þ. á., um þann borgunarfrest og aðra þá skilmála, sem setja ætti um lán á þeim 400 tunnum af rúgi, sem keyptar voru í fyrra haust að tilhlutun stjórnarráðsins, en ekki komust til Íslands fyrri en í vor eð var, og ætlaðar voru til að varna hallæri, er menn báru kvíðboga fyrir, að bera mundi að höndum í Snæfellsness sýslu, skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr gjörið þær ráðstafanir, er þurfa í því efni, að korn þetta, sem keypt hefir verið fyrir fè hins íslenzka styrktarsjóðs, má lána þeim sveitum, sem bágstaddastar eru, fyrir venjulegt kaupstaðarverð, en lánið skal endurgoldið á 7 árum í röð, og goldnir af því 4 af hundraði í rentu á ári, og borgaður aptur $\frac{1}{7}$ hluti þess á ári hverju. Því skal við bætt, að skilmálar þessir einnig skulu settir um þær 10 tunnur af korninu, sem, eptir því sem getið er um í brèfi yðar, þegar er búið að lána Neshreppi utan Ennis.

1861. 12. septbr. **63. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu á Íslandi, um kornlán.**

Samkvæmt uppástungu yðar, herra amtmaður, í brèfi 5. f. m., fellst dómsmálastjórnin á, að lána megi Árnes- og Kaldrananes hreppum í Stranda sýslu, ef á þarf að halda, hèr um bil 50 tunnur af korni því, sem sent var til Snæfellsnes sýslu að tilhlutun stjórnarráðsins, upp á skilmála þá, sem ákveðnir eru í brèfi dómsmálastjórnarinnar, dagsettu í dag, um lán á korni þessu.

---

12. septbr. **64. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um danska þýðing alþingistíðindanna.**

Eptir tilhlutun síðasta alþingis hefir forseti þingsins, Jón Guðmundsson, settur málaflutningsmaður við yfirrèttinn, sótt um í skjali, er hann sendi beina leið til dómsmálastjórnarinnar, að hin danska þýðing þingbókarinnar þessa alþingis, sem lögskipuð er í niðurlagi 43. greinar í alþingistilskipuninni 8. marzm. 1843, megi ógjörð látin að þessu sinni.

Í þessu efni skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það þeim, er hlut á að máli, að dómsmálastjórnin, í von um samþykki konungs, leyfir að í þetta skipti megi sleppa því, að senda hingað hina lögboðnu dönsku þýðing þingbókarinnar, þó með því skilyrði, að það fè, sem gengur til að fá þingbókina útlagða hèr í bænum, verði talið með öðrum alþingiskostnaði, og jafnað niður ásamt honum, svo framarlega sem tilraunir þær, er gjörðar kunna verða til að fá fè þetta greitt úr ríkissjóði, án þess það aptur sè endurgoldið, ekki hafa þann árangur, sem til er ætlazt.

Annars eruð þèr beðnir að kunngjöra Jóni málaflutningsmanni Guðmundssyni, að eptir 44. grein alþingistilskipunarinnar hefði hann átt að fá konungsfulltrúa skjal sitt, og hann að senda það stjórninni, en hann hefði ekki átt að senda það sjálfur beina leið til stjórnarinnar, eins og hann nú hefir gjört.

---

65. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um laun handa settum amtmanni.** 1861. 12. septbr.

Í sambandi við brèf dómsmálastjórnarinnar 11. júlím. þ. á., um að þèr skylduð fyrst um sinn gegna amtmannsembættinu í vesturumdæminu á Íslandi, skal yður það nú kunngjört, að dómsmálastjórnin leyfir, samkvæmt því sem þèr hafið sótt um, að þèr, frá því 1. júnímánaðar, er síðast leið, og meðan þèr gegnið amtmannsembættinu, fáið full laun, þau er lögð eru til embættis þessa, að meðtöldum húsaleigustyrk, launaviðbót eptir kornverði, og skrifstofufè, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið ritað það, er með þarf um þetta efni.

---

66. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um borgun fyrir læknisáhöld handa landlækni.** 20. septbr.

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá brèf yðar, herra stiptamtmaður, 9. aprílm. þ. á., hafa verið keypt, uppá kostnað jafnaðarsjóðs suðurumdæmisins, ýmisleg ný læknisáhöld, og þau síðan send landlækni á Íslandi.

Um leið og þetta er þannig kunngjört yður, eruð þèr beðnir að hlutast til um, að þeir 118 rd., er hafa gengið til að fá fyrir áhöld þessi, og til bráðabyrgða hafa greiddir verið úr aðalfèhirzlu ríkisins, verði endurgoldnir á þann hátt, að þeir sèu greiddir úr jafnaðarsjóðnum inn í jarðabókarsjóð Íslands.

1861. 20. septbr. **67. Umboðsskrá handa Tscherning ofursta, Oddgeiri Stephensen, etazráði og stjórnardeildarforingja, Bjerring, prófessor, Nützhorn kanselíráði og skrifstofuforstjóra, og Jóni Sigurðssyni skjalaverði, um að þeir gangi í nefnd til að segja álit sitt og gjöra uppástungur um fjárhagssambandið milli Íslands og konungsríkisins.**

Friðrik hinn sjöundi o. s. frv.:

Vita skuluð þèr, Vor elskulegi herra Anton Friðrik Tscherning, ofursti, riddari dannebrogsorðunnar, Vor elskulegi herra Oddgeir Stephensen, stjórnardeildarforingi, Vort etazráð, riddari dannebrogsorðunnar, Vor elskulegi herra Vilhelm Jakob Bjerring, prófessor, riddari dannebrogsorðunnar, Vor elskulegi Karl Ludvig Vilhelm Römer Nützhorn, skrifstofuforstjóri og stjórnardeildarskrifari í innanríkisstjórninni, Vort kanselíráð, og herra Jón Sigurðsson, skjalavörður, riddari dannebrogsorðunnar, að með sèrstaklegu tilliti til, sumpart að fjárhagsnefnd fólksþingsins optar en einu sinni hefir látið í ljósi þá ósk, að fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins verði skipað á hagkvæmari og tryggilegri hátt en nú er, og einkum á þann hátt, að alþingi geti öðlazt ályktunarvald um tekjur og gjöld Íslands, jafnvel þó nauðsyn kynni verða að greiða af fè konungsríkisins um vissa áratölu fast ákveðið tillag, sumpart, að áþekk ósk hefir fram komið af hálfu alþingis, er þingið í þegnlegri bænarskrá 14. ágústmánaðar 1857 hefir beðið um, að alþingi verði allra mildilegast veitt ályktanda vald, hvað tekju- og útgjaldaáætlun Íslands snertir, en að úr ríkissjóði verði greitt til landsins ákveðið árlegt tillag um tiltekna áratölu, þá hefir oss allramildilegast litizt að skipa nefnd manna, er hafi það ætlunarverk á hendi, að segja álit sitt og gjöra uppástungur um fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins fyrir fullt og allt.

Það er því allramildilegastur vilji Vor og skipan, að þèr hagið yður þannig, að þèr í þessum tilgangi gangið í nefnd, og felum Vèr þèr, Tscherning, allramildilegast á hendur að vera

formaður í henni; eigið þér að senda dómsmálastjórn Vorri álitsskjal yðar og uppástungur. 1861. 20. septbr.

Eptir þessu eigið þér yður þegnlega að hegða. Felandi yður guði!

Skrifað í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 20. dag septembermánaðar 1861.

Undir Voru konunglega innsigli.

(L. S.)

Eptir allramildilegustu boði hans hátignar konungsins.

Casse.

---

68. **Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýðing yfir nokkra kafla úr nýja-testamentinu.** 24. septbr.

Eptir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 13. júnímán. þ. á., hefir kirkju- og kennslustjórnin veitt Pètri prófessor Pèturssyni og Sigurði Melsteð, prestaskólakennara í Reykjavík, 200 ríkisdala styrk til að gefa út þýðing yfir útvalda kafla úr nýja-testamentinu.

Þetta sè yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr birtið það þeim, er hlut eiga að máli, og skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi í dag hefir verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

69. **Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um rèttan skilning á fjárlögunum.** 26. septbr.

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, og þèr háæruverðugi herra, með brèfi 1. maím. þ. á., senduð hingað reikning yfir gjöld hins lærða skóla í Reykjavík, fjárhagsárið 1860—61, skýrðuð þèr frá, að ýms gjöld hafi greidd verið fram yfir þá upphæð, er fjárlögin heimila fyrir hvern gjaldlið; og hafið

1861. 26. septbr. þèr meðal annars getið þess, að til tímakennslu hafi verið varið 1 rd. 24 sk. meiru, en ætlað hafi verið til hennar, en að þèr hafið hlutazt til um, að þetta verði lagað í reikningi yfirstandandi árs, á þann hátt, að þessir 1 rd. 24. sk. verði í honum tilfært sem tekjur.

Í þessu efni lætur stjórnarráðið ekki hjá líða að tilkynna yður, að slík aðferð, sem nú var getið, er óleyfileg, og að ekki má fremur bæta úr því, að ofmikið hefir verið borgað af einhverjum gjaldlið í fjárlögum undanfarandi árs, með því að taka það, sem á hefir vantað, af sama gjaldlið í fjárlögum næsta árs á eptir, heldur en verja megi því, sem sparað hefir verið af einum gjaldlið í fjárlögunum, annaðhvort til annara gjalda sama árið, eður til sömu gjalda í næsta árs fjárlögum. Þegar fjárhagsárið er liðið, má eigi lengur verja neinu af því fè, sem veitt hefir verið í fjárlögunum fyrir það tímabil, og það sem orðið hefir afgangs af hinum sèrstöku gjaldliðum ber að álíta beinlínis tekjur ríkissjóðsins, en hafi einhver gjaldliður í fjárlögunum eigi hrokkið til, verður eptir á að fá veitt það fè, sem framyfir hefir farið; en að öðru leyti er það vitaskuld, að eigi má þannig fara fram yfir það, sem ákveðið er í fjárlögum, nema svo sè ástatt, að til þess beri brýna nauðsyn.

---

28. septbr. **70. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun embættislauna fyrirfram.**

Af reikning þeim, er hingað kom með síðasta póstskipi, yfir tekjur og gjöld prestaskólans og hins lærða skóla á Íslandi um næstliðið fjárhagsár, hefir dómsmálastjórnin komizt að raun um, að þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, hafið veitt leyfi til, að Gísla skólakennara Magnússyni hafa verið greidd fyrirfram embættislaun hans fyrir fjórðung árs eptir opnu brèfi 31. maím. 1855, 5. gr., með því skilyrði, að fè þetta yrði aptur borgað á þann hátt, sem nákvæmar er ákveðið um í lagaboði þessu.

Út af þessu skal yður það til vitundar gefið, til þess þèr gætið þess framvegis, að það að eins heyrir undir úrskurð hlutaðeiganda stjórnarráðs, hvort leyfa megi að embættislaun sèu út borguð fyrirfram, og fyrir hve langan tíma; og eigið þèr því, þegar svo ber undir, að senda hingað bænarskrá þess embættismanns, er hlut á að máli, og rita á hana álit yðar um málið, til þess það síðan verði lagt undir úrskurð hlutaðeiganda ráðgjafa. 1861. 28. septbr.

---

71. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skilríki fyrir bókum, er keyptar eru handa hinum lærða skóla m. m. 2. október.

Frá hinni annari endurskoðunarskrifstofu konungsríkisins hefir verið sent hingað eptirrit af 14. útásetningagrein við reikningana yfir tekjur og gjöld hinna lærðu menntunarstofnana á Íslandi um tímabilið frá 1. aprílm. 1854 til 31. marzm. 1856, ásamt svari þess, er reikninginn hafði samið, áliti þess, er hann hafði endurskoðað, úrskurðinum um útásetninguna, og áliti þeirra um hvort úrskurðinum væri fullnægt; hefir um leið verið stungið upp á, að ársreikningum skólanna skuli fylgja ekki að eins kvittaðir reikningar bókasölumanna yfir bækur þær, er þeir hafa af hendi látið, heldur og þar að auki listar yfir nýjar bækur, er bætzt hafa við, og yfir bækur, er fargað hefir verið, og því hafa gengið úr það ár, er reikningurinn nær yfir, ásamt skýrslu um, hvað fengizt hafi fyrir hinar síðartöldu bækurnar.

Þareð nú kirkju- og kennslustjórnin fellst á uppástungu þessa, skorar hún hèr með á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að þèr bjóðið þeim, er hlut eiga að máli, að hegða sèr samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið.

---

72. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um sveitarstyrk. 30. október.

Dómsmálastjórnin hefir fengið álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 25. júním. þ. á., yfir umkvörtunarbrèf

1861. 30. október. nokkurt frá hreppstjóranum í Kleifa hrepp, um úrskurð, er amtmaðurinn yfir suðurumdæminu kvað upp 28. júlím. 1859 um það, hvar Guðmundur nokkur Guðmundsson væri sveitlægur. Í þessu efni skal yður það til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðinu ekki þykir ástæða til að leggja úrskurð á þetta mál, með því tèður Guðmundur, eptir þeim skýrslum, sem fram eru komnar, hefir ekki enn farið þess á leit að fá sveitarstyrk.

---

31. október. **73. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um lækkun á afgjaldi af jörðinni Kársstöðum sökum skemmda.**

Með brèfi 9. júlím. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent dómsmálastjórninni skoðunargjörð á skemmdum þeim, er jörðin Kársstaðir, er heyrir undir Skógarstrandar umboð, hefir orðið fyrir af fjallskriðu, og hafið þèr stungið upp á, að lètt sè af jörðu þessari einu kúgildi, þó með því skilyrði, að landskuldin verði framvegis hækkuð um 10 álnir eptir meðalverði verðlagsskrár, en leiguliði skuli undanþeginn að svara eins árs leigum af kúgildi þessu, en skili því í góðu standi í fardögum 1862, og skuli það síðan selt og verð þess renna í umboðssjóðinn; þar að auki hafið þèr beðið um samþykki stjórnarráðsins til þess, að þèr hafið látið greiða úr umboðssjóðnum 2 rd. 48 sk. fyrir skoðunargjörð þá, sem að ofan er getið.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr kunngjörið það þeim, er hlut eiga að máli, að dómsmálastjórnin fellst á uppástungur amtsins, þær er að ofan er getið; þó skal skylda leiguliðann til að bæta skemmdirnar, svo sem unnt er; svo leggur og dómsmálastjórnin samþykki á, að þèr hafið látið greiða úr umboðssjóðnum fè það, sem að ofan er greint.

---

74. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til endurskoðunar-stjórnardeildar konungsríkisins, um það, hvort biskup sè skyldur að greiða ljóstoll til kirkju.** 1861. 31. október.

Frá hinni annari endurskoðunarskrifstofu konungsríkisins hefir dómsmálastjórninni verið sent eptirrit af 4. útásetningagrein við reikning yfir tekjur og gjöld Reykjavíkur dómkirkju, fardagaárið 1857—58, til þess lagður verði úrskurður á, hvort Helgi biskup Thordersen sè skyldur að greiða ljóstoll til dómkirkjunnar í Reykjavík.

Þessu skal svarað á þá leið, að eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um málavöxtu, þykir dómsmálastjórninni eigi vera ástæða til, að heimtaður sè ljóstollur af tèðum embættismanni.

---

75. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um jarðaskipti á Viðvík og Hjaltastöðum m. m.** 31. október.

Eptir að búið var að leggja niður Hofstaða- og Flugumýrar brauð, þá er það losnaði, og leggja Hofstaða sókn til Hóla- og Viðvíkur brauðs, en Flugumýrar sókn til Miklabæjar brauðs í Skagafjarðar sýslu, samkvæmt konúngsúrskurði 25. septemberm. 1854, hafið þèr, háæruverðugi herra, í brèfi til kirkju- og kennslustjórnarinnar, dagsettu 29. júlím. þ. á., farið þess á leit, að hlutazt verði til um, að jarðaskipti þau komist á, sem ákveðin eru í 2. grein í úrskurði þessum, en það er á þann hátt, að skipt verði jörðinni Viðvík, sem er þjóðjörð, fyrir Hjaltastaði, er fyrrum var lènsjörð prests, ásamt með hjáleigunum Hjaltastaðahvammi og Hjaltastaðakoti.

Með því nú málefni þetta heyrir undir aðgjörðir dómsmálastjórnarinnar, hefir það verið fengið henni til úrskurðar, og skal yður nú kunngjört yður til leiðbeiningar, að hagfelldast virðist, að jarðaskipti þessi fari þannig fram, að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi fyrir stjórnarinnar hönd afsali eignarrèttinn yfir jörðinni Viðvík til Hóla-Viðvíkur- og Hof-

1861. staðabrauðs, sem nú er sameinað, en þèr, herra stiptamtmaður,
31. október. og þèr, háæruverðugi herra, afsalið af hálfu hins fyrrveranda Flugumýrar og Hofstaðabrauðs, til ríkissjóðsins eignarrètt yfir Hjaltastöðum með hjáleigum þeirrar jarðar, þeim er áður eru nefndar; hefir Havstein amtmanni í dag verið ritað um það, er með þarf um þetta mál, og skal nú skorað á yður, að þèr hlutist til um það sem nauðsyn er á frá yðar hálfu í þessu efni, og eigið þèr að senda amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu afsalsbrèf það, er þèr tilbúið, eptir því sem nú hefir sagt verið, til þess að hann geti látið þinglesa það, m. m.

---

31. október. **76. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um jarðaskipti á Viðvík og Hjaltastöðum m. m.**

Stjórnarráðinu hefir verið skýrt frá, að nú sè búið að leggja Flugumýrar og Hofstaða sóknir í Skagafjarðar sýslu: hina fyrnefndu til Miklabæjar brauðs og hina síðar nefndu til Hóla og Viðvíkur brauðs í sömu sýslu, svo sem ákveðið var í konungs úrskurði 25. septemberm. 1854. Eptir því sem fyrir er mælt í konungs úrskurði þessum, ber því nú að afsala Hóla- Viðvíkur- og Hofstaðabrauði, sem þannig hefir verið sameinað, þjóðjörðina Viðvík til eignar fyrir bújörð handa hlutaðeigandi presti, en í stað þess eignist ríkissjóðurinn Hjaltastaði, er fyrrum var lènsjörð prests.

Í þessu efni skal þess nú getið, að stiptsyfirvöldunum á Íslandi í dag hefir verið boðið að afsala ríkissjóðnum af hálfu fyrrveranda Flugumýrar- og Hofstaða brauðs eignarrètt yfir jörðinni Hjaltastöðum með hjáleigum þeirrar jarðar, Hjaltastaðakoti og Hjaltastaðahvammi, og að senda yður síðan afsalsbrèf þau, er þau eptir þessu eiga að útgefa; en dómsmálastjórnin skorar hèr með á yður, herra amtmaður, að þèr fyrir hönd stjórnarinnar afsalið Hóla- Viðvíkur og Hofstaða brauði, sem nú er orðið eitt brauð, eignarrèttinn yfir jörðinni Viðvík, svo að sú jörð verði höfð fyrir ábúðarjörð handa sóknarprestinum í því brauði,

allt þetta samkvæmt því, sem fyrir er mælt í konungsúrskurði 1861.
25. septemberm. 1854; þar að auki eruð þér beðnir að annast 31. október.
um, að eigna afsalanir þessar verði þinglesnar á réttan hátt, og að jörðin Hjaltastaðir með hjáleigum hennar verði lögð undir umboð Reynistaðar klausturs jarða.

Þegar búið er að koma á jarðaskiptum þessum, eruð þér beðnir að senda hingað skýrslu um það.

---

77. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um hlutdeild Íslendinga í gripasýning í Lundúnaborg. 31. október.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, fengið álit landfógetans á Íslandi, dómkirkjuprestsins í Reykjavík, og Jóns Guðmundssonar, setts málaflutningsmanns við yfirdóminn, um það, hvort Ísland muni geta átt hlutdeild í gripasýning þeirri, sem áformað er að haldin verði í Lundúnaborg næstkomandi ár; og hafið þér í brèfi 30. f. m. getið þess, að ef nokkuð eigi að geta orðið af þessu, þá sè óumflýjanlegt, að í því skyni sè veittur styrkur af hálfu hins opinbera, og beðið um, að dómsmálastjórnin láti yður vita, hvort búast megi við, að slíkur styrkur verði veittur, og hve mikill hann þá verði; hafið þèr og lýst yfir því áliti yðar, að ekki muni vera þörf á að verja í þessu skyni eins miklu fè, og þeir menn, sem að ofan er getið, hafa stungið upp á, en það er frá 800 til 1000 ríkisdalir, er þèr haldið að minna fè, t. a. m. helmingur af þessu, mundi nægja, með því þèr kveðist hafa ástæðu til að halda, að einstöku menn muni á sinn kostnað láta af hendi þá hluti, sem þeir vilja að komi fram á gripasýningunni, en aptur sèu aðrir hlutir, sem kaupa verði af eigendunum, og að til þess ætti að verja þeim hinum opinbera styrk, er veittur kynni að verða.

Um leið og dómsmálastjórnin leiðir athygli yðar að því, hvernig áformað er að máli þessu verði hagað hèr í konungsríkinu, svo sem betur má sjá af meðfylgjandi athugasemdum við fjárlaga

1861. 31. október. frumvarpið fyrir næstkomanda fjárhagsár, 96.—98. bls., skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörið það, sem með þarf í því efni, að stjórnarráðinu ekki þykir ástæða til að kaupa af mönnum þá hluti, er vert kynni vera að senda til gripasýningarinnar sem sýnishorn þess, hvað fram er leitt á Íslandi af náttúrunni og með mannahöndum, en þar á móti er stjórnarráðið fúst á að greiða fyrir þeim, er sjálfir vilja senda þangað hluti, með því að veita þeim styrk til að standast kostnað þann, er af því leiðir, einkum flutningskostnað þangað, sem gripasýningin fer fram, og þaðan aptur, ábyrgðargjald m. m., og er yður þess vegna, herra stiptamtmaður, hér með veitt vald til að verja í þessu skyni allt að 500 rdl. af fé því, sem til er fært í fjárlögunum í 9. gr. G. c.

Seinna vonast stjórnarráðið eptir að fá skýrslu um, hverjar ráðstafanir þér gjörið í þessu efni.

---

1. nóvemb. **78. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun til hèraðslækna fyrir bólusetning[1].**

Eptir tilhlutun stjórnardeildar þeirrar, er hefir á hendi rannsókn reikninga í konungsríkinu, hefir dómsmálastjórnin íhugað, hvort hèraðslæknar á Íslandi eigi heimting á sömu borgun, sem veitt er þeim mönnum, sem eru settir til að vera bólusetjarar þar á landi, en það eru 12 skildingar fyrir hvern þann, er þeir setja bóluna og hún kemur út á.

Í þessu efni sè yður kunngjört, til þess þér hagið yður eptir því, að hèraðslæknar á Íslandi aðeins eiga heimting á borgun þeirri, sem að ofan er getið, þegar yfirvöldin hafa falið þeim á hendur að setja bólu, annaðhvort eptir beiðni þeirra, sem eru skipaðir bólusetjarar, eður af öðrum sèrstaklegum ástæðum.

---

1) Sama dag var hinum amtmönnunum á Íslandi ritað um sama efni.

79. Brèf dómsmálastjórnarinnar til siptamtannsins yfir Íslandi, um aðskilnað Grafníngshrepps og þingvalla hrepps. 1861. 2. nóvembr.

Eptir að dómsmálastjórnin er búin að fá með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 6. desemberm. f. á., ítarlegri skýrslur viðvíkjandi því, hvort nema skuli úr gildi sameining Grafnings hrepps og hins fyrverandi Þingvalla hrepps, er samþykkt var í rentukammerbrèfi 6. desemberm. 1828 að vera skyldu einn hreppur og heita Þingvalla hreppur, — þá skal fallizt á, að aðskilnaður hreppa þessara eptir ósk hreppsbúa nú komist á, þannig, að öllum Þingvalla hrepp, sem nú er, sè skipt í tvo hreppa: hinn fyrverandi Þingvalla hrepp og hinn fyrverandi Grafnings hrepp, og að öðru leyti með þeim skilmálum, er nú skal greina:

1. að báðir hrepparnir framvegis eins og að undanförnu sæki manntalsþing að Stóruborg;
2. að hreppaþingin í Þingvallahrepp sèu haldin að Þingvöllum og í Grafnings hrepp að Úlfljótsvatni, og
3. að eignum sveitarsjóðsins og sveitarþyngslum sè skipt til jafnaðar milli beggja hreppanna.

Um leið og yður er þetta til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það þeim, er hlut eiga að máli, skal því við bætt, að það leiðir af því, sem ákveðið er í 3. tölulið, að þá er skipta skal sveitarþyngslunum, þegar hrepparnir skilja, ber ekki eingöngu að hafa tillit til þess, hvar sá og sá sveitarómagi er fæddur, eður hvar hann dvelur, en á hinn bóginn er vitaskuld, að ómagarnir eiga að vera kyrrir, þar sem þeir eru, að svo miklu leyti sem unnt er.

En hvað snertir þá, sem verða þurfandi sveitarstyrks í öðrum hvorjum hreppnum, eptir að búið er að skilja þá að, þá er það vitaskuld, að hvor hreppurinn fyrir sig á að sjá fyrir sínum eigin þurfamönnum; en þá er ákveða skal hverjir þeir sèu, ber þess að gæta, að hrepparnir hafa verið ein heild síðan þeir voru sameinaðir og þangað til þeir verða aðskildir, svo að hvorki það atvik, að þurfamaður er fæddur eður hefir dvalið í vissum

1861. 2. nóvemb. hluta af hreppnum meðan báðir hrepparnir voru sameinaðir, getur gjört að verkum, að hann eigi framfærslurètt í öðrum hreppnum fremur en í hinum, en þegar svona stendur á eiga báðir hreppar í sameiningu að sjá fyrir þurfamönnunum.

---

9. desemb. **80. Lög um eptirlaun handa Birni Gunnlaugssyni, yfirkennara við hinn lærða skóla í Reykjavík.**

Vèr Friðrik hinn sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Lög þessi hefir ríkisþingið fallizt á og Vèr staðfest með samþykki voru:

Birni Gunnlaugssyni, yfirkennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, riddara dannebrogsorðunnar, veitast 1000 ríkisdalir á ári hverju í eptirlaun, þá er hann fær lausn frá embætti sínu.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Ástæður fyrir lögum þessum.

Björn Gunnlaugsson, yfirkennari við hinn lærða skóla í Reykjavík, hefir sent kirkju- og kennslustjórninni bænarskrá um, að annaðhvort verði hækkuð laun þau, er hann nú hefir, eða honum að öðrum kosti veitt lausn frá embætti sínu, með eptirlaunum, er eigi sèu minni en embættistekjur hans, en þær eru 1050 rdl.

Björn yfirkennari Gunnlaugsson hefir nú þrjá um sjötugt, og hefir í 29 ár verið kennari við hinn lærða skóla á Íslandi, bæði á Bessastöðum og í Reykjavík; var hann aðjúnkt (undirkennari) þangað til 1851, en síðan yfirkennari. Þegar snemma á æskuárum hans hafði borið á, hversu mjög hann var hneigður fyrir rúmmálsfræði og stjörnufræði, og eptir að hann árið 1817 var kominn til háskólans heppnaðist honum skjótt að ávinna sèr álit fyrir hinar sjaldgæfu og frábæru gáfur sínar í þessum greinum; því á fyrstu háskólaárum sínum hlaut hann tvisvar sinnum gullpening háskól-

ans fyrir úrlausn á spurningum í rúmmálsfræði, er heitið var fyrir verðlaunum. Eptir að hann í 5 ár hafði stundað vísindi þau, er hann unni svo mjög, var hann skipaður kennari við hinn lærða skóla á Íslandi, og hefir hann síðan gegnt þeirri köllun heiðarlega, og kennt rúmmálsfræði, reikningslist og náttúrufræði. 1861. 9. desemb.

Auk þessa embættisstarfa síns hefir hann á annan hátt unnið mikið gagn fósturjörðu sinni; því 18 ár ferðaðist hann í sumarleyfinu um land allt og mældi það, og safnaði þannig efni í uppdrátt yfir allt Ísland; hefir hið íslenzka bókmentafélag síðar gefið út uppdrátt þenna, og er hann að þeirra áliti, er vit hafa á því, mjög vandlega til búinn. Þolgæði það og kapp, er hann lagði fram til að sigrast á hinum mörgu erfiðleikum, er af náttúrunnar hálfu voru til tálmunar verki hans, er því virðingarverðara, sem kjör þau, er hann átti við að búa, meðan hann vann að því, voru engan veginn hagfelld, er hann að eins fékk í fæðispeninga einn ríkisdal um daginn, og síðar í viðbót 100 ríkisdali á ári úr ríkissjóði. Það er og einkum í viðurkenningar skyni fyrir þenna gagnlega starfa hans, að honum hefir verið veittur riddarakross dannebrogsorðunnar, og að Frakka keisari hefir sæmt hann riddaraorðu heiðursfylkingarinnar.

Með því nú að ellilasleiki Bjarnar Gunnlaugssonar fer í vöxt, og það því er æskilegt, að honum verði veitt lausn frá embætti sínu, eins og hann hefir um sótt, hefir stjórnarráðinu ekki þótt ráðlegt að reyna að útvega honum launaviðbót; en með því þau eptirlaun, hèr um bil 750 rdl., sem hann mundi fá eptir lögunum um eptirlaun embættismanna, eru öldungis ónóg til viðurværis honum sjálfum og heimili hans, þá hefir þótt vera ástæða til að hækka eptirlaun þessi á þann hátt, sem stungið er uppá í frumvarpi því, sem hèr er að framan; hafa og stiptsyfirvöldin á Íslandi innilega mælt með því, að svo væri gjört[1].

1) Ástæður þessar fylgdu frumvarpi, er var lagt fyrir ríkisþing Dana 1861, en frumvarp þetta var samþykkt öldungis óbreytt, og var því öldungis eins hljóðandi og lögin 9. desemberm. 1861, sem

1861. 12. desemb.

81. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun vaxta af ríkisskuldabrèfum með rentuseðlum.

Eins og sjá má af meðfylgjandi skjölum, hefir fjárstjórnin í brèfi til dómsmálastjórnarinnar stungið upp á, að gjörðar sèu ýmsar ráðstafanir til, að vextir af hinum nýju ríkisskuldabrèfum

---

hèr eru að framan. Þá er frumvarpið var til fyrstu umræðu á fólksþinginu, fór C. W. Rimestad, ríkisdagsmaður, um það þessum orðum:

„Það hefir glatt mig mjög að sjá, að nú, þegar Björn Gunnlaugsson er orðinn gamall og hættur að geta unnið, er tekið svo mjög til greina hvað hann hefir afrekað, að hann fær eptirlaun, er koma nærri embættislaunum þeim, er hann hefir haft. Mèr virðist að málefni þetta ekki geti mætt hinni minnstu mótspyrnu, og eg skyldi ekki hafa tekið til máls, heldur látið mèr nægja með það, sem hinu heiðraða þingi er kunnugt orðið af ástæðunum fyrir frumvarpinu, ef eg ekki hefði álitið að það væri rètt vegna mannsins sjálfs, að hèr í þingsalnum væri farið nokkrum orðum um málið, og einkum að berlega væri tekið fram, að menn kannist við hvað hann hefir gjört. Þessi maður hefir unnið verk, sem fádæmi eru að nokkur maður hafi mátt og vilja til að afkasta. Hver sem vill líta á landabrèfið yfir Ísland, þenna stóra og merkilega ríkishluta, einsog það var áður en Björn Gunnlaugsson hóf hin erfiðu ferðalög sín, er hann hèlt stöðugt áfram í 18 ár, á ey, sem er nálega helmingi stærri en aðallönd hins danska konungsveldis, og sem er 4—5 sinnum stærri en Jótland, hann getur gjört sèr hugmynd um hið mikla gagn, sem hann hefir unnið; því hann hefir mælt þetta afar fjöllótta land. Að vísu var áður til uppdráttur yfir Ísland, og eg hefi sjálfur sèð slíkan uppdrátt, er Ólsen hafði tilbúið með sinni vanalegu ástúðlegu lèttúð, og sent síðan til Parísarborgar, og fèkk hann þar nokkurskonar hrós; af þeim uppdrætti má sjá hvað Ísland var, en nú sèst þar á móti hvað það er af þeim uppdrætti, sem hið íslenzka bókmentafèlag hefir gefið út og gjörður er úr efni því, er Björn Gunnlaugsson hefir safnað; sá uppdráttur er mjög svo ólíkur þeim, er menn áður höfðu. Enginn mun nú bera á móti því, að sú þekking á landslagi og ásigkomulagi Íslands, sem Björn Gunnlaugsson hefir útvegað oss, sè þýðingarmikil bæði fyrir vísindin og svo í daglegu lífi,

með rentuseðlum (Coupons-Obligationer), er heyra til hinum föstu ríkisskuldum konungsveldisins, og ávallt hljóða uppá þann, er þau hefir í höndum, verði borgaðir úr jarðabókarsjóðnum á Íslandi, án þess þeim sè sèrstaklega ávísað í hvert skipti, og hefir fjárstjórnin í þessu efni beiðzt aðstoðar dómsmálastjórnarinnar. 1861. 12. desemb.

Með því nú dómsmálastjórninni ekki virðist vera neitt til fyrirstöðu ráðstöfunum þeim, sem fjárstjórnin hefir stungið upp á, skal hèr með skorað á yður, herra stiptamtmaður, að birta landfógetanum efni brèfs þess, sem að ofan er getið, og skipa fyrir um útborgunina svo sem með þarf, og að öðru leyti gæta þess, að farið sè eptir því, sem ákveðið er í brèfinu.

Fylgiskjal.

Brèf fjárstjórnarinnar til dómsmálastjórnarinnar, dagsett 25. októbermánaðar 1861, um borgun vaxta af ríkisskuldabrèfum með rentuseðlum.

Til fjárstjórnarinnar hefir komið bænarskrá um, að borgaðir verði úr jarðabókarsjóðnum á Íslandi vextir af fimm nýjum ríkisskuldabrèfum með rentuseðlum, að upphæð 1300 rdl., er heyra til hinum föstu ríkisskuldum konungsveldisins; en þetta hefir vakið athuga fjárstjórnarinnar á því, hvort ekki mundi mega koma á sama fyrirkomulagi við jarðabókarsjóðina á Íslandi og Færeyjum, eins og við aðra sjóði í konungsveldinu, þar sem borgaðir

---

fyrir Íslendinga sjálfa og fyrir stjórnina hèr í Danmörku, jafnvel þó uppdráttur hans, sem vonlegt er, ekki geti jafnast á við uppdrætti þá, sem landmælingaráðið (Staben) hèr býr til. Þetta liggur í augum uppi, en eg skal aðeins leyfa mèr að benda hinu heiðraða þingi á að hugleiða, hvað það mundi hafa kostað, ef menn, sem til þess hefðu verið skipaðir, og fengið borgun úr ríkissjóði á vanalegan hátt, hefðu átt að vinna verk það, er hann hefir unnið. Til þess mundi hafa orðið að verja afar miklu fè; en þar á móti fekk Björn Gunnlaugsson aðeins þenna eina dal um daginn til að ferðast með um landið (enginn hefði getað komizt af með þetta, nema hann væri Íslendingur og hefði til að bera nægjusemi Íslendinga),

1861. 12. desemb. eru vextir af ríkisskuldabrèfum til innlausnar rentuseðlum, þegar gjalddagi þeirra er kominn, án þess þeim sè sèrstaklega ávísað. Ef dómsmálastjórninni ekki virðist vera neitt þessu til fyrirstöðu, þá biður fjárstjórnin um, að hlutaðeigandi stiptamtmaður og amtmaður verði látnir birta landfógetunum á Íslandi og Færeyjum það, sem nú skal greina, þeim til leiðbeiningar og eptirbreytni:

Samkvæmt meðfylgjandi auglýsing 22. septemberm. 1859 er fjárstjórnin farin að gefa út 8 flokka af skuldabrèfum, er heyra til hinum föstu ríkisskuldum konungsveldisins, og er svarað af 4 af hundraði í vöxtu, en flokkarnir eru: Litr. K að upphæð 1000 rd., Litr. L 500 rd., Litr. M. 200 rd. og Litr. N. 100 rd. á dönsku, og Litr. R að upphæð 1000 rd., Litr. S 500 rd., Litr. T 200 rd. og Litr. U 100 rd. á þýzku; einnig er fjárstjórnin farin að gefa út fjóra flokka af skuldabrèfum á dönsku máli, er heyra til ríkisskuldum konungsríkisins Danmerkur, og svarað er af í vöxtu 4 af hundraði, en þeir flokkar eru: Litr. B. að upphæð 1000 rd., Litr. C. 500 rd., Litr. D 200 rd. og Litr. E 100 rd. Öll þessi skuldabrèf eiga ávallt að hljóða upp á þann, er þau hefir í höndum; með þeim eru rentuseðlar, er eiga gjalddaga 11. júnímánaðar og 11. desembermánaðar á ári hverju. Af hverjum af þessum tólf flokkum af rentuseðlum fylgja brèfi þessu sem sýnishorn tveir seðlar, sem búið er að ónýta, einn handa hverjum landfógeta. Í rentuseðlunum er þess getið, á hverjum gjalddaga hvern þeirra skuli borga. Fyrst um sinn undirskrifar W. Thellemann þá rentuseðla, sem hljóða upp á 20 rd. og 10 rd., og P. Stolpe þá, er hljóða upp á 4 rd. og 2 rd. Þess ber að gæta, að undir letrinu á rentuseðlunum eru

---

og síðar 100 rd. á ári í viðbót úr ríkissjóði. Þetta er allt það, sem þessi maður hefir fengið fyrir að mæla land, sem er 1860 ferhyrningsmílur að stærð, og það fyrir verk, sem er jafn vandlega af hendi leyst og hann hefir gjört. Mèr virðist því, að jafnvel hefði verið ástæða til að fallast á frumvarp stjórnarinnar, þó það hefði farið enn lengra og ákveðið hærri eptirlaun, til þess elli Bjarnar Gunnlaugssonar gæti orðið áhyggjulaus; en frumvarpið er reyndar gott eins og það er, og eg gjöri mèr í hugarlund, að enginn í þessum sal muni greiða atkvæði móti því".

lituð stryk, rauð stryk á þeim, sem hljóða upp á 20 rd., gul á þeim sem hljóða upp á 10 rd., blá á þeim, sem hljóða upp á 4 rd., og grá á þeim, sem hljóða upp á 2 rd. Í strykum þessum er gjalddaginn settur með hvítu letri á undan undirskriptinni; þannig er t. a. m. gjalddagi í desembermánuði 1861 táknaður með „D 1861". 1861. 12. desemb.

Landfógeta skal boðið að innleysa hvenær sem vera skal eptir að gjalddagi hvers seðils er kominn, rentuseðla þá, sem komið er með til hans til innlausnar, án þess ítreka þurfi slíkt boð í hvert skipti. Á þá seðla, sem búið er að innleysa, skal þegar í stað setja innlausnar-merkið, en það er: X, skal það sett þvert yfir letrið á seðlinum, og vinstra megin við merkið hið sèrstaklega merki þess sjóðs sem borgað er úr, en þetta merki skal vera „I 1" fyrir jarðabókarsjóð Íslands, og „F 5" fyrir jarðabókarsjóðinn á Færeyjum. Fjárstjórnin vonast eptir, að landfógetinn gæti þess svo vandlega, sem vera ber, að ekki verði innleystir við jarðabókarsjóðinn falsaðir rentuseðlar. Enn hafa ekki þesshättar rentuseðlar komið fram hèr á landi, og það er vonandi, að ekki verði hægt að búa þá til svo líka hinum rèttu, að það villi menn; en sökum fjarlægðarinnar kynni svo að fara, að sá, sem byggi til falsaða rentuseðla, tæki það ráð að reyna að fá þá borgaða úr jarðabókarsjóðnum.

Þá rentuseðla, sem búið er að borga, skal til færa í sèrstökum kafla í reikningi landfógeta yfir vöxtu þá, er hann á hverju fjárhagsári borgar af ríkisskuldunum, og yfir það af ríkisskuldunum sjálfum, sem hann borgar út; skal raða þeim eptir gjalddaga, eptir því í hverjum flokki þeir eru, og hver tala er á þeim. Í stað þess, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi og amtmaðurinn yfir Færeyjum, þegar aðrir vextir eru greiddir, býður landfógeta að greiða þá úr sjóðnum, ber hinum sama embættismanni, að því er snertir rentuseðla, að veita samþykki til borgunarinnar, eptir að hún hefir átt sèr stað; slíkt samþykki má veita um lok hvers fjárhagsárs í einu lagi fyrir allt það, sem borgað hefir verið það ár; og skulu embættismanni þessum sýndir þeir rentuseðlar, er borgaðir hafa verið.

1861. 12. desemb. Þetta biður fjárstjórnin um, að einnig verði birt stiptamtmanni og amtmanni, þeim sjálfum til leiðbeiningar[1].

---

1) Við skuldabrèf þau, sem hèr er um rætt, eru áfastir rentuseðlar til júní-gjalddaga 1871, að þeim gjalddaga meðtöldum, og má klippa seðlana af, eptir því sem menn óska að fá vöxtu borgaða af skuldabrèfunum; skal þá farið með seðlana til landfógeta, sem borgar vöxtu þá, er þeir hljóða upp á, en honum sèu fengnir seðlarnir, en skuldabrèfin sjálf þarf eigi að sýna honum.

Sýnishorn af rentuseðli:

(hljóðandi upp á vöxtu af skuldabrèfi, sem er að upphæð 200 rd. á júní-gjalddaga 1871).

„Litr. M 4 Rd.

No. . . . . 11. Juni 1871.

Mod Aflevering af denne Renteanvisning udbetale det danske Monarchies Finantser af ovennævnte Obligation et halvt Aars Rente til 11. Juni 1871 med Fire Rigsdaler Rigsmönt.

J. 1871. P. Stolpe."

Útlegging: Þegar þessi rentuávísun er afhent, verða af fè hins danska konungsveldis greiddir í vöxtu af ofangreindu skuldabrèfi fyrir hálft ár til 11. júní 1871, fjórir ríkisdalir ríkismyntar.

1862.

1862.

17. janúar.

1. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um laxveiði og veiði í vötnum og ám á Íslandi.

Utanríkisstjórnin hefir með brèfi 25. októberm. f. á. sent hingað eptirrit af skjali frá hinum enska sendiherra, sem hèr er, biður hann um ýmsar skýrslur, er snerta laxveiði og veiði í vötnum og ám á Íslandi; og hefir því utanríkisstjórnin mælzt til við dómsmálastjórnina, að hún skýri svo frá málinu, að sendiherranum verði gefin skýrsla um þau atriði, er nú skal greina:

um þau lög, er ákveða um fiskiveiðar þær, er nú voru nefndar;

um það, hvort einstakir menn eður hið opinbera hafi fiskiveiðar þessar að nokkru eður öllu leyti;

um það, hvort haft sè nokkurt eptirlit með þeim af hálfu hins opinbera;

um það, hvort til sèu nokkrar ákvarðanir um veiðiaðferðina, eða hvort settar sèu nokkrar takmarkanir í því efni,

og um önnur atriði þessa málefnis, sem álíta megi að hafi almenna þýðing.

Í þessu efni lætur ekki dómsmálastjórnin hjá líða að gefa utanríkisstjórninni til vitundar, að einstakir menn eingöngu hafa veiði í vötnum og ám á Íslandi, án þess haft sè nokkurt eptirlit með því af hálfu hins opinbera. Þær einu lagaákvarðanir, sem til eru um veiði þessa, eru í Jónsbókar landsleigubálki, 56. kap., og fylgir eptirrit þar af, en að öðru leyti hefir dómsmálastjórnin ekki neinu við að bæta, sem hefir almenna þýðing í þessu máli. Skyldi síðasta spurningin lúta að hinum íslenzku verzlunarlögum, þá lætur stjórnarráðið með fylgja til hliðsjónar fyrir utanríkisstjórnina útdrátt af hinum helztu lagaboðum um verzlunina á Íslandi, sem innanríkisstjórnin hefir gefið út.

1862. 22. janúar.

2. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um laun málaflutningsmanna við landsyfirrèttinn.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi, með þegnlegri skýrslu, dagsettri 18. septemberm. f. á. sent stjórninni þegnlegt álitsskjal þingsins frá 13. ágústm. þar á undan, og hefir þingið í því meðal annars stungið upp á, að laun þau, er samkvæmt konungsúrskurði 19. marzm. 1858 hafa verið veitt málaflutningsmönnum þeim, er fyrst um sinn hafa verið skipaðir við yfirdóminn á Íslandi, verði enn um hin næstu 4 ár greidd úr hinum íslenzka dómsmálasjóði.

Út af þessu skorar nú dómsmálastjórnin á yður, herra stiptamtmaður, samkvæmt konungsúrskurði þeim, er nú var getið, að þèr látið borga málaflutningsmönnunum launin á sama hátt og að undanförnu úr hinum íslenzka dómsmálasjóði, og undir það að 4 ár eru liðin, sendið dómsmálastjórninni skýrslu um, að hve miklu leyti sjóðurinn framvegis sè fær um að bera kostnað þenna.

Í sambandi við þetta skal yður enn tilkynnt út af brèfum yðar 26. septemberm. og 23. nóvemberm. f. á., að stjórnarráðið leyfir, að Hermanni Jónssyni sýslumanni í Rangárvallasýslu, er fyrrum var settur málaflutningsmaður við yfirdóminn, verði borgað að tiltölu af launum þeim, er málaflutningsmennirnir höfðu, fyrir júnímánuð, ágústmánuð og septembermánuð f. á., með því hann þenna tíma gegndi málaflutningsmannsstörfum við rèttinn eptir að búið var að veita honum sýslumannsembætti, og að stjórnarráðið fellst á, að þèr hafið látið borga Jóni Guðmundssyni, settum málaflutningsmanni, eins og að undanförnu, launin fyrir ágústmánuð f. á. og svo mánuðina þar á eptir, en þar á móti getur ekki orðið umtalsmál að borga honum launaviðbót þá, sem hann hefir sótt um; sbr. lög 19. febrúarm. 1861. 3. gr. 1. og 2. tölulið.

3. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um borgun til lögreglustjóra fyrir að rita á skipaskjöl.

1862. 31. janúar.

Af því, sem ritað er á ýms íslenzk leiðarbrèf, er hingað hafa verið send eptir að búið hefir verið að nota þau, hefir dómsmálastjórnin komizt að raun um, að borgun sú, er lögreglustjórar á Íslandi eiga að fá fyrir að rita á skipaskjöl samkvæmt lögum um verzlun og siglingar á Íslandi 15. aprílm. 1854 8. grein, ekki ætíð er rètt reiknuð, einkum að því, er snertir þau skip, er koma tvisvar sinnum eður optar á verzlunarstaði í sama lögsagnarumdæmi.

Þess vegna skorar dómsmálastjórnin á yður herra (tit.) að brýna fyrir lögreglustjórunum í umdæmi því, er þèr eruð yfir skipaðir, og fulltrúum þeirra, þeim er hafa myndugleika til að rita á skipaskjöl, svo sem fyrir skipað er, að þeir eigi nákvæmlega að hegða sèr eptir því, sem fyrir er mælt í brèfi dómsmálastjórnarinnar 30. júním. 1857[1] (í brèfinu til amtmannsins yfir

---

1) Brèf dómsmálastjórnarinnar 30. júním. 1857 til amtmannsins yfir vesturumdæminu, er sama dag var tilkynnt hinum amtmönnunum á Íslandi, er þannig hljóðandi:

„Þèr hafið, herra amtmaður, í brèfi 20. f. m., látið í ljósi álit yðar um fyrirspurnir nokkrar frá Erlendi Þórarinssyni sýslumanni í Ísafjarðar sýslu:

1. um það, hvort verzlunarmenn, er selja eður kaupa vörur á fleirum en einni höfn í sama lögsagnarumdæmi, eigi ekki að greiða sýslumanni hálfa borgun á hverjum staðnum, auk þeirrar borgunar, sem fulltrúi sýslumanns á heimting á eptir 9. gr. í opnu brèfi 28. desemberm. 1836.
2. um það, hvort þeir verzlunarmenn, er fyrst koma á eina höfn og leggja þar upp varning til sölu, og greiða hin lögboðnu gjöld, eigi ekki, þegar þeir koma aptur og kaupa varning, að greiða á ný hálfa borgun á hverjum þeim stað, þar sem þeir flytja á skip vörur þessar, þó þær að eins séu borgun fyrir það, er þeir áður hafa upp lagt; og
3. um það, hvort ákvörðunin í lögum 15. aprílm. 1854, 8. gr., um borgun til sýslumanns fyrir að rita á skjöl, sè heimild fyrir

1862. 31. janúar. norður- og austur-umdæminu: smbr. einnig brèf dómsmálastjórnarinnar til norður- og austuramtsins 13. janúarm. 1860);[1] er í því brèfi ákveðið, hvernig að skuli farið þegar svo stendur á, sem hèr er um rætt, og í áþekkum tilfellum.

---

nýrri borgun, eður hvort ákvörðun þessa beri að eins að álíta sem ítrekun þess, sem ákveðið er í 62. grein í aukatekjureglugjörðinni fyrir Ísland, og hún því einungis veiti heimild til að taka sömu borgun og þar er getið.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr auglýsið það, svo sem nú segir:

Um 1. og 2. tölulið: Eptir aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, 62. gr., og kanselíbr. 17. sept. 1831 (smbr. lög 15. aprílm. 1854, 8. gr.) ber að eins að greiða einusinni borgun (heila eður hálfa) fyrir áteiknun skipaskjala þeirra, sem þar er um rætt, auk viðbótar þeirrar, sem ákveðin er í 9. grein í opnu brèfi 28. desemberm. 1836, þegar fulltrúi sýslumanns ritar á skjölin, jafnvel þó skipið á sömu verzlunarferð komi á fleiri en eina höfn í sama lögsagnar-umdæmi, eður optar en einusinni á sömu höfnina. Af þessu leiðir, að svo má virðast, að sýslumaðurinn í Strandasýslu eigi hafi átt með að reikna sèr borgun, þar sem svo stóð á, sem frá er skýrt í brèfi yðar, því er að ofan er getið, er skipið kom á Reykjarfjarðar verzlunarstað í Stranda sýslu eptir að það var búið að koma við á Borðeyri þar í sýslu, og greiða þar hálft gjald fyrir áteiknun skipaskjala.

Um 3. tölulið: Ákvörðun sú, sem hèr er um rætt, er að eins ítrekun þess, sem fyrir er skipað í reglugjörð 10. sept. 1830, 62. gr., og er hún einkum sett vegna erlendra manna, er koma til Íslands til að verzla þar."

1) Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu 13. jan. 1860 er þannig:

„Út af því, hvernig skilja ætti það, sem ákveðið er í 8. grein í lögunum frá 15. aprílm. 1854, um borgun fyrir áteiknun skipaskjala, hefir sýslumaðurinn í Eyjafjarðar sýslu, St. Thorarensen, í brèfi, er hann gagngjört sendi dómsmálastjórninni, spurt um, hvort hann, jafnskjótt og honum sèu sýnd skipaskjölin, geti heimtað að skipstjóri gjöri uppskátt, hvort hann ætlar

1862.
4. febrúar.

4. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til nefndar þeirrar, er skipuð var með konunglegri umboðsskrá 20. septemberm. 1861, til að segja álit sitt og uppástungur um fjárhagssambandið milli Íslands og konungsríkisins, viðvíkjandi skuld hins lærða skóla á Íslandi til hins almenna skólasjóðs.

Fyrir ýmisleg gjöld, er borguð voru úr hinum almenna skólasjóði fyrir skólann á Íslandi árin 1844—48, hefir skólinn komizt í skuld við sjóð þenna, og var sú skuld við lok fjárhagsársins $18\frac{60}{61}$ að upphæð 21,861 rd. 20 sk.

Um lúkning skuldar þessarar skrifaðist þetta stjórnarráð á við fjárstjórnina árið 1849, en með því málið ekki varð útkljáð

---

að sigla á aðrar hafnir á landinu, og þá hverjar; hvort hann eigi rètta heimting á hálfu gjaldi á hverjum þeim stað í sínu lögsagnarumdæmi, þar sem skipið affermir eður hleður, jafnvel þó það einnig affermi eður hlaði í öðrum lögsagnarumdæmum, og hvort hann ókeypis eigi að rita á skjöl þess skips, sem kemur á einhverja höfn í annað skipti á sömu ferð, til þess að afferma þar eður hlaða, en hefir, síðan það kom þar næst á undan, farið á aðrar hafnir.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr kunngjörið það sýslumanni, að eins og það er vitaskuld að hann, jafnskjótt og skipaskjölin eru sýnd honum, getur krafizt þess, að skipstjórinn skýri honum frá, hvort hann ætli að sigla á nokkra höfn utan þess lögsagnarumdæmis og leggja þar upp nokkuð af farmi sínum, eða flytja þar vörur á skip sitt, þannig leiðir það og berlega af því, sem fyrir er mælt í brèfi dómsmálastjórnarinnar 30. júním. 1857, sem tilkynnt var öllum amtmönnum á Íslandi þeim til leiðbeiningar, að hvort sem skipið kemur á fleiri en eina höfn í sama lögsagnarumdæmi, eður optar en einu sinni á sömu ferð kemur á sömu höfn, ber að eins að greiða sýslumanni einu sinni hálft gjald, svo framarlega sem einnig er eitthvað flutt úr skipinu eður í það í öðru lögsagnarumdæmi.

1862. 4. febrúar. hefir fé þetta verið tilfært á ári hverju í skólareikningunum sem ógoldin skuld.

En með því vakið hefir verið máls á því á ný, í athugasemdum þeim, er rannsóknarmenn ríkisreikninganna hafa gjört við skólareikningana árið $18\frac{59}{60}$, að skil verði gjörð fyrir skuld þessari, hefir stjórnarráðið á ný ritað fjárstjórninni um málefni þetta, og hefir fjárstjórnin í svari sínu 13. desemberm. f. á. lýst yfir, að hún yrði að álíta hagfellt, að það yrði tekið til greina við þá íhugun um fjárhags samband Íslands og konúngsríkisins, sem nefndinni er boðið að gjöra í konunglegri umboðsskrá 20. septemberm. f. á.

Um leið og stjórnarráðið skýrskotar til ýtarlegrar frásagnar um allt efni málsins, sem er í meðfylgjandi skýrslu, dagsettri 21. febrúarm. 1849, frá þeim manni, er þá var forstöðumaður annarar deildar þessa stjórnarráðs, og til þeirra athugasemda, sem forstöðumaður fyrstu deildar fjárstjórnarinnar hefir gjört þar á móti í skýrslu dagsettri 8. júním. s. á., er einnig fylgir brèfi þessu, skorar stjórnarráðið á nefndina, að yfirvega málefni þetta, og segja síðan um það álit sitt; og fylgja einnig brèfi þessu til ýtarlegri skýringar málsins nokkur önnur skjöl, sem nefndin er beðin að senda aptur, þegar búið er að nota þau, ásamt þeim tveim skýrslum, sem að ofan er getið.

---

8. febrúar. **5. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ferðastyrk handa náttúrufræðingi.**

Eptir tillögum yðar, herra stiptamtmaður, í brèfi til dómsmálastjórnarinnar, sem hingað hefir verið sent til úrskurðar, dags. 27. septembr. f. á., leggur stjórnarráðið samþykki á, að sá 80 ríkisdala styrkur, sem þèr hafið látið borga Hannesi prestaskólakennara Árnasyni úr jarðabókarsjóðnum, til ferðar hans á Íslandi sem náttúrufræðings í sumar er leið, megi ganga af þeim 4000 rd., sem eru til færðir í fjárlögunum í 9. grein G. c.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbein- 1862.
ingar, og til þess þèr kunngjörið það Hannesi prestaskólakennara 8. febrúar.
Árnasyni og landfógetanum á Íslandi.

---

6. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 8. febrúar
valdanna á Íslandi, um úthlutun á styrktarfè prestaekkna[1].

Eptir að kirkju- og kennslu-stjórnin er búin að skrifast á við amtmanninn yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, útaf uppástungum yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, er þèr gjörðuð í brèfi 6. maím. f. á., um úthlutun þeirra 400 ríkisdala, sem í fjárlögunum eru veittir til styrks handa fátækustu prestaekkjum á Íslandi, skal yður það nú kunngjört, í sambandi við brèf stjórnarráðsins 3. júlím. f. á., til þess þèr hagið yður eptir því og gætið þess framvegis, að allt fè það, sem hèr er um rætt, ber að úthluta samkvæmt því, sem þèr hafið farið fram á í brèfi því, sem áður er getið, þannig að stiptsyfirvöldin útbýta því, eptir því, sem þau hafa bezt vit á, til fátækustu prestaekkna í öllu landinu, án þess tekið sè til greina, hvar þær eiga heima.

Því skal við bætt, að amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu hefir í dag verið ritað það, sem þörf er á um þetta efni.

---

1) Fyrrum var styrktarfè þetta að eins 300 rd. (smbr. brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi 26. febrúarm. 1861), og fengu prestaekkjur í Hóla stipti hinu forna þriðjung þess, en ekkjur í Skálholts stipti tvo þriðjunga. Í brèfi 3. júlím. 1861 fèllst stjórnarráðið á, að þeim 100 rd., sem bætt var við fè þetta í fjárlögunum fyrir árið 1861—62, yrði skipt á sama hátt, en hèt úrskurði síðar um það, hvernig öllu fè þessu skyldi framvegis útbýtt.

1862. 13. febrúar. **7. Brèf dómsmálastjórnarinnar til allra amtmanna á Íslandi, um borgun tillaga til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar.**

Það hefir optar en einu sinni við borið, að sýslumenn á Íslandi hafa vanrækt að borga á tækum tíma tillag sitt til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar fyrir fèstyrk þann, er þeir hafa keypt handa konum sínum eptir sinn dag. En til þess að varna því, að ríkissjóðurinn fyrir þessa sök bíði skaða, er tillögin til bráðabyrgða eru greidd úr aðalfèhirzlu ríkisins hèr í bænum, sem venja er til, þá hefir fjárstjórninni þótt ráðlegt, að landfógetanum sè gjört að skyldu, að skýra hlutaðeiganda amtmanni frá jafnskjótt og borgun á einhverju tillagi dregst fram yfir hinn ákveðna gjalddaga, og að amtmönnum á hinn bóginn sè boðið, hverjum í því amti, sem hann er yfir skipaður, að hlutast til svo sem þörf er á, þegar í stað er þeir hafa fengið skýrslu landfógeta, að tillögin sèu greidd, og að beita ef á þarf að halda fjárnámi, svo sem heimild er fyrir í lögum.

Fyrir þessar sakir skorar dómsmálastjórnin á yður, herra (tit.), að þèr, þegar svo ber við, sem hèr er um rætt, gjörið þær ráðstafanir, sem fjárstjórnin hefir stungið upp á, til þess að tillagaskuldirnar verði heimtaðar og fjárnám gjört fyrir þeim ef á þarf að halda, og skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað samkvæmt þessu.

---

13. febrúar. **8. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um það, hvernig verja skuli Thorkillii sjóði.**

Í bænarskrá, er hingað barst með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 14. nóvemberm. f. á., ásamt með áliti bæjarfógetans um málið, hafa bæjarfulltrúarnir í Reykjavík farið þess á leit, að ákvörðun sú, er þetta stjórnarráð setti í brèfi 23. ágústm. 1851 um það, hvernig verja skyldi fè Thorkillii sjóðs, verði apturkölluð, en Reykjavíkur bær fái eptir tiltölu

réttri hlutdeild í vöxtum sjóðsins, til þess að verja því fé til kostnaðar við barnaskóla þann, sem stofna á þar í bænum samkvæmt tilskipun 12. desemberm. 1860. 1862. 13. febrúar.

Bæði bæjarfulltrúarnir og bæjarfógetinn telja það sjálfsagt, að Reykjavíkurbær eigi rétta heimting á að fá hlutdeild í vöxtum sjóðsins á þann hátt, er nú var sagt, með því bærinn sé einn hluti af Kjalarnes þingi hinu forna, en handa því hafi sjóðurinn stofnaður verið, og þeir hafa því leitazt við að sýna fram á, að þær ákvarðanir um, hvernig verja skyldi sjóðnum, er stjórnarráðið gjörði í brèfinu 23. ágústm. 1851, og sem eptir því sem þeim segist frá, eru þess efnis, að þegar sjóðurinn sé orðinn 20,000 rd., þá skuli verja honum til að stofnsetja búnaðarskóla handa Kjalarnesþingi, geti ekki verið skuldbindandi fyrir bæinn, þareð stjórnarráðið ekki geti upp á sitt eindæmi breytt einskorðuðum tilgangi slíkrar erfða-gjafar, og það sé engum efa undir orpið, að stofnun búnaðarskóla fari fjærri orðum gjafabrèfsins og skýlausri tilætlun gjafarans, en tilætlun hans hafi verið sú, að gjöfinni skyldi varið til kristilegs uppfósturs þeirra barna í Kjalarnesþingi, er væru mest þurfandi allra og fátækust. Bæjarstjórnin hefir og um leið getið þess, að stofnun búnaðarskóla virðist vera næsta óhagfelld þegar litið sé á ásigkomulag þess héraðs, er sjóðurinn hafi verið ætlaður, og að Reykjavíkur bær ekki geti með neinu móti notið gjafarinnar á haganlegri hátt, eður svo samkvæmara sé tilgangi gjafarans, en ef bærinn, eptir því sem um er sótt, fengi úr sjóðnum fèstyrk eptir tiltölu, til stofnunar og viðurhalds barnaskólans, en án slíks styrks muni bærinn ekki vera fær um að standast kostnaðinn við skóla þenna.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr birtið það bæjarstjórninni, að með því vilji gjafarans var sá, að verja skyldi vöxtum af sjóðnum *til kristilegs uppfósturs fátækra barna* í Kjalarnes þingi, þá leiðir það þegar berlega af þessu, að ekki getur orðið umtalsmál að veita barnaskólanum í Reykjavík, eður Reykjavíkur *bæjarfèlagi*, sem hèr verður hið sama, neinn fèstyrk úr sjóði Thorkillii. Það er vitaskuld, að bæjarfèlagið verður sjálft að annast um að fá sèr það fé, sem þörf er á til stofnunar og

1862. 13. febrúar. viðurhalds barnaskólanum, og þó bærinn fyrrum hafi verið einn hluti af Kjalarnes þingi hinu forna, þá er það ljósara en frá þurfi að segja, að þar af leiðir ekki annað, en að fátæk börn úr bæ þessum geta á sama hátt orðið aðnjótandi gjafarinnar og fátæk börn annarstaðar að, úr öllu Kjalarnes þingi hinu forna.

Þess skal því næst getið, að stjórnarráðið eigi fær séð, að það komi í bága við orðatiltæki eður tilgang gjafabréfsins, að fé sjóðsins sé varið á þann hátt, sem stjórnarráðið fèllst á með úrskurði sínum 23. ágústm. 1851, þeim er áður er getið, og má í þessu tilliti gjöra ráð fyrir, að þessi skoðun, sem þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, þó virðist að hallast að, hefði eigi fram komið, ef mönnum hefði orðið skiljanlegt, hvað eiginlega er ákveðið í úrskurði þessum. Það er misskilningur er menn ætla, að stjórnarráðið hafi fallizt á, að stofnsettur yrði fyrir fé sjóðsins venjulegur búnaðarskóli; því að vísu er orðatiltæki þetta við haft í brèfinu, en af brèfinu sjálfu er öldungis ljóst, að orðið hefir ekki átt að þýða slíka stofnun, sem bæjarstjórnin hefir haft í huga sèr, heldur stofnun, er væri áþekk Fellenbergsskólum, sem svo eru kallaðir, þar sem börn úr því hèraði, sem sjóðurinn var ætlaður, yrðu upp alin, einkum með tilliti til þess, að þau gæti orðið hyggnir og duglegir sveitabændur. Þetta sèst ekki að eins af efni brèfsins, heldur er það einkum ljóst af því, að í úrskurðinum er einungis fallizt á uppástungur þær, er stjórnendur sjóðsins höfðu gjört um það, hvernig honum skyldi verja, en uppástungur þessar fóru einmitt fram á, að komið yrði á fót slíkri stofnun, sjá brèf Bardenfleths stiptamtmanns til hins konunglega danska kanselíis 5. desembr. 1840, brèf Rosenörns stiptamtmanns til biskupsins yfir Sjálands stipti, er þá hafði hlutdeild í stjórn sjóðsins, dags. 12. janúarm. 1848, og brèf stiptsyfirvaldanna til þessa stjórnarráðs, 20. febrúarm. 1851. Að slík stofnun kæmi í bága við orðatiltæki og tilgang gjafabrèfsins, verður nú með engu móti fallizt á; því mjög verulegur munur er á slíkri stofnun og búnaðarskóla, þegar það orð er skilið eptir venjulegri þýðing þess, þarsem almennur búnaðarskóli að eins veitir viðtöku ungum mönnum, eptir að uppeldi þeirra að öðru leyti

er lokið, til þess að uppfræða þá fyrir borgun í landbúnaði, einkum í endurbótum á búskap, og öðru er að því lýtur, en stofnun þá, sem stjórnarráðið fèllst á, ber einkum að álíta sem nokkurskonar uppeldisskóla, með því gjört var ráð fyrir, að þeir, sem í hann gengju, kæmu þangað meðan þeir væru börn, og að þeir færu úr skólanum þegar þeir væru komnir á fermingaraldurinn, og að þeir, meðan þeir væru í skólanum, skyldu fá uppfræðingu í trúarbrögðunum og hinum almennu frumfræðum, en jafnframt þessu skyldi sèð um, að þeir gætu lært þá vinnu, sem til íslenzks landbúnaðar heyrir, en þó skyldi þessu ekki vera samfara nein vísindaleg kennsla. Þegar þess einnig er gætt, að börn þessi, meðan þau gengju í skólann, ættu að eiga þar bústað, og fá húsnæði, fatnað og fæði, með þrifnaði og sparneytni, þangað til þau sjálf gætu unnið fyrir þessu hjá öðrum, þá virðist slík stofnun vera samkvæm tilgangi gjafarans, og fullkomlega í samhljóðan við orð gjafabrèfsins. 1862. 13. febrúar.

En á hinn bóginn verður eigi móti því borið, að til þess slík stofnun gæti orðið að tilætluðum notum, yrði að fást maður, er væri sèrstaklegum hæfilegleikum búinn, til að takast á hendur stjórn hennar. Sè eigi slíkan mann að fá, eru, að reynslunnar vitni, allmikil líkindi til, að þess háttar stofnanir verði fremur til skaða en gagns fyrir börn þau, er þangað koma; og verði menn að játa, að mjög torvelt sè að velja menn í þessa stöðu, svo vel fari, einkum þar sem ekki eru meiri efni fyrir hendi en hèr er, þá virðist vera íhugunarvert, hvort ekki sè ástæða til að leitast við að ná tilgangi gjafarans á annan hátt, eptir því sem breytzt hefir ástandið á Íslandi. Ef því þannig væri sleppt að stofnsetja eiginlegan uppeldisskóla, kæmust menn ef til vill næst hugsun gjafarans með því, að verja vöxtum sjóðsins til þess að koma fyrir þeim börnum, er eptir gjafabrèfinu geta orðið aðnjótandi gjafarinnar, hjá guðhræddum og ráðvöndum mönnum, þar sem þau gætu fengið skynsamlegt og gagnlegt uppeldi og tilhlýðilegt viðurværi samkvæmt ákvörðunum gjafarans, þangað til þau sjálf gætu haft ofan af fyrir sèr hjá öðrum. Af fátækustu börnunum í Kjalarnes þingi hinu forna ætti þá öðrum

1862. 13. febrúar. fremur að taka til þessa þau börn, er hafa mist foreldra eður vandamenn sína, eður þeir hafa yfirgefið, og því næst þau börn, er ekki geta fengið kristilegt uppeldi hjá foreldrum eður öðrum vandamönnum, heldur eru vanrækt og líða skort; þó er það vitaskuld, að til þessa þarf samþykki foreldranna, nema svo sè ástatt, að yfirvöldin, eptir hinum almennu ákvörðunum laganna, eigi rètt á að taka börnin burt frá foreldrum þeirra; svo ætti og, þegar þess er kostur, að reyna til að koma börnum þessum helzt fyrir þar, sem þau einnig gætu gengið í barnaskólann í Reykjavík, þegar hann er kominn á fót.

En áður en frekara sè að gjört, eruð þèr, herra stiptamtmaður, og þèr háæruverðugi herra, beðnir að láta í ljósi álit yðar um þetta efni, og að skýra um leið frá, hversu mikill sjóðurinn nú er.

---

15. febrúar. **9. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um ferðastyrk handa Halldóri skólakennara Friðrikssyni, til að stunda þjóðverzku, m. m.**

Með álitsskjali dags. 27. nóvemberm. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá frá Halldóri Friðrikssyni, kennara við lærða skólann í Reykjavík, um að honum verði veitt leyfi til að ferðast í vor til Danmerkur og þaðan til þjóðverjalands, til þess að læra betur þýzka tungu, og að honum í þessu skyni verði veittur 400 ríkisdala ferðastyrkur.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það þeim, er hlut á að máli, að frá stjórnarráðsins hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að hann á tímabilinu frá því póstskipið kemur til Reykjavíkur í næstkomanda marzmánuði og þangað til skólaárið er á enda, fari ferð þá, sem hèr er um rætt; þó verður hann að sjá fyrir því, að þær lærdómsgreinir, er hann á að kenna í skólanum, verði

tilhlýðilega kenndar meðan hann er fjærverandi, án nokkurs kostnaðar fyrir ríkissjóðinn; skal honum og veittur 300 ríkisdala styrkur af þeim 4000 ríkisdölum, sem til færðir eru í fjárlögum þessa árs 9. gr. G. c., til að ferðast héðan til Þjóðverjalands, og eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir að ávísa honum fé þetta úr jarðabókarsjóði Íslands fyrir 1. aprílm. þ. á., með því skilyrði, sem að ofan er getið. 1862. 15. febrúar.

---

10. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um sölu á kirkjujörðinni Seli. 22. febrúar.

Útaf bænarskrá þeirri, er hingað barst með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 16. októberm. f. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar, þóknazt 16. þ. m. allramildilegast að veita leyfi til, að eignarjörð Reykjavíkur dómkirkju, Sel, sem er í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur kaupstaðar, sè seld Magnúsi bónda Jónssyni á Bráðræði fyrir 1500 ríkisdala kaupverð, á þann hátt, að einn þriðjungur kaupverðsins að minnsta kosti sè greiddur undir eins, en tveir þriðjungar þess megi vera óborgaðir, ef sett sè fyrir þeim fyrsta veð í jörðinni, og goldið af 4 af hundraði í vöxtu á ári; þó skuli jörðin fyrst boðin til kaups með sömu skilmálum þeim landsetum, sem nú eru á henni; en fyrir þann hluta kaupverðsins, er þegar verður greiddur, skuli keypt ríkisskuldabrèf, er svarað sè af 4 af hundraði í vöxtu, og hljóði upp á Reykjavíkur dómkirkju-brauð.

Þetta skal yður kunngjört, til þess þèr hagið yður eptir því og gjörið ýtarlegri ráðstafanir í því efni.

1862. 22. febrúar. **11. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um sölu á kirkjujörðinni Eyríksstöðum.**

Út af bænarskrá þeirri, er hingað barst með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 21. októberm. f. á. hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðsins, þóknazt 16. þ. m. allramildilegast að veita leyfi til, að eignarjörð Skeggjastaða brauðs, Eyríksstaðir í Jökuldals og Hlíðar hrepp í Norðurmúlasýslu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, sè seld ekkjunni Guðrúnu Gunnlaugsdóttur fyrir 3500 ríkisdala kaupverð, á þann hátt, að þriðjungur kaupverðsins að minnsta kosti sè greiddur undir eins, en tveir þriðjungar þess megi vera óborgaðir, ef fyrir þeim sè sett fyrsta veð í jörðinni, og greitt af 4 af hundraði í vöxtu á ári; en fyrir þann hluta kaupverðsins, sem þegar verður greiddur, skuli keypt ríkisskuldabrèf, er svarað sè af 4 af hundraði í vöxtu, og hljóði upp á Skeggjastaða brauð.

Þetta skal yður kunngjört, til þess þèr hagið yður eptir því, og gjörið ýtarlegri ráðstafanir í því efni.

---

22. febrúar. **12. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun prentunarkostnaðar fyrir alþingistíðindi.**

Af brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 13. septemberm. f. á., er dómsmálastjórninni kunnugt orðið, að eigi hefir orðið miðlað málum í ágreiningi þeim, er reis milli yfirstjórnenda stiptsprentsmiðjunnar og forseta alþingis þess, er haldið var árið 1859, Jóns Guðmundssonar, setts málaflutningsmanns við yfirdóminn, útaf borgun eptirstöðvanna af prentunarkostnaði alþingistíðindanna það ár, er hann enn hefir færzt undan að ávísa eptirstöðvum þessum, sem eru 705 rdl. 21 sk., úr jarðabókarsjóði Íslands með öðrum alþingiskostnaði, og hefir hann haft það til síns máls, að minnka beri upphæð þessa að minnsta kosti um

200 rdl. fyrir þá sök, að samningur sá, er gjörður var um prentun þingtíðindanna, hafi verið vanhaldinn af hálfu prentsmiðjunnar; en á hinn bóginn hafa yfirstjórnendur prentsmiðjunnar ekki viljað kannast við, að slík samningsrof hafi átt sèr stað, og þess vegna eigi heldur getað fallizt á, að reikningur prentsmiðjunnar væri lækkaður. 1862. 22. febrúar.

Með því nú ágreiningurinn þannig að eins snertir það atriði, hvort færa eigi niður reikning prentsmiðjunnar um 200 rdl. fyrir þá sök, að samningurinn hafi verið vanhaldinn, en þar á móti enginn ágreiningur er um hinn hluta reikningsins, 505 rdl. 21 sk., eruð þèr beðnir að láta alþingisforsetann fá færi á að segja álit sitt um, hvort nokkuð sè því til fyrirstöðu, að fyrst um sinn sè ávísað úr jarðabókarsjóðnum þeim hluta reikningsins, sem menn eru ásáttir um, og ef eigi koma fram neinar sèrstaklegar ástæður því til tálmunar, þá að ávísa þessu fè sjálfir úr jarðabókarsjóðnum. En hvað snertir þá 200 rdl., sem þá eru eptir, skal þess getið, að það virðist auðsætt, að þó prentsmiðjan hafi fengizt við að prenta annað, þá getur það atvik út af fyrir sig ekki gjört að verkum, að færa eigi niður reikninginn, heldur aðeins þá, ef það hefir ollað ótilhlýðilegum drætti á prentun þingtíðindanna; en áður úrskurður sè lagður á þetta atriði fyrir fullt og allt, eruð þèr beðnir að senda stjórnarráðinu ýtarlega skýrslu um þann drátt, sem smátt og smátt hefir orðið á prentun þingtíðindanna; en um það, hve mikill óhagur hafi orðið af þessu, þá skal leiða athygli yðar að því, að eptir skýrslum þeim, sem fyrir hendi eru, um hvað fengizt hefir fyrir tíðindin frá hinum undanfarandi þingum, þau er seld hafa verið, virðist mjög svo ósennilegt, að drátturinn á prentun tíðindanna frá alþingi 1859, hafi hann annars nokkur verið svo prentsmiðjunni verði um kennt, hafi ollað 200 ríkisdala skaða á sölunni á þeim árgangi tíðindanna.

1862. 27. febrúar. **13. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um tillag til Reykjavíkur bæjarsjóðs.**

Í brèfi til dómsmálastjórnarinnar hefir bæjarstjórnin í Reykjavík kvartað yfir því, að þèr, herra stiptamtmaður, hafið fært niður úr 12 ríkisdölum í 10 ríkisdali tillag það, er Einari prentara Þórðarsyni var gjört að greiða til bæjarsjóðsins fyrir árið 1861, án þess þèr áður hafið fengið álit bæjarstjórnarinnar um málið, og án þess að öðru leyti hafi gætt verið þess, sem fyrir er skipað í 21. grein í reglugjörð um stjórn bæjarmálefna í kaupstaðnum Reykjavík 27. nóvemberm. 1846.

Eptir að stjórnarráðið hefir fengið álitsskjal yðar um málefni þetta, dagsett 4. nóvemberm. f. á., skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr kunngjörið það hlutaðeigendum, að það reyndar er vitaskuld, að þegar áfrýjað er úrskurðum bæjarstjórnarinnar um tillög manna til bæjarsjóðsins, ber að við hafa þá aðferð, sem fyrir er skipuð í lagaákvörðun þeirri, sem að ofan er greind, en að það, sem hèr hefir verið út af þessu brugðið, eigi virðist í raun og veru hafa gjört neitt að verkum í máli því, sem hèr er um rætt; einkum þareð kærandinn, eptir því sem þèr hafið frá skýrt, byggði kæruskjal sitt til amtsins einmitt á sömu ástæðum og umkvörtunina þar á undan til bæjarstjórnarinnar, og stiptamtmaður þar að auki hafði fyrir sèr bæði umkvörtunina til bæjarstjórnarinnar og svar hennar 15. júlím. f. á.

---

28. febrúar. **14. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skilning á ýmsum ákvörðunum í tilskipun 15. marzm. 1861 um vegina á Íslandi.** [1]

Í brèfi 24. septemberm., er síðast leið, hafið þèr, herra amtmaður, beðið um svar dómsmálastjórnarinnar upp á spurn-

1) Stiptamtmanninum yfir Íslandi og amtmanninum yfir vesturumdæminu var sama dag sent eptirrit af brèfi þessu.

ingar þær, er nú skal greina, til að skýra fyrir yður tilskipun 15. marzm. f. á. um vegina á Íslandi: 1862. 28. febrúar.

1. frá hverjum tíma ákvarðanir laga þessara geti fengið gildi;
2. hvort undir eins og í einu þurfi að skipta vegunum í þjóðvegi og aukavegi, eða hvort gjöra megi þessa skipting smátt og smátt, þannig að einungis þeir kaflar, er helzt þurfa endurbótar við, af þeim alfaravegum, sem hingað til hefir verið mest umferð um, komist smátt og smátt í flokk þjóðvega eptir því, sem þeir eru teknir til viðgjörðar, en viðurhald allra annara vega skuli hvíla sem skylduvinna á þeim, er eiga að vinna að vegabótum, þangað til vegir þessir eru settir í flokk þjóðvega;
3. hvort verja skuli vegabótagjaldi því, sem heimt er í hverri sýslu, til þjóðvega í þeirri sýslu, eður hvort það sè komið undir áliti hlutaðeiganda amtmanns, til hverra þjóðvega í amtinu því fè sè varið;
4. hvern tíma eigi að leggja til grundvallar, þegar samin sè nafnaskrá sú yfir alla verkfæra menn í hreppnum, sem um er rætt í 16. grein, og sem senda á sýslumanni fyrir sumarmál;
5. hvort umsjónarmönnum þeim, sem um er getið í 5. grein og skoðunarmönnum þeim, sem um er rætt í 8. grein, ekki skuli veitt kaup af vegabótagjaldinu;
6. hvort ákvörðunin í 14. grein um, að á vörðum á fjallvegum skuli gjörður stallur eður annað merki á þeirri hlið, sem snýr til norðurs, eigi ekki að skiljast þannig, að stallurinn eður merkið sè gjört á vörðunum þeim megin eður á þeirri hlið, þar sem svo er kallað í daglegu máli, að vegurinn viti til norðurs;
7. hvort eigi beri þannig að skilja niðurlagsákvörðunina í 18. grein, að þegar húsbóndi hefir borgað fyrir þá verkskylda menn, sem eru í hans þjónustu, þá eigi hann aptur tilkall til endurgjalds hjá þeim, og að þegar þeir vinna verkið sem skylduvinnu, þá eigi hann rètt á að reikna sèr borgun fyrir það, og halda henni eptir af kaupi þeirra;
8. hvort eigi beri að skilja 21. grein þessu samkvæmt, þannig,

1862. 28. febrúar.

að sá húsbóndi, er hefir orðið að borga fyrir hjú, er hefir brugðizt undan að koma til verka, eigi, hvernig sem ástatt er, heimting á endurgjaldi af hjúinu; og hafi hjúið yfirgefið vinnu sína hjá húsbónda, en þó eigi komið til vegabótastarfa, þá eigi hann heimting á tvöföldu endurgjaldi, bæði fyrir vinnumissi á heimilinu og svo fyrir það, sem hann hefir orðið að greiða fyrir hjúið til vegasjóðsins.

9. hvort það, að sýslumönnum í 28. grein er lagt á herðar að hafa eptirlit með aukavegunum, ekki gjöri að verkum, að þeir verði að hafa rètt til að heimta af hreppstjórunum bæði uppástungur um þau verk, er næsta sumar á að vinna á aukavegum, og niðurjöfnun þá, er þeir hafa gjört í því skyni, og einnig reikning ekki aðeins yfir bætur þær, sem greiddar hafa verið til vegasjóðsins, heldur og yfir það fé, sem greitt yrði í staðinn fyrir skylduvinnu, og að síðustu:

10. hvort þeir, er hlut eiga að máli, ekki eigi rètt á að bera sig upp fyrir sýslumanni út af niðurjöfnun hreppstjóra.

Þessu skal svarað, yður til leiðbeiningar, á þann hátt, er nú skal greina:

Um 1. tölul. Með því lögin eigi öðlast gildi fyr en þau eru þinglesin, þá er auðsætt, að niðurjöfnun sú, sem fyrir er skipuð í 16. grein, eigi getur átt sèr stað fyrri en þar á eptir, og af því leiðir aptur, að ákvörðunum laganna um endurbætur þjóðvega og viðurhald þeirra m. m. ekki verður beitt fyrri en sumarið 1863, með því gjört er ráð fyrir, að lögin hvervetna verði þinglesin á manntalsþingum þetta árið. Þaraðsjá má af athugasemdum yðar við þessa spurning, að þèr hafið verið í vafa um, hvenær niðurjöfnun þessi eigi fram að fara, þá skal þess getið, að alþingi, sem stakk upp á þessari ákvörðun lagaboðsins, vissulega hefir gjört ráð fyrir, að það fé, sem hver hreppur í landinu á að leggja til endurbóta og viðurhalds á þjóðvegunum eptir 16. grein, megi til bráðabyrgða greiða úr sveitarsjóðunum, og að því síðar verði jafnað niður á hreppsbúa eptir sömu reglum og aukaútsvarið til fátækra, en það er á haustin; því annars væri engin ástæða til að láta

greiða fèð úr sveitarsjóði. En ef það skyldi við bera, að sjóður þessi ekki gæti látið fèð af hendi til bráðabyrgða, virðist vera nauðsynlegt að láta jafna því niður að vorinu, áður en manntalsþing eru haldin. 1862. 28. febrúar.

Um 2. tölul. Samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 3. grein, á amtmaður eptir reglum þeim, er þar eru settar, undir eins og tilskipunin er búin að öðlast lagagildi að gjöra almenna ákvörðun um, hverir vegir í öllu amtinu framvegis skuli taldir þjóðvegir, og hverir aukavegir, og skal gjöra það heyrum kunnugt til eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli. Til þessa ber og brýna nauðsyn, því frá því er tilskipunin öðlast lagagildi á að greiða kostnað til þjóðvega með öllu öðru móti en kostnað við aukavegi, smbr. 16. og 18. grein, og það kæmi því í bága við boð tilskipunarinnar að láta framvegis nokkuð vinna að þjóðvegum með skylduvinnu. Það er vitaskuld, að ekki verður gjört við alla þjóðvegi í einu, en eptir 4. grein er amtmanni falið á hendur að ákveða, ekki að eins hvaða verk vinna skuli við þjóðvegina, heldur og hvort vinna skuli slík verk í þeirri eður þeirri sýslu eitthvert ár, og má ætla að hann eptir skýrslum sýslumanna og uppástungum geti skorið úr, hver verk sèu mest áríðandi, hvort heldur það eru aðalviðgjörðir við vegi eður minni vegabætur.

Um 3. tölul. Eptir 4. grein tilskipunarinnar á amtmaður að ákveða, hver verk vinna skuli við þjóðvegina í amtinu, og hvernig þeim skuli hagað, og tilskipunin gefur enga ástæðu til að halda, að vegabótagjaldi því, sem heimt er í hverri sýslu, skuli aðeins varið til þeirra kafla af þjóðvegunum, er liggja um þá sýslu. Af þessu mundi og leiða, að þær sýslur, sem litlir þjóðvegir væru í, er við halda þyrfti, mundu safna fyrir meiru fè en þörf væri á til aðgjörða og viðurhalds þjóðvega í sýslunni, en í þeim sýslum, þar sem mikið væri af þess konar vegum, mundi vegabótagjaldið ekki nærri því hrökkva til, og yrði þannig farið á mis við tilgang lagaboðsins.

Um 4. tölul. Með því ákveðið er í 16. grein, að hreppstjór-

1862. 28. febrúar.

arnir á ári hverju fyrir sumarmál skuli senda sýslumönnum nafnaskrá yfir alla verkfæra menn í hreppnum frá 20 ára að 60, án þess nákvæmar sè til tekið, hver tími skuli tekinn til greina í þessari nafnaskrá, þá er auðsætt, að í nafnaskránni á að til færa alla verkfæra menn á þeim aldri, er nú var getið, þá sem eru í hreppnum á þeim tíma, þegar nafnaskráin er til búin, og verður þess vegna með sèrstaklegu tilliti til þessa að taka fólkstölu í hverjum hreppi.

Um 5. tölul. Eins og umsjónarmenn þeir, sem getið er í niðurlagi 5. greinar, eiga að fá borgun af vegabótagjaldinu eptir samningi þeim, er sýslumaður hefir við þá gjört, þannig má og veita virðingarmönnum þeim, sem um er rætt í 8. grein, borgun af vegabótagjaldinu fyrir starfa þeirra eptir ákvörðununum í aukatekjureglugjörð 10. septemberm. 1830 67. grein.

Um 6. tölul. Ekki virðist vera ástæða til að víkja frá því, sem með berum orðum er ákveðið í 14. grein, að stallar þeir eður merki, sem þar er um rætt, sè gjört á þeirri hlið á vörðunum, er veit í rètta norðurátt, og það því síður, sem merki þessi einkum eru ætluð þeim til leiðbeiningar, sem eru ókunnugir hèraðinu og málvenju þess.

Um 7. og 8. tölul. 18. og 21. grein gefa ekkert tilefni til efa, og gefa enganveginn ástæðu til þeirrar þýðingar, er þèr hafið í þær lagt. Auk þess að reglan eptir yðar þýðing yrði mjög ósanngjörn og undarleg, og kæmi í bága við það, er tíðkazt hefir að undanförnu, eru einnig orð tilskipunarinnar á móti henni. Í 18. grein er aðalreglan sett öldungis í samhljóðan við þær reglur, sem gilt hafa að undanförnu (sjá orðatiltækið: „það skal framvegis vera skylda innbúanna í hverjum hrepp" og s. frv.) þegar svo er, sem almennt er, að verkið er unnið með skylduvinnu, en þar af leiðir þá, að þegar hjúið er haft til vegabótanna, þá er það húsbóndinn sem álagan á að lenda á, og þar sem ákveðið er í síðustu málsgrein í grein þessari, að þegar einhver hefir tekizt á hendur vegabæturnar fyrir kaup, eptir ákvörðun hreppsbænda, þá skuli sèrhver húsbóndi greiða borgun

fyrir þá verkfæra menn, sem eru í hans þjónustu, án þess neinu sè bætt við um, að hann eigi aptur að fá það endurgoldið af hjúinu, þá er þetta öldungis samkvæmt aðalreglunni, sem áður er getið. Samkvæmt þessu er og ákveðið í 21. grein, að húsbóndinn skuli greiða þá borgun, sem um er rætt í greininni, og gjalda ákveðnar sektir fyrir hvern verkskyldan mann af börnum hans eður vinnufólki, er undan bregzt, og um endurgjaldið er svo fyrir mælt, að hann eigi heimting á því, ef verkmanni verður gefin sök á burtuverunni, og þess vegna ekki þegar öðruvísi er ástatt. 1862. 28. febrúar.

Um 9. og 10. tölulið. Þó sýslumanni í 28. grein sè gjört að skyldu að hafa eptirlit með hinum almennu aukavegum, þá er ekki þar fyrir nauðsynlegt, að honum sèu sendar uppástungur þær eður reikningur, sem þèr, herra amtmaður, hafið haldið hann ætti að fá, og tilskipunin hefir að öðru leyti enga þá ákvörðun, er leiða megi út af slíka skyldu fyrir hreppstjóra; smbr. einnig ástæður alþingis fyrir 17. grein og fyrir 21. grein, er samsvarar 20. grein í tilskipuninni. En á hinn bóginn er það vitaskuld, að hver og einn, sem hlut á að máli, á kost á að bera sig upp fyrir sýslumanni yfir ráðstöfunum hreppstjóra, þeim sem hèr er um rætt, og þar á meðal einnig yfir niðurjöfnun þeirri, er hann hefir gjört.

---

15. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga. 28. febrúar.

Að tilhlutun stjórnarráðsins hafið þèr, herra amtmaður, í brèfi 16. septemberm. f. á. sagt álit yðar um skjal, er sveitarstjórnin í Skinnastaða hreppi í Þingeyjar sýslu hefir hingað sent, en í því skjali er borin fram umkvörtun yfir úrskurði yðar 4. ágústm. 1860, er ákveður að Kristín Guðmundsdóttir og þau af börnum hennar, sem eru fædd áður en hún gekk að eiga Finn Gunnarsson, sèu hrepplæg í Skinnastaða hreppi.

1862. 28. febrúar. Af skýrslum þeim, sem fram eru komnar í máli þessu, má ráða, að Kristín þessi Guðmundsdóttir hafi, áður en hún giptist, verið hrepplæg í Skinnastaða hreppi, sem er fæðingarhreppur hennar; að maður hennar, Finnur Gunnarsson, sè hrepplægur í Sauðanes hreppi, og að auk þess, að á hjónabandi þeirra eru ýmsir aðrir formgallar, þá er það og stofnað móti því, sem fyrir er skipað í tilskipun 30. aprílm. 1824 3. gr. 10. tölul., þar sem börnum þeim, er þau höfðu átt saman í lausaleik áður en þau giptust, hafði verið lagt til uppeldis af sveit, og fè þetta eigi verið endurgoldið, nè heldur leitað samþykkis til hjónabandsins, eður slíkt samþykki fengið, frá framfærslusveit mannsins.

Þar sem þèr nú, herra amtmaður, eptir þessum málavöxtum hafið úrskurðað í brèfi yðar 4. ágústm. 1860, sem fyr er getið, að hjónabandið, sem stofnað hefir verið á þenna hátt, ekki geti breytt rètti þeim, sem konan og börn þau, er hún átti áður en hún giptist, áttu áður til framfærslu í Skinnastaða hrepp, en þar á móti eigi börn þau, er síðar fæddust, framfærslusveit með föður sínum í Sauðanes hrepp, þá er úrskurður þessi reyndar í samhljóðan við brèf innanríkisstjórnarinnar 27. maím. 1851, og þau úrslit, er áþekk mál hafa stundum áður fengið með úrskurðum innanríkisstjórnarinnar og hins fyrrverandi konunglega danska kanselíis; en síðar hefir innanríkisstjórnin komizt að annari niðurstöðu, þar sem hefir verið að gjöra um, hverjar afleiðingar ættu að verða af því, að brugðið hefði verið út af því, sem boðið er í tilsk. 30. aprílm. 1824 3. grein 10. tölulið, smbr. umburðarbrèf innanríkisstjórnarinnar 13. októberm. 1851, 7. nóvemberm. s. á. og 5. maím. 1852, sem öll eru prentuð í hinu almenna stjórnarbrèfa safni; svo er það og álit dómsmálastjórnarinnar, að ekki sè í löggjöfinni nægileg heimild til, þar sem hjónaband þannig hefir verið stofnað móti lögum, að skylda þá sveit, er að undanförnu hefir átt að veita konunni framfærslu, til að greiða nokkurt tillag til framfærsluhrepps mannsins, sem við hjónabandið einnig er orðinn framfærslusveit hennar og barna hennar; og þar sem þessi síðast nefnda sveit ber sig upp í þessu efni, þá er ekki annað fyrir en vísa henni

til að leita skaðabóta hjá þeim, er gefin verður sök á að hjónabandið var stofnsett móti lögum. 1862. 28. febrúar.

Samkvæmt þessu eruð þér beðnir að kunngjöra hlutaðeigendum það, er með þarf.

---

16. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um bækur, er út koma frá prentsmiðjunni í Reykjavík. 28. febrúar.

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 16. aprílm. 1860 útaf brèfi Havsteins, amtmanns yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, þar sem hann fer fram á, að því verði skotið til dóms og laga, hvort Hóla stipti hið forna, eður norðurumdæmið, eigi ekki heimting á fjórðungi af eiginlegum tekjum prentsmiðjunnar íslenzku, ritaði stjórnarráðið enn á ný embættismanni þessum um málið, og hefir hann lýst því yfir, að hann fyrir sitt leyti sè eigi ófús á að láta það niður falla, en þó með þeim skilmálum, að stjórn prentsmiðjunnar skuldbindi sig til:

a) að fá sèr einn umboðsmann í hverri sýslu, ekki að eins í Hóla stipti hinu forna, heldur og í Múla sýslum, eður í gjörvöllu norður- og austurumdæminu, og senda honum að minnsta kosti hinar nauðsynlegustu af bókum þeim, er prentsmiðjan sjálf gefur út, á þann hátt, að almenningur geti fengið bækur þessar fyrir sama verð og á þeim er í Reykjavík.
b) að láta amtsbókasafnið á Akureyri fá eitt exemplar af öllum þeim bókum, sem prentaðar eru í prentsmiðjunni í Reykjavík.

Um leið og yður nú er sent eptirrit af brèfi þessu, skal yður kunngjört, að ef stiptsyfirvöldunum lízt á það, er ekkert því til fyrirstöðu af hálfu dómsmálastjórnarinnar, að málinu verði skipað á þann hátt, sem Havstein amtmaður hefir stungið upp á.

1862. 6. marzm.

17. Brèf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um að senda herskip til Íslands.

Með því útlendir fiskimenn, er koma til Íslands, halda áfram að brjóta reglur þær, er gilda um yfirráð konungs yfir sjónum, þar sem þeir eru á fiskiveiðum fast upp við strendur landsins og inni í fjörðum og flóum, og með yfirgangi þessum virðast mjög að skemma fiskiveiðar Íslendinga, þá hefir alþingi það, er átti fund í fyrra, í þegnlegri bænarskrá til konungs beðið um, að sèð verði ráð við þessu á þann hátt, að á ári hverju í öndverðum aprílmánuði verði send til Íslands svo mörg skip, sem þörf er á, er geti haft gætur á, að útlendir fiskimenn ekki sèu á veiðum innan hinna lögákveðnu takmarka þangað til í byrjun septembermánaðar. Að því leyti, er snertir þetta atriði, hefir hinn setti stiptamtmaður á Íslandi, er einnig gegndi konungsfulltrúastörfum á alþingi, mælt með bænarskrá þingsins, og hefir hann í álitsskjali sínu um málið getið þess, að reyndar megi ætla, að eigi mundi unnt að gæta þess nákvæmlega, að reglurnar um yfirráðin yfir sjónum eigi sèu brotnar, þó send væru til landsins 2 eða 3 herskip, til að vera á ferðum kringum strendur þess, þar sem slíkur sægur af útlendum fiskiskipum þyrpist þar saman; en eigi að síður mundi það koma að töluverðum notum, ef þangað væri sent þó ekki væri nema eitt lítið herskip, er reynslan hafi sýnt, að útlendir fiskimenn þau árin, sem dönsk herskip hafi komið til Íslands og verið þar við strendurnar, ekki komi eins nálægt landi og annars, og einkum hafi varazt að fara inn í firði og flóa við landið, en hafi haldið til lengra frá ströndunum.

Um leið og dómsmálastjórnin tilkynnir sjóliðsstjórninni þetta, lætur hún enn á ný í ljósi það álit sitt, að það muni koma að miklu liði til að vernda fiskiveiðar Íslendinga, að sent sè herskip til landsins, og biður því stjórnarráðið um svar um það, hvort það nú í vor eður sumar ekki geti gjört neina ráðstöfun, er lúti að þessu augnamiði, samkvæmt loforði því, er það veitti í brèfi 31. marzm. 1860 um, að við og við

skyldi verða sent herskip til Íslands til að verja landið ágangi erlendra fiskimanna. 1862. 6. marzm.

---

18. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um uppboðslaun af verði fyrir hest, er jafnaðarsjóður suðurumdæmisins var eigandi að. 19. marzm.

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá álit yðar, herra stiptamtmaður, í brèfi 8. októberm. f. á., um 2. útásetningagrein við reikning jafnaðarsjóðs suðurumdæmisins fyrir árið 1858, en í þeirri grein er fundið að því, að tekin hafa verið uppboðslaun af verðinu fyrir hest, er seldur var fyrir jafnaðarsjóðinn, m. m., þá hefir stjórnarráðið í dag ritað endurskoðunarstjórnardeild konungsríkisins á þá leið, að með því sveitamálefni ekki verði heimfærð undir orðin „opinber málefni“ í 13. grein í aukatekjureglugjörðinni 10. septemberm. 1830, þá megi útásetning sú, er gjörð hafi verið um þetta efni, niður falla.

Þetta er yður kunngjört yður til leiðbeiningar, og til þess þèr auglýsið það þeim, er hlut eiga að máli.

---

19. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um skipti á konungsjörðinni Öxará fyrir jarðirnar Granastaði og Neðribæ. 27. marzm.

Eptir bænarskrá frá Sigurði Guðnasyni á Ljósavatni, er hingað kom með brèfi yðar, herra amtmaður, 7. októberm. f. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt að fallast á með úrskurði 18. þ. m., að beiðandinn megi fá eignarjörð ríkissjóðsins, Öxará í Ljósavatns hrepp í þingeyjarsýslu, með 4 kúgildum, í skiptum

1862. 27. marzm. fyrir jarðirnar Granastaði í sama hrepp og Neðribæ í Háls hrepp í sömu sýslu, er báðar til samans eru með 4 kúgildum.

Um leið og þetta er kunngjört yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það hlutaðeigandi, skorar dómsmálastjórnin á yður, að þér gjörið þær ráðstafanir, er með þarf, til þess jarðaskipti þessi komist á, og að þér hlutist til um, að jarðir þessar síðan verði teknar: Granastaðir undir umboð »Norður sýslu umboðsjarða«, og Neðribær undir umboð „Reykjadals jarða og hálfrar Flateyjar".

Þegar jarðaskipti þessi eru búin, vonast stjórnarráðið eptir að fá skýrslu frá yður um það, og um leið eptirrit af jarðaskiptabréfinu.

---

7. aprílm. **20. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um fè ómyndugra og lausar ríkisskuldir.**

Eptir því, sem fjárstjórnin hefir frá skýrt, verða ekki endurnýjaðar ákvarðanir þær, sem settar hafa verið um hinar lausu ríkisskuldir fyrir tímabilið frá 1. aprílm. 1860 til 31. marzm. 1862, og hefir þess vegna frá lokum fyrra mánaðar verið hætt að setja á vöxtu í ríkissjóðinn fè ómyndugra og opinberra stofnana, svo sem áður hefir leyft verið í lögum 4. nóvemberm. 1859 um lausar ríkisskuldir, og í eldri lögum.

Um leið og yður er birt þetta, herra (tit.) til þess það verði kunnugt öllum þeim, er hlut eiga að máli, skal þess getið, að það er vitaskuld, að haldið verður áfram að greiða vöxtu af því fè, sem þegar er komið inn í ríkissjóðinn, eins og að undanförnu, þangað til búið er að borga það út úr sjóðnum eptir undanfarandi uppsögn, með þeim fyrirvara, sem ákveðinn er um það fè[1]. Því skal við bætt, að þangað til nákvæmar verður

1) Í brèfinu til stiptamtmannsins er þessi grein þannig orðuð:
»Um leið og yður er birt þetta, herra stiptamtmaður, til þess það verði kunnugt öllum þeim, er hlut eiga að máli, skorar dómsmálastjórn-

fyrirskipað um það efni, má ávaxta fé opinberra stofnana á þann hátt, að fyrir það séu keypt óuppsegjanleg ríkisskuldabréf, er gefa af sér vöxtu, að svo miklu leyti því ekki verður við komið að lána það einstökum mönnum gegn lögboðnu veði. 1862. 7. aprílm.

---

21. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skyldu kandídats frá prestaskólanum til að þiggja Grímseyjar brauð. 9. aprílm.

Þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, hafið í brèfi 12. septemberm. f. á. skýrt frá, að Oddur Gíslason, kandídat frá prestaskólanum í Reykjavík, hafi skorazt undan að þiggja Miðgarða brauð í Grímsey, sem stiptsyfirvöldin hafi veitt honum, jafnvel þó hann fyrrum hafi fengið kennslu ókeypis og styrk úr almennum sjóði bæði við hinn lærða skóla og við prestaskólann, og muni þess vegna vera háður skyldu þeirri, sem um er rætt í konungsbrèfum frá 10. maí 1737 og 2. desemberm. 1791, til að þiggja þegar á þarf að halda fátæk prestaköll á Íslandi; hafið þèr fyrst og fremst beðið um samþykki stjórnarráðsins til þeirra aðgjörða yðar, er nú var getið, og því næst, að yður verði veitt vald til framvegis að fara eptir því, sem fyrir er mælt í konungsbrèfum þessum, og hafið þèr í því efni óskað, að stjórnarráðið lýsti því yfir, að ákvarðanir þessar einnig eigi að heimfærast upp á þá kandídata, sem koma frá prestaskólanum, og um leið getið þess, að þèr að öðrum kosti ekki munið geta framvegis fengið menn til hinna fátæku brauðanna, sem enginn sækir um.

Eptir að búið er að skrifast á við dómsmálastjórnina um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið, að það, sem ákveðið er í konungsbrèfum þeim, er nú var getið, verður ekki beinlínis heimfært upp á þá, sem lært hafa við prestaskólann í Reykjavík, jafnvel þó þeir hafi notið styrks úr almennum sjóði

in á yður að gæta þess, að eigi verði framvegis sett á vöxtu í jarðabókarsjóðnum fé ómyndugra og opinberra stofnana, en þess skal getið, að það er vitaskuld« og s. frv.

1862. 9. aprílm. við skóla þenna. En stjórnarráðið mun nákvæmar yfirvega, hvort ástæða sé til að gjöra nýja ákvörðun, er leggi hlutaðeigendum á herðar skyldu þá, sem hèr er um rætt, og mun yður síðar verða kunngjört, hvað af ráðið verður í því efni; en fyrst um sinn verður stjórnarráðið að skora á yður, að reyna að fá kandídata frá prestaskólanum til að taka að sèr þessi fátæku brauð, með því að gefa þeim von um, að þeir á eptir skuli fá betri brauð.

---

9. aprílm. **22. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um sekt fyrir brot móti verzlunarlögunum.**

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá skýrslu yðar, herra amtmaður, í brèfi 18. septemberm. f. á., um að O. V. Simonsen lausakaupmaður hefði í fyrra brotið móti verzlunarlögunum íslenzku, er hann sigldi til Skeljavíkur í Steingrímsfirði innan Strandasýslu og verzlaði þar, þá hefir stjórnarráðið látið rannsókn um þetta efni fram fara yfir honum í sakamála- og lögreglumálarèttinum í Kaupmannahöfn, og hefir hann játað brot sitt, en beðið um, að málið yrði á enda kljáð með úrskurði dómsmálastjórnarinnar, en ekki með dómi, og hefir stjórnarráðið þvínæst ákveðið, að hann skuli greiða fyrir yfirsjón sína 20 ríkisdala sekt til sveitarsjóðsins, þar sem brotið var framið.

Þetta skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar.

---

9. aprílm. **23. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um eignarrètt til reka.**

Þèr hafið, herra amtmaður, í brèfi 17. septemberm. f. á. beðið um, að stjórnarráðið skæri úr, hverjum bæri eignarrèttur

til ámu, er rekið hafði af sjó á land upp á Illugastöðum, sem er ein af þingeyra klausturs jörðum. 1862. 9. aprílm.

Eptir að búið er að skrifast á við fjárstjórnina um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörið það þeim, er hlut eiga að máli, að dómsmálastjórnin verður að álíta, að eptir réttum skilningi á opnu brèfi 4. maím. 1778, 1. og 2. gr., eigi ríkissjóðurinn ámu þessa, en af því hèr er um slíkt lítilræði að gjöra, fellst stjórnarráðið á, að áman sè eptirlátin eiganda Víðidalstungu kirkju, Páli stúdent Vídalín, með því skilyrði, að hann taki uppá sig alla ábyrgð, sem annars kynni að hvíla á ríkissjóðnum, ef eigandi kæmi með kröfu nokkra í þessu efni.

---

24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um fæðispeninga alþingismanna m. m. 11. aprílm.

Dómsmálastjórnin hefir meðtekið brèf yðar, herra stiptamtmaður, 17. maím. f. á., og hafið þèr í því lýst yfir áliti yðar um gjöld nokkur, er snertu alþingi 1859. Um þetta efni skal yður nú kunngjört, til þess þèr hagið yður eptir því og auglýsið það, að þar sem alþingismenn þeir, er eiga heima í Reykjavík, hafa það ár, er nú var nefnt, og eptir því sem þèr hafið frá skýrt einnig undanfarandi alþingisár, reiknað sèr fæðispeninga fyrir einn dag áður en þing hefir byrjað, og fyrir einn dag eptir þinglok, þá er þessi reikningsmáti heimildarlaus. En áður en skorið sè úr spurning, sem einnig er hreyft í brèfi yðar, viðvíkjandi fæðispeningum þeim, er forseti á alþingi 1859 reiknaði sèr fyrir störf sín í þarfir alþingis eptir þinglok það ár, þá biður stjórnarráðið yður að skýra sèr frá, hvernig að hafi verið farið í þessu efni eptir síðasta alþing, og skal um leið leitt athygli yðar að brèfi dómsmálastjórnarinnar 28. janúarmán. 1860.

1862. 11. aprílm. **25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um fè, er verja megi til nýársgleði handa vinnumönnum prentsmiðjunnar í Reykjavík.**

Frá annari af skrifstofum þeim, þar sem rannsakaðir eru reikningar í konungsríkinu, hefir dómsmálastjórninni verið sent eptirrit af 5. athugagrein við reikninginn yfir tekjur og gjöld stiptsprentsmiðju Íslands fyrir árið 1859, til þess stjórnarráðið skyldi skera úr því atriði, sem í grein þessari hafði verið að fundið, að þetta ár höfðu verið greiddir úr sjóði prentsmiðjunnar 14 rdl. til hátíðagleði um nýárið handa vinnumönnum hennar, og hefir það verið talið ákjósaulegt, ef stjórnarráðið annars fèllist á að fè þessu hefði verið þannig varið, að það þá yrði fast ákveðið, hversu miklu fè framvegis megi verja úr sjóði prentsmiðjunnar í þessu skyni.

Í þessu efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það reikningshaldara prentsmiðjunnar, að útásetning sú, sem hèr er um rætt, má burt falla, og að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, herra stiptamtmaður, og yðar háæruverðugi herra, þá er þèr gjörðuð í brèfi 17. maím. f. á., um að gjöld þessi framvegis verði þannig ákveðin, að þau ekki fari fram úr 2 ríkisdölum fyrir hvern mann.

---

10. maím. **26. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu á Íslandi, um þýðing á ýmsum ákvörðunum í tilsk. 15. marzm. 1861 um vegina á Íslandi.**

Þareð þèr voruð í efa um, hvernig skilja ætti ýmsar ákvarðanir í tilskipun 15. marzm. f. á. um vegina á Íslandi, hafið þèr beðið dómsmálastjórnina að svara spurningum þeim, er nú skal greina:

1. Hvenær tilskipunin eigi að fá lagagildi.
2. Hvernig að skuli farið til að viðhalda þjóðvegum þeim, sem

nú eru, svo færir sèu, þangaðtil búið er að gjöra við þjóð- 1862.
vegina samkvæmt ákvörðunum tilskipunarinnar. 10. maím.

3. Hvernig skilja eigi ákvörðunina í 14. gr. um merki eður stalla, er setja skuli á vörður uppi á fjallvegum.
4. Hvort skoðunarmenn þeir, sem um er rætt í 15. gr., eigi að fá borgun þá, sem ákveðin er í aukatekjureglugjörð 10. septemberm. 1830, fyrir skoðunargjörð sína, og hvort sýslumaður eigi að fá slíka borgun fyrir að út nefna þá og taka eið af þeim.
5. Hvað skilja eigi við verkfæran mann í 16. grein, og hafið þèr látið það álit í ljósi, að orð þetta ætti við um sèrhvern, sem getur unnið verk eður er verkfær, og að því sèrhver karlmaður, sem getur unnið fyrir fæði sínu, og yfir höfuð að tala sèrhver karlmaður, sem er á þeim aldri, er lögin áskilja, og ekki þiggur af sveit, eigi að gjalda hálft dagsverk.
6. Hvern tíma eigi að taka til greina þegar til búin sè nafnaskrá sú yfir alla verkfæra menn í hreppnum, sem um er getið í 16. grein.
7. Hvort amtmaður eigi að gjöra reikning fyrir vegabótagjaldi því, sem um er rætt í 17. grein m. m., og hvort gjald þetta sè sameiginlegur sjóður fyrir allt amtið.
8. Hvort húsbóndi eigi ekki aðgang að hjúinu til endurgjalds, þegar hann samkvæmt ákvörðuninni í 18. grein borgar fyrir það, og ef svo er, hvort hann þá ekki megi halda fènu eptir af kaupi hjúsins.
9. Hvort sýslumaður ekki, til þess að geta haft eptirlit með aukavegunum, svo sem boðið er í 28. grein, hafi rètt til að heimta af hreppstjórunum skýrslu um það, sem unnið hefir verið að vegum þessum, er hann eigi sjálfur getur litið eptir þeim öllum, og einnig uppástungu um, hvað vinna skuli að þeim næsta sumar á eptir, og loksins reikning yfir árlegar tekjur og gjöld sveitarsjóðanna bæði í peningum og skileyri.

Um 1., 2., 3., 6. og 8. spurninguna skal skýrskotað til brèfs dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-

1862. 10. maím. umdæminu á Íslandi, sem dagsett er 28. febr. þ. á., og amtmanninum yfir vesturumdæminu var sent eptirrit af; er í því brèfi skýrt frá því, er með þarf um þessi atriði; en hinum öðrum spurningum yðar skal svarað á þessa leið:

Um 4. spurn.: Þessari spurning ber að játa.

Um 5. spurn.: Við orðin: »verkfæran karlmann« í 16. grein tilskipunarinnar ber að skilja sèrhvern þann karlmann á þeim aldri, sem um er rætt, sem er fær um að vinna vanaleg vegabótastörf, hvort sem hann vinnur fyrir kaupi eður ekki, og hvort sem hann þiggur af sveit eður ekki; smbr. orðin: „í hverri stöðu sem hann er“.

Um 7. spurn.: Þó vegabótagjaldinu ekki sè safnað í einn sjóð sameiginlegan fyrir allt amtið, heldur sè það geymt hjá hverjum sýslumanni, þá er það þó að því leyti heild út af fyrir sig, að verja á því öllu til samans til þjóðveganna í amtinu, en ekki sèrstaklega til þjóðveganna í hverri sýslu fyrir sig, því sem þar er goldið; smbr. áður greint brèf dómsmálastjórnarinnar 28. febr. f. á. (um 3. spnrn.). Eptir því, hvernig málefni þessu hefir verið skipað, þarf ekki amtmaður að gjöra reikning fyrir vegabótagjaldinu, með því sýslumenn eiga að gjöra skil fyrir því, hvernig gjaldi þessu hafi verið varið.

Um 9. spurn.: Þó eigi sè það með berum orðum ákveðið í tilskipuninni, er það þó vitaskuld, að sýslumaður hefir rètt til að heimta af hreppstjórunum skýrslu um það, sem unnið hefir verið að aukavegunum; en hvað snertir hitt, er þèr hafið um spurt, þá skal skýrskotað til fyrnefnds brèfs dómsmálastjórnarinnar 28. febrúarm. þ. á., en eptir því, sem þar er frá skýrt, er svarið neitandi.

---

10. maím. **27. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um lán handa Reykjavíkur bæjarsjóð.**

Með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, 7. marzm. þ. á. hefir dómsmálastjórninni borizt bænarskrá frá bæjarstjórninni í

Reykjavík, um að hún fái leyfi til að taka 400 ríkisdala lán til þess að endurbæta og auka slökkvitól bæjarins. Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það hlutaðeigendum, að dómsmálastjórnin leyfir, að bæjarsjóðurinn fái 400 rd. lán af eptirstöðvum hafnarsjóðs Reykjavíkur kaupstaðar, svo framarlega sem hafnarnefndinni ekki virðist vera neitt því til fyrirstöðu, með þeim skilmála, að goldnir verði af láni þessu 4 af hundraði á ári í vöxtu, og að það verði endurgoldið á 12 árum í röð, og nokkuð borgað á hverju ári. 1862. 10. maím.

---

28. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um hinn lærða skóla. 22. maím.

Það er kunnugt yður, herra stiptamtmaður, og yður háæruverðugi herra, að hið síðasta alþingi hefir sent stjórninni þegnlega bænarskrá um ýmsar breytingar og endurbætur á hinum lærða skóla í Reykjavík, og í henni meðal annars farið fram á, að skipuð verði nefnd manna, einkum kennslufróðra, til að semja nýja reglugjörð fyrir skólann samkvæmt uppástungum þingsins í máli þessa undir stafl. A.

Til þess nú að fara eptir ósk þingsins á þann hátt, sem virðist vera hagfelldastur, þegar litið er á öll atvik, sem fyrir hendi eru, skorar þess vegna stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að þér hlutist til um, að fimm kennslufróðir menn, þar á meðal skólameistari hins lærða skóla og forstöðumaður prestaskólans, gangi í nefnd til að íhuga málefni þetta, og semja síðan álitsskjal um það og uppástungur um, hvernig því skuli skipað.

Sumpart til leiðbeiningar fyrir nefnd þessa, og sumpart af því stjórnarráðið fýsir að heyra álit nefndarinnar um ýms atriði í málinu, sem komið hafa til athugunar við meðferð þess hjá stjórnarráðinu, hefir kirkju- og kennslustjórninni þótt rèttast að lýsa yfir áliti sínu um málið svona til bráðabirgða, þó því sè enn ekki lengra komið, og skal þá rætt um uppástungurnar í sömu röð og alþingi hefir við haft í bænarskránni, en bænar-

1862. skráin fylgir með brèfi þessu, bæði frumrit hennar og staðfest
22. maím. dönsk þýðing, til þess nefndin geti haft hliðsjón af henni.

Þar sem nú alþingi undir stafl. A, 1. tölul., hefir beðið um, að inntökupróf það, sem verið hefir, falli burt sem skilyrði fyrir inntöku í skólann, þá verður stjórnarráðið reyndar að vera á því, að inntaka í skólann, eigi síður á Íslandi en annarstaðar, verði að vera bundin því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi staðizt hið fyrirskipaða próf; en bæði er það, að þetta próf af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í bænarskránni, ætti að vera svo yfirgripslítið, sem framast má, og svo virðist stjórnarráðinu einnig eiga að íhuga það atriði, hvort ekki muni ástæða til, sökum öldungis sèrstaklegs ásigkomulags á Íslandi, að leyfa, að skólapiltaefni, er ekki hafa staðizt inntökuprófið, þegar foreldrar eða aðrir, sem að þeim standa, æskja þess, sèu teknir inn í skólann til reynslu eitt ár sem auka-sveinar, þannig að þeir fari úr skóla aptur, ef sú verður raun á, að þeir ekki sèu orðnir færir um að nota sèr kennsluna í skólanum, þrátt fyrir það þó þeir sèu búnir að fá tilsögn þar í eitt ár. Viðvíkjandi þessu niðurlagsatriði í bænarskrá þingsins verður stjórnarráðið annars að biðja um, að sèr verði send skýrsla um, hvernig reitt hefir af inntökuprófi því, sem haldið hefir verið á ári hverju síðan hin nýja skólareglugjörð fekk gildi; því um þetta er engin skýrsla í málinu, og eigi hefir heldur af skólaskýrslum þeim, er árlega koma á prent, orðið sèð neitt um þetta atriði, sem þó verður að ráða miklu um, hvað gjört verði við þessa uppástungu.

Frá stjórnarráðsins hálfu er ekkert verulegt því til fyrirstöðu, að fallizt verði á uppástungur alþingis í 2. og 3. tölul. undir stafl. A; þó væri ef til vill rèttast að aðhyllast uppástungu þá, sem fram kom á þinginu um, að skólaárið skuli enda 15. dag júnímánaðar í staðinn fyrir 1. dag í þeim mánuði; því með þessari breyting á skólaárinu yrði að mestu bætt úr því, sem þingið hefir talið sem ástæður fyrir uppástungu sinni (tölul. 3.).

Uppástunga þingsins í 4. tölul. undir stafl. A um breyting á tilhögun á kennslunni, er svo mikils varðandi, að stjórnarráðið verður að æskja þess, að nefndin íhugi þetta atriði ítar-

lega; ef til vill væri og ástæða til að láta það koma til umræðu á kennarafundi, er ætti að segja um það álit sitt og senda síðan nefndinni henni til leiðbeiningar, og til þess hún gæti íhugað það enn ítarlegar. 1862. 22. maim.

Þar sem alþingi í 5. tölul. undir stafl. A hefir óskað þess, að hafðar sèu íslenzkar kennslubækur í skólanum, þá hefir stjórnarráðið í hyggju að uppfylla þessa ósk þingsins; þó skal þess getið, að ekki virðist nauðsyn á að nýjar kennslubækur sèu samdar á íslenzku, heldur virðist mega koma fram því, sem til er ætlazt, á þann hátt, að snúið sè á íslenzka tungu hentugum dönskum kennslubókum. En stjórnarráðið æskir að heyra álit nefndarinnar sèrstaklega um það atriði, hve yfirgripsmikil sú ráðstöfun ætti að vera, sem gjörð yrði í þessu efni, og um það, hverjum kennslubókum mönnum litist eiga að snúa á íslenzku, og hverjar bækur ætti að semja á íslenzku af nýju.

Um uppástungu þingsins í 6. tölulið undir stafl. A, skal þess getið, að þegar litið er á það samband, sem ætla má að eigi sèr stað milli lærisveinanna og kennaranna við skólann, þá virðist betra að fela einhverjum kennaranna, sem hefir til að bera þá hæfilegleika er til þess þurfa, á hendur fyrir hæfilega borgun umsjónarmannsembætti það, sem stungið er upp á, heldur en að setja sèrstakan umsjónarmann, er ekki einnig hafi á hendi kennara embætti við skólann.

Að því, er snertir hinar uppástungurnar undir stafl. A, þá hefir stjórnarráðið ekkert verulegt móti þeim, sem gjörðar eru í 7. og 8. tölulið; þar á móti verður ekki annað en dreginn mjög mikill efi á, að unnt sè, svo sem farið er fram á í 9. tölulið, að útvega skólanum fleiri ölmusur, með því hann nú þegar hefir svo afarmikil hlynnindi, ekki einungis í samanburði við tölu lærisveina, heldur og í samanburði við það, sem fyrrum átti sèr stað (í Skálholti og á Hólum og síðar á Bessastöðum). Það má ætla, að það nú þegar sè venja, að piltum, sem ekki eiga heima í Reykjavík (10. tölul.), sèu veittar ölmusur fremur en þeim piltum, sem þar eiga heima, og ákvörðun um þetta efni virðist því ekki vera nauðsynleg.

Þar sem alþingi loks undir stafl. C hefir stungið upp á,

1862. 22. maím. að innleiða á Íslandi fyrst um sinn á ný útskript úr heimaskóla með nokkrum nákvæmari takmörkunum, þá skal þess getið, að leyfi til að útskrifa úr heimaskóla, smbr. kans.br. 2. okt. 1830 og kennslureglugjörð 30. maím. 1846, 21. grein, smbr. reglugjörð 11. febrúarm. 1848 4. gr. 1. tölul., aldrei hefir verið úr lögum numið, með því þeir, er hafa notið heimakennslu, og hafa gengið undir hið árlega burtfararpróf við skólann og staðizt það, eiga sama kost á að verða borgarar við háskólann eins og þeir, sem eru útskrifaðir úr skólanum, og eins til að komast á menntunarstofnunina fyrir prestaefni á Íslandi.

Þó nú stjórnarráðið ekki sè því mótfallið, að láta fleiri en þá, sem tekið hafa embættispróf í guðfræði við háskólann, hafa rètt til að útskrifa pilta, getur það á hinn bóginn með engu móti fallizt á, að sleppt sè þeirri kröfu, að þeir, sem útskrifaðir eru úr heimaskóla, gangi undir próf við hinn lærða skóla. Hvað þá snertir, er koma til háskólans, er þetta og óumflýjanlegt skilyrði fyrir því, að þeir geti orðið aðnjótandi þeirra hlynninda, sem borgurum háskólans er heitið, smbr. reglug. 11. febrúarm. 1848, 4. gr. 1. tölul. Það lítur einnig svo út, þó það enganveginn sè ljóst af ástæðunum fyrir uppástungu alþingis, að þingið með uppástungu þessari einkum hafi haft hliðsjón til þeirra, er ætla að halda áfram menntaiðkunum sínum við prestaskólann í Reykjavík; en jafnvel að því, er þá snertir, virðist óráðlegt að sleppa prófinu, einkum af því stjórnarráðið ekki fær sèð, að aðferð sú, sem alþingi hefir bent á undir stafl. C e, að við skyldi hafa, veiti neina verulega trygging móti þeirri misbrúkun, sem reynslan hefir sýnt fram á, að útskript úr heimaskóla hefir í för með sèr.

En á hinn bóginn kynni, ef til vill, vera ástæða til að lètta prófið nokkuð fyrir þessa menn, t. a. m. með því að fría þá stundum við að ganga undir próf í vissum kennslugreinum, þegar sèrstaklega væri um það sótt. Verið getur og, að gjörandi væri að skipta prófinu á þann hátt, að þeir, sem þess æsktu, fengju að ganga undir próf og ljúka því í vissum kennslugreinum, svo að kennslu í þeim greinum væri álitið að vera lokið, en þar á móti skyldu hlutaðeigendur með tveggja ára lestri í

skólanum í nokkurskonar efsta bekk búa sig undir próf í hinum kennslugreinunum. Með þessari skipting er vonandi, að það áynnist, að heimakennsla í landinu tæki framförum, með því ætla má, að aðalástæðan til þess, að sú kennsla svo mjög hefir minnkað, sè sú, að hinir eldri menntamenn ekki sjái sig færa um að kenna þær vísindagreinir, sem tekið er að kenna í hinum lærðu skólum, eptir að sú breyting er komin á, sem orðið hefir á síðari tímum á tilhögun skóla þessara, eður sem nú eru kenndar þar eptir miklu stærri mælikvarða en fyrrum. Þegar menn hefðu sèr þetta hugfast, væri ef til vill ástæða til að skipta prófinu á þann hátt, að hlutaðeigendur aðeins þyrftu að ganga undir próf i íslenzkn, latínu, grísku, trúarfræði og sagnafræði, og gætu þar á eptir notað sèr skólann til að afla sèr þekkingar í dönsku, þýzku, landafræði, rúmmálsfræði og eðlisfræði. 1862. 22. maím.

Stjórnarráðið óskar að störfum nefndarinnar verði flýtt svo sem kostur er á, og að skjöl þau, er hún semur, verði síðan hingað send með áliti yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, og um leið verði aptur send fylgiskjöl brèfs þessa.

---

29. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp Guðrúnar Magnúsdóttur. 26. maím.

Eptir að dómsmálastjórnin með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 22. febrúarm. þ. á. er búin að fá eptirrit af rèttarprófi því, er hún bað um 31. októberm. f. á. til upplýsingar um, hvar geðveik kona, Guðrún Magnúsdóttir, hefir dvalið síðan hjónaband hennar og Arngríms Halldórssonar, fyrrum prests til Saurbæjar í Strandarhrepp í Borgarfjarðarsýslu, var numið úr gildi að fullu og öllu með konunglegu leyfisbrèfi 18. desemberm. 1845, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr auglýsið það þeim, er hlut eiga að máli, að með því það eptir skýrslum þeim, sem nú eru fengnar í máli þessu, er

1862. 26. maím. vafalaust, að Guðrún þessi Magnúsdóttir hefir átt dvöl í Ölfushrepp í Árnessýslu árin frá 1846 til 1858, en þetta síðast nefnda árið fekk hún í fyrsta skipti sveitarstyrk, og með því það atvik, að hún, eptir því sem frá er skýrt, hefir verið geðveik, ekki getur verið því til tálmunar, að hún með dvöl sinni í einni sveit geti orðið þar hrepplæg, ef önnur skilyrði fyrir því eiga sèr stað, þá ber nú að álíta hana sveitlæga í Ölfushrepp, og úrskurður amtmannsins yfir suðurumdæminu, dags. 10. októberm. 1856, sem ákveður að hún sè sveitlæg í Strandarhrepp í Borgarfjarðarsýslu, getur ekki komið til greina á móti þessu, þó ekki væri af öðru, þá þess vegna, að hann var upp kveðinn áður en hún var orðin þurfandi sveitarstyrks.

---

26. maím. **30. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp Jóns Gissurssonar.**

Með brèfi 6. desemberm. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent dómsmálastjórninni skjal nokkurt; í því áfrýja hreppstjórarnir í Biskupstungna hrepp úrskurði yðar 16. marzm. 1860 um framfærsluhrepp Jóns nokkurs Gissurssonar. Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr kunngjörið það þeim, er hlut eiga að máli, að úrslit þau, er málið hefir þegar fengið við úrskurð yðar, eiga óbreytt að standa, og eptir þeim er Jón Gissursson sveitlægur í Biskupstungna hrepp.

---

26. maím. **31. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skyldu kandídata frá prestaskólanum í Reykjavík til að taka á móti fátækum brauðum.**

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum 17. dag þ. m. allramildilegast þóknazt að fallast á:

„að þeim kandídötum, sem lokið hafa prófi við prestaskólann 1862.
í Reykjavík, og notið hafa styrks úr almennum sjóði til 26. maím.
menntaiðkana sinna við skóla þenna, verði gjört að skyldu að verða prestar á fátækum brauðum á Íslandi, sem enginn sækir um, er hæfilegur sè til að fá þau; en aptur á móti megi þeir eiga von á að koma öðrum fremur til greina til að fá betra brauð, eptir að þeir eru búnir að þjóna fátæku brauði hæfilega langan tíma; en færist þeir undan að þiggja slíkt brauð, borgi þeir tafarlaust aptur styrk þann, er þeir hafa fengið".

Um leið og þetta skal kunngjört yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar, í sambandi við brèf stjórnarráðsins dags. 9. f. m., skorar kirkju- og kennslustjórnin á yður að annast um, að efni ofangreinds konungsúrskurðar verði almenningi kunnugt, og að þegar ölmusunum við prestaskólann í Reykjavík er útbýtt, verði hlutaðeigendur með berum orðum minntir á, að þeir með því að þiggja styrk þenna gangist undir skyldu þá, sem um er rætt í ofangreindum úrskurði.

---

32. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um rekapart á Grjótnesi. 30. maim.

Eptir að dómsmálastjórnin er búin að fá í brèfi yðar, herra amtmaður, 18. febrúarm. þ. á. skýrslu um trjáreka fyrir Grjótnes landi, sem Munkaþverárklaustur á eptir Sigurðarregistri og eldri máldögum, skal yður til vitundar gefið, að stjórnarráðinu ekki þykir vera ástæða til, nú sem stendur, að selja trjáreka þenna fyrir verð það, sem hefir verið fyrir hann boðið; þar á móti biður stjórnarráðið yður um að sæta lagi til að fá rekann leigðan út, eða láta bjóða hann til leigu við opinbert uppboð.

1862. 31. maím.

33. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán handa bæjarsjóðnum í Reykjavík.

Með brèfi 9. aprílm. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent dómsmálastjórninni bænarskrá frá bæjarstjórninni í Reykjavíkur kaupstað; er þar beðið um, að bænum verði veitt úr ríkissjóði 1600 rdl. lán rentulaust, til þess að bæta og gjöra við hús það, er gefið hefir verið til hins nýja barnaskóla í Reykjavík, en af láni þessu skyldi endurgoldið 5 eða 6 af hundraði á ári, eður, ef lánið geti eigi nú þegar orðið veitt leigulaust, að það þá verði veitt með þeim kjörum, að goldið sè í vöxtu af höfuðstólnum og til endurgjalds láninu 6 af hundraði á ári, þangað til málið yrði borið undir ríkisþingið, og úrskurður þess fenginn um, hvort veita mætti lánið leigulaust.

Í þessu efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr auglýsið það, að að því leyti sem í bænarskránni er farið fram á, að Reykjavíkur bær fái lán úr ríkissjóði, þá verður þetta eigi veitt, en þar á móti leggur stjórnarráðið, eptir því sem ástatt er, samþykki sitt á, að bærinn megi taka lán, svo stórt sem fyr er getið, þar sem slíkt lán er að fá, uppá þá skilmála, að greiddir sèu af því vextir og það aptur borgað á þann hátt, sem að ofan er getið.

---

31. maím.

34. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lækkun á afgjaldi af jörðinni Eystri-Dalbæ.

Í brèfi 10. desemberm. f. á. hafi þèr, herra stiptamtmaður, stungið upp á, að ábúandinn á Eystri-Dalbæ, sem er ein af jörðum Kirkjubæjar klausturs, fái linun í landskuldargjaldi af jörð þessari um 3 ár hin næstkomandi, þannig, að afgjald þetta sè lækkað um 10 álnir á ári, skuli 5 álnir þar af reiknaðar eptir meðalverði verðlagsskrár á ull, en 5 álnir á 8 skildinga hver alin; en til þess er talin sú ástæða, að á landi jarðarinn-

ar hafi orðið skemmdir miklar af sandfoki 3 síðustu árin, einkum veturinn 1860—61. 1862. 31. maím.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það þeim, er hlut eiga að máli, að stjórnarráðið, eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um atvik málsins, fellst á þá uppástungu yðar, er nú var getið.

---

35. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um aðgjörð á stólum í Bessastaða-kirkju. 2. júním.

Eptir að dómsmálastjórnin nú er búin að fá áætlun þá, er fylgdi brèfi yðar, herra stiptamtmaður, dags. 5. f. m., um það, hvað mikið fè muni þurfa til aðgjörðar á stólunum í Bessastaða kirkju, þá skal yður nú til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr gætið þess, er með þarf í því efni, að frá hálfu dómsmálastjórnarinnar er ekkert því til fyrirstöðu, að varið sè í þessum tilgangi hèr um bil 100 rdl. af þeim 4000 rdl., sem til eru færðir í fjárhagslögum þessa árs, 9. gr. G. c, og skal yður hèr með veitt vald til að ávísa síðan fè þessu úr jarðabókarsjóði Íslands þegar verkið er búið.

---

36. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir afgreiðslu pósts í Skaptafells sýslu. 2. júním.

Í bænarskrá þeirri, er hingað kom með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 24. febrúarm. þ. á. hefir Gísli Thórarensen, prestur til Dyrhóla og Sólheima prestakalls í Skaptafellssýslu, sótt um að fá árlega þóknun fyrir afgreiðslu suðurlandspóstsins, þá er hann kemur til sýslu þessarar og fer þaðan aptur, í líking við það, sem veitt er öðrum, sem hafa á hendi starfa þenna án þess hann heyri til embættisskyldu þeirra. Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr auglýsið það hlutaðeiganda, að dómsmála-

1862. 2. júním. stjórnin, eptir því sem ástatt er, ekki hefir neitt á móti því, að beiðandanum sè veitt 5 rdl. þóknun á ári í því skyni, sem að ofan er getið, og að þetta sè talið frá 1. janúarm. þ. á.

---

21. júním. **37. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um ferðastyrk handa Halldóri skólakennara Friðrikssyni til að stunda þjóðversku.**

Í framhaldi brèfs hèðan 15. febrúarmán. þ. á. skal yður til vitundar gefið, að stjórnarráðið hefir enn fremur veitt Halldóri Kr. Friðrikssyni, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, 300 ríkisdala styrk til að ferðast hèðan til Þjóðverjalands til að læra betur þýzka tungu, og að fè þetta verður borgað honum úr aðalfèhirzlu ríkisins hèr í bænum.

---

11. júlím. **38. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um sölu á Melkotstúni, er var eign Reykjavíkur bæjar.**

Dómsmálastjórnin leggur hèr með samþykki sitt á sölu þá, er fram fór 7. maím. 1860, á túni, er var eign Reykjavíkurbæjar, til Bernhöfts bakara í Reykjavík með þeim kjörum, sem tilgreind eru í uppboðsskilmálum þeim, er hingað voru sendir með brèfi 26. aprílm. þ. á. Þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess þèr auglýsið það, svo sem þörf er á[1].

---

1) Uppboðsskilmálar þeir, sem getið er í brèfi þessu, eru þannig hljóðandi:

»Skilmálar
fyrir sölunni á Melkotstúninu 7. maím. 1860.

„1. Túnið selst með áskildu samþykki stjórnarinnar til full-
„kominnar eignar og frjálsra umráða gegn ævarandi ársgjaldi til
„Reykjavíkur bæjarsjóðs í álnatali, sem borgist í peningum eptir
„hvers árs verðlagsskrár meðalverði allra meðalverða, sem gildir
„í gjalddaga.

39. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um danska þýðing á rèttarprófi.

1862. 11. júlím.

Í brèfi 3. marzm. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, spurt

„2. Ef þörf skyldi verða á fyrir Reykjavíkurbæ að láta út „vísa byggingarstæði á því selda túni, skal eigandi skyldur að sleppa „svo miklu af því, sem þarf, mót afslætti í afgjaldinu eptir óvil- „hallra manna mati, en byggingarnefndin skal skera úr, hvort þörf „sè á slíkri útvísun á túninu, og hvað mikið skuli af því taka í „hvert skipti.

„3. Reykjavíkur bæ áskilst forkaupsrèttur að túninu í hvert „skipti, er eigandi þess vill selja öðrum það.

„4. Undan kaupinu er áskilið, og fylgir ekki með í sölunni, „lóð sú, sem eiganda bæjarins Melkots er út mæld, samkvæmt „útmæling 21. júním. 1839, 20 álnir frá vestri til austurs og 70 „álnir frá suðri til norðurs; svo skal og sá, sem býr í bænum „Melkoti, hafa frían gang að vatnsbólinu (lindinni) þar fyrir neðan „og afnot þess; svo er og undan skilið trèhlið það og trègirðingar, „sem nú eru kring um túnið, sem tilheyrir hinum fyrri leigulíða, „og heflr hann rètt til að taka það burtu, nema öðruvísi semjist „við kaupandann.

„5. Ársgjaldið greiðist til bæjarsjóðsins innan útgöngu árs- „ins fyrir hvert ár, í fyrsta skipti fyrir árið 1860, innan næstkom- „andi nýjárs. Reykjavíkur bæjarsjóður á sama rètt til áfallinnar „leigu eður ársgjalds eins og landsdrottinn að lögum á til afgjalds „af jörð sinni, og hvílir gjaldið á túninu sem stöðug eignarbyrði; „hafi eigandi ekki greitt ársgjaldið innan marzmánaðar loka fyrir „hið umliðna ár, fellur túnið til baka til bæjarsjóðsins, án þess að „kaupandi hafi rètt til endurgjalds fyrir verð þess, og skal kaup- „andi skyldur að hirða og rækta hið selda tún, svo að það sè „nægilegt veð fyrir afgjaldinu; svo skal hann og skyldur að leita „samþykkis bæjarstjórnarinnar ef hann vill nota sèr það öðruvísi „en rækta það sem tún; gjöri hann það ekki, fellur bletturinn apt- „ur til bæjarins án endurgjalds.

„6. Hvort hæsta boð verði samþykkt er komið undir því, „hvort bæjarstjórninni lizt að leita samþykkis stjórnarinnar þar um, „og stjórnin veitir slíkt samþykki. Verði hæsta boð ekki sam- „þykkt til fullkominnar eignar og umráða, gildir það þó fyrir leigu „á túninu frá uppboðsdegi til næstu fardaga eptir að hæstbjóðanda „er gjörð vísbending þar um, en verði það samþykkt til eignar, „er eignar- og umráðarètt hans að telja frá uppboðsdegi.

„7. Kaupandi skal skyldur að gjalda alþingistoll og öll önnur

1862. 11. júlím. um, hvort þèr megið greiða úr jafnaðarsjóði vesturumdæmisins borgun þá, að upphæð 3 rdl. 48 sk., sem Jón Thóroddsen, fyrrum sýslumaður í Barðastrandarsýslu, nú í Borgarfjarðarsýslu, hefir krafizt fyrir það, að hann hafði snúið á dönsku eptir fyrirmælum amtsins rèttarprófi, er áður hafði verið hingað sent, um sjálfsmorð það, er Ólafur Ólafsson á Kvíendisdal framdi árið 1859; svo hafið þèr og spurt um, hvort það sè amtmaður eður sýslumaður, sem, þegar svona stendur á, sè skyldur til að láta slíkar þýðingar af hendi ókeypis, ef ekki megi borga þær úr jafnaðarsjóðnum.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það Jóni sýslumanni Thóroddsen, að honum ber ekki nein borgun fyrir þýðing þá, sem hèr er um rætt, með því svo ber að álíta, að það sè embættisskylda sýslumanna, þegar eins er ástatt og hèr, og amtmaður æskir þess, að annast um danska þýðing á skjölunum, án þess þeir fái nokkra borgun fyrir.

Þar sem sjá má af brèfi amtsins 28. febrúarm. þ. á., að Thoroddsen sýslumanni 21. desemberm. 1859 hefir verið boðið að þýða á danska tungu próf það, sem áður er getið, en að hann eigi hefir sent amtmanni þýðinguna fyrri en með brèfi dags. 2. janúarm. síðast liðna (2. janúarm. 1862) og að hann þannig hefir haft hèr um bil 2 ár til þessa lítilfjörlega starfa, þá eruð þèr beðnir að gefa honum áminning fyrir ótilhlýðilegan drátt hans á máli þessu.

---

11. júlím. **40. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa dannebrogsmanni.**

Stjórn hinna konunglegu heiðursmerkja hefir skýrt dómsmálastjórninni frá, að hans hátign konungurinn hafi með allra-

„gjöld, sem eptir nú gildandi eða seinna lögleiddum lögum hvíla „eða verða lögð á fasteignir í landinu“.

Síðan segir í uppboðsgjörðinni, að uppboð hafi farið fram, og að bakarameistari D. Bernhöft i Reykjavík hafi orðið hæstbjóðandi, en boð hans hafi verið 110 álnir; hafi hann fengið hamarshögg upp á væntanlegt samþykki samkvæmt skilmálunum.

hæstum úrskurði 10. f. m. veitt Sigurði Helgasyni, fyrrum hreppstjóra, á Fitjum í suðurumdæminu á Íslandi, 50 ríkisdala árgjald úr styrktarsjóði dannebrogsmanna, frá því 1. júlím. 1861, og skuli fé þetta greitt úr jarðabókarsjóði Íslands, helmingur upphæðar þessarar á hverju missiri. 1862. 11. júlím.

Þetta eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir að láta kunngjöra hlutaðeiganda.

---

41. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun prentunarkostnaðar fyrir alþingistíðindi. 11. júlím.

Eptir að komnar eru hingað með brèfi yðar, 29. aprílm. þ. á., ítarlegri skýrslur, er stjórnarráðið hafði beðið um, viðvíkjandi prentun alþingistíðindanna 1859, eruð þér, herra stiptamtmaður, um leið og yður nú skal sent brèf dagsett 30. s. m., er hingað hefir komið frá forseta á alþingi árin 1859 og 1861, Jóni Guðmundssyni, settum málaflutningsmanni við landsyfirrèttinn, viðvíkjandi borgun þeirra 200 ríkisdala, sem enn standa eptir af reikningi prentsmiðjunnar fyrir prentun tíðindanna, beðnir um að fá beina uppástungu Jóns Guðmundssonar um, hvernig mál þetta skuli útkljáð, og bera síðan uppástungu þessa undir álit stjórnenda prentsmiðjunnar, og geti þá ekki komizt á neinn samningur millum þeirra og alþingisforsetans, að leggja þá málið á ný fyrir stjórnarráðið, ásamt áliti yðar um það; komist samningur á, vonast stjórnarráðið eptir að fá vísbending um það.

Fylgiskjölin eruð þér beðnir að senda aptur.

---

42. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um laun organistans við dómkirkjuna í Reykjavík. 11. júlím.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, síðast í brèfi 16. marzm. þ. á., borið undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar spurning um borgun þeirrar launaviðbótar framvegis, sem bæði í fyrra og núna

1862. 11. júlím. þetta árið hefir veitt verið organistanum við dómkirkjuna í Reykjavík af þeim tveim sveitarfèlögum, er heyra til safnaðar dómkirkjunnar. Um þetta efni skal yður nú kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið ekki sèr sèr fært að fá því til leiðar komið, að launaviðbót þessi sè greidd af efnum dómkirkjunnar, eður úr ríkissjóði, og með því bæjarstjórnin í Reykjavík hefir færzt undan að greiða framvegis gjald þetta, þá virðist ekki eptir atvikum málsins vera næg ástæða til að leggja samþykki á hina fyrri uppástungu bæjarstjórnarinnar 29. nóvemberm. 1860, en eptir þeirri uppástungu átti bærinn og hreppur sá, er heyrir til safnaðarins, í sameining að greiða launaviðbót þessa, með þeim skilmálum, sem nákvæmar voru til teknir.

---

11. júlím. **43. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um danska þýðing alþingistíðindanna.**

Með brèfi yðar 3. maím. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal frá forseta hins síðasta alþingis, Jóni Guðmundssyni, settum málaflutningsmanni við landsyfirrèttinn; fer hann þess á leit, að hin danska þýðing alþingistíðindanna árið 1861 megi burt falla, eður að frestað verði að skera úr um borgunina fyrir þýðing þessa fyrir fullt og allt þangaðtil konungur sè búinn að leggja allrahæstan úrskurð á þegnlega bænarskrá alþingis 23. júlím. 1861, eður að minnsta kosti þangað til málið í heild sinni verði borið undir álit og úrskurð alþingis, þess er haldið verður árið 1863; en til vara hefir hann farið fram á, að hætt verði við þýðinguna sè hún ekki nú þegar búin, nema svo sè, að þýðingin fáist hèr í bænum fyrir 3 eður 4 marka borgun fyrir hverja örk af hinu íslenzka eptirriti.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr kunngjörið það hlutaðeiganda, að úrskurður sá, sem dómsmálastjórnin hefir lagt á málefni þetta í brèfi til stiptamtmanns 22. janúarm. þ. á.[1] verður að standa

1) Brèf þetta er prentað hèr á eptir í viðbæti við árið 1862.

óbreyttur, og skal því við bætt, að hver örk af hinni dönsku þýðing alþingistíðindanna, sem búin er til hèr í bænum, er borguð 48 skildingum. 1862. 11. júlím.

---

44. Brèf dómsmálastjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um ríkisskuldabrèf, er almennar stofnanir eiga. 11. júlím.

Í brèfi 29. aprílm. þ. á. hafið þèr, háæruverðugi herra, beðið um tilstyrk hinnar íslenzku stjórnardeildar til þess, að ritað verði á tvö óuppsegjanleg konungleg skuldabrèf, er þèr hafið keypt fyrir fè Kaldaðarnes spítala, að þau sèu eign spítala þessa, og til þess, að um þetta verði gjörð athugasemd í bókum fjárstjórnarinnar, en skuldabrèf þessi, sem nú hljóða upp á þann, er þau hefir í höndum, eru:

Prise-Obligation (herfangs-skuldabrèf) nr. 8506, dagsett 25. janúarm. 1812, að upphæð . . . 1000 rdl.

og Statsgjælds-Obligation (ríkisskuldabrèf) nr. 10831, dagsett 11. ágústm. 1813, að upphæð 1000 rdl.

Með því það og opt geti við borið, að þèr, sem forstöðumaður ýmsra almennra stofnana, sèuð neyddir til að kaupa slík skuldabrèf, ef þèr eigið að geta ávaxtað fè stofnananna, þá hafið þèr þar að auki beðið um að fá vísbending um, hvernig slík skuldabrèf verði keypt og geti fengizt rituð í bækur fjárstjórnarinnar, án þess þèr sem reikningshaldari hafið nokkra ábyrgð af því.

Um þetta efni skal yður kunngjört, að hin almenna regla verður að vera sú, þegar kaupa skal óuppsegjanleg konungleg skuldabrèf fyrir fè opinberra stofnana, að hlutaðeigandi reikningshaldari borgar fèð inn í jarðabókarsjóð Íslands fyrir stofnun þá, er það á, með því skilyrði, að jafnmikið fè verði borgað aptur út úr ríkisfèhirzlunni hèr í bænum, til þess að fyrir þetta fè verði keypt hèr konungleg skuldabrèf, og síðan ritað í bækur fjárstjórnarinnar, að sú eður sú almenn stofnun sè eigandi þeirra. En hvað snertir þau tvö skuldabrèf, sem að ofan eru nefnd, þá skal þess getið, að ef þèr ekki heldur viljið selja þau

1862. 11. júlím. á Íslandi og borga síðan andvirði þeirra inn í jarðabókarsjóðinn svo sem fyr er sagt, þá má senda þau hingað til þess þau verði rituð í bækur fjárstjórnarinnar; en þess ber að gæta, að skuldabréfin sèu send stiptamtinu og að það sendi þau svo hingað, með þeim ummælum, sem þörf er á í þessu efni.

---

11. ágústm. **45. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um rètt forstöðumanns prentsmiðjunnar til borgunar fyrir eptirlit með aukavinnu.**

Samkvæmt úrskurði, er lagður hefir verið á 4. athugagrein við reikning yfir tekjur og gjöld stiptsprentsmiðjunnar árið 1857, hefir verið borið undir úrlausn stjórnarráðsins það atriði, að í reikningi þessum er talið með gjöldum 7 rd. sem borgun til forstöðumanns prentsmiðjunnar fyrir eptirlit hans með þeim verkum, er vinnumenn hennar unnu fyrir hana í frítímum sínum um það leyti alþingi var haldið árið 1857.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr kunngjörið það forstöðumanni prentsmiðjunnar, Einari Þórðarsyni, að stjórnarráðið ekki getur fallizt á, að gjald þetta sè látið lenda á sjóði prentsmiðjunnar.

---

25. ágústm. **46. Auglýsing um að skip, sem eiga heima í konungsríkinu Spáni og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sèu undanþegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konunglegum úrskurði 1. aprílm. 1856.**

Eptir samningi, sem gjörður hefir verið milli konungsríkisins Danmerkur og konungsríkisins Spánar, eru þau skip, sem eiga heima í síðarnefndu konungsríki og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, undanþegin að greiða 2 rd. aukagjald það af

hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konunglegum úr- 1862.
skurði 1. aprílm. 1856, sem birtur er með auglýsing frá stjórn 25. ágústm.
dómsmálanna, dagsettri 2. dag sama mánaðar.

Þetta gefst hèrmeð öllum hlutaðeigendum til vitundar.

---

47. Opið brèf, er löggildir á Íslandi lög 21. janúarmánaðar 1857, um hegning fyrir illa meðferð á skepnum. 29. ágústm.

Vèr Friðrik hinn sjöundi, og s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs um að löggilda á Íslandi lög 21. janúarmánaðar 1857, um hegning fyrir illa meðferð á skepnum, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Hver sem verður sekur að grimmdarlegri misþyrming á skepnum, einkum húsdýrum, eður að annari harðýðgisfullri og miskunarlausri meðferð á þeim, hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður ekki, á, eptir málavöxtum og eptir því, hvort brotið er framið í fyrsta skipti eður ítrekað, að sektast allt að 50 ríkisdölum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður[1].

Samkvæmt konungsúrskurði 4. janúarm. 1861 var lagt fyrir alþingi árið 1861 frumvarp til opins brèfs, er löggildir á Íslandi lög 21. janúarm. 1857 um hegning fyrir illa meðferð á skepnum; frumvarp þetta, sem ásamt ástæðunum fyrir því er prentað í alþingistíðindunum 1861, viðbæti A, 142.—144. bls., er þannig hljóðandi:

„Hver sem verður sekur að grimmdarlegri misþyrming á

1) Mál þetta var í fyrsta skipti rætt á alþingi 1859; sjá bænarskrá alþingis í alþ.tíð. þess árs 923. bls. og konunglega auglýsing til alþingis 1. júnim. 1861, II. 16.

1862. 29. ágústm.

skepnum, einkum húsdýrum, eður að annari harðýðgisfullri og miskunarlausri meðferð á þeim, hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður annara, á, eptir málavöxtum og eptir því, hvort brotið er framið í fyrsta skipti eður ítrekað, að sektast allt að 50 ríkisdölum, eður sæta líkamlegri hegning, allt að 20 vandarhöggum".

Eptir að þingið var búið að ræða málið á löglegan hátt, var samið um það og sent stjórninni þegnlegt álitsskjal, sem prentað er í alþingistíðindunum 1861, 498.—500. bls. Í álitsskjali þessu fer þingið fram á, að á frumvarpinu verði gjörðar þær breytingar, að út megi koma lagaboð, þannig hljóðandi:

„Tilskipun um illa meðferð á skepnum á Íslandi.

1. gr. Hver sem verður sekur að grimmdarfullri misþyrming á skepnum, einkum húsdýrum, eður að annari harðýðgisfullri og miskunarlausri meðferð á þeim, hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður eigi, á, eptir málavöxtum og eptir því, hvort brotið er framið í fyrsta skipti eður ítrekað, að sektast allt að 50 rdl.

2. gr. Á sama hátt skal þeim hegnt, sem með grimmdarfullri hörku drepur skepnur úr hor, þó hann eigi fóður handa þeim.

3. gr. Mál þau, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál".

Auk breytingar þeirrar, sem alþingi hefir gjört á fyrirsögn lagaboðsins, er frumvarp þingsins frábrugðið frumvarpi stjórnarinnar í því, að þingið hefir sett í frumvarp sitt tvær nýjar greinir (2. og 3. grein), og í því, að í 1. grein, sem innibindur í sér allt frumvarp stjórnarinnar, eru gjörðar tvær breytingar: er önnur sú, að sleppt er niðurlagi stjórnarfrumvarpsins: „eður sæta líkamlegri hegning allt að 20 vandarhöggum"; en hin er sú, að orðunum: „hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður annara" er breytt á þessa leið: „hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður eigi".

Hvað nú snertir breytingar þessar, þá virðist ekki vera ástæða til að fallast á þær tvær nýju greinir, er alþingi hefir stungið upp á. Hin fyrri af greinum þessum (2. grein) tekur

aðeins upp aptur þá ákvörðun, sem búið er að setja í 1. grein, um þann, sem með grimmdarfullri hörku lætur skepnur sínar drepast úr hor þó hann eigi fóður handa þeim. Þingið hefir nú sjálft játað, að frumvarp stjórnarinnar, rètt skilið, einnig nái til þessa tilfellis; en með því helzt sè að óttast fyrir, að ill meðferð á skepnum komi fyrir á Íslandi á þann hátt, að menn með grimmdarfullri hörku láti þær deyja úr hor, þá þótti þinginu nauðsyn á, að taka skýrt fram í grein sèr, að lögin nái og til slíkra brota. En sè það vafalaust, að ákvörðunin í 1. grein sè svo yfirgripsmikil, að það atriði, sem um er rætt í 2. grein, sè innibundið í henni, þá verður eigi sèð, að nauðsyn sè á að taka þetta fram í grein sèr; þess ber og að geta, að ákvörðunin er ekki nákvæm, eins og hún er orðuð í 2. grein, með því sá maður einnig á að sæta hegning, sem á grimmdarfullan hátt lætur skepnur sínar drepast úr hor, jafnvel þó hann ekki eigi fóður handa þeim. Eigi virtist heldur vera ástæða til að fallast á hina nýju greinina, er alþingi hafði stungið upp á (3. grein). Ákvörðun þessarar greinar lýtur að því, að málssóknarað ferðin í þeim málum, sem rísa út af afbrotum gegn banni því, sem lög þessi leggja við illri meðferð á skepnum, skuli vera hin sama og sú, sem við er höfð í opinberum lögreglumálum, og er fyrir þessu talin sú ástæða, að nauðsynlegt sè, að framgangsmátinn til að útkljá mál þessi verði sem allraeinfaldastur og kostnaðarminnstur; svo eigi og þessi málssóknaraðferð bezt við um þau lagabrot, sem ekki geta varðað meiri hegning en fèbótum. En þessi skoðun, sem nú var getið, er ekki rètt; því það er ekki komið undir eðli hegningarinnar, heldur undir eðli lagabrotanna, hvort fara skal með mál sem lögreglumál eður ekki, og hvað hina fyrri ástæðuna snertir, þá ber þess að gæta, að á Íslandi þarf eigi yfirvalds boð til að ákæra sakamenn, og eigi er þar heldur settur sækjandi í sakamálum í hèraði, en af þessu leiðir, að meðferð þessara mála á Íslandi í öllu verulegu er eins einföld og kostnaðarlítil eins og meðferð opinberra lögreglumála. Með því nú þessu er þannig varið, og með því ill meðferð á skepnum eigi er lögreglubrot, þá ber eigi að fara með mál um þetta efni sem opinber lögreglumál.

1862. 29. ágústm.

1862. 29. ágústm. En að því leyti snertir þær tvær breytingar, sem alþingi í 1. grein frumvarps síns hefir stungið upp á að gjörðar væru við frumvarp stjórnarinnar, þá virtist ekki vera neitt því til fyrirstöðu, að breytt væri þessari setning: „hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður annara“, á þann hátt, að hún hljóðaði þannig: „hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður eigi“. Efni greinarinnar breytist ekki við þessa orðabreyting, og það er ef til vill hagfelldara, að greinin sè orðuð á þenna hátt, því með því móti verður það skýlausara, að einnig má beita hegningunni fyrir illa meðferð á skepnum, sem enginn er eigandi að; þetta virðist og vera tilgangurinn í lögunum 21. janúarm. 1857, smbr. orðin: „einkum húsdýrum“. Vafasamara er þar á móti, hvort full ástæðu sè til að sleppa eptir uppástungu alþingis ákvörðun frumvarpsins um líkamlega hegning, er skyldi við lögð fyrir hin saknæmari af brotum þeim, sem hèr er um rætt. Þessi ákvörðun er tekin í frumvarpið eptir uppástungu alþingis, þess er haldið var 1859, og konungsfulltrúi, sem hefir lagt það til að frumvarpið skyldi gjört óbreytt að lögum, hefir getið þess viðvíkjandi þessari breyting þingsins, að þó sjaldan mundi til þess koma, að beitt yrði harðari hegning en fèbótum fyrir þess konar lagabrot, sem um er rætt í frumvarpinu, geti það samt sem áður hugsazt, og slíkt hafi jafnvel fyrir komið, að brot gegn lögunum verðskuldi líkamlega hegning, og hafi dómstólarnir einnig beitt þeirri hegning, þegar svo hefir verið ástatt. Þingið hefir nú til styrkingar þessari uppástungu sinni til fært, að því síðar hafi gefizt kostur á að kynna sèr betur hugsunarháttu manna á Íslandi um þetta efni, en eptir þeim eigi afbrot þessi ekki að geta valdið harðari hegning en sektum, og að það virðist með öllu nauðsynlegt, er setja skal ný lög um þessar yfirsjónir, að hegningin verði þannig ákveðin, að þau mál, er höfðuð verði út af afbrotum gegn lögunum, geti orðið útkljáð án þess dómur þurfi að falla í þeim, en til þess útheimtist eptir tilsk. 24. janúarm. 1838, 10. gr., að málið eigi geti leitt til harðari hegningar en fèbóta. En ástæður þessar virðast í raun og veru ónógar; og þar sem stjórninni eigi að síður þótti rèttast að fallast á uppástungu þingsins um þetta atriði, þá leiddi sú

skoðun til þess, að þó nú sem stendur ekki verði komizt hjá að við hafa vandarhaggarefsing á Íslandi á þann hátt, sem hún nú er þar fyrirskipuð, er á hinn bóginn mikil hvöt til að forðast að ákveða hegning þessa í nýjum lögum, að svo miklu leyti, sem með nokkru móti verður hjá því komizt. Um leið og þessi breyting er gjörð á frumvarpinu væri reyndar réttast að hækka hæsta stig sektanna, en þá yrði aptur að leggja fyrir alþingi frumvarp um það efni, og eptir því, sem ástatt er á Íslandi, er það nokkurnveginn við hæfi, að hæsta stig sektanna sé 50 rdl. 1862. 29. ágústm.

Að endingu skal þess getið, að ekki virðist vera ástæða til að breyta fyrirsögn lagaboðsins eptir uppástungu alþingis. Sú fyrirsögn, sem þingið stakk upp á, er í raun og veru ekki öldungis rétt, með því hún ætti þá heldur að vera; „opið brèf um hegning fyrir illa meðferð á skepnum á Íslandi“. En hagfelldara virðist að vísað sé til laganna 21. janúarm. 1857 eins og gjört er í fyrirsögninni fyrir frumvarpi stjórnarinnar, bæði af því þar með er bent til uppruna lagaboðsins, og svo vegna þess, að það form hefir verið við haft að undanförnu, þegar eitthvert lagaboð, sem út hefir komið fyrir Danmörk, hefir verið lögleitt á Íslandi án þess á því hafi verið gjörðar mjög verulegar breytingar.

---

48. Reglugjörð um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað, og um stjórn bæjarmálefna þar. 29. ágústm.

Vèr Friðrik hinn sjöundi, og s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til reglugjörðar um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað, og um stjórn bæjarmálefna þar, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Verzlunarstaðurinn Akureyri, með takmörkum þeim, sem nú eru, skal hèðan af vera bæjarfèlag og lögsagnarumdæmi sèr, og nefnast kaupstaður; þó skal hlutaðeigandi stjórnarráð eiga rètt á

1862. 29. ágústm. að leggja Oddeyri, sem svo er nefnd, undir kaupstaðinn, eptir að búið er að leita um það álits bæjarstjórnarinnar.

Bæjarfógetinn og fulltrúar kaupstaðarins skulu í sameining hafa á hendi alla stjórn þeirra bæjarmálefna, sem eigi eru undan skilin með öðrum ákvörðunum, undir tilsjón amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu og yfirstjórn hlutaðeiganda stjórnarráðs.

Sambandi því, sem verið hefir milli Akureyrar verzlunarstaðar og Hrafnagils hrepps, skal þess vegna hèreptir vera slitið, þó skal skilnaður þessi, hvað fátækramálefni snertir, fyrst eiga sèr stað svo fljótt, sem því verður við komið, eptir að búið er að birta reglugjörð þessa á báðum stöðunum.

Fè því, er Akureyrarbær og Hrafnagils hreppur eiga í sameining, og hreppsþyngslum öllum, skal svo skipt, að sami sè jöfnuður milli bæjarins og hreppsins sem á milli 4 og 5. Þessi skipti skulu gjörð af sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, öllum bæjarfulltrúunum, og jafnmörgum mönnum úr Hrafnagilshrepp, sem kosnir skulu með atkvæðafjölda á kjörfundi fyrir sýslumanni af öllum þeim búendum hreppsins, sem gjalda nokkuð til sveitar.

2. gr.

Fulltrúar kaupstaðarins Akureyrar skulu vera fimm; skulu þeir kosnir af bæjarbúum þeim, sem kosningarrètt hafa samkvæmt þessari reglugjörð.

3. gr.

Kosningarrètt hafa, með þeim undantekningum, sem gjörðar eru í 5. grein, allir fullmyndugir menn, sem ekki eru öðrum háðir sem hjú, og hafa verið búfastir í kaupstaðnum síðasta árið, þegar þeir að minnsta kosti borga 2 ríkisdali í bæjargjöld á ári.

4. gr.

Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrètt hefir eptir næstu grein á undan.

5. gr.

Enginn sá getur tekið þátt í kosning bæjarfulltrúa, eða orðið fyrir kosning, sem sekur er orðinn að lagadómi um

nokkurt það brot, sem svívirðilegt er að almennings áliti, eða ákærður hefir verið um slíkt brot, nema hann með dómi, er eigi verður raskað, hafi verið dæmdur alsýkn sakar; eigi heldur sá, sem settur er undir fjárgæzlu annara, eða ef bú hans er tekið upp sem þrotabú, eða sè nokkurt það mál honum á hendi, að tekin sèu fyrir þá skuld af honum öll fjárforráð að lögum. 1862. 29. ágústm.

Feður og afkomendur mega eigi eiga setu í bæjarstjórninni í senn.

Sá sem kjörinn er bæjarfulltrúi skal eigi víkja úr fulltrúasæti þó hann síðar missi þá hæfilegleika, sem kjörgengi er bundin við eptir 3. og 4. grein; en komi eitthvað það fyrir, sem eptir þessari grein (5. gr.) gjörir mann óhæfan til bæjarfulltrúa, skal honum fyrst um sinn bægt frá fulltrúastörfum þangað til hindranin er horfin, eða hún er orðin viðvarandi. Bæjarfógetinn og bæjarfulltrúarnir eiga að skera úr öllu því, er að þessu efni lýtur, er nú var sagt, og eins þegar einhver af bæjarfulltrúunum annars verður sekur að slíkum yfirsjónum í skylduverkum sínum, að hann hlýtur að víkja úr fulltrúasæti; þó á sá, er hlut á að máli, kost á að bera málið undir æðri yfirvöld.

6. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir fyrir 5 ár. Af þeim, sem kjörnir eru í fyrsta skipti, skal einn fara frá að ári liðnu og síðan einn á ári, og skal það vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir, sem til þess eru, áður 5 ár eru liðin frá kosning hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefir sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 5 ár, er frá fór. Fari einhver fulltrúi frá hina 6 síðustu mánuði ársins, má fresta kosning til þess á aðalkjörfundi. Kjósa má jafnan þann að nýju, er frá fer, en hafi hann gegnt fulltrúastörfum í 3 ár eða lengur, er hann eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlangan tíma og hann hafði áður verið fulltrúi. Svo má og hver sextugur maður eða eldri skorast undan fulltrúakosning.

1862.
29. ágústm.

7. gr.

Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf misreitis. Svo skal kosning undir búa, að skrá sè samin um þá, sem kosningarrètt hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja; en þessir eru kjörstjórar: í fyrsta sinn bæjarfógetinn á Akureyri og 2 menn af Akureyrarbúum, er hann til þess kveður; en upp frá því eru kjörstjórar: bæjarfógetinn, oddviti fulltrúanna og einn fulltrúanna, er þeir sjálfir til þess kjósa. Þegar semja skal kjörskrá, skal bæði gjaldkeri bæjarins og aðrir bæjarfulltrúar vera kjörstjórninni til aðstoðar, ef þörf gjörist. Skráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um 14 daga á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sè vantalinn, á að tilkynna bæjarfógeta að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að kjörstjórnin geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti missir hlutaðeigandi rètt sinn í því efni.

Hið fyrsta sinn skal kjósa bæjarfulltrúa svo fljótt, sem verður, eptir að reglugjörð þessi er birt á Akureyri, en þó skal telja sýslutíma þeirra frá næsta nýári á eptir.

8. gr.

Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti 8 dögum á undan, með auglýsingarbrèfi; skal kjörfundurinn haldinn fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarrèttar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa því yfir, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á seðli, hvern þeir vilji kjósa.

Þegar allir þeir, er kjósa skulu, hafa átt kost á að gefa atkvæði sín og þau eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar upp öll atkvæðin, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman. Þann skal nefna kjörinn fulltrúa, sem hlotið hefir flest atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

9. gr.

Þegar kjósa á fleiri en einn fulltrúa, skal hver þeirra kjörinn sèr í lagi, á þann hátt, sem áður er fyrir mælt.

10. gr. 1862.

Ef sá, sem kjörinn er fulltrúi, ber upp afsökun nokkra, 29. ágústm.
metur kjörstjórnin, hvort hún sè gild, og verði það atkvæði meiri hluta kjörstjórnarinnar, skal kjörstjóri boða til annars kjörfundar innan 8 daga, til að kjósa að nýju. Nú telur kjörstjórnin afsökun hans ónóga, en hinn kosni vill þó eigi gangast undir kosning, þá á hann að skora á kjörstjórnina að bera málið undir amtmann, og sker þá amtmaður tafarlaust úr.

Þyki það vafasamt, annaðhvort af þeim mótbárum, sem fram hafa komið frá einhverjum, sem hlut á að máli, eða þyki kjörstjórninni sjálfri vera vafi á því, hvort atkvæðafjöldi sè fyrir einhverri kosning, eða ekki, eða verði að öðru leyti mótmæli gjörð gegn lögmæti kosningarinnar, á kjörstjórnin að leggja úrskurð á málið og tilgreina ástæður fyrir þeim úrskurði; sá úrskurður sè síðan tafarlaust sendur amtmanni, og skal hann, ef honum virðist eigi hafa verið löglega að farið um kosninguna, gjöra þá ákvörðun, er með þarf í því efni. En þó enginn slíkur vafi sè um lögmæti kosningarinnar, á þegar í stað að senda amtmanni skýrslu um kosninguna; þyki þá amtmanni eigi að síður vafasamt, hvort kosning sè lögmæt, á hann að leggja málið undir úrskurð hlutaðeigandi stjórnarráðs; þó er honum heimilt að gjöra kosninguna ógilda að sinni með úrskurði sínum, þyki honum ísjárvert að láta hana haldast þangað til úrskurður stjórnarráðsins verður fenginn. Finni amtmaður engan galla á kosningunni, þá á hann að gefa kjörstjórninni það til vitundar áður 14 dagar sèu liðnir. Þar að auki á sèrhver, sem hefir nokkur mótmæli gegn kosningunni og einkum úrskurðum þeim, er hafa verið upp kveðnir um hana, að bera upp fyrir kjörstjórninni skriflega umkvörtun um það áður 8 dagar sèu liðir frá því úrskurðurinn var upp kveðinn eða kosning fór fram, því annars verður slíkri umkvörtun enginn gaumur gefinn. Skal kjörstjórnin þegar senda amtmanni kvörtunina með áliti sínu, og leggur amtmaður þá úrskurð á áður hálfur mánuður sè liðinn. Verði þá kosning ógild eptir úrskurði amtmanns skal kjósa á ný.

Ef sá, sem kosinn hefir verið bæjarfulltrúi, eða kjörstjórn-

1862. 29. ágústm.

in eða einhver annar, sem hlut á að máli, ekki er ánægður með úrskurð amtmanns um eitthvað af því, sem um er rætt í þessari grein, þá má bera málið undir hlutaðeigandi stjórnarráð.

11. gr.

Sá, sem kosinn er fulltrúi, sendir bæjarfógeta skriflegt heit, og skuldbindur hann sig í því, samkvæmt borgaraeiði sínum, en hafi hann eigi svarið borgaraeið, lofar hann með eiði, að gegna dyggilega öllum þeim skyldum, er staða hans leggur honum á herðar, bæði við konung og fósturjörð sína, og einkum við félag það, er hefir kosið hann til að taka þátt í stjórn bæjarmálefna sinna.

12. gr.

Við byrjun hvers árs kjósa fulltrúar úr flokki sjálfra sín oddvita og varaoddvita; ræður þar atkvæðafjöldi. Fulltrúar skulu eiga með sèr fundi eptir því, sem þeir koma sèr saman um, hversu tíðir skuli vera, en auk þess kveður oddviti til funda endrarnær, er honum þykir nauðsyn til bera, eða tveir fulltrúar heimta. Oddviti skal, að því leyti unnt er, auglýsa fulltrúunum fyrirfram, hver málefni skuli rædd á fundum þeirra, en að öðru leyti á hver fulltrúi rètt á að bera upp á fundi hvert það málefni, er honum þykir nauðsyn til bera. Oddviti stýrir fundum og sèr um, að allt, sem þar er ákveðið, sè rètt bókað og annast um afgreiðslu þess. Þegar svo stendur á, að jöfn eru atkvæði, skulu þeir ráða, er oddviti fylgir að. Þrír skulu fulltrúar að minnsta kosti vera á fundi, ef nokkurt mál á að geta ráðizt til lykta. Jafnan skulu allir þeir fulltrúar, sem viðstaddir eru, rita nöfn sín undir fundabókina.

13. gr.

Bæjarfulltrúar skulu eiga þátt í stjórn allra þeirra málefna, sem snerta eignir og stofnanir, tekjur og gjöld bæjarins, og eigi eru með neinni sèrstakri lagaákvörðun undanskilin venjulegri bæjarstjórn; má því bæjarfógetinn ekkert kveða á um bæjarmál án þeirra samþykkis. Nú verður meiri hluti fulltrúa eigi á sama máli og bæjarfógeti, skal hann eiga fund við þá og ræða við þá um málið; verði þá meiri hluti fulltrúa enn eigi

á sama máli og hann, má skjóta málinu undir úrskurð æðra yfirvalds. Það er sjálfsagt að telja það álit allra fulltrúa, er meiri hlutinn fellst á. 1862. 29. ágústm.

14. gr.

Hvenær sem leitað er álits bæjarfógeta um eitthvað, er snertir hagi kaupstaðarins, þá á hann annaðhvort að yfirvega það mál með bæjarfulltrúunum í sameining, eða fá um það sèrstaklegt álit þeirra, og ber þá ávallt að senda það með álitsskjali bæjarfógeta. Fulltrúar mega og sjálfir bera upp til umræðu sèrhvert það málefni, er snertir hagi kaupstaðarins, og er það skylda bæjarfógeta, þegar fulltrúarnir koma fram með einhverja uppástungu, að kveða upp um hana skriflegan úrskurð, ef þeir krefjast þess. Nú eru bæjarfulltrúarnir eigi ánægðir með, hver úrslit málið hefir fengið í úrskurði þessum, þá geta þeir heimtað, að það sè borið undir æðra yfirvald, ásamt áliti þeirra og bæjarfógeta því til skýringar, ef þörf gjörist.

15. gr.

Í öllum þeim málum, er snerta þurfamenn, uppeldi og uppfræðing barna, hefir hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum fulltrúanna.

16. gr.

Fulltrúarnir skulu hèr eptir kjósa tvo menn úr flokki sjálfra sín í byggingarnefnd þá, er sett var með opnu brèfi 6. janúarmánaðar 1857, í stað þeirra, er áður skyldu kosnir af þeim, er lóð eiga á verzlunarstaðnum.

17. gr.

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta kjósa bæjargjaldkera; skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, eða bæjarfógeta og fulltrúum þyki ráðlegra að fá öðrum manni sýslu hans í hendur, áður en sá tími sè liðinn; nú verða bæjarfógeti og fulltrúar eigi á eitt sáttir um ákvarðanir þær, er snerta kosning gjaldkera o. s. frv., og skal þá málinu skotið til amtmanns úrskurðar.

1862.
29. ágústm.

18. gr.

Reikningsárið er frá fardögum til fardaga.

19. gr.

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta fyrir lok hvers marzmánaðar semja áætlun um útgjöld þau, er líklegt þykir, að bærinn muni þurfa að greiða næsta fardagaár, hvort heldur er til forlagseyris þurfamönnum bæjarins, eða til annara bæjarþarfa. Í áætluninni skal og skýrt frá fé því, sem til er til að borga með gjöldin án þess skattur sè lagður á bæjarbúa. Þegar allar slíkar tekjur eru taldar, skal jafna tveim fimmtu hlutum af gjöldum þeim, sem ætlazt er á, að enn þurfi að verja til hinna eiginlegu bæjarþarfa, á hús og lóðir bæjarmanna þannig, að fimm sjöttungum skal jafna á húsin eptir ferhyrningsmáli grundvallarins, en einum sjöttung á maturtagarða og aðrar útmældar lóðir sömuleiðis eptir ferhyrningsmáli; en þrem fimmtungum þess fjár, sem þarf til hinna eiginlegu bæjargjalda, og því fé, sem þarf til forlagseyris þurfamönnum, skal jafna niður á alla bæjarbúa eptir efnum þeirra og ástæðum.

Gjöldum þeim, sem greind eru í opnu brèfi 6. dag janúarmánaðar 1857, 5. grein, a, skal eptirleiðis jafna niður á sama hátt og gjöldunum til hinna eiginlegu bæjarþarfa.

Beri ekkert það að höndum, að líklegt megi þykja, að útgjöldin eða tekjur þær, sem til eru upp í þau, verði meiri eða minni en árið næst á undan, skal hvorttveggja jafnhátt sett. Áætlunarskráin skal send amtmanni, og þyki honum í henni ekkert athugavert, ritar hann það á hana og sendir hana aptur. Að öðrum kosti birtir hann bæjarstjórninni þær athugasemdir, er honum þykir að gjöra þurfi, og skal jafnan farið eptir þeim athugasemdum það ár, er áætlunarskráin nær yfir; en eigi þær að gilda um lengri tíma og bæjarstjórnin þykist eigi geta kannast við, að þær sèu rèttar, er hún skyld, áður mánuður sè liðinn, að rita amtmanni um það, og sendir hann þá málið hlutaðeigandi stjórnarráði til úrlausnar.

20. gr.

Ef amtmaður gjörir engar athugasemdir um áætlunarskrána, eða ef öllu er komið fyrir svo sem athugasemdir hans bentu til

samkvæmt 19. gr., skal fé því, er safna á með álögum á bæjar- 1862.
búa, jafnað niður á gjaldþegna. Ber þá að jafna niður í einu 29. ágústm.
lagi á hvern skattskyldan mann öllum þeim gjöldum, sem greiða á eptir sameiginlegum mælikvarða; þó skal þess gætt, að þeim, sem að lögum eru lausir við að greiða gjaldtegund nokkra, sem talin er meðal þessara gjalda, má eigi gjöra meira en þeim ber að greiða í önnur gjöld, samkvæmt reglum þeim, er gilda.

Allir bæjarfulltrúar ásamt gjaldkera bæjarins jafna niður gjöldunum á kaupstaðarbúa. Niðurjöfnunin skal fullgjörð fyrir lok maímánaðar; því næst skal niðurjöfnunarskráin, ásamt áætlunarskránni, liggja á hentugum stað öllum til sýnis í 3 vikur, að minnsta kosti 3 stundir á degi hverjum; skal það opinberlega birt, hvenær hún sè lögð fram og hvar, og um hvert leyti dags hún sè öllum til sýnis. Öllum gjöldum skulu greiðendur hafa lokið á Mikjálsmessu.

21. gr.

Þyki einhverjum gjaldþegna eitthvað aðfinningarvert við niðurjöfnunina, á hann að bera sig upp um það við bæjarfógeta áður sá tími sè liðinn, sem niðurjöfnunin liggur til sýnis, því annars verður slíkri umkvörtun enginn gaumur gefinn. Bæjarfógetinn og bæjarfulltrúarnir leggja úrskurð á málið; en sè hlutaðeigandi eigi ánægður með úrskurð þenna, er honum frjálst að láta bæjarstjórnina bera málið undir úrskurð amtmanns.

22. gr.

Ef útgjöld bera að, sem ekki er gjört ráð fyrir í áætlunarskránni það ár, skal um þau gjöra skýrslu eins og boðið er í 19. grein um áætlunarskrána, og skal í öllu, er útgjöld þessi snertir, farið að á þann hátt, sem ákveðið er í þeirri grein. En nemi gjöld þau, sem eigi hefir verið gjört ráð fyrir í áætlunarskránni, eigi meiru en 50 ríkisdölum, þá þarf eigi að gjöra um þau sèrstaklega skýrslu, og skal þá jafna þeim niður með gjöldum næstkomanda árs.

23. gr.

Bæjarsjóðurinn skal geymdur af gjaldkera, og skal hann, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæði bæjarfógeta og fulltrúum nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði

1862. 29. ágústm. hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri neitt greiða úr bæjarsjóði, nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni.

24. gr.

Fulltrúar ásamt bæjarfógeta skulu hafa nákvæma umsjón með fjárhag bæjarins. Þeir gæta þess, að skattar og aðrar tekjur bæjarins sè heimtað á réttan hátt og í tækan tíma og tekið lögtaki, ef þörf gjörist, svo og, að fènu sè varið til útgjalda bæjarins. Þyki reikningar gjaldkera eigi nógu skýrir, eða tekjur reynist óheimtar, eða gjöld ógreidd, er greidd skyldu vera, skulu þeir gjöra þær ráðstafanir, er nauðsyn ber til, til að hrinda því í lag, er áfátt þykir.

Allar ávísanir skulu fulltrúar undirskrifa á fundi.

Bæjarstjórnin skal leggja alla stund á, að öll störf þau, sem unnin eru á kostnað kaupstaðarins, sèu vel af hendi leyst og með sem minnstum kostnaði; skal bæjarfógetinn hafa stöðugt eptirlit með slíkum störfum, en fulltrúarnir skulu skiptast á um að gæta þeirra eptir því, sem þeim þykir hentast, og sjá um, að slík störf sèu unnin sem haganlegast og í öllu samkvæmt því, sem upphaflega var ákveðið.

25. gr.

Þó bæjarfógeti og fulltrúar eigi rètt á að gjöra ályktanir bæjarins vegna um það, er fjárhagsefni snertir, með tilsjón þess yfirvalds, er til þess er skipað, þá verður að undan skilja þær ráðstafanir, sem eru öldungis sèrstaklegar, eða miklu varða fyrir bæinn um langan tíma.

Til þessa má telja: að taka fè að láni eða lengja tíma þann, er borga skal á lánsfè, sem þegar er fengið; að veita laun eða hækka þau, ef meiru nemur en 20 ríkisdölum; sömuleiðis eptirlaun, þegar þau nema meiru, en nú var sagt; að veita gefins fèstyrk, er meiru nemi en 30 ríkisdölum; að afsala fasteignir kaupstaðarins, og því einnig að úthluta kaupstaðarjörðum, svo að þær verði eign einstakra manna, er aptur á móti lúka á ári hverju ákveðnu gjaldi í bæjarsjóð; að byggja kaupstaðarjarðir um lengri tíma en 10 ár, eða á annan hátt en við opinbert uppboð; að kaupa hús eða land undir kaupstaðinn;

að færast í fang byggingarstörf, sem ekki verða framkvæmd nema auknar sèu álögur þær, er bæjarmenn um 3 undanfarin ár hafa goldið að meðaltali; að gjöra slíkar sættir, til að komast hjá málaferlum, að á kaupstaðinn leggist nokkur skuldbinding, eða slakað sè nokkuð til um rètt hans. 1862. 29. ágústm.

Þegar eitthvað af þessu kemur fyrir, svo að bæjarstjórnin eigi má skera úr, skal amtmaður, ef bráðs úrskurðar þarf við og bæjarstjórnin er því samþykk, og honum eigi heldur virðist það ísjárvert, hafa vald til að gjöra út um þessi mál; en að öðrum kosti á að senda hlutaðeigandi stjórnarráði málið til úrskurðar með álitsskjölum allra, er hlut eiga að, og þar á meðal amtmannsins.

26. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið, og senda bæjarfógetanum fyrir lok júnímánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta, og um hvernig slíkt sè birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 20. grein um niðurjöfnunina. Reikningurinn sè því næst vandlega yfir farinn af skoðunarmanni, er kosinn sè af kaupstaðarbúum þeim, er samkæmt 3. grein hafa kosningarrètt; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa það starf á hendi um 5 ár eins og þeir. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fèkk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal reikningurinn, ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera, sendur til amtmanns, og á hann að leggja úrskurð sinn á reikninginn.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sèu greind sèr í lagi öll atriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

1862.

Ástæður.

Samkvæmt konungsúrskurði 27. aprílm. 1861 var lagt fyrir alþingi það ár frumvarp til reglugjörðar um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar; er frumvarp þetta með ástæðum stjórnarinnar fyrir því prentað í alþingistíðindunum 1861, viðbæti A, 111.—127. bls. Umræðurnar um málið á alþingi eru prentaðar í alþingistíðindum s. á. á 13., 15., og 671.—700. bls. og álitsskjal þingsins til konungs á 1033.—1039. bls. Í álitsskjali þessu biður þingið um með 21 atkvæði, að frumvarpið fái lagagildi, með þeim breytingum, er nú skal greina.

1. Að í 1. grein, 2. atr., í stað orðanna: „undir tilsjón amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, og yfirstjórn hlutaðeiganda stjórnarráðs", verði sett: „þó með þeim takmörkunum, sem síðar segir".
2. Að 1. liður 5. greinar verði þannig orðaður: „Engi sá getur tekið þátt í kosning bæjarfulltrúa eða orðið fyrir kosning, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, jafnvel þótt hann hafi ekki sætt þeirri hegning, er samkvæmt opnu brèfi, dags. 29. dag októberm. 1824 og tilsk. 24. dag janúarm. 1838, 4. gr. litr. a, sviptir borgararètti; eigi heldur sá, er lagasókn á liggur um nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti eður svipt getur borgararètti, fyrri en hann með dómi, er eigi verður raskað, er dæmdur alsýkn sakar. Eigi hefir heldur sá kosningarrètt nè er kjörgengur, sem settur er undir fjárgæzlu annara, eða ef bú hans er tekið upp sem þrotabú, eða sè nokkurt það mál honum á hendi, að hann eigi hafi full ráð fjár síns að lögum".
3. Að niðurlagsorðum 5. greinar: „æðri yfirvöld", verði breytt í „amtmann".
4. Að í fyrri hluta 7. greinar eptir „kosningarrètt" verði bætt: „og kjörgengi".
5. Að tveimur hinum síðari köflum 10. greinar verði þannig breytt: „Nú þykir einhverjum hlutaðeigenda vafi á, að

kosningin sè lögmæt, á hann rètt á að bera slíkt upp fyrir kjórstjórninni, en hann skal hafa gjört það áður 8 dagar sèu liðnir frá því kosning fór fram, því annars verður slíkri umkvörtun engi gaumur gefinn. Skal kjörstjórnin þegar senda málið, ásamt áliti sínu, amtmanni til úrskurðar, og leggur amtmaður þá úrskurð á áður hálfur mánuður sè liðinn. En hvort sem slík umkvörtun kemur fram eður eigi, skal amtmanni ávallt senda skýrslu um kosninguna". 1862.

6. Að orðunum í 17. grein: „Skal með skýrslu þessa farið í öllu samkvæmt N. L. 3—5; þó" verði sleppt.
7. Að í síðasta kafla 19. greinar, í staðinn fyrir: "Áætlunarskráin skal send amtmanni" og s. frv. til enda greinarinnar, verði sett: „Áætlunarskráin skal send amtmanni, en þyki honum eitthvað athugavert í henni, skal hann bera málið undir almennan fund gjaldþegna, er hann lætur í því skyni saman kalla svo fljótt, sem því verður við komið; skera þeir þá úr því með atkvæðafjölda, hvort breyta skuli áætluninni í því efni eða ekki".
8. Að byrjun 20. greinar: "Ef amtmaður gjörir engar athugasemdir við áætlunarskrána, eða ef öllu er komið fyrir svo sem athugasemdir hans bentu til samkvæmt 19. grein", verði þannig breytt: „Að því gjörðu, er fyrir var mælt í 19. grein".
9. Að í byrjun 21. greinar á eptir orðunum: „þyki einhverjum", verði bætt inn í „gjaldþegna".
10. Að niðurlag 22. greinar: „þá þarf eigi að gjöra um þau sèrstaklega skýrslu, og má þá fresta borgun þeirra þangað til jafnað verður niður gjöldum næsta árs" — verði þannig breytt: „þá þarf eigi að gjöra um þau sèrstaklega niðurjöfnun, heldur skal jafna því niður með næsta árs gjöldum.
11. Að í 25. grein, 2. atriði verði úr felld orðin: „Að veita gefins fèstyrk, er meiru nemi en 30 ríkisdölum".
12. Að í sömu grein verði orðunum: „Að færast í fang byggingarstörf, sem ekki verða framkvæmd nema auknar sèu álögur þær, er bæjarmenn um 3 undanfarin ár hafa goldið að meðaltali" — breytt þannig: „Að færast í fang þau

1862. byggingarstörf, er hafa í för með sèr álögur á bæjarbúa um meir en 1 ár".

13. Að fyrirsögnin verði þannig orðuð: „Reglugjörð um kaupstaðarrètt Akureyrar og stjórn bæjarmálefna þar".

Af þessum uppástungum alþingis og af ástæðunum fyrir þeim í álitsskjali þingsins sèst, að þingið hefir ekki mælt neitt á móti því, að sleppt er úr frumvarpi stjórnarinnar þeirri ákvörðun, sem var í frumvarpi því, er kom frá alþingi 1859[1], um að Oddeyri þegar skuli lögð undir kaupstaðinn; en á hinn bóginn hefir þingið að mestu leyti enn haldið fram þeim ákvörðunum í frumvarpi sínu, sem miðuðu til að veita hinu nýja bæjarfèlagi meira sjálfsforræði, en veitt er Reykjavíkur bæ eða nokkru bæjarfèlagi í konungsríkinu þegar Kaupmannahöfn ein er undanskilin. Að þessu lúta uppástungur þingsins, sem til eru greindar undir 1., 7., 8., 11. og 12. tölulið um breytingar á 1., 19., 20. og 25. grein í frumvarpi stjórnarinnar. Ástæður þær, sem fram eru færðar fyrir þessum breytingum, eru að mestu leyti hinar sömu og þær, er alþingi áður hefir tekið fram, án þess stjórnin gæti fallizt á gildi þeirra, og með því mótbárur þær, sem teknar eru fram í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, móti því að veita hinum nýja kaupstað meira sjálfsforræði en Reykjavík hefir, eru enn með öllu óhraktar, virtist eigi vera ástæða til að breyta þessum atriðum í frumvarpinu eptir uppástungum þingsins, en þau atriði eru orðrètt samhljóða ákvörðunum um sama efni í reglugjörð 27. nóvemberm. 1846 um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík. Því skal við bætt út af uppástungu alþingis undir 7. tölulið, en sú uppástunga er nýmæli, að ekki virtist hagfellt að áætlunarskráin, eður einstök atriði í henni, sè rædd og leidd til lykta á borgarafundi; og því minni ástæða virtist vera til að hafa hèr við þessa aðferð, sem slíkur fundur ekki er látinn útkljá málefni, sem meiru varða, smbr. 25. grein í frumvarpinu.

Þar sem alþingi því næst í 3. og 5. tölulið hefir stungið upp á, að breyta ákvörðununum í 5. og 10. grein frumvarpsins, sem einnig eru samhljóða reglugjörð 27. nóvemberm. 1846,

1) Sjá alþ.tíð. 1859, 1071.—1087. bls.

á þann hátt, að hlutaðeigandi amtmaður skyldi skera úr um allt 1862.
það, er snertir kosning bæjarfulltrúa, án þess úrskurði hans skyldi verða skotið til æðra yfirvalds, þá virtust eigi vera nægar ástæður til að fallast á þessa uppástungu, er það sýnist liggja í augum uppi, að gefa eigi hlutaðeigendum kost á að áfrýja úrskurði amtmanns, sem eigi heldur getur verið neinum sérlegum vandkvæðum bundið, og skal þess getið í þessu efni, að það hlýtur að koma af misskilningi á frumvarpinu, að þingið í álitsskjali sínu tilfærir sem ástæðu fyrir 5. niðurlagsatriðinu um breyting á 10. grein frumvarpsins, að ef bæjarfulltrúi eður kjörstjórnin ætlið ætti kost á að skjóta því til úrskurðar stjórnarráðsins, hvort kosning væri rètt, þá gæti slíkt leitt til þeirra vandræða, að heilt ár liði áður gild kosning fengist, og þannig yrði eitt sætið í bæjarstjórninni óskipað þenna tíma. Þingið hlýtur hèr að hafa gjört ráð fyrir, að þegar kosning væri áfrýjað til stjórnarinnar, þá gæti sá, er hefði orðið fyrir kosning, ekki á meðan gegnt fulltrúastörfum; en þetta er rangt, því kosninguna ber að álíta rètta þangað til stjórnarráðið er búið að lýsa yfir, að hún sè ógild. Á hinn bóginn er það einnig vafalaust, að þegar umkvörtunin er risin af því, að kosning hefir verið gjörð ógild, þá á ekki að fresta nýrri kosning þangað til úrskurður stjórnarinnar er fenginn, og þannig þarf í hvorigu þessu tilfelli að bíða að skipa fulltrúasæti þangað til stjórnin sè búin að leggja úrskurð á málið; þetta getur að eins átt sèr stað þegar amtmaðurinn beitir valdi því, sem honum er veitt í greininni, til að gjöra kosninguna ógilda að sinni, en bæði er það ísjárvert að svipta amtmann þessu valdi, enda virtist og jafn ísjárvert að meina hlutaðeigendum að koma fram með umkvörtun sína yfir úrskurði amtmanns.

Hinar uppástungurnar, er alþingi hefir gjört, lúta að eins að orðabreytingum; og með því ekkert þótti vera því til fyrirstöðu að fallizt væri á breytingar þær á 17., 21. og 22. grein frumvarpsins, sem stungið er upp á í 6., 9. og 10. niðurlagsatriðinu, þá var greinum þessum breytt samkvæmt uppástungum þingsins. En þar á móti virtist eigi vera ástæða til að fallast à 2. og 4. niðurlagsatriði í álitsskjali alþingis um breyt-

1862. ingar á 5. og 7. grein frumvarpsins; því 5. grein virtist vera ljósar orðuð í frumvarpinu, en ef hún væri höfð eins og alþingi stakk upp á, og um breytinguna á 7. grein, þá virtist óþarft og jafnvel ekki nema til að villa, að tala í þeirri grein um nafnaskrá yfir kjörgenga undir eins og talað er um nafnaskrá yfir kjósendur, með því sèrhver sá, sem hefir kosningarrètt, einnig er kjörgengur eptir 4. grein, og þarf því að eins að semja eina nafnaskrá. Loksins virtist ekki vera ástæða til að taka til greina uppástungu þingsins í 13. niðurlagsatriði um breyting á fyrirsögn reglugjörðarinnar, því aðalatriðið í málinu er það, að verzlunarstaðurinn er gjörður að kaupstað og fær bæjarstjórn út af fyrir sig og verður lögsagnarumdæmi sèr.

---

5. septembr. **49. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um hvort greiða skuli hafnartoll í Reykjavík fyrir póstskipið.**

Í skjali nokkru, er hingað barst með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 12. júním. þ. á., hefir Árni Thorsteinson, land- og bæjarfógeti, spurt um, hvort gufupóstskipinu „Arcturus" beri að greiða hafnartoll m. m. í Reykjavík. Þessu skal svarað á þann hátt, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það hlutaðeiganda, að útgjörðarmenn gufuskipsins voru í fararsamningi þeim, er gjörður var við þá 28. marzm. 1858 og sendur var stiptamtmanni með brèfi dómsmálastjórnarinnar 31. s. m., undanþegnir þeirri skyldu, að greiða hafnartoll meðan engin hafnarvirki eru í Reykjavík, svo er og ákvörðunin um hið sama endurnýjuð í þeim fararsamningum, er síðan hafa gjörðir verið við útgjörðarmenn skips þessa. En með því sá tími, sem síðasti samningurinn er gjörður um, er á enda við lok þessa árs, þá mun þetta atriði verða nákvæmar íhugað, þegar gjörður verður nýr samningur um gufuskipsferðir til Íslands.

---

50. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp Magnúsar Jónssonar. 1862. 5. septembr.

Eptir að dómsmálastjórnin er búin að fá álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 28. maím. þ. á., viðvíkjandi brèfi, er Arnljótur alþingismaður Ólafsson hafði sent hingað, um að fá breytt úrskurði, er stiptamtmaður hafði kveðið upp 10. marzm. 1860 um rèttan framfærsluhrepp Magnúsar Jónssonar, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það hlutaðeigendum, að úrskurður yðar, sá er nú var getið, á óbreyttur að standa, en eptir honum á sveitarómagi þessi framfærsluhrepp í Vatnsleysustrandar hrepp í Gullbringu sýslu.

---

51. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um festugjald af jörðum á Vestmannaeyjum. 6. septembr.

Með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 21. febrúarm. þ. á. hefir stjórnarráðið fengið skýrslur þær, er beðið var um í brèfi 5. septemberm. f. á., viðvíkjandi festugjaldi af jörðum á Vestmannaeyjum, og skal yður nú út af bænarskrá þeirri, er leiguliðar á jörðum þessum sendu alþingi, því er haldið var árið 1859, en þingið fól forseta sínum á hendur að skjóta til amtmanns, kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það þeim, er hlut eiga að máli, að þegar byggðar eru þjóðjarðir á Vestmannaeyjum, þá þarf eigi að fylgja því sem reglu, er ekki megi út af bregða, að heimt sè festugjald af leiguliðum auk jarðarafgjaldsins, heldur ber um bygging jarða þessara yfir höfuð að fara eptir reglum þeim, sem settar voru í brèfi innanríkisstjórnarinnar 23. maím. 1850.

1862. 6. septembr.

52. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgun handa settum sáttanefndarmanni.

Þèr hafið, herra amtmaður, skýrt frá því í brèfi 31. desemberm. f. á., að í 2. athugagrein við jafnaðarsjóðsreikning vesturumdæmisins árið 1855 sè því hreift, og sè það ánýjað í athugasemdunum við jafnaðarsjóðsreikningana fyrir árin 1859 og 1860, hvort eigi beri að láta bú Melsteðs amtmanns endurgjalda sjóðnum 6 rdl., sem hann áður hafi borgað úr honum í fæðispeninga handa þeim Guðmundi prófasti Vigfússyni og Jóni hreppstjóra Sigurðssyni, er þeir voru settir sáttanefndarmenn, og hafið þèr borið undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort ekki megi leyfa, að settir sáttanefndarmenn fái fæðispeninga úr almennum sjóði, fyrir ferðir þær, sem þeir fara, og hafið þèr, ef þessu verði neitað, spurt um, með hverju móti menn verði fengnir til að takast á hendur slíkar sáttatilraunir, ef þeir ekki sèu fáanlegir til að gjöra það að tilmælum amtmanns.

Um leið og stjórnarráðið í þessu efni getur þess, að það verður að álíta, að það leiði beinlínis af úrskurði þeim, sem reikningsúrskurðardeild hinnar íslenzku stjórnardeildar 30. júním. 1857 lagði á 1. athugagrein við jafnaðarsjóðsreikning vesturumdæmisins fyrir árið 1854, að öldungis samkynja útásetning í 2. athugagrein við jafnaðarsjóðsreikninginn fyrir árið 1855 má burt falla, þá skal þess getið yfir höfuð um spurning þá, sem nú hefir hreift verið, að í löggjöfinni er engin heimild til að veita settum sáttanefndarmönnum fæðispeninga auk ferðakostnaðar, þegar þeir eru neyddir til að ferðast þangað, sem nefndin á fund með sèr; en með því á hinn bóginn eigi heldur er nein heimild til þess í löggjöfinni, að menn verði móti vilja sínum neyddir til að taka að sèr að vera settir sáttanefndarmenn, verður amtmaður, þegar slík atvik bera að höndum, að leitast við að fá hlutaðeigendur til að taka að sèr starfa þenna fyrir borgun þá, sem fyrir hann er ákveðin í löggjöfinni.

53. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýzka málfræði. 1862. 9. septembr.

Eptir bænarskrá frá Halldóri Friðrikssyni, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, hefir stjórnarráðið veitt honum 200 ríkisdala styrk til að gefa út á íslenzku kennslubók í þýzkri málfræði.

Um leið og þetta er tilkynnt yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, skal þess getið, að 70 ríkisdalir af fè þessu hafa greiddir verið úr aðalfèhirzlu ríkisins hèr í bænum, en þeim 130 ríkisdölum, sem eptir eru, eruð þèr beðnir að ávísa Halldóri kennara Friðrikssyni úr jarðabókarsjóði Íslands af fè því, sem til er fært í fjárhagslögunum í 9. gr. G. c; þó skal þeim eigi ávísað fyrri en ritið er fullprentað.

---

54. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um hegning Gísla Jónssonar á Saurum. 12. septembr.

Eptir að stjórnarráðið hefir fengið brèf yðar, herra amtmaður, 15. f. m., um Gísla bónda Jónsson á Saurum í Dalasýslu, skal nú skorað á yður að annast um, að hann tafarlaust verði látinn líða hegning þá, sem honum var ákveðin í konungsúrskurði 26. júlím. f. á., en það var vatns og brauðs fangelsi í þrisvar sinnum 5 daga, og fari hann ekki sjálfviljugur til Reykjavíkur til að þola þar hegning þessa, þá vonast stjórnarráðið eptir, að þèr undir eins látið flytja hann í fangelsið í Reykjavík.

Stjórnarráðið vonast eptir að fá skýrslu um, hvað þèr gjörið í þessu efni.

1862. 12. septembr. **55. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi, um kennslu í læknisfræði hjá landlækni á Íslandi.**

Eptir þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar út af bænarskrá frá alþingi, er haldið var árið 1861, hefir hans hátign konungurinn 29. f. m. allramildilegast úrskurðað á þessa leið:

1. að þangaðtil öðruvísi verður ákveðið megi á ári hverju verja 600 ríkisdölum úr hinum íslenzka læknasjóði til kennslu í læknisfræði hjá landlækni í Reykjavík, og að kennsla þessi skuli vera fyrir þá menn, sem útskrifaðir eru úr hinum lærða skóla í Reykjavík.
2. að dómsmálastjórnin, eptir að hafa fengið um það efni álit hins konunglega heilbrigðisráðs, skuli hafa vald til að ákveða nákvæmar, hversu yfirgripsmikil kennsla sú skuli vera, sem hlutaðeigendur eigi að fá hjá landlækni.
3. að haldið skuli opinbert próf yfir þeim, er notið hafa kennslu þessarar, og skuli dómsmálastjórnin hafa vald til að skipa fyrir um prófið, eptir að hún er búin að semja um það efni við kirkju- og kennslustjórnina.
4. að þeir, sem staðizt hafa próf þetta, skuli hafa lækningaleyfi á Íslandi og geta orðið þar héraðslæknar.

Um leið og þetta er kunngjört yður, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það í umdæmi því, sem þér eruð yfir skipaðir, skal því við bætt, að samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 2. grein í konungsúrskurði þeim, sem að ofan er til færður, er farið að skrifast á við hið konunglega heilbrigðisráð um það, hve yfirgripsmikil kennslan eigi að vera hjá landlækni.

---

13. septembr. **56. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ráðstafanir gegn fjárkláðanum.**

Í brèfi 31. júlím. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, hverjar ráðstafanir þér hafið gjört vegna þess, að kláðasýkin í vetur er leið hefir gjört vart við sig í fè á 3 bæj-

um í Borgarfjarðarsýslu, og á nokkrum bæjum í Mosfellssveit og á Kjalarnesi í Kjósarsýslu, og í Rosmhvalaneshrepp í Gullbringu sýslu. Það sèst og af skýrslu yðar, að þegar hún var samin var enginn fjárkláði í suðurumdæminu, þegar undan skilin er jörðin Elliðavatn og nokkrir bæir í Rosmhvalanes hrepp, og var þó sýkin í rènun á bæjum þessum eptir að búið var að baða fè þar. Í sambandi við þetta hafið þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi 24. f. m. skýrt frá, að ástandið sè enn hið sama og jafnvel betra en það hafi verið, þá er þèr senduð skýrslu yðar þá, sem að ofan er getið. 1862. 13. septembr.

Eptir þessari lýsing yðar á ástandinu virðist reyndar ekki vera nein slík yfirvofandi hætta á ferðum, er gjöri óvanalegar ráðstafanir nauðsynlegar. En samt sem áður verður dómsmálastjórnin að skora á yður, að hafa framvegis vakandi auga á sýkinni, og gjöra þær ráðstafanir, sem þèr, eptir því hvernig ástatt er, teljið nauðsynlegar eður hagkvæmar til þess, að suðurumdæmið geti orðið með öllu laust við sýki þessa. Einkum skal skorað á yður, að þèr nú í haust látið vandlega skoða sauðfè hvervetna í Gullbringu- og Kjósarsýslu og í Borgarfjarðar sýslu, svo og í Árnes sýslu, ef álitið yrði, að það mundi þurfa til að geta komizt að fullri vissu um heilbrigðisástand fjárins, og til þess, að þar eptir verði gjörðar þær ráðstafanir, sem þörf kynni vera á; verður stjórnarráðið að álíta hagfellt, að prentaðar sèu í blöðum þeim, er koma út á Íslandi, opinberar skýrslur um árangurinn af skoðunum þessum og af þeim fjárskoðunnm, sem þèr síðar kynnuð láta fram fara, og eruð þèr beðnir að gjöra þær ráðstafanir, er með þarf í þessu efni.

Að endingu vonast stjórnarráðið eptir, að þèr framvegis jafnaðarlega sendið hingað skýrslu um, hvernig ástatt er og hverjar ráðstafanir þèr gjörið í máli þessu.

---

57. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um uppgjöf á sekt fyrir brot gegn verzlunarlögunum. 24. októberm.

Í bænarskrá, er hingað barst með álitsskjali yðar, herra

1862. 24. októberm. stiptamtmaður, dagsettu 15. dag ágústm. þ. á., hefir Wulff verzlunarstjóri í Reykjavík farið þess á leit, að Talleria skipstjóra frá Bilbao, er kom í júlímánuði í sumar er leið, á spönsku skipi að nafni Tres Hermanos, á Keflavíkur verzlunarstað innan Gullbringu sýslu, verði gefin upp sekt sú, sem hann hefir unnið til fyrir það, að hann ekki hefir hlýtt því, sem boðið er í lögum 15. aprílm. 1854, um að koma fyrst inn á einhverja af þeim 6 höfnum, sem nefndar eru í 2. grein laga þessara.

Út af þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörið það beiðanda, að með því allt, sem fram er komið í máli þessu, virðist lúta að því, að skipstjórinn ekki hafi þekkt skyldu sína í þessu efni samkvæmt ofangreindu lagaboði, þá leyfir stjórnarráðið, að sektin í þetta skipti megi niður falla, en beiðandi hafði sótt um, að dómsmálastjórnin skyldi ákveða sektina, ef nokkur yrði, og skuldbundið sig til að greiða þá sekt.

---

24. októberm. **58. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um hvernig vaxta megi fè opinberra stofnana.**

Í brèfi 18. júním. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, spurt um, hvort þèr ekki framvegis að minnsta kosti endur og sinnum megið, þegar þess verði óskað, lána fè opinberra stofnana móti veði í kaupstaðarhúsum, sem alþekkt og áreiðanleg erlend brunabótafèlög hafa tekið að sèr ábyrgð á, ef sá, er lánið þiggur, fær lánardrottni ábyrgðarskrána til geymslu, og sýnir í hvert skipti kvittun fyrir því, að ábyrgðargjaldið hafi verið greitt fyrirfram. Þessu skal þannig svarað, að stjórnarráðinu virðist ísjárvert að leyfa, að fè opinberra stofnana sè komið fyrir á þann hátt, er nú var getið.

---

59. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um bænarskrár embættismanna um tillag til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar.

1862. 24. októberm.

Fjárstjórnin hefir skýrt dómsmálastjórninni frá, að bænarskrár þær, sem til hennar koma frá embættismönnum á Íslandi um að mega greiða tillag til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar til þess, að konur þeirra geti fengið fjárstyrk af stofnun þessari, ef þær lifa menn sína, sèu á stundum ekki svo úr garði gjörðar, að það, sem um er sótt, verði þegar í stað veitt, og að ekki sè ætíð rètt skilið það, sem fyrir er skipað í opnu brèfi 31. maím. 1855, 3. gr.

Af þessum orsökum og af því það er ákjósanlegt vegna fjarlægðar Íslands, að allt, er lýtur að skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið — en dráttur í því efni getur haft mikilvægar afleiðingar fyrir þá, er hlut eiga að máli — sè svo föstum reglum bundið, að komizt verði hjá langvinnum brèfaskriptum, er olla svo miklum drætti, þá hefir fjárstjórnin álitið mjög áríðandi, að öllum, er að þessum málum standa, verði birtar fastar reglur um, hvernig fullnægja skuli boðinu í lagagrein þeirri, sem að ofan er nefnd (opið br. 31. maím. 1855, 3. gr.). Í þessu skyni hefir fjárstjórnin tekið fram, að þar sem lögunum frá 5. janúarm. 1851, sem bjóða, að sannað skuli með vottorði frá stjórnarráði þessu áður embættismennirnir fái að giptast, að þegar sè búið að greiða framfærslutillagið, er með lagagrein þessari breytt á þann hátt, að nóg sè að amtmanni hafi verið send bænarskrá til fjárstjórnarinnar um að mega greiða tillag til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar, þá þurfi það ekki neinnar frekari útlistunar við, að lagaboðinu sè því að eins fullnægt, að bænarskrá þessi sè svo úr garði gjörð, að henni verði áheyrsla veitt, en eptir reglugjörð stofnunarinnar og ákvörðunum í opnu brèfi 31. maím. 1855, 1. og 8. gr., þarf til þessa ítarlega skýrslu með nægum skilríkjum um aldur embættismannsins og konu hans tilvonandi, og um embættistekjur hans, svo og vitnisburð læknis um, að lífi hans sè engin bráð

1862. 24. októberm. hætta búin; því fyrst þá, þegar slíkar skýrslur eru fyrir hendi, getur fjárstjórnin til bráðabirgða greitt hið fyrsta árstillagið. Optlega getur svo á staðið, að hèr sè þegar til skýrsla um embættistekjurnar, en með því verið getur, að þá skýrslu vanti, eður að hún sè orðin of gömul, þykir fjárstjórninni rèttast, að hlutaðeigendum sè boðið að láta bænarskránum ávallt fylgja hið vanalega skýrsluform um forsorgun ekkna, og sè það út fyllt svo, sem vera ber.

Með því nú dómsmálastjórnin verður að fallast á það, sem nú hefir sagt verið, skorar hún á yður, herra (tit.), eptir tilmælum fjárstjórnarinnar, að þèr ekki gefið vitnisburð þann, sem þarf til þess, að embættismenn fái að giptast, fyrri en þèr hafið fengið bænarskrár þeirra um, að þeir megi fá hlutdeild í lífsfjár- og framfærslustofnuninni, en í þeim bænarskrám ætti að taka fram svo nákvæmlega, sem unnt er, hvenær áformað er að giptingin eigi fram að fara, og eiga þeim að fylgja skírnarseðlar beggja hjónanna, læknisattesti samkvæmt 8. grein í hinu opna brèfi 31. maím. 1855 og út fyllt skýrsluform um ekkjuforsorgun, og á eins og vant er amtmaður að gæta þess, að embættismaðurinn hafi í því sagt rètt frá um tekjur sínar, og staðfesta það með vottorði sínu; á síðan amtmaður að senda bænarskrána með þeim fylgiskjölum, er nú hefir sagt verið, með næstu póstferð hingað, svo hún hèðan verði send fjárstjórninni.

Í sambandi við þetta skal því við bætt til eptirbreytni og íhugunar, að fjárstjórnin hefir skýrt frá, að ef nokkur óski að nota sèr leyfi það, sem veitt er í 2. gr. 3. atr. í ofangreindu lagaboði, til að fá sig undanþeginn þeirri skyldu að sjá konu sinni fyrir hinu vanalega lífsfè, þá getur hlutaðeigandi amtmaður veitt slíkt leyfi til bráðabyrgða, en þess ber þá vandlega að gæta, að sett sè veð fyrir því, að konan, ef hún erði ekkja, fái æfilangt hvernig sem fer svo miklar fastar árlegar ekjur í peningum, sem lögboðið er um upphæð lífsfjárins, en amtmaður á þá þegar að senda með næstu póstferð bænarskrá þess, er hlut á að máli, um leyfi þetta, og eiga henni að fylgja allar skýrslur sem þörf er á, og álitsskjal amtmanns, og sker síðan fjárstjórnin úr málinu.

60. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að gefa út íslenzk leiðarbrèf og mæla skip. 1862. 24. októberm.

Með því dómsmálastjórnin með öllu fellst á þá skoðun, er þèr, herra stiptamtmaður, hafið látið í ljósi í brèfi yðar 15. ágústm. þ. á. um uppástungu, er komið hafði frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu um, að honum verði veitt leyfi til að út gefa íslenzk leiðarbrèf, þegar þess er óskað, handa skipum sem koma til Hafnarfjarðar og Keflavíkur frá útlöndum, og ekki hafa leiðarbrèf þessi meðferðis, og að hann fái áhöld þau, er þarf til að mæla stærð skipa þeirra, sem ekki hafa neitt löggilt mál, þá skorar stjórnarráðið á yður að gefa sýslumanninum svar þessu samkvæmt, og um leið benda honum á, að hann ekki megi leyfa, að neitt sè flutt í land af farmi skipa þeirra, sem koma beina leið frá útlöndum til verzlunarstaða þeirra, sem að ofan eru nefndir, eða að neitt sè flutt út í þau skip, þó þau hafi íslenzk leiðarbrèf, fyrri en búið er að sanna það af skjölum þeim, er þau hafa meðferðis, að þau samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum 15. aprílm. 1854, 2. gr., áður hafi komið við á einhverri af þeim 6 höfnum, sem þar eru nefndar[1].

---

61. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um korn er sent var til Snæfellsnes sýslu. 24. októberm.

Um leið og þèr senduð hingað reikning yfir korn það, sem sent var til Snæfellsnes sýslu vorið 1861 með skipi, er „Anna"

---

1) Stiptamtmaðurinn hafði í brèfi sínu til stjórnarráðsins látið þá skoðun í ljósi, að eigi bæri að fallast á uppástungu Clausens sýslumanns, og í því efni tekið fram: »að þó því að vísu ekki verði neitað, að það geti orðið til nokkurra óhœginda og nokkurrar tafar fyrir þá, sem ætla á einhverja höfn í Gullbringu sýslu, að koma fyrst við í Reykjavík, þá sè þó svo skammt milli hafna þessara og Reykjavíkur, og óhægindi þau, sem um er rætt, því svo lítil, að þess vegna ekki sè næg ástæða til að gjöra undantekning frá boði laganna aðeins fyrir greindar hafnir«.

1862. 24. októberm. heitir og Thurö skipstjóri rèði fyrir, hafið þèr, herra amtmaður, í brèfi 21. júlím. þ. á. beðið um ákvörðun stjórnarinnar um, hvað eigi að gjöra við þær 78½ tunnur, sem enn séu eptir af korni þessu.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr gjörið þær ráðstafanir, er með þarf í því efni, að ef hrepparnir ekki æskja að fá til láns korn það, sem eptir er, með þeim kjörum, sem ákveðin eru í brèfi dómsmálastjórnarinnar 12. septemberm. 1861, og ef ekki horfir til kornskorts í vesturumdæminu á komanda vetri, ber þegar að selja kornið fyrir hinn íslenzka styrktarsjóð, og borga inn í jarðabókarsjóð Íslands fè það, sem fæst bæði fyrir það, sem selt verður og lánað. Af því brèf yðar gefur tilefni til þess, skal því við bætt, að hrepparnir framvegis ekki mega búast við, að stjórnin sendi kornbyrgðir til landsins, og skal í því tilliti skýrskotað til brèfs dómsmálastjórnarinnar 29. septemberm. 1860.

---

24. októberm. **62. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um bænarskrá um gjafsókn í máli út af skattheimtu.**

Í brèfi 18. júlím. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, borið undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort veita skuli eptir bænarskrá frá Jóni Guðmundssyni, settum málaflutningsmanni við yfirdóminn, 12 bændum í Árnessýslu gjafsókn til að flytja mál í hèraði gegn Þórði kammerráði Guðmundssyni út af því, að hann hefir heimt og að nokkru leyti tekið fjárnámi hinn svo kallaða samlagningarskatt, og hafið þèr þar að auki beðið um, að stjórnarráðið lýsi því yfir, hvort nauðsyn sè á að skipa annanhvorn dómendanna í yfirdóminum í málið sem settan dómara, til að dæma það í hèraði, ef það verður höfðað, þareð svo kynni verða álitið, að allir sýslumenn væru óhæfir til þess vegna þess, að þeir gætu haft hag eður óhag af úrslitum málsins.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, að eigi ber að veita gjafsókn þá, er um hefir verið sótt, og að

ekki virðist bera nauðsyn til að skipa annanhvorn af dómend- 1862.
unum í yfirdóminum sem settan dómara til að dæma mál þetta, 24. októberm.
með því ekki getur hjá því farið, að fela megi starfa þenna einhverjum þeim af héraðsdómurunum, sem eigi verður riðinn við mál það, sem hér er um rætt, og úrslit þess eigi snerta hans hag.

---

63. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um útvísun hússtæðis í Reykjavík. 24. októberm.

Með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 4. þ. m., hafið þér sent dómsmálastjórninni aptur brèf nokkurt frá Wulff verzlunarstjóra í Reykjavík, en í því brèfi ber hann fram umkvörtun sína yfir því, að mæld hefir verið út lóð eptir beiðni Andersens skipstjóra til að byggja á geymsluhús við endann á Aðalstræti, sem svo er kallað, þar í bænum.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið ekki finnur ástæðu til að gjöra breyting á útvísun lóðar þessarar, sem byggingarnefndin hefir úthlutað, og amtmaður lagt á það samþykki sitt.

---

64. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, út af fyrirspurn um rètt til kennaraembætta. 27. októberm.

Jón Þorkelsson, settur aðjunkt við lærða skólann í Reykjavík, hefir í brèfi, er hann sendi beina leið til stjórnarráðsins, spurt um, hvort svo beri að álíta, að tilskipun 2. febrúarm. 1849 um þau lærdómspróf, sem veita mönnum hæfilegleika til að geta fengið æðri kennaraembætti við hina lærðu skóla, hafi lagagildi á Íslandi, og hvort hann, er hann hafi leyst af hendi embættispróf í málfræði og í því prófi hlotið fyrstu einkunn, geti gjört sèr von um, þegar skólameistaraembættið eður yfirkennaraembættið við greindan skóla kunni að losna, og þau

1862. 27. októberm. embætti verða veitt, og þó einkum hið fyrnefnda, að verða þá tekinn fram yfir eldri kennara við skólann, sem annaðhvort hafa tekið embættispróf í guðfræði eður ekkert embættispróf leyst af hendi.

Út af þessu biður stjórnarráðið yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að kunngjöra Jóni Þorkelssyni, að þó hann hefði þau forréttindi, sem tilskipun 2. febrúarm. 1849 veitir kandídötum í málfræði, en þessi forréttindi hefir hann eigi, er hann ekki hefir leyst af hendi það hið verklega próf, sem fyrir er skipað í 13. grein tilskipunarinnar, smbr. 15. grein, þá gæti hann eigi í því tilliti, sem hér er um spurt, stuðzt við ákvarðanir hennar, með því þær ekki skilyrðislaust verða heimfærðar til Íslands.

---

27. októberm. **65. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um kennslustörf við hinn lærða skóla í Reykjavík.**

Í brèfi dagsettu 2. þ. m. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, stungið upp á, að kand. phil. Jón Þorkelsson, sem þèr hafið sett til að gegna hinu 4. kennaraembætti við hinn lærða skóla í Reykjavík, sem nú er laust, og veitt honum þau laun, sem ákveðin eru fyrir embætti þetta, en það eru 500 rd. á ári, fái meðan hann er skipaður í embætti þetta launaviðbót eptir kornverði af embættislaunum þessum eptir lögum 19. febrúarm. 1861; svo hafið þèr og stungið upp á, að cand. phil. Halldór Guðmundsson, sem tekinn hefir verið til að kenna í skólanum lærdómsgreinir þær, er snerta rúmmálsfræði, fyrir þá borgun, sem vant er að veita fyrir tímakennslu, verði settur sem kennari í þessum lærdómsgreinum með sömu kjörum og ofan nefndur Jón Þorkelsson hefir haft að undanförnu meðan hann hefir verið settur kennari við skólann, en það er á þann hátt, að hann fái 400 ríkisdala þóknun á ári, er greidd sè af því fè, sem í fjárhagslögunum er ætlað til tímakennslu við skólann.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leið- 1862.
beiningar, og til þess þèr gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er 27. októberm.
á, að stjórnarráðið, eptir því sem ástatt er, fellst á, að cand. phil. Halldór Guðmundsson sè fyrst um sinn settur sem kennari við skólann, með þeim kjörum sem þèr hafið stungið upp á, og sè það talið frá 1. degi þessa mánaðar; en því skal við bætt, að farið er að skrifast á við fjárstjórnina um, hvort Jón Þorkelsson, settur aðjunkt, eigi að fá launaviðbót eptir kornverði þann tíma, sem hann er settur til að gegna 4. aðjunktsembættinu við Reykjavíkurskóla.

---

66. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 27. októberm.
valdanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýðing yfir nokkra kafla úr nýja-testamentinu.

Eptir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, háæruverðugi herra, 14. ágústm. þ. á., frá Pètri prófessor Pèturssyni og Sigurði prestaskólakennara Melsteð í Reykjavík, um styrk til að gefa út 3. deild af riti, sem þeir hafa byrjað á, og heitir: „Þýðing yfir útvalda kafla úr nýja-testamentinu", hefir stjórnarráðið veitt beiðendunum 100 ríkisdali, er það hefir gjört ráð fyrir, að þessi deild ritsins eigi verði stærri en fyrsta deild.

Þetta sè yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr birtið það þeim, er hlut eiga að máli, og skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi í dag hefir verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

67. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 27. októberm.
valdanna á Íslandi, um reglugjörð fyrir barnaskólann í Reykjavík, og instrúx handa kennurunum við skóla þenna.

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 16. júlím. þ. á.

1862. 27. októberm. hefir meðtekið álitsskjal skólanefndarinnar, það er beðið var um í brèfi hèðan 22. maím., viðvíkjandi því, er bæjarstjórnin í Reykjavík hafði stungið upp á, að styttur yrði kennslutíminn í barnaskóla þeim, sem nú er búið að stofna í kaupstað þessum, þá hefir stjórnarráðinu virzt, að taka ætti til greina uppástungu bæjarstjórnarinnar í þessu efni, og hefir það í dag gefið út samkvæmt tilskipun 11. desemberm. 1860 reglugjörð um barnaskólann í Reykjavík og instrúx fyrir kennarana við skóla þenna.

Um leið og yður með brèfi þessu eru send skjöl þau, er nú var getið, skal því við bætt, að kirkju- og kennslustjórninni hefir virzt rèttast að fallast ekki á uppástungu bæjarstjórnarinnar um að sleppt skyldi úr 18. grein frumvarpsins ákvörðununum um undirkennarann; því gjöra má ráð fyrir, að nauðsyn verði á þegar fram líða stundir að skipa tvo fasta kennara við skólann, en á hinn bóginn fellst stjórnarráðið á, að fyrst um sinn sè að eins skipaður einn kennari, er fái þau laun, sem eptir 18. grein eru ætluð yfirkennaranum; þess skal og getið, að það er vitaskuld, að skólastjórnin, hvenær sem er, getur tekið tímakennara eptir þörfum skólans fyrir borgun þá, sem um verður samið.

---

27. októberm. **68. Reglugjörð um barnaskólann í Reykjavík.**

I.

Um ætlunarverk skólans, inntöku barnanna í hann, kennslu þeirra og yfirheyrslu, og um útskript þeirra úr skólanum.

1. gr. Það er ætlunarverk skólans að gjöra úr börnunum ráðvanda og siðferðisgóða menn og veita þeim þá þekking og kunnáttu, að þau geti orðið nýtir borgarar í þjóðfèlaginu.

2. gr. Í barnaskólann má veita viðtöku sèrhverju barni í Reykjavíkurkaupstað, sem orðið er fullra 7 ára að aldri og er þannig undirbúið, sem nákvæmar er ákveðið í áætluninni um, hvað kennt skal í skólanum. Svo má og taka í skólann börn, sem eiga heima annarstaðar en í kaupstaðnum, með því skilyrði, er nú var getið, að svo miklu leyti sem rúm er til þess.

3. gr. Sèu börn þau, er ganga í skólann, fleiri en 50, skal þeim skipt í tvo eður fleiri bekki; svo má og skólastjórnin, eptir uppástungu skólanefndarinnar, leyfa, að bekkjunum sè skipt í minni deildir, og einkum að efsta bekk sè skipt í tvær deildir, aðra handa drengjum og hina handa stúlkum, ef slíkt yrði álitið hentugt fyrir kennsluna. 1862. 27. októberm.

4. gr. Sá tími, þá er börn almennt eiga að koma í skólann, skal vera 1. dagur októbermánaðar; þó mega börn og koma í skólann um nýár, og má skólanefndin þar að auki leyfa, að tekið sè við þeim á öðrum tímum, þegar einhver sèrstakleg atvik eru fyrir hendi, t. a. m. vegna flutninga eður veikinda.

Þegar einhver óskar, að barn sè tekið í skólann, þá skal rita um það dómkirkjuprestinum, og ákveður hann daginn, þá er inntökuprófið skal haldið, en það skal almennt haldið um leið og ársprófin í skólanum.

5. gr. Foreldrar eður fjárhaldsmenn barna í Reykjavík skulu skyldir annaðhvort að láta börn sín ganga í skóla eður á annan hátt sjá fyrir, að þau fái þá kennslu í bóklestri og trúarbrögðum, sem skólanefndin álítur nóga. Nú sýna þeir mótþróa í þessu efni og hafa þó hvað eptir annað verið áminntir og upp hvattir, þá skal skólanefndin hafa vald til að leggja á þá fjársektir, eður á annan hátt sjá um, að börnin fái uppfræðing þá, sem þörf er á, en fjársektirnar skulu vera frá 4 sk. til 24 sk. eptir málavöxtum fyrir hvern dag, sem hirðuleysi er sýnt; skulu þær renna inn í skólasjóðinn, og má taka þær fjárnámi.

6. gr. Börnin skulu koma í skólann á ákveðnum tíma, þokkalega og sæmilega búin, og hafa með sèr bækur og annað, sem þau þurfa á að halda í skólanum. Þegar foreldrar eður fjárhaldsmenn ekki hafa efni á að útvega börnunum bækur, spjöld og annað, það er þau þurfa á að halda í skólanum, þá skal kaupa þetta handa þeim á kostnað skólasjóðsins eptir ákvörðun skólanefndarinnar.

7. gr. Börn, er hafa næm útbrot, mega ekki koma í skólann fyrri en þau eru heil orðin; en ef þau koma þangað þá á skólakennarinn þegar í stað að láta þau fara heim aptur; hann er og skyldur að gefa skólanefndinni þetta til vitundar, en hún á að annast um, að slík börn verði læknuð.

1862. 27. októberm.

8. gr. Börn, er hafa haft einhverja næma sýki, mega eigi koma í skólann fyrri en 3 vikum eptir að þau eru heilbrigð orðin og sýkin er hætt í húsi því, sem þau búa í.

9. gr. Nú verður barni eitthvað á, þá skal skólakennarinn leitast við að bæta það með áminningum; en verði slíkar áminningar árangurslausar skal barninu refsað á þann hátt, sem fyrir er mælt í 21. grein í instrúxinu fyrir kennara skólans. Þeim börnum, sem taka öðrum fram að góðri hegðan og iðni, má kennarinn veita hæfileg verðlaun, þeim til uppörfunar.

10. gr. Á hverjum degi skulu vera 5 kennslutímar í hverjum bekk, þó má skólanefndin með samþykki skólastjórnarinnar stytta kennslutímann, svo hann sè 4 tímar á dag frá því í miðjum nóvembermánuði og þangað til í miðjum janúarmánuði. Frá 1. marzm. til 14. maím. skal kennslan byrja á morgnana einni stundu fyrir dagmál, en frá 1. októberm. til 1. marzmánaðar á dagmálum; að öðru leyti skal kennslutímunum hagað á þann hátt, sem um það verður ákveðið í skólaáætluninni.

11. gr. Eigi skal kennt í skólanum í páskavikunni, og eigi í desembermánuði eptir að lokið er ársprófinu í skólanum; svo skal og vera tveggja daga leyfi á undan prófi þessu, auk þess, sem prófin að öðru leyti hafa í för með sèr, að kennslan verður að hætta um stund. Dómkirkjupresturinn má veita leyfi einn dag í senn eður hálfan dag, þegar sèrstaklegar ástæður eru til þess; en leyfi frá einstökum tímum má hlutaðeigandi kennari veita; þó ber dómkirkjuprestinum að gæta þess, að þetta sè ekki misbrúkað.

12. gr. Skólaárið skal talið frá 1. degi októberm. til 14. maím. Þó skulu foreldrar þeirra barna, sem þegar hafa fengið inntöku í skólann, eiga kost á að fá börnum sínum kennt í skólanum frá 1. ágústm. til 30. septemberm. næst á eptir, ef svo margir foreldrar koma sèr saman um þetta, að börn þau, er nota kennsluna, verði eigi færri en 15, og þeir sækja um það til skólanefndarinnar fyrir lok maímánaðar næst á undan. Fyrir þenna 8 vikna tíma skal ekki greiddur neinn kennslueyrir fram yfir það, sem ákveðið er í 30. grein, nema svo sè, að eitthvert barn á þessum 8 vikum ljúki skólaveru sinni, af því það sè

fermt, eður af öðrum ástæðum; því þá skal greiddur kennslu- 1862.
eyrir fyrir það barn einnig fyrir þessar 8 vikur samkvæmt þeirri 27. októberm.
grein, er nú var getið.

13. grein. Þessar menntir skulu kenndar í skólanum:

a. Trúarlærdómur.

b. Íslenzkur bóklestur.

c. Skript.

d. Reikningur; (bæði að reikna á spjaldi og í huganum).

e. Söngur.

Þar að auki má, að því leyti sem kringumstæður leyfa, veita tilsögn í þessum greinum: í íslenzkri málfræði og rèttritun, í því að lesa skript, í föðurlandssögu og landafræði, einnig í dönsku og í fimleik. Það skal leyft að börnum, sem skortir gáfur til að nema, ekki sè kennt annað en trúarlærdómurinn og að lesa og skrifa, eptir nákvæmari ákvörðun skólanefndarinnar.

14. gr. Á ári hverju skulu haldin tvö opinber próf, annað í lok skólaársins, en hitt í vikunni fyrir jól; skal skólanefndin hlutast til um, að próf þessi sèu haldin og skólastjórnin hafa eptirlit með þeim.

Eptir því, hvernig börnunum gengur í prófum þessum ákveður skólanefndin með ráði kennaranna um flutning þeirra úr einum bekk upp í annan, og hvar þau skuli eiga sæti í bekknum; um þessa niðurskipun ber að senda skólastjórninni lista ásamt með ársskýrslunni um ástand skólans (26. gr.).

15. gr. Skólakennslan hættir þegar börn eru tekin til fermingar eður á annan tilsvarandi hátt bundinn endi á trúarbragðauppfræðing þeirra ef þau hafa aðra trúarjátning. Þó skulu börnin útskrifuð úr skólanum við hið opinbera skólapróf í desembermánuði, ef þau í því prófi reynast hæf til þess, að farið sè að búa þau undir ferming, og aldur þeirra ekki er því til fyrirstöðu. Skólanefndin á að gefa skriflegt skýrteini um, hvernig próf þetta hafi gengið og um iðni og hegðan hvers barns yfirhöfuð meðan það var í skólanum.

1862.
27. októberm.

II.

Um hvernig kennarar skulu skipaðir, og um skyldur þeirra og rèttindi.

16. gr. Kennarar við skólann skulu skipaðir af skólastjórninni eptir uppástungu skólanefndarinnar. Kennarar geta þeir einir orðið, sem eru orðnir tvítugir að aldri og geta orðið prestar á Íslandi, eður eru útskrifaðir úr menntunarstofnun handa skólakennurum (*Skolelærerseminarium*).

17. gr. Kennslan á að fara fram eptir áætlun, sem yfirkennarinn við skólann og dómkirkjupresturinn eiga að búa til fyrir hvert skólaár, eptir að áætlun þessi hefir verið borin undir skólanefndina og samþykkt af skólastjórninni.

18. gr. Yfirkennarinn á að fá í laun að minnsta kosti 500 ríkisdali á ári, og auk þess hafa húsnæði í skólahúsinu og eldivið handa sjálfum sèr og skólanum, eður, fái hann ekki húsnæði, 60 rdl. í húsaleigustyrk á ári; undirkennarinn á að fá að minnsta kosti 250 rdl. í laun á ári auk húsnæðis og eldiviðar, eður að öðrum kosti 60 ríkisdali í húsaleigustyrk.

19. gr. Hvort veitt skuli nokkur eptirlaun nýtum kennara, er hann fer frá embætti sökum elli eður lasleika, eða hvort veitt skuli nokkurt árgjald ekkju kennara, sem hefir staðið vel í stöðu sinni þangað til hann fór frá, það skal samkvæmt tilskipun 27. nóv. 1846 24. gr. komið undir úrskurði bæjarstjórnarinnar eptir meðmælingum skólanefndarinnar í hvert skipti; en nemi slíkt gjald meiru en 20 rdl. á ári, þarf samþykki amtmanns eður hlutaðeigandi stjórnarráðs.

III.

Um umsjón skólans og stjórn á fjárhagsmálefnum hans.

20. gr. Hin eiginlega stjórn skólans skal falin á hendur nefnd manna; í henni skulu vera: dómkirkjupresturinn í Reykjavík, og skal hann vera forseti nefndarinnar, bæjarfógetinn í Reykjavík og 2 skólaforstöðumenn; skulu þeir 2 síðast töldu nefndarmenn skipaðir af bæjarfulltrúunum samkvæmt reglugjörð 27. nóvemberm. 1846, 18. gr. og eru skyldir að hafa á hendi starfa þenna í 3 ár.

21. gr. Dómkirkjupresturinn kveður nefndarmenn til funda, 1862.
og skal að minnsta kosti haldinn einn fundur í hverjum mánuði. 27. októberm.
Hann ritar í gjörðabók og brèfadagbók nefndarinnar og aðrar embættisbækur hennar; svo semur hann og brèf og álitsskjöl fyrir nefndina.

22. gr. Skólanefndin á að hafa gætur á því, að farið sè eptir öllu því, sem boðið er í reglugjörð þessari og skólaáætluninni, eða skólastjórnin skipar fyrir um reglu og aga í skólanum, og að út rýmt verði, svo sem framast er auðið, öllu, sem er til tálmunar velferð skólans.

23. gr. Undir eins og búið er að skipa nefndina, á hún að semja frumvarp til áætlunar um fyrirkomulag og störf skólans yfir höfuð, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem settar eru í þessari reglugjörð; í þeirri áætlun á og að vera reikningur um tekjur og gjöld skólans. Nefndin á síðan að senda skólastjórninni áætlun þessa, og skýra um leið frá þeim atvikum og ástæðum, sem hún er byggð á; en skólastjórnin á að fá um hana álit bæjarstjórnarinnar, og þar á eptir að senda hana með álitsskjali sínu kirkju- og kennslustjórninni, til þess hún verði endurskoðuð og staðfest. Á sama hátt skal að farið, þá er síðar kynni þykja þörf á að breyta einhverju í skólaáætluninni, eptir að búið er að samþykkja hana.

24. Nefndin á þar að auki samkvæmt reglugjörð 27. nóvemberm. 1846, 19. gr., á ári hverju fyrir lok nóvembermánaðar að senda bæjarstjórninni áætlun um þau gjöld, sem skólinn að líkindum þarf að greiða hið komanda ár, og um þau efni, sem fyrir hendi eru til gjalda þessara, án þess nokkru sè jafnað niður á gjaldþegna. Svo á hún og innan 14 daga eptir lok hvers skólaárs að gjöra reikning um tekjur og gjöld skólans hið liðna ár. Reikning þenna á gjaldkeri skólans að semja; en hann skal kosinn til 3 ára og vera einn af nefndarmönnunum og kjósa þeir hann sjálfir. Gjaldkerinn á þar að auki að heimta inn kennslueyri, og borga út gjöld skólans; og ber þess vegna að ávísa honum úr bæjarsjóðnum í byrjun hvers hálfmissiris fjórðungi af skólatillögum þeim, sem jafnað hefir verið á bæjarbúa. Þegar skólareikningurinn er búinn að liggja almenningi til

1862. 27. októberm. sýnis í þinghúsi bæjarins þann tíma, sem boðið er í 21. og og 25. gr. í reglugjörð þeirri, sem að ofan er nefnd, þá skal sá maður endurskoða hann, sem kosinn hefir verið til að endurskoða bæjarsjóðsreikninginn, en skólastjórnin leggja á hann úrskurð sinn; síðan skal bæjarfógetinn auglýsa ágrip af reikningi þessum, um leið og hann auglýsir ágripið af bæjarsjóðsreikningnum.

25. gr. Fyrir miðjan septembermánuð á ári hverju á dómkirkjupresturinn að leggja fram í skólanefndinni lista yfir þau börn í kaupstaðnum, sem á því ári hafa fyllt 7. aldursár, og skal í þeim lista skýrt frá, hvort þegar sè búið að taka þau inn í skólann, eður að eins hafi verið boðað, að þau ætli að koma í skólann. En sè þetta eigi svo, á nefndin að leitast við að komast að raun um, hvort barnið utan skóla fái þá uppfræðing, sem fyrirskipuð er í reglugjörð þessari, og, ef þörf er á, gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 5. grein í reglugjörð þessari.

26. gr. Við lok hvers skólaárs skal skólanefndin senda skólastjórninni skýrslu um ástand skólans yfirhöfuð.

27. gr. Í skólastjórninni skulu vera amtmaðurinn yfir suðurumdæminu og biskupinn yfir Íslandi.

28. gr. Undir skólastjórnina heyrir yfirumsjónin yfir skólanum. Hún á þar að auki að sjá um, að skólareikningurinn sè gjörður í tækan tíma, og að allir, sem einhverja sýslun hafa á hendi við skólann, leysi af hendi starfa sinn forsvaranlega, og að nákvæmlega sè farið eptir því, sem ákveðið er í þessari reglugjörð. Skólastjórnin skal eiga fund með sèr einu sinni á hverju hálfmissiri, ef ekki er nauðsyn á fleiri fundum, og ræða þar og gjöra út um öll málefni, er snerta skólann.

29. gr. Fimmta hvert ár skal skólastjórnin senda kirkju- og kennslustjórninni skýrslu um ástand skólans og athafnir síðast liðinn fimm ára tíma.

30. gr. Upphæð kennslueyrisins skal ákveðin í skólaáætluninni. Þó skal hann eigi fara fram úr 6 ríkisdölum um árið og 80 skildingum um einstaka mánuði fyrir börn, sem eiga heima í Reykjavík, og 12 ríkisdölum allt skólaárið og 1 rdl.

64 skild. um einstaka mánuði fyrir þau börn, sem ekki eiga heima þar í bænum. Borgunin skal greidd fyrirfram fyrir hvert hálfmissiri; þegar búið er að greiða borgunina verður henni aldrei aptur skilað. Nú eru í skólanum á sama tíma systkini, skulu þá aðeins borgaðir $\frac{2}{3}$ af ákveðnum kennslueyri fyrir hið annað og $\frac{1}{3}$ fyrir hið þriðja; en sèu þau fleiri en 3, skal ekkert borgað fyrir þau, sem framyfir eru. Eigi skal heldur greitt neitt kennslukaup fyrir þau börn, er styrks njóta úr fátækrasjóði, eður þiggi foreldrar þeirra eður þeir, sem eiga fyrir þeim að sjá, slíkan styrk, eður sèu þeir sökum fátæktar undanþegnir bæjargjöldum þeim, sem jafnað er niður eptir efnum og ástæðum. Hinir efnaminnstu af tómthúsmönnum, sem eiga fyrir börnum að sjá, en ekki er svo ástatt fyrir, sem nú var sagt, mega láta af hendi eldivið handa skólanum og kennurunum, svo sem þörf er á, í staðinn fyrir að greiða kennslukaup, eptir niðurjöfnun, sem skólanefndin gjörir og skólastjórnin leggur á samþykki sitt. 1862. 27. októberm.

31. gr. Skólanefndin á að hafa gætur á, að í skólabekkjunum sè að minnsta kosti 90 teningsfeta rúm handa hverju af börnum þeim, sem eru í skólanum í einu, að þar sèu áhöld þau, sem nauðsyn er á, og að þar sèu lopthreinsunargluggar (Ventiler). Svo á og að til búa bústað handa yfirkennaranum í skólahúsinu, og á skólanefndin að öðru leyti að hafa eptirlit með, að húsinu og húsgögnum öllum sè ávallt við haldið í tilhlýðilegu ástandi.

32. gr. Tekjur skólans eru þær, er nú skal greina:

a. Kennslueyrir. (30. gr.).
b. Sektir fyrir brot móti því, sem ákveðið er í reglugjörð þessari.
c. Gjafir.
d. Fè, er menn ánafna eptir sinn dag.
e. Árlegt tillag úr bæjarsjóði eptir reglugjörð 27. nóvemberm. 1846, 19. gr., smbr. opið brèf 26. septemberm. 1860, 3. gr.

IV.

Um handvinnuskólann.

33. gr. Skólanefndin á að leitast við að koma því á, að stofnaður verði handvinnuskóli handa stúlkum, einkum þeim,

1862. 27. oktôberm. sem eru í efsta bekk barnaskólans, þar sem þeim sè kennt að spinna og undirbúa ullina undir að hún sè spunnin, svo og að prjóna, vefa og sauma.

34. gr. Að fengnum uppástungum skólanefndarinnar og áliti bæjarstjórnarinnar, skal skólastjórnin skipa fyrir um fyrirkomulag kennslunnar í skóla þessum, þegar hann kemst á, svo og eptir hverjum reglum börn skuli fara í skólann m. m.

Stjórn kirkju- og kennslumálanna, 27. dag októberm. 1862.

D. G. Monrad.

---

27. októberm. **69. Instrúx fyrir kennarana við barnaskólann í Reykjavík.**

1. gr. Kennarar skólans eiga ekki að eins vandlega að gæta alls þess, sem er skylda þeirra eptir skólareglugjörðinni og áætluninni, heldur og að öðru leyti í kristilegu líferni ganga á undan hinum ungu með góðu eptirdæmi, og ávinna sèr þá virðing, sem er hið eina, er getur veitt kennslunni full áhrif og fullt afl.

2. gr. Sèr í lagi er það skylda yfirkennarans að hafa á hendi hina daglegu umsjón yfir börnunum í skólanum, að sjá um, að farið sè eptir þeim reglum, sem settar hafa verið um kennsluna, og að aðstoða skólanefndina í öllu því, er getur miðað til að efla hag skólans.

3. gr. Kennararnir eiga í viðskiptum sínum við börnin að sameina mildi og alvörugefni, haga sèr eptir gáfnalagi og skapferli barnanna, og leitast við að ávinna sèr hylli þeirra.

4. gr. Það er ætlandi hverjum vel siðuðum manni að unna þrifnaði og leggja stund á hann; slíkt er og áríðandi vegna heilsunnar. Kennarar skólans eiga því vandlega að hafa gát á, að börnin sèu þrifaleg. Verði sú raun á, að foreldrar, fjárhaldsmenn eður húsbændur sèu um það sakandi, að börnin sèu ósæmilega á sig komin, á kennarinn að reyna að fá þau til að hirða betur um börn sín eður hjú; en verði slíkar áminningar árangurslausar, skal hann kunngjöra það skólanefndinni, svo hún geti ákveðið, hvað gjöra skuli.

5. gr. Það er og áríðandi, að börnin sèu vanin við reglu- 1862.
semi, og á því kennarinn að hafa gætur á, að spjöld, bækur, 27. októberm.
ritföng og annað þess konar sè lagt reglulega á tiltekna staði í skólanum, og að því sè haldið þokkalegu.

6. gr. Enn fremur ber að halda bekknum hreinum og þrifalegum, sópa gólf að minnsta kosti tvisvar í viku, og ljúka upp gluggum á hverjum degi þegar kennslutímunum er lokið; skal yfirkennarinn hafa gætur á þessu.

7. gr. Kennarinn á að láta sèr vera jafn umhugað um og leggja sömu ástundun á uppfræðing og uppeldi allra barnanna, og leitast þess vegna við, með því að vanda kennslu sína og við hafa kristilegan aga, að gjöra úr hinum ungu menntaða, siðláta og guðhræddra limi safnaðarins og borgaralegs fèlags.

8. gr. Við kennsluna á kennarinn að leggja stund á að vekja og við halda löngun barnanna til að nema það, sem kennt er í skólanum, og á hann því að gjöra sèr far um, að tilsögnin verði skemmtileg, til þess að börnin sèu eptirtektasöm og vel liggi á þeim; hann á og vandlega að taka eptir, hvort þau hafi skilið það, sem hefir verið yfir farið eður lesið með þeim.

9. gr. Kennarinn á einkum með munnlegri tilsögn, með því að sýna börnunum ýmsa hluti, sem vel eiga við, og uppdrætti, með skiljanlegri og auðveldri útlistun, frásögn og viðræðum að æfa og efla sálargáfur hinna yngri barnanna, en eigi láta þau þreyta sig á því að fást sjálf við kennslubækur eður lestrarbækur; svo á hann og eigi heldur að láta eldri börnin læra utanbókar í kennslubókunum það, sem eigi hefir verið áður yfir farið með þeim; því með því ávinna börnin ekki annað en að verða leikin í að þylja hugsunarlaust upp það, sem þau hafa lært, án þess þau hafi neitt gagn af því. Það á að vera stöðug viðleitni kennarans að leiðbeina börnunum á þann hátt, að þau fái ljósan skilning á kennslunni í skólanum, og að þau með lífi og fjöri innræti sèr hana.

10. gr. Um einstök atriði kennslunnar, þá skal nákvæmlega farið eptir lestrartöflu þeirri, sem hlutaðeigandi yfirboðarar hafa sett, og ber þess að gæta þegar slík tafla er til búin, að

1862. breytt sè til um kennslugreinirnar, svo að börnin eigi þurfi
27. októberm. að fást við sömu lærdómsgrein lengur en eina stund í senn.

11. gr. Á degi hverjum skal kennslan byrja og enda með stuttri guðrækilegri bæn eður söng, sem börnin skilja; skulu bæði kennararnir og börnin standa meðan þetta fer fram. Komi eitthvert barnanna of seint, skal það standa við dyrnar þangað til morgunbæninni er lokið, til þess að trufla ekki bænahaldið.

12. gr. Við trúarbragðakennsluna á kennarinn einkum að gjöra sèr far um, að tilsögnin fari fram með þeirri alvörugefni og sè svo auðveld, sem samboðið er efninu sjálfu og sálaratgjörfi barnanna. Það er eigi nóg að gjöra hin helgu sannindi ljós fyrir skynseminni til umhugsunar, heldur á og að innræta þau hjörtum barnanna til eptirbreytni.

13. gr. Kennarinn á, að svo miklu leyti, sem í hans valdi stendur, að stuðla til þess, að hin eldri börnin sæki kirkju og taki þátt í guðsþjónustugjörðinni með söfnuðinum. Þegar foreldrar, fjárhaldsmenn eður húsbændur eru hirðulausir í þessu efni, á hann því að áminna þá, og einnig jafnaðarlega hvetja börnin til að fara með sèr í kirkju, leiðbeina þeim til að skilja rètt og færa sèr í nyt guðsorð og hinar helgu athafnir, og láta þau iðuglega temja sèr sálmasöng.

14. gr. Lestrartafla sú, sem hefir verið samþykkt samkvæmt skólareglugjörðinni (19. gr.), skal upp fest í bekknum í skólanum öllum til sýnis.

15. gr. Yfirkennarinn á að fá hjá skólanefndinni lista yfir öll þau börn í bænum, sem skyld eru að fara í skólann, og eiga síðan hlutaðeigandi kennarar að innskrifa börn þau, er skólann sækja, í þann bekk í skólanum, sem þau eiga að vera í.

16. gr. En í hverjum bekk skal haldin dagbók, er löguð sè eptir formi því, er skólastjórnin ákveður; í þá bók skal rita nöfn barnanna, aldur þeirra, hvort þau koma daglega í skólann eður ekki, iðni þeirra og framfarir m. m. Í þessa bók skal og rita skýrslu um, þegar einhver dagur eður stund fellur úr, sem ekki er kennt í skólanum, og hverjar ástæður eru til þess; skal hún ávallt vera í skólanum, og hvenær sem þess er óskað, vera til

sýnis þeim, sem eru í skólastjórninni, eður öðrum yfirboðurum, þá er þeir koma í skólann. 1862. 27. októberm.

17. gr. Það er skylda sérhvers af kennurum skólans að hafa gætur á því, að börnin ekki vanræki skólann eður kirkjuferðir. Geti hann eigi sjálfur ráðið bót á viðvarandi hirðuleysi í þessu efni, á hann að bera sig upp um það við dómkirkjuprestinn.

Nú ber það opt við, að barn kemur of seint í skólann, og er því sjálfu um það að kenna, skal þá kennarinn hegna því með því að flytja það niður í bekknum, eður með því að synja því um þau leyfi, eður þær skemtanir, sem veitt er hinum börnunum og því um líkt. Verði enginn árangur af þessu, eður verði sú raun á, að foreldrum, fjárhaldsmönnum eður húsbændum sé um það að kenna, þá skal skólanefndinni skýrt frá, hvernig ástatt er, til þess hún ákveði hvað gjöra skuli.

18. gr. Í fimm mínútur af hverri klukkustund, sem börnin eru í skólanum á degi hverjum, skulu þau eiga tómstund sér til hvíldar og hressingar fyrir utan bekkinn undir tilsjón kennara. Tómstundum þessum skal skipt niður eptir ákvörðun skólanefndarinnar, sem einnig skipar fyrir um umsjónina.

19. gr. Kennararnir eiga að gæta þess, að farið sé eptir því, sem fyrir er mælt í 7. og 8. grein í skólareglugjörðinni um þau börn, sem hafa næm útbrot eða einhverja næma sýki. Slík börn á því hlutaðeigandi kennari þegar í stað að láta fara úr skólanum heim til sín, og kunngjöra foreldrum, fjárhaldsmönnum eður húsbændum orsökina til þess; svo og á að gefa skólanefndinni þetta til vitundar.

20. gr. Þegar kennararnir beita skólaaga þeim, sem þeir eiga vald á að við hafa, ber þeim vandlega að varast hlutdrægni og reiði og þar af leiðandi bráðræðisverk. Einkum ber þeim að fara gætilega að, er þeir veita börnum verðlaun eður refsa þeim, og þannig leitast við að sporna móti því, að þau verði hégómleg fyrir verðlaun, sem þeim eru veitt um skör fram, eður þverúðarfull eður huglaus fyrir óviðurkvæmilega hegning.

21. gr. Kennaranum skal gefið á vald að veita þeim

1862. börnum hæfileg verðlaun, sem taka öðrum fram að iðni og sið-
27. októberm. gæði. Þegar hegna skal barni, ber honum að varast sérhverja þá meðferð, sem særir hina eðlilegu sómatilfinning barnsins, og þannig tálmar þeirri betrun, sem til er ætlazt að leiði af hegningunni, svo á hann og að varast slíka meðferð, er geti meitt líkama barnsins eður spillt heilsu þess. Hann má því aldrei leyfa sér að við hafa ókvæðisorð og háðugleg nöfn, eða gefa börnunum utanundir, hrinda þeim og slá til þeirra með hendinni. Þyki líkamleg refsing nauðsynleg eptir ítrekaðar áminningar og mildari hegning, þá má kennarinn við hafa lítinn og mjóan spanskreyr til að refsa með. Verði sú raun á, að slík refsing sé ónóg, skal kennarinn tilkynna skólanefndinni, hvernig brotinu sé varið, til þess hann geti fengið ákvörðun hennar um, hvernig að skuli farið.

22. gr. Kennarinn á ætíð að ástunda að lifa í góðu samlyndi við foreldra barna þeirra, sem honum er trúað fyrir, eður við þá, sem ganga börnunum í foreldra stað. Þegar færi gefst, á hann að skýra frá iðni og framförum barna þeirra, og hvernig þau hegði sér í skólanum; þar að auki á hann eptir megni að leggja þeim góð ráð um uppeldi barnanna, og sjálfur nota það, sem hann fær að vita um hagi þeirra þar sem þau eiga heima, þeim til góðs við kennslu og menntun þeirra í skólanum.

23. gr. Kennarinn á að sýna tilhlýðilega virðing yfirboðurum sínum, sem eiga að hafa eptirlit með embættisfærslu hans, hegða sér dyggilega eptir boðum þeirra, og fúslega aðstoða þá í þeim störfum, sem snerta hagi skólans. Þykist hann hafa ástæðu til að bera fram umkvörtun yfir einhverjum, eða bæn um eitthvað, er snertir sjálfan hann eður embætti hans, þá á hann að fara með þetta til skólanefndarinnar, sem er skyld að bera málið undir úrlausn skólastjórnarinuar, ef þess annaðhvort er æskt, eður það þykir nauðsynlegt.

Stjórn kirkju- og kennslumálanna, 27. dag októberm. 1862.

D. G. Monrad.

70. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um skuld hins lærða skóla á Íslandi við hinn almenna skólasjóð. 1862. 29. októberm.

Samkvæmt áliti fjárstjórnarinnar í brèfi 13. desemberm. f. á. hefir kirkju- og kennslustjórnin skorað á nefnd þá, er skipuð var með konunglegri umboðsskrá 20. septemberm. 1861 til að yfirvega fjárhagsmálefni Íslands, að hún segði álit sitt um tilkall það, sem komið er fram af hendi hins almenna skólasjóðs, um lúkning skuldar þeirrar, er hann á hjá skólanum á Íslandi fyrir ýmisleg gjöld, er greidd voru úr skólasjóðnum árin 1844—48 til hins nýja skólahúss, er byggt var í Reykjavík, og hefir nú stjórnarráðið fengið frá nefndinni álitsskjal það, sem fjárstjórninni nú skal sent eptirrit af, en í því er þeirri skoðun lýst yfir, að með því hinn íslenzki lærði skóli ekki eigi nein efni út af fyrir sig, heldur fái gjöld sín greidd úr ríkissjóði, þá verði skuld sú, sem hèr er um rætt, ekki endurgoldin af efnum skólans, og að ekki virðist heldur vera næg ástæða til að láta jafna fè þessu niður á Ísland.

Stjórnarráðið verður nú að fallast á þessa skoðun nefndarinnar, sem er samkvæm því áliti, sem það hefir leyft sèr að láta í ljósi í brèfi til fjárstjórnarinnar 18. nóvemberm. f. á., og er þá, eins og þar er bent á, það eina úrræðið eptir, að fara þess á leit við ríkisþingið, að það veiti fè það úr ríkissjóðnum, sem þarf til þess, að skuld þessi verði endurgoldin. En jafnvel þó kirkju- og kennslustjórnin enn verði að vera á því, að skólasjóðurinn eigi rètta heimting á, að fá fè þetta borgað, skal hún á hinn bóginn ekki láta hjá líða að geta þess, að eptir því sem málinu er varið, þegar á allt er litið, virðist vera vafasamt, hvort nokkur árangur yrði af því, þó þetta væri reynt. Eigi að síður þykir stjórnarráðinu hlýða að biðja um álit hinnar heiðruðu fjárstjórnar um málið, áður en gjört sè út um það. Fylgiskjöl þau, er voru með brèfi fjárstjórnarinnar, því, sem áður er nefnt, fylgja hèr með, en stjórnarráðið óskar að fá þau aptur þegar búið er að nota þau.

1862. 29. októberm.

71. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um brot gegn verzlunarlögunum.

Utanríkisstjórnin hefir með brèfi 14. þ. m. sent dómsmálastjórninni eptirrit af umkvörtunarbrèfi frá hinum konunglega spanska sendiboða hèr í bænum, viðvíkjandi því, að krafin hafi verið á Íslandi sekt af skipstjóra, að nafni Talleria, er rèði fyrir spönsku skipi „Tres Hermanos", svo og eptirrit af skýrslu frá hinum konunglega kaupmæðismanni í Liverpool, og sèst af þeirri skýrslu, hvað fram hefir farið milli hans og skipstjórans; hefir hið heiðraða stjórnarráð skorað á dómsmálastjórnina að útvega þær skýrslur um málefni þetta, sem þurfa til þess, að það geti svarað umkvörtun þessari, svo sem vera ber.

Með því dómsmálastjórnin þegar hefir fengið fullkomna skýrslu um málefni þetta, út af bænarskrá, sem hingað kom frá Wulff verzlunarstjóra í Reykjavík, um uppgjöf á sekt þeirri, sem að ofan er getið, þá leyfir stjórnarráðið sèr að senda utanríkisstjórninni til eptirsjónar skjöl þau, er málið snerta, og einnig eptirrit af þeim úrskurði, er dómsmálastjórnin hefir lagt á málið, og skal jafnframt geta þess, að af skjölunum virðist það vera öldungis vafalaust, að það hlýtur að koma af misskilningi, þar sem sagt er í brèfi hins spanska sendiherra, að 100 ríkisdala sekt hafi verið heimtuð af Talleria skipstjóra fyrir það, að hann ekki hafi haft meðferðis öll þau skjöl, sem hann átti að hafa á skipi sínu, án þess menn hafi getað tilgreint hvaða skjal hann vantaði; því sektin var krafin af honum fyrir þá sök, að hann ekki hlýddi boðinu í 3. gr. í lögum 15. aprílm. 1854, um að koma fyrst við á einhverri af þeim 6 höfnum, sem nefndar eru í 2. gr. í lögum þessum. En málið er svo vaxið, að þegar Talleria skipstjóri var kominn til Keflavíkur verzlunarstaðar í Gullbringu sýslu beina leið frá Liverpool, án þess að hafa meðferðis íslenzkt leiðarbrèf, fór Wulff verzlunarstjóri fyrir hans hönd til bæjarfógetans í Reykjavík til að fá leiðarbrèfið, en er bæjarfógetinn neitaði að láta það af hendi nema skipið fyrst kæmi við í Reykjavík samkvæmt ofangreindri lagaákvörðun, en skipstjórinn á hinn bóginn neitaði að fara eptir ákvörðun þessari, og bar

það fyrir, að Knudtzon stórkaupmaður í Kaupmannahöfn hefði 1862.
aðeins samið um, að skip sitt skyldi fara til Keflavíkur, þá sendi 29. októberm.
Wulff stiptamtmanninum bænarskrá um, að bæjarfógetinn fengi vald til að gefa út leiðarbréflð, án þess að skipið kæmi til Reykjavíkur, því að öðrum kosti mundi bæði sá, er skipið hefði leigt, og skipstjórinn, verða fyrir töluverðum skaða. Stiptamtmaður lagði síðan þann úrskurð á málið, að reyndar stæði ekki í hans valdi að leysa neinn frá boði laganna í þessu efni, en að hann á hinn bóginn eptir skýrslum þeim, sem fram voru komnar um atvik málsins, ekki væri mótfallinn því, að skipið væri affermt á þeim stað, þar sem því hafði verið ætlað að koma, með því skilyrði, að Wulff undirgengist að borga sekt þá, sem stjórnarráðið kynni að ákveða, og skyldi hann þar að auki senda hlutaðeigandi yfirvöldum brèf til dómsmálastjórnarinnar um málið, með skýrslu um, hvernig ástatt hefði verið, og skilríkjum um, að hið lögboðna lestagjald hefði greitt verið. Þetta brèf er nú hingað komið, og með því allt, sem fram er komið í málinu virðist benda á, að skipstjóranum hafi ekki verið kunnugt, að hann eptir lagaboði því, sem að ofan er getið, var skyldur að koma fyrst við í Reykjavík eða á einhverri annari af höfnum þeim, sem nefndar eru í lögunum, þá hefir stjórnarráðið eptir því, hvernig ástatt er, leyft að sektin megi niður falla.

Um leið og þetta er gefið hinu heiðraða stjórnarráði til vitundar, leyfir dómsmálastjórnin sèr að benda á, hvort ekki virðist vera ástæða til að brýna fyrir kaupræðismönnunum í Bilbao, þaðan sem skip þetta hefir verið gjört út, og kaupræðismanninum í Liverpool, að þeir eigi að leiða athygli hlutaðeigandi skipstjóra að optnefndri lagaákvörðun, og hvað af því geti leitt, ef ekki sè eptir henni breytt.

---

72. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 11. nóvember.
valdanna á Íslandi, um launaviðbót eptir kornverði handa settum skólakennara.

Eptir að búið er að skrifazt á við fjárstjórnina, svo sem um var getið í brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 27. f. m.,

1862 skal yður nú til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til
11. nóvember. þess þér gjörið þær ráðstafanir, er þarf í því efni, að ekkert er því til fyrirstöðu, að cand. phil. Jóni Þorkelssyni sè veitt launaviðbót eptir kornverði um þann tíma, sem hann er settur í 4. aðjunktsembættið við hinn lærða skóla í Reykjavík, og að greiða ber launaviðbót þessa á yfirstandandi fjárhagsári frá 1. degi októberm. með $\frac{1}{12}$ af 150 rd. á mánuði.

---

19. nóvember. **73. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um endurgjald jarðamatskostnaðar.**

Eins og yður er kunnugt, herra (tit.), hefir alþingi það, er haldið var árið 1861, sent stjórninni þegnlega bænarskrá um, að numið verði úr lögum opið brèf 1. aprílm. 1861 um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabirgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands.

Þegar litið er á, að eptir því, sem fyrir er mælt í 2. grein lagaboðs þessa, ber að heimta helming af fè því, sem þarf til að endurgjalda jarðamatskostnaðinn, á manntalsþingum árið 1863, þá hefir stjórnarráðinu þótt rèttast, til að taka fyrir öll tvímæli, að tilkynna yður nú þegar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það sýslumönnunum í umdæmi því, sem þèr eruð yfir skipaðir, að samkvæmt tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum 5. dag þ. m. þóknazt allramildilegast að úrskurða, að ofangreindri bænarskrá geti eigi orðið bænheyrsla veitt.

Til skýringar málinu skulu hèr tilfærðar ástæðurnar fyrir konungsúrskurði þessum, eptir skýrslu dómsmálastjórnarinnar um málið, er það var borið upp fyrir konungi:

Frá alþingi 1861 kom bænarskrá til konungs um, að numið verði úr lögum opið brèf 1. aprílm. 1861 um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi og til bráðabirgða hefir greiddur verið úr jarðabókar-

sjóði Íslands, en lagt verði fyrir næsta alþingi frumvarp um þetta mál, og sè þar tiltekin upphæð jarðamatskostnaðarins, og hvernig hann skuli greiddur. 1862.

Til styrkingar þessari bænarskrá sinni tók alþingi einkum fram, að jarðamatskostnaðurinn ekki gæti álitizt að hafa verið lagður fyrir alþingi, með því upphæð hans ekki hafi verið tilgreind í því frumvarpi til opins brèfs 1. aprílm. 1861, er lagt var fyrir alþingi 1859; að ekki hafi verið ráðin bót á galla þessum, er þinginu virtist hèr eiga sèr stað, með því, að upphæð kostnaðarins er til tekin í ástæðunum fyrir frumvarpinu, en í þeim sè tekið fram, að kostnaðurinn við jarðamatið árin 1849 og 1850 hafi samtals orðið 5,720 rdl. 92 sk., og að þar að auki hafi gengið 2,639 rdl. 86 sk. í annan kostnað, og hafi mestur hlutinn af því gengið til nefndar þeirrar, er skipuð var í Reykjavík til að endurskoða jarðamatið; að stjórnin með því að leggja frumvarpið fyrir alþingi hafi sýnt, að hún áliti, að leita ætti álits alþingis um það, og þá sjálfsagt að stjórnlögum rèttum, samkvæmt 4. grein í tilskipun 28. maím. 1831, smbr. 1. grein í alþingistilskipuninni, en þingið hafi enganveginn sagt álit sitt um sjálft efni máls þessa, þó það að vísu hafi bent á þann mun, er ætti að gjöra á jarðamatskostnaðinum árin 1849 og 1850, og þeim kostnaði, er síðar hafi á fallið, með því það að öðru leyti ekki hafi farið lengra út í málið, en aðeins ráðið frá, að frumvarpið yrði gjört að lögum að sinni, og að þinginu því hafi komið mjög á óvart, er frumvarpið hafi verið gjört að lögum, þrátt fyrir skýlausar tillögur alþingis árið 1859, og þrátt fyrir það, að upphæð jarðamatskostnaðarins eigi hafi verið lögð fyrir þingið, en aðferð þessa áliti það öldungis óvanalega og eigi samkvæma ofangreindum lagaákvörðunum.

Auk þessarar mótbáru móti því, hvernig lagaboðið hafi til orðið, hefir þingið álitið, að efni þess í ýmsum greinum væri á þann hátt, að það eigi gæti staðizt eins og það nú er, og tók í því tilliti fram:

1. að jarðamatskostnaðurinn sè of hár, með því ekkert tillit hafi verið haft til þess, að 2,639 rdl. 86 sk. af allri upphæðinni, 8,360 rdl. 82 sk., sèu öðruvísi undir komnir en þeir

1862. 5,720 rdl. 92 sk. er jarðamatið 1849—50 kostaði, og hljóti þó þingið að álíta, að rètt sè að gjöra mun á þessum kostnaði, einsog gjört hafi verið á alþingi árið 1859, en á hinn bóginn mundi þó þingið ekki hafa gjört þetta að miklu umtalsmáli, ef lagaboðið hefði eigi marga aðra galla að geyma;

2. að jarðamatskostnaðinum sè jafnað niður á landið á allt of stuttan tíma, með því ekki beri nauðsyn til að hann sè endurgoldinn á einum 2 árum; álaga þessi á jarðirnar í landinu, þegar það er eins bágstatt og nú er það, verði mjög tilfinnanleg þegar henni sè bætt ofan á þær álögur, sem nú hvíla á eignum þessum;

3. að þar sem ákveðið sè í 1. grein, að kostnaðinum skuli jafnað á allar jarðir í landinu, og lagt jafnt á hvert jarðarhundrað í hinni nýju jarðabók, þá geti þingið ekki sèð, hvernig svo megi verða án þess að lagaboðið valdi hinum mesta ójöfnuði; og er í þessu tilliti tekið fram, að það sè kunnugt, að prestsmatan sè lögð til jarðanna í hinni nýju jarðabók, en upphæð prestmötunnar sè, eptir skýrslu jarðamatsnefndarinnar í Reykjavík, 3,359 rdl., eður $\frac{1}{40}$ af öllum afgjöldum jarðanna; eptir þingsins áliti sè það auðsætt, hversu ranglátt það væri, ef kirkjubændur ættu að greiða jarðamatskostnað af prestsmötunni, sem er gjald, er þeir eru skyldir að gjalda til uppheldis prestinum, með því það væri að gjalda toll af tolli; þar að auki liggi á sumum jörðum bænhústollur til prests, og sè honum öldungis eins háttað og prestsmötunni, og hafi hann verið færður til hundraðatalsins í jarðabókinni nýju;

4. að ekki verði sèð, hvernig ákvörðunin í 2. grein hins opna brèfs geti átt við um þau jarðarhundruð í hinni nýju jarðabók, sem enginn viss eigandi er. að, svosem sèu þrætupartar þeir allir, sem metnir sèu sèrskilt, með því ekki verði sagt, hver sè eigandi þeirra, fyrri en dómur sè upp kveðinn í þrætumálunum, og geti því eigi ábúandinn haft þann aðgang til eiganda, sem honum sè heimilaður í lagaboðinu; því ekki verði sagt, að sá sè eigandi þrætupartsins, er sè handhafi hans á þeim tíma, er fèð skal endurgoldið, eður hefir byggt hann öðrum;

5. að það sè miklum vafa undirorpið, hver sè rèttur eig-

andi að sumum jörðum t. a. m. stöðum (beneficiis) og kirkju- 1862.
jörðum þeim, er stöðum fylgja, hvort það sè kirkjuprestur, kirkjan á stöðunum eður annar.

Þá er mál þetta var borið undir úrskurð konungs, var tekið fram í skýrslu dómsmálastjórnarinnar, að eins og konungsfulltrúi á alþingi hafi sýnt fram á, bæði við umræður málsins á þinginu og í álitsskjali því, er frá honum kom með bænarskrá alþingis, að ástæður þær, er þingið hefir til fært í bænarskrá sinni, sèu sumpart rangar og sumpart ónógar, og þessvegna lýst yfir því áliti sínu, að engin ástæða sè til að fara eptir tillögum þingsins um þetta mál, þannig verði dómsmálastjórnin öldungis að fallast á álit konungsfulltrúa, og voru því til styrkingar gjörðar þær athugasemdir um málið, er nú skal frá skýrt:

Viðvíkjandi aðalmótbáru þingsins móti lagaboðinu, að það eigi hafi verið lagt fyrir þingið á rèttan hátt, þá ber þess að geta, að þegar frumvarpið til lagaboðs þessa var lagt fyrir alþingi, og í ástæðunum fyrir frumvarpinu til færð sú upphæð, sem endurgjalda á eptir lagaboðinu, þá hefir þingið fengið kost á að segja álit sitt um þetta atriði; þingið hefir og notað tækifæri það, er því þannig var gefið, til þess að lýsa yfir því áliti í álitsskjali sínu, 18. ágústm. 1859, að ástæða væri til að aðgreina þann kostnað, er leiddi af jarðamatinu sjálfu árin 1849 og 1850 frá hinum síðari kostnaði, er nefnd sú, er skipuð var í Reykjavík til að endurskoða jarðamatið, og útreikningurinn á jarðabókinni hefir haft í för með sèr; því eptir þingsins áliti ætti þessi síðarnefndi kostnaður að heimfærast til skrifstofukostnaðar, en þar á móti einungis hinn fyr taldi kostnaðurinn, 5,720 rd. 92 sk., að endurgjaldast og jafnast niður á jarðirnar, eptir þeim dýrleik, sem settur er á hverja jörð í hinni nýju jarðabók. Þar að auki hefir þingið sagt álit sitt um, hvenær jafna ætti kostnaði þessum á landið, og þótti þinginu rèttast, að niðurjöfnunin færi ekki fram, fyrri en jarðabókin væri búin að fá lagagildi. Þingið hefir þannig í raun og veru sagt álit sitt um aðalatriðin í lagaboðinu, og þar sem því nú hefir þótt það svo miklu skipta, að sú upphæð, sem jafna ætti á landið, ekki er tilfærð í sjálfu

1862. frumvarpinu, þá er það ljóst af ástæðunum fyrir því, að orsökin til þessa var aðeins sú, að menn þá bjuggust við, að bæta þyrfti við lítilfjörlegum kostnaði fyrir þrjár virðingargjörðir, sem ekki voru komnir reikningar fyrir; en með því að sú varð raun á, að virðingargjörðir þessar ekki höfðu neinn sérstaklegan kostnað í för með sér, var tilfærð í hinu opna brèfi 1. aprílm. 1861 öldungis sama upphæðin og tilgreind er í ástæðunum fyrir frumvarpinu. Í álitsskjali alþingis 18. ágústm. 1859, því er að ofan er getið, hefir þingið eigi heldur komið fram með nein mótmæli móti því formi, sem við var haft, er málið var borið undir álit þingsins, jafnvel þó einmitt þá hefði verið hið rètta tækifæri til að koma fram með slík mótmæli. En eins og mótmæli þessi því eigi hafa fram komið í tækan tíma, þannig mega þau og álítast að vera í raun og veru öldungis ástæðulaus, með því málið, eptir því sem að ofan er frá skýrt, hefir verið lagt fyrir alþingi samkvæmt tilskipun 28. maím. 1831 4. gr., smbr. alþingistilsk. 1. gr.

Um hinar sèrstaklegu mótbárur alþingis móti efni lagaboðsins voru gjörðar þessar athugasemdir:

Um 1. Þar sem alþingi álítur, að kostnaðurinn sè of hátt settur, þá getur dómsmálastjórnin eigi horfið frá þeirri skoðun sinni, sem útlistuð er í ástæðunum fyrir opnu brèfi 1. aprílm. 1861[1], að engin ástæða sè til, eins og alþingi hefir gjört, að aðgreina jarðamatskostnaðinn 1849—50, er var 5,720 rdl. 92 sk. frá þeim kostnaði, er síðar hefir verið varið til að ljúka við jarðamatið, en það eru 2,639 rdl. 86 sk., þannig, að einungis hin fyrtalda upphæðin skyldi endurgoldin samkvæmt tilsk. 27. maím. 1848, 7. gr., og skal hèr að eins ítrekað, að svo verður að álíta, að skilja eigi það, sem fyrir er mælt í lagastað þessum um endurgjald jarðamatskostnaðarins, á þann hátt, að einnig beri að endurgjalda kostnað þann, er reis af öllum þeim ráðstöfunum er miðuðu til að fullgjöra jarðamatið eptir að hinni eiginlegu jarðavirðing var lokið; þar við bætist, að ráðstafanir þessar voru gjörðar eptir uppástungum alþingis, og hvað sèr í lagi snertir

1) Sjá hèr að framan 458—461 bls.

jarðamatsnefnd þá, er skipuð var í Reykjavík, en af henni leiddi mestur hluti hins síðari kostnaðarins, þá hefir alþingi sjálft gjört ráð fyrir, að kostnaðurinn til hennar skyldi endurgoldinn ríkissjóðnum, er það í þegnlegu álitsskjali sínu 10. ágústm. 1853, um leið og það fór fram á, að nefndin yrði skipuð, stakk upp á, að allur sá kostnaður, er leiddi af ráðstöfun þessari, skyldi fyrirfram greiddur úr jarðabókarsjóðnum, en í þessu liggur augljóslega sú þýðing, að kostnaðurinn skyldi síðan endurgoldinn; eigi komu heldur nein mótmæli fram af hálfu þingsins árið 1857, þá er því var kunngjörður konungsúrskurður 27. maím. 1857, sem meðal annars fyrir skipaði, að þóknun til nefndarmannanna m. m. skyldi endurgoldin ríkissjóðnum. 1862.

Um 2. Um þá mótbáru alþingis, að jarðamatskostnaðinum sè jafnað niður á of stuttan tíma, þá skal þess getið, að á alþingi 1859 komu engin mótmæli fram gegn þeirri ákvörðun í frumvarpinu, sem hèr er um rætt, og var því engin ástæða til að ákveða gjaldfrestinn öðruvísi en gjört hefir verið í lagaboðinu. Með því nú ekki eru komnar fram skýrslur um, að ástandið á Íslandi hafi breytzt neitt töluvert á þeim tíma, er síðan hefir liðið, og þegar litið er á, að gjald það, sem hèr er um rætt, aðeins er $9\frac{1}{4}$sk. af hverju jarðarhundraði, að þessu gjaldi er skipt niður á tvö ár, og að það eigi verður heimtað fyrri en árin 1863 og 1864, þá virðist ekki vera ástæða til að taka til greina mótmæli alþingis um þetta atriði.

Um 3. Þar sem alþingi hefir sagt, að prestsmatan sè lögð til jarðanna í hinni nýju jarðabók, þá á þetta að skiljast þannig, að þegar settur var dýrleiki á þær jarðir, sem prestsmata er goldin af, var ekki haft neitt tillit til þess, að nokkur hluti af afgjöldum þessara jarða rennur inn til annars en eigandans, það er að segja er greiddur til prestsins, svo að dýrleiki jarðanna eigi hefir verið færður niður fyrir þá sök, að þessi þungi hvílir á þeim. Það sem alþingi finnur að, er því það, að eigandi þeirrar jarðar, sem prestsmata er goldin af, skuli eiga að borga jarðamatskostnað af allri hundraðatölu jarðarinnar þrátt fyrir það, þó hann verði að láta af hendi til annars manns nokkurn hluta af tekjunum af jörðinni. En bæði er það, að alþingi

1862. 1859 ekki kom fram með nein mótmæli um þetta efni, enda virðist og þessi ákvörðun í lagaboðinu ekki olla því, að jarðareigandi á nokkurn hátt verði of hart úti, með því hann getur látið koma upp í prestsmötuna þann hluta af jarðamatskostnaðinum, sem presturinn kynni eiga að greiða eptir réttu hlutfalli við þann hluta af jarðarafgjaldinu, sem hann fær. En um rétt jarðeiganda í þessu efni, þá liggur það atriði fyrir utan ákvarðanir lagaboðsins, og verður að gjöra út um það við dómstólana, ef hlutaðeigendur ekki geta komið sér saman í því efni; en ætla má að slíkt muni ekki opt bera að höndum, með því hér optastnær verður um lítilræði að gjöra.

Um 4. Að ágreiningur er um eignarrétt til jarðarparts, sem settur er dýrleiki á, ollir engum vanda, þegar beita skal ákvörðununum í lagaboði þessu, með því gjald það, sem þar er ákveðið, skal heimtað af þeim, sem hefir prætupartinn til afnota, og ef hann er annar maður en sá, er telur sig eiganda hans, þá fær hann það endurgoldið hjá þeim, sem hefir byggt honum prætupartinn. Verði prætuparturinn unninn frá þeim, er þannig hefir orðið að greiða jarðamatskostnaðinn, þá verða dómstólarnir, ef til þess kemur, að skera úr, hvort sá, er unnið hefir prætupartinn, eigi að endurgjalda hinum það, sem hann hefir kostað upp á hann, og þar á meðal kostnað þann, sem leitt hefir af matinu á honum, en um þetta atriði ber öldungis ekki að ákveða neitt í lagaboðinu.

Um 5. Það virðist öldungis vafalaust, að hlutaðeigandi prestar eiga að greiða jarðsmatskostnaðinn fyrir staði og kirkjujarðir þær, er fylgja prestsembættunum, og það stendur í þessu efni á sama, hvort prestakallið eða kirkjan á að álítast að vera eigandi, með því presturinn (beneficiarius) hvort heldur sem er, verður í stað eiganda og á að svara til gjaldsins, svo sem sá, er hefir ágóðann af eignunum (usufructuarius).

74. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir danska þýðing alþingistíðindanna.** 1862. 9. desember.

Í sambandi við skýrslur þær, er þèr, herra stiptamtmaður, hafið fengið hèðan smátt og smátt um fè það, sem varið hefir verið til að borga með danska þýðing af tíðindunum frá alþingi 1861, er til búin hefir verið hèr í bænum, þá skal yður nú, er þýðing þessari er lokið, til vitundar gefið, að auk þess fjár, sem um er rætt í brèfum stjórnarráðsins 18. febrúarm. og 13. ágústm. þ. á., og 19. f. m., en það fè er að upphæð 261 rdl., 32 rdl. 36 sk. og 71 rdl. 48 sk., hefir þýðing þessi enn fremur kostað 93 rdl. 36 sk., sem ávísað hefir verið úr aðalfèhirzlu ríkisins af fè því, sem til er fært til alþingiskostnaðar í fjárlögunum fyrir árið 1861—62, 9. gr. G, a, 2, og eruð þèr beðnir að annast um, að þessir 93 rdl. 36 sk., ásamt hinu fènu, því er að ofan er greint, verði endurgoldnir ríkissjóðnum á þann hátt, sem sagt er í brèfi dómsmálastjórnarinnar 22. janúarm þ. á.[1].

Viðbætir við árið 1862.

75. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um danska þýðing alþingistíðindanna.** 22. janúarm.

Í brèfi dómsmálastjórnarinnar 12. septemberm. f. á. var leyft, að sleppa mætti að senda hingað danska þýðing af þingbók alþingis 1861; en eptir að nú er búið að skrifazt á um málið við fjárstjórnina, skal yður enn fremur kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr gjörið þær ráðstafanir, er þarf í því efni, að samkvæmt skilyrði því, er sett var í áður greindu brèfi dómsmálastjórnarinnar, ber að telja fè það, sem borgað verður fyrir

1) Brèf dómsmálastjórnarinnar 22. janúarm. 1862 er prentað hèr á eptir í viðbæti við árið 1862.

1862. 22. janúarm. þýðinguna hèr í bænum, og sem þèr síðar munuð fá vísbending um hvað mikið verður, með öðrum kostnaði við alþingi 1861, og ásamt honum að endurgjalda ríkissjóðnum með niðurjöfnun á Ísland.

---

28. februarm. **76. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um hafnartaxta fyrir Reykjavík.**

Með brèfum yðar, herra stiptamtmaður, 28. októberm. og 19. nóvemberm. f. á. hefir dómsmálastjórnin meðtekið bæði bænarskrá frá mestum þorra verzlunarmanna í Reykjavík um, að töluvert verði lækkaður hafnartaxti sá, sem innanríkisstjórnin samþykkti fyrir kaupstað þenna 12. dag maím. 1855, og einnig nýtt frumvarp til hafnartaxta frá hafnarnefndinni, og er sá mismunur á því frumvarpi og þeim hafnartaxta, sem nú er í gildi, að hafnartollurinn í frumvarpinu er færður niður um hèr um bil þriðjung, og að í því er ákvörðun um, að þau skip danskra þegna, sem eru á fiskiveiðum við strendur Íslands, skuli vera undanþegin hafnargjöldum, ef ekki er fluttur neinn farmur úr þeim eður í annar en sá, er heyrir til afla þeirra eður fiskiveiðum.

Stjórnarráðið leggur nú samþykki sitt á hinn nýja hafnartaxta, er hafnarnefndin hefir stungið upp á, og sendir yður hann aptur með brèfi þessu, ásamt brèfi nefndarinnar og bænarskrá þeirri, sem að ofan er getið; en þar sem ástæður þær, er hafnarnefndin hefir til fært fyrir uppástungum sínum, kunna að virðast benda á, að lækka beri hafnartollinn enn meira en gjört er í frumvarpinu, svo sem og er farið fram á í bænarskránni, þá eruð þèr, herra stiptamtmaður, beðnir að segja stjórnarráðinu álit yðar um, hvort ekki muni vera ástæða til þessa, og að senda því þá um leið fylgiskjölin aptur.

(Fylgiskjal). 1862.

Hafnartaxti fyrir Reykjavík.

I. Hafnartollur: sk.

1. Fyrir skip þau, sem mark er á sviðið, eða metin eru til lestatals, hvort heldur þau eru fermd varningi, tóm, eða hafa seglfestu, gjaldist eptir fullu lestatali þeirra, í hvert skipti er þau leita hafnar, fyrir innsigling og útsigling, ef hvorki er fluttur farmur úr þeim nè í á höfninni, þannig:
   a. fyrir innanbæjarskip, er þeir menn eiga, sem að staðaldri eru búsettir í bænum og eigi jafnframt hafa heimili annarstaðar, og sè afsalsbrèfunum fyrir skipunum þinglýst, skal gjalda 3
   b. en fyrir utanbæjarskip, er innanríkismenn eiga, eða þeirra þjóða menn, er jafnrètti hafa innanríkismönnum til verzlunar, skal gjalda 5
2. Nú er skip annaðhvort fermt eða affermt á höfninni, og skal þá auk þess gjalds, sem þegar var getið, hvort heldur sem eru innanbæjarskip, eða utanbæjarskip, er innanríkismenn eiga, eða þeirra þjóða menn, er jafnrètti hafa innanríkismönnum til verzlunar, enn fremur gjalda eptir fullu lestatali þess fyrir hverja lest 11

   Þó skal gjald þetta greiða að eins fyrir þau skip, er koma til Íslands, eða halda frá Íslandi, en eigi fyrir þau skip, er flytja varning hafna á milli á Íslandi.
3. Fyrir innanbæjar þiljubáta, sem eigi eru metnir til lestatals, skal greiða gjald það, sem talið er undir 1. tölulið, sem tveggja lesta skip væru, en eigi utanbæjarmenn þá, skal gjalda sem fyrir 4 lestir. Nú er á smærri skipum varningur fluttur milli bæjarins og annara verzlunarstaða, eða úr skipum þeim eða í, er eigi greiða hafnartoll eptir ákvörðunum þeim, sem nú eru greindar, og skal fyrir þesskonar smáskip gjalda sem fyrir eina lest.

1862. sk.

Liggi skip á höfninni lengur en 6 vikur, þegar með taldir eru bæði komudagur og burtfarardagur, og eiga utanbæjarmenn eða útlendingar, og eigi það sèr stað einhverntíma frá 15. degi marzmánaðar til 14. dags desembermánaðar, og sè hvor þessara daga með talinn, gjaldist $\frac{1}{24}$ af gjaldi því, sem talið er undir 1. tölulið fyrir hvern þann dag, er skip liggur lengur en 6 vikur; nú liggur skip lengur en 6 vikur einhverntíma frá 15. degi desembermánaðar til 14. dags marzmánaðar, að báðum dögum meðtöldum, og skal þá ekkert greiða fyrir það. Nú leggur skip til hafnar fyrir 15. dag desembermán., og heldur fyrst á burtu eptir 14. dag marzmán., þá skal leggja saman þá daga, er það var fyrir 15. dag desemberm. og eptir 14. dag marzm., og skal eptir þeim talið, hvort skipið hefir verið lengur en 6 vikur á höfninni.

II. Auk gjalds þess, er nú var talið, skal enn fremur, þegar svo ber undir, greiða gjöld þau, er hèr segir:

1. Strandtollur. Ef skip er lagt upp í fjöruna til að hreinsa það eður endurhæta, hvort heldur eru innanbæjarskip eða utanbæjarskip, er eiga innanríkismenn eða þeirra þjóða menn, er jafnrètti hafa innanríkismönnum til verzlunar, þá skal gjalda eptir lestatali skipsins um dag hvern, er það liggur þar, fyrir hverja lest 2

2. Seglfestugjald. Ef seglfesta er flutt úr skipi eða í, hvort heldur eru innanbæjarskip eða utanbæjarskip, er eiga innanríkismenn eða annara þjóða menn, þeirra er jafnrètti hafa innanríkismönnum til verzlunar, skal gjalda eptir lestatali skipsins fyrir hvert lestarrúm 2

Fyrir annara þjóða skip, þeirra er eigi hafa jafnrètti með innanríkismönnum til verzlunar, greiðist gjöld þau, er nú hafa verið greind, með helmings viðbót við gjöld annara þjóða skipa, þeirra er jafnrètti hafa innanríkismönnum til verzlunar; en þær

þjóðir teljast eigi hafa jafnrètti innanríkismönnum til verzlunar, 1862.
sem eptir lögum dags. 15. aprílm. 1854 og auglýsingu stjórnarherra innanríkismálanna, dags. 24. marzm. 1855, eiga að greiða hærra leiðarbrèfagjald en hið vanalega.

Öll skip, er ríkið á, eru undanþegin hafnargjöldum.

Undanþegin hafnargjöldum eru og öll skip danskra þegna, þau sem eru á fiskiveiðum við strendur Íslands, ef ekki er fluttur neinn farmur úr þeim eður í, annar en sá, er heyrir til afla þeirra eður fiskiveiðum.

Gjöld þau, er áður hafa verið greind, skal og greiða fyrir þau skip, er leita hafnar sökum andviðra, storma eða því um líks.

Nú hefir skip beðið skemmdir á sjó, og leitar til hafnar fyrir þær sakir, og er það þá undanþegið hafnargjöldum ef það flytur að eins í burtu allan þann farm, sem það kom með, hvort sem farmurinn hefir verið úr því fluttur eða hefir verið í skipinu.

Toll þann, sem greindur er undir tölulið I., skal greiða fyrir hvert það skip, er liggur fyrir innan eyjar þær, er um höfnina lykja.

Reykjavíkur hafnarnefnd, 16. dag nóvemberm. 1861.

Á. Thorsteinson. Tærgesen. M. Smith.

Þessi hafnartaxti samþykkist hèr með.

í Dómsmálastjórninni 18. dag febrúarm. 1862.

Casse.

---

77. Brèf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslustjórnarinnar, um próf í íslenzku. 31. júlím.

Með brèfi 19. maím. þ. á. hefir kirkju- og kennslustjórnin sent dómsmálastjórninni skjal nokkurt, sem nú er aptur sent, frá Konráði prófessor Gíslasyni, en í því fer hann fram á, að próf í íslenzku máli, sem honum hefir verið á hendur falið að halda yfir þeim mönnum, er sækja um embætti á Íslandi en ekki eru Íslendingar, verði haldið í heyranda hljóði, og að skipaðir verði tveir prófdómendur við próf þetta; getur kirkju- og

1862. 31. júlím. kennslustjórnin þess í brèfi sínu, að hún fyrir sitt leyti ekki sjái, að neitt sè því til fyrirstöðu, að farið sè eptir tilmælum Konráðs prófessors Gíslasonar, og skýtur því til dómsmálastjórnarinnar að afráða það, sem henni þyki rèttast, að ákveðið sè í þessu máli.

Í þessu efni skal þess nú getið, að dómsmálastjórninni virðist vera ástæða til, að láta halda próf það, sem hèr er um rætt, í heyranda hljóði, en þar á móti virðist vera áhorfsmál, að fyrir skipa, að prófdómendur sèu við prófið, einkum fyrir þá sök, að það ef til vill gæti orðið torvelt að finna menn, er hentugir væru til þess; en ef hafa ætti prófdómendur, þá virðist ekki eiga að einskorða ætlunarverk þeirra þannig, að þeir aðeins sèu til ráðaneytis, svo sem prófessorinn hefir sveigt að í skjali sínu, en þó virðist þetta aðeins vera varauppástunga hans, heldur ættu þeir að eiga atkvæðisrètt. Um efni prófsins, þá verður dómsmálastjórnin að álíta nauðsynlegt, að það sè aukið á þann hátt, að auk hins munnlega prófsins sè einnig haldið skriflegt próf, sem þá ætti að vera í því fólgið að snúa verkefni á íslenzku úr dönsku; skyldi kennarinn í norðurlanda málum til taka verkefnið, án þess að prófdómendurnir, ef þeir yrðu skipaðir, ættu að eiga neinn þátt í að velja það.

En áður en ákveðið sè um málefni þetta að fullu og öllu, biður dómsmálastjórnin hið heiðraða stjórnarráð að segja álit sitt um, hvort það að sínu leyti hafi nokkrar mótbárur fram að færa gegn því, að málinu sè skipað á þann hátt, sem að ofan er á vikið.

1863.

1. **Lög um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi.** 19. janúarm.

Vèr Friðrik hinn sjöundi, og s. frv. Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vèr staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Frá 1. degi aprílmánaðar 1863 skulu embættismenn þeir á Íslandi, sem hèr eru taldir, fá fyrst um sinn árlega launaviðbót, svo sem nú skal greint:

A. Embættismenn, er heyra undir dómsmálastjórnina:

Stiptamtmaðurinn	400 rdl.
Amtmaðurinn yfir vesturumdæminu	300 —
Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu .	700 —
Landfógetinn	400 —
Forsetinn í landsyfirrèttinum	600 —
1. meðdómandi í landsyfirrèttinum	650 —
2. meðdómandi í landsyfirrèttinum	250 —
Landlæknirinn	300 —
Læknirinn í eystra læknishèraði suðurumdæmisins .	400 —
Læknirinn á Vestmannaeyjum	100 —
Læknirinn í syðra læknishèraði vesturumdæmisins	400 —
Læknirinn í nyrðra læknishèraði vesturumdæmisins	100 —
Læknirinn í Húnavatns- og Skagafjarðar sýslum .	250 —
Læknirinn í Eyjafjarðar- og Þingeyjar sýslum . .	250 —
Læknirinn í austurumdæminu	100 —

B. Embætttismenn, er heyra undir kirkju- og kennslustjórnina:

Biskupinn	800 rdl.
Dómkirkjupresturinn í Reykjavík	250 —
1. kennari við prestaskólann	300 —
2. kennari við prestaskólann	300 —

1863. 19. janúarm.

1. kennari við hinn lærða skóla . . . . . 200 rdl.
2. kennari við hinn lærða skóla . . . . . 100 —
3. kennari við hinn lærða skóla . . . . . 200 —

2. gr.

Enn fremur veitast biskupinum 400 rdl. til skrifstofukostnaðar og landfógetanum 200 ríkisdala viðbót við skrifstofufé það, er hann hefir haft að undanförnu.

Aðstoðarfé það, sem veitt kann að verða í fjárlögunum fyrir árið 1863—64 með gjöldum Íslands, þeim er snerta kirkju- og kennslustjórnina, skal hækkað til 1100 rdl.

3. gr.

Launaviðbót sú, sem talin er í 1. grein, skal greidd ásamt hinum föstu launum, eptir reglunum um borgun embættislauna eptir kornverði í lögum 19. febrúarmánaðar 1861 um laun handa embættismönnum og sýslunarmönnum, er heyra undir stjórnarráð konungsríkisins, að undanteknum þeim, sem eru í sjálfum stjórnarráðunum[1]; og skal launaviðbótin greidd einungis þeim embættismönnum, sem nú eru í embættunum, eður verða skipaðir í þau embætti, sem nú eru laus.

4. gr.

Ef nokkrum af embættismönnum þeim, sem taldir eru í 1. grein, kynni að verða veitt biðlaun eður eptirlaun, sökum þess að breytt yrði því fyrirkomulagi, sem nú er á fjárhagsstöðu Íslands í ríkinu, þá skal launaviðbót sú, sem að ofan er nefnd, reiknuð með samkvæmt eptirlaunalögum 5. janúarmánaðar 1851, 3. grein, þegar ákvæðin er upphæð biðlaunanna eður eptirlaunanna.

5. gr.

Lög þessi skulu endurskoðuð í seinasta lagi fyrir lok fjárhagsársins 1865—66.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

---

1) Hinar almennu ákvarðanir í lögum þessum (19. febr. 1861), og þar á meðal þær ákvarðanir, sem hèr er til vitnað, eru prentaðar hèr að framan á 463.—468. bls.

Samkvæmt konungsúrskurði 5. nóvemberm. 1862 var lagt fyrir ríkisþingið, er þá stóð yfir, lagafrumvarp, er samið hafði verið í dómsmálastjórninni, um laun ýmsra embættismanna á Íslandi, og er frumvarp þetta með ástæðunum fyrir því þannig hljóðandi: 1863.

Frumvarp til laga

um laun ýmsra embættismanna á Íslandi.

1. gr. Stiptamtmaðurinn fær í laun 2800 rdl.; bætast þar við 200 rdl. fyrir hver 5 ár, sem hann er í embættinu þangaðtil launin eru orðin 3400 rdl. Þar að auki veitast honum 400 rdl. á ári, sem þó engin eptirlaun reiknast af. Amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu og amtmaðurinn í vesturumdæminu fá í laun 2000 rdl. hvor; bætast þar við 200 rdl. fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum þangaðtil launin eru orðin 2800 rdl. Þar að auki fær stiptamtmaðurinn og amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu frían bústað og embættisjörð, en aptur á móti fær amtmaðurinn í vesturumdæminu eins og að undanförnu í stað þessa 200 rdl. endurgjald á ári.

Landfógetinn fær í laun 1000 rdl. Þar að auki veitast honum 500 rdl. á ári í skrifstofukostnað og 150 rdl. í húsaleigustyrk eins og að undanförnu.

2. gr. Forsetinn í hinum íslenzka landsyfirrètti fær í laun 2000 rdl. og meðdómendurnir 1200 rdl. hvor; þar að auki fá þeir 200 rdl. í launaviðbót fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta ekki laun forsetans orðið hærri en 2800 rdl. og meðdómendanna 2000 rdl. á ári.

3. gr. Landlæknirinn fær í laun 1000 rdl. og hèraðslæknarnir 600 rdl. hver; þar að auki veitist þeim 100 rdl. launaviðbót fyrir hver 3 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta laun landlæknis ekki orðið hærri en 1400 rdl. og laun hèraðslækna eigi hærri en 1000 rdl. á ári.

Landlæknirinn og hèraðslæknarnir á Vestmannaeyjum, í syðra og í nyrðra læknishèraði vesturumdæmisins halda framvegis húsaleigustyrk þeim, sem þeim hefir verið veittur að undanförnu, en það eru 150 rdl., 30 rdl., 25 rdl. og 25 rdl.

1863. 4. gr. Biskupinn fær í laun 2800 rdl., þar við bætast 200 rdl. fyrir hver 5 ár, sem hann er í embættinu, þangaðtil launin eru orðin 3200 rdl. Enn fremur veitast honum 400 rdl. á ári í skrifstofukostnað, og eins og að undanförnu 200 rdl. á ári í staðinn fyrir frían bústað.

Þangaðtil öðruvísi verður fyrirskipað um tekjur dómkirkjuprestsins í Reykjavík, veitist honum fyrst um sinn 250 rdl. viðbót á ári, auk þeirra 150 rdl., sem hann að undanförnu hefir haft í húsaleigustyrk um árið.

5. gr. Forstöðumaður prestaskólans og skólameistari hins lærða skóla í Reykjavík fá í laun 1600 rdl.; þar við bætast 200 rdl. fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum, þangaðtil launin eru orðin 2200 rdl. á ári. Skólameistarinn fær þar að auki frían bústað í skólahúsinu, og forstöðumaður prestaskólans 150 rdl. á ári í húsaleigustyrk eins og að undanförnu.

Yfirkennarinn við hinn lærða skóla fær í laun 1000 rdl.; þar við bætast 200 rdl. fyrir hver 5 ár, sem hann er í embættinu, þangað til launin eru orðin 1600 rdl. á ári. Undirkennararnir við prestaskólann og hinn lærða skóla fá í laun 500 rdl.; þar við bætast 100 rdl. fyrir hver 3 ár, sem þeir eru í embættunum, þangaðtil launin eru orðin 1000 rdl. á ári. Húsaleigustyrkur sá, sem að undanförnu hefir veittur verið yfirkennaranum og nokkrum af undirkennurunum við hinn lærða skóla, fellur burtu.

Til borgunar fyrir umsjónarmannsstörf við skólann, fyrir söngkennslu og íþróttakennslu, og fyrir að leika á organ í dómkirkjunni og til launa handa dyraverði skólans veitast í einu lagi 1100 rdl. á ári; reiknist $\frac{2}{5}$ af því fé eptir kornverði, og borgist eptir því, sem ákveðið er í næstu grein hèr á eptir.

6. gr. Af föstum tekjum í peningum (hvort sem það eru eiginleg embættislaun, sýslunarlaun og launaviðbót, veitt einstökum manni, eða fast gjald í peningum í staðinn fyrir skileyri), sem veittar eru embættismönnum og sýslunarmönnum á Íslandi, þeim er fá laun sín úr ríkissjóði, skal reikna til korns 60 ríkisdali af hverju hundraði af fyrstu 5 hundruðunum, 40 ríkisdali af hverju hundraði af næstu fimm hundruðunum, 20 ríkisdali af

hverju hundraði af næstu fimm hundruðum, og að síðustu 10 ríkis- 1863.
dali af hverju hundraði af þeim næstu fimm hundruðum, er á eptir fara, á þann hátt, að 4 ríkisdalir séu taldir til jafns við eina korntunnu. Aðeins þann hluta peningagjaldsins skal reikna til korns, er nemur heilum korntunnum, en það, sem framyfir er, skal eigi með talið. Enn fremur skal nema svo af þeim hluta árslaunanna, sem eptir ákvörðun þessari skal talinn embættismönnum til ágóða, að hann sé heilir ríkisdalir, er eigi standi á stökum, en það, sem framyfir er, falli burt.

Það korn, sem embættismenn eður sýslunarmenn eptir þessu eiga að fá, skal reiknað þeim í tekjur eptir meðalverði þeirra fjögra korntegunda, er nú skal sagt: hveitis, rúgs, byggs og hafra, eptir verðlagsskrá þeirri, sem gildir um kornuppskeru hins umliðna árs, þannig, að hveitið sé metið eptir verðlagsskránni í Lálands- og Falsturs stipti, en rúg, bygg og hafrar eptir verðlagsskránni í Sjálands stipti.

Þó skal kornverð það, sem eptir þessu á að reikna í tekjur embættismanna, aldrei sett hærra en 6 ríkisdalir, og aldrei lægra en 4 ríkisdalir á hverri tunnu. Það skal greitt þeim ásamt með öðrum launum þeirra, og á sama hátt og þau.

7. gr. Ákvarðanirnar í 6. grein eiga ekki við:

1. Um þá embættismenn og sýslunarmenn, sem hafa aðallaun sín af aukatekjum, afnotum jarða, tekjum, er greiddar eru í skileyri, eða öðrum þeim hlutum, er ætla má að hafi hækkað í verði eptir því, sem kringumstæðurnar hafa breytzt, og eigi um þann hagnað, er embættismenn og sýslunarmenn hafa af slíkum hlynnindum.

2. Um það fé, sem greitt er í þóknunarskyni, og það sem borgað er af aðstoðarfé því, sem um er getið í 5. grein.

8. gr. Þá er ákvæðin eru eptirlaun, skal launaviðbót sú, sem menn fá eptir 6. grein, ekki talin með.

9. gr. Útreikningur þeirrar launaviðbótar, sem embættismenn og sýslunarmenn fá eptir 6. grein, og viðbótar þeirrar eptir kornverði, sem um er rætt í 5. grein, skal lagður fyrir fjárstjórnarráðgjafa konungsríkisins, áður nokkru megi ávísa eptir lagagreinum þessum, og skal svo búið standa við ákvörðun

1863. þessa ráðgjafa, og má eigi skjóta henni undir atkvæði dómstólanna.

10. gr. Sérhver embættismaður, er föst laun hefir úr almennum sjóði og settur er til að gegna öðru embætti, er einnig fylgja fastar tekjur, um tímabil, er eigi nemi meiru en 6 vikum, fær enga sérstaklega borgun fyrir það auk launa þeirra, er hann hefir haft; en þurfi hann fyrir þá sök, að hann er settur til að gegna embættinu, að fara burt þaðan, sem hann átti fasta dvöl, á hann heimting á ferðakostnaði og fæðispeningum. Sè hann settur til að gegna embættinu um lengri tíma en nú var sagt, þá fái hann í þóknun mismuninn milli hæsta launastigs í þeim flokki embættislauna, er hann heyrir undir, og lægsta launastigs í þeim flokki, sem það embætti er í, sem hann um stundarsakir er settur í.

Nú er einhver settur til að gegna embætti, og gegnir jafnframt því embætti, sem hann áður hefir verið skipaður í, þá skal hann missa svo mikils í af laununum samanlögðum fyrir embættin eður sýslanirnar, sem svarar helmingi hinna minni launanna, þó ber að álíta sem þóknun þá upphæð, er hann eptir þessu fær framyfir þau embættislaun, er hann hefir áður haft. Sèu laun þau, sem lögð eru öðru hverju af embættum þeim, sem um stundarsakir eru þannig sameinuð, eður báðum embættunum, að nokkru eður öllu leyti óvissar tekjur, þá skal farið eptir því, hve miklar tekjurnar hafa verið 5 árin síðustu að meðaltali, er jafna skal saman tekjum þeirra og heimfæra til þeirra reglu þá, sem hèr er fyrir skipuð.

11. gr. Nú hefir einhver meiri laun en heyrir embætti hans eptir lögum þessum, þá heldur hann því, sem framyfir er, sem launaviðbót, er honum sè veitt fyrir sína embættistíð. Launaviðbót, sem mönnum er veitt fyrir sína embættistíð, hverfur eptir því, sem launin vaxa við það, er menn fá viðbót fyrir embættisþjónustu.

12. gr. Lög þessi fá gildi 1. dag aprílm. 1863, og skulu þau endurskoðuð áður lokið sè fjárhagsárinu 1865—66.

Ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu. 1863.

Á 11. ríkisþingi var lagt fyrir fólksþingið frumvarp til laga um laun handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, og leiddu þá umræðurnar um frumvarp þetta til þeirrar niðurstöðu, að þingið fèllst á breytingaratkvæði, er gjört var við 2. umræðu málsins, um að lög 30. desembermánaðar 1858 um borgun embættislauna og annara launa fjárhagsárið 1859—60 skyldu fá gildi fjárhagsárið 1860—61, að því er snertir hlutaðeigandi embættismenn og sýslunarmenn á Íslandi, og kom breytingaratkvæði þetta út sem lög 24. aprílm. 1860; smbr. ríkisþingstíð. frá 11. þingi, viðbæti A 627.—644. dálk, viðbæti B, 553.—554. dálk, fólksþingstíð. 4129. dálk og hina eptirfylgjandi, 4231. dálk og landsþingstíð. 1799. dálk.

Eptir því, sem fram kom við umræður málsins á þinginu, verður að álíta, að málið hafi fengið þau úrslit, er það fèkk, fyrir þá sök, að alþingi, er gefinn hafði verið kostur á að segja álit sitt um málið, hafði farið fram á, með 14 atkvæðum móti 10, að frumvarpið kæmi eigi út sem lög fyrir Ísland, heldur skyldu ákvarðanir þess um launabót embættismanna með tilhlýðilegum breytingum teknar upp í fjárhagslögin á ári hverju, eður málinu og hagað til á annan hagkvæman hátt, meðan fjárhagssambandið milli Íslands og konungsríkisins er eins og það nú er.

En frá alþingi, er haldið var árið 1861, kom þegnleg bænarskrá, og fór þingið í henni með 16 atkvæðum fram á:

1. að þeim embættismönnum á Íslandi, er þiggja laun sín úr ríkissjóði, verði veitt fullt jafnrètti í launum við samkynja embættismenn í Danmörku; þó þannig, að landlæknirinn byrji með 1200 rdl. og fái launaviðbót fyrir hver 3 ár, er hann þjónar embættinu, uns laun hans eru orðin 1600 rdl., og að dómkirkjupresturinn í Reykjavík fái 300 rdl. launaviðbót úr ríkissjóði auk húsaleigustyrks þess, er hann nú fær.
2. að sú launabót, sem veitt verður embættismönnum þessum, sè ákveðin svo fljótt, að þeir fái hana frá byrjun aprílmánaðar 1862.

Enn fremur hafa komið til stjórnarinnar kröptugar bænar-

1863. skrár frá embættismönnum á Íslandi um launabót, með meðmælingum hlutaðeigandi yfirvalda, og er í þeim einkum tekið fram, að á síðari árum, og einkum síðan verzlunarfrelsið komst á, hafi ástandið á Íslandi tekið þeim umskiptum, að ávallt verði erviðara og erviðara fyrir embættismenn þá, er hafi föst laun, að komast af með laun sín, er hafi verið ákveðin fyrir löngu síðan og á þeim tíma, þegar lífskjör manna voru mjög frábreytt því, sem þau eru nú, og hinn mikli mismunur, sem nú sé á launum danskra og íslenzkra embættismanna, þeirra sem eru í sömu eður áþekkri stöðu, gegni enn meiri furðu, þegar aðgætt sé, að sömu hæfilegleika þurfi til að verða embættismaður á Íslandi eins og í Danmörku, og að embætti á Íslandi að öllum jafnaði séu miklu erviðari en samsvarandi embætti í konungsríkinu.

Þar sem svo er ástatt, sem nú hefir sagt verið, þótti vera öflug hvöt til að leitast við að útvega embættismönnum á Íslandi viðbót við laun þau, er þeir nú hafa og eru ónóg, og virtist vera því meiri ástæða til þessa, sem það á síðari tímum hefir reynzt ómögulegt að fá menn í ýms embætti á landinu. Þetta á einkum við um læknaembættin, því nú sem stendur eru þrjú þeirra óskipuð, fyrir þá sök, að enginn hefir um þau sótt, er hæfur sé til að fá þau, og hið konunglega heilbrigðisráð hefir lýst því yfir, að meðan embættislaunin séu óbreytt, verði ekki við því búizt, að neinn danskur kandídat í læknisfræði sæki um embætti þessi. Það sem í þessu máli verður að taka til greina er því ekki einungis það, að embættismennirnir eru þurfandi fyrir að fá bót á kjörum sínum, á líkan hátt og embættismenn í konungsríkinu þegar hafa fengið, heldur verður og að hafa tillit til embættanna sjálfra, að menn geti í þau fengizt.

Að vísu verður því eigi neitað, að nú sem stendur er eigi sem hentugastur tími til að hreifa máli þessu, með því enn er eigi búið að útkljá fjárhagsmálið milli Íslands og konungsríkisins; en jafnvel þó þegar séu fram komnar ákveðnar uppástungur frá nefnd þeirri, er skipuð hefir verið til að íhuga málefni þetta, þá á það mál eigi að síður enn svo langt í land, að virðast má óráðlegt að frestað sé launamálinu þangaðtil það verði leitt til lykta fyrir fullt og allt.

Þess skal getið, að samið hefir verið við kirkju- og kennslu- 1863.
stjórnina að því leyti, er snertir þá embættismenn á Íslandi, er heyra undir það stjórnarráð; einnig skal það tekið fram, að með tilliti til þeirra áhrifa, er sú breyting, sem ef til vill yrði gjörð á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins, kynni virðast eiga að hafa í för með sèr, þá hefir svo verið ákveðið í síðustu grein frumvarpsins, að lögin skuli endurskoðuð fyrir lok fjárhagsársins 1865—66.

Að öðru leyti skal skýrskotað til þeirra ástæðna, er fylgdu lagafrumvarpi því, er lagt var fyrir hið 11. ríkisþing, en um sèrstakar greinir frumvarps þess, sem hèr er fyrir hendi, skulu aðeins gjörðar eptirfylgjandi athugasemdir:

Um 1.—3. grein.

Greinir þessar eru yfir höfuð samkvæmar frumvarpi því, er lagt var fyrir hið 11. ríkisþing, að því, er snertir upphæð launanna, nema hvað hæsta stig embættislauna þeirra, sem ætluð eru forsetanum í hinum íslenzka landsyfirrètti, er fært niður um 200 rdl., svo að embættismaður þessi nær hæsta launastigi þegar hann er búinn að vera 20 ár í embættinu, á sama hátt og amtmennirnir og meðdómendurnir í landsyfirrèttinum. Í 1. grein hefir verið sett bein ákvörðun um, að stiptamtmanninum og amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu veitist frí bústaður og embættisjörð, en af því leiðir, að stiptamtmaðurinn verður hèr eptir laus við að greiða vöxtu af og halda áfram að borga aptur lán það, sem veitt hefir verið stiptamtmannsembættinu til kostnaðarins við aðalaðgjörð á stiptamtmannshúsinu, og í upphafi var 4,486 rdl. 7 sk. að upphæð.

Í 1. grein er einnig sett ákvörðun um skrifstofufè handa landfógeta, og er stungið upp á, að það sè hækkað til 500 rdl. á ári. Í lögum 21. janúarm. 1857 var ákveðið, að það skyldi vera 300 rdl. á ári. En sá maður, sem nú er landfógeti, hefir í bænarskrá til dómsmálastjórnarinnar farið þess á leit, að fè þetta verði hækkað til 700 rdl., er hann hefir metið skrifstofukostnaðinn við landfógeta- og bæjarfógetaembættið í einu lagi til hèr um bil 950 rdl., og þann skrifstofukostnað, er snertir bæjarfógetaembættið, til hèr um bil 250 rdl. á ári. Stiptamt-

1863. maðurinn yfir Íslandi hefir mælt fram með bænarskrá þessari, og einnig hefir sá maður, er var landfógeti næst á undan þeim, sem nú er í embættinu, eptir að skorað hafði verið á hann að segja álit sitt um þetta, lýst því yfir, að með því nauðsynlegt sè að hafa 2 fasta skrifstofuþjóna við landfógeta- og bæjarfógetaembættið sameinað, og nota þó töluvert aukaskrifara, þá verði eigi skrifstofukostnaður við bæði embættin metinn lægra en gjört sè í bænarskránni, og sá skrifstofukostnaður, er snerti bæjarfógetaembættið, geti eigi orðið metinn hærra en 300—350 rdl., svo að skrifstofukostnaðurinn við landfógetaembættið verði að minnsta kosti 600—650 rdl. En í þessum reikningi er ekki haft neitt tillit til, að landfógetanum, einmitt sem landfógeta, eru veittir 150 rdl. á ári í húsaleigustyrk, þar sem þó það atriði ætti að koma hèr til greina, og hefir því svo þótt, sem landfógeti mundi verða skaðlaus, ef skrifstofukostnaðurinn væri metinn til 500 rdl. á ári. Þess skal getið, að rèttara þótti að setja ákvörðun um þetta atriði í þessi lög, en að semja um það sèrstakleg lög.

Um 4.—5. grein.

Í frumvarpi því, sem að ofan er getið, er áður var lagt fyrir ríkisþingið, var svo ákveðið um laun biskups, að þau skyldu í upphafi vera 2800 rdl., en svo skyldu þau aukast um 200 rdl. fyrir hver 5 ár, er hann væri í embættinu, þangaðtil þau væru orðin 3400 rdl.; þar að auki skyldu honum veittir 200 rdl. í staðinn fyrir frían bústað. Á þessu er nú gjörð sú breyting, að hæsta stig launanna er fært niður í 3200 rdl., en eptir bænarskrá um það efni frá biskupi eru aptur á móti til færðir 400 rdl. í skrifstofufè á ári til biskupsembættisins, en því embætti hefir eigi áður verið ákveðið neitt skrifstofufè, jafnvel þó biskupinn á Íslandi hljóti að hafa og ávallt að undanförnu hafi haft töluverðan kostnað til skrifstofu, til þess að geta komið af embættisstörfum þeim, sem heyra undir embætti þetta.

Aðstoðarfè það, sem til er fært í niðurlagi 5. greinar, hefir verið aukið um 100 rdl. fyrir þá sök, að laun dyravarðarins hafa verið hækkuð frá 200 rdl. til 300 rdl. síðan frumvarpið til launalaganna áður var lagt fyrir ríkisþingið.

Um 6.—10. grein. 1863.

Hinar almennu ákvarðanir í lögum 19. febrúarm. 1861 hafa þegar verið álitnar einnig að gilda um embættismenn á Íslandi, að því leyti sem þær geta átt þar við; en þegar út eiga að koma sèrstakleg íslenzk launalög, þótti rèttast að setja einnig í þau hinar almennu ákvarðanir úr greindum lögum, sem geta átt við um íslenzka embættismenn, til þess allt það, er snertir laun þessara embættismanna, sè til á einum stað.

Mál þetta kom fyrst til umræðu í fólksþinginu, og var þar gjörð veruleg breyting á frumvarpinu að forminu til; því við aðra umræðu málsins fèllst þingið á breytingaratkvæði nefndar þeirrar, er skipuð hafði verið í málið, en breytingaratkvæði þetta hneig að því, að veita hlutaðeigandi embættismönnum laun þau, er stungið var upp á í frumvarpi stjórnarinnar, en ekki sem ný laun í heild sinni, heldur á þann hátt, að þeim væri veitt slík viðbót við laun þau, er þeir nú hafa, að þeir í raun og veru næsta fjárhagsár fái þau laun, sem stungið var upp á handa þeim í frumvarpinu. Af þessu leiddi og, að fyrirsögn laganna var breytt þannig: „lög um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi"; þetta nýja frumvarp var síðan samþykkt í báðum þingdeildum ríkisþingsins eins og það hafði verið samþykkt við aðra umræðu málsins í fólksþinginu, nema hvað ein lítilfjörleg breyting var á því gjörð.

Orsökin til að stungið var upp á og fallizt á breyting þá á stjórnarfrumvarpinu, sem að ofan er frá skýrt, var sú, að ekki þótti rètt að ríkisþingið legði samþykki á heil ný launalög fyrir embættismenn á Íslandi, þó lög þau aldrei væru nema bráðabyrgðarlög, nú á þessum tíma, er líklega horfir við, að breyting muni verða á fjárhagsstöðu Íslands í ríkinu, með því mönnum varð að þykja ákjósanlegt, að staða hins íslenzka alþingis yrði svo óbundin, sem unnt væri, með tilliti til allra þesskonar málefna þegar breyting þessi yrði gjörð. Á hinn bóginn urðu menn að játa, að brýn nauðsyn ber til, að bætt sèu laun embættismanna á Íslandi, þeirra er fá föst laun úr ríkissjóði, og með því ekkert verulegt þótti

1863. vera á móti launahækkun þeirri, sem stungið er upp á í stjórnarfrumvarpinu, þá var sá útvegur kosinn, sem að ofan er á vikið, er hann þótti hagfelldastur til að geta komið á launabót þessari, en kemur þó eigi í bága við breyting þá, sem er í vændum.

Eigi að síður hefir form það, er ríkisþingið hefir við haft, haft nokkur áhrif á efni laganna; því reyndar verður, eins og áður er sagt, launaupphæðin á næstkomanda fjárhagsári hin sama eptir lögum þeim, er ríkisþingið hefir fallizt á, og eptir stjórnarfrumvarpinu fyrir embættismenn þá, sem nú eru í embættunum og hin lausu embætti; lögin og frumvarpið eru hvorutveggi jafnt til bráðabirgða og byggð á reglunum um útborgun launa eptir kornverði og um launaviðbót fyrir embættisþjónustu; en sá er munurinn, að eptir lögum þeim, er ríkisþingið hefir fallizt á, er launaviðbótin aðeins veitt þeim mönnum, sem nú eru í embættunum, og þeim, sem skipaðir verða í þau embætti, sem nú eru laus, en aptur á móti ekki þeim, sem skipaðir yrðu í þau embætti, sem kunna að losna á því tímabili, sem gjört er ráð fyrir að líða muni þangaðtil fjárhagsbreytingin kemst á; enn fremur eru reglurnar um launaviðbót eptir embættisaldri einungis gjörðar gildandi fyrir fjárhagsárið 1863—64, jafnvel þó ýms tilfelli komi fyrir hin eptirfylgjandi fjárhagsár á þessum millibilstíma, sem endar með fjárhagsárinu 1865—66, þar sem spurning verður um slíka launaviðbót, ef hlutaðeigandi embættismenn lifa; og loksins er sá munur, að þarsem embættismennirnir eptir frumvarpi stjórnarinnar sjálfsagt áttu rètt til eptirlauna samkvæmt eptirlaunalögunum af launum þeim, sem stungið var uppá handa þeim, þá er í 4. grein í lögum ríkisþingsins einungis veitt eptirlaun af launaviðbótinni í einu tilfelli, en það er þegar einhverjum af embættismönnum þeim, sem nefndir eru í 1. grein, yrði veitt biðlaun eður eptirlaun sökum þess, að breytt yrði því fyrirkomulagi, sem nú er á fjárhagsstöðu Íslands í ríkinu. Þegar öðruvísi er ástatt hefir ríkisþingið aptur á móti eigi viljað láta viðbótina hafa áhrif á eptirlaunareikninginn, með því hún á þann hátt fengi meiri festu fyrir embættismennina og kæmi þannig í

bága við grundvallarreglu laga þessara, en hún er sú, að mál- 1863.
efni þessu að eins sè skipað öldungis til bráðabirgða.

En af nefndarálitinu og af umræðunum um málið í fólksþinginu er það ljóst, að enginn efi getur verið á því, að ef stjórnin leitar ríkisþingsins, þegar svo er ástatt sem fyr er getið, að lög þau, sem þingið hefir fallizt á, mismuna að efninu til frá stjórnarfrumvarpinu, þá mun þingið sýna alla þá tilhliðrunarsemi, er sanngirni og kringumstæður heimta, og með því stjórnin þannig gat verið viss um að geta, þegar þesskonar tilfelli bera að höndum, með aðstoð ríkisþingsins burtrýmt þeim ójöfnuði eða ósanngirni, sem á millibilsárunum kynni að koma fram í embættislaunum og eptirlaunum, þá virtist dómsmálastjórninni ekkert vera því til fyrirstöðu að fallast á lög þau, er ríkisþingið samþykkti, og það því fremur, sem ná má tilganginum nokkurnveginn viðunanlega með þeirri aðferð, sem ríkisþingið hefir við haft.

---

2. Opið brèf um löggilding þriggja verzlunarstaða á Íslandi. 19. janúarm.

Vèr Friðrik hinn Sjöundi, og s. frv. Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum alþingis hefir Oss allramildilegast þóknazt að löggilda verzlunarstaði við Papafjarðarós í Skaptafells sýslu í suðurumdæminu, við Straumfjörð í Mýra sýslu og á Skeljavík í Stranda sýslu í vesturumdæminu á Íslandi.

Fyrir því skal það hèr eptir leyft vera að byggja sölubúðir og hafa fasta verzlun á þessum stöðum með þeim skilmálum, er segir í opnu brèfi 28. desembermánaðar 1836, og mega einnig innlendir og útlendir lausakaupmenn koma þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem ákveðið er í nefndu lagaboði og í lögum 15. aprílmánaðar 1854 3. grein.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

1863. Samkvæmt konungsúrskurði 4. janúarmánaðar 1861 var lagt fyrir alþingi það, er haldið var það ár, frumvarp til opins brèfs um löggilding verzlunarstaðar á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu í vesturumdæminu á Íslandi, þannig hljóðandi:

„Það skal frá 1. degi janúarmánaðar 18.. vera fastakaupmönnum heimilt að setjast að og verzla á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Stranda sýslu í vesturumdæmi Íslands með þeim skilmálum, er segir í opnu brèfi 28. desemberm. 1836, og eptir að búið er að byggja þar eina eður fleiri fastar sölubúðir, sem verzlað er í, þá mega einnig frá ofangreindum degi innlendir og útlendir lausakaupmenn sigla þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem ákveðið er í nefndu lagaboði og í lögunum 15. aprílm. 1854, 3. grein".

En í álitsskjali sínu um málefni þetta rèði þingið til að frumvarpið öðlaðist lagagildi þannig breytt:

„Það skal frá 1. degi janúarm. 1862 vera fastakaupmönnum heimilt að setjast að og verzla á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Stranda sýslu í vesturumdæmi Íslands með þeim skilmálum, er segir í opnu brèfi 28. desemberm. 1836. Einnig mega frá ofangreindum degi innlendir og útlendir lausakaupmenn sigla þangað til verzlunar þegar þess er gætt, sem ákveðið er í nefndu lagaboði og í verzlunarlögum 16. apríl 1854 3. grein".

Til hins sama alþingis komu og uppástungur um löggilding ýmsra verzlunarstaða á Íslandi, og samdi þingið um það mál bænarskrá til konungs, og er í henni beðið um:

1. að Papafjarðarós í Austurskaptafells sýslu verði sem fyrst gjörður að löggildu kauptúni.
2. að Straumfjörður í Mýra sýslu verði löggildur verzlunarstaður,
3. og til vara: að bæði fasta- og lausakaupmönnum verði leyft að verzla af skipum með allar vörur á Straumfirði í Mýra sýslu.
4. að öllum innlendum fastakaupmönnum verði leyft að verzla af skipi á Lambhússundi við Skipaskaga í Borgarfjarðar sýslu.

Til styrkingar þessum uppástungum sínum tilfærði alþingi 1863.
þær ástæður, er nú skal frá skýrt:

1. Um Skeljavík. Þingið lýsir yfir ánægju sinni yfir þeirri umhyggju, sem stjórnin á seinni árum hefir borið fyrir því, að allt verzlunarástand Íslands komist í rètta stefnu, og fái það fyrirkomulag, er landinu er fyrir beztu; það viðurkennir og gildi þeirrar grundvallarreglu, sem verzlunarlögin eru byggð á, og sem einnig kemur fram í frumvarpi því, sem lagt var fyrir þingið, að hlynnt sè að fastri verzlun og að föstum verzlunarstöðum sè komið á fót, svo að festa og kjarkur komist í kaupskap allan í landinu. En þarsem löggilding Skeljavíkur í frumvarpinu er bundin þeim skilmála, að búið sè að byggja þar eina eður fleiri fastar sölubúðir, og þá fyrst skuli lausakaupmönnum heimilt að verzla þar, þá hèlt þingið að slíkt mundi eigi nauðsynlegt til þess að tryggja næga fasta verzlun í Stranda sýslu, og ætti þessi skilmáli því að þingsins áliti burt að falla. Í þessu tilliti hefir þingið getið þess, að reynslan hafi sýnt, að verzlunarstaðir á Íslandi hafi myndazt á þann hátt, að þangað hafi fyrst komið lausakaupmenn, og seinna meir, þegar sú raun hafi verið á orðin, að staðirnir lægju vel við verzlun, og kaupmenn orðnir kunnugir, hvernig þar hagar til, þá hafi menn farið að byggja þar sölubúðir, og að því er Skeljavík snertir, þá sè hún mjög hentuglega sett, og enginn efi á, að þangað muni með tímanum dragast talsverð verzlun; það sè því mest umvarðandi, að sem bráðast megi fara að verzla þar, en sè skilyrði því haldið, sem sett er í frumvarpi stjórnarinnar, þá geti þetta dregizt óvíst hvað lengi; þessi dráttur geti stofnað lífi manna í vandræði, sökum þess, hversu það sè torvelt eður optlega jafnvel ómögulegt að ná í matvæli, sem menn eru vanir að kaupa á verzlunarstöðunum, með því vegur sè mjög langur til annara verzlunarstaða en Reykjarfjarðar, en þangað sè opt ófært að komast sökum hafísa, og að jafnaði sèu þar svo litlar byrgðir fyrir af nauðsynjavörum, að þar fáist engin hjálp á þeim tíma árs, þegar hennar sè mest þörf. Ef löggiltur væri verzlunarstaður á Skeljavík hefir þingið haldið, að því færi fjærri, að það mundi olla hinni föstu verzlun apturfarar, heldur mundi það

1863. miklu fremur verða til þess, að hèraðið með tímanum fengi verzlunarstað, er bætt gæti úr þörfum þess, sem nú eru svo tilfinnanlegar.

2. Um Papafjarðarós. Alþingi hefir tekið fram, að íbúar Austurskaptafellssýslu geti hvergi rekið verzlun sína nema á þeim eina stað Djúpavog (Berufirði); þar sè eigi nema ein sölubúð, illa sett, og einatt vöruskortur; þangað sè vegur torsóttur og langur fyrir hèraðsbúa; kaupstaðarferðir taki því af langan tíma og sèu kostnaðarsamar sökum hrossafjölda þess, er þeirra vegna verði að hafa; en kæmist á fót verzlunarstaður á Papafjarðarós styttist kaupstaðarleið fyrir suma um þriðjung og fyrir marga um helming; þar að auki ættu þá austursveitirnar í Vesturskaptafellssýslu eins hægt að sækja kaupstað þangað eins og nú á Eyrarbakka, og gætu því valið milli tveggja verzlunarstaða. Papafjarðarós sè trygg og góð höfn og þar hafi opt haffær skip hleypt inn undan stormi, og nýlega hafi nokkur kaupskip frá Djúpavogi flutt þangað vörur.

3. Um Straumfjörð. Samkvæmt bænarskrám, er á ýmsum tímum hafa komið til alþingis, hefir þingið optar en einusinni farið þess á leit, að löggiltur verði verzlunarstaður við Straumfjörð í Mýrasýslu; stjórnin hefir og í þessu efni látið að ósk landsbúa, að því leyti sem hún fyrrum hefir leyft, að sumir kaupmenn mættu sigla þangað til verzlunar í 3 ár[1]. Með því enn á ný hafði komið bænarskrá til þingsins, þótti því ástæða til að ítreka beiðni sína, og tók meðal annars fram sínu máli til styrkingar: að íbúar Mýra sýslu eigi mjög langa og torsótta kaupstaðarleið til Reykjavíkur, þangað er þeir nú sækja kaupstað, hvort sem þeir fara sjóleiðis eður landveg; því sè farið sjóveg, sè leiðin 6 vikur sjávar, skerjótt, brimasöm og með grynningum miklum og torsótt á ýmsan hátt; slíkar kaupstaðarferðir taki optlega af mjög langan tíma; en ef landveg sè farið, þá sè að sækja yfir margar stórar ár, bratta og torsótta fjallvegi; að Búðir, næsti verzlunarstaðurinn fyrir vestan Mýra sýslu, eigi geti bætt úr þörfum manna, með því þar sè aðeins ein sölubúð

1) Smbr. opið brèf 11. maím. 1847.

og vörubirgðir svo litlar, að hinar fjarlægari sveitirnar geti eigi fengið þar nauðsynjar sínar; að við Straumfjörð sè ein sú tryggilegasta höfn, sem skapazt getur: sè skipalegan í skjóli fyrir öllum vindum, millum kringliggjandi eyja og landkletta, með ægisandi í botni, og innsigling góð; að staður þessi sè haganlega settur til verzlunar fyrir menn í sveitum, þar sem sè töluverð velmegun. Jafnvel þó þinginu, eptir því sem nú hefir sagt verið, virtist vera yfirgnæfandi ástæða til, að löggiltur væri verzlunarstaður við Straumfjörð, þótti því þó varlegra, ef svo skyldi fara, að þessi aðaluppástunga þess eigi yrði tekin til greina, að koma fram með varauppástungu þá, sem til er greind að ofan undir 3. tölulið, um að lausakaupmönnum verði leyft að verzla þar. 1863.

4. Um Lambhússund. Til alþingis kom bænarskrá með 30 nöfnum um að löggiltur yrði verzlunarstaður við Lambhússund, er liggur við hinn svo nefnda Skipaskaga á Akranesi í Borgarfjarðarsýslu í suðurumdæminu. Alþingi hefir um þetta efni tekið fram: að höfn og innsigling sè góð við Lambhússund, en ísjárvert sè að setja kauptún svo nálægt Reykjavík, með því þingið verði að álíta það rètta verzlunarreglu, að fjölga eigi kauptúnum nema brýn nauðsyn beri til. En aptur á móti áleit þingið æskilegt, að fastakaupmönnum verði leyft að verzla af skipi með allskonar vörur við Lambhússund, með því slíkt verzlunarleyfi mundi verða jafnt fastakaupmönnum í hag sem landsmönnum. Þingið hefir og um leið getið þess, að það mundi verða verzluninni á Íslandi til framfara ef flutningsleyfi það, sem fastakaupmönnum er veitt í opnu brèfi 19. maím. 1854, væri svo rýmkað, að þeir mættu selja allskonar vörur af skipi, með því það sè næsta hörð og óeðlileg takmörkun á verzlun fastakaupmanna, að þeir ekki mega selja annarstaðar en á hinum löggiltu verzlunarstöðum aðrar vörur en þær, sem til eru teknar í lagaboði þessu, en vörur þessar sèu ekki nema fáeinar af nauðsynjavörum landsmanna og einmitt þær, sem kaupmönnum sèu sízt útfalar, og þar af leiði, að kaupmenn annaðhvort eigi noti flutningsleyfi þetta eður fylgi eigi ákvörðunum lagaboðsins. En þótt mikið mælti fram með því, að opnu brèfi 19. maím. 1854 yrði

1863. breytt á þann hátt, sem nú var á vikið, þá vildi þó þingið leiða það fram hjá sèr í þetta sinn og einungis biðja um, að gjörð verði undantekning frá lagaboðinu fyrir Lambhússund, og er það talin sem sèrstakleg ástæða fyrir þessu, að á Akranesi sè næsta þèttbýlt, eptir því, sem gjöra er á Íslandi, og að þangað komi margir menn úr öðrum sveitum í vertíðinni; að frá Akranesi sè torsóttur vegur til næsta verzlunarstaðar, en það er Reykjavík, en á milli Reykjavíkur og Akraness sè þriggja vikna breiður fjörður. Þar að auki hefir þingið tekið fram, að stjórnin með því að veita þrisvarsinnum verzlunarleyfi á Krossvík hafi viðurkennt, að þörf sè á að sigling komi á einhvern stað á Akranesi.

Í álitsskjölum þeim, sem konungsfulltrúi hefir sent með þessum bænarskrám þingsins, hefir hann tekið fram viðvíkjandi löggilding verzlunarstaða á Íslandi yfir höfuð, að eptir að búið sè með opnu brèfi 19. maím. 1854 að veita fastakaupmönnum leyfi til að flytja til þeirra hèraðanna, er fjær liggja verzlunarstöðunum, nauðsynjavörur þeirra, og taka aptur á móti íslenzkum vörum, sem borgað er með, þá sè horfin sú ástæða til að fjölga verzlunarstöðunum, að vöruflutningar hafa verið landsmönnum svo örðugir; og hvað snerti þá aðra aðalástæðu fyrir stofnun nýrra verzlunarstaða, að landsmenn á þann hátt eigi hægra með að afla sèr vetrarbirgða af nauðsynjavörum úr verzluninni, þá álítur konungsfulltrúi, að sú ástæða sè ekki svo þýðingarmikil, með því reynslan hafi sýnt, að smáir og afskekktir verzlunarstaðir nálega aldrei á vetrum sèu birgir af nauðsynjavörum, og að verðlag á vörum þeim, er þar sèu til, sè að öllum jafnaði mjög hátt sett; og á hinn bóginn dragi það afl úr aðalverzlunarstöðunum, að löggiltir sèu slíkir smáverzlunarstaðir, sem hinir svokölluðu lausakaupmenn einkum nota til að verzla þar. Af þessum ástæðum rèði konungsfulltrúi frá, að löggiltur væri verzlunarstaður við Straumfjörð, og skaut því að eins undir álit stjórnarinnar, hvort næg ástæða virtist vera til að löggilda verzlunarstað á Skeljavík. En um Papafjarðarós hefir hann þar á móti getið þess, að því verði eigi neitað, að Skaptafellssýslubúar öðrum fremur þurfi þess lèttis í verzlunarathöfnum sínum,

er þeir gætu fengið, með því þeir verði að sækja nauðsynjar sínar annaðhvort á Berufjörð í Suðurmúlasýslu eður á Eyrarbakka í Árnessýslu, en þeir staðir sèu í miklum fjarska og liggi leiðin þangað yfir öræfi og hættuleg vatnsföll; hefir honum því eigi þótt ástæða til að ráða beina leið frá, að löggiltur væri verzlunarstaður við Papafjarðarós; en ef það væri gjört, þá álítur hann, að bæði þar og á Skeljavík ætti að löggilda verzlunarstaði á þann hátt, að verzlunarleyfi lausakaupmanna væri bundið þeim skilmála, að áður væri komin þar á föst verzlun. Loksins hefir konungsfulltrúi látið það álit sitt í ljósi um Lambhússund, að ekki sè næg ástæða til að veita verzlunarleyfi það, sem þar er beðið um, þar sem farið verði af Akranesi til Reykjavíkur á tveim stundum, og vegalengdin hèr um bil hálf þriðja vika sjávar, landsmenn hafi nóg af skipum stærri og smærri, en úr efstu sveitunum í Borgarfjarðarsýslu sè vant að fara landveg til Reykjavíkur eður á Borðeyri, en þangað sè leiðin eigi lengri, eða jafnvel dálítið skemmri. Að síðustu getur konungsfulltrúi þess, að kaupmenn í Reykjavík sèu vanir að senda á ári hverju eitt eður fleiri kaupför til Akraness til þess að sækja fisk og annan varning, og sèu þá um leið fluttar þangað þær útlendar vörur, sem pantaðar hafi verið í verzlun þeirra. 1863.

Þá er málefni þetta var borið undir konung gat dómsmálastjórnin þess í skýrslu sinni, að eptir því sem konungsfulltrúi hefði bent á, og þegar litið væri á, að þegar væru til hèr um bil 30 löggiltir verzlunarstaðir á Íslandi, þá væri reyndar ástæða til að fara sèr hægt með að leyfa að stofna þar nýja verzlunarstaði, því ef þeir fjölguðu um of, þá gæti hæglega svo farið, að verzlunin kæmist of mjög á sundrung, er vörurnar dreifðust til margra smárra verzlunarstaða, en slíkt mundi optastnær gjöra það að verkum, að litlar vörubirgðir yrðu á hverjum stað, og svo þar að auki spilla verðlagi á vörunum. En eigi að síður áleit stjórnarráðið, að yfirgnæfandi ástæður mæltu með að löggilda verzlunarstaði á Skeljavík, við Straumfjörð og við Papafjarðarós, og er um það efni tekið fram, að í frumvarpi því, er að ofan er getið og lagt var fyrir alþingi, sè lýst yfir þeirri skoðun, að hagfelt muni vera að löggilda verzlunarstað á Skelja-

1863. vík, og um Straumfjörð og Papafjarðarós fèllst stjórnarráðið í aðalatriðunum á þær ástæður, sem alþingi hefir til fært fyrir því, að þar sèu stofnaðir verzlunarstaðir, með því íbúarnir í Mýra sýslu og í Skaptafellssýslu eigi sanngjarna heimting á, að greitt sè fyrir því, að þar geti komizt á föst verzlun, er enginn löggiltur verzlunarstaður sè í hèruðum þessum, og þeir eigi langa leið og hættulega til næsta verzlunarstaðar. Verði nú löggiltur verzlunarstaður við Straumfjörð, svo sem nú hefir verið vikið á, fellur af sjálfu sjer burt varauppástunga alþingis, um að lausakaupmönnum og fastakaupmönnum verði leyft að verzla þar af skipum með allar vörur; annars virtist dómsmálastjórninni ekki eiga að taka þá uppástungu til greina, með því slík ákvörðun kæmi í bága við hin íslenzku verzlunarlög og gjörði það að verkum, að fyrirkomulag verzlunarinnar á Íslandi yrði enn margbrotnara en það er nú.

Þvínæst virtist dómsmálastjórninni eiga að íhuga, hvort hafa ætti hina sömu ákvörðun um löggilding þessara staða viðvíkjandi verzlun lausakaupmanna, sem sett var í frumvarp það, er lagt var fyrir þingið um löggilding verzlunarstaðar á Skeljavík, en sem þingið rèði frá; en sú ákvörðun lýtur að því, að lausakaupmenn ekki megi verzla á stöðum þessum fyrri en búið sè að byggja þar eina eður fleiri sölubúðir, sem verzlað sè í. Þar sem nú þingið hafi sagt, að þetta væri nýtt skilyrði fyrir löggilding verzlunarstaða á Íslandi, þá sè þetta að vísu rètt, að svo miklu leyti sem slík ákvörðun eigi áður hafi verið með berum orðum tekin fram í lagaboðunum, en enginn efi sè á því, að ávallt þegar löggiltir hafi verið verzlunarstaðir á Íslandi hafi svo verið til ætlazt, að þar ætti að byggja fastar sölubúðir, með því það heyri til hugmyndarinnar um verzlunarstað, að þar sèu byggð hús þau, er þurfa til að verzla í. Enn fremur er þess getið, að skilyrði þetta einkum er sett til að hlynna að föstu verzluninni, sem landinu er svo mikils umvarðandi til að sjá því fyrir vörubirgðum; það kæmi og í bága við grundvallarreglurnar í opnu brèfi 19. maím. 1854, að aðrir en fastakaupmenn á Íslandi mættu verzla á þeim stöðum, sem ekki eru verzlunarstaðir í eiginlegum skilningi, en það eru þeir ekki meðan

þar er engin föst verzlun. En þó merkar ástæður þannig mæltu 1863.
fram með að sleppa ekki skilyrði þessu, þótti á hinn bóginn
ísjárvert í máli, sem er svo sèrstaklegs eðlis, að fara á móti ósk
þingsins, sem það lèt í ljósi í einu hljóði og kröptuglega í bæn-
arskránni um löggilding Skeljavíkur, og sömu ástæðurnar virtust
mæla fram með, að sama reglan sè látin gilda um Straumfjörð og
Papafjarðarós, með því aðalástæða sú, er alþingi hefir tekið fram
um þetta, eigi heldur sè þýðingarlaus; því ekki verði því neitað,
að það geti verið haganlegt fyrir þá, sem ætla að byrja fasta
verzlun á einhverjum nýjum stað, að reyna fyrst, hvernig verzl-
unin gengur af skipi, og kynnast þannig hvernig öllu hagar til
á þeim stað, áður en þeir leggja í sölurnar það fè, er þarf til
þess að koma upp verzlunarhúsum.

Frumvarp það, sem samið var í dómsmálastjórninni um
löggilding þeirra þriggja verzlunarstaða, sem hèr er um rætt,
er því samhljóða lagaboðum þeim, sem fyrrum hafa út komið, þá
er verzlunarstaðir hafa verið löggiltir á Íslandi, og er því sleppt
skilyrði því, sem að ofan er um getið, viðvíkjandi verzlun lausa-
kaupmanna.

Að síðustu er þess getið um þá uppástungu alþingis, að
fastakaupmönnum yrði leyft að verzla af skipum á Lambhússundi,
að dómsmálastjórninni ekki virtist næg ástæða til að veita leyfi
þetta, og fèllst hún í þessu efni á athugasemdir konungsfulltrúa,
þær er að ofan er getið, og var um leið tekið fram, að fasta-
kaupmönnum úr Reykjavík hafi fyrrum nokkrum sinnum verið
veitt leyfi til að verzla á Krossvík á Akranesi, sem liggur rètt
hjá Lambhússundi, en eptir að búið hafi verið með opnu brèfi
19. maím. 1854 að leyfa öllum fastakaupmönnum að sigla á aðra
staði á landinu en þau löggiltu kauptún, og selja þar helztu nauð-
synjavörur, þá hafi ekki þótt ástæða til að endurnýja þetta
sèrstaklega leyfi. Þar sem það er tekið fram í bænarskrá al-
þingis, að það virtist æskilegt, að leyfi það, sem í opnu brèfi
19. maím. 1854 er veitt til vöruflutninga m. m. verði rýmkað
þannig, að fastakaupmönnum sè frjálst að selja af skipi allskonar
varning, hvar sem er, jafnvel þó þingið nú sem stendur hafi
látið sèr nægja að biðja um, að á þenna hátt yrði rýmkað til,

1863. að því er snertir Lambhússund, þá getur stjórnarráðið þess, að það sè athugavert, að svo megi virðast, að alþingi, sem gjörði þær uppástungur, er lagaboð þetta er byggt á, hafi þótt ísjárvert, að leyft væri að sigla á alla staði við strendur landsins og verzla þar með allskonar vörur, ekki að eins af þeirri ástæðu, sem tekin er fram í bænarskrá þingsins, að landsmönnum yrði flutt of mikið af munaðarvörum, heldur einnig af því, að það gæti orðið til hnekkis verzlunarstöðunum ef verzla mætti á hverri vík og firði, svo væri og hætt við að það mundi leiða til margskonar óreglu þar sem ekkert yfirvald er; og þó gagnstæð skoðun kæmi fram í síðustu bænarskrá alþingis, þá styðjist hún á engan hátt við umræðurnar um málið á þinginu; að minnsta kosti virtist þetta atriði vera svo mikils um varðandi fyrir hina íslenzku verzlun, að ekki ætti að gjöra út um það fyrri en væri búið að íhuga vandlega öll atvik málsins og alþingi hefði haft það til meðferðar. En af þessu leiðir aptur á hinn bóginn, að ekki þótti eiga að gjöra undantekning frá lagaboði því, sem hèr er um rætt, nema til þess væru öldungis órækar ástæður, en eins og konungsfulltrúi hafi sýnt fram á sèu slíkar ástæður hèr varla fyrir hendi. Að endingu er því við bætt, að fyrrum, þegar leyfð var verzlun á Krossvík, hafi verið haft tillit til þess, að íbúar Mýra sýslu gætu verzlað þar í stað þess að fara til Reykjavíkur, en sú ástæða verði þýðingarlítil ef löggiltur verði verzlunarstaður við Straumfjörð.

---

30. janúarm. **3. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um hafnargjöld í Reykjavík.**

Eptir að stjórnarráðið er búið að fá álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 5. aprílm. f. á., um það, hvort lækka skuli hafnargjöld í Reykjavík frekar en gjört hefir verið í hafnartaxta þeim, er dómsmálastjórnin lagði á samþykki sitt 18. febrúarm. f. á.,[1] skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbein-

1) Sjá hèr að framan 638.—641. bls.

ingar og til þess þèr kunngjörið það þeim, er hlut eiga að máli, 1863.
að stjórnarráðið fellst á þá uppástungu yðar, að hafnargjöldin 30. janúarm.
sjeu eigi frekar lækkuð.

---

4. Konungsúrskurður um próf í íslenzkri tungu. 8. febrúarm.

Eptir uppástungu dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konungurinn allramildilegast úrskurðað:

að próf það í íslenzku máli, sem þeir menn, er sækja um að verða embættismenn á Íslandi en ekki eru Íslendingar, eiga að ganga undir, samkvæmt allrahæstum úrskurðum 8. aprílm. 1844 og 27. maím. 1857, skuli aukið á þann hátt, að auk hins munnlega prófsins sè einnig haldið skriflegt próf, og að hið munnlega prófið sè haldið í heyranda hljóði og sèu við það tveir prófdómendur, sem einnig taki þátt í að dæma um hið skriflega prófið; skuli það falið dómsmálastjórninni að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á í þessu efni, eptir að hafa ráðgazt um það við kirkju- og kennslustjórnina.

---

5. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland. 13. febrúarm.

Frá hinu síðasta alþingi Íslendinga hefir dómsmálastjórninni borizt þegnleg bænarskrá, sem eptirrit af fylgir með brèfi þessu, um ráðstafanir, er nauðsynlegar sèu móti yfirgangi útlendra fiskimanna við Ísland; svo hefir og komið bænarskrá, er fer í líka átt, frá lögþingi Færeyinga, því er haldið var árið 1861, og fylgir einnig hèr með útdráttur úr þeirri bænarskrá.

Um leið og dómsmálastjórnin nú sendir utanríkisstjórninni skjöl þessi og skýrskotar til brèfa þeirra, er fóru milli hennar og utanríkisstjórnarinnar árið 1859 út af bænarskrám, er komið höfðu um sama efni, og um leið og hún getur þess, að ekki virðist vera næg ástæða til eptir uppástungu alþingis að reyna

1863. 13. febrúarm. að fá gjörðan samning um þetta efni, skal því skotið til hinnar heiðruðu utanríkisstjórnar, hvort hún ekki vilji skýra stjórninni á Frakklandi og á Bretlandi hinu mikla frá því, að komið hafi umkvartanir frá alþingi Íslendinga og lögþingi Færeyinga yfir því, að fiskiveiðarèttindi þeirra hafi brotin verið, og skora enn á ný á stjórnendur í löndum þessum um að banna þegnum sínum, þeim er hafa fiskiveiðar við Ísland og Færeyjar, að veiða nær ströndunum en í einnar vanalegrar sjávarmílu fjarlægð undan landi.

Dómsmálastjórnin biður um, að sèr verði gefin vísbending um, hvað utanríkisstjórnin ræður af í þessu efni.

---

13. febrúarm. **6. Samningur milli dómsmálastjórnarinnar og stórkaupmannanna Kochs og Hendersons um gufuskipsferðir milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands.**

1. gr. Vèr undirskrifaðir, C. P. A. Koch og W. Henderson, stórkaupmenn, skuldbindum oss til að hafa í förum sem póstskip milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands skrúfugufuskip úr fyrsta flokki gufuskipa, sem sè að stærð hèr um bil 400 enskar lestir, og láta það á ári hverju fara sex ferðir millum Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, og á leiðinni koma við í Þórshöfn; skal ferðum þessum hagað eptir áætlun, er vjer semjum fyrir hvert ár, og dómsmálastjórnin samþykkir.

2. gr. Vèr skuldbindum oss til á hverri ferð milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, báðar leiðirnar að láta skipið ætíð koma við í Þórshöfn á Færeyjum til að skila og taka við póstbrèfum og farþegum; svo skuldbindum vèr oss og til að láta það koma við á Vestmannaeyjum, ef það ekki tefur fyrir, til að skila póstbrèfum í eyjar þessar og taka við brèfum þaðan. Geti skipið ekki hættulaust lagt inn í Reykjavík, er það kemur til Íslands, annaðhvort sökum storma eður annara óumflýjanlegra hindrana, þá áskiljum vèr oss aptur á móti að mega skila brèf-

unum í Hafnarfirði, og skulu þau þá á kostnað stjórnarinnar flutt þaðan til Reykjavíkur. Vèr áskiljum oss enn fremur að mega bæði á leiðinni til Íslands og þaðan aptur koma við á öðrum stöðum, svo og að koma við annarstaðar á Íslandi en í Reykjavík. 1863. 13. febrúarm.

3. gr. Á hverri ferð skulum vèr ætla nægilegt rúm fyrir póstbrèfin til Færeyja og Íslands og þaðan aptur. Sem póstbrèf skulu talin aðeins sendibrèf og konungleg erindismál; þar á móti eru smábögglar og annað, sem vant er að senda með „pakkapósti" samningi þessum óviðkomandi; þesskonar sendingum tökum vèr við og sendum þær fyrir borgun eptir verðlagi, sem vèr setjum.

4. gr. Póstbrèfin skulu á kostnað stjórnarinnar flutt af skipi og á.

Hin íslenzka stjórnardeild í Kaupmannahöfn skal, að minnsta kosti með átta daga fyrirvara látin vita, hvaða dag og stund skipið á að fara af stað; svo skal og formaður gufuskipsins strax, og ef unnt er innan 24 stunda eptir að hann er kominn, láta stiptamtmanninn í Reykjavík vita, hvaða dag og stund hann muni fara aptur; á þá bæði hin íslenzka stjórnardeild og stiptamtmaðurinn að sjá svo um, að póstbrèfin sèu komin út á skipið á hinum tiltekna tíma.

Þar á móti skulu póstbrèfin í Þórshöfn vera komin á skip innan þriggja stunda eptir að skipið er þangað komið, án nokkurrar sèrstaklegrar aðvörunar.

Skyldi skipið nokkru sinni þurfa að bíða eptir póstbrèfum, skal stjórnarráðið greiða oss fyrir biðina 150 ríkisdali fyrir hverjar 24 stundir, og eptir tiltölu fyrir skemmri tíma.

5. gr. Ef vèr ekki höfum skipið ferðbúið á þeim tímum, sem ákveðið er að póstskipið skuli fara hèðan af stað, erum vèr skuldbundnir til að láta sama skip eður annað óaðfinnanlegt gufuskip fara hèðan innan 14 daga, og þar að auki til að greiða bætur, eptir því sem óvilhallir menn ákveða, ef biðin er oss að kenna.

6. gr. Hvert skipti, er skipið fer frá Kaupmannahöfn til Færeyja og Íslands, erum vèr skyldir til, ef stjórnin krefst þess,

1863. 13. febrúarm. að taka þrjá farþega, og á leiðinni frá Íslandi og Færeyjum eptir ósk hlutaðeigandi amtmanna tvo frá Íslandi og einn frá Færeyjum, fyrir 25 ríkisdala borgun fyrir hvern farþega til Íslands og þaðan, og 20 ríkisdala borgun fyrir hvern farþega til Færeyja og þaðan aptur.

7. gr. Á ferðunum frá Kaupmannahöfn til Færeyja og Íslands skal stjórnin og hafa rètt til að ráða yfir 24 lesta rúmi í skipinu samtals fyrir allar ferðirnar, og skal það vera komið undir samkomulagi milli stjórnarráðsins og útgjörðarmanna skipsins, hversu mikið af rúmi þessu er notað í hvert skiptið. En á leiðinni frá Íslandi og Færeyjum geta hlutaðeigandi amtmenn að eins ráðið yfir tveggja lesta rúmi kauplaust á hverri ferð skipsins til Kaupmannahafnar, og skal amtmaðurinn á Færeyjum ætíð hafa rètt til að ráða yfir hálfu lestarrúmi að minnsta kosti.

Allt það rúm í skipinu, sem ekki er áskilið stjórninni, svo sem að ofan er greint, höfum vèr rètt til að nota sjálfir, þó svo að skipið sè lètt og haganlega hlaðið og yfir höfuð svo, sem við á á þeim tíma ársins, er hver ferð er farin. Stjórnarráðið eða hlutaðeigandi amtmenn eiga ekki með að leigja burt neitt af rúmi því í skipinu, sem þeim er áskilið, þar á móti áskiljum vèr oss að hagnýta það af rúmi þessu, sem ekki er notað í þarfir hins opinbera.

8. gr. Afferma skal og ferma á hentugum stað, og ber skipstjóra að gæta vandlega póstsekkjanna; hann skal og gæta þess, að skipverjar fari svo varlega, sem vera ber, með vörur þær og góz, er flytja skal á skip og af, svo að ekkert skemmist fyrir hirðulausa meðferð. Verði nokkrar slíkar skemmdir, skal skipstjórinn, og til vara útgjörðarmenn skipsins, bæta þær eptir óvilhallra manna mati.

9. gr. Skipsleigan fyrir allar ferðirnar á ári hverju er 10,000 ríkisdalir ríkismyntar, sem dómsmálastjórnin ávísar oss til útborgunar úr aðalfèhirzlu ríkisins eptir tiltölu fyrir hverja ferð, er skipið kemur aptur til Kaupmannahafnar.

Stjórnarráðið skal og við lok hverrar ferðar endurgjalda oss lestaafgjald það, sem vèr eptir reikningi, er vèr eigum fram að

leggja, höfum orðið að greiða fyrir skipið bæði hèr, á Íslandi og á Færeyjum. 1863. 13. febrúarm.

10. gr. Týnist skipið, eður verði fyrir haftjóni, skal farið eptir lögum og venju.

11. gr. Fararsamningur þessi gildir um 5 ár frá 1. degi janúarmánaðar 1863; þó skal ákvörðunin um tímalengdina burt falla, ef ríkisþingið ekki veitir fè það, sem þörf er á.

Þannig skrifað í tvennu lagi í dómsmálastjórninni 13. dag febrúarmánaðar 1863.

Casse.

Sem útgjörðarmenn:

Koch & Henderson.

Áætlun
um ferðir gufu-póstskipsins „Arcturus" árið 1863.

A. Ferðirnar frá Kaupmannahöfn:

1. ferð 20. dag marzmánaðar.
2. — 28. — aprílmánaðar.
3. — 5. — júnímánaðar.
4. — 10. — júlímánaðar.

(Aukaferð milli Reykjavíkur og Liverpool:
frá Reykjavík til Liverpool 22. dag júlím.
— Liverpool til Reykjavíkur 2. — ágústm.).

5. — 5. dag septembermánaðar.
6. — 16. — októbermánaðar.

B. Ferðirnar frá Reykjavík:

1. ferð 5. dag aprílmánaðar.
2. — 14. — maímánaðar.
3. — 21. — júnímánaðar.
4. — *a.* til Liverpool 22. dag júlímánaðar.
   b. — Kaupmannahafnar 14. dag ágústmánaðar.
5. — 21. dag septembermánaðar.
6. — 4. — nóvembermánaðar.

1863. Athugasemdir:

1. Skipið fer aldreigi fyrri á stað, en þá daga, sem að ofan er greint.
2. Póstbréfin frá Íslandi til Kaupmannahafnar verða að vera svo snemma tilbúin, að þau verði send á stað úr Reykjavík þá daga, sem að ofan er til tekið.
3. Flutningur þeirra bréfa, sem kynnu verða send með gufu-póstskipinu á ferð þess frá Reykjavík til Liverpool, er stjórninni óviðkomandi.

---

13. febrúarm. **7. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um prestvígslu manna, sem eigi eru orðnir fullmyndugir.**

Með brèfi 25. nóvembermánaðar f. á. senduð þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, stjórnarráðinu bænarskrá frá Eyólfi Jónssyni, kandídat frá prestaskólanum í Reykjavík, um aldursleyfi til að mega prestvígjast og fá embætti í hinni andlegu stètt jafnskjótt og hann væri orðinn 22 ára að aldri, en þá er hann sótti um þetta hafði hann einn um tvítugt; gátuð þèr þess, að þèr reyndar ekki gætuð mælt fram með, að bænarskránni væri áheyrzla veitt, að því leyti sem farið er fram á í henni, að leyfi þetta verði veitt beiðandanum undir eins og hann er orðinn 22 ára gamall, en á hinn bóginn stungið þèr upp á, að sökum þess, hve sèrstaklega hagar til, verði stiptamtmanninum yfir Íslandi veitt almennt vald til að veita kandídötum frá prestaskólanum, eptir samkomulagi við biskupinn, aldursleyfi til að verða prestar á Íslandi, þegar þeir að minnsta kosti eru orðnir 23 ára að aldri, og þeir að öðru leyti hafa sýnt það með lærdómsprófum þeim, er þeir hafa gengið undir, og öðru háttalagi sínu, að þeir sèu hæfir til að takast prestsembætti á hendur.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það, að aldursleyfi það, sem Eyólfur Jónsson hefir um sótt, verður eigi veitt, og að stjórnarráðinu ekki þykir næg ástæða til að bera fram fyrir konung þegnlega uppástungu um, að stiptamtmanni sè veitt almennt vald, svo sem að ofan er getið, til að leysa menn frá boði laganna

1863.

um þann aldur, er útheimtist til að geta fengið prestvígslu og 13. febrúarm.
orðið andlegrar stèttar embættismaður á Íslandi.

---

8. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmanns og biskups á Íslandi, um eignir spítalanna og tekjur þeirra. 14. febrúarm.

Í brèfi 22. septemberm. f. á. hafið þèr, háæruverðugi herra, eptir tilhlutun stjórnarráðsins í brèfi 9. maím. 1859, lýst yfir áliti yðar um tilhögun á fè spítalanna og um heimtingu á tekjum þeirra, og senduð þèr með því brèfi tvö brèf, annað frá stiptamtmanninum yfir Íslandi, en hitt frá amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, bæði þess efnis, að í aðalatriðunum skuli farið eptir gildandi lögum viðvíkjandi tekjum spítalanna; en þèr stingið upp á, að allt þetta málefni um spítalana verði fyrst um sinn látið við svo búið standa, og eigi gjört út um það að fullu og öllu fyrri en búið sè að skipa fyrir um breytingar þær, er kunni að vera fyrirhugaðar á landstjórninni á Íslandi, sem málefni þetta heyri undir.

En eptir áliti stjórnarráðsins væri þessi aðferð eigi hagkvæm, þar sem alþingi hvað eptir annað hefir farið fram á, að betri tilhögun verði komið á málefni þetta, og með því líkindi eru til, að aðalorsökin til, að alþingi hvað eptir annað hefir sent bænarskrá um þetta efni sè sú, hvernig farið er að í suðurumdæminu um heimtingu og sölu hinna svo kölluðu hospítalshluta, og að eigi er farið eptir spítalatilskipuninni 27. maím. 1746, þá minnir stjórnarráðið yður á brèf sitt til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, dagsett 10. júním. 1851, og biður yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að skýra sèr hið bráðasta frá, hverjar ráðstafanir hafi gjörðar verið eptir því, sem fyrir er mælt í brèfi þessu, og ef ekkert hefir gjört verið, þá að senda hingað álit yðar og uppástungur um hagkvæmari tilhögun á heimtingu og sölu á spítahlutum í suðurumdæminu.

1863. 16. febrúarm.

9. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um hegning Gísla Jónssonar á Saurum.

Eptir því, sem stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir skýrt dómsmálastjórninni frá, hefir Gísli bóndi Jónsson á Saurum 13. nóvembermánaðar f. á. komið til bæjarfógetans í Reykjavík til að afplána með vatns og brauðs fangelsi í þrisvar sinnum 5 daga, samkvæmt konungsúrskurði 26. júlím. 1861, hegning þá, 15 vandarhögg, er honum var dæmd með hæstarèttardómi 23. júnímán. 1859. En þá er hann var búinn að vera 5 daga í fangelsinu varð hann svo veikur, að bæjarfógetinn fór fram á það við stiptamtmann, að hegningunni yrði breytt í slíkt fangelsi, þar sem veittur er vanalegur bandingja-matur, en þareð landlæknirinn, Hjaltalín jústizráð, fullyrti, að hann eigi heldur væri fær um að þola þessa hegning, er hann hefði innvortis veikindi, er gjörðu að verkum, að hann eigi þyldi kyrrsetur um lengri tíma í fangelsinu í Reykjavík, þá var hann laus látinn, og hefir hann síðan sent stiptamtmanni, en hann aptur stjórnarráðinu, þegnlega bænarskrá til konungs um, að það, sem hann átti eptir að þola af vatns- og brauðs hegningunni, verði honum upp gefið, eður því að minnsta kosti breytt í hæfilegar fèbætur.

Þareð ætla má, að Gísli hafi haldið heim til átthaga sinna í Dala sýslu, þá er hann var laus látinn úr varðhaldinu, kunngjörir dómsmálastjórnin yður þannig hvað gjörzt hefir í málinu, og skorar jafnframt á yður að láta hlutaðeiganda vita, að bænarskrá hans verði eigi áheyrzla veitt, og að senda hingað að 6 mánuðum liðnum skýrslu um heilsufar hans, og um það, hvort hann þá að yðar áliti muni fær um að fara á ný til Reykjavíkur til að þola það, sem hann átti eptir af hegningunni[1].

---

1) Sama dag var stiptamtmanninum yfir Íslandi ritað um málefni þetta; og er þar meðal annars svo að orði kveðið: „....með því læknisskýrteini Hjaltalíns jústizráðs er samið í almennum orðatiltækjum og beiðandinn í bænarskrá sinni hefir sagt, að embættismaður þessi hafi á degi hverjum komið til sín í fangelsið og fyrirskipað sèr læknislyf, þá eruð þèr beðnir að útvega og senda hingað skýrslu Hjaltalíns justizráðs

10. Brèf dómsmálastjórnarinnar til hins setta amtmanns yfir norður- og austurumdæminu, um silfurbergsnámuna í Helgustaða-fjalli. 1863. 19. febrúarm.

Af meðfylgjandi eptirriti af bænarskrá frá verzlunarhúsinu Örum & Wulff hèr í staðnum, sjáið þèr, herra amtmaður, að verzlunarhús þetta hefir sótt um að fá til leigu um 5 ár þann hluta af silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli í landareign jarðarinnar Helgustaða, sem er eign ríkissjóðsins, og rètt til að fá lengdan leigutímann þegar þessi 5 ár eru liðin, en aptur á móti býðst það til að greiða það afgjald árlega, sem stjórnarráðið álíti hæfilegt.

Dómsmálastjórnin hefir fengið álit Havsteins amtmanns um málefni þetta, og skorar nú á yður, svo framarlega sem sá hlutinn af námunni, sem þórarinn prófastur Erlendsson er eigandi að, verður leigður á þann hátt, sem segir í bænarskránni, að leigja ofangreindu verzlunarhúsi þann hlutann, sem ríkissjóðurinn á, fyrst um sinn um 5 ár fyrir 100 ríkisdala afgjald á ári til umboðssjóðsins og að öðru leyti með þeim skilmálum, sem þèr álítið vel eiga við bæði með tilliti til notkunar á námunni og annara atvika, sem þar koma til greina.

Stjórnarráðið biður yður að láta sig síðar vita, hvað þèr gjörið í þessu efni.

---

11. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að kaupa bækur handa prestaskólanum. 19. febrúarm.

Út af bænarskrá, sem forstöðumaður prestaskólans í Reykjavík, Pètur prófessor Pètursson, hefir sent beina leið til kirkju- og kennslustjórnarinnar, leyfir stjórnarráðið, að af því fè, sem í

---

um eðli sjúkdómsins og læknislyfjanna, og um það, hvort lækningar hafi verið við hafðar þá dagana, sem Gísli þoldi vatns- og brauðs hegninguna, og ef svo er, á hvern hátt það hafi gjört verið".

1863. 19. febrúarm. fjárlögum yfirstandandi árs, 9. gr. G. c, er ætlað til óvissra gjalda handa Íslandi, megi verja 120 rdl. til styrks til að fá handa bókhlöðu prestaskólans safn það af ritum allra griskra og latínskra kirkjufeðra, er Abbé Migne í Parísarborg hefir út gefið, og um er rætt í bænarskránni.

Um leið og þetta er kunngjört yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörið það beiðandanum, eruð þér beðnir að hafa gætur á, að síðar verði gjörð regluleg skil fyrir því, að fé þessu hafi verið rétt varið, en landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða það úr jarðabókarsjóðnum.

---

19. febrúarm. **12. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um messugjörð í Viðey.**

Í bænarskrá, er hingað kom með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 19. ágústmánaðar f. á., hefir eigandi Viðeyjar O. M. Stephensen, sekreteri, sótt um, að ey þessi, sem með konungsúrskurði 4. septemberm. 1847 var lögð undir Mosfells og Gufunes prestakall, og skyldi presturinn í brauði þessu 10. hvern sunnudag halda messugjörð í bænhúsinu í Viðey, nú verði á sama hátt lögð undir Reykjavíkur brauð, sem hún fyrrum heyrði undir, og áður greindum konungsúrskurði breytt samkvæmt því.

Í þessu efni skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, að með því sú aðalástæða, er olli því, að Viðey var skilin frá Reykjavíkur brauði og lögð undir Mosfells brauð, en sú ástæða var, að ekki mátti verða messufall í Reykjavíkur dómkirkju, ekki einungis er enn fyrir hendi, heldur er jafnvel þýðingarmeiri en áður, er fólkstalan hefir aukizt í Reykjavíkur sókn, og menn nú um langan tíma hafa vanizt því, að messað sè á hverjum helgidegi í dómkirkjunni, þá verður það, sem um var sótt, eigi veitt.

---

13. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um manntalsþingagjöld í Gullbringu sýslu og í Reykjavíkur kaupstað. 1863. 23. febrúarm.

Með brèfi 17. marzm. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, er forseti alþingis, er haldið var 1861, Jón Guðmundsson, settur málaflutningsmaður við yfirrèttinn, hafði samið að tilhlutun þingsins, og er í henni farið fram á, að manntalsþingagjöldin í Gullbringusýslu og í Reykjavíkur kaupstað, sem nú eru greidd eptir verði verðlagsskráarinnar á hörðum fiski, framvegis verði greidd eptir meðalverði allra meðalverða.

Eptir að búið er að skrifast á um þetta efni við fjárstjórnina, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr kunngjörið það alþingi því, er haldið verður í næsta skipti, að dómsmálastjórnin hefir í hyggju að hlutast til um, að uppástunga, er að þessu lúti, verði sett í frumvarpið til fjárlaganna fyrir árið 1864–65.

---

14. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um aukaútsvar fyrir skólahúsið, landsyfirrèttarhúsið, og stiptamtmannshúsið í Reykjavík. 28. februarm.

Í brèfi 5. nóvembermánaðar f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort heimild sè fyrir því í reglugjörð um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 27. nóvembermán. 1846 19. grein, að auk lóðarskatts sè jafnað aukaútsvari á skólahúsið, landsyfirrèttarhúsið og stiptamtmannshúsið.

Í þessu efni skal yður kunngjört, að með því aukaútsvarið er greitt eptir efnum og ástandi og er þannig skattur, sem aðeins hvílir á gjaldþegnunum sjálfum (*en reen personlig Skat*) verður stjórnarráðið að fallast á þá skoðun, er þèr lýstuð yfir í brèfi

1863. 28. febrúarm. yðar, að engin heimild sè fyrir því í lögum, að jafna greindum aukaskatti á hús þau, er að ofan eru nefnd.

---

28. febrúarm. **15. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að eyðijörðin Efriströnd eigi fáist til kaups.**

Með brèfi 29. októberm. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, borið undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar bænarskrá frá Ásmundi prófasti Johnsen í Odda, um að eyðijörðin Efriströnd í Rangárvalla sýslu verði seld Odda brauði til eignar, annaðhvort fyrir hæsta boð það, er gjört var við uppboð, er haldið var yfir jörðinni 24. maím. f. á., en það voru 81 rdl., eður fyrir það kaupverð, sem óvilhallir menn ákveði, og hafið þèr meðal annars getið þess, að þareð þèr hafið álitið, að ekki beri að leggja samþykki á hæsta boð það, er gjört var við uppboð þetta, þá hafið þèr þegar áður en þèr fenguð bænarskrá þá, sem áður er getið, skrifað sýslumanni um að bjóða upp jörðina til afnota fyrir árlegt afgjald um 5 ár, og að heimta sanngjarnt afgjald af þeim manni, er hefir haft afnot jarðarinnar síðan uppboð það fór fram, er haldið var 1856, og borga það fè í jarðabókarsjóðinn með öðrum sýslugjöldum.

Í þessu efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr birtið það beiðandanum, að með því stjórnarráðið sökum ásigkomulags jarðar þeirrar, sem hèr er um rætt, fellst á ráðstöfun þá, er þèr hafið gjört, þá verður það, sem um er sótt, eigi veitt.

---

16. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um árgjald af brauðum til styrks handa uppgjafaprestum og prestaekkjum. 1863. 28. febrúarm.

Eptir að málefnið um árgjald af brauðum á Íslandi til fátækra uppgjafapresta og prestaekkna þar, og um löggilding brauðamats þess, er til búið var árið 1853, um hreinar tekjur af brauðum þessum, hafði verið lagt fyrir synódus í Reykjavík árin 1860 og 1861 og nefnd nokkur, er synódus hafði skipað í málið hið fyrra árið, hafði sagt um það álit sitt, hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað álitsskjal þetta, ásamt eptirriti af gjörðabók synódusar 1861, þar sem skýrt er frá umræðunum um málið á synódus það ár; og um leið og þèr á ný hafið lýst yfir áliti yðar um málið, hafið þèr í brèfi 4. októberm. f. á. gjört þær uppástungur, er nú skal greina:

1. að brauðamatsgjörðin frá 1853 með þeim breytingum, er synódus hefir fallizt á, verði hèreptir lögð til grundvallar fyrir upphæð árgjalds þess, er greiða ber af brauðunum, þó með því skilyrði, að stiptsyfirvöldunum verði gjört að skyldu að bera málið fyrst undir álit synódusar og síðan undir stjórnina, þegar svo ber við, að eitthvert brauð vesnar til muna, til þess að því þá verði skipað í rèttan flokk;
2. að farið verði að á sama hátt og að undanförnu um eptirlaun uppgjafapresta af brauðinu, og einnig um eptirlaun prestaekkna af brauðinu, þó með þeim mismun, að eptirmaðurinn skuli borga þann hluta af hinum föstu tekjum, sem uppgjafaprestum og prestaekkjum ber, eptir hvers árs verðlagsskrá, að því leyti sem gjaldið eigi er greitt í landaurum, og fái ekkjurnar $^1/_8$, $^1/_{10}$ og $^1/_{12}$ hluta af tekjum brauðanna, eptir því í hverjum flokki brauðið er;
3. að hvorki ágóðinn af prestssetrinu eður þeirri jörð, sem presti er fengin til ábúðar, nè heldur borgun fyrir prestsverk (ministerialia) skuli meðtalið, þá er ákveða skal eptirlaun presta og prestaekkna af brauðinu.

1863. 28. febrúarm.

4. að fé því, sem fæst af brauðunum með því árgjaldi, sem hèr er stungið upp á, skuli skipt í tvo jafna hluta til styrks handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.

Um þetta efni skal nú stjórnarráðið fara nokkrum orðum:

Svo sem þegar er vikið á í brèfi stjórnarráðsins 14. októberm. 1859, er ekki frá stjórnarráðsins hálfu neitt því til fyrirstöðu, að brauðamatsgjörðin frá 1853 verði lögð fyrir konung til staðfestingar, þegar búið er að leiðrètta hana samkvæmt uppástungum frá synódus, er þèr, herra stiptamtmaður, og þèr háæruverðugi herra, hafið fallizt á, og einnig bæta inn í hana því, er vantaði; eigi er heldur neitt því til fyrirstöðu, að reiknað sè eptir brauðamatsgjörð þessari árgjald af brauðunum til fátækra uppgjafapresta og prestaekkna samkvæmt uppástungu yðar, er byggð var á áliti synódusar. Þó er aðgætandi, að í þessu efni er í brèfi yðar vikið á takmörkun, sem eigi er tekin fram í uppástungunni, en það er sú, „að árgjaldið, svo sem ákveðið sè í eldri lagaákvörðunum, skuli eigi greitt af neinu brauði, þar sem nokkur er í brauðinu, er eptirlauna nýtur;" er þetta að því leyti, er ekkjurnar snertir, byggt á ákvörðunum í konungsbrèfi 5. júním. 1750, 7. grein, en þar á móti er það, að því er snertir uppgjafaprestana, ekki nefnt í konungsbrèfunum frá 14. febrúar 1705, sem hafa reglurnar um gjaldið til þeirra. Ef því þessi takmörkun á að eiga sèr stað framvegis, verður að álíta rèttast að ákveða slíkt með berum orðum.

Enn fremur virðist stjórnarráðinu ekkert athugavert við, að brauðunum, svo sem uppá er stungið, sè skipt í flokka á þenna hátt: *a.* aðalbrauð (700 rd. og þar framyfir), *b.* betri meðalbrauð (500—700 rd.), *c.* meðalbrauð (350—500 rd.) og *d.* fátæk brauð (minni en 350 rd.); eigi virðist heldur vera neitt móti uppástungu þeirri, sem gjörð er í sambandi við þessa skipting, að hans hátign konungurinn aðeins veiti þau brauð, sem heyra til 1. flokki (en í honum eru nú 8 brauð, þareð bæta verður Garða brauði í Gullbringu sýslu við hin 7 brauðin, sem talin eru til þessa flokks í brèfi stiptsyfirvaldanna, þar sem tekjur þess brauðs eru 701 rd. 59 sk. eptir brauðamatsgjörðinni frá 1853); að stiptsyfirvöldin þar á móti veiti

brauðin í 2. og 3. flokki, en á eptir skuli fengin staðfesting konungs upp á veitinguna og brauðin í 4. flokki veiti stiptsyfirvöldin án slíkrar staðfestingar. Þó er ef til vill hagfelldara að skipta brauðunum aðeins í þrjá flokka, þannig: 1. aðalbrauð, 2. meðalbrauð og 3. fátæk brauð, og skipta aptur öðrum flokki í tvær deildir, og ætti þá að vera í hinni fyrri deildinni brauð með 500—700 rdl. tekjum, en í hinni síðari brauð með 350—500 rdl. tekjum. 1863. 28. febrúarm.

Hvað snertir eptirlaun prestanna, þá eru þau nú reyndar nokkuð af handa hófi, með því þau eru ákveðin eptir álitum; en þareð þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, hafið lýst yfir því áliti, að aðferð sú, sem nú er við höfð í þessu efni, eigi vel við á Íslandi, þá þykir stjórnarráðinu ekki vera ástæða til nú sem stendur að stinga upp á breyting á þessu; samt sem áður hefði stjórnarráðið æskt þess, að útvegað hefði verið, svo sem tilefni var til eptir brèfi þess 14. októberm. 1859, álit synódusar um þetta atriði, sem er mikils umvarðandi fyrir prestastèttina á Íslandi.

Einnig virðist mega fallast á ákvarðanir þær, sem stiptsyfirvöldin eptir tillögum synódusar hafa stungið upp á um eptirlaun prestaekkna, og ber þess að geta, að svo er án efa til ætlazt, að ákvarðanir þær, sem eru í konungsbrèfi 5. júním. 1750 um ábúðarjarðir prestaekkna, standi óbreyttar. En það virðist rèttast, að ákvarðanir um þetta efni sè teknar í frumvarpið um eptirlaun prestaekkna.

Þar sem þèr nú, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, hafið látið í ljósi það álit, að skipa megi fyrir um öll þau atriði, er þetta málefni snerta, sem umboðsleg málefni, þá getur stjórnarráðið ekki fallizt á þessa skoðun. Hvað þannig árgjaldið af brauðunum snertir, þá er athugavert, að í brèfi stiptsyfirvaldanna 19. febrúarm. 1859 er beina leið stungið upp á, að árgjaldið eptir hinni nýju brauðamatsgjörð skyldi komast á smátt og smátt eptir því, sem brauðin losnuðu, og sú skoðun kemur einnig fram í áliti nefndar þeirrar um málið, sem að ofan er getið um, að synódus hafi skipað árið 1860, en þar á móti lúta áðurgreindar uppástungur yðar að því, að

1863. 28. febrúarm. brauðamatsgjörðin fra 1853 skuli upp frá þessu lögð til grundvallar fyrir árgjaldi því, er greiða ber af brauðunum m. m., og sýnist með því vera til ætlazt, að árgjaldinu sè jafnað á brauðin eptir hinni nýju brauðamatsgjörð upp frá þeim tíma, að sú brauðamatsgjörð hafi öðlazt konunglega staðfesting. Þetta virðist og vera ákjósanlegast, með því afar brýn nauðsyn ber til, að bætt verði kjör uppgjafapresta þeirra og prestaekkna, sem nú eru; en þetta mundi baka prestum þeim, sem nú eru í brauðunum, töluverð útgjöld, sem þeir að undanförnu annaðhvort hafa að öllu leyti verið lausir við, eður að minnsta kosti hafa verið þeim miklu léttbærari, en slíkur byrðarauki verður eigi lagður þeim á herðar nema með lögum.

Um ákvarðanirnar um eptirlaun presta og prestaekkna, þá hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, getið þess, að þær framvegis verði byggðar á sama grundvelli, sem að undanförnu; en að undanförnu hafa eptirlaun presta verið ákveðin eptir reglunum í norsku lögum, 2. bók, 14. kap., 1. art., og prestaekkna eptir konungsbrèfi 5. júním. 1750, á þann hátt, að lagt er til eptirlauna $^1/_8$ af tekjum aðalbrauða, $^1/_{10}$ af betri meðalbrauðum, og $^1/_{12}$ af meðalbrauðum; og að aðalatriðið sè aðeins að ákveða að eptirlaunin, reiknuð samkvæmt þessum frumreglum, verði borguð á rettari hátt og svo, að betur eigi við eptir því, sem ástatt er á þessum tímum; á þetta einkum við um prestaekkjurnar, er þeirra hluti af tekjunum nú verður greiddur þeim eptir hinni nýju brauðamatsgjörð eptir hvers árs verðlagsskrá, í stað þess, að hann að undanförnu hefir verið greiddur þeim eptir hinni gömlu brauðamatsgjörð og með þeirri peningaupphæð, er svarað hefir til $^1/_8$, $^1/_{10}$ og $^1/_{12}$ af tekjunum. Þèr herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, hafið því álitið óþarft að búa til, svo sem stjórnarráðið hafði boðið yður, nýjar ákvarðanir um eptirlaun, eður aðrar en þær, sem nú eru í gildi, með því farið verði eptir hinum eldri ákvörðunum, með þeim breytingum, er hafa hlotið að verða á með hinu nýja fyrirkomulagi, og hafið þèr fyrir þá sök eigi borið þetta atriði undir álit synódusar.

En stjórnarráðið getur eigi fallizt á þessa skoðun. 1863.

Stjórnarráðið getur ekki betur séð, en að uppástunga yðar, 28. febrúarm.
herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, um eptirlaun prestaekkna framvegis, hafi í för með sèr svo verulega og yfirgripsmikla breyting á því, sem nú á sèr stað, að henni ekki verði á komið og eigi beri að koma henni á nema löggjöfin eigi hlutdeild í því, smbr. tilsk. 31. maí 1855, 12. gr. Að vísu helzt eins og áður skipting brauðanna í aðalbrauð, betri meðalbrauð og meðalbrauð, en með þeim mismun, að aðalbrauðin, sem áður gátu verið 100 rdl. brauð, eru nú metin til 700 ríkisdala að minnsta kosti, betri meðalbrauð, sem áður voru frá 60—100 rdl., eru nú metin 500—700 rdl. og meðalbrauðin, sem áður voru 50—60 rdl., eiga nú að vera 350—500 rdl., þar sem þó prestaekkjunum er ákveðinn sami hluti af tekjunum, og hin breytingin, sem þèr hafið stungið upp á, er nálega eins mikilsverð, en hún er sú, að eptirlaunin skuli borguð í skileyri eður með peningum eptir verðlagsskrá, í stað þess, að þau hafa áður verið borguð í peningum. Að því er snertir eptirlaun prestanna, þá verður breytingin minni, en þó því að eins, að eptirlaun þeirra hafi áður verið borguð þeim í skileyri, en um það vantar eindregna skýrslu.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, verður stjórnarráðið því að álíta, að skipa eigi fyrir með lögum um gjörvallt málefni þetta, sem hefir verulega og yfirgripsmikla þýðing fyrir prestastèttina á Íslandi, og ber að hafa í því lagaboði ekki aðeins ákvarðanir um eptirlaun presta og prestaekkna, heldur og um árgjald af brauðunum til fátækra uppgjafapresta og prestaekkna; einnig ættu í því að vera reglur um, hvernig veita ætti brauðin, með því ákvarðanir þær, sem nú eru um það í konungsbrèfi 10. maím. 1737, 29. janúarm. 1740 og 2. desemberm. 1791, verða að breytast þegar hin nýja brauðamatsgjörð fær gildi; skorar því stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, um að semja lagafrumvarp þess efnis, sem nú hefir sagt verið, og byggja það á áðurgreindum uppástungum yðar og athugasemdum þeim, er stjórnarráðið hefir við þær

1863. gjört, og að senda síðan lagafrumvarpið hingað, eptir að búið
28. febrúarm. er að bera það undir álit synódusar.

Að endingu lætur stjórnarráðið hèr með fylgja annað eptirritið, er þèr hingað senduð, af brauðamatsgjörðinni frá 1853, til þess það verði aukið og lagað, og eruð þèr beðnir að senda það hingað aptur að því búnu.

---

28. febrúarm. **17. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán til að setja upp girðing við Orfirisey.**

Í bænarskrá, er hingað barst með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 10. októberm. f. á., hefir Árni Thorsteinsson, landfógeti og bæjarfógeti í Reykjavík, sótt um að fá að láni úr ríkissjóði allt að 120 rdl. til að koma upp fyrir fè þetta girðing, er geti verið til varnar á Orfirisey (*Effersey*), sem landfógetanum er fengin til afnota, með þeim kjörum, að skuldin hvíli á embættinu og gjaldist af henni 6 af hundraði á ári í 28 ár samfleytt í vöxtu og borgun höfuðstólsins.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það, að lán það, sem hèr er um sótt, eigi getur fengizt úr ríkissjóðnum, en eptir atvikum málsins sè ekkert því til fyrirstöðu frá stjórnarráðsins hálfu, að beiðandinn, ef hann á einhvern annan hátt getur útvegað fè þetta, taki lán upp á embættið í áður greindum tilgangi, og fari það eigi fram yfir 120 rdl., með þeim skilmálum, að hann og eptirmenn hans í embættinu greiði af því vöxtu og borgi höfuðstólinn á þann hátt, sem fyr er sagt; og ber honum þá, þegar þar að kemur, að gjöra grein fyrir, að fènu hafi verið rètt varið; svo á og landfógetinn að vera skyldur að viðhalda girðingunni.

---

18. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um uppboð á hörðum fiski, sem áskilinn er í landskuld af jörðum á Vestmannaeyjum. 1863. 3. marzm.

Í brèfi 6. ágústm. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, beðið um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að þèr hafið boðið sýslumanninum á Vestmannaeyjum, samkvæmt uppástungu hans, að hætta framvegis að halda uppboð, svo sem að undanförnu hefir tíðkazt, á þeim hörðum fiski, sem leiguliðarnir á konungsjörðum þar á eyjunum eiga að gjalda, en sem þeir í raun og veru gjalda í öðrum vörutegundum, þareð harður fiskur er þar eigi til, og að láta í stað þess leiguliðana, ef þeir ekki geta borgað landskuld sína í peningum eptir verðlagsskrá, greiða gjald þetta til sýslumanns í gjaldgengum verzlunarvörum, er metnar sè eptir verði á hörðum fiski í verðlagsskrá, og skuli hann síðan sæta lagi annaðhvort að selja vörurnar verzlunarmönnum eður að selja þær við opinbert uppboð upp á samþykki amtmanns; svo hafið þèr og lagt það til, að í þetta skipti megi við svo búið standa við sölu þá, er fram fór við uppboðsþing 6. júní f. á., þá er Bryde kaupmaður hlaut hamarshögg upp á hinn svo nefnda afgjaldsfisk, fyrir 19 rdl. 48 sk. skippundið.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið, eptir því sem þèr hafið skýrt frá atvikum málsins, fellst á ofangreindar uppástungur yðar í öllum greinum.

---

19. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun til alþingisforseta fyrir störf eptir þinglok og um ávísun alþingiskostnaðar. 10. marzm.

Í brèfi 23. júlím. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt gjör frá um borgun þá, er alþingisforsetinn árin 1859 og 1861 hafði reiknað sèr fyrir störf þau, er hann hafði haft á hendi fyrir þingið eptir þinglok; hafið þèr látið það álit í ljósi um málefni þetta í heild sinni, að ef það ekki verði álitin skylda

1863. 10. marzm. forseta eptir stöðu hans, að afgreiða borgunarlaust þau málefni, sem eptir eru þegar þingi er slitið, þá virðist yður rèttara, að til borgunar fyrir þetta sè ákveðin viss upphæð, er ekki ætti að fara fram úr 50 rd. fyrir hvert þing; hafið þèr og í sambandi við þetta stungið upp á, að stiptamtmanni verði falið á hendur að ávísa til útgjalds alla þá reikninga, sem koma eptir þinglok og snerta alþingi; þó sè vitaskuld, að forseti þingsins eigi áður að hafa ritað á þá vottorð sitt um, að þeir sè rèttir.

Í þessu efni skal yður kunngjört, að dómsmálastjórnin fellst á hina síðast nefndu uppástungu, svo að öll þau gjöld, er alþingi snerta og eigi eru greidd fyrri en eptir þinglok, upp frá þessu skulu ávísuð af stiptamtmanni, í stað þess að forseti alþingis hefir að undanförnu ávísað þau, og eruð þèr beðnir að kunngjöra þetta landfógetanum og forseta á hinu næsta alþingi. En hvað það snertir, hvort forseti eigi heimting á nokkurri, og þá hverri borgun fyrir störf hans fyrir þingið eptir þinglok, þá verður stjórnarráðið að álíta rèttast, að þetta atriði verði borið undir álit alþingis þess, sem haldið verður í sumar komandi, og biður yður því, herra stiptamtmaður, að hlutast til við konungsfulltrúa um þær ráðstafanir, er þarf í þessu efni, og ber að leggja fyrir þingið skýrslu um, hvernig forseti á alþingi síðustu árin hefir reiknað sèr borgun fyrir störf sín.

---

10. marzm. **20. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um leyfi til að fá lán handa Reykjavíkur bæjarsjóði.**

Í skjali nokkru, er þèr, herra stiptamtmaður, senduð dómsmálastjórninni með brèfi yðar, dagsettu 22. d. júlím. f. á., hefir bæjarstjórnin í Reykjavík skýrt frá, að tekjur bæjarsjóðsins fáist svo seint, að það beri opt við, einkum fyrri hluta ársins, að ekki sè fè til í sjóðnum til þeirra gjalda, er fyrir falla, svo að gjaldkerinn opt sè neyddur til að lána sjóðnum til bráðabyrgða af sínu eigin fè og bíða eptir endurgjaldi þess

nokkurn hluta ársins; hefir því bæjarstjórnin, til að bæta úr vankvæðum þeim, er af þessu leiða, sótt um að svo verði fyrir sèð, að bærinn geti aflað sèr fjár nokkurs, sem grípa mætti til, þegar er kringumstæðurnar gjörðu það nauðsynlegt, án þess að bærinn þarvið liði nokkurn peningamissi, og að í þessum tilgangi verði leyft, að bærinn móti veði í fasteignum sínum taki hèr um bil 800 ríkisdala lán, er svarað sè af vöxtum með 4 af hundraði árlega, og skuli fè þessu komið í óuppsegjanleg ríkisskuldabrèf, er hljóði upp á eigandann; skuli skuldabrèf þessi veðsett fyrir bráðabyrgðarláni því, sem bæjarsjóðurinn þurfa kynni til gjalda þeirra, er fyrir falla fyrri helming ársins, og bæjarstjórnin vonast eptir, að greiða mætti lán þetta af eptirstöðvum jarðabókarsjóðsins, en síðan skyldi lán það, er þannig hefði tekið verið, ávallt endurgoldið jafnskjótt og sjóðurinn væri búinn að fá tekjur þær, sem til eru færðar í tekju- og gjalda-áætlun hans á ári hverju. 1863. 10. marzm.

Um þetta efni tilkynnir dómsmálastjórnin yður, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið er yður samdóma um það, herra stiptamtmaður, að áburgreind uppástunga bæjarstjórnarinnar ekki verður tekin til greina; en þar sem þèr hafið látið í ljósi það álit yðar, að á hagfelldastan hátt verði bætt úr vankvæðum þeim, sem kvartað er yfir, með því móti, að ákvörðunum þeim, sem nú gilda um gjalddaga bæjartekjanna, sè breytt þannig, að ákveðið sè, að þær skuli goldnar á hverju hálfu missiri, og ávallt fyrirfram, það sem greiða á það hálfa missirið, þá skal því við bætt, að slík ráðstöfun ekki verður gjörð nema með lögum, og þarefi þau vankvæði, sem menn óska að bót fáist á, sumpart koma af því, eptir því sem virðist mega ráða af skjali bæjarstjórnarinnar, að ekki er hlýtt, svo sem vera ber, ákvörðuninni í 2. kafla í 20. grein í reglugjörð 27. nóvemberm. 1846, um að allir skattar skuli greiddir fyrir júnímánaðar lok ár hvert, þá verður stjórnarráðið að skora á yður að brýna fyrir hlutaðeigendum að fara eptir lagaákvörðun þessari; ber yður og að sjá um, að eptir henni sè breytt.

1863. 10. marzm. **21. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um útásetningar við reikninga kirkjunnar á Ingjaldshóli.**

Þareð dómsmálastjórnin hefir furðað sig á að sjá af 3. útásetningagrein við reikning Ingjaldshóls kirkju fyrir fardagaárið 1857—1858 og 1. útásetningagrein við reikning kirkjunnar fyrir fardagaárið 1858—1859, fyrir hversu hátt verð S. Jacobsen snikkari, sem þá var fjárhaldsmaður hennar, hefir keypt nauðsynjar hennar, þá þykir stjórnarráðinu við eiga að skora hèrmeð á yður, herra amtmaður, að skýra þeim manni, sem nú er fjárhaldsmaður kirkjunnar, frá þessu og bjóða honum að láta sèr framvegis vera annt um að fá það, sem kirkjan þarf á að halda, fyrir svo gott verð, sem unnt er.

---

10. marzm. **22. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárhagslögin fyrir árið 1863—64.**

Með brèfi þessu er yður, herra stiptamtmaður, sent eitt exemplar af fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1863—64, er út komu 29. desemberm. f. á., ásamt athugasemdunum við frumvarpið til laga þessara, og eptirriti af fylgiskjali, er þartil heyrir, að svo miklu leyti það snertir Ísland; einnig fylgir hèr með eitt exemplar af lögum 19. janúarm. þ. á. um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi.

Um þetta efni skal nú yfir höfuð að tala skýrskotað til þess, sem þegar eins stóð á var tekið fram í brèfi hinnar íslenzku stjórnardeildar 15. aprílm. 1851, þannig:

að öll laun og hlunnindi embættismanna og embættisþjóna, sem tilgreind eru í fjárlögum hvers árs, skal borga hlutaðeigendum afdráttarlaust, eptir þeirri upphæð, sem til er tekin fyrir hvern þeirra, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í opnu brèfi 31. maím. 1855, 1. grein, án þess nokkra sèrstaklega skipun þurfi að gjöra um borgunina og án þess

tekið sè til greina, hvort launin í fjárlögunum eru sett hærri eður lægri en áður hefir verið; 1863. 10. marzm.

að þegar embættismenn á Íslandi vilja fá laun sín borguð úr aðalfèhirzlu ríkisins, þá verður ekki annað ávísað en það, sem eptir áður sögðu er komið í gjalddaga þá er embættismaður æskir borgunarinnar. Landfógeti verður og ávallt að hafað ritað á launaávísanir þessar, að þær hafi verið honum sýndar og að hann hafi bókað þær.

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, eruð beðnir að kunngjöra hlutaðeigendum það, er með þarf, samkvæmt því, sem að ofan er sagt, getur stjórnarráðið þess, að fyrsti meðdómandi í landsyfirrèttinum framvegis á að halda þeim 250 rdl. á ári, sem hann að undanförnu hefir fengið úr dómsmálasjóðnum, með því þetta fè er borgun fyrir starfa, sem ekki er embættisverk hans, en þar á móti falla burtu þeir 50 rdl. á ári, sem annar meðdómandi í landsyfirrèttinum hingað til hefir fengið úr sama sjóði, þareð sjóður þessi ekki er ætlaður til að borga úr honum slík laun, og fè þetta upphaflega var veitt til að bæta fyrst um sinn laun embættismannsins þangað til skipulagi yrði á þau komið.

Að endingu skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um þetta málefni og einnig hinum amtmönnunum á Íslandi, að því leyti snertir þá sjálfa og embættismenn þá, er búa í umdæmum þeirra.

---

23. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um framfærsluhrepp Jónínu Jónsdóttur. 10. marzm.

Í skjali nokkru, er hingað barst með brèfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 11. ágústm. f. á., hafa sveitarforstjórarnir í Barðastrandar hrepp í Barðastrandar sýslu borið sig upp undan úrskurði amtsins 20. októberm. 1860, er ákvað, að stúlkan Jónína Jónsdóttir ætti framfærslurètt í hrepp þessum; hèldu þeir, að hún ætti framfærslurètt í Flateyjar hrepp, þar sem

1863. 10. marzm. faðir hennar var sveitlægur þegar hann dó, þareð hvorki faðir stjúpföðurr hennar, sem hún var í fóstri hjá, nè stjúpfaðir hennar sjálfur, sáu sèr lengur fært að veita henni forsorgun; en í greindum úrskurði amtsins er svo álitið, að hún öðlist framfærslurètt þar sem móðir hennar varð sveitlæg, þá er hún giptist í annað sinn.

Í þessu efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr birtið það, að þareð ofangreind Jónína Jónsdóttir var yngri en 16 vetra að aldri, þá er amtið lagði úrskurð á málið, og bæði móðir hennar og stjúpi voru á lífi, þá eru úrslit máls þessa eigi undir því komin, hvar hún sè sveitlæg, heldur verður að álíta styrk þann, sem veittur hefir verið henni til framfæris, eins og hann hefði verið veittur foreldrum hennar, og þareð enginn ágreiningur er um, að þau eru sveitlæg í Barðastrandar hrepp, getur sú sveit ekki átt tilkall til endurgjalds frá Flateyjar hrepp fyrir fè það, sem varið var henni til uppeldis þangað til hún varð 16 vetra gömul.

---

10. marzm. **24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lögregluþjón í Gullbringu sýslu.**

Í skjali nokkru, er hingað barst með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 13. nóvemberm. f. á., hefir Clausen sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu farið þess á leit, að veitt verði úr jafnaðarsjóði amtsins eður einhverjum öðrum sjóði svo mikið fè, er þurfi til að fá einn lögregluþjón, er ætti að búa í Hafnarfirði og vera skyldur að fara með sýslumanni í lögreglуerindum hans, hvenær sem honum þætti slíkt nauðsynlegt. Um leið og þèr senduð hingað skjal þetta, hafið þèr, herra stiptamtmaður, getið þess, að þèr að vísu álítið hagfellt, að þetta geti komizt á, en að það muni kosta 200 rdl. á ári, og að fè þetta hvorki geti orðið greitt úr dómsmálasjóðnum, nè heldur úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins; og með því yður eigi heldur virtist að þèr geta lagt það til, að það verði greitt úr ríkissjóðnum, þá hafið þèr, um leið og þèr skutuð málinu

undir úrskurð stjórnarráðsins, stungið upp á, að ráðið verði úr þessu á þann hátt, að lögregluþjónunum í Reykjavík, sem nú eru þrír, verði fækkað um einn, svo að þeir verði tveir eins og þeir áður voru, og að þriði þjónninn sè eptir látinn sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósar sýslu, og skuli eins og að undanförnu greidd úr jafnaðarsjóði amtsins launin handa þessum þjóni, sem ekki hafi verið skipaður fyrri en nú á síðustu árum, af því menn þá hafi búizt við, að verzlunarfrelsið mundi gjöra nauðsynlegt að auka lögreglustjórnina í Reykjavík, en sú raun hafi ekki enn á orðið. 1863. 10. marzm.

Út af þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það Clausen sýslumanni, að eins og launin handa lögregluþjóni í Hafnarfirði hvorki verða greidd úr dómsmálasjóðnum nè úr ríkissjóðnum, þannig virðist dómsmálastjórninni eigi heldur við eiga, að þau sè greidd úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins, jafnvel þó sjóður þessi um leið yrði laus við að greiða jafnmikið fè fyrir það, að tekið yrði af þriðja lögregluþjónsembættið í Reykjavík, og ber þess að geta, að óregla sú, sem sýslumaðurinn nefnir, og fyrir þá sök óskar að fá lögregluþjón, ekki stendur í sambandi við verzlunarfrelsið, svo sem sjá má af brèfi hans, og eiga því sèr hèr ekki stað ástæður þær, sem opið brèf 24. nóv. 1856 er byggt á, og lagaboð þetta veitir þess vegna enga heimild til að leggja gjald þetta á jafnaðarsjóðinn. Þar á móti verður stjórnarráðið að benda yður á, herra stiptamtmaður, að íhuga, hvort ekki megi gjöra ráðstafanir til þess, að gjöld þau, sem hèr er um rætt, sè greidd úr hlutaðeiganda sveitarsjóði.

---

25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um herskipsferð til Íslands og erindisbrèf skipstjóra m. m. 16. marzm.

Í brèfi dagsettu 7. þ. m. hefir sjóliðsstjórnin skýrt frá, að „St. Thomas", sem er briggskip, og Albeck, „kapitainlieutenant", ræður fyrir, eigi að fara á stað hèðan til Íslands einhvern dag-

1863. 16. marzm. inn frá 20. til 25. þ. m. til þess að vera þar fyrst um sinn fiskiveiðamönnum vorum til verndar og til að halda á reglu meðal útlendra fiskiskipa; getur sjóliðsstjórnin þess, að fyrirhugað sè að setja skipstjóranum öldungis sömu reglur um, hvernig hann eigi að haga sèr, og settar voru þá er briggskipið „Örnen" var sent til Íslands árið 1859[1], en spyr dómsmálastjórnina um, hvort hún óski nokkurra breytinga í því efni.

---

[1]) Reglur þær, sem hèr er til vitnað, eru í brèfi sjóliðsstjórnarinnar, dags. 30. aprílm. 1859, til foringjans á skipinu „Örnen", og er það brèf þannig hljóðandi:

„Briggskipinu „Örnen" er ætlað að fara þetta árið til Íslands, og er aðaltilgangurinn sá með ferð þess, að það verndi fiskiveiðar Íslendinga, og hafi gát á, að útlend fiskiskip brjóti eigi lög þau, er gilda um fiskiveiðarnar við Ísland.

Töluverður fjöldi útlendra fiskiskipa, einkum frakkneskra, hefir nú á síðari árum sótt fiskimiðin við Ísland og veitt þar fisk fast uppundir ströndum landsins, til tjóns fyrir fiskiveiðar landsbúa, og eru þó fiskiveiðarnar helzti atvinnuvegur þeirra. Til að koma í veg fyrir slík lagabrot, hefir verið skorað á hlutaðeigandi stjórnendur í útlöndum að hlutast svo til, að skipum þeim, sem fara til fiskiveiða við Ísland verði bannað að stunda fiskiveiðar nær ströndum landsins en heimilað er í gildandi lögum. En ekki verður við því búizt, að slík yfirlýsing muni hafa mikið upp á sig nema því að eins, að hún eigi að styðjast við ráðstafanir frá Danmerkur hálfu til að ná tilganginum, og þess vegna hefir verið af ráðið að senda til Íslands briggskip það, sem þèr, herra kapitainlieutenant, eigið fyrir að ráða.

Eldri ákvarðanirnar um fiskiveiðarnar við Ísland banna útlendingum að veiða skemmra undan landi en 4 mílur, en þareð það er samkvæmara almennum hugmyndum um yfirráðin yfir sjónum, að takmörkin sè látin vera eina vanalega sjávarmílu frá yztu ey eður hólma, sem eigi er yfirflotinn af sjó, þá skuluð þèr, herra kapitainlieutenant, láta yður nægja með að heimta, að eigi sè farið yfir þessi takmörk, en af þessu leiðir, að vitaskuld er, að útlendum fiskiskipum ekki er leyfilegt að fara inn á firði og flóa við landið til fiskiveiða.

Í samhljóðan við þetta hafa og stjórnendurnir í útlendum ríkjum verið beðnir um að birta fiskiveiðamönnum það, sem þörf er á um þetta efni, og hefir einnig verið skorað á þá að láta fiskiveiðamönnum verða kunnugt, að ef þeir fari inn fyrir takmark það, sem fyr er getið, megi þeir búast við, að með þá verði farið eptir nú gildandi tilskipunum, einkum tilskipun 13. dag júnímán 1787.

Þannig eigið þèr, herra kapitainlieutenant, af fremsta megni að

Þessu leyfir dómsmálastjórnin sèr að svara á þá leið, að ekki virðist vera ástæða til að breyta neinu í reglum þeim, er nú voru nefndar; þó skal þess getið, að samkvæmt því, sem hinu heiðraða stjórnarráði fórust orð í brèfum sínum frá 14. 1863. 16. marzm.

styrkja yfirvöldin á Íslandi í því, að halda við reglu meðal útlendra fiskiskipa og sjálfir hafa gát á, að þau eigi fari innfyrir takmark það, sem áður er um rætt. Þegar útlend herskip eru viðstödd, sem eiga að vernda skip frá þeirra löndum, þá ber yður að tala yður saman við skipsforingjana á þeim herskipum.

Fyrir afbrot móti banninu um fiskiveiðar útlendinga ákveður tilskipun 13. dag júnímán. 1787 að leggja skuli hald á skip og gjöra það upptækt, en ekki ber að beita ákvörðun þessari eins stranglega og orðin hljóða. Þèr skuluð fyrst í stað láta yður nægja með að bægja burt hinum útlendu fiskiskipum, þegar þèr hittið þau á því sviði, þarsem þeim, eptir því sem að ofan er sagt, er bannað að veiða, en leggja ekki hald á þau fyrri en sama skipið, eptir að því hefir verið bægt burt, brýtur bannið af nýju; síðan skuluð þèr ráðgast um málið við stiptamtmanninn yfir Íslandi eður hlutaðeigandi amtmann, áður en ákvæðið sè fyrir fullt og fast, að farið skuli með skipið eptir boðum laganna. Ef nokkurt útlent skip sýnir óhlýðni gegn fyrirskipunum yðar, eður sýnir beinlínis mótþróa fyrir innan það takmark, sem eptir áður sögðu er álitið að umráðin yfir sjónum nái að, svo ber einnig að leggja hald á það, og eigið þèr síðan að ráðgast um við stiptamtmanninn yfir Íslandi eður hlutaðeigandi amtmann, hvað frekara skuli gjöra.

Þareð þèr eigið að verða samtaka yfirvöldunum á Íslandi til þess náðst geti sá tilgangur, sem ferð briggskipsins þangað hefir fyrir mark og mið, þá ber yður að leggjast á eitt í þessu efni með stiptamtmanninum, og, einnig að því leyti færi gefst til þess, með hinum amtmönnunum. Um það, hverjar ráðstafanir gjöra skuli, á hverja staði þèr komið og svo frv., þá skuluð þèr einkum fara að ráðum stiptamtmannsins, en þó hefir hann eigi embættisvald yfir yður.

Eptir því, sem dómsmálastjórnin hefir frá skýrt, er eptirlitið með fiskiveiðunum mest áríðandi fyrir vesturumdæmið á Íslandi; þèr skuluð því fyrst fara á briggskipinu þangað, en koma við í Reykjavik á leiðinni, til að taka ráð yðar saman við stiptamtmanninn.

Þareð útlend skip við Grænlands strendur einnig hafa brotið móti ákvörðunum þeim, sem gilda um viðskipti manna við það land, þykir mjög ákjósanlegt að láta sjá hið danska herskipaflagg við Grænland norðurundir Disco, og óskar stjórnarráðið því, að briggskipið „Örnen" fari norður í Davíðssund í þessum tilgangi. En eins og áður er sagt er aðaltilganguriun að vernda fiskiveiðar Íslendinga, og ber því aðeins

1863. 16. marzm. febrúarm.[1] og 31. marzm. 1860[2], var alþingi í konunglegri auglýsing 1. júním. 1861 tilkynnt, að annazt mundi verða um, að þegar þess verður æskt verði á dönskum herskipum, sem send verða til Íslands í áðurgreindum tilgangi, veitt viðtaka hæfilega mörgum Íslendingum til að læra sjómennsku, og biður því dómsmálastjórnin hina heiðruðu sjóliðsstjórn að segja skipstjóranum á St. Thomas svo fyrir um þetta, sem þörf er á; gjörir dómsmálastjórnin ráð fyrir, að þetta fáist með þeim kost-

---

að fara norður í Davíðssund svo framarlega sem það verður gjört að skaðlausu fyrir aðaltilganginn; en á ferðinni þar norðureptir mundi skipið þurfa að vera 4—6 vikur fjærverandi frá Íslandi; skuluð þér, herra kapitainlieutenant, bera yður saman um þetta við stiptamtmanninn yfir Islandi, áður en þér afráðið fyrir fullt og fast, hvort þér farið norður í Davíðssund.

Stjórnarráðið heldur, að hægast muni að koma við ferðinni til Grænlands, ef þér farið á stað frá Íslandi í síðari hluta júnímánaðar, og ættuð þér þá að hverfa aptur til Islands frá Grænlandi; en yður skal falið á hendur að afráða, hvað þér gjörið í þessu efni, þegar þér eruð búnir að ráðgast um það við stiptamtmanninn yfir Íslandi. Annars er það vitaskuld, að þér á bezta hátt aðstoðið yfirvöldin á Íslandi og Grænlandi, ávallt þegar þörf þykir á liðveizlu yðar."

[1]) Í þessu bréfi segir svo: .... „Stjórnarráðið vill mjög fúslega styrkja til þess, að Íslendingum verði kennd sjómennska, og virðist að nokkru leyti mega ná þessum tilgangi með kostnaðarlitlu móti, ef hæfilega mörgum Íslendingum væri leyft að vera á herskipunum, þegar þau verða aptur send til Íslands". . . .

[2]) Í þessu bréfi segir svo: . . . „Um það að Islendingum verði kennd sjómennska, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að hæfilega margir Íslendingar verði teknir á herskip það, sem sjóforingjaefnin eru á, þegar það nú í vor kemur til Íslands, og að þeir fari aptur tilbaka með skipinu, ef hin heiðraða dómsmálastjórn æskir þess, að það enn á ný í haust komi við á Íslandi, en að öðrum kosti mætti senda þá með einhverri annari ferð. Kostnaðurinn við þetta getur ekki orðið mikill, en þareð upphæð fjár þess, sem ætlað er til útbúnings skipsins, er öldungis fast ákveðin, verður þó að binda þetta þeim skilmála, að sjóliðsstjórnin fái kostnaðinn endurgoldinn. Ef dómsmálastjórnin skyldi fallast á þetta, vonast sjóliðsstjórnin eptir að fá vísbending þar um, og getur þess, að gjöra má ráð fyrir, að borgunin fyrir hvern Íslending, sem á skipinu yrði, muni verða 14 rd. 24 sk. um mánuðinn, þegar þeir ætti að fá kaup sem vanir sjómenn". . . . .

um, sem um er rætt í síðast nefndu brèfi á þann hátt, að dóms- 1863.
málastjórnin hlutist til um, að kostnaðurinn, hèr um bil 14 rd. 16. marzm.
24 sk. á mánuði fyrir hvern mann, verði aptur endurgoldinn sjóliðsstjórninni.

Að síðustu skal við bætt, að stiptamtmanninum og amtmönnunum á Íslandi hefir í dag verið boðið að veita Albeck, kapitainlieutenant, alla þá aðstoð, sem þeir geta í tè látið, meðan hann er við Ísland.

---

26. Opið brèf, um spítalahlutina á Vestmannaeyjum. 24. marzm.

Dómsmálastjórnin hefir allraþegnsamlegast borið undir konung álitsskjal alþingis þess, er haldið var árið 1861, um spítalahlutina í Vestmannaeyjum í suðurumdæminu á Íslandi, og hefir hans hátign þóknazt 13. dag þ. m. allramildilegast að ákvarða, að spítalahlutirnir á eyjum þessum, bæði af fugli og fiski, skuli frá 1. degi janúarmánaðar 1865 renna inn í sjóð þann, er stofnaður var með konungsúrskurði 12. ágústmánaðar 1848 til umbóta á læknaskipuninni á Íslandi, en að hinsvegar skuli frá sama tíma fyrst um sinn 30 rd. á ári greiddir úr sjóði þessum til launa handa yfirsetukonu á Vestmannaeyjum.

Þetta birtist öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Í dómsmálastjórninni, 24. dag marzmánaðar 1863.

Árið 1857 kom frá alþingi uppástunga um, að ákvörðun sú í konungsbrèfi 20. d. febrúarm. 1750, að Vestmannaeyingar megi einir njóta spítalahluta þeirra, er þar falla af fiski og fugli, handa fátækum þar á eyjunum, sè úr lögum tekin, en hlutir þessir gjaldist í hinn almenna læknasjóð, er stofnaður er með konungsúrskurði 12. d. ágústm. 1848. Um uppástungu þessa var leitað álits hlutaðeigandi embættismanna á Íslandi og álit þeirra síðan kunngjört alþingi 1861, samkvæmt konungsúrskurði 1. d. júním. s. á., og skorað á þingið að segja álit sitt um málið.

Í álitsskjali alþingis, dagsettu 3. ágústm. 1861, er stungið uppá: „að hospítalshlutirnir á Vestmannaeyjum, bæði af fiski

1863. og fugli, renni frá 1. degi janúarm. 1865 inní hinn almenna læknasjóð, er stiptaður er með konungsúrskurði af 12. ágúst 1848, en að konungsúrskurður af 20. febrúar 1750, viðvíkjandi þessum hlutum, verði úr lögum numinn".

Sem ástæður fyrir þessari uppástungu sinni tilfærði þingið, að Vestmannaeyingar sèu nú, að því er ráðstafanir um læknahjálp snertir, miklu betur staddir en íbúar annara hèraða á Íslandi, er þeir hafa lækni fyrir sig; að það leiði af þessu, að Vestmannaeyjar, að því er læknahjálp snertir, kosti hið opinbera, að rèttu hlutfalli eptir fólkstölu, miklu meira en nokkur annar hluti Íslands, og hyggur þingið því, að Vestmannaeyingar ekki geti haft neina sanngirniskröfu til sèrstaklegrar undanþágu frá að leggja fram spítalahlutina, sem lögboðnir eru á öllu landinu; að þarsem hlutaðeigandi embættismenn telji það sem ástæðu til að spítalahlutir þessir eigi að renna inn í fátækrasjóð Vestmannaeyja, að yfirsetukonu eyjanna sèu borgaðir í laun 30 rdl. á ári úr sjóði þessum, þá virtist þinginu ekki, að sú yfirsetukona ætti að hafa þau rèttindi fram yfir allar aðrar yfirsetukonur á Íslandi, sem aðeins fá mjög litla þóknun af opinberu fè, að hún ein fái laun af spítalahlutum, er falla á eyjum þessum, ekki aðeins af skipum eyjarmanna, heldur og af skipum Rangæinga, er þar sækja sjó; að þingið þar að auki verði að álíta, að efnahagur Vestmannaeyinga, sem sveitar eður fátækrafèlags, sè í góðu hlutfalli við alla aðra sjávarhreppa á Suðurlandi, með því þeir hafi veiðistöðu eins góða og flestir þeirra, og þartil fuglafang mikið, sem hinir ekki hafa, og eigi enn fremur álitlegt fè í sveitarsjóði.

Þó nú þingið af þeim ástæðum, er nú hafa verið taldar, fyndi ekki tilefni til að víkja frá þeirri skoðun, er það kvað upp á málinu 1857, fèllst það samt sem áður á þá uppástungu nokkurra þingmanna, að breyting þessi yrði ekki látin komast á fyrri en að 3 árum liðnum, svo að Vestmannaeyingum á þessu tímabili gæfist tækifæri á að gjöra þær ráðstafanir viðvíkjandi sveitastjórn sinni, er þeim þætti bezt henta og gjörði þeim breytinguna síður tilfinnanlega.

Í skýrslu þeirri, er konungsfulltrúi sendi með álitsskjali al-

þingis, lèt hann í ljósi það álit sitt, að því að vísu ekki verði neitað, að uppástunga alþingis eigi að styðjast við formlegan rètt, en að nokkuð öðruvísi sè þó ástatt á Vestmannaeyjum en í öðrum hèruðum landsins, og svo hyggur hann að tilfæra mætti ýmsar sanngirnisástæður fyrir því, að fátækrasjóður eyjanna fái að halda spítalahlutunum, t. a. m. að sökum þess hvað eyjarnar eru afskekktar og eyjarbúum því optlega, einkum á vetrum, eru fyrirmunaðar allar samgöngur við meginland, eiga þeir ekki annars kost en að sjá fyrir sèr sjálfir og geta eigi leitað liðs hjá öðrum; að fiskiveiði og fuglaveiði sè nálega hinir einustu atvinnuvegir eyjarbúa, og sè hinn fyrtaldi atvinnuvegur mjög stopull og hinn síðari mjög hættulegur, og verði mönnum einatt að fjörtjóni; að eyjarbúar af þessum orsökum sèu mjög fátækir, og að sveitarþyngsli hafi mjög vaxið nú á síðari árunum, vegna þess fiskiafli hafi brugðizt; að tekjurnar af spítalahlutum, sem megi meta 60—70 rdl. virði á ári, sè mikill styrkur til uppeldis þurfamönnum á eyjunum, og að missir þessa styrks yrði mjög tilfinnanlegur fyrir sveitarsjóðinn, þarsem fè þetta aptur á hinn bóginn að tiltölu munaði læknasjóðinn mjög litlu; að það sè sèrstaklegt fyrir eyjar þessar, en óumflýjanlegt eptir því, sem þar er ástatt, að af andvirði spítalahlutanna sèu borgaðir 30 rdl. á ári í laun handa yfirsetukonu, en staða hennar sè mjög áríðandi vegna hinnar einkennilegu barnaveiki (ginklofa), sem er á eyjunum, verði hún að hafa lært í Kaupmannahöfn og vera kunn að dugnaði; en að á hinn bóginn verði varla við því búizt, að eyjarbúar geti borgað laun yfirsetukonunnar ásamt öðrum gjöldum sínum, en það sè óumflýjanlegt, að laun þessi sèu borguð, því ekki megi án yfirsetukonunnar vera, en hún verði ófáanleg nema laun þau, sem hèr er um rætt, fylgi stöðu hennar. 1863.

Þó nú konungsfulltrúa þannig virtust kröptugar ástæður mæla fram með því, að Vestmannaeyjar fengju að halda spítalahlutunum, vildi hann þó eigi, gagnvart uppástungu alþingis, fullyrða, að ástæður þessar væru yfirgnæfandi.

Dómsmálastjórninni virtist ástæða til, svo sem alþingi hafði stungið upp á, að breyta því fyrirkomulagi, sem konungsbrèf

1863. 20. febrúarm. 1750 hefir sett um spítalahlutina á Vestmannaeyjum; var það í því efni tekið fram, að þær hinar sèrstaklegu ákvarðanir, sem lögðu spítalahlutina til sveitarsjóðsins á eyjunum, hafi, eins og alþingi hafi vikið á, verið settar á þeim tíma, þegar eyjar þessar, vegna þess hvað þær eru afskekktar, voru enn ver farnar að því, er læknahjálp snertir, en önnur hèruð á Íslandi, en þar á móti sè nú hlutfallið orðið gagnstætt eptir að búið sè að stofna læknisembætti þar á eyjunum. Við þetta bætist, að það er mjög ákjósanlegt, að árlegar tekjur hins íslenzka læknasjóðs geti aukizt, og þannig sjóðurinn fengið meiri efni til að ná hinum mikils umvarðandi tilgangi sínum, en hann er sá eptir konungsúrskurði 12. ágústm. 1848, að bæta læknaskipunina á Íslandi. En eptir því, sem konungsfulltrúi hefir frá skýrt, mundi það, eins og nú er ástatt, verða ervitt fyrir íbúa Vestmannaeyja að greiða 30 rdl. á ári í laun handa yfirsetukonu, þegar búið væri að svipta sveitarsjóðinn spítalahlutunum, og má þó álíta fjárútlát þessi nauðsynleg, til þess menn geti verið vissir um að fá duglega yfirsetukonu á eyjarnar; þessvegna virtist dómsmálastjórninni vera ástæða til að láta greiða fè þetta úr læknasjóðnum þangaðtil gjörð yrði önnur ákvörðun um það efni. — Að endingu skal þess getið, að dómsmálastjórninni ekki virtist vera neitt því til fyrirstöðu, að breyting þessi kæmist á á þeim tíma, sem alþingi hafði stungið upp á.

---

20. aprílm. **27. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun handa yfirsetukonu á Vestmannaeyjum fyrir aðstoð þá, er hún veitir hinum sjúku.**

Útaf bænarskrá þeirri, er hingað barst með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 5. nóv. f. á., hefir dómsmálastjórnin, eptir að hún var búin að skrifast á um það efni við fjárstjórnina, veitt Solveigu Markússen, yfirsetukonu á Vestmannaeyjum, fyrst um sinn á meðan læknisembættið þar er óveitt, 10 ríkis-

dali um mánuðinn frá 1. degi ágústm. f. á. í þóknunarskyni fyrir aðstoð þá, sem hún lætur hinum sjúku í té þar á eyjunum. 1863. 20. aprílm.

Um leið og yður er kunngjört þetta, yður til leiðbeiningar, þá skal þess getið, að samkvæmt uppástungu yðar ber að greiða þóknun þessa af launum þeim, sem ákveðin hafa verið læknisembættinu á Vestmannaeyjum, og taka hana af þeim helmingi þeirra, sem hingaðtil hefir verið óeyddur síðan embættið losnaði; því skal og við bætt, að svo hefir verið hlutazt til, að þóknun sú, sem yfirsetukonunni eptir þessu ber frá 1. ágústm. f. á. til 31. f. m., en það eru 80 rd., hefir verið borguð út úr aðalfèhirzlu ríkisins, og fèð síðan verið afhent N. N. Bryde, íslenzkum kaupmanni, og hefir sýslumanninum á Vestmannaeyjum í dag verið send ávísun uppá fèð, sem kaupmaður þessi hefir út gefið; en landfógetanum á Íslandi hefir einnig í dag verið ritað um að greiða þóknunina úr jarðabókarsjóðnum frá 1. degi þessa mánaðar.

---

28. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa H. Krabbe, dr. med., til að rannsaka sullaveikina á Íslandi. 30. aprílm.

Eptir bænarskrá, er hingað hefir verið send og hið konunglega heilbrigðisráð hefir mælt fram með, hefir dómsmálastjórnin veitt H. Krabbe, dr. med., 500 ríkisdala ferðastyrk til þess að ferðast á þessu ári til Íslands til að rannsaka gjör sullaveiki þá, sem þar gengur, og stinga síðan upp á hinum hagfelldustu ráðum til að reisa skorður við sýki þessari.

Þetta er yður hèrmeð kunngjört, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið ritað um að greiða þessa 500 rd. úr jarðabókarsjóði Íslands þegar Krabbe doktor æskir þess. Um leið skorar dómsmálastjórnin á yður að hlutast til um, að yfirvöldin sýni Krabbe doktor, meðan hann dvelur í suðurum-

1863. 30. aprílm. dæminu, þá greiðvikni og láti honum í tè þá aðstoð við rannsóknir hans, að sem beztur árangur geti orðið af ferð hans [1].

---

4. maím. **29. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um próf í íslenzkri tungu.**

Eptir þegnlegri uppástungu dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt, 8. d. febrúarm. þ. á. allramildilegast að úrskurða:

að próf það í íslenzku máli, sem þeir menn, er sækja um að verða embættismenn á Íslandi, en ekki eru Íslendingar, eiga að ganga undir samkvæmt allrahæstum úrskurðum 8. aprílm. 1844 og 27. maím. 1857, skuli aukið á þann hátt, að auk hins munnlega prófsins sje einnig haldið skriflegt próf, og að hið munnlega prófið sè haldið í heyranda hljóði, og sèu við það tveir prófdómendur, sem einnig taki þátt í að dæma um hið skriflega prófið; skuli það falið dómsmálastjórninni að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á í þessu efni, eptir að hafa ráðgazt um það við kirkju- og kennslustjórnina.

Um leið og konungsúrskurður þessi er hèrmeð birtur yður, herra stiptamtmaður, og yður háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið hann með tilliti til þess, að hinn fasti kennari í íslenzku við skólann í Reykjavík getur samkvæmt konungsúrskurði 27. maím. 1857 haldið próf það, sem hèr er um rætt, þá skal því við bætt, eptir að búið er að skrifazt á um málið við kirkju- og kennslustjórnina, að skriflega prófið á að vera í því fólgið: að snúa úr dönsku á íslenzku grein nokkurri, er sá tiltekur, er prófar, og skulu eigi prófdómendurnir eiga neinn þátt í að taka til greinina, en þeir skulu í hvert skipti, er prófið verður haldið í Reykjavík, kosnir

---

[1]) Sama dag var og amtmönnunum í hinum umdæmunum á Íslandi ritað á sama hátt um að sjá um, að Krabbe doktor yrði sýnd greiðvikni og aðstoð í þeirra umdæmum.

af stiptsyfirvöldunum á Íslandi; skal það falið þeim, er prófar, og prófdómendunum, að ráðstafa öðru því, er prófið snertir. 1863. 4. maím.

30. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir kláðalyf. 6. maím.

Í brèfi 13. d. f. m. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að haustið 1861 hafi verið fyrirskipuð almenn böðun fjárins hvervetna í Kjósar sýslu og í nokkrum hluta Gullbringu sýslu, og hafi lyfsalinn í Reykjavík látið af hendi böðunarlyf þau, sem á þurfti að halda, en hann hafi eigi viljað lána þau, nema amtið ábyrgðist, að þau yrðu borguð þá á næsta hausti. En þareð enganveginn allir þeir, er lyf höfðu fengið, þó til þess væru kvaddir, komu með borgunina á tilteknum tíma, heimtaði lyfsalinn að þèr, herra stiptamtmaður, til bráðabirgða skylduð borga það, er eptir stæði af skuldunum; og með því þèr höfðuð mælzt til þess við hann, að hann liði menn um borgunina fyrir böðunarlyfin, og veitt honum ádrátt um, að þau mundu verða borguð á þeim tíma, sem að ofan er getið, þá fannst yður þèr verða að gjöra svo, sem hann krafðist, á þann hátt, að þèr ávísuðuð honum 300 ríkisdali úr jarðabókarsjóðnum, er þèr ekki gátuð greitt fè þetta úr jafnaðarsjóðnum. Eptir því, sem þèr segið, má nú að vísu við því búast, að mikill hluti af fè þessu muni fást borgað í sumar, sem nú fer í hönd, en þó haldið þèr, að nokkrir skuldunautar muni verða þeir, er eigi geti borgað, og þareð þeim einnig flestum muni veita ervitt að greiða hverjum sinn part af skuldinni, er þeir beri þungar menjar hins síðasta harða vetrar, þá hafið þèr skotið til dómsmálastjórnarinnar, hvort henni eigi virðist vera ástæða til, að hið opinbera gefi upp þessa 300 rdl. þannig, að þeir verði borgaðir af þeim 4000 ríkisdölum, sem árlega eru ætlaðir í fjárlögunum til óvissra gjalda handa Íslandi.

Í þessu efni lætur dómsmálastjórnin yður vita, að ef það hefir eigi þegar gjört verið, ber að tilfæra þá 300 rdl., sem að ofan er um rætt, með þeim gjöldum, sem greidd eru af því

1863. 6. maim. fè, sem talið er í 9 gr. G. c. í fjárlögunum fyrir árið 1862—63, og telja þá sem bráðabirgðarlán til suðurumdæmisins vegna ráðstafana þeirra, sem gjörðar hafa verið sökum fjárkláðans; en stjórnarráðið vonast eptir, að þèr annist um, að hlutaðeigendur borgi fè þetta aptur og að jarðabókarsjóðurinn fái það þannig endurgoldið, og býst við að fá frá yður með síðasta pósti þetta árið skýrslu um, hversu mikið þá verði búið að borga.

---

6. maim. **31. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um alþingissetu Þorsteins kanselíráðs Jónssonar, sýslumanns í Þingeyjarsýslu.**

Í brèfi, er stjórnarráðinu hefir borizt, og dagsett er 17. febrúarm. þ. á., hefir Þorsteinn kanselíráð Jónsson, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, skýrt frá, að hann, ef hann geti komið því við, ætli að vera á alþingi því, er nú fer í hönd, sem konungkjörinn þingmaður, og því næst spurt um, hvort amtmaður eigi ekki ef til þess komi, án þess hann skerist neitt í það mál, að skipa einhvern mann til uppá eigin ábyrgð að gegna embættinu á meðan, án þess hann sjálfur missi nokkurs í við það af embættistekjum sínum.

Útaf þessu biður dómsmálastjórnin yður, herra amtmaður, að kunngjöra áður greindum embættismanni, og um leið senda honum aptur meðfylgjandi fylgiskjal, að hann verði að hlutast til um við amtið, að skipaður verði uppá hans kostnað og ábyrgð hæfur maður til þess að gegna embætti hans meðan hann er fjærverandi á alþingi.

---

6. maim. **32. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um tíund af eign fátækra í Dísastöðum og Fossgerði.**

Þegar endurskoðaðir voru reikningarnir yfir konungstíund og

aðrar tekjur ríkissjóðsins af Suðurmúlasýslu á tímabilinu frá 1. d. aprílm. 1856 til 31. d. marzm. 1858 hafði því verið hreift, hvort greiða bæri konungstíund af 10 hdr. í jörðinni Dísastöðum í Breiðdals hrepp og 4 hdr. í jörðinni Fossgerði í Eyða hrepp, og hefir því stjórnardeild sú, sem falin er rannsókn reikninga í konungsríkinu, sent dómsmálastjórninni eptirrit af 11. útásetningagrein við greinda reikninga ásamt svari þess, er reikningana hafði samið, og athugasemdum þess, sem þá hafði rannsakað, og úrskurði stjórnardeildarinnar, og skotið þannig málinu undir úrlausn dómsmálastjórnarinnar. 1863. 6. maím.

Um þetta efni skal yður, herra amtmaður, til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörið það, að dómsmálastjórnin álítur, að ekki beri að heimta konungstíund af jörðum þessum [1].

---

33. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um fjárverði til að varna útbreiðslu fjárkláðans. 7. maím.

Í bænarskrá nokkurri, sem Havstein amtmaður hefir sent dómsmálastjórninni og yður hèrmeð er sent eptirrit af, hefir Kristján kammerráð Kristjánsson og 4 aðrir sýslunefndarmenn í Húnavatnssýslu farið þess á leit, að stjórnin hlutist til um, að tryggilegur vörður verði nú í sumar á kostnað allra þriggja amtsjafnaðarsjóða Íslands settur við Skorradalsvatn, á sömu varðlínu, sem undanfarin tvö sumur, til að varna útbreiðslu fjárkláðans.

Jafnvel þó sjá megi af skýrslum þeim, er frá Íslandi hafa komið, að fjárkláðinn nú aðeins gjörir vart við sig á stöku stað í suðurumdæminu, þá hefir þó stjórnarráðinu virzt það eiga að verða við tilmælum þeim, sem fram koma í ofannefndri bænarskrá, og hefir einnig verið haft tillit til þess, að í bænarskrá

[1]) Af skjölum málsins er ljóst, að jarðarhundruð, þau sem hèr er rætt um, eru eign fátækra, sbr. Lagasafn. handa Íslandi VI, 152. Útg.

1863. 7. maím. alþingis 19. ágústm. 1861 (sjá alþ. tíð. 1861, 1806.—1814. bls.) er meðal annars beðið um, að amtmanninum í suðurumdæminu í sameining með hinum amtmönnunum verði gjört að skyldu að halda öruggan vörð á því, að engar fjársamgöngur eigi sèr stað millum grunaðra og heilbrigðra hèraða, meðan kláðasýkinni ekki er með öllu útrýmt. Fyrir því skorar dómsmálastjórnin á yður, herra (tit.), að þèr eptir samkomulagi við hina tvo amtmennina á Íslandi svo fljótt, sem verða má, gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á til þess, að skipaður verði tryggilegur vörður í þeim tilgangi, sem hèr er um rætt.

---

7. maím. **34. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um jarðarafgjöld af nýbýlinu Brattageröi.**

Stjórnardeild sú, sem falin er rannsókn reikninga í konungsríkinu, hefir skotið til úrskurðar dómsmálastjórnarinnar útásetning nokkurri, sem gjörð hefir verið í 9. athugagrein við umboðsreikning Skriðuklausturs fyrir tímabilið frá 1. aprílm. 1857 til 31. marzm. 1859 út af því, að jarðarafgjöldin af nýbýlinu Brattageröi, sem stofnað var 1836 og heyrir undir klausturjarðir þessar, hefir ekki runnið inn í ríkissjóðinn fyrri en árið 1856 eður 1857, þá er hlutaðeigandi umboðsmaður byggði öðrum nýbýlið eptir að liðin voru þau 20 ár, sem tilskipun 15. aprílm. 1776, 10. gr. veitir nýbyggjara og ekkju hans eptir hans dag fría ábúð á slíku nýbýli sem því, sem hèr er um rætt; og hafði þó ekkja nýbyggjarans þegar árið 1849 eður 1850 hætt að búa á nýbýlinu, og hefðu afgjöldin af því þaðanaf eptir áliti stjórnardeildarinnar átt að renna inn í ríkissjóðinn.

Um þetta efni skal yður, herra amtmaður, hèrmeð kunngjört, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það Birni umboðsmanni Skúlasyni, að jafnvel þó dómsmálastjórnin fallist á álit rannsóknar-deildarinnar um, að jarðarafgjöldin af nýbýlinu hefðu átt að renna inn í ríkissjóðinn upp frá því, að ekkjan fór burt þaðan, þá má þó eptir því, sem hèr er ástatt,

við svo búið standa; en þèr eruð beðnir að votta umboðsmanninum óánægju stjórnarráðsins yfir því, að hann eptir skýrslum þeim, er það hefir fengið, ekki hefir sèð um hag ríkissjóðsins í þessu efni, svo sem vera bar. 1863. 7. maím.

---

35. Tilskipun, um lausamenn og húsmenn á Íslandi. 26. maím.

Vèr Friðrik hinn Sjöundi, og s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um lausamenn og húsmenn á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

I. Um lausamenn.

1. gr. Þeir menn eru eigi skyldir að vera í vist, er hafa 5 hundruð á landsvísu eður meira í árságóða af fasteignum eður öðru fè.

2. gr. Hverjum þeim manni, sem er 25 ára að aldri, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að fá sèr leyfisbrèf hjá lögreglustjóranum.

Fyrir leyfisbrèfið borgar karlmaður eitt hundrað en kona hálft hundrað á landsvísu, og skal gjald þetta greitt í peningum eptir verðlagsskrár aðalmeðalverði.

Leyfisbrèf skal taka hvort heldur maður vill vera laus að nokkru eður að öllu.

3. gr. Heimilt skal mönnum þeim, er nú skal greina, að taka leyfisbrèf þau, sem nefnd eru í 2. gr., þótt ekki sèu þeir fullra 25 ára:

1) Ekkjumönnum og ekkjum, og konum, sem menn þeirra hafa yfirgefið eður skilið við að lögum, annaðhvort algjörlega eða að borði og sæng.
2) Mönnum sem hafa eitt hundrað á landsvísu í ársarð af fasteignum eður öðru fè. Ef afgjaldið eða leigan er greitt í peningum, skal telja það til álna eptir aðalmeðalverði í verðlagsskrá.

1863. 26. maím.

4. gr. Þessir menn geta fengið leyfisbrèf borgunarlaust:

1) Þeir sem búið hafa 15 ár og goldið þenna tíma árlega til allra stètta.

2) Þeir sem staðið hafa í vinnuhjúastètt 20 ár og fengið jafnan góðan vitnisburð.

5. gr. Fyrir hvert leyfisbrèf skal greiða lögreglustjóranum einn ríkisdal.

6. gr. Láti nokkur, sem fengið hefir leyfisbrèf til að komast hjá að vera í vist, undanfalla 2 ár í bili að greiða lögboðin gjöld eður skylduverk, eður þurfi fjárnámi að beita 2 ár, hvort eptir annað, til að ná þeim gjöldum, þá hefir hann fyrirgjört þeim rètti sínum, er leyfisbrèfið veitir honum, og má honum eigi veita leyfisbrèf að nýju fyr en eptir 5 ár.

7. gr. Nú flytur nokkur, er fengið hefir leyfisbrèf, sig í annað lögsagnarumdæmi, skal hann taka nýtt leyfisbrèf, er hann fái borgunarlaust; þó skal hann greiða lögreglustjóranum einn ríkisdal (smbr. 5. gr.). Ef einhver, sem fengið hefir leyfisbrèf, tilkynnir hlutaðeigandi lögreglustjóra, að hann ætli eigi að nota leyfið ákveðinn tíma, skal honum heimilt að nota það síðar án þess að greiða nokkra borgun, ef hann gefur slíkt lögreglustjóranum til vitundar.

8. gr. Nú er maður óvistráðinn mánuði fyrir hjúaskildaga og á sèr enga aðra löglega atvinnu vísa, og leitar hann hreppstjóra um að útvega sèr vist; og skal þá hreppstjóri vera honum hjálplegur í því efni. Ef maður er enn óvistráðinn um manntalsþing og leitar sýslumanns um að útvega sèr vist, þá skal sýslumaður bjóða hann upp á manntalsþingum sýslunnar.

Nú útvegar hreppstjóri eður sýslumaður manni vist á þann hátt, er nú var sagt, og er hann þá skyldur að fara í þá vist ef hún er boðleg. Bjóðist fleiri en einn til að taka manninn, má hann sjálfur um kjósa; en sè hann eigi við staddur, skal hreppstjóri eður sýslumaður ráða, í hverja vistina hann skal fara. Nú vill hann ekki þiggja vist þá, er á þenna hátt stendur honum til boða, og skal honum þá hegnt sem fyrir lausamennsku.

Nú hefir engi boðizt til að taka hinn vistlausa mann, og

varðar honum þá eigi við lög, þótt hann sè laus til hjúaskil- 1863.
daga næsta ár; en skyldur er hann að ganga að hverri þeirri 26. maím.
vinnu, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri vísa honum á, enda sè vinnan honum eigi of vaxin; ella er hann sekur um 1—10 rdl. eptir málavöxtum. Sama er og um hjú, er vistlaust verður eptir manntalsþing.

Nú er maður enn vistlaus á hinum næsta hjúaskildaga, og skal þá fara sem fyr segir.

9. gr. Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að enginn sá, sem er skyldur að vera í vist, komi sèr hjá skyldu þeirri, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþingi grennslast eptir, hvort brotið hafi verið móti lögum þessum.

Lögreglustjórnin skal vaka yfir því, að þeir, sem leyst hafa leyfisbrèf, hafi fast heimili og sèu ekki á flakki, en verði þeir sekir í flakki sektast þeir 2—20 rdl., og skal lögreglustjórnin útvega þeim samastað, ef þeir engan hafa.

10. gr. Hver sá, sem skyldur er að fara í vist, en eigi hefir gjört það, nè heldur keypt leyfisbrèf það, sem um er rætt í 2. gr., verður um það sekur 10—30 rdl., og greiði að auki jafnmikið og lúka á fyrir leyfisbrèf eptir 2. gr. En sè svo ástatt fyrir manni, sem segir í 4. gr., verður hann aðeins sekur um 2—5 rdl.

Þyngja skal það jafnan sektina, ef brotið er ítrekað eða beitt er röngum fyrirburði um vistarráð, eða ef maður gjörir sig sekan í flakki.

11. gr. Hver sá, er hjálpar öðrum til að koma sèr undan skyldu sinni að fara í vist, skal eptir málavöxtum sektast um helming eða allt að tveim þriðjungum þeirra sekta, sem ákveðnar eru í næstu grein á undan.

Hver sá húsráðandi, er hýsir slíkan mann þrem nóttum lengur að nauðsynjalausu, verður sekur um 1—5 rdl.

II. Um húsmenn.

12. gr. Enginn má gjörast húsmaður eður þurrabúðarmaður, nema hann til þess fái leyfi hjá sveitarstjórninni þar, sem hann ætlar að setjast að. Synji sveitarstjórnin um leyfið,

1863. 26. maím. skal hún skyld að gefa hlutaðeiganda það skriflegt, með ástæðum fyrir synjuninni, og er honum þá heimilt að skjóta máli sínu til yfirvaldsins (sýslumanns, bæjarfógeta), sem sker úr, hvort synjunin sje gild eður ekki. Úrskurði þess yfirvalds má skjóta til amtmanns, og leggur hann síðasta úrskurð á málið.

Setjist nokkur að í húsmennsku, án þess að hafa þá heimild til þess, er með þarf, skal hann sekur um 5—20 rdl., og getur hann ekki með ólöglegri dvöl sinni í hreppnum unnið þar rjett til sveitarframfæris. Svo má og vísa þeim húsmanni úr hreppnum með missiris fyrirvara til næstu fardaga, sè hann þar eigi sveitlægur.

13. gr. Hver sá húsráðandi, er tekur þann húsmann á heimili sitt, sem eigi hefir rètta heimild til húsmennsku, skal greiða 2—8 rdl. sekt, og þurfi húsmaðurinn framfærisstyrks við, skal það til næstu fardaga lenda á húsráðanda án endurgjalds frá hreppi þeim, þar sem húsmaðurinn er sveitlægur.

14. gr. Þessar ákvarðanir skulu einnig ná til þeirra manna, er ekki hafa stærri jarðarpart til ábúðar en 1 hundrað.

III. Almennar ákvarðanir.

15. gr. Af gjöldum þeim og sektum, sem greiða ber eptir tilskipun þessari, skal helmingur renna í hlutaðeiganda fátækrasjóð, en helming fái hreppstjóri eður hreppstjórar.

16. gr. Með þau mál, sem rísa út af því, sem ákveðið er um í þessari tilskipun, skal farið sem almenn lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið í Skodsborg, 26. dag maímánaðar 1863.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Árið 1855 var í Reykjavík skipuð nefnd manna og henni meðal annars falið á hendur að búa til frumvarp til hjúalaga fyrir Ísland. Árið 1859 fèkk dómsmálastjórnin frá nefnd þessari frumvarp það, er hún hafði samið, og voru einnig í því sèrstakiegir kaflar um lausamenn og húsmenn, auk ákvarðana

um vinnuhjú [1]. En þó það efni, er snertir lausamenn og 1863.
húsmenn, sè í nokkru sambandi við hjúamál, virðist þó ekki eiga að skipa fyrir um það í hjúalögum, er eiga að hafa ákvarðanir um innbyrðis skyldur og rèttindi húsbænda og hjúa, og þótti því dómsmálastjórninni eigi rètt að steypa þessu þrennu saman í eina tilskipun, heldur mundi rèttara að skipa fyrir um hjúamál í sèrstaklegu lagaboði. Hitt tvennt er þar á móti svo skylt og samvaxið, að ekkert virtist vera því til fyrirstöðu, að um það hvorttveggja væri fyrir skipað í einu lagaboði; smbr. einnig tilsk. 19. febrúar 1783. Eptir að búið var að fá álit allra amtmannanna á Íslandi, og var þar lagt til grundvallar nefndarfrumvarp það, sem að ofan er getið, þá var samið frumvarp til tilskipunar um lausamenn og húsmenn á Íslandi, og samkvæmt allrahæstu boði konungs lagt fyrir alþingi árið 1861 [2].

Þingið sagði síðan þegnlegt álit sitt um málið, og laut það að því að mæla fram með, að frumvarpið yrði gjört að lögum með fáeinum lítilfjörlegum breytingum. Eptir að málið þvínæst hafði verið borið upp fyrir konungi, kom út 26. mai 1863 frá dómsmálastjórninni, samkvæmt úrskurði konungs, tilskipun sú, sem prentuð er hèr að framan, um lausamenn og húsmenn á Íslandi.

Um ákvarðanirnar í lagaboði þessu skulu nú gjörðar nokkrar athugasemdir.

Eptir lögum þeim, er nú gilda, einkum tilskipun 19. febrúarmán. 1783, 5. grein, hefir skyldan til að fara í vist hingaðtil aðeins hvílt á almúganum á Íslandi. Í Danmörku hefir nú skylda þessi verið úr lögum numin (smbr. hjúalög 10. maím. 1854, 8. gr.); en ef farið væri eptir uppástungunum í frumvarpi nefndarinnar í Reykjavík, þá yrði á Íslandi farið í gagnstæða átt; því þá yrði skylda þessi einnig látin ná til þeirra stètta, sem að undanförnu hafa verið lausar við hana (smbr. 1. 2. og 3. grein frumvarpsins); en jafnframt yrði þá

[1]) Frumvarp þetta er prentað í alþ. tíð. 1861. A. viðb. 38—110 bls.
[2]) Sjá alþ. tíð. 1861: 1483—1534, 1662—1712 og 1820—1827. bls. og A. viðb. 27—37. bls.

1863. öllum, sem skylda þessi hèreptir ætti að hvíla á, gefinn kostur á að fá sig undanþegna frá henni með því að leysa leyfisbrèf. En bæði er það, að sú ástæða, sem leiddi löggjafann til að leggja mönnum á herðar skyldu þessa (smbr. einkum tilsk. 19. febrúarm. 1783), en það er umönnun löggjafans fyrir því, að bændur hefðu næga vinnukrapta til að yrkja jarðir sínar, sem einnig sèst að hefir verið ástæða Reykjavíkurnefndarinnar til að halda ákvörðuninni, á ekki við þegar rætt er um þá, sem ekki eru almúgastèttar, einkum þá, er fæddir eru í kaupstöðunum, og sem að öllum jafnaði ekki alast upp við landbúnað, enda væri og sú ákvörðun, að t. a. m. embættismanna dætrum eður kaupstaðaborgurum skuli skylt að fara í vist eður leysa leyfisbrèf það, sem um er getið í 2. grein, svo óeðlileg og einnig óþörf takmörkun á mannlegu frelsi, að ekki þótti ástæða til að setja slíka ákvörðun í frumvarp það, er lagt var fyrir alþingi; því það virtist vera í augum uppi, að þeim, sem eptir stöðu sinni og uppeldi ekki verða taldir í vinnuhjúastètt, væri nauðugur einn kostur að leysa ætíð leyfisbrèf. Það þótti því rèttast, að þeim, sem að undanförnu hafa verið undanþegnir þeirri skyldu að fara í vist, sè ekki með nýju lagaboði lögð nein skylda á herðar í þessu efni, en að það þar á móti eigi að vera augnamið lagaboðsins, að þeim, sem þessi skylda liggur á, geti gefizt kostur á að losast við hana, og að öðru leyti beri að skipa fyrir um málefni þetta á þann hátt, sem betur á við ásigkomulag þessara tíma.

Um 1. grein.

Grein þessi er með nokkrum orðabreytingum samhljóða 1. grein í frumvarpi stjórnarinnar því, er lagt var fyrir alþingi, og uppástungu alþingis um þá grein.

Um 2 og 3. grein.

Í frumvarpi stjórnarinnar var sett sú almenn regla, að menn þurfi að vera 25 ára að aldri til að geta fengið leyfisbrèf til lausamennsku; en alþingi stakk upp á, að aldurstakmark þetta væri flutt til 30. aldursárs, án þess þó að tilgreina neina ástæðu fyrir þessari breytingu. Konungsfulltrúi hefir fastlega mælt á móti þessari uppástungu þingsins og getið þess, að það

sè jafnvel nokkuð hart, að menn skuli verða að bíða þangað 1863.
til þeir eru orðnir fullmyndugir eptir því, að mega að lögum nota frjálslega krapta sína, og verða þá að greiða fyrir það töluvert fè, sem hjú, er vistarskylda hvílir á, optlega ekki muni geta úti látið, þar sem menn þó í Danmörku njóta fulls frelsis í þessu efni; en þó yrði þetta enn ósanngjarnara og harðara fyrir menn, ef aldurstakmarkinu væri breytt samkvæmt uppástungu alþingis. Konungsfulltrúi játar að vísu, að eptir hinu sèrstaklega ástandi á Íslandi sè rètt að sleppa ekki með öllu skyldu þeirri, sem nú hvílir á mönnum til að fara í vist, og að það sè hagfellt, að menn, meðan þeir eru ungir, verði að fara í fasta vist, og á þann hátt geti vanizt við reglusemi og hlýðni, og lært þau verk, sem þeir seinna meir þurfi á að halda að kunna; en honum virtist eigi nauðsynlegt að fara svo langt, sem alþingi vill, til að ná þessum tilgangi; því þegar menn hafi verið í vist í 10 ár, eins og gjört er ráð fyrir í frumvarpinu, þá verði ekki móti því borið, að menn hljóti að hafa fengið þann þroska og þá kunnáttu í sinni iðn, að hættulaust sè að sleppa mönnum og láta þá sjálfa sjá ráð fyrir sèr.

Dómsmálastjórnin varð að fallast á þetta álit konungsfulltrúa. Að vísu gat það ekki dulizt fyrir henni, að nokkurskonar samband er milli þeirrar uppástungu þingsins, sem hèr er um rætt, og uppástungu þess um breyting á 6. grein í frumvarpi stjórnarinnar, sem síðar mun getið verða, þarsem þingið með uppástungu sinni við 6. grein hafði breytt frumvarpinu í frjálslega stefnu, en aptur á móti leitazt við að fá jafnvægi móti þessu með uppástungu sinni um að flytja aldurstakmarkið áfram. En þó ákvörðununum í 6. gr. væri breytt eptir uppástungu þingsins, þá yrðu þó þau bönd, sem eptir frumvarpinu hèldu að atvinnufrelsi manna, svo mikil, að næg ástæða virtist vera til að sleppa ekki aldurstakmarki því, sem er í frumvarpi stjórnarinnar.

Ákvörðunin í 1. tölul. í 3. gr. var í frumvarpinu aðeins um ekkjumenn og ekkjur; en dómsmálastjórninni virtist eiga að gjöra hana fyllri með því að bæta við þessum orðum: „og

1863. konum, sem menn þeirra hafa yfirgefið eður skilið við að lögum, annaðhvort algjörlega, eða að borði og sæng".

Um 4. og 5. grein.

Greinir þessar eru samhljóða 4. og 5. grein í frumvarpi stjórnarinnar, því er lagt var fyrir alþingi, að einni orðabreyting undanskildri.

Um 6. grein.

Samkvæmt uppástungu Reykjavíkurnefndarinnar voru þessar ákvarðanir í 6. grein í frumvarpi stjórnarinnar, því er lagt var fyrir alþingi:

„Hver sá maður, sem leyst hefir leyfisbréf, skal greiða árlega „auk opinberra gjalda, er honum ber að lúka eptir stöðu „sinni og tíundarbærum fjárstofni, 6 álnir til ríkissjóðs karl- „maður og 3 álnir kona, og jafnmikið til kirkju, prests og „fátækra. Svo skulu og allir karlmenn, er leysa leyfisbréf, „og fyrir það eru undanþegnir frá að fara í vist, taka þátt „í almennum skylduverkum í sveit sinni, jafnt bændum."

Alþingi stakk upp á, að þessum kafla greinarinnar væri sleppt, og gat þess í því efni, að gjald það, sem um er rætt í hinni fyrri af ákvörðunum þessum, yrði svo tilfinnanlegt, að fáir mundu geta haft gott af lagaboði þessu, ef slík ákvörðun væri í því, enda væri atvinnuskattur sá, sem hèr er um rætt, ósamkvæmur því, sem annars er fyrir skipað í íslenzkum skattalögum. En hina síðari ákvörðunina áleit þingið óþarfa, með því það væri sjálfsagt, að lausamenn framvegis ættu að lúka öll þau gjöld til hins opinbera, sem þeir nú að lögum gjalda eptir stöðu sinni og tíundarbærum fjárstofni, og þyrfti því eigi að taka þá skyldu berlegar fram.

Konungsfulltrúi lagði það til, að ákvörðunum þessum yrði sleppt úr lagaboðinu samkvæmt uppástungu alþingis, og fèllst dómsmálastjórnin á það.

Um 7. grein.

Alþingi hafði stungið upp á, að þessari grein, sem er samhljóða 7. grein í frumvarpi stjórnarinnar, því er lagt var fyrir alþingi, yrði alveg látin burtu falla, og taldi sem ástæðu fyrir þeirri uppástungu, að ákvarðanir greinarinnar mundu, að því

er þingið hèlt, gjöra mönnum meiri erfiðleika og umsvif, en nytsemi sú væri verð, sem af þeim mætti vænta. Konungsfulltrúi gat eigi mælt fram með þessari uppástungu þingsins; var hann eigi á sama máli og það um umsvif þau, er ákvarðanir greinarinnar mundu hafa í för með sèr; því öll umsvifin væru í því fólgin, að hlutaðeigandi fari til sýslumanns, sýni honum leyfisbrèf það, er honum hefir áður verið veitt, og fái annað nýtt í staðinn; síðari kafli greinarinnar virtist honum þar að auki vera svo áríðandi, að hann ekki mætti missast úr lagaboðinu; því ef það kæmi fyrir, að einhver, sem fengið hefir leyfisbrèf til að vera lausamaður, hætti aptur við lausamennskuna og færi í fasta vist um hríð, þá þyrfti að vera til ákvörðun um, hvort hann, þegar vistartíminn er út runninn, gæti notað það leyfisbrèf, er hann hefir áður fengið, eða hvort hann þyrfti að leysa nýtt leyfisbrèf. Dómsmálastjórninni virtist og, að því meiri ástæða væri til að sleppa ekki þessari grein úr lagaboðinu, sem Reykjavíkurnefndin í frumvarpi sínu upphaflega hafði stungið upp á, að leysa skyldi nýtt leyfisbrèf fyrir venjulega borgun í þeim tilfellum, sem um er rætt í greininni, og gæti svo farið, ef engin ákvörðun væri í lagaboðinu um þetta atriði, að þeirri reglu yrði sumstaðar fylgt, en að áliti dómsmálastjórnarinnar legði hún of ríkt band á atvinnufrelsi manna. 1863.

Um 8.—11. gr.

Greinir þessar eru samhljóða frumvarpi stjórnarinnar, því er lagt var fyrir alþingi (8.—12. gr. í frumv.), nema hvað nokkrar orðabreytingar hafa verið við þær gjörðar eptir uppástungum alþingis.

Um 12. grein.

Í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar var sveitarstjórnin í hverjum hrepp látin hafa ótakmarkað vald (þ. e. án þess úrskurði hennar yrði áfrýjað) til að ráða því, hvort menn, er ekki væru sveitlægir í hreppnum, mættu taka þar aðsetur í húsmennsku.

En dómsmálastjórnin varð að álíta slíkt fyrirkomulag ótiltækilegt með öllu, og var tekið fram í ástæðunum fyrir

1863. frumvarpi stjórnarinnar, því er lagt var fyrir alþingi, um leið og skýrskotað var til þess, sem minni hluti Reykjavíkurnefndarinnar hafði sagt um þetta atriði, að með því hrepparnir að öllum jafnaði sèu mjög gjarnir á að bægja utanhreppsmönnum frá að setjast að í sveitinni, af ótta fyrir að þeir öðlist þar framfærslurètt og verði svo hreppnum til þyngsla, ef þeir verði þurfandi, þá mundi leiða af slíkri ákvörðun, að það yrði svo að segja fyrirmunað þeim mönnum, sem hèr er um að ræða og optastnær eru efnalitlir, að leita sèr atvinnu á þann hátt, sem þeim veiti hægast að hafa ofanaf fyrir sèr, og að með því móti yrði lagt miklu ríkara band á atvinnufrelsi manna, en verið hefir, jafnvel þó það hafi verið mjög bundið, þarsem þó sè farið í gagnstæða átt í ákvörðununum um lausamenn. Aptur á móti verði ekki fallizt á þá uppástungu þessa hins sama minni hluta nefndarinnar, að málinu sè skipað á þann hátt, að ef hlutaðeigandi er sveitlægur í öðrum hrepp en þeim, þarsem hann æskir að setjast að sem húsmaður, þá skuli fátækrastjórnin í hinum fyr talda hrepp ráða því, hvort leyfið sè veitt eður eigi; því það sè í augum uppi, að það einungis er fátækrastjórnin á þeim stað, þarsem hlutaðeigandi æskir að setjast að, sem getur borið um, hvort það, þegar á allt er litið, sè til hagsmuna eður skaða fyrir sveitina, að leyfa honum að setjast þar að, og verði þá ekki aðeins að taka til greina ástand og efnahag hlutaðeiganda heldur og önnur atvik, einkum það, að ekki flykkist of margir húsmenn á einn stað eptir þeirri atvinnu, sem þar er að fá; smbr. reglugj. 8. janúarm. 1834, 21. gr. En af þessu leiði, að þó svo væri, að framfærsluhreppurinn tæki að sèr að ábyrgjast, að ekki yrðu sveitarþyngsli að húsmanni í þeim hrepp, þarsem hann sezt að, þá sè þeim hrepp þó eigi ætíð hagur í því, að hann setjist þar að, eins og það líka í sjálfu sèr sè óeðlilegt, að hinn fyr taldi hreppurinn geti með úrskurði sínum komið upp á annan hrepp manni, sem honum er óviðkomandi. Á hinn bóginn sè það jafnóeðlilegt, að maður, sem í nokkur ár hefir dvalið í einni sveit og átt þar með sig sjálfur, geti ekki áunnið sèr þar framfærslurètt eður önnur venjuleg borgaraleg rèttindi. Það sè og

athugandi, að framfærsluhrepparnir nú þegar standi lakar að en áður, eptir að búið er með opnu brèfi 6. júlímán. 1848 að lengja tímabil það, er að lögum þarf til að ávinna sèr framfærslurètt með veru sinni í einni sveit, frá 5 árum til 10 ára; sè það mjög vafasamt, hvort það ekki væri til skaða fyrir slíka hreppa, einkum upp til sveita, að þegar hörð ár bera að höndum, yrði allt í einu slengt á þá mörgum mönnum með hyski sínu, sem ef til vill í mörg ár hafa átt dvöl í öðrum sveitum og eptir almennum reglum væru búnir að ávinna sèr þar framfærslurètt og nú ekki framar eiga nein viðskipti við hina fyrverandi sveit sína. 1863.

Að öðru leyti varð stjórnin að vera á því, að ekki beri að fela sveitastjórnunum á hendur beina leið að leggja úrskurði á þessi mál, heldur eigi sýslumaður, eins og verið hefir, að skera úr því, hvort leyfið skuli veitt eður ekki, en þó svo, að hann ætíð skuli skyldur til, áður hann leggi úrskurð á málið, að fá skriflegt álit um það frá fátækrastjórninni á þeim stað, þarsem húsmaðurinn ætlar að setjast að, og að bæði hann og fátækrastjórnin eigi síðan kost á að bera málið undir úrskurð æðra yfirvalds, ef annaðhvort þeirra er óánægt með úrslit þau, er málið hefir fengið hjá sýslumanni. Með þessu móti er fátækrastjórnunum veitt veruleg hlutdeild í úrlausn þessara mála, sem þeim ekki er heimiluð í lögum þeim, er nú gilda, smbr. reglug. 8. janúarm. 1834, 21. grein, og þótti rèttara að hafa við þessa aðferð, en að láta fátækrastjórnirnar skera úr, hvort leyfið skyldi veitt eður ekki, og það jafnvel þó svo sè ákveðið, sem sjálfsagt á að vera, að málinu megi skjóta til sýslumanns og amtmanns; því gjöra þótti mega ráð fyrir, að sýslumaður mundi skera úr málinu með minni hlutdrægni en sú sveitarstjórn, sem beina leið er riðin við málið; svo má og ætla, að þó úrskurður sýslumanns gangi á móti sveitinni, þá muni henni eigi að síður optlega þykja ástæða til að láta við svo búið standa. Þessa skoðun höfðu og allir amtmennirnir fallizt á.

Þarsem enn fremur er ákveðið í 1. grein í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar, að fyrirmæli þessarar greinar einnig skuli eiga við um þá lausamenn, er leyfislaust setjast að sem

1863. húsmenn, þá virtist sú ákvörðun koma í bága við 2. grein í nefndarfrumvarpinu; því eptir þeirri grein er það skilyrði fyrir því, að menn verði álitnir húsmenn, að þeir hafi heimili forstöðu að veita, en þaraf leiðir, að þegar lausamaður, þ. e. maður, sem ekki hefir heimili, og að öðru leyti er í þeirri stöðu, að hann er skyldur að fara í vist, sezt að sem húsmaður, verður eigi að síður framvegis að álíta hann lausamann. Því næst virtist vera ósamkvæmni í því, að slíkur maður með því að gjörast húsmaður fái betri kjör (ef hann er sveitlægur í hreppnum) en aðrir lausamenn, og mundi slíkt verða ollandi þess, að menn brygðu sèr undan skyldu sinni að fara í vist.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið teknar fram, var greinin í frumvarpi stjórnarinnar, því er lagt var fyrir alþingi, samin á þessa leið:

„Þegar einhver æskir að gjörast húsmaður eða þurrabúðarmaður, sem til þess þarf sèrstaklegt leyfi að lögum, þá skal hlutaðeigandi sýslumaður, eða í Reykjavík bæjarfógetinn, eins og að undanförnu skera úr því, hvort slíkt leyfi skuli veitt eður ekki; en áður úrskurður sè lagður á málið, á að fá um það álit fátækrastjórnarinnar á þeim stað, þarsem sá, er hlut á að máli, vill setjast að. Sè annaðhvort hann eða fátækrastjórnin óánægt með úrskurð yfirvaldsins (sýslumanns eður bæjarfógeta), má skjóta honum til æðra yfirvalds. Setjist nokkur að í húsmennsku, án þess að hafa þá heimild til þess, er með þarf, skal hann sekur um 5—20 rd. og getur hann eigi með ólöglegri veru sinni í hreppnum áunnið sèr þar sveitarframfæri. Svo má og vísa þeim húsmanni úr hreppnum með missiris fyrirvara til næstu fardaga, sè hann þar ekki sveitlægur. Sá, sem er skyldur að fara í vist, getur ekki, með því að setjast einhverstaðar að sem húsmaður, komizt hjá að sæta bótum samkvæmt 10. og 11. grein í fyrsta kafla þessarar tilskipunar."

Í álitsskjali sínu um frumvarpið stakk alþingi uppá, að ákvörðun sú, sem er í greininni um, að sýslumaður framvegis skuli skera úr, hvort veita skuli manni leyfi til að gjörast húsmaður eður þurrabúðarmaður, yrði breytt þannig, að sveitar-

stjórnin skyldi skera úr þessu, en þó skyldi mega bera málið undir sýslumann, ef synjað væri um leyfið. Þingið taldi sem ástæðu fyrir uppástungu þessari, að það væri óbrotnast og ætti bezt við ástand landsins að láta hlutaðeigandi sveitarstjórnir þar mestu um ráða, hvort veita ætti mönnum leyfi til að setjast að í húsmennsku, af því þær væru kunnugastar því, hvernig öllu til hagar, sem hèr bæri á að líta, enda hefðu þær og mestan veg og vanda hver af gagni og ógagni sinnar sveitar. Þingið áleit og nægilega borgið rèttindum þeirra manna, er leituðu húsmennskuleyfisins með því, að ef sveitarstjórnin synjaði þess, þá skyldi hún færa ástæður fyrir synjuninni og þær ástæður skyldi sýslumaður prófa, en þar við skyldi svo sitja, sem hann áliti rètt í því efni. 1863.

Konungsfulltrúa virtist eigi ráðlegt að fallast á þessa uppástungu alþingis; tók hann í því efni fram, að auk þess að hún virðist vera gagnstæð þeim grundvallarreglum, sem fylgt er í áþekkum málum, t. a. m. í málum um framfærslu þurfamanna, þarsem hlutaðeigandi sveitarstjórn fái eptir uppástungu þingsins að ráða því, hvort húsmennskuleyfi skuli veitt eður ekki, mundi og skoðun sú, sem uppástungan er byggð á, að hans áliti leiða til gjörræðis og misbrúkunar og til þess, að optlega yrði hallað rètti hlutaðeiganda, einkum fyrir þá sök, að menn á Íslandi eigi sèu mjög frjálslyndir í úrlausn slíkra mála; og þó ætla megi, að sýslumaður að öllum jafnaði muni líta á mál þessi með minni hlutdrægni, sè þó varla næg trygging fyrir því, að hann ekki stundum kunni að láta sig leiða af skýrslu sveitarstjórnarinnar um málið, einkum þegar umræðuefnið sè, hvort veita skuli húsmennskuleyfi efnalitlum mönnum og utanhrepps mönnum.

Að vísu virtist nú dómsmálastjórninni skoðun konungsfulltrúa, er nú hefir verið frá skýrt, hafa mikið við að styðjast, en hèlt samt sem áður, að ekki gæti verið neitt verulegt móti því, að láta sveitarstjórnina, svo sem alþingi stakk uppá, kveða upp hinn fyrsta úrskurð um, hvort veita skuli húsmennskuleyfi eður ekki, þó svo, að jafnhliða þessu sè ákveðið, að sá, sem er óánægður með úrskurð sveitarstjórnarinnar, eigi

1863. kost á að skjóta máli sínu ekki að eins til sýslumanns heldur og til amtmanns; einsog að ofan er á vikið, var og bent á þetta fyrirkomulag málsins í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, því er lagt var fyrir alþingi, jafnvel þó dómsmálastjórnin, þegar frumvarpið var samið, kysi heldur það fyrirkomulag, sem þar er haft. Með þeirri breyting, sem nú hefir verið frá skýrt, hefir greinin því verið samin samkvæmt uppástungu alþingis.

Um 13. og 14. grein.

Greinir þessar eru öldungis samhljóða samsvarandi greinum í frumvarpi stjórnarinnar, því er lagt var fyrir alþingi, og hafði þingið fallizt á þær óbreyttar.

Um 15. og 16. grein.

Alþingi féllst og á þessar greinir óbreyttar. Um ákvörðunina í 15. grein skal þess getið, að það hefir lengi verið í áformi, að útvega hreppstjórum á Íslandi nokkurt endurgjald fyrir hin mörgu og erfiðu störf þeirra, og með því nú að miklu leyti verður að fela þeim umsjónina með, að breytt verði eptir lagaboði þessu, hefir þótt ástæða til að veita þeim hlutdeild í því gjaldi og þeim sektum, sem ber að greiða eptir tilskipun þessari, á þann hátt að þeir fái helminginn, en hinn helmingurinn renni í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

Að lokum skal þess getið, að þareð öll tilskipunin kemur út sem eitt lagaboð, þótti réttara að láta tölurnar halda áfram við allar greinir hennar, heldur en að byrja nýja töluröð með hverjum kafla, eins og gjört var í frumvarpi stjórnarinnar, því er lagt var fyrir alþingi.

---

28. maim. **36. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um kennslu í læknisfræði hjá landlækni á Íslandi**[1].

Í brèfi til hins konunglega heilbrigðisráðs, sem það hefir

[1]) Sama dag voru hinum amtmönnunum á Íslandi rituð áþekk brèf.

sent dómsmálastjórninni og sem yður hèrmeð er sendur útdráttur úr, hefir Hjaltalín jústizráð, landlæknir á Íslandi, útlistað reglur þær, sem hann ætlar að fylgja við kennslu þeirra stúdenta frá hinum lærða skóla í Reykjavík, sem eptir konungsúrskurði 29. d. ágústm. f. á.[1] verður kennd læknisfræði til að geta 1863. 28. maim.

[1]) Konungsúrskurður þessi er prentaður hèr að framan á 604. bls. (Brèf dómsmálastj. 12. sept. 1862) en ástæðurnar fyrir honum eru útlistaðar í skýrslu dómsmálastjórnarinnar til konungs 25. d. ágústm. 1862, og skulu hèr tilfærð helztu atriðin úr þeirri skýrslu:

Í bænarskrá alþingis, dagsettri 13. ágústm. 1861, bað þingið um: *A.* Að til bráðabirgða verði árlega greiddir úr hinum almenna læknasjóði, eður hinum svo kallaða spítalasjóði Íslands, til læknakennslu hjá landlæknum í Reykjavík, 600 rdl., og þangaðtil læknaskóli og spítali komast á á Íslandi. *B.* Að þeir stúdentar frá hinum lærða skóla og privatdimitteraðir, ef það kemst á, sem landlæknirinn þannig tekur til kennslu, séu fræddir í þeim greinum læknisfræðinnar, sem til eru teknar í instrúxi landlæknisins á Íslandi frá 19. maí 1760, 4 gr.: líkskurðarfræði (Anatomie), lífseðlisfræði, sjúkdómafræði (Pathologie), handlæknisfræði og yfirsetukvennafræði, og einnig í hinum nýrri vísindum læknisfræðinnar, svosem *Chemie* (uorganisk og organisk), chemiskri sjúkdómafræði, almennri heilbrigðisfræði (hygieine publique), meðalaverkunarfræði (Pharmakologie og Pharmakodynamik), medicina forensis og því er þurfa þætti, til þess þeir gætu vel gegnt stöðu sinni. *C.* Að lærisveinar þessir, eptir afstaðna kennslu hjá landlæknum, standi opinbert burtfararpróf eptir fulltryggjandi reglum, samkvæmt því, er landlæknirinn getur komið sèr saman um við hið konunglega heilbrigðisráð í Kaupmannahöfn um þetta mál. *D.* Að þessir menn, ef þeir álítast hæfir, fái fullkomið læknisleyfi á Íslandi og getið orðið þar héraðslæknar. *E.* Að stjórnin leggi fyrir næsta alþingi frumvarp um betri tilhögun á spítalatekjunum, samkvæmt því, sem alþingi hefir áður uppá stungið.

Alþingi hefir áður hvað eptir annað farið þess á leit, að bætt yrði læknaskipunin á Íslandi, einkum á þann hátt, að varið yrði fè spítalasjóðanna til að stofna læknaskóla og spítala í Reykjavík; en þessar bænarskrár þingsins hafa eigi orðið til greina teknar af þeim ástæðum, sem útlistaðar hafa verið í skýrslum dómsmálastjórnarinnar, þá er málið hefir verið borið upp fyrir konungi; og var tekið fram í konunglegri auglýsing til alþingis 1. júním. 1861 um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1859, að stjórnin hafi ekki fundið ástæðu til að breyta áformi því, sem hafi verið fyrirhugað um, hvernig skipa skuli læknamálinu, en aðalatriðin í áformi

1863. 28. maím. orðið læknar á Íslandi; hefir hann og stungið svo uppá, að prófi því, sem þeir, að lokinni kennslunni, eiga undir að ganga, verði þannig hagað, að það verði haldið í heyranda hljóði á

þessu hafi konungsfulltrúi verið látinn birta þinginu; en vegna þess að nú sem stendur sé skortur á læknum á Íslandi, þá hafi jafnframt þessu verið álitið vel tilfallið, að þangaðtil nógu mörg útlærð læknaefni fást, verði aðstoðarlæknum veitt tilsögn í læknisfræðinni, einkum hjá landlækni, samkvæmt allrahæstum úrskurði 12. ágústm. 1848, og hafi dómsmálastjórnin þegar gjört þar að lútandi ráðstafanir. Því var enn fremur við bætt í auglýsingunni, að ef það yrði álitið nauðsynlegt að gjöra frekara til þess að ná tilgangi þessum, þá mundi ekkert verða því til fyrirstöðu, að til bráðabirgða yrði skotið fé til þessa úr hinum íslenzka spítalasjóði, en réttast hafi þótt að bíða þess, hvort alþingi þætti ástæða til að bera fram uppástungu í þessu efni.

Bænarskrá sú, sem kom frá alþingi 1861, fer miklu lengra. Þingið lætur sér hér ekki nægja að stinga upp á, að fyrst um sinn verði varið 600 rdl. á ári til að kenna hjá landlækni aðstoðarlæknum þeim, sem um er rætt í konungsúrskurði 12. ágústm. 1848, en þeir læknar hafa engan eiginlegan lækningarétt (jus practicandi), heldur verða þeir aðeins notaðir til að láta sjúklingum hjálp í té fyrst í stað, þangað til næst til héraðslæknisins, og síðan til að gjöra það, sem hann fyrir skipar, heldur fer nú þingið fram á, að þangað til læknaskóli og spítali komist á í Reykjavík verði til bráðabirgða árlega varið upphæð þessari til kennslu hjá landlækni handa læknaefnum, sem ættu að verða aðnjótandi miklu yfirgripsmeiri kennslu, og gjörir þingið ráð fyrir, að henni mundi eigi verða lokið á skemmri tíma en 3 eður 4 árum, en aptur á hinn bóginn ætlast það og til, að læknaefni þessi öðlist fullan lækningarétt, og geti fengið héraðslæknaembætti. Af áðurgreindu fé er svo til ætlazt, að 300 rdl. á ári sé varið í ölmusur handa 3 læknaefnum, en hinn helmingínn fái landlæknirinn í kennslukaup. Til styrkingar þessum uppástungum tekur þingið fram, að reynslan þegar hafi nægilega sannað, að ekki verði við því búizt, að danskir læknar sæki um læknaembættin á Íslandi, og eins sé eigi heldur von um, að stjórninni heppnist að koma fram því áformi sínu, að fá nógu marga íslenzka lækna með því að gjöra læknisfræðisnámið við háskólann í Kaupmannahöfn aðgengilegra fyrir íslenzka stúdenta. Til þess fengizt geti nógu margir Íslendingar til læknaembættanna, álítur því alþingi, að nauðsynlegt sé, að læknisfræðin sé kennd þeim á Íslandi, og þó þingið enn sé á þeirri skoðun, sem það svo opt áður hefir ítrekað, að læknaskóli og spítali í Reykjavík séu nauðsynlegir til þess, að læknaskipunin á Íslandi komist í svo gott horf, sem framast má verða, þá heldur það eigi að síður, að fyrst um sinn, þangað til fjárhagur verði betri

alþingi, á líkan hátt og tíðkaðist á öldinni sem leið, þegar eins stóð á, eður að haldið verði opinbert próf að tilkvöddum próf- dómendum, ef það þyki betur við eiga. 1863. 28. maím.

---

og stofnaður verði slíkur skóli, megi ná tilganginum með því að fela landlækni á Íslandi á hendur að veita ungum mönnum, sem eru útskrifaðir úr hinum lærða skóla í Reykjavík eður úr heimaskóla (ef útskript úr heimaskóla verði leyfð) þá kennslu í læknisfræðinni, sem næga megi álíta til þess, að þeir geti gegnt köllun sinni; en landlæknirinn sè þess fús að taka að sèr starfa þenna.

Þarsem því hafi verið hreift, að efasamt sè, hvort þessi innlenda læknakennsla muni gagnleg og hagfelld, þá bæði skýrskotar þingið um það efni til reynslunnar, er menn hafi fyrir sèr, því á síðastliðinni öld hafi nokkrum dugandis læknum verið kennt hjá þeim mönnum, sem þá voru landlæknar á Íslandi, og bendir einnig á, að menn eigi nógsamlega hafi yfirvegað, hversu happadrjúgt það hljóti að vera, að læknaefnin, meðan þeir eru að læra, geti með eigin augum sèð hina almennu og hina sèrstaklegu sjúkdóma, sem eiga sèr stað í landinu, t. a. m. hinar ýmislegu tegundir sullaveikinnar og holdsveikina, ásamt hinum sèrstaklegu orsökum þeirra, sem bæði eiga rót sína í náttúrueðli landsins og lifnaðarháttum fólksins.

Á hinn bóginn þykir alþingi kennsla sú, sem landlæknirinn átti að láta aðstoðarlæknum í tè eptir konungsúrskurðinum frá 12. ágústm. 1848, öldungis ónóg; mundi hún að þingsins áliti eigi gefa landsmönnum neina vissu fyrir því, að slíkir menn gætu álitizt sem reglulegir læknar, eða orðið mönnum að fullu liði í hinum bráðustu lífsnauðsynjum þeirra; þingið álítur því, að kennslan verði að vera svo umfangsmikil, að hún gefi trygging fyrir því, að hin nýju læknaefni hafi yfirfarið allar hinar nauðsynlegustu greinir læknisfræðinnar og fái næga æfingu undir höndum landlæknisins í því að meðhöndla alla hina algengustu sjúkdóma á Íslandi, og að slík læknaefni, eptir afstaðið opinbert próf, fái, ef þeir álítast hæfir, full réttindi til að geta orðið héraðslæknar á Íslandi; því annars sè auðsætt, að engi stúdent frá hinum lærða skóla vilji gefa sig við slíkri kennslu, ef hann eigi hafi fulla vissu um, að hann þurfi eigi að vinna fyrir gýg og eyða beztu ungdómsárum sínum svo að segja til ónýtis fyrir sjálfan sig. Jafnhliða þessu virðist þinginu, að ákvörðunin í konungsúrskurði 12. d. ágústm. 1848 um kennslu aðstoðarlækna eigi að standa óhögguð.

Í álitsskjali konungsfulltrúa um bænarskrá alþingis segir, að ástand það, sem nú er á Íslandi, hafi verið þinginu hvöt til að koma fram með uppástungur þess um kennslu læknaefna; því nú sem stendur sè svo mikill læknaskortur í landinu, að mörg héruð öldungis enga læknishjálp geti fengið. Þó heldur hann, að réttast mundi að hafa eigi

1863. 28. maím. Eptir að búið er að skrifast á um málefni þetta við ofangreint heilbrigðisráð og við stjórn kirkju- og kennslumálanna, skal yður nú kunngjört í sambandi við brèf dómsmálastjórnar-

---

kennsluna svo yfirgripsmikla, sem alþingi fer fram á, og láta sèr nægja með aðstoðarlækna, sem mundu geta gjört mikið gagn í þeim hèruðum, þarsem enga læknishjálp annars er að fá, jafnvel þótt ekki verði við því búizt, að þeir hafi mikla þekkingu í læknisfræði; mundu þeir og geta haft sæmilega ofanaf fyrir sèr með lækningum sínum.

Hið konunglega heilbrigðisráð hefir sagt álit sitt um málefni þetta, og er það á sama máli og alþingi um, að nauðsyn beri til að gjöra einhverjar sèrstaklegar ráðstafanir til þess, að fengizt geti nógu margir læknar á Íslandi, er hæfir sèu til að bæta úr þörfum manna í þessu efni, en þar á móti hefir heilbrigðisráðið eigi getað fallizt á álit alþingis um, hvernig kenna ætti íslenzkum læknaefnum. Heilbrigðisráðið hefir í því tilliti tekið fram, að þarsem bókin og orðið geti nægt til að mennta sýslumenn og presta eptir þörfum landsbúa, þá sè þetta með öllu ónógt til að mennta lækna. Þó sá maður, sem heldur sig hafa næga þekking til að geta kennt allar þær greinir læknisfræðinnar, sem alþingi hefir tilgreint og álítur að kenna beri á Íslandi, í raun og veru hefði kunnáttu til þessa, og aðrar embættisannir ekki hindruðu hann frá að verja tímanum til kennslunnar, þá yrði það honum ómögulegt vegna þess að það vantar, sem þarf við að hafa til þess, að menn geti fengið verklega menntun í læknisfræðinni. Heilbrigðisráðið kveðst reyndar eigi vita, hvort fá megi í Reykjavík lík, svo sem þurfi við kennslu og æfingar í líkskurðarfræði og handlæknisfræði, en það er því fullkunnugt, að þar vantar öldungis það, sem mest er áríðandi til að geta fengið verklega menntun í læknisfræðinni, en það er spítali, sem og að engin veruleg trygging er í prófi, sem kennarinn einn heldur, án þess aðrir menn, er vit hafa á, dæmi um það.

Uppástungur heilbrigðisráðsins um fyrirkomulagið á málefni þessu eru þar á móti þessar: *a.* að við hafa skuli styttri skólakennslu í Reykjavíkurskóla handa þeim piltum, sem ætla að stunda læknisfræði, en ekki ganga undir hið fullkomna læknapróf. *b.* að þeir lesi við Kaupmannahafnar háskóla í tvö ár, og gangi síðan undir yfirheyrslu (tentamen); skuli þeir að því afloknu hafa lækningaleyfi á Íslandi og geta gjört sèr von um, að þeim verði veitt læknaembætti, þegar enginn kandídat sækir um þau. *c.* að þeim skuli veittir þeir 600 rdl., sem alþingi vill láta verja til læknakennslu á Íslandi, á þann hátt, að fè þessu sè skipt í ölmusur uppá 200 til 300 rdl.; svo skuli þeir og fá ferðakostnað borgaðan báðar leiðirnar. *d.* að leitazt skuli við að útvega þeim regenz- og kommúnítetsölmusurnar, og *e.* að stjórnin skjóti til 600 rdl. á ári, og skuli því fè varið handa einhverjum ungum

innar 12. d. septemberm. f. á., yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það í umdæmi því, sem þér eruð yfir skipaðir, og auglýsið það sérstaklega Hjaltalín jústizráði, að fyrst um sinn

1863. 28. maím.

---

duglegum lækni í Kaupmannahöfn, sem, um leið og notuð væru þau hjálparmeðul, sem annars eru til, sérstaklega ætti að gefa sig við því að leiðbeina þeim mönnum, sem komið hafa til háskólans til að búa sig undir að verða læknar á Íslandi, og gætu þeir ef til vill þannig komizt af með minni styrk, er þeir eigi þyrftu að borga neitt fyrir leiðbeininguna, svo að þrír gætu orðið styrksins að njótandi í einu.

Að vísu gat það eigi dulizt dómsmálastjórninni, að hin vísindalega og verklega menntun í læknisfræðinni, sem fengizt gæti á Íslandi, ef farið væri eptir uppástungum alþingis, yrði í ýmsum greinum mjög svo ófullkomin, einsog heilbrigðisráðið sýndi fram á; en þarsem eins er ástatt og nú er á Íslandi, er nálega helmingur af læknisembættunum í landinu eru óveitt, fyrir þá sök að enginn sækir um þau, og ekki verður við því búizt, að þessi embætti, sem nú eru laus, að minnsta kosti fyrst um sinn verði skipuð innlendum vísindalega menntuðum læknum frá háskólanum, þá gat dómsmálastjórnin eigi betur séð, en að ástæða væri til að fara í aðalatriðunum eptir uppástungu alþingis í máli þessu, þó svo, að þetta fyrirkomulag beri aðeins að álíta sem bráðabirgðarráðstöfun, er gjörð sé vegna sérstaklegra kringumstæðna. Að vísu var læknasjóðurinn, er stofnaður var með konungsúrskurði 12. ágústm. 1848, og nú á í innstæðu hér um bil 40,000 rdl., eiginlega ætlaður til að fjölga læknaembættum á Íslandi, en meðan ekki eru til læknar í þau embættin, sem þegar eru til, virðist mega til sanns vegar færa að verja litlum hluta af árstekjum sjóðsins, sem nú eru hérumbil 2800 rdl., til kennslu handa læknaefnum á Íslandi. En að takmarka kennsluna á þann hátt, sem konungsfulltrúi stakk upp á, og binda hana einungis við aðstoðarlækna, þótti dómsmálastjórninni ekki ráðlegt; því fyrst og fremst hefir sú raun á orðið, að nálega enginn hefir hingaðtil notað þessa kennslu í þau 14 ár, sem liðin eru síðan konungsúrskurðurinn frá 1848 kom út, og í öðru lagi er það auðsætt, að slíkir læknar ekki gætu bætt úr þeim læknaskorti, sem nú á sér stað, er þeir eigi mega við hafa lækningar upp á sitt eigið eindæmi, heldur aðeins eptir fyrirsögn héraðslæknisins, en enginn héraðslæknir er til í þeim héruðum, sem mest eru þurfandi læknishjálpar; en að veita þeim meiri rétt virtist óráð eptir þeirri menntun, sem ætlazt var til að þeir fengju. Á hinn bóginn virtist dómsmálastjórninni eigi heldur verða farið eptir uppástungum hins konunglega heilbrigðisráðs um fyrirkomulag á máli þessu. Þær uppástungurnar, sem eru til færðar við bókstafina *a*, *b* og *d*, eru að mestu leyti hinar sömu og þær, er fyrrum komu frá Schleisner doktori; varð þá eigi séð

1863. 28. maím. má fara eptir reglum þeim, sem hann hefir stungið uppá um kennslu þá, sem hèr er um rætt, og að fara má eptir hinni síðarnefndu af uppástungum hans um prófið.

Fylgiskjal.

Útdráttur úr brèfi Jóns justizráðs Hjaltalíns, landlæknis á Íslandi, til hins konunglega heilbrigðisráðs, dags. 3. d. októberm. 1862.

Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir 30. d. septembermán. þ. á. birt mèr konungsúrskurð 29. ágústm. síðastl., þarsem hans hátign konungurinn í öllum aðalatriðunum mildilegast hefir lagt allrahæst samþykki á uppástungur alþingis í síðustu bænar-

---

ráð til að fara eptir þeim uppástungum vegna mótspyrnu þeirrar, er gjörð var móti þeim af hálfu háskólakennaranna í læknisfræði og kommúnítetsstjórnarinnar; en síðan hefir engin breyting á orðið í því efni. En hvað snertir hinar tvær uppástungurnar (stafl. *c* og *e*) þá virtist efasamt, hvort fást mundu úr ríkissjóðnum 600 rdl. á ári til launa handa þeim manni, er ætti að leiðbeina íslenzkum læknaefnum í læknisfræðinni, og svo væri, með því að aðhyllast þessar uppástungur heilbrigðisráðsins, farið í gagnstæða stefnu við tillögur alþingis, því það, að tekið væri fè úr læknasjóðnum, batt þingið einmitt þeim skilmála, að læknaefnunum yrði kennt á Íslandi, og eins og að ofan er á vikið virðist þingið leggja mikla þýðing í þetta atriði málsins, er það heldur, að þó kennslan kunni að verða ófullkomnari í vísindalegu tilliti, muni það vega upp á móti þessu, að hún verði innlend, það er að segja, löguð eptir þörfum landsbúa, þannig að einkum verði haft sèrstaklegt tillit til þeirra sjúkdóma, sem eru einkennilegir á Íslandi, lifnaðarhátta manna þar og s. frv.

Að vísu virtist dómsmálastjórninni varla verða lögð eins mikil þýðing í þetta atriði einsog alþingi gjörir, en þó ber þess að gæta, að með því að hafna tillögum alþingis og fara eptir uppástungum heilbrigðisráðsins, sem setja í staðinn fyrir kennslu þá, er alþingi stingur uppá á Íslandi, aðra kennslu í Kaupmannahöfn, er einnig væri ófullkomin og yrði miklu kostnaðarsamari, tæki stjórnin uppá sig ábyrgðina af því, ef sú tilraun til að útvega landinu nægilega læknahjálp ekki heppnaðist, en á hinn bóginn hafa landsbúar enga ástæðu til umkvartana, ef farið er þegar eptir uppástungum alþingis.

skrá þess árið 1861, um að ungum stúdentum frá hinum lærða 1863.
skóla á Íslandi verði veitt kennsla í læknisfræði hjá landlækni á Íslandi, og að þeim eptir afstaðið opinbert próf verði veitt lækningaleyfi, og geti þeir þá fengið héraðslæknaembætti hér á landi.

Þegar mál þetta var rætt á alþingi stakk eg uppá við þingið, að mér yrði á hendur falið að ráðgast um við hið háa heilbrigðisráð, hvernig kennslu þessari skyldi hagað, og fèllst þingið á þessa uppástungu mína í einu hljóði; og þareð eg nú sè af áðurgreindum konungsúrskurði, að dómsmálastjórninni er falið að leita álits hjá heilbrigðisráðinu um það, hversu yfirgripsmikil kennsla sú eigi að vera, sem eg á að láta hlutaðeigendum í tè, þá verð eg virðingarfyllst að mælast til, að hið háa ráð vilji heyra nokkrar athugasemdir frá mèr um þetta málefni.

Einsog það er auðsætt, að kennsla í læknisfræði aldrei getur orðið eins fullkomin hèr á Íslandi eins og í Danmörku, eins er það vitaskuld, að menn hèr á landi verða að gjöra minni kröfur til kunnáttunnar, að minnsta kosti í sumum greinum læknisfræðinnar, en í Danmörku. Kennslan á að mínu áliti einkum að hafa fyrir sèr hið verklega sjónarmið, og öðru fremur fást við þá sjúkdóma, sem algengir eru hèr á landi, en um leið ber að sjá um, að lærisveinarnir smátt og smátt öðlist fasta og skýra þekking á öllum höfuðlærdómum læknisfræðinnar. Þannig álít eg, að fyrst eigi að gefa mönnum stutt yfirlit um bygging mannlegs líkama, um samsetning hans, bæði að því, er snertir samsetning líkamspartanna og efnissamsetninguna í honum (mechanisk og chemisk Sammensætning), um sköpulag og aðsetur hinna einstöku líffæra og um hinar helztu breytingar, sem á þeim verða í sjúkdómunum. Jafnhliða þessu verður og að yfirfara efnisfræðina, bæði efnisfræði lífslíkamanna og efnislíkamanna (organisk og uorganisk Chemie), með sèrstaklegu tilliti til þeirra efna, sem eru við höfð til lækninga; síðan skal yfirfara grasafræðina, einkum að því, er snertir lækningagrös og innlend grös, og meðan á þessari kennslu stendur eru lærisveinarnir látnir kynnast vel hinni íslenzku grasafræði,

1863. Þegar stuttlega er búið að yfirfara þessar greinir, þá skal kenna ágrip af hinni almennu sjúkdómafræði, bæði útvortis sjúkdóma og innvortis (den almindelige chirurgiske og medicinske Pathologie). Lærisveininum skal þá kennt að binda um sár (vulnera og ulcera) og beinbrot og þegar úr liði fer, og skal þá einnig venja hann við að yfirheyra sjúklinga eptir vissum reglum. Þegar hann vitjar sjúkra skal venja hann við að spyrja þá greinilega og nákvæmlega, með sèrstaklegu tilliti til orsaka sjúkdómsins í hvert skipti. Hann skal um leið fræddur um lækningar þær, sem við hafa skal við sjúkdóma, og um þær reglur, sem við eiga eptir heilbrigðisfræðinni; síðan skal láta hann iðuglega koma í lyfjabúðina, og kynna sèr hin almennustu læknislyf, samansetning þeirra og áhrif, og skal þetta einnig brýnt fyrir honum, þegar vitjað er hinna sjúku.

Bækur þær, sem eg ætla mèr að nota við þessa kennslu, eru þær er nú skal greina:

1. *Bocks Haandbog i Anatomien*, útlögð af Haugsted. Kmh. 1840. Þegar hún er útskýrð skal við hafa beinagrind, í heilulíki og í limum. Enn fremur *Bocks anatomiske Atlas* og Prófessor *Wilsons: Anatomish Vademecum with engravings.*
2. Prófessor *Eschricht: Læren om Livet.*
3. *F. Wöhlers: Grundrids af den organiske og uorganiske Chemie*, útlagt af Groth; skýrt með dæmum eptir *Stöckharts chemiske Apparat* og *Griffins „chemical laboratorium"*.
4. Lífseðlisfræði grasanna (Plantephysiologie) eptir Schleiden, útlögð af J. Lange; *Erindringsord til en Forelæsning over den almindelige Plantelære*, eptir Schouw, etazráð; hin íslenzka grasafræði Odds Hjaltalíns, og Herholdts *herbarium pharmaceuticum.*
5. Prófessor *Guys: Physiologie general, Pathologie og Therapie.* London 1854; sú bók tekur mörgum stærri bókum um þetta efni fram að því, hvað hún er ljós og nákvæm.
6. *Dr. Jamain: Manuel de petite chirurgie*, Paris 1860, með uppdráttum til skýringar um, hvernig koma skuli fyrir umbúðum og um smáa holdskurði (mindre Operationer).

Þegar lærisveinninn stuttlega er búinn að yfirfara þessar

bækur, skal venja hann iðuglega við að vitja sjúkra, og lærir hann þá að taka blóð, bólusetja, leggja á umbúðir, stinga á smákýlum, setja blóðhorn, draga út tennur og gjöra smávegis holdskurði. 1863.

Þegar þessari undirbúningskennslu er lokið, og lærisveinninn aptur og aptur hefir verið yfirheyrður og reyndur í sèrhverri af lærdómsgreinum þessum, skal byrja á yfirgripsmeiri kennslu í líkskurðarfræði (Anatomie); beinafræðin skal nú yfirfarin býsna nákvæmlega, og skal höfð fyrir sèr beinagrind bæði í heilu líki og í pörtum; á þá einkum að sýna vöðvaböndin (Muskelinsertionerne) og liðamótaböndin (Ligamenterne). Þá skal og lærisveinninn látinn kynna sèr líkskurðarfræðina á líki með tilliti til *organa interna*, einkum iðrafræðina, og *anatomia regionum*, og á þá einkum að leitast við að gjöra honum skiljanlegt, hvar slagæðarnar hver fyrir sig liggja, og hvernig hinir helztu taugastofnar kvíslast út um líkamann, um vöðvana, vöðvahimnurnar (Fascierne), hárkerin (Kapillarkarrene), blóðvessapípurnar (det lymphatiske System), og næringartaugakerfið (det sympathiske Nervesystem). Loksins skal hann, með því að æfa sig á dýrum og líkum, látinn kynna sèr skilningarvitin, og á hann þá að fá yfirlit yfir bygging heilans og upptök heilatauganna. Síðan á hann að fá yfirgripsmeiri kennslu en áður í lífseðlisfræðinni (Physiologie), hinni almennu sjúkdómafræði (den alm. Pathologie), og sjúkdómslækningafræði (Therapie), þá skal og koma yfirgripsmeiri kennsla í handlæknisfræði og hinni sèrstaklegu sjúkdómslækningafræði, um verkanir læknislyfjanna, um fæðing barna, bæði vísindalega og með því að sitja yfir konum, um eiturtegundirnar, og í *medicina forensis*. Jafnframt þessu á að venja hann við holdskurð á líki. Að síðustu skal honum kennd íslenzk sjúkdómalýsing og almenn heilbrigðisfræði heimfærð upp á Ísland, og kennslan endar á því, að hann aptur og aptur skriflega og munnlega er yfirheyrður í hverri grein læknisfræðinnar, bæði hinnar bóklegu og verklegu, með sèrstaklegu tilliti til þeirra sjúkdóma, sem optast koma fyrir hèr á landi, og þar á eptir gengur lærisveinninn að síðustu undir opinbert próf.

1863. Þær bækur, sem eg ætla að nota við kennsluna í þessum lærdómsgreinum, eru þær, er nú skal frá skýrt:

1. *Bocks Anatomie, Bocks anatomiske Atlas* og *Duval: Atlas général de l'anatomie descriptive topographique et de médecine operatoire avec explication sommaire etc. 1853.*
2. *J. P. Dieffenbach: Abbildungen der wichtigsten chirurgischen Operationen.*
3. *Chelius: Haandbog i Chirurgien*, og einkum: *Professor Fergusson: System of practical surgery (illustrated with engravings)*. London 1852.
4. *Eschricht: Physiologie.*
5. *O. Bang: Therapie.*
6. *Otto: Pharmacodynamik* og *Dr. Warncke: Læren om Lægemidlernes physiologiske Virkninger og therapeutiske Anvendelse.*
7. *Pharmacopoea Danica.*
8. Kennslubækur í yfirsetukvennafræði eptir prófessor Levy og Sieboldt.
9. *Henckel: Medicina forensis*, og *Dr. Chapmanns Toxicologie. 1862.*

Þess ber að geta, að allar þessar bækur eru hèr til og þar að auki margar fleiri af nýjustu enskum og frakkneskum kennslubókum; jeg leyfi mèr og að bæta því við, að þareð lærisveinar mínir eru útskrifaðir úr hinum lærða skóla með fyrstu einkunn, þá hafa þeir þegar við burtfararprófið staðizt próf í eðlisfræði (*mechanisk og chemisk Physik*) og í dýrafræði og steinafræði, því þessar lærdómsgreinir eru hèr kenndar í hinum lærða skóla.

Auk þeirra bóka og tilfæra, sem að ofan er getið, er hèr einnig til góður frakkneskur sjónauki til rannsókna við kennsluna í lífseðlisfræðinni og annara rannsókna, þar sem stækkunargler þarf við að hafa; einnig eru til nokkurnveginn næg tilfæri til líkskoðana (Obduktioner), líkskurða (Dissektioner) og æfinga í holdskurði — — — — — — — — — — —

Um þá verklegu kunnáttu, sem lærisveinar mínir geta öðlast, þá verð eg að leyfa mèr að benda hinu háa heilbrigðis-

ráði á, að þeir fá eigi svo alllítinn kost á að ná slíkri kunn- 1863.
áttu; því auk þess, að hèr í kringum Reykjavík er æði þéttbýlt, svo að þegar næstu sóknir eru meðtaldar eru hèr 4—5000 manns, þá kemur á ári hverju til bæjar vors, þó lítill sè, mikill fjöldi fólks ofan úr sveitum, ekki einungis á vertíðinni og um lestirnar, heldur og allt árið. Á sumrin, þegar frakknesku læknarnir eru hèr, koma hèr og margir sjúklingar, er hafa langvinna sjúkdóma; leita þeir þá ráða og láta skera mein sín, og er það vitaskuld, að mèr þá með aðstoð þeirra er miklu hægra en annars að framkvæma stóra holdskurði. Hjá skipverjum á frakknesku skipunum koma og fyrir ýmsir sjúkdómar, sem nokkuð má af læra, og eiga lærisveinar mínir ávallt kost á að kynna sèr þá sjúkdóma.

Hvað snertir kunnáttu í að sitja yfir konum, þá geta lærisveinar mínir fengið að vera við hjá yfirsetukonum hèr, sem lært hafa á fæðingarstiptuninni, þegar það kemur fyrir, að konum gengur tregt að fæða; svo verða þeir og iðuglega látnir æfa sig á líkneskju og tilkvaddir að vera við, þegar við skal hafa töng eða snúa barninu.

Eg hefi þannig skýrt hinu háa heilbrigðisráði frá, hvernig eg hefi í hyggju að haga kennslunni, og hverjar bækur eg ætla að hafa fyrir mèr við hana, og þarf eg eigi að taka fram, að mèr væri einkar kært að fá sem allrafyrst að heyra álit ráðsins um málefni þetta; en það er vitaskuld, að eg fer í þessu efni eptir áliti þess. Því einu skal eg leyfa mèr að bæta hèr við, að eg vona, að hið háa heilbrigðisráð ekki heimti alltof mikið af lærisveinum mínum, heldur aðeins það, er virðist geta nægt til þess, að þeir allvel geti gegnt hinni erfiðu köllun sinni hèr á landi. — — — — — — — — — — — — — — —

Um það hið opinbera próf, sem hin íslenzku læknaefni ættu að ganga undir áður en þeir gætu fengið lækningarètt og hèraðslæknaembætti, þá er það álit mitt, að fara ætti eptir þeirri venju, sem í því efni við gekkst hèr á landi bæði á öldinni sem leið, og á þessari öld. Á öldinni sem leið yfirheyrði Bjarni landlæknir Pálsson og síðar Jón landlæknir Sveinsson hin

1863. íslenzku læknaefni á alþingi í heyranda hljóði og í viðurvist æðstu yfirvalda landsins. Spurningar og svör voru þegar í stað rituð í bók, er löggilt var til þess, og er hún enn til í skjalasafni landlæknisembættisins. Síðan var aðaleinkunn ákveðin, og rituðu þeir stiptamtmaðurinn, landlæknirinn og ýmsir aðrir embættismenn, er viðstaddir voru, nöfn sín undir það, er bókað hafði verið; eptirrit af bókinni var þar á eptir sent stjórninni. Þetta held eg væri hin einfaldasta og tryggilegasta aðferðin, einkum ef yfirheyrslan væri höfð töluvert umfangsmikil, og í hverri lærdómsgrein svo yfirgripsmikil, sem unnt væri; því þá gæti varla verið neinn efi á því, hvort lærisveininn væri hæfur eður ekki til að standast prófið. En ef heldur yrði kosið að haga prófi þessu til á þann hátt, að kvaddir væru til þess próf-dómendur, þá mundu hèr eigi heldur verða nein vandræði úr því; þá þyrfti eigi annað en kveðja til prófsins einn eður tvo af hinum næstu hèraðslæknum, lyfsalann hèr í bænum og kennarana í dýrafræði, grasafræði og eðlisfræði við hinn lærða skóla.

---

28. maím. **37. Brèf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um borgun handa nefnd þeirri, er samdi frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi.**

Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis, er hingað kom með þegnlegu álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 28. septemberm. 1861, um að þeim þrem mönnum, er voru í nefnd þeirri, sem eptir ráðstöfun stjórnarráðsins árið 1855 var á hendur falið að semja frumvarp til nýrra hjúalaga fyrir Ísland, verði veitt 200 ríkisdala þóknun hverjum fyrir starfa þenna, skorar dómsmálastjórnin á yður að kunngjöra alþingi því, er nú fer í hönd, að vorið 1862 hafi eptir tilhlutun stjórnarráðsins nefndarmönnum þessum verið ávísað 200 rdl. hverjum.

---

38. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um kennslubók í sögu handa hinum lærða skóla í Reykjavík. 1863. 30. maím.

Með brèfi 25. febrúarm. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað tvær bænarskrár, aðra frá Páli Melsted, settum málaflutningsmanni við landsyfirrèttinn, um að íslenzk þýðing á kennslubók Bohrs í mannkynssögunni, sem hann hefir byrjað á, verði útgefin á kostnað hins lærða skóla í Reykjavík og síðan notuð við sögukennsluna í skólanum í staðinn fyrir bók þessa á frummálinu, og að sèr verði veitt hæfileg borgun fyrir starfa sinn, — hina frá Jens Sigurðssyni, yfirkennara við skólann, um að honum verði veittir 200 ríkisdalir í ritlaun fyrir frumritaða kennslubók í gömlu sögunni handa skólanum, sem hann er farinn að semja og styðst við áðurgreinda kennslubók Bohrs.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið ekki getur tekið til greina bænarskrá Melsteds, sem að ofan er getið, en þegar handritið til hinnar nýju kennslubókar, sem Jens Sigurðsson yfirkennari hefir byrjað á, sè fullbúið, þá megi hann gjöra sèr von um, að honum verði veittur hæfilegur fèstyrkur, ef skólameistarinn, ásamt tveim öðrum mönnum, er skyn bera á, og sem yður skal á hendur falið að kveðja til þess, álíta að handritið sè svo úr garði gjört, að bókin geti náð tilgangi sínum; en þèr eruð beðnir um að stinga uppá, þegar þar að kemur, hve mikill styrkur þessi eigi að vera.

---

39. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Havsteins amtmanns[1], um undanfærslu manns að taka við bæjarfulltrúakosning á Akureyri. 30. maím.

Kjörstjórnin, er stýrði hinni almennu bæjarfulltrúakosning á Akureyri, hefir í meðfylgjandi brèfi með fylgiskjali leitað úr-

[1]) Havstein amtmaður var þá staddur í Kaupmannahöfn.

1863. 30. maím. skurðar um, hvort E. Möller, verzlunarmaður þar í kaupstaðnum, hafi eptir reglugjörð 29. ágústm. 1862 3. grein rètt til að skorast undan að taka móti kosning, er hann varð fyrir, til bæjarfulltrúa á Akureyri. Með því hinn setti amtmaður í norður- og austurumdæminu var sjálfur í kjörstjórninni, og fyrir þá sök eigi gat leyst úr spurning þessari, hefir hann í brèfi 18. f. m., er hèr með fylgir, skotið málefni þessu til úrskurðar dómsmálastjórnarinnar.

En þareð það er hlutaðeigandi amtmaður, sem eptir ákvörðuninni í 10. grein reglugjörðarinnar á að skera úr um málefni þetta, þá sendir stjórnarráðið yður, herra amtmaður, skjöl málsins, til þess þèr leggið úrskurð á það.

---

8. júním. **40. Konungleg Auglýsing til Alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1861.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., sendum Voru trúa alþingi á Voru landi Íslandi kveðju Guðs og Vora!

Af því, sem gjörzt hefir á alþingi árið 1861, höfum Vèr sèð með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitazt við að efla Vort gagn og hag landsins.

Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur Vors trúa alþingis um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess árið 1861, og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vèr nú skýra hèr í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir verið af ráðið.

I.

Um þegnleg álitsmál, sem komin eru frá alþingi.

Þessar rèttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem Vèr höfum fengið um þegnlegar tillögur Vors trúa alþingis:

1. Reglugjörð 29. ágústm. 1862 um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar.

2. Opið brèf s. d., er lögleiðir á Íslandi lög 21. janúarmánaðar 1857 um hegning fyrir illa meðferð á skepnum.

3. Opið brèf 19. janúarm. 1863 um löggilding þriggja verzlunarstaða á Íslandi. 1863. 8. júním.

4. Tilskipun 26. maím. 1863 um lausamenn og húsmenn á Íslandi.

Þegar lagaboð þessi hafa verið samin, hafa verið vandlega íhugaðar athugasemdir þær, er alþingi hefir gjört um þau, og hefir sumum þeirra eptir því verið breytt í ýmsu og ýmislegt verið nákvæmar ákveðið.

Ennfremur höfum Vèr allramildilegast fallizt á þegnlega uppástungu alþingis um, að spítalahlutirnir á Vestmannaeyjum í suðurumdæminu á Íslandi, bæði af fugli og fiski, skuli frá 1. degi janúarmánaðar 1865 renna inn í sjóð þann, er stofnaður var með konungsúrskurði 12. ágústmánaðar 1848 til umbóta á læknaskipuninni á Íslandi, þó svo, að frá sama tíma verði fyrst um sinn úr tèðum sjóði greiddir 30 rdl. á ári til launa handa yfirsetukonu á eyjum þessum, og skal að öðru leyti um þetta efni skýrskotað til opins brèfs frá dómsmálastjórninni 24. dag marzm. þ. á.

Um lagafrumvarp það viðvíkjandi sendingum með póstum á Íslandi, er alþingi hefir látið í ljósi um þegnlegt álit sitt, skal þess getið, að rèttast hefir þótt, að samdar væru, áður en lagaboð þetta kæmi út, þær ákvarðanir, sem þörf er á, bæði um póstferðir millum Danmerkur og Íslands og svo um póstgöngur á Íslandi sjálfu. Það hefir því verið falið á hendur tveim embættismönnum, er annar heyrir undir dómsmálastjórnina en hinn undir póststjórnina, að starfa að þessu í sameining, en þeir hafa eigi enn lokið starfa sínum.

Að vísu hafa tillögur alþingis um frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi í mörgum merkilegum atriðum orðið til greina teknar, en aptur eru önnur mikilsverð atriði í lagafrumvarpi því, sem þingið hefir til búið, sem öðruvísi er ástatt um, og með því enn fremur hefir verið nauðsynlegt að gjöra verulegar breytingar á fyrirkomulaginu á ýmsum af þeim ákvörðunum, sem þingið hefir stungið upp á, hefir þótt rèttast að semja nýtt frumvarp eptir þessu og leggja það svo fyrir alþingi. Virtist því fremur vera ástæða til að viðhafa þessa aðferð, sem

1863. 8. júním. nú mun verða lagt fyrir alþingi, samkvæmt ósk þess, frumvarp viðvíkjandi því að koma á sèrstaklegum sáttatilraunum m. m. í hjúamálum, en það eigi gat álitizt hagfellt að láta ný hjúalög fá lagagildi, fyrri en alþingi væri búið að hafa fyrrgreint laga-frumvarp til meðferðar.

Með því Vèr höfum ekki getað fallizt á breytingar þær, er alþingi hefir stungið upp á, að gjörðar væru við frumvarp það, er lagt var fyrir þingið, til opins brèf um breyting á tilskipun 18. febrúarm. 1847, og með því þær breytingar hafa síðar á orðið, að nauðsynlegt er, að það fyrirkomulag á málinu, sem fyrrum var stungið uppá, verði töluvert öðruvísi en til var ætlazt, þá verður nýtt frumvarp um þetta efni lagt fyrir alþingi það, er nú fer í hönd.

II.

Um þegnlegar bænarskrár Vors trúa alþingis birtum Vèr þinginu allramildilegast á þessa leið:

1. Vèr höfum allramildilegast veitt áheyrslu þegnlegri bænarskrá alþingis um, að veitt yrði haustið 1861 úr hinum íslenzka kollektusjóði 7,000 ríkisdala lán til að kaupa kornvöru fyrir handa bágstöddustu sveitunum í Borgarfjarðarsýslu og í Kjósar- og Gullbringusýslu.

2. Í bænarskrá, er komið hefir frá alþingi um fjárkláðann á Íslandi, var meðal annars beðið um, að amtmanninum í suðurumdæminu yrði veitt fullt vald til að framfylgja nokkrum bráðabirgðarráðstöfunum, er þingið hafði samþykkt, viðvíkjandi fjárkláðamálinu; að honum yrðu veitt umráð yfir nokkru fè til framkvæmdar þessum ráðstöfunum, og að embættismanni þessum yrði falið á hendur að þröngva svið sýkinnar sem framast mætti verða. Einnig hefir frá konungsfulltrúa komið ágreiningsálit minni hlutans í máli þessu á alþingi, og er í því farið fram á, að skipuð verði föst nefnd á Íslandi til að hafa eptirlit með algjörlegri útrýming fjárkláðans, samt öðrum fjársjúkdómum og fjárræktinni yfirhöfuð, og að veittir verði 5,000 rd. á ári hverju til þessa augnamiðs.

En eigi hefir virzt vera ástæða til að fallast á uppástungur

þessar, og það því síður, sem sjá má af embættisskýrslum þeim, er stjórnin stöðugt hefir meðtekið um fjárkláðann, að sýkin aðeins er á fáeinum stöðum og með vægu móti. 1863. 8. júním.

Þarsem alþingi enn fremur hefir beðið um, að amtmanninum í suðurumdæminu í sameining með hinum amtmönnunum yrði gjört að skyldu að halda öruggan vörð á því, að engar fjársamgöngur eigi sèr stað millum grunaðra og heilbrigðra héraða, meðan kláðasýkinni er ekki með öllu útrýmt, þá hafa hlutaðeigandi embættismönnum verið sendar þær fyrirskipanir, sem þörf er á í þessu efni; að öðru leyti er það vitaskuld, að stjórnin framvegis mun láta sèr annt um að sjá fyrir því, að haft verði vakanda auga á sýkinni, og að gjörðar verði hinar hagfelldustu ráðstafanir til þess henni verði útrýmt með öllu.

Útaf bæn alþingis um, að út kæmi fyrir Ísland lagaboð um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi, þá mun verða lagt fyrir alþingi, það er nú fer í hönd, frumvarp um þetta efni.

Útaf umkvörtun þeirri, er kom frá minni hlutanum í máli þessu á alþingi, yfir því, að þingið hefði neitað að taka við ágreiningsáliti hans því, sem fyr er áminnzt, og fá konungsfulltrúa það til að senda stjórninni, skal þess loks getið, að minni hlutinn má virðast hafa haft rètt til, að skýrt væri frá ágreiningsáliti hans í bænarskrá alþingis, samkvæmt 61. grein í tilsk. 8. marzm. 1843 um stiptun sèrlegrar ráðgefandi samkomu fyrir Ísland.

3. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um, að síðasta málsgrein í 43. grein nefndrar tilskipunar verði af tekin, höfum Vèr allramildilegast leyft, að sleppa mætti árið 1861 og framvegis að senda stjórninni, svo sem boðið er í þessari lagagrein, danska þýðing af þingbók alþingis, en dómsmálastjórnin skyldi annast um, að þýðing þessi yrði hèr til búin, og skyldi það, sem til þess gengur, endurgoldið ríkissjóðnum með öðrum alþingiskostnaði.

4. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um ráðstafanir til at ráða bót á læknaskorti þeim, sem er á Íslandi, höfum Vèr allramildilegast leyft:

a. að fyrst um sinn megi á ári hverju verja 600 ríkisdölum úr

1863. 8. júnim.

hinum íslenzka læknasjóði til kennslu í læknisfræði hjá landlækni í Reykjavík, fyrir þá menn, sem útskrifaðir eru úr hinum lærða skóla í Reykjavík;

b. að dómsmálastjórninni skuli á hendur falið, eptir að hafa fengið um það efni álit heilbrigðisráðsins, að ákveða nákvæmar, hversu yfirgripsmikil kennsla sú skuli vera, sem hlutaðeigendur eiga að fá hjá landlækni;

c. að haldið skuli opinbert próf yfir þeim, er notið hafa kennslu þessarar, og skuli dómsmálastjórninni á hendur falið að skipa fyrir um prófið, eptir að hún er búin að semja um það efni við kirkju- og kennslustjórnina, og

d. að þeir, sem staðizt hafa próf þetta, skuli hafa lækningaleyfi á Íslandi og geta orðið þar hèraðslæknar[1].

Þarsem alþingi einnig hefir farið fram á, að lagt verði fyrir næsta þing frumvarp til reglugjörðar um betri tilhögun á tekjum spítalanna á Íslandi, þá skal þess getið, að stjórnin hefir lengi verið að skrifast á um þetta við hlutaðeigandi embættismenn á Íslandi, án þess menn enn hafi komizt að þeirri niðurstöðu, sem ákjósanleg megi þykja. En nú hefir dómsmálastjórnin gjört nýja atrið til þess, að málefni þetta geti komizt í betra horf.

5. Það er ósk Vor, að láta að þegnlegri bæn alþingis um stofnun kennsluskóla handa lögfræðingaefnum á Íslandi, svo framarlega sem fengizt getur fè það, er til þess þarf. En málefni þetta, sem dómsmálastjórnin og kirkju- og kennslustjórnin nú eru að bera sig saman um, er ekki enn svo langt á veg komið, að það hafi orðið lagt fyrir Oss til síðasta úrskurðar.

6. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um endurbætur á hinum lærða skóla í Reykjavík, hefir verið skipuð nefnd manna á Íslandi til að íhuga málefni þetta. Að vísu lauk nefndin starfa sínum á síðastliðnu hausti; en með því álit umsjónarmanna skólans er nýlega komið stjórninni til handa, hefir meðferð málsins eigi orðið lokið á þeim stutta tíma, sem síðan er liðinn. En því mun verða flýtt svo sem unnt er, að fá málefni þetta til lykta leitt.

[1]) Sjá konungsúrskurð 29. ágústm. 1862 í brèfi dómsmálastj. 12. septemberm. s. á.; smbr. einnig brèf dómsmálastj. 28. maím. 1863.

7. Með tilliti til þess, að alþingi í þegnlegri bænarskrá hefir beðið um, að í byrjun aprílmánaðar ár hvert verði send til Íslands næg herskip, er skuli vera við landið þangað til í öndverðum septembermánuði, til þess að halda vörð á, að útlendar þjóðir fiski ekki innan hinna lögákveðnu takmarka, þá skal skýrskotað til heitis þess, sem þessu viðvíkjandi er gefið í konunglegri auglýsing til alþingis 1. júním. 1861, II., í niðurlagi 1. töluliðs. Þarsem alþingi enn fremur hefir beðið um, að svo framarlega sem þörf þætti á að breyta hinum gildandi lögum um fiskiveiðar útlendra undir ströndum Íslands, verði lagt fyrir alþingi það, er nú fer í hönd, frumvarp til laga um þetta mál, og að sem allrafyrst verði gjörður samningur um það við útlendar stjórnir, einkum keisarastjórnina á Frakklandi, þá hafa þessi bænaratriði ekki orðið til greina tekin af þeim ástæðum, sem fulltrúi Vor mun skýra þinginu frá; þar á móti hafa hinir konunglegu sendiboðar í París og Lundúnum verið látnir á ný skora á keisarastjórnina á Frakklandi og konungsstjórnina á Bretlandi hinu mikla um það, að bannað verði frakkneskum og enskum þegnum, þeim er stunda fiskiveiðar við Ísland, að fiska nær ströndunum, en eina almenna sjávarmílu undan landi, og að fara inn á firði og flóa til að fiska, jafnvel þó þeir þá sèu eina mílu undan landi. Loks skal því við bætt, að eins og nú er ástatt verður ekki sèð ráð til að verða við þeirri ósk alþingis, sem borin er fram í bænarskrá þeirri, sem hèr er um rætt, að þeim, er vilja koma á þiljuskipaveiðum á Íslandi, verði veitt lán til þessa úr ríkissjóðnum. 1863. 8. júním.

8. Viðvíkjandi þegnlegri bænarskrá alþingis um löggilding verzlunarstaða við Papafjarðarós í Austurskaptafellssýslu og Straumfjörð í Mýrasýslu, skal skýrskotað til opins brèfs 19. janúarm. þ. á., sem getið er hèr að ofan í I. flokki, 3. tölul. Þarsem ennfremur var farið fram á í hinni sömu bænarskrá, að fastakaupmönnum verði leyft að verzla af skipi á Lambhússundi í Borgarfjarðarsýslu, þá höfum Vèr ekki fundið nægа ástæðu til að taka þetta bænaratriði til greina, og mun fulltrúi Vor skýra alþingi frá, hvað til þess ber.

9. Viðvíkjandi því, að alþingi í þegnlegri bænarskrá hefir

1863. 8. júnim. beðið um, að svo fljótt, sem auðið er, verði kvatt til þjóðfundar á Íslandi og lagt fyrir hann frumvarp til laga um stöðu landsins í ríkinu, þá skal þess getið, að málefnið um stjórnarhagi Íslands er svo nátengt málefninu um fjárhag landsins, að ekki getur orðið gjört út um hið fyrra málefnið án sambands við hið síðara; en fjárhagsmálið er nú í undirbúningi, er það hefir verið rætt í nefnd, er Vèr skipuðum með allrahæstu erindisbrèfi Voru 20. septembermánaðar 1861, til að íhuga málefni þetta og láta í ljósi álit sitt og uppástungur um, hvernig því yrði skipað. Nefndarmenn, er komust að ólíkri niðurstöðu um ýms merkileg atriði málsins, hafa þegar í fyrra lokið starfa sínum, og eru nú dómsmálastjórnin og fjárstjórnin að bera sig saman um málið, en meðferð þess er enn ekki svo langt á leið komin, að það verði lagt fyrir alþingi á fundi þingsins, þeim er nú fer í hönd.

10. Af þeim ástæðum, er fulltrúi Vor mun verða látinn birta alþingi, hefir Oss ekki þótt ástæða til að fallast á þegnlega bæn þingsins um, að breytt verði lögunum frá 15. aprílm. 1854 þannig, að Seyðisfjörður verði aðalverzlunarstaður í norður- og austurumdæminu í staðinn fyrir Eskifjörð.

11 og 12. Um tvær þegnlegar bænarskrár, er komu frá alþingi, um launabót embættismanna á Íslandi, þeirra er laun sín fá úr ríkissjóðnum yfirhöfuð, og um launabót handa amtmanninum í norður- og austurumdæminu sèrílagi, skal skýrskotað til laga, er út komu 19. janúarm. þ. á. um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi.

13. Þegnlegri bænarskrá alþingis um, að numið verði úr lögum opið brèf 1. aprílm. 1861, um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi og til bráðabirgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands, hefir eigi orðið áheyrsla veitt, og mun fulltrúi Vor skýra alþingi gjör frá þeim ástæðum, er hafa ráðið úrslitum málsins.

14. Eptir beiðni alþingis í þegnlegri bænarskrá þingsins hefir áðurgreind nefnd, er skipuð var til að segja álit sitt um fjárhagssambandið milli Íslands og konungsríkisins, haft til meðferðar málefnið um hinn svonefnda íslenzka kollektusjóð, og

mun því máli verða beint áfram í sambandi við fjárhagsmálið. 1863.

15. Alþingi hefir í þegnlegri bænarskrá farið þess á leit, 8. júním.
að lagafrumvarp nokkurt, er þingið hafði samið, um rafsegulþráð þann, er Tal. P. Shaffner hefir áformað að leggja, verði gjört að lögum.

En þareð ætla má eptir skýrslum þeim, sem fyrir hendi eru, að það sè næsta óvíst, hvort áform þetta verði framkvæmt, hefir eigi þótt ástæða til að láta nú sem stendur koma út lagaboð um þetta efni fyrir Ísland.

16. Eptir að fengið hefir verið álit hlutaðeigandi embættismanna á Íslandi um bænarskrá alþingis viðvíkjandi breyting á þeim tíma, er haldin eru manntalsþing í Ísafjarðar- og Barðastrandarsýslu, höfum Vèr allramildilegast fallizt á, að fresta megi, samkvæmt uppástungu alþingis, manntalsþingum í sýslum þessum þangað til í júní- eður júlímánuði[1].

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vèr sent Yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúa alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Gefið í höll Vorri Kristjánsborg, 8. dag júnímánaðar 1863.

Undir Vorri konunglegu hendu og innsigli.

---

41. Opið brèf um breyting á þeim tíma, þá er halda skal manntalsþing í Barðastrandar og Ísafjarðar sýslum. 9. júním.

Dómsmálastjórnin hefir allraþegnsamlegast borið undir konung bænarskrá alþingis þess, er haldið var árið 1861, um breyting á þeim tíma, þá er halda skal manntalsþing í Barðastrandar og Ísafjarðar sýslum í vesturumdæminu á Íslandi, og hefir hans hátign þóknazt 8. d. þ. m. allramildilegast að ákveða, að hèreptir megi fresta manntalsþingum í sýslum þessum þangað til í júní- og júlímánuði.

Þetta birtist öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Í dómsmálastjórninni, 9. dag júnímánaðar 1863.

---

[1]) Sjá næstfylgjanda opið br. 9. júnímán. 1863.

1863. 9. júním.

42. Brèf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um fjárgreiðslu úr dómsmálasjóðnum til málaflutningsmanna og dómenda við landsyfirrèttinn.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi sent hingað með þegnlegri skýrslu yðar, dagsettri 18. d. septembermán. 1861, álitsskjal alþingis, dagsett 13. d. ágústmán. s. á., en í því er stungið uppá:

1. að laun hinna föstu málaflutningsmanna við yfirdóminn á Íslandi verði um hin næstu 4 ár greidd úr dómsmálasjóði Íslands, og
2. að þeir 300 rdl., sem þá voru borgaðir úr dómsmálasjóðnum til yfirdómendanna í landsyfirrèttinum, verði hið fyrsta skeð getur borgaðir þeim árlega úr ríkissjóði.

Dómsmálastjórnin skorar nú á yður, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi því, er haldið verður í sumar, að kunngjöra þinginu um hina fyrri af uppástungum þessum, að yður hafi verið boðið í brèfi stjórnarráðsins 22. janúarm. f. á. samkvæmt konungsúrskurði 19. marzmán. 1858[1] að láta borga málaflutningsmönnum þeim, sem fyrst um sinn hafa verið skipaðir við yfirdóminn, launin á sama hátt og að undanförnu úr hinum íslenzka dómsmálasjóði, og að senda dómsmálastjórninni, undir það að 4 ár eru liðin, skýrslu um, að hve miklu leyti sjóðurinn framvegis sè fær um að bera kostnað þenna, og um hina síðari uppástunguna, að einsog þegar var á vikið í ástæðunum fyrir lagafrumvarpi því, er lagt var fyrir alþingi (1859), um laun ýmsra embættismanna á Íslandi, geti þeir 250 rd., sem fyrsta dómaranum í yfirrèttinum eru greiddir úr dómsmálasjóðnum, ekki álitizt að vera partur af embættislaunum hans, heldur endurgjald fyrir störf, er ekki fylgja með embættinu, en það eru útleggingar á rèttargjörningum í sakamálum og gjafsóknarmálum, þeim er áfríað er til hæstarèttar, og að þessvegna hafi ekki verið haft neitt tillit til þessa fjár við launahækkun þá, er

[1]) Sjá br. dómsmálastj. 23. marzm. 1858 og kgl. auglýs. til Alþ. 27. maímán. 1859, II. 7.

hann fèkk við lögin frá 19. janúarmán. þ. á. um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, en þar á móti sèu burtfallnir við lög þessi þeir 50 rd. á ári, er að undanförnu hafa veittir verið öðrum dómaranum í yfirrèttinum úr dómsmálasjóðnum, sem launaviðbót í eiginlegum skilningi. 1863. 9. júním.

---

43. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu. 16. júním.

Dómsmálastjórnin hefir veitt Valgerði á Grund, ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu, 20 ríkisdala styrk, og hefir landfógetanum í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

Þetta er yður hèrmeð kunngjört yður til leiðbeiningar, og til þess þèr auglýsið það hlutaðeigandi.

---

44. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skýrslur um blinda. 18. júním.

Athygli stjórnarráðsins hefir leiðzt að því, að hingað ekki er send nein skýrsla um blinda á Íslandi, og að það ekki hefir komið nein ósk um, að blindum mönnum væri veitt viðtaka á stofnun þá, sem hèr er fyrir blinda, síðan sú stofnun komst á fót.

Til þess nú að stuðla til þess, að stofnun þessi einnig geti komið blindum mönnum á Íslandi að notum, sendir stjórnarráðið yður með brèfi þessu nokkur exemplör af lögum d. 21. janúarmán. 1857 um að stofna skóla handa blindum[1], til þess þèr sendið

[1]) Til skýringar um stofnun þessa skulu hèr til færðar tvær greinir úr lagaboðinu:

1. grein. Fyrir konungsríkið Danmörku skal stofna skóla handa blindum; á hann að geta veitt viðtöku að minnsta kosti 60, og á það að vera tilgangur hans að afla hinum blindu þess andlegs þroska og þeirrar kunnáttu, að vöntun sjónarinnar verði þeim svo lèttbær, sem

1863. 18. júním. þau próföstum á landinu, og einnig útdrátt úr skýrslu um athafnir stofnunar þessarar fjárhagsárin 1859—60 og 1860—61, og skorar á yður að bjóða embættismönnum þessum að hlutast til um, að efni lagaboðs þessa og skýrslu verði gjört almenningi kunnugt á hagfelldasta hátt.

Með því einnig er áríðandi að hafa fullkomnar skýrslur um alla blinda á landinu, þá eru yður og hèrmeð send exemplör af skýrsluformi til að semja eptir skýrslu í hverri sókn um hina blindu, og skal skorað á yður að bjóða prestum á Íslandi að semja á ári hverju slíkar skýrslur, fyrsta skipti við lok yfirstandandi árs; ber nákvæmlega að laga þær eptir skýrsluformi þessu og gjöra þær svo fullkomnar, sem unnt er; síðan ber að senda próföstunum skýrslurnar, og eiga þeir þar á eptir að senda þær til yðar, og þèr að síðustu til stjórnarráðsins.

---

19. júním. **45. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun til læknis.**

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá brèf yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 13. d. aprílm. þ. á., veitti hún Magnúsi Stephensen, cand. med. & chir., 200 ríkisdala þóknun fyrir þá læknishjálp, er hann eptir tilhlutun stjórnarráðsins hefir látið sjúklingum í tè síðastliðið haust og vetur, meðan hann dvaldi í suðurumdæminu á Íslandi.

Þetta er yður hèrmeð til vitundar gefið.

---

verða má, og að þeir geti haft ofanaf fyrir sèr með vinnu sinni að svo miklu leyti, sem unnt er.

3. grein. Borgunin fyrir veru hins blinda í skólanum skal vera 350 rdl. á ári, og er þar í fólgin borgun fyrir föt, fæði og kennslu. Nú verður borgun þessi eigi greidd, sakir fátæktar barnsins eður foreldra þess, þá má lækka borgunina eður láta hana burt falla. Ef húsrúm er til má og taka í skólann blinda, sem eiga heima í öðrum hlutum ríkisins, svo og í útlöndum, og ef efnahagur barnsins mælir með því má lækka borgunina fyrir hina fyrgreindu til 150 rdl. á ári.

46. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um tíundargjald af kirkjujörðum m. m.

1863. 6. júlím.

Sökum þess, að sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu hefir sent yður ýmsar umkvartanir, er til hans hafa komið, og Kristján kammerráð Magnússen í brèfi til yðar mælt móti því, að heimtuð sè tíund af Geitareyjum og Engeyjum, sem eru eign Narfeyrar kirkju, þá hafið þèr, herra amtmaður, með því yður þótti vafasamt, hvernig skera ætti úr málefni þessu, í brèfi 17. desembermán. f. á. spurt um, hvort rètt sè eptir tilskipun 1. d. aprílm. 1861 um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, að heimta tíund til allra fjögra tíundartakenda af sèrhverri jörð, hvort sem hún er til guðs þakka lögð (ad pios usus) eður á einhvern annan hátt er almennings eign.

Þessu skal svarað á þá leið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það hlutaðeigendum, að bæði er það, að í ástæðunum fyrir 2. grein í frumvarpinu til ofangreindrar tilskipunar, því er lagt var fyrir alþingi árið 1859 (smbr. alþingistíðindin það ár, viðbæti A. 21. bls.), er með berum orðum tekið fram, að það liggi í augum uppi, „að hið nýja jarðamat engu geti breytt um tíundarskyldu jarðanna á Íslandi, og að tíundin því framvegis, þangað til öðruvísi verður ákveðið, aðeins geti orðið heimt af þeim jörðum, er nú sem stendur eru tíundarbærar", og að þetta liggi svo í hlutarins eðli, að ekki hafi þótt þörf á að taka það með berum orðum fram í þessari grein frumvarpsins, enda gefa eigi heldur ákvarðanirnar í sjálfri tilskipuninni frá 1. aprílmán. 1861 neina ástæðu til að halda, að það hafi verið tilgangur lagaboðs þessa að gjöra nokkra breyting á þeim reglum, sem að undanförnu hafa verið í gildi um það, af hverjum jörðum greiða skuli tíund.

1863. 8. júlím.

47. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um uppbót fyrir fallin ásauðarkúgildi á lènskirknajörðum.

Samkvæmt því, sem yður var fyrir lagt í brèfi stjórnarráðsins 22. janúarm. 1861, hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, í brèfi yðar dags. 18. dag maím. þ. á. skýrt frá, hversu mikið farizt hafi í fjárkláðanum af ásauðarkúgildum á lènskirknajörðum á Íslandi eptir skýrslum þeim, sem þèr um það efni hafið fengið frá hlutaðeigandi próföstum, og hvað hingað til hafi ágengt orðið með endurreisn hinna föllnu kúgilda. Af skýrslum þessum sèst, að megnið af kúgildum þeim, sem fèllu í fjárkláðanum á jörðum þessum, hefir verið skorið niður, sumpart með vilja og vitund hlutaðeiganda prests og sumpart án þess, en að annars er þegar að mestu leyti aptur búið að bæta kúgildamissi þenna, og það að mestu leyti á kostnað jarðarábúendanna. Þèr hafið þar að auki getið þess, að kúgildafellir sá, sem orðið hefir, virðist að vísu eptir skýrslum þeim, sem þèr hafið fengið, ekki að hafa hnekkt neitt töluvert lènskirkna-jarðagózinu, en öðru máli sè að gegna um suma af prestunum, sem hafa tekjurnar af jörðum þessum; því fyrst og fremst hafi þeir misst nokkurs í af tekjum sínum, er þeir hafi orðið að gefa leiguliðunum upp nokkurn hluta af leigunum, en um þann skaða hafi þeim þó verið sjalfrátt, og virðist því ekki vera ástæða til að útvega þeim neinar bætur í því skyni, en þaraðauki verði þeir neyddir til að koma upp kúgildunum aptur á sinn kostnað, sumpart fyrir þá sök, að leiguliðarnir ekki hafi efni til þess, jafnvel þó þeir sèu skyldir til að koma þeim upp, sumpart fyrir þá sök, að prestarnir sjálfir hafi gengizt fyrir niðurskurðinum, og álítið þèr mjög æskilegt, að þessum prestum yrði veittur nokkur styrkur til að koma upp aptur kúgildunum. Enn hafið þèr getið þess, að kirkjuportiónirnar að öllum jafnaði sèu litlar, en sauðfè komið í mjög hátt verð, og virðist því vera ógjörandi að verja nokkru af kirkjuportiónunum til að koma upp kúgildunum; þessvegna hafið þèr stungið upp á, að varið

verði til þessa 400—500 rd. af því fé, sem í fjárlögunum er veitt til óvissra gjalda handa Íslandi, þannig að upphæð þessi yrði fengin stiptsyfirvöldunum til umráða til að útbýta henni á þann hátt, er þau álitu rèttast, og ættu þau síðan að gjöra stjórnarráðinu skil fyrir, hvernig fènu hefði verið varið. 1863. 8. júlím.

Um þetta efni skal yður nú kunngjört, að eptir því, sem sagt er í áður greindu brèfi stjórnarráðsins, 22. janúarm. 1861, getur ekki orðið umtalsmál að útvega neinn styrk úr ríkissjóðnum í þessu skyni, og að fara skal eptir þeim reglum, sem þar eru teknar fram, viðvíkjandi endurreisn þeirra ásauðarkúgilda, sem enn vantar. Skorar stjórnarráðið hèrmeð á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að annast um, að kúgildunum þannig verði komið upp svo bráðlega, sem unnt er, og að það verði fullbúið fyrir lok ársins 1864; vonast og stjórnarráðið eptir að fá þá skýrslu um þetta.

---

48. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um menn úr heimaskóla, er gengu undir burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík. 10. júlím.

Bjarni Johnsen, skólameistari hins lærða skóla í Reykjavík, hafði spurt um, hvort 3 menn úr heimaskóla, sem þetta ár höfðu beiðzt að mega ganga undir burtfararpróf við skólann, mættu fá leyfi til að ganga undir próf þetta, þó að þeir menn, er höfðu gefið þeim dimissions-vitnisburði, ekki hafi öðlazt háskólaborgara rèttindi; útaf þessu hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, skýrt frá því í brèfi 17. f. m. að þèr, eptir því, sem ástatt var, og einkum fyrir þá sök, að hlutaðeigendur þegar höfðu lokið hinu skriflega prófinu, hafið leyft, að þeir einnig mættu ganga undir hinn munnlega hluta prófsins, en þó skyldi það komið undir úrskurði stjórnarráðsins, hvort þeir með því að útskrifast á þenna hátt öðluðust þau hin sömu rèttindi, sem þeir menn hafa, er útskrifast úr skólanum, einkum ef svo færi, að þeir hèldu áfram bókiðnum sínum við Kaupmannahafnar

1863. 10. júlím. háskóla; hafið þèr og stungið uppá, að við svo búið megi standa, með því slíkt muni varla optar fyrir koma.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið leggur samþykki á, að þèr hafið veitt leyfi það, sem hèr er um rætt, og að menn þeir, sem hlut eiga að máli, ef þeir standast prófið, eiga kost á að verða aðnjótandi allra þeirra rèttinda, sem þeir hafa, er tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík.

---

10. júlím. **49. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun til prófasta fyrir úttekt á brauðum.**

Útaf því, að E. S. Einarsen hèraðsprófastur hefir reiknað sèr borgun fyrir þrjár úttektargjörðir eptir hliðsjón af aukatekjureglugjörð fyrir Ísland frá 10. september 1830, með 10 rdl. 48 sk., og látið það álit sitt í ljósi, að ef reikna ætti borgun fyrir gjörðir þessar eptir tilsk. 24. júlím. 1789 6. gr., þá ætti það að vera á þann hátt, að borgun sú, sem þar er ákveðin, sè reiknuð til álna eptir fornu verðlagi, hver alin talin $4\frac{1}{2}$ sk., og sú álnatala, er þannig fæst, aptur reiknuð til peninga eptir hinni gildandi verðlagsskrá, — hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, hæruverðugi herra, í brèfi 6. maím. þ. á. getið þess, að eigi sè lagaheimild fyrir því að reikna borgunina á þann hátt, sem Einarsen prófastur hefir gjört, heldur hafi átt að reikna borgun fyrir gjörðir þessar, svo sem Jón prestur Guttormsson, sem þær voru framkvæmdar fyrir, hafði heimtað, eptir tilskipun 24. júlím. 1789, 6. grein; hafið þèr því skorað á stjórnarráðið að lýsa því yfir, hvort áðurgreind ákvörðun um borgun til prófasta fyrir úttekt á stöðum á Íslandi hafi eigi enn lagagildi, og ef svo sè, hvort þá sè rètt að breyta borguninni á þann hátt, sem Einarsen prófastur hefir farið fram á.

Í þessu efni kunngjörir stjórnarráðið yður, yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það, að engin heimild er til að gjöra út um það atriði, sem hèr er um rætt, á þann hátt,

að höfð sè hliðsjón af aukatekjureglugjörðinni frá 10. september 1830, en þar á móti er sú ákvörðun, sem ber að fara eptir um borgun fyrir gjörðir þessar, í tilskipun 24. júlím. 1789, 6. grein, eins og þèr og hafið álitið, og að ekki getur verið umtalsmál að reikna borgun þá, sem þar er ákveðin, á þann hátt, sem prófasturinn hefir vikið á. 1863. 10. júlím.

---

50. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýðing yfir nokkra kafla úr nýja-testamentinu. 10. júlím.

Eptir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, háæruverðugi herra, 22. maímán. þ. á., frá Pètri prófessor Pèturssyni og Sigurði Melsted, kennara við prestaskólann í Reykjavík, um styrk til að gefa út 4. hepti af riti þeirra: „þýðing yfir útvalda kafla úr nýja-testamentinu," hefir stjórnarráðið veitt beiðendunum 100 rdl.

Þetta sè yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það þeim, er hlut eiga að máli, og skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

51. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um það, að eyðijörðin Efriströnd eigi fáist keypt. 10. júlím.

Útaf bænarskrá Guðmundar bónda Jónssonar á Kornbrekkum, er hingað kom með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, dags. 28. marzm. þ. á., um að fá til kaups fyrir 150 rdl. eyðijörðina Efriströnd í Rangárvalla sýslu, skal yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það, að þarеð ekki virðist vera hagfellt að farga um þessar mundir þjóðjörðum á Íslandi, verður það, sem hèr er um beðið, eigi veitt; þar á móti skal farið með jörð þessa samkvæmt því, sem fyrir er mælt í brèfi stjórnarráðsins til yðar, dags. 28. febrúarm. þ. á.

1863. 10. júlím. **52. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um skuld Sigurðar Jacobsens til kirkjunnar á Ingjaldshóli m. m.**

Eptir að dómsmálastjórnin nú er búin að fá aptur með brèfi yðar, herra amtmaður, 5. nóvembermán. f. á., útskript af rèttarprófi því, er haldið hafði verið til að fá skýrslur um hina tortryggilegu aðferð Sigurðar Jacobsens, er fyrrum var fjárhaldsmaður kirkjunnar á Ingjaldshóli, m. m., þá skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á í því efni, að þá 110 rd. 51 sk., sem um er rætt í brèfi yðar 26. febrúarm. f. á. og sem fengust fyrir fjármuni Jacobsens, er seldir voru, ber að taka upp í skuld hans til kirkjunnar. Því skal við bætt, að í rèttarprófi, sem haldið var yfir Jacobsen eptir tilhlutun stjórnarráðsins 19. marzmán. þ. á. í Frös- og Kalvslunds hèraði í hertogadæminu Slèsvík, hefir hann kannazt við, að hann sè enn skuldugur kirkjunni um 81 rd. 77 sk. og tjáð sig fúsan til að borga skuld þessa, en kvaðzt engan veg sjá til þess, þareð hann sè öldungis fèlaus.

---

10. júlím. **53. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um vegabótagjald af Reykjavíkur bæ, og vegabætur þar.**

Í skjali nokkru, er dómsmálastjórninni barst með brèfi yðar herra stiptamtmaður, dags. 23. janúarmán. þ. á., hefir bæjarstjórnin í Reykjavík spurt um:

1. Hvort eigi sè rèttur skilningur á tilskipun 15. dag marzmán. 1861, að Reykjavíkur umdæmi skuli vera undanþegið að svara vegagjaldi eptir tilskipunarinnar 16. grein, og
2. Ef þetta er álitið, hvort Reykjavíkur umdæmi ekki eigi rètt á, að þjóðvegir í umdæminu, að minnsta kosti þeir, er liggja fyrir utan hina eiginlegu kaupstaðarlóð, eins og hún var úthlutuð 1792, verði heimfærðir undir tèðrar tilskipunar 2. grein o. fl., þannig að þeir sèu gjörðir og

þeim viðhaldið af vegagjaldi suðuramtsins, að frá skildu Reykjavíkur umdæmi. 1863. 10. júlím.

Um þetta efni kunngjörir dómsmálastjórnin til eptirbreytni:

Um 1. spurn. að það sèst bæði af ákvörðunum ofangreindrar tilskipunar yfirhöfuð, og einkum af því, hvernig 16. grein hennar er orðuð, að ekki ber að heimfæra tilskipun þessa upp á Reykjavíkur kaupstað, og að bærinn því ekki getur verið skyldur að greiða vegabótagjald það, sem um er rætt í greininni, og

um 2. spurn. að þareð þannig ber að álíta, að tilskipunin eigi verði heimfærð til Reykjavíkur, þá er það vitaskuld, að bærinn verður einn að standast kostnaðinn við alla vegi, sem eru á lóð hans.

---

54. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi. 11. júlím.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er stjórnarráðinu bárust með brèfi yðar 16. maím. þ. á., hefir stjórnarráðið veitt þessum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi úr styrktarsjóði sínum þann fèstyrk, er nú skal greina:

Uppgjafapresti Sveinbirni Sveinbjarnarsyni á Staðarhrauni 40 rd.
— Guðlaugi Sveinbjarnarsyni í Hvammi . . 10 -
— Jóni Sigurðssyni á Söndum . . . . . 40 -
— Stefáni Hanssyni í Fljótshlíðarþingum . . 10 -
prestsekkju Guðrúnu Þorvaldsdóttur Stephensen í Görðum 10 -
— Helgu Jónsdóttur á Bjarnastöðum . . . . 20 -
— Ingibjörgu Pálsdóttur í Hjarðarholti . . . 10 -
— Steinunni Olafsdóttur á Auðkúlu . . . . . 20 -
— Guðrúnu Ingvarsdóttur á Gularási . . . . 15 -
— Kristínu Eiríksdóttur á Krossi . . . . . 10 -
— Oddnýju Ingvarsdóttur á Laugardalshólum 15 -

Þaraðauki hefir stjórnarráðið veitt Valgerði Johnsen, ógiptri dóttur Jóns heitins Johnsens aðjúnkts, 20 ríkisdala styrk úr hinum sama sjóði.

1863. 11. júlím. Um leið og þetta er yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr auglýsið það hlutaðeigendum, skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóðnum. Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir í hyggju að fá styrktarsjóð sinn aukinn svo með fjárlögunum fyrir næstkomanda fjárhagsár, að styrkurinn til uppgjafapresta og prestaekkna verði hækkaður frá 200 rdl. til 500 rdl., og fyrir þessa sök eruð þèr beðnir að senda stjórnarráðinu hið allrabráðasta, og ef unnt er með póstskipinu tilbaka, skýrslur þær um tölu uppgjafapresta og prestaekkna á Íslandi, og um tekjur þeirra, aldur, þörf, heimilishag m. m., sem þèr þegar voruð beðnir um í brèfi hèðan dags. 14. októberm. 1859.

---

11. júlím. **55. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út rit um „homöópathana" íslenzku.**

Í bænarskrá, er stjórnarráðið fekk með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar háæruverðugi herra, dags 10. febrúarmán. þ. á., hefir Hjaltalín, jústizráð og landlæknir, sótt um, að sèr annaðhvort verði veitt endurgjald fyrir þá 90 rdl., sem hann af eigin efnum hefir varið til að gefa út á prent tvo bæklinga um „homöópathana" íslenzku, eður að þeir 34 rdl., sem stiptsprentsmiðjan enn á hjá honum fyrir prentun rita þessara, verði honum upp gefnir, og hefir dómsmálastjórnin í þessu skyni veitt beiðandanum 50 ríkisdali.

Þetta er yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það Hjaltalín jústizráði, og skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóðnum, af því fè, sem er tilfært í fjárlögunum í 9. grein. VI. C.

---

56. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, útaf bænarskrá Ragnheiðar Ólafsdóttur yfirsetukonu um eptirlaun.

1863. 11. júlím.

Ragnheiður Ólafsdóttir yfirsetukona í Reykjavíkur kaupstað hefir í allraþegnsamlegastri bænarskrá, dagsettri 13. marzm. f. á., sótt um, annaðhvort að hún megi halda áfram að vera yfirsetukona með þeim 50 ríkisdala launum, er til þeirrar sýslunar eru lögð úr ríkissjóði, með því skilyrði að hún, þar sem hún sjálf sökum ellilasleika ekki getur gegnt köllun þessari, láti aðra yfirsetukonu gjöra það, er tekið hefir próf í yfirsetukvennafræði, eður að hún, ef hún eigi að sleppa stöðu sinni, fái áðurgreinda 50 rdl. sem eptirlaun. Eptir að stjórnarráðið hefir með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 16. aprílm. þ. á. fengið ýtarlegri skýrslur um Ragnheiði þessa Ólafsdóttur, þá skal yður nú kunngjört útaf bænarskrá hennar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á í því efni, að stjórnarráðið getur ekki fallizt á, að svo sè til hagað um þetta, sem hún fyrst og fremst hefir um sótt, og sem landlæknirinn, Hjaltalín jústizráð, í álitsskjali sínu 16. ágústm. f. á. hefir fastlega ráðið frá, og að hún ekki á heimting á neinum eptirlaunum úr ríkissjóði; í því efni skal það og tekið fram, að í ástæðunum fyrir konungsúrskurði 22. marzm. 1837, sem finnast í skýrslu kanselíisins, dagsettri s. d., viðvíkjandi því að veita lausn einum lögregluþjóni og yfirsetukonu í Reykjavík m. m., er með berum orðum tekið fram, að lögregluþjónar og yfirsetukonur í kaupstað þessum, sem stiptamtmaður skuli framvegis útnefna og veita lausn, ekki geti búizt við neinum eptirlaunum úr konungssjóði, heldur verði það að vera komið undir atvikum, hvort þeim kunni að verða veittur nokkur styrkur úr hlutaðeiganda bæjarsjóði.

1863. 11. júlím. **57. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um útsvar Guðrúnar Einarsdóttur í Reykjavík.**

Með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, dags. 10. desemberm. f. á., hafið þèr sent dómsmálastjórninni umkvörtun frá Skapta dannebrogsmanni Skaptasyni í Reykjavík yfir því, að bæjarstjórnin þar í kaupstaðnum hafi með úrskurði sínum 4. júlím. f. á., er amtið staðfesti 7. októberm. s. á., gjört ekkjunni Guðrúnu Einarsdóttur, tengdamóður hans, að greiða í útsvar til bæjarsjóðsins 1 rd. 48 skild. fyrir árið 1862, en hún sè til heimilis hjá honum og hafi afsalað honum allar eigur sínar.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr auglýsið það Skapta dannebrogsmanni Skaptasyni, að eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, þykir dómsmálastjórninni eigi vera ástæða til að breyta ofangreindum úrskurði bæjarstjórnarinnar, sem amtið hefir staðfest.

---

13. júlím. **58. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun handa hafnsögumönnum í Reykjavík.**

Með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, dags. 21. maím. þ. á., hefir stjórnarráðið meðtekið álitsskjal frá hafnarnefndinni í Reykjavík, sem beðið var um í brèfi hèðan d. 30. janúarm. þ. á., viðvíkjandi uppástungu nokkurri frá bæjarstjórninni í kaupstað þessum um, að verja skuli úr hafnarsjóði bæjarins allt að 100 eður 150 rd. á ári til þóknunar handa hafnsögumönnum í Reykjavík, þangaðtil búið sè að koma því skipulagi á um hafnsögu þar, að tillag þetta mætti hætta. Í þessu efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu hafnarnefndarinnar, en hún lýtur að því, að fyrst um sinn í 3 ár frá 1. janúarm. 1863 skuli greidd úr hafnarsjóði Reykjavíkur 100 ríkisdala þóknun á ári til þeirra tveggja hafnsögumanna, sem nú eru skipaðir í kaupstað þessum, eður 50 ríkisdalir til hvers þeirra.

---

59. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skuld til prentsmiðju Íslands fyrir prentun alþingistíðindanna. 1863. 13. júlím.

Í brèfi 21. maím. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, lýst því yfir, að þèr eigi getið fallizt á uppástungu Jóns Guðmundssonar, setts málaflutningsmanns við yfirrèttinn, er var forseti á alþingi árin 1859 og 1861, um þær 200 rdl. eptirstöðvar, sem prentsmiðja landsins enn á útistandandi fyrir prentun alþingistíðindanna hið fyr greinda árið, en sú uppástunga lýtur að því, að prentsmiðjan skuli gjöra sig ánægða með að fá helminginn af skuld sinni, eður 100 rdl. Um þetta efni skal yður kunngjört, að dómsmálastjórnin verður að yfirláta yður að neyta laga og rèttar á þann hátt, sem yður virðist þörf á, til að fá borgaða þá 200 ríkisdali, sem hèr er um rætt.

---

60. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Stefáns Thórarensens, sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu, um að hann sè einnig skipaður bæjarfógeti á Akureyri. 13. júlím.

Eptir þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 8. dag þ. m. allramildilegast að útnefna yður, herra sýslumaður, til einnig að vera bæjarfógeti í kaupstaðnum Akureyri, og að fallast á, að yður sè gjört að skyldu að gangast undir hverja þá breyting, sem í embættistíð yðar kynni verða á embættinu, einkum með tilliti til þess, ef seinna meir kynni þykja ástæða til að stofna sèrstakt bæjarfógetaembætti í kaupstaðnum Akureyri.

Um leið og yður er kunngjört þetta, skal þess getið, að veitingarbrèf yðar, sem þèr eptir úrskurði konungs fáið ókeypis, verður sent amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, til þess að hann komi því til yðar; en með brèfi þessu fylgir eyðublað fyrir embættiseið, sem þèr eruð beðnir að útfylla og undirskrifa og senda síðan hingað. Veitingarbrèf yðar ber yður að þinglesa á vanalegan hátt, þegar þèr eruð búnir að fá það

1863. 13. júlím. frá amtmanni, og senda síðan dómsmálastjórninni skýrteini um þinglesturinn.

---

13. júlím. **61. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um útborgun styrks þess, sem veittur er yfirsetukonum.**

Þareð það er erviðleikum bundið fyrir yfirsetukonur í Eyjafjarðarsýslu að fá í tækan tíma útborgaðan úr jarðabókarsjóði Íslands styrk þann, sem þeim er veittur í fjárlögunum á ári hverju, þá hefir sýslumaðurinn í greindri sýslu farið þess á leit, að hlutazt verði til um, að landfógetinn borgi honum styrk þenna og skuli hann kvitta fyrir.

Með því nú ekkert er þessu til fyrirstöðu frá stjórnarráðsins hálfu, skorar það á yður, herra stiptamtmaður, að segja landfógetanum á Íslandi svo fyrir, sem með þarf, í þessu efni.

---

13. júlím. **62. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um laun lögregluþjóna í Reykjavík m. m.**

Eptir tilhlutun dómsmálastjórnarinnar hafið þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi 21. maím. þ. á. sagt álit yðar um skjal nokkurt, er sent hafði verið beina leið til dómsmálastjórnarinnar; í því skjali hafa þeir Árni Gíslason og Alexius Árnason, lögregluþjónar í Reykjavíkur kaupstað, kvartað yfir því, að Steenberg, fimleikskennari við hinn lærða skóla, hafi enn á hendi störf yfirrèttarþjónsins og fangavarðarins þar, og fái laun þau og hlunnindi, er þeim störfum fylgja, þrátt fyrir það þó hann fyrir löngu sè hættur að vera lögregluþjónn, og greind störf eigi að vera sameinuð lögregluþjónsstörfunum; svo hafa þeir og sótt um að fá árlega viðbót við laun sín; einnig hefir Alexius Árnason borið sig upp yfir því, að hann ekki hafi fengið neitt svar upp á brèf, er hann áður hafði ritað stjórnarráðinu, um að fá launaviðbót eptir kornverði.

Um þetta efni skal yður nú kunngjört, að hin síðast nefnda umkvörtunin verður að álítast að vera ástæðulaus, þarsem hlutað-

eigandi, eptir því sem þèr, herra stiptamtmaður, hafið skýrt frá, hafði þegar um nokkurn tíma fengið launaviðbót þá eptir kornverði, sem hann sótti um, áður en hann bar upp umkvörtun þessa, en eptir efni úrskurðar þess, er stjórnarráðið kvað upp um þetta atriði, var ekki ástæða til að láta beinlínis birta honum úrskurðinn; á sama hátt virðist og hin fyrst talda umkvörtunin nú verða að vera burt fallin, eptir að búið er að skipta niður störfum þeim, er Steenberg hafði á hendi, og launanum og hlunnindunum, er þeim voru samfara, á þann hátt, sem gjör er frá skýrt í álitsskjali yðar, en þá ráðstöfun, er þèr þannig hafið gjört, samþykkir stjórnarráðið vegna þess, að hún aðeins er bráðabirgðarráðstöfun. Loksins er það að segja viðvíkjandi ósk beiðendanna um að fá árlega viðbót við laun sín, að eigi má við því búast, að slík viðbót verði veitt úr ríkissjóðnum, og ef því nauðsyn þykir til bera að hækka launin, einkum laun tveggja elztu lögregluþjónanna, þá er ekki annað fyrir, eins og þèr hafið á vikið, en að snúa sèr í því efni til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, og verður stjórnarráðið að fela yður, herra stiptamtmaður, að gjöra það, sem þörf er á í því tilliti. 1863. 13. júlím.

---

63. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um hegning Gísla Jónssonar á Saurum. 13. júlím.

Eptir að stjórnarráðið hefir meðtekið brèf yðar, herra amtmaður, dags. 1. f. m., um það, hvort Gísli bóndi Jónsson á Saurum, — sem með hæstarèttardómi 23. júnímán. 1859 var dæmdur til að þola 15 vandarhagga refsing, en þeirri hegning var með konungsúrskurði 26. júlímán. 1861 breytt í þrisvar sinnum 5 daga vatns og brauðs fangelsi, og hafði hann í haust eð var byrjað að þola hegning þessa, — nú sè fær til að þola það, sem eptir er af hegningunni, skal nú skorað á yður að hlutast til um, að Gísli Jónsson tafarlaust verði látinn afplána það af hegningunni, sem hann átti eptir, svo framarlega sem heilsufar hans ekki er því til tálmunar.

1863. 23. júlím. **64. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til sýslumannsins á Vestmannaeyjum, um flutning á líki.**

H. Bohn urtasali hefir sótt um leyfi til þess, að grafa megi upp líkkistu bróður síns, Carl Henning Bohns faktors, er andaðist á Vestmannaeyjum í janúarmánuði þ. á. og jarðaður var þar í kirkjugarðinum, og flytja síðan líkið hingað í sínkkistu, er lokið sè lóðað yfir.

Um þetta skal yður, herra sýslumaður, kunngjört, til þess þèr hagið yður þar eptir og gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að stjórnarráðið ekki álítur, að neitt sè því til fyrirstöðu, að leyfi þetta sè veitt hlutaðeiganda; þó ber yfirvaldinu að hafa eptirlit með því, þegar líkið er grafið upp og flutt burt; skal og við hafa tilhlýðilegar varúðarreglur, og ber þess einnig að gæta, að sóknarpresturinn riti um þetta athugasemd í kirkjubókina.

---

17. ágústm. **65. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skil fyrir sýslugjöldum og um sýslureikninga.**

Eptir að dómsmálastjórnin hafði skrifazt á við reikningastjórnardeild konungsríkisins útaf brèfi amtsins, dagsettu 23. d. aprílm. þ. á., en í því brèfi hefir amtið leitazt við að sýna fram á, að sýslumönnum sè ómögulegt að breyta eptir því, sem fyrir er mælt í brèfi greindrar stjórnardeildar 28. febrúarm. þ. á. um, að reikningar þeirra eigi með fullum skilríkjum að vera komnir til amtsins fyrir 31. d. maímán. á ári hverju, þá hefir stjórnardeildin í álitsskjali sínu um málið, dags. 10. f. m., meðal annars tekið fram, að tekjum ríkissjóðsins, sem sýslumenn eigi að senda reikning fyrir innan þessa tíma, sè þannig varið, að í reikningum þessum eigi að gjöra skil fyrir erfðagjöldum, er fèllu árið á undan, fyrir kóngstíund þeirri, sem sett er um haustið árið þar á undan, og greiðast átti í fardögum næstliðins árs (þ. e. 6. júním.)[1], fyrir sýsluafgjöldun-

[1]) Þetta ber þannig að skilja, að konungstíund sú, sem sýslumenn

um, lögmannstolli og lögþingisskrifaralaunum, sem borgast áttu 31. júlím. árið á undan; að þegar hinn síðasti frestur, er reikningarnir eigi að vera komnir til amtmanns, eptir því, sem áður er sagt, sè látinn vera 31. dag maímánaðar, þá hafi sýslumenn 10 mánaða frest frá hinum síðasta gjalddaga, sem ofangreindum tekjum er ákveðinn, þangaðtil reikningar yfir þær eiga að vera komnir til amtmanns með skilríkjum fyrir, að þær hafi verið borgaðar í tækan tíma inn í ríkissjóðinn á lögskipaðan hátt; og að það þaraðauki sè vitaskuld, að ef kvittun landfógetans fyrir því, sem síðast er borgað, ekki geti fengizt áður en senda á reikninginn, beri að tilfæra þá upphæð í gjaldadálkinum í reikningnum, og skýra um leið frá, hvenær peningarnir hafi verið sendir, og að kvittun landfógetans skuli verða send á eptir undir eins og hún sè fengin; en hið síðasta af tekjunum beri ávallt að senda með fyrstu póstferð, sem fellur eptir 31. marzmán., og geti það ekki verið annað en það lítilræði, sem sýslumanni hefir verið borgað síðan næsta póstferð fèll fyrir 31. marzmán. 1863. 17. ágústm.

Þetta kunngjörir stjórnarráðið yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar.

---

66. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um framfærsluhrepp Jóhannesar og Stefáns, Stefánssona. 1. septbrm.

Með brèfi dagsettu 4. marzm. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað brèf nokkurt með fylgiskjölum; í því fer hreppstjórinn á Fellströnd í Dala sýslu, H. Jónsson, fram á, að gjörð verði breyting á úrskurði þeim, er þèr 2. dag aprílm. f. á. kváðuð upp um, að Jóhannes og Stefán Stefánssynir, synir Kristbjargar Níelsdóttur, ættu að vera sveitlægir í Borgar hrepp

---

eiga að standa skil á, t. a. m. í reikningi fyrir árið frá 1. apríl 1863 til 31. marzm. 1864, og senda þann reikning til amtmanns fyrir 31. maím. 1864, er sú tíund, sem sett er eptir framtali bænda haustið 1862, og greidd sýslumönnum á manntalsþingum 1863. Útg.

1863. 1. septbrm. í Mýra sýslu, en þó svo, að Fellstrandar hreppur skyldi borga greindum hrepp helming þess fjár, sem lagt væri þeim til uppeldis og foreldrar þeirra eigi gætu af hendi látið.

Af skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, verður ráðið, að Kristbjörg Níelsdóttir var sveitlæg í fæðingarhrepp sínum, Fellstrandar hrepp, áður en hún seinna meir giptist Knúti Guðmundssyni, að Knútur maður hennar er sveitlægur í Borgar hrepp, og að þau voru gefin saman í hjónaband í bága við það, sem fyrir er skipað í tilsk. 30. aprílm. 1824, 3. gr., 10. tölul., með því óskilgetnum börnum Kristbjargar, þeim er áður er getið og hún hafði átt áður en hún giptist, hafði verið lagt af sveit þeim til uppeldis, og sá sveitarstyrkur eigi verið endurgoldinn, og eigi heldur verið fengið samþykki til hjónabandsins frá þeim hrepp, þarsem Knútur var sveitlægur, nè slíks samþykkis verið leitað.

Jafnvel þó hjónaband þetta þannig hafi verið stofnað mót lögum, verður dómsmálastjórnin í líking við það, sem ákveðið er um áþekkt málefni í brèfi stjórnarráðsins frá 28. febrúarm. f. á. til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, því er þèr til vitnið, eigi að síður að álíta, að ekki sè heimild í lögum til að skylda þá sveit, þar sem konan áður átti framfærslurètt, til að borga að hennar leyti tillag til mannsins framfærslusveitar, sem við hjónabandið einnig er orðin framfærsluhreppur konunnar og barna hennar; þess vegna getur einungis orðið umtalsmál að láta hinn síðarnefnda hreppinn leita skaðabóta hjá þeim, er þann hlut eiga að máli, að þeim verður um það kennt, að hjónabandið var stofnað móti lögum.

Þetta er yður hèrmeð kunngjört til eptirbreytni, og til þess að þèr gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á. 4 fylgiskjöl eru með brèfi þessu.

---

2. septbrm. **67. Brèf dómsmálastjórnarinnar til H. Krabbe, doctor medicinæ, um styrk til að ferðast á Íslandi til að rannsaka sullaveikina.**

Eptir því, sem þèr hafið um beðið í brèfi til dómsmála-

stjórnarinnar, dags. 18. júlím. þ. á., hefir stjórnarráðið veitt yður 200 ríkisdali í viðbót við þá 500 rdl., sem það með brèfi 30. aprílmán. þ. á. veitti yður, sem styrk til að ferðast á yfirstandanda ári til Íslands, til að rannsaka sullaveiki þá, er þar gengur. 1863. 2. septbrm.

Um leið og þetta er kunngjört yður skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða yður þessa 200 rdl. úr jarðabókarsjóðnum.

---

68. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um bænarskrá hèraðslæknis um húsaleigustyrk. 2. septbrm.

Útaf bænarskrá, er stjórnarráðið fekk með álitsskjali yðar, herra amtmaður, dagsettu 10. maím. þ. á., frá Jósep Skaptasyni, hèraðslækni í vesturhèraði norður- og austurumdæmisins, um að honum verði veittur árlegur húsaleigustyrkur, svo sem jafngildi jarða þeirra, sem hinum tveim hèraðslæknunum í amtinu eru fengnar til afnota, skal yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það hlutaðeiganda, að dómsmálastjórnin eigi sèr sèr fært að útvega honum húsaleigustyrk þann, er hann sækir um að fá.

---

69. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um hvort gufu-póstskipið skuli greiða hafnartoll, vatnstoll og hafnsögugjald í Reykjavík. 5. septbrm.

Eptir að stjórnarráðið með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 17. júním. þ. á., hafði meðtekið álitsskjal bæjarfógetans og bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um það, hvort gufupóstskipið Arcturus eigi að svara hafnartolli, vatnstolli og hinu fyrirskipaða gjaldi til hafnsögusjóðsins þar í kaupstaðnum, hefir stjórnarráðið í dag ritað þeim Koch og Henderson, útgjörðarmönnum gufuskipsins, að skip þetta geti um eptirkomandi tíma ekki orðið undanþegið álögum þessum.

1863. 5. septbrm. Um leið og þetta er hèrmeð kunngjört yður, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það hlutaðeigendum, skal því við bætt, að eptir fararsamningi þeim, sem áður hefir verið gjörður við útgjörðarmennina, og bráðabirgðarákvörðun þeirri, sem í þessu tilliti var gjörð í brèfi dómsmálastjórnarinnar 13. dag febr. þ. á., þá getur ekki orðið umtalsmál um neina uppbót til sjóða þeirra í Reykjavík, sem ættu að fá tekjur þær, sem hèr er um rætt, fyrir það, sem þeir hafa í misst fyrir þá sök, að gufuskipið að undanförnu hefir verið undanþegið álögum þessum.

---

5. septbrm. **70. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um uppgjöf á láni, er varið hafði verið til að koma upp þinghúsi og fangahúsi á Vestmannaeyjum.**

Með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 19. júnímán. þ. á. hefir dómsmálastjórnin meðtekið bænarskrá frá fátækrastjórunum á Vestmannaeyjum, ásamt álitsskjali hlutaðeiganda sýslumanns, um að leyft verði, að ekki sè aptur borgað 601 rd. 37 sk., sem eptir brèfi stjórnarráðsins 16. febrúarm. 1859 var veitt Vestmannaeyja sveitarfèlagi að láni til að koma upp þinghúsi og fangahúsi, og tekið af fè því, sem fátækrasjóðurinn þar átti innistandandi í jarðabókarsjóði Íslands; átti að borga lán þetta aptur á fjögra ára fresti, en allt til þessa hafa menn ekki sèð ráð til að borga neitt af skuldinni.

Í þessu efni skal yður nú kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr hlutist til um það, er með þarf, að af þeim ástæðum, sem til eru færðar í bænarskránni, og með tilliti til þess, sem þèr, herra stiptamtmaður, og Bjarni sýslumaður Magnússon hafið tekið fram, þá er frá stjórnarráðsins hálfu ekkert því til fyrirstöðu, að hlutaðeigendum sè veitt bæn þeirra.

---

71. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um hjónaskilnað að borði og sæng.** 1863. 8. septbrm.

Eptir að dómsmálastjórnin nú er búin að fá aptur með álitsskjali yðar, herra amtmaður, dagsettu 3. júnímán. þ. á., bænarskrá Helgu Jóhönnu Magnúsdóttur, um að henni verði veitt leyfi til að skilja að borði og sæng við mann sinn, Jens Kristján Arngrímsson, járnsmið, skal yður hèrmeð kunngjört, að stjórnarráðið verður að fela amtinu á hendur að veita henni leyfisbrèf til skilnaðar þessa, á þann hátt, að hlutaðeigandi skiptarèttur skipti félagsbúi þeirra hjóna, ef þau ekki sjálf geta komið sèr saman um skipti á því.

---

72. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa Einari Hannessyni, fyrrum hreppstjóra og spítalaforstjóra.** 9. septbrm.

Útaf bænarskrá, er þèr, herra stiptamtmaður, senduð dómsmálastjórninni með brèfi 24. marzm. þ. á., hefir stjórnarráðið veitt Einari Hannessyni úr Árnessýslu, fyrrum hreppstjóra og spítalaforstjóra, 20 ríkisdala styrk, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóðnum.

Þetta er yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr kunngjörið það hlutaðeiganda.

---

73. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun handa Jóni Danielssyni á Fallandastöðum fyrir að afgreiða póst í Hrútafirði.** 9. septbrm.

Með brèfi yðar, herra amtmaður, 5. maím. þ. á. fèkk stjórnarráðið bænarskrá frá Jóni Daníelssyni á Fallandastöðum í Húnavatns sýslu, um að honum verði veitt árleg þóknun fyrir það, að hann afgreiðir póstinn í Hrútafirði, í líking við þá þóknun, er veitt hefir verið öðrum, er afgreiða pósta. Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess

1863. 9. septbrm. þèr birtið það beiðanda, að dómsmálastjórnin eptir atvikum málsins fellst á, að honum sè veitt 5 rd. þóknun á ári fyrir greindan starfa sinn, og skuli það talið frá 1. degi janúarmán. þ. á. Því skal við bætt, að landfógeta á Íslandi hefir í dag verið ritað um að greiða fè þetta þegar þèr æskið þess.

---

10. septbrm. **74. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um arf Jóns bókbindara Jóhannessonar.**

Í brèfi 18. septembermán. f. á. lètuð þèr, herra amtmaður, í ljósi grun um, að Jón bókbindari Jóhannesson, sem þar er um rætt, muni hafa gjört sig sekan í þjófnaði í norður- og austurumdæminu á Íslandi, og síðan hafa flúið af landi burt til að komast hjá hegning laganna, en þetta verður að yðar áliti að vera til tálmunar því, að honum, svo sem hann hafði um beðið, verði útborgaður arfur, er honum hafði hlotnazt eptir móður sína og bróður látin, en sá arfur er að upphæð 106 rd. 20 sk., og stendur inni í jarðabókarsjóðnum. Fyrir því ritaði dómsmálastjórnin amtmanninum í norður- og austurumdæminu um málefni þetta, en hann hefir skýrt frá, að hann hafi ekki orðið þess vísari, að Jón þessi Jóhannesson hafi verið ákærður þar í umdæminu, en þarámóti hafi hann við eptirgrennslun frètt, að eptir að Jón á ýmsum stöðum í Eyjafjarðar sýslu hafi verið búinn að fá fèlán, er innan skamms tíma hafi átt að borgazt aptur, hafi hann á laun farið burt af Íslandi.

En með því það, sem þannig er bert orðið um Jón Jóhannesson, ekki veitir hinu opinbera heimild til að tálma því á nokkurn hátt, að honum verði útborgaður greindur arfur hans, þá hefir stjórnarráðið hlutazt til um, að fèð verði greitt úr aðalfèhirzlu ríkisins hèr í bænum og sent hinum konunglega kaupræðismanni í Kristjaníu, til þess hann síðan komi því til skila til hlutaðeiganda.

---

75. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um frest með borgun fyrir korn. 1863. 10. septbrm.

Í brèfi 10. aprílmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá, að sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu hafi sent yður þrjár bænarskrár frá þrem hreppum þar í sýslunni: Staðarsveit, Nes-hrepp innan Ennis og Nes-hrepp utan Ennis, um að þeim annaðhvort verði öldungis upp gefin skuld sú, sem þeir standa í fyrir nokkuð af rúgi, er þeir fyrrum höfðu fengið af lánskorninu, sem svo er kallað, eður að minnsta kosti borgunarfresturinn verði lengdur; hafið þèr og skýrt frá, að þèr hafið ritað sýslumanni, að þèr ekki gætuð veitt hreppum þessum lengri frest með borgun þess parts af skuldinni og þeirra vaxta af henni, sem greiðast átti í fyrra haust, en til loka nóvembermán. þ. á.

Um þetta efni skal yður hèrmeð kunngjört, til þess þèr hagið yður þareptir, að stjórnarráðið fellst á úrskurð þann, er þèr hafið lagt á bænarskrár þessar, og skorar jafnframt á yður að senda hingað á síðan skýrslu um, hvort hreppar þessir á þeim tíma, sem nú var greint, hafi borgað þenna áfallna hluta skuldar sinnar ásamt því, sem þá á enn fremur að borga af skuldinni sjálfri og í vöxtu af henni.

---

76. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um framfærsluhrepp Friðriks Friðrikssonar og fráskilinnar konu hans og barna hennar. 11. septbrm.

Í skjali nokkru, er hingað kom með brèfi yðar, herra amtmaður, 30. marzm. þ. á., hefir Páll Guðmundsson, hreppstjóri í Reykhóla hrepp í Barðastrandarsýslu, farið þess á leit, að dómsmálastjórnin breyti úrskurði, er þèr kváðuð upp 8. d. ágústm. 1861, en eptir honum eiga þau Friðrik Friðriksson og fráskilin kona hans Kristín Jónsdóttir og börn hennar sveitarframfærslu í áðurgreindum hrepp, ef þau verða þurfandi sveitarstyrks, og

1863. skal hreppur þessi þaraðauki skyldur að endurgjalda Árnes
11. septbrm. hreppi og Hrófbergs hreppi í Strandasýslu það, sem til telst að greitt hafi verið úr sveitarsjóðum þessara hreppa sem bráðabirgðarstyrkur til uppeldis Friðrik Friðrikssyni og hyski hans.

En með því dómsmálastjórnin, eptir öllum þeim skýrslum, sem fram eru komnar um málefni þetta, í öllum aðalatriðunum verður að fallast á þær ástæður, sem úrskurður yðar er byggður á, þá skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það, að úrskurður þessi skal óraskaður standa.

---

18. septbrm. **77. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að setja Þorvald Jónsson, kandídat í læknisfræði, fyrir hèraðslækni í hinu nyrðra læknishèraði vesturumdæmisins.**

Með brèfi 25. f. m. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent dómsmálastjórninni skjal nokkurt frá Jóni jústizráði Hjaltalín, landlækni á Íslandi; er í því beðið um, að Þorvaldur Jónsson, einn af læknisefnum þeim, er nema hjá honum læknisfræði, og ætlar í yfirstandanda mánuði að ganga undir próf það, er fyrirskipað er með konungsúrskurði 29. ágústm. f. á., verði settur hèraðslæknir í nyrðra læknishèraði vesturumdæmisins, og fái full laun og önnur hlunnindi, þau er embættinu fylgja; hafið þèr, herra stiptamtmaður, getið þess, að eptir því, sem yfirmaðurinn yfir frakknesku herskipunum við Ísland og foringinn fyrir hinu danska herskipi St. Thomas, hafi skýrt yður frá, sèu íbúar hèraðs þessa án allrar læknishjálpar þegar sjúkdómar koma uppá, með því lækninum í syðra læknishèraði vesturumdæmisins sè með öllu ómögulegt að láta í tè nokkra hjálp nema einstökusinnum syðst í hèraðinu; hafið þèr því mælt fram með bænarskránni, en jafnframt því tekið fram, að Þorvaldur verði að hafa staðizt próf það, sem að ofan er nefnt, áður en tekið verði í mál að setja hann í embættið.

Í þessu efni skal yður kunngjört, að af þeim ástæðum,

sem þèr hafið tilgreint og með tilliti til þess, sem dómsmála- 1863.
stjórninni á annan hátt er kunnugt orðið um skort þann, sem 18. septbrm.
er á læknishjálp í hinu nyrðra læknishèraði vesturumdæmisins, felur stjórnarráðið yður hèrmeð á hendur að setja tèðan Þorvald Jónsson fyrir hèraðslækni í læknishèraði þessu, jafnskjótt og hann hefir lokið prófinu í læknisfræði, með þeim kjörum, að hann frá þeim degi, er hann tekur við embættinu, fái full embættislaun, ásamt launaviðbót þeirri, sem ákveðin er í lögum 19. janúarmán. þ. á., og launaviðbót eptir kornverði, svo og húsaleigustyrk þann, er embættinu fylgir.

Því skal enn við bætt, að dómsmálastjórnin hefir í dag skýrt amtmanninum í Vesturumdæminu frá þessu, en stjórnarráðið vonast eptir að fá frá yður skýrslu um, hvað gjört verður í þessu efni.

---

78. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárkláðamálið á alþingi. 18. septbrm.

Í 43. blaði „Þjóðólfs", er út kom í Reykjavík 25. f. m. og dómsmálastjórninni hefir borizt í hendur, segir, að alþingi Íslendinga hafi á fundi þess, sem nýlega er afstaðinn, til svars upp á nokkrar bænarskrár úr Kjósar- og Gullbringusýslu, gefið út prentað umburðarbrèf til íbúanna í sveitunum, þar sem fjárkláðinn er; hefir stjórnarráðinu undir hendinni verið sent eitt af brèfum þessum, og skýrir alþingi þar frá, að það hafi í öllum aðalatriðunum fallizt á frumvarp það, er stjórnin lagði fyrir þingið, um eptirlit lögreglustjórnarinnar m. m. með fjárkláða og öðrum næmum fjárveikindum á Íslandi, og laut að því, að útrýma skyldi fjárkláðanum einungis með lækningum, og lætur jafnframt í ljósi þá von sína, að takast muni með lagaboði þessu að útrýma algjörlega sýki þeirri, sem hèr er um rætt; en þrátt fyrir þetta skorar þingið innilega á íbúana í sveitum þeim, sem hlut eiga að máli, að íhuga vandlega, hvort ekki mundi vera hagfelldara og kostnaðarminna að gjöra samkomulag um að skera niður allt fè í þessum sveitum nú í

1863. 18. septbrm. haust, heldur en að bíða eptir því, að beitt verði hinu fyrirhugaða lagaboði, og fullyrðir um leið, að nokkrir af alþingismönnum hafi heitið því, að bændur í sjúku og grunuðu hèruðunum skyldu úr þeirra kjördæmum fá fyrir sanngjarnt verð eins margt fè og þeir þyrftu, jafnskjótt og þeir förguðu öllu fè sínu í tækan tíma með niðurskurði.

En það er auðsætt, að slík aðferð frá þingsins hálfu lægi fyrir utan stöðu þess og verkahring, og hlaut hún því fremur að vekja furðu, sem hún yrði beinlínis að koma í bága við það, að alþingi aðhylltist í öllu verulegu fyrgreint lagafrumvarp stjórnarinnar, sem fer í gagnstæða átt við það, sem þingið kvað hafa ráðið mönnum til í umburðarbrèfi því, sem „Þjóðólfur" segir, að út hafi komið frá þinginu; og þareð það eptir stjórnarráðsins áliti bersýnilega mundi hafa hinar skaðlegustu afleiðingar fyrir sveitir þær, sem hlut eiga að máli, ef svo væri að farið, sem hèr er um rætt, og skorið að nauðsynjalausu niður allt sauðfè í Kjósar- og Gullbringusýslu og nokkrum hluta Borgarfjarðar sýslu, er íbúar hèraða þessara mundu með því móti verða fyrir þeim hnekki á aðalatvinnuvegi þeirra, að þeir mundu eigi um langan tíma bíða þess bætur, þá hefir dómsmálastjórnin álitið skyldu sína að ráða mjög fastlega frá þessu skaðvænlega og óþarfa tiltæki.

Ef svo er, að slíkt umburðarbrèf, sem nú var greint, sè út gengið frá alþingi, eruð þèr, herra stiptamtmaður, beðnir, að segja hlutaðeigandi embættismönnum fyrir svo sem þörf er á, samkvæmt því, sem að framan er tekið fram, svo og að birta almenningi efni brèfs þessa.

---

30. septbrm. **79. Brèf dómsmálastjórnarinnar til allra sýslumanna á Íslandi og til bæjarfógetanna í Reykjavík og á Akureyri, um verzlunarskýrslur.**

Það er í ýmsu tilliti áríðandi, að til sèu nákvæmar og áreiðanlegar skýrslur um verzlunina á Íslandi, en verzlunarskýrslum þeim, sem að undanförnu hafa tilbúnar verið sam-

kvæmt rentukammerbrèfi 9. maí 1840[1], hefir verið mjög svo ábótavant einkum að því leyti, að þær, auk þess að þær bersýnilega eru ónákvæmar, hafa haft þann galla, að vörumegn ýmsra vörutegunda hefir verið til greint á þann hátt, að ekki hefir verið unnt að sjá, hversu mikið hafi í raun rèttri verið flutt inn í landið eður út úr því af þeim vörutegundum. Til að reyna að bæta úr þessu hefir því dómsmálastjórnin látið búa til ný eyðublöð fyrir skýrslur um innfluttar og útfluttar vörur. 1863. 30. septbrm.

Um leið og yður hèrmeð eru send nokkur exemplör af eyðublöðum þessum, skal skorað á yður að fá eitt þeirra í hendur skipstjóranum á sèrhverju því skipi, sem kemur á nokkra höfn í lögsagnarumdæmi yðar og nokkur farmur er fluttur úr eður í, undir eins og skipið kemur þangað, og bjóða honum að útfylla það nákvæmlega, og riti hann síðan nafn sitt undir eður og sá, sem vörurnar hefir sent eður við þeim tekur. Áður skipstjóri fer burt af höfninni, á hann að skila yður aptur eyðublaðinu, og eigið þèr síðan á ári hverju, þegar siglingum hættir (hið fyrsta skipti fyrir árið 1864), að senda beina leið til stjórnarráðsins allar þær vöruskrár, sem þèr hafið tekið við, en gefa jafnframt hlutaðeiganda amtmanni vitneskju um það.

Enn fremur má þykja áríðandi, að til sèu fullkomnar skýrslur um siglingar til Íslands, og skorar þessvegna dómsmálastjórnin á yður, að semja framvegis á ári hverju og senda hingað skýrslu um þau skip, er koma á sèrhvern verzlunarstað í lögsagnarumdæmi yðar, og laga hana eptir meðfylgjandi skýrsluformi[2],

[1]) Konúngsúrsk. 1. april 1840 í Lagasafn. handa Íslandi.

[2]) Skýrsluform þetta er þannig lagað:

Skýrsla

um þau skip, sem komið hafa til ... verzlunarstaðar og þaðan farið árið 18.

Mánaðar dagur.	Nafn skipsins	Stærð skipsins í dönsk um lestum.	Skipstjóri	Útgjörðar-maður skipsins	Hvaðan skipið kom.	Hvert skipið fór	Athugasemdir.

1863. 30. septbrm. en þess ber að gæta, að í þeirri skýrslu á að tilgreina öll skip, hvort sem þau eru fermd og affermd eður ekki.

---

2. októberm. **80. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um sölu á frakknesku fiskiskipi í Suðurmúlasýslu.**

Foringi hinnar frakknesku herflotadeildar, sem er við Ísland, Robin du Parc, hafði í brèfi til stiptamtmannsins þar borið sig upp yfir því, að hinn setti sýslumaður í Suðurmúlasýslu, Björn umboðsmaður Skúlason, í maímánuði í fyrra hefði selt, með þeim hlutum, er þar til heyrðu, frakkneskt fiskiskip, l'Eugene frá Dunkerque, er hafði strandað nálægt Nesi í Norðfirði 19. dag s. m., og segir í umkvörtuninni, að sala þessi hafi farið fram þrátt fyrir skýlaus mótmæli skipstjórans. Eins og þegar er frá skýrt í brèfi dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar 12. d. septembermán. f. á., var hlutaðeiganda amtmanni sama dag boðið að láta halda rèttarpróf, til að fá vissu um, hvernig á máli þessu stæði. Eptir að stjórnarráðið nú hefir meðtekið eptirrit af rèttarprófi því, sem samkvæmt þessu var haldið við lögreglurètt Suðurmúlasýslu og byrjað var 4. marzmán. þ. á. en lokið 27. dag s. m., skýrir dómsmálastjórnin frá málinu á þessa leið:

Í umkvörtunarbrèfi því, sem að ofan er getið, segir, að formaðurinn á skipi því, er strandaði, hafi fyrir milligöngu hafnsögumannsins þar á staðnum beðið prestinn þar að skýra sýslumanninum frá, að hann óskaði að fá hús til að geyma í vistir m. m.; að sýslumaðurinn nokkrum dögum síðar þrátt fyrir mótmæli skipstjórans hafi látið selja skipið með þeim hlutum, er til þess heyrðu, og hafi hótað skipstjóra hörðu ef hann eigi lèti af mótþróa sínum móti sölunni, og að presturinn því líklega í ábataskyni hafi rangfært tilmæli skipstjóra til hans. En eptir rèttarprófunum verður að álíta, að skipstjórinn í raun og veru hafi beðið prestinn að skora skriflega á sýslumann að koma á skipbrotsstaðinn til að selja skipið, eður að minnsta kosti hafi

presturinn og tveir aðrir Íslendingar skilið á þá leið tilmæli skipstjórans við prestinn, þá er skipstjórinn og stýrimaðurinn áttu tal við þá eptir að skipið var brotnað; að síðar hafi að vísu skipstjórinn mælt á móti sölunni, þegar samkvæmt þessu var búið að ákveða uppboðsþing og uppboðið átti að byrja, og hafi þá sýslumaður eigi viljað hætta uppboðinu, sem einusinni var búið að biðja um, eptir að fram hafði farið skoðunargjörð yfir skipinu og hafi þá verið álit manna, að ekki yrði við það gjört, en að hvorki sýslumaðurinn nè nokkur annar Íslendingur hafi við haft nein hótunarorð. 1863. 2. októberm.

Í sambandi við það, sem nú hefir verið frá skýrt, getur ekki stjórnarráðið hjá því komizt að benda á aðfarir Le Griel's herskipsforingja, er rèði fyrir á frakkneska herskipinu l'Expédite. Áður en dómsmálastjórnin fekk eptirrit af rèttarprófum þeim, sem að ofan er um getið, að fram hafi farið eptir fyrirskipun hennar, hafði hlutaðeigandi amtmaður sent henni umkvörtun frá Birni Skúlasyni, er var í sýslumanns stað, yfir því, að nokkru eptir að búið var að selja við uppboð hið frakkneska fiskiskip, er nú var getið, með þeim hlutum, er til þess heyrðu, hafi þessi frakkneski herskipsforingi látið taka og flytja út á skip sitt meiri hlutann af því, er selt hafi verið; fer hann þess þar á leit, að kaupendur þeir, er hafi orðið fyrir þessum órètti, fái bættan skaða þann, er þeir þannig hafi beðið, og að skipstjórinn verði látinn sæta ansvari fyrir gjörræði sitt; með umkvörtunarbrèfi þessu var eptirrit af rèttarprófi, er fram fór 30. ágústmán. f. á. við lögreglurètt Suðurmúlasýslu, til upplýsingar um burtflutning hluta þessara. Af prófinu má sjá, að skipshöfnin á herskipinu frakkneska ekki að eins hefir tekið það af hinum seldu munum, sem lá á sjávarströndinni, eins og herra Robin du Parc hefir kannazt við í kæruskjali sínu, heldur jafnvel farið inn í hús og tekið burt þaðan það, sem þar fannst af slíkum munum, og að þetta hefir gjört verið áður en þeir tveir menn, sem hinn frakkneski herskipsforingi hafði sent til sýslumannsins með brèf, til að fá skýrslu um, hvernig á sölunni hefði staðið, voru komnir aptur með svarið. Að vísu hefir herskipsforinginn viljað rèttlæta þetta með því, að hann ekki hafi getað kannazt við, að

1863. 2. októberm. salan væri gild; en þó gjört sè ráð fyrir, að sýslumaður hafi farið rangt að, er hann lèt uppboðið fram fara þrátt fyrir mótmæli þau, er gjörð voru móti því, þá verður eigi að síður að álíta aðferð þessa með öllu ótilhlýðilega.

Um leið og dómsmálastjórnin að öðru leyti skýrskotar til skjala málsins, sem öll fylgja hèr með, viðvíkjandi hinum sèrstaklegu atriðum í þessu efni, og getur þess, að uppboðsverðið fyrir þá af hinum seldu munum, sem ekki voru aptur burtfluttir, og skilareikningur um skipbrot þetta skal verða sent á eptir jafnskjótt og það hingað kemur, verður stjórnarráðið að biðja utanríkisstjórnina um að hlutast svo til, að skýrslur þær, sem fram eru komnar í máli þessu, verði kunnar stjórninni á Frakklandi, til þess að framvegis verði reistar skorður við slíkri aðferð, sem Le Griel, herskipsforingi, hèr hefir haft í frammi.

---

13. októberm. **81. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um linun í afgjaldi af konungsjörðum á vesturlandi.**

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá brèf yðar, herra amtmaður, 29. maímán. þ. á., bar hún upp fyrir konungi málefni það, sem þar er um rætt, og hefir hans hátign 5. dag þ. m. allramildilegast fallizt á þær tillögur stjórnarráðsins, að leiguliðum á þjóðjörðunum í vesturumdæminu á Íslandi enn í 4 ár, er talin sèu frá fardögum árið 1861, veitist sú hin sama linun í landskuldargjaldi af ábúðarjörðum sínum, sem þeir hafa verið aðnjótandi nú á síðari árum, en það er á þann hátt, að þeir greiði $^5/_6$ landskuldarinnar eptir fornu verðlagi en $^1/_6$ í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá á ári hverju; þó skal bjóða umboðsmönnunum að hækka landskuldina við ábúandaskipti eptir nákvæmari ákvörðun amtmanns í hvert skipti, þegar slíkt þykir fært eptir ásigkomulagi jarðarinnar og öðrum atvikum.

Þetta er yður hèrmeð kunngjört, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það, svo sem þörf er á.

---

82. Brèf dómsmálastjórnarinnar til þeirra Kochs og Hendersons, útgjörðarmanna gufuskipsins, um fèlán til að kaupa fyrir skip. 1863. 20. októberm.

Útaf því, að þèr í bænarskrá, dagsettri 20. dag júlím. þ. á., sækið um, að fá að láni úr ríkissjóðnum 90,000 rdl. til styrks til að útvega yður nýtt gufuskip og stærra til póstferðanna milli Danmerkur og hinna norðlægu hjálenda, þá skal yður hèrmeð kunngjört, eptir að skrifazt hefir verið á um málið við fjárstjórnina, að dómsmálastjórnin ekki sèr veg til að útvega yður lán þetta.

---

83. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um gjald fyrir geymslufè, er greitt var inn í jarðabókarsjóðinn. 20. októberm.

Með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 22. ágústm. þ. á., hefir dómsmálastjórnin meðtekið aptur brèf Thorsteinsons landfógeta; í því brèfi skýrir hann frá, að þèr hafið skorazt undan að greiða gjald það, sem ákveðið er í konungsúrskurði 8. d. maím. 1839, fyrir 5000 ríkisdali af fè Kaldaðarnesspítala, er þèr höfðuð borgað inn í jarðabókarsjóð Íslands 25. d. júním. þ. á. svo, að það skyldi bíða ráðstöfunar frá yðar hálfu; skýtur hann því þessvegna til úrskurðar stjórnarráðsins, hvort sèr ekki beri $^1/_2$ af hundraði í geymslueyri fyrir fè þetta og jarðabókarsjóðnum $^3/_4$ af hundraði, ef stiptsyfirvöldin hafi fengið áður greinda 5000 rdl. greidda úr aðalfèhirzlu ríkisins hèr í borginni; en ef þessu verði neitað, þá beiðist hann úrskurðar um, hvernig að skuli fara þegar svona stendur á, einkum um það, hvort í þessu efni eigi að gjöra undantekning frá reglunni í konungsúrskurðinum þegar er að gjöra um fè opinberra stofnana.

Útaf þessu kunngjörir dómsmálastjórnin yður, að bæði orðin í konungsúrskurðinum og tilgangur hans sýna, að ekki verður heimtað, að fè opinberra stofnana sè undanþegið, að

1863. 20. októberm. greiddur sè fyrir það sá geymslueyrir, sem þar er ákveðinn, þegar það er látið í jarðabókarsjóðinn, hvort sem fèð á að vera í sjóðnum þangað til önnur ráðstöfun er um það gjörð, eður það þegar á að borgast aptur út úr aðalfèhirzlu ríkisins; og hvað snertir fè það, sem hèr er um rætt, þá var í raun og veru svo til ætlazt, að það yrði borgað út úr aðalfèhirzlunni, (sbr. uppástungu yðar frá 24. júnímán. þ. á. og brèf dómsmálastjórnarinnar 13. ágústmán. s. á.), jafnvel þó skýrteini það, sem heimtað var og útgefið fyrir því, væri í sama formi og þau skýrteini, sem gefin eru fyrir fè, sem á að vera í jarðabókarsjóðnum þangaðtil því verði öðruvísi ráðstafað, og ber því samkvæmt greindum konungsúrskurði að greiða fyrir þessa 5000 rdl. einn af 100 (1 p. C.); fær jarðabókarsjóðurinn $\frac{3}{4}$ af því gjaldi en landfógetinn $\frac{1}{4}$.

Að endingu er ástæða til að geta þess eptir atvikum máls þessa, að stjórnarráðið vonast eptir, að þegar fè opinberra stofnana eður annað þesskonar fè framvegis verður borgað inn í jarðabókarsjóðinn og svo er til ætlazt, að sama upphæðin aptur verði út borguð úr aðalfèhirzlu ríkisins, þá verði ávallt heimtuð og útgefin þau skýrteini um að fèð hafi verið borgað í jarðabókarsjóðinn, sem vanalegt er við að hafa þegar svo er ástatt.

---

23. októberm. **84. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um umsjónarmannsstörf við hinn lærða skóla og um skipting á aðstoðarfè.**

Stjórnarráðið hafði 6. dag júlímán. þ. á. skorað á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að útvega álit skólameistara hins lærða skóla um það, hvernig haga skuli framvegis umsjóninni við skólann og þvínæst að koma fram með uppástungur um, hvernig skipta skuli þeim 1100 ríkisdölum, sem í fjárlögum þessa árs og síðari kafla í 2. gr. í lögum 19. janúarmán. þ. á. er veitt sem aðstoðarfè með þeim gjöldum Íslands, er snerta kirkju- og kennslustjórnina, og einkum hvernig skipta skuli þeim 370 rdl., sem með hinni síðar töldu laga-

ákvörðun var bætt við aðstoðarfé það, sem áður hafði veitt verið; hafið þér með brèfi 26. ágústmán. þ. á. sent stjórnarráðinu álit skólameistarans, og áskilur hann sèr í því að gjöra nákvæmari uppástungur um tilhögunina á umsjónarmannsstörfunum í álitsskjali því, sem hann á að semja um hinar aðrar umfangsmeiri breytingar, sem fyrirhugaðar eru við skólann; en þèr hafið tekið fram í brèfi yðar, að ef stofna skuli sèrstaklegt umsjónarmannsembætti við skólann, sem þèr þó eigi ætlið nauðsyn til bera, þá muni þeir 370 rdl., sem áður er getið, ekki einusinni nægja til launa handa umsjónarmanninum; en ef þar á móti eigi að fela umsjónarmannsstörfin á hendur annaðhvort einhverjum einum kennaranna við skólann, eður þeim öllum í sameining til skiptis, einsog verið hefir, þá sè mátulegt að launin sèu ákveðin til 150 ríkisdala, og hafið þèr jafnframt gjört nákvæmari uppástungur um, hvernig skipta ætti því, sem þá væri eptir af þessum 370 rdl., milli hinna annara sýslunarmanna við skólann. 1863. 23. októberm.

Um þetta efni kunngjörir nú stjórnarráðið yður, að það verður að vera á sama máli og þèr um, að ekki beri nauðsyn til að stofna sèrstaklegt umsjónarmannsembætti, heldur megi fela umsjónarmannsstörfin á hendur einhverjum af kennurunum við skólann fyrir hæfilega þóknun, er ekki ætti að fara fram úr 300 rdl. á ári; var þetta og álit stjórnarráðsins, þá er það skoraði á ríkisþingið að veita fè það, sem hèr er um rætt.

Stjórnarráðið veitir yður því, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, vald til, eptir að þèr eruð búnir að fá um það efni álit skólameistarans, að fela störf þessi á hendur þeim af kennurunum við skólann, sem þèr álítið bezt hæfan til að hafa þau á hendi og er fús að taka þau að sèr, með þeim kjörum, að hann fái fyrir það 300 rdl. þóknun á ári af ofangreindu aðstoðarfè; svo skal yður og á hendur falið, eptir að þèr einnig um það atriði hafið fengið álit skólameistarans, að skipta þeim 70 rdl., sem afgangs verða af aðstoðarfènu, milli söngkennarans og fimleikskennarans við skólann, þannig að viðbót sú, er þeir á þann hátt fá við laun sín, sè talin frá 1. degi aprílmán. þ. á., en þar á móti er það vitaskuld, að þeir 300 rdl.,

1863. 23. októberm. sem hèr eru ákveðnir fyrir umsjónarmannsstörfin, ekki eiga að reiknast fyrri en frá þeim tíma, þá er störf þessi, svo sem að ofan er sagt, verða falin á hendur einhverjum einum af kennurunum.

Þegar þar að kemur, vonast stjórnarráðið eptir að fá skýrslu um, hvað gjört verður í þessu efni.

---

27. októberm. **85. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun fyrir læknislyf handa stúdentum á prestaskólanum í Reykjavík.**

Í skjali nokkru, er þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, senduð stjórnarráðinu með brèfi yðar 19. dag júnímán. þ. á., hefir Randrúp lyfsali í Reykjavík farið þess á leit, að hið opinbera borgi sèr á sama hátt og að undanförnu tvo reikninga fyrir læknislyf, er stúdentar á prestaskólanum fengu hjá honum árin 1861 og 1862, en upphæð reikninganna var 3 rd. 85 sk. og 3 rd. 68 sk. Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það og gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að stjórnarráðið eptir atvikum málsins veitir samþykki sitt til, að Randrúp lyfsala sèu á vanalegan hátt ávísaðir úr jarðabókarsjóðnum 3 rd. 85 sk., sem borgun fyrir læknislyf þau, er hann lèt af hendi árið 1861; en þar sem stjórnarráðið þegar hefir lýst því yfir í brèfi sínu 9. septembermán. 1861, að engin heimild sè til að veita stúdentum á prestaskólanum læknislyf ókeypis, þá getur stjórnarráðið ekki leyft, að borgunin fyrir læknislyf þau, er stúdentar þessir fengu árið 1862, sè greidd úr ríkissjóðnum.

---

27. októberm. **86. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skyldu skólakennara til að vera í forstöðunefnd barnaskólans í Reykjavík.**

Með álitsskjali, dagsettu 22. ágústmán. þ. á., hafið þèr,

herra stiptamtmaður, sent aptur umkvörtunarskjal Jónasar Guð- 1863.
mundssonar, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, er í 27. októberm.
skjali þessu hafði borið sig upp yfir því, að hann hafi verið kosinn í forstöðunefnd barnaskólans í greindum kaupstað. Eptir að búið er að skrifast á um málefni þetta við kirkju- og kennslustjórnina, skal yður nú kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, að einsog stjórnarráðið ekki í því, sem hlutaðeigandi hefir tilgreint sínu máli til styrkingar, finnur neina ástæðu til að þiggja hann undan að takast á hendur starfa þenna, er hann var til kosinn, þannig verður stjórnarráðið og að fallast á skoðun þá, er þér látið í ljósi í álitsskjali yðar, að Jónas skólakennari Guðmundsson, hvernig sem ástatt var, hefði verið skyldur að ganga í nefndina, þangað til stjórnarráðið með úrskurði sínum gæti gjört út um, hvort undanfærsla hans væri á gildum rökum byggð eður eigi. — En þarsem það stendur í álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, að bæjarfulltrúarnir hafi kosið Jónas skólakennara Guðmundsson til gjaldkera við barnaskólann í Reykjavík og þessvegna einnig sjálfsagt til nefndarmanns í skólanefndinni, þá skal stjórnarráðið geta þess, að þetta fyrst og fremst ekki er í samhljóðan við það, sem fram er komið í málinu, og þvínæst hefði og bæjarfulltrúana, sem áttu rètt á að kjósa hann í skólanefndina, skort heimild til að kjósa hann til gjaldkera fyrir skólann; því eptir því sem ákveðið er í reglug. 27. októbermán. 1862 á skólanefndin að kjósa gjaldkera, og á til hans að kjósa einn af nefndarmönnunum.

---

87. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út Snorra-eddu. 27. októberm.

Halldór Friðriksson, kennari við hinn lærða skóla í Reykjavík, hefir sent stjórnarráðinu bænarskrá um, annaðhvort að hið opinbera taki að sèr kostnaðinn við útgáfu hinnar yngri Eddu, sem hann hefir í hyggju að gefa út, þó svo, að hann þá fái

1863. 27. októberm. 100 rdl. í ritlaun, eður að honum verði veittur 150 ríkisdala styrkur til að standast kostnaðinn við útgáfu bókarinnar, sem hann þá að öðru leyti kostar sjálfur. Um þetta skal yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörið það Halldóri skólakennara Friðrikssyni, að stjórnarráðið ekki getur tekið til greina hið fyrra af því, sem hann hefir um sótt, en þar á móti veitir það honum 150 ríkisdala styrk til að gefa út bókina á sinn eiginn kostnað. Þess skal getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um að greiða fé þetta úr jarðabókarsjóðnum.

---

31. októberm. 88. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að málssókn móti Jörgen Guðmundssyni megi niður falla.**

Með brèfi, dags. 8. þ. m., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá frá Jóni Guðmundssyni, settum málaflutningsmanni við landsyfirrèttinn, fer hann þess á leit, sem svaramaður Jörgens Guðmundssonar í Reykjavík, sem þèr höfðuð látið lögsækja fyrir illa meðferð á konu sinni, annaðhvort að málssóknin verði með öllu látin niður falla, eður að málið að minnsta kosti verði útkljáð á þann hátt, að hann greiði til fátækrasjóðsins hæfilega fjársekt, er stjórnarráðið eður háyfirvaldið ákveði.

Útaf þessu kunngjörir dómsmálastjórnin yður, að sökum hinna sèrstaklegu atvika máls þessa og einkum með tilliti til þess, að hjón þau, sem hèr er um rætt, hafa sætzt sín á milli og hegðan þeirra síðan verið ólastandi, þá leyfir stjórnarráðið, að mál það, er höfðað hefir verið móti Jörgen Guðmundssyni, megi niður falla, þó svo, að hann greiði kostnað þann, sem málssóknin hefir haft í för með sèr.

Skjöl málsins, þau sem eru frumrit, fylgja hèrmeð aptur.

---

89. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir korn, er lánað hafði verið íbúunum í Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu.

1863. 30. nóvbrm.

Einsog yður er kunnugt, herra amtmaður, var í fjáraukalögum 31. marzmán. 1860 fyrir fjárhagsárið 1859—60 veitt rentulaust lán að upphæð 10,483 rd. 32 sk. vegna hallæris, er menn óttuðust fyrir í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, og voru þeir skilmálar settir um lán þetta, að það skyldi endurgoldið á þrem árum, er talin væru frá 1. degi aprílmán. 1860; skyldi þriðjungur þess borgaður á ári og allt lánið þannig vera endurgoldið fyrir lok fjárhagsársins 1862—63.

En stjórnarráðinu þykir illa farið, að skilmálar þessir eigi hafa haldnir verið, því enn er óborgaður mikill hluti af láni þessu, og skal þess í því efni getið, að eptir þeim skýrslum, sem stjórnarráðið hefir við að styðjast, er þessu svo varið, sem nú skal frá skýrt:

Af ofangreindu láni fèkk:

Húnavatns sýsla	5083 rd. 32 sk.

Uppí þetta hefir borgað verið:

a. Fjárhagsárið 1860—61:		
í jarðabókarsjóðinn	904 rd. 43 sk.	
í aðalfèhirzlu ríkisins	640 - » -	
	1544 rd. 43 sk.	
b. Fjárhagsárið 1861—62:		
í jarðabókarsjóðinn	1066 - 42 -	
c. Fjárhagsárið 1862—63:		
í aðalfèhirzlu ríkisins	197 - » -	
d. Fjárhagsárið 1863—64:		
í aðalfèhirzlu ríkisins	503 - 5 -	
	3310 - 90 -	
Er þá enn óborgað . . .	1772 rd. 38 sk.	

1863. Skagafjarðar sýsla . . . . . 5400 rd. » sk.

30. nóvbrm. Uppí þetta hefir borgað verið:

a. Fjárhagsárið 1860—61:

í jarðabókarsjóðinn 868 rd. 64 sk.

í aðalfèhirzlu ríkisins . . . . . 475 - » -

1343 rd. 64 sk.

b. Fjárhagsárið 1861—62:

í jarðabókarsjóðinn 106 rd. 32 sk.

í aðalfèhirzlu ríkisins . . . . . 200 - » -

306 - 32 -

1650 - » -

Er þá enn óborgað . . . 3750 rd. » sk.

Sökum þess, að þegar hefir orðið töluverður undandráttur á endurborgun láns þess, sem hèr er um rætt, er dómsmálastjórninni mjög áríðandi, að nú verði tafarlaust úr þessu bætt. Um leið og stjórnarráðið getur þess, að skuldir þessar, sem báðar tilsamans eru 5522 rd. 38 sk., munu verða tilfærðar með tekjunum í frumvarpinu til fjárlaganna fyrir næstkomanda fjárhagsár, skorar það hèrmeð á yður, herra amtmaður, að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á, til þess að fè þetta hið allrabráðasta verði borgað inní ríkissjóðinn, og má ekki bregðast, að það verði gjört fyrir lok fjárhagsársins 1864—65; vonast stjórnarráðið og eptir að fá í tækan tíma skýrslu frá yður um, hvernig skuldir þessar verða borgaðar.

---

30. nóvbrm. **90. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun á láni, er Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði verið veitt.**

Einsog yður er kunnugt, herra stiptamtmaður, var í fjáraukalögunum 31. marzmán. 1860 fyrir fjárhagsárið 1859—60 veitt rentulaust lán, að upphæð 1000 rd., vegna hallæris, er menn óttuðust fyrir að mundi bera að höndum í Borgarfjarðarsýslu

og Gullbringusýslu; var síðan í fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1863. 1861—62 veittur sá frestur með borgun láns þessa, að það 30. nóvbrm. ætti að endurgjaldast á fimm árum, er talin væru frá 1. degi aprílm. 1861, og skyldi greiddur einn fimmtungur hvert árið.

Dómsmálastjórninni þykir nú illa farið, að skilmálar þeir, er settir voru um borgun skuldar þessarar, hafa svo mjög verið vanhaldnir, að eptir skýrslum þeim, er stjórnarráðið hefir við að styðjast, hefir jafnvel ekkert verið borgað inn í ríkissjóðinn upp í skuldina.

Með því þessu er þannig varið, og það er dómsmálastjórninni mjög áríðandi, að nú verði án lengri undandráttar úr þessu bætt, þá skal hèrmeð skorað á yður, herra stiptamtmaður, að þèr gjörið þær ráðstafanir sem þörf er á, bæði til þess, að það af skuldinni, sem þegar er áfallið til borgunar, verði greitt hið bráðasta, og einnig að það, sem hèreptir ber að borga, verði greitt á rèttum tíma, og skal þess getið í þessu efni, að í tekjudálkinum í frumvarpinu til fjárlaganna fyrir fjárhagsárið 1864—65 verður tilfært það af skuldinni, sem borga hefði átt árin 1861—62, 1862—63, 1863—64 og 1864—65, en það eru alls 800 rdl., og verður því þessi upphæð að vera borguð fyrir lok fjárhagsársins 1864—65, og má það eigi bregðast.

Stjórnarráðið vonast eptir, að þèr sendið hingað í tækan tíma skýrslu um það, sem borgað verður samkvæmt því, sem að ofan er sagt.

---

91. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli. 30. nóvbrm.

Í brèfi dagsettu 19. dag febrúarmán. þ. á. skoraði dómsmálastjórnin á amtmanninn yfir norður- og austurumdæminu, að leigja verzlunarhúsinu Örum & Wulff þann hluta af silfurbergsnámanum í Helgustaðafjalli, sem er eign ríkissjóðsins, fyrst um sinn um fimm ár fyrir 100 ríkisdala afgjald á ári, ef það kæmist á, sem gjört var ráð fyrir í bænarskrá verzlunarhúss þessa,

1863. 30. nóvbrm. að C. Túlinius með þess tilstyrk hagnýti sèr hina þrjá fjórðu hlutana náma þessa. Amtið hefir síðan í brèfi d. 13. júnímán. þ. á. skýrt stjórnarráðinu frá, að það, sem þannig var gjört ráð fyrir, hafi eigi komizt á, og hafi Túlinius lýst því yfir, að hann stundi námann fyrir sjálfan sig, án þess verzlunarhúsið styrki hann neitt til þess, hefir því amtið stungið uppá, að ríkissjóðsins hluti af námanum verði leigður Túliníusi (samkvæmt beiðni hans í skjali því, er þèr, herra amtmaður, senduð hingað með brèfi yðar 10. d. septembermán. þ. á.) um þau 4 ár, sem eptir eru af þeim tíma, er hann hefir fengið leigðan hinn hlutann námans, fyrir 110 rdl. afgjald á ári; amtið hefir og bætt því við, að sýslumanninum í Suðurmúlasýslu hafi verið boðið að heimta eptirgjaldið eptir námann fyrir yfirstandandi ár, þareð Túlinius sè þegar farinn að hagnýta sèr hann þetta árið.

Um leið og dómsmálastjórnin getur þess, að beint eptir orðunum í bænarskrá Túliníusar hefir hann aðeins kveðizt fús að greiða hið sama eptirgjald eptir námann, sem verzlunarhúsið Örum & Wulff hafði boðið, og að það álit hans er skakkt, að verzlunarhúsið hafi boðið 110 rdl. á ári, með því það, einsog yður, herra amtmaður, er kunnugt, lagði á vald stjórnarráðsins að ákveða upphæð eptirgjaldsins, þá skal yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr gjörið ráðstafanir í því efni, að leigja skal Túliníusi verzlunarstjóra ríkissjóðsins hluta í námanum um 5 ár, talin frá 1. degi janúarmán. 1863, fyrir 100 rdl. á ári, er greiddir sèu til hlutaðeiganda umboðssjóðs, og að öðru leyti með þeim kjörum, sem þèr álítið hæfa bæði með tilliti til notkunar á námanum og annara atvika, sem hèr kunna að koma til greina.

Þegar þar að kemur, ber að senda hingað eptirrit af leigusamningnum. Eptir brèfi amtsins 13. d. júním. þ. á. þykir ástæða til að geta þess að endingu, að ef Túlinius hefir greitt 110 rdl. í eptirgjald eptir námann fyrir yfirstandanda ár, þá ber að borga honum aptur 10 ríkisdali.

92. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um eiganda að timburhúsi á Löndum í Vestmannaeyjum. 1863. 3. desbrm.

Eptir að dómsmálastjórnin með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, dags. 12. septembermán. þ. á., hefir fengið ítarlegra álit sýslumannsins á Vestmannaeyjum um bænarskrá þá, er hingað hafði komið frá Sveini beyki Þórðarsyni þar á eyjunum, um að hann fái fullan eignarrètt yfir timburhúsi nokkru, er hann hafði byggt á Löndum, en þá jörð á hið opinbera, með þeim skilmálum, að hann borgi inn í umboðssjóðinn þá 34 rd. 72 sk., sem torfhúsin á Löndum, er hann tók við, en reif niður, er hann þangað kom, voru virt við virðingargjörð, er fram fór 12. dag nóvembermán. 1861 og staðfest var með eiði innan rèttarins 18. dag s. m., og að hann eins og að undanförnu greiði 32 fiska á ári í lóðargjald fyrir tèð hús — þá skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr kunngjörið það Sveini beyki Þórðarsyni, að eptir því, sem ástatt er, er honum veitt það, sem hann hefir um sótt.

---

93. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lækkun á afgjaldi af jörðinni Grímsstöðum. 8. desbrm.

Með því liðið var í síðustu fardögum það fimm ára tímabil, sem dómsmálastjórnin í brèfi 24. desembermán. 1858 hafði leyft, að lækka mætti um 5 álnir landskuldina af hverjum áttunda parti í jörðinni Grímsstöðum, en sú jörð heyrir undir Þykkvabæjar klausturs jarðagóz, og skyldi öll landskuldin þannig borguð með 120 álnum á ári, hafið þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi 16. septembermán. þ. á. skýrt frá, að leiguliðarnir á jörð þessari hafi farið þess á leit við hlutaðeigandi umboðsmann, að hin sama linun í jarðarafgjaldinu verði enn veitt þeim um 5 ár, og að umboðsmaðurinn hafi mælt fram með, að bæn þeirra verði veitt þeim þannig, að ábúandinn á fjórða parti jarðarinnar fái 10 álna lækkun og þeir 4 ábúendurnir, sem hver fyrir sig

1863. 8. desbrm. búa á einum áttunda parti jarðarinnar fyrir 20 álna landskuld, fái 5 álna lækkun hvor, en að þeir tveir ábúendurnir, sem eptir byggingarbréfum sínum aðeins eiga að greiða 15 álnir hvor í landskuld fyrir áttunda part jarðarinnar, skuli greiða þessa sömu landskuld.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið, samkvæmt tillögum yðar, herra stiptamtmaður, og eptir þeim skýrslum, sem það hefir fengið um, hvernig ástatt er, fellst á, að jarðarafgjaldið sè lækkað á þann hátt, sem hlutaðeigandi umboðsmaður mælti fram með, um fimm ár, er talin sèu frá fardögum yfirstandandi árs.

---

8. desbrm. **94. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skuld kirkjunnar í Einholti til sóknarprestsins.**

Útaf bænarskrá, er Guðný Jónsdóttir, ekkja eptir sira Ólaf Magnússon, fyrrum prest til Einholts í Austurskaptafells sýslu, hafði sent yður, og sem hinn núverandi prestur í brauðinu hafði mælt fram með, hafið þèr, háæruverðugi herra, í brèfi 23. septembermán. þ. á. stungið upp á, að hún af fè Einholts kirkju fái borgaða þá 150 rdl., sem maður hennar átti hjá kirkjunni, af því, er hann hafði kostað uppá að láta byggja hana upp af nýju, á þann hátt, að hlutaðeigandi prestur verði skyldaður til að borga í 5 ár í röð 30 rdl. á ári af skuld þessari.

Um þetta efni er yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr birtið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið samþykkir uppástungu yðar, ef stiptamtmaðurinn fellst á hana.

---

8. desbrm. **95. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skuld kirkjunnar á Desjarmýri til sóknarprestsins.**

Með brèfi 24. dag septembermán. þ. á. hafið þèr, háæruverðugi herra, sent stjórnarráðinu bænarskrá frá Sigurði Gunn-

arssyni, fyrrum presti til Desjarmýrar en nú til Hallormsstaðar, um að leyft verði að honum smátt og smátt verði borgaðir 600 rdl. af fé kirkjunnar á Desjarmýri til endurgjalds fyrir það, að hann lèt byggja hana upp af nýju; er meðal annars með bænarskrá þessari meðmæling frá prestinum, sem nú er á Desjarmýri. Um leið og þèr í brèfi yðar-getið þess, að varla verði fallizt á, að kirkja þessi sè látin borga alla þá upphæð, sem Sigurður prestur Gunnarsson sækir um, vegna þess, hve litlar sèu tekjur hennar, þá stingið þèr uppá, að hún sè látin á 10 árum borga honum allt að 400 rdl., þó svo, að hlutaðeigandi prófastur gæti þess, að ávallt sèu næg efni til árlegra gjalda kirkjunnar. 1863. 8. desbrm.

Útaf þessu kunngjörir kirkju- og kennslustjórnin yður, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr birtið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið samþykkir uppástungu yðar, háæruverðugi herra, ef stiptamtmaðurinn fellst á hana.

---

96. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk til að endurbæta hina íslenzku þýðing gamla testamentisins. 22. desbrm.

Með brèfi yðar, háæruverðugi herra, dags. 3. d. októbermán. þ. á., hafið þèr sent hingað bænarskrá frá Pètri prófessor Pèturssyni, forstöðumanni prestaskólans í Reykjavík, og Sigurði Melsted, fyrsta kennara við skóla þenna, um að þeim verði veittur fèstyrkur til að endurbæta hina íslenzku biblíuþýðing gamla-testamentisins, með því skilyrði, að þeir hafi lokið starfa þessum á næstu tveim árum, og hefir stjórnarráðið útaf bænarskrá þessari veitt beiðendunum 200 rd. í þessu skyni.

Þetta er yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það hlutaðeigendum, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fèð úr jarðabókarsjóðnum.

1863. 28. desbrm. **97. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um kennsluskóla handa lögfræðingaefnum á Íslandi.**

Eins og yður er kunnugt, herra stiptamtmaður, er því lýst yfir í konunglegri auglýsing til alþingis 8. d. júnímán. þ. á. í II. kafla 5. tölul. útaf þegnlegri bænarskrá, er kom frá alþingi Íslendinga árið 1861 um stofnun kennsluskóla handa lögfræðingaefnum á Íslandi, að það sè vilji hans hátignar konungsins að veita áheyrn tèðri bænarskrá þingsins, svo framarlega sem fengizt geti fè það, er til þess þarf, en að málið, sem þetta stjórnarráð og dómsmálastjórnin þá voru að bera sig saman um, væri ekki svo langt á veg komið, að það hefði orðið lagt fyrir konung til síðasta úrskurðar.

Eptir að stjórnarráðin þannig hafa borið sig saman um málið, hefir kirkju- og kennslustjórnin fyrst um sinn hugsað sèr því skipað á þann hátt, sem betur má sjá af meðfylgjandi „Undirstöðuatriðum í fyrirkomulagi á hinum fyrirhugaða kennsluskóla handa lögfræðingaefnum á Íslandi", og skal þess aðeins getið, að þegar búin voru til undirstöðuatriði þessi, var svo sem unnt var farið eptir uppástungum þeim, er komið höfðu frá alþingi, og það bæði að því, er snertir það atriði, hve yfirgripsmikil kennslan eigi að vera í kennsluskóla þessum og um það, hvern rètt kandídatar frá honum eigi að hafa til lögfræðingaembætta á Íslandi.

En áður en lengra er farið til að koma málefni þessu áleiðis, óskar stjórnarráðið, að hinn íslenzki landsyfirrèttur fái færi á að segja álit sitt um það, bæði í heild sinni og einkum um það, hvort nokkur af dómendunum í yfirrèttinum, og ef svo er, hver þeirra, sè fús til að taka að sèr, samhliða stöðu sinni sem dómara í rèttinum en án þess að það sè í sambandi við hana, þann starfa, að stjórna kennslunni m. m. í hinum fyrirhugaða lagaskóla, sem forstöðumaður hans eður fyrsti kennari, fyrir árlega borgun, sem stjórnarráðið hefir hugsað sèr ætti að vera 600 rdl., auk þess að veitt yrði fè á ári hverju til að borga með tímakennslu, er nauðsynleg væri.

Þess vegna skal hèrmeð skorað á yður, herra stiptamtmaður,

að útvega álit landsyfirrèttarins um málið, og íhuga það síðan ásamt biskupinum yfir Íslandi, og skýra þvínæst stjórnarráðinu frá áliti yðar um það, og senda hingað um leið álitsskjal landsyfirrèttarins. 1863. 28. desbrm.

Fylgiskjal.

Undirstöðuatriði í fyrirkomulagi á hinum fyrirhugaða kennsluskóla handa lögfræðingaefnum á Íslandi.

1. Áður en nokkur getur fengið að njóta kennslu í lagaskólanum verður hann að hafa lokið burtfararprófi við hinn lærða skóla, eður hafa gengið þar undir próf það, sem þar er fyrirskipað fyrir þá, sem útskrifast úr heimaskóla.

2. Þessar greinir skulu kenndar í lagaskólanum:

a. Íslenzkur rèttur, þ. e. lög og rèttur, er á Íslandi gilda, og þessvegna ekki aðeins sá hluti af löggjöfinni, sem sèrstaklegur er fyrir Ísland, heldur og þeir kaflar hennar, þarsem Ísland hefir lög sameiginleg með Danmörku.

Til þessa er talið:

1. Um einkamál (*1ste og 2den Civilret*).
2. Um sakamál (*Kriminalret*).
3. Um rèttargang (*Civilproces og Kriminalproces*).
4. Íslenzkur kirkjurèttur.
5. Íslenzk rèttarsaga.

b. Heimspekileg lögfræði (almenn lögfræði, *Retsphilosophie*).

c. Rómverskur rèttur (þó einungis aðalatriðin um eign og samninga).

d. Þjóðarèttur (aðalatriðin í þeirri grein).

(Það af sjórèttinum, sem áríðandi er, skal tekið fram þegar kennt er um einkamál).

3. Lærisveinarnir í prestaskólanum fá að heyra fyrirlestra í lagaskólanum yfir íslenzkan kirkjurètt.

4. Kennslan fer fram á þann hátt, að haldnir eru fyrir-

1863. lestrar, og að jafnhliða því eru haldnar skriflegar æfingar og yfirheyrslur, eptir þeim reglum, sem verða ítarlegar ákveðnar.

5. Kennslunni er hagað á þann hátt, að henni geti orðið lokið á þrem árum.

6. Áður en nokkur fær að ganga undir embættispróf, verður hann að hafa lokið prófi því í forspjallsvísindum (sálarfræði og hugsunarfræði), sem stúdentar á prestaskólanum eiga að ganga undir áður en þeir fá að ganga undir burtfararpróf frá þeim skóla, og verður hann að hafa náð að minnsta kosti einkunninni „vel" (*godt*) fyrir frammistöðu sína. Forsjallsvísindin kennir sá kennari, sem skipaður er til að kenna þau vísindi í prestaskólanum.

7. Í lagaskólanum er haldið opinbert próf; þar á að reyna þann, sem undir prófið gengur, í öllum þeim greinum, sem kenna á, eptir þeim reglum, sem nákvæmar verða ákveðnar. Að loknu prófi eru gefnar þessar aðaleinkunnir:

fyrsta einkunn; við þá einkunn má bæta „ágætis" (fyrsta ágætiseinkunn).

önnur einkunn.

þriðja einkunn.

8. Þeir, sem gengið hafa undir og staðizt próf í kennslugreinum þeim, sem að ofan eru nefndar, öðlast aðgang til lögfræðingaembætta á Íslandi jafnt kandídötum í lögfræði frá Kaupmannahafnar háskóla, nema til embættanna í landsyfirrèttinum og amtmannsembættanna; þó skulu þeir, áður en þeir geta búizt við að fá embætti, sanna, að þeir eptir afstaðið próf hafi fengizt við embættisstörf að minnsta kosti eitt ár hjá einhverjum lögfræðingi, sem er embættismaður á Íslandi.

9. Sá aðgangur, sem þeir menn, er að eins hafa gengið undir próf það, sem haldið er við Kaupmannahafnar háskóla fyrir hina svokölluðu „dönsku lögfræðinga", hingaðtil hafa haft til að fá undirdómaraembætti á Íslandi, skal hèreptir burtfalla, þannig að þeir menn, sem ganga undir það próf eptir þann tíma, er burtfararpróf hefir í fyrsta skipti haldið verið í lagaskólanum í Reykjavík, ekki geta fengið embætti þessi.

10. Lagaskólinn stendur undir umsjón stiptsyfirvaldanna;

skal skipaður við hann fastur kennari, er stýrir kennslunni sem forstöðumaður skólans, og hefir á hendi hina næstu umsjón yfir öllu fyrirkomulagi hans. Til aðstoðar við kennsluna má taka einn eður fleiri tímakennara. 1863.

---

98. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um reikninga stiptsbókasafnsins í Reykjavík. 29. desbrm.

Kirkju- og kennslustjórnin hafði í brèfi dags. 30. janúarmán. þ. á. skorað á yður, herra stiptamtmaður, og yður háæruverðugi herra, að senda hingað reikninga stiptsbókasafnsins íslenzka fyrir árin 1859, 1860, 1861 og 1862, eptir að stjórn bókasafnsins hefði tilhlýðilega endurskoðað þá, og stiptsyfirvöldin lagt á þá úrskurð sinn; var einnig skorað á yður að senda skýrslu um ástand bókasafnsins og stjórn þess. Nú hefir stjórnarráðið með brèfi yðar, dags. 12. októberm. þ. á., meðtekið reikninga þessa m. m.

Í þessu efni hefir stjórnarráðinu þótt hlýða að gjöra nokkrar athugasemdir yður til leiðbeiningar framvegis:

Reikningarnir virðast í ýmsum greinum vera ófullkomnari en vera ber; þannig virðist hafa átt að tilfæra sem tekjur allt það, er fengizt hefir fyrir útlán bóka, og sem gjöld laun bókavarðarins. Þegar keypt hafa verið ný skuldabrèf fyrir bókasafnið, þá hefði enn fremur átt að tilgreina, hvað þau hafa kostað, þareð óuppsegjanleg konungleg skuldabrèf eru vön að geta fengizt fyrir minna en þau hljóða upp á; svo væri og rèttast, að þess væri getið í reikningunum við hvert skuldabrèf til frekari skýringar, hvort það væri uppsegjanlegt eður óuppsegjanlegt, og hversu háir vextir væru af því. Í 4. grein í statútunum frá 15. nóvembermán. 1826, sem staðfestar hafa verið af konungi, er ákveðið, að stjórnendur stiptsbókasafnsins ættu að endurskoða reikninga þess og senda þá síðan stiptsyfirvöldunum til úrskurðar, en þeirri ákvörðun hefir eigi hlýtt verið á þann hátt, sem fyrirskipað er, þareð sýnilegt er af því, sem stjórnendur bókasafns-

1863. 29. desbrm.

ins hafa ritað á reikningana, að þeir hafa að mestu leyti látið sèr nægja að bera þá aðeins saman við fylgiskjölin, en hafa ekki að öðru leyti rannsakað, hvort þeir væru rèttir; en stiptsyfirvöldin hafa öldungis sleppt að leggja á þá úrskurð sinn. Loksins hefir eigi heldur verið farið eptir þeirri ákvörðun í 3. gr. í statútunum frá 7. d. júlímán. 1856, sem einnig hafa staðfestar verið af konungi, að auka skuli hinn fasta sjóð bókasafnsins um 50 rdl. á ári, og hefði það verið skylda endurskoðunarmanna reikninganna að rannsaka, hvort gild ástæða hefði verið til að bregða útaf þessu.

Hvað þvínæst snertir stjórn bókasafnsins, þá eru þau missmíði á henni, að annar af stiptsyfirvöldunum einnig er reikningshaldari, og að auk hans eru aðeins tveir menn í stjórninni, þarsem þó svo er ákveðið í statútunum frá 15. d. nóvembermán. 1826, 3. grein, að ætíð skuli vera að minnsta kosti fjórir menn í stjórninni.

Samkvæmt ofangreindum athugasemdum verður stjórnarráðið að skora á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að bæta tveim mönnum við stjórn bókasafnsins, og gæta þess, að hèreptir verði gjörður fullkominn reikningur um bókasafnið, og sendur stjórn þess með nægum skilríkjum, og að hún síðan reglulega rannsaki reikninginn og að stiptsyfirvöldin leggi úrskurð á hann samkvæmt áðurgreindum statútum frá 15. nóvembermán. 1826. Enn fremur vonast stjórnarráðið eptir, að reikningar bókasafnsins verði auglýstir á prenti, svo sem fyrirskipað er í konungsúrskurði 2. d. marzmán. 1861[1].

[1]) Sjá br. dómsmálastj. 21. marzm. 1861, 447 bls. hèr að framan.

Viðbætir við árið 1863.

99. Auglýsing um að skip þau, er eiga heima í konungsríkinu Belgíu, sèu undanþegin aukagjaldi, er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja. 11. júlí.

Eptir skýrslu utanríkisstjórnarinnar sæta dönsk skip sömu kjörum og innlend skip um alla verzlunartolla og skipagjöld í konungsríkinu Belgíu, með því skilyrði, að þau skip, er þar eiga heima, hafi sama rètt. Fyrir því skulu upp frá þessu skip þau, er eiga heima í greindu konungsríki, þá er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, vera undanþegin að greiða aukagjald það, 2 rd. af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er með konungsúrskurði, dagsettum 1. dag aprílmánaðar 1856, sem birtur er með auglýsing frá dómsmálastjórninni, dagsettri 2. dag sama mánaðar.

Þetta kunngjörist hèrmeð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Í dómsmálastjórninni, 11. dag júlímánaðar 1863.

YFIRLIT EFNISINS.

Akureyri.
Alþingi.
Arfur, arfskipti.
Atvinnuvegir.
Barnaskólar, sjá Skólar.
Brauð, smbr. Prestar, Kirkjur.
Bækur og dagblöð.
Dómar, dómsmál.
Dýralækningar, sjá Fjársýki.
Embættismenn, laun embættismanna m. m.
Eptirlaun, smbr. Embættismenn, Styrktarfè.
Eyðijarðir, nýbýli.
Fátækramálefni, sjá Sveitamálefni.
Ferðamenn.
Fiskiveiðar, smbr. Veiði.
Fjárbann.
Fjárforráð ómyndugra.
Fjárhagsmálefni.
Fjársýki, fjárkláði.
Fólkstala.
Geymslufè.
Gjafir.
Greptrun framliðinna.
Gufuskipaferðir, sjá Póstgöngur.
Helgar, helgidagahald.
Hjúskapur.
Húsbændur og hjú.
Iðnaður.
Íslenzk tunga.
Jarðamat.
Jarðarkúgildi, jarðarafgjöld.
Kaupskapur, sjá Verzlun.
Kaupstaðir, sjá Akureyri, Reykjavík, Verzlun.
Kirkjur, kirknaeignir, smbr. Brauð, Prestar.
Lagaskóli, lögfræðingaskóli, sjá Skólar.
Lán, smbr. Skuldir.
Landbúnaður.
Landsyfirrèttur, sjá Dómar.
Laun Embættismanna, sjá Embættismenn, Prestar.
Læknaskipun, smbr. Sóttvarnir.
Löggilding danskra lagaboða.
Lögreglustjórn.
Náttúruvísindi.
Námar.
Ómyndugir, sjá Fjárforráð.
Peningar.
Póstgöngur.
Prentsmiðjur.
Prestar, Prestastètt, smbr. Brauð, Kirkjur.
Prestaskóli, sjá Skólar.
Rafsegulþráður.
Reikningar.
Reki.
Reykjavík.
Ríkisskuldabrèf, sjá Skuldir.
Sakamál, hegning.
Skattar og álögur.
Skógar.
Skólar, kennsla, skólavísindi.
Skuldir, skuldabrèf, ríkisskuldabrèf, smbr. Lán.

Sóttir, sóttvarnir, smbr. Læknaskipun.
Stjórnarskipun, stjórnarbót.
Stofnanir og sjóðir, smbr. Gjafir.
Styrktarfé.
Sveitastjórn, sveitamálefni.
Sýslunarmenn, sjá Embættismenn.
Tíund, smbr. Skattar.
Trúarbrögð.
Uppboð, uppboðssala.
Útlendir menn, smbr. Fiskiveiðar, Trúarbrögð.
Vegir, vegabætur.
Veiði, smbr. Fiskiveiðar.
Verðlaun.
Verzlun.
Þing, þingahöld.
Þinglestur.
Þjóðjarðir, smbr. Jarðarkúgildi, jarðarafgjöld.

Skammstafanir:

B. = Biskupinn yfir Íslandi.
Br. = Bréf.
D. = Dómsmálastjórnin.
I. = Innanrikisstjórnin.
K. = Kirkju- og kennslustjórnin.
N. A. = Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu.
St. = Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi.
Std. = Hin íslenzka stjórnardeild.
Stv. = Stiptsyfirvöldin á Íslandi.
V. = Amtmaðurinn yfir vesturumdæminu.

Akureyri.

1855. 14. maí. 18. Br. I. til N. A., um lögreglustjórn á Akureyri og læknisumsjón á Eskifirði.
1856. 28. apríl. 10. Br. D. til N. A., um bæjarstjórn á Akureyri og s. frv.
1857. 6. jan. 3. Opið bréf, um að stofna byggingarnefnd á verzlunarstaðnum Akureyri.
21. marz. 6. Br. D. til N. A., um lögreglugæzlu á Akureyri.
26. ágúst. 22. Br. D. til N. A., um póstafgreiðsluna á Akureyri.
1858. 12. maí. 12. Br. D. til N. A., um byggingarnefndina á Akureyri.
1860. 9. júlí. 41. Br. K. til Stv., um kirkjubygging á Akureyri m. m.
1862. 29. ágúst. 48. Reglugjörð um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað, og um stjórn bæjarmálefna þar.
1863. 30. maí. 39. Br. D. til N. A., um undanfærslu manns að taka við bæjarfulltrúakosning á Akureyri.
13. júlí. 60. Br. D. til Stefáns Thórarensens, sýslum. í Eyjafjarðarsýslu, um að hann sè einnig skipaður bæjarfógeti á Akureyri.

Alþingi.

1854. 16. maí. 4. Br. I. til N. A., um beiðni Húnvetninga að sleppa við að greiða alþingisskatt o. s. frv.
26. júní. 9. Br. I. til N. A., um alþingismanninn í Húnavatnsþingi.

1854. 26. júní. 10. Br. I. til V. um nokkur atriði, er hann hafði spurt um sem konungsfulltrúi.
1855. 7. júní. 26. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1853.
8. júní. 28. Br. I. til konungsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um þingsköp á alþingi.
1857. 6. jan. 2. Tilskipun um breyting á tilsk. 8. marz 1843 viðvíkjandi kosningum til alþingis.
27. maí. 12. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1855.
1858. 1. júlí. 19. Br. D. til St., um kosningar til alþingis.
1859. 27. maí. 17. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1857.
14. oktb. 48. Br. D. til N. A., um drátt á alþingiskosningum í Húnavatnssýslu.
1860. 27. jan. 2. Br. D. til St., um bætur til sveitarsjóða í Rangárvallasýslu.
28. jan. 3. Br. D. til St., um borgun fyrir þingstörf til málafærslumanns Jóns Guðmundssonar.
20. apríl. 20. Br. D. til St., um danska þýðing alþingistíðindanna m. m.
1861. 1. júní. 21. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1859.
5. júlí. 32. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um prentun alþingistíðindanna.
11. júlí. 40. Br. D. til St., um að hann gegni störfum konungsfulltrúa á alþingi.
12. sept. 64. Br. D. til St., um danska þýðing alþingistíðindanna.
1862. 22. jan. 75. Br. D. til St., um danska þýðing alþingistíðindanna (í viðb. við árið 1862).
22. febr. 12. Br. D. til St., um borgun prentunarkostnaðar fyrir alþingistíðindi.
11. apríl. 24. Br. D. til St., um fæðispeninga alþingismanna m. m.
11. júlí. 41. Br. D. til St., um borgun prentunarkostnaðar fyrir alþingistíðindi.
11. júlí. 43. Br. D. til St., um danska þýðing alþingistíðindanna.
9. des. 74. Br. D. til St., um borgun fyrir danska þýðing alþingistíðindanna.
1863. 10. marz. 19. Br. D. til St., um borgun til alþingisforseta fyrir störf eptir þinglok og um ávísun alþingiskostnaðar.
6. maí. 31. Br. D. til N. A., um alþingissetu Þorsteins kanselíráðs Jónssonar, sýslumanns í Þingeyjarsýslu.
8. júní. 40. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1861.
18. sept. 78. Br. D. til St., um fjárkláðamálið á alþingi.

Arfur, arfskipti.

1855. 9. maí. 14. Opið brèf, sem lögleiðir á Íslandi lög 25. apríl 1850, er til taka, að auglýsingar þær, sem áður var boðið, þegar svo stóð á, að birta í Altónaborgar „Mercur" m. m., skuli ekki framar eiga sèr stað.

1859. 9. maí. 11. Br. K. til Stv., um gjöf Kelsalls til bókhlöðuhúss handa skólanum.

27. maí. 15. Opið brèf um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsingum í blöðunum í vissum tilfellum.

27. júní. 19. Auglýsing um að birta í blaðinu Þjóðólfi auglýsingar þær, sem um ræðir í opnu brèfi 27. maí 1859.

1860. 26. maí. 23. Br. D. til V. um arfleiðslu hórgetins barns.

1861. 4. jan. 2. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóv. 1857, um innkallanir í búum.

4. jan. 3. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi lög 29. desember 1857 um myndugleika kvenna.

1863. 10. sept. 74. Br. D. til V. um arf Jóns bókbindara Jóhannessonar.

Atvinnuvegir.

1863. 26. maí. 35. Tilskipun um lausamenn og húsmenn.

Barnaskólar, sjá Skólar.

Brauð, smbr. Prestar, Kirkjur.

1854. 29. sept. 18. Br. I. til N. A., um sameining brauða í Skagafirði.

13. oktb. 20. Br. Std. til N. A., um borgun fyrir veitingarbrèf.

1856. 6. maí. 12. Br. K. til Stv., um sameining nokkurra prestakalla í Árness prófastsdæmi.

1858. 13. febr. 3. Br. K. til Stv., um afsalsbrèf til Reykjavíkur kaupstaðar fyrir jörðinni Hlíðarhúsum.

19. maí. 13. Br. K. til Stv., um veitingu Stokkseyrar og Kaldaðarness.

1859. 19. ágúst. 36. Br. K. til Stv., um veitingu Vestmannaeyja prestakalls.

1860. 9. júlí. 42. Br. K. til Stv., um að leggja Ness brauð í Þingeyjar prófastsdæmi til Múla prestakalls í sama prófastsdæmi m. m.

1861. 3. júlí. 26. Br. K. til Stv. um sameining brauða í Skagafjarðar sýslu.

27. júlí. 42. Br. K. til Stv., um sameining Grímstungu brauðs við Undirfell.

1862. 9. apríl. 21. Br. K. til Stv., um skyldu kandidats frá prestaskólanum til að þiggja Grímseyjar brauð.

26. maí. 31. Br. K. til Stv., um skyldu kandídata fra prestaskólanum í Reykjavík til að taka móti fátækum brauðum.

1863. 10. júlí. 49. Br. K. til Stv., um borgun til prófasta fyrir úttekt á brauðum.

Bækur og dagblöð.

1855. 31. jan. 4. Br. I. til deildar hins íslenzka bókmenntafèlags í Kaupmannahöfn, um að hún megi prenta lög og úrskurði stjórnarráðanna.

9. maí. 14. Opið brèf, sem lögleiðir á Íslandi lög 25. apríl 1850, er til taka að auglýsingar þær, sem áður var boðið, þegar svo stóð á, að birta í Altónaborgar „Mercur" m. m., skuli ekki framar eiga sèr stað.

9. maí. 16. Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi með nokkrum breytingum lög 3. janúar 1851 um prentfrelsi.

1856. 22. apríl. 7. Br. D. til N. A., um skilning á prentfrelsislögunum.

1858. 13. apríl. 5. Br. D. til St., um blaðið Hirði.

1859. 16. maí. 12. Br. D. til St., um biblíuna.

27. maí. 15. Opið br. um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsingum í blöðunum í vissum tilfellum.

27. júní. 19. Auglýsing um að birta í blaðinu Þjóðólfi auglýsingar þær, sem um ræðir í opnu brèfi 27. maí 1859.

1860. 13. júní. 32. Br. Std. til annarar stjórnardeildar kirkju- og kennslumálanna, um stiptsbókasafnið á Íslandi.

20. júní. 35. Br. K. til Stv., um ritlaun handa Sigurði Melsteð, kennara við prestaskólann.

30. ágúst. 47. Br. K. til Stv., um styrk til að gefa út þýðing yfir nokkra kafla úr nýjatestamentinu.

1861. 26. febr. 11. Br. K. til stjórnenda hins íslenzka biblíufèlags, um styrk til að gefa út nýjatestamentið.

3. júlí. 25. Br. K. til Stv., um styrk til að gefa út kennslubók í kirkjurètti.

5. júlí. 32. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um prentun alþingistíðindanna.

14. ágúst. 44. Br. D. til Stv., um kærur útaf lausum blöðum, er prentuð höfðu verið í prentsmiðju Íslands.

24. sept. 68. Br. K. til Stv., um styrk til að gefa út þýðing yfir nokkra kafla úr nýjatestamentinu.

2. okt. 71. Br. K. til Stv., um skilríki fyrir bókum, sem keyptar eru handa hinum lærða skóla m. m.

1862. 28. febr. 16. Br. K. til Stv., um bækur, er út koma frá prentsmiðjunni í Reykjavík.

11. júlí. 41. Br. D. til Stv., um borgun prentunarkostnaðar fyrir alþingistíðindi.

9. sept. 53. Br. K. til Stv., um styrk til að gefa út þýzka málfræði.

27. okt. 66. Br. K. til Stv., um styrk til að gefa út þýðing yfir nokkra kafla úr nýjatestamentinu.

1863. 19. febr. 11. Br. K. til Stv., um styrk til að kaupa bækur handa prestaskólanum.

1863. 30. maí. 38. Br. K. til Stv., um kennslubók í sögu handa hinum lærða skóla í Reykjavík.
10. júlí. 50. Br. K. til Stv., um styrk til að gefa út þýðing yfir nokkra kafla úr nýjatestamentinu.
11. júlí. 55. Br. D. til Stv., um styrk til að gefa út rit um homöópathana íslenzku.
13. júlí. 59. Br. D. til Stv., um skuld til prentsmiðju Íslands fyrir prentun alþingistíðindanna.
27. okt. 87. Br. K. til Stv., um styrk til að gefa út Snorraeddu.
22. des. 96. Br. K. til B., um styrk til að endurbæta hina íslenzku þýðing gamlatestamentisins.

Dómar, dómsmál.

1855. 22. febr. 5. Opið brèf um fjölgun þingstaða í Árnes sýslu.
9. maí. 13. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi opið brèf 17. febrúar 1847 um borgun fyrir málaflutningsmenn við hæstarètt, í þeim dómsmálum, sem þeir þar verja.
9. maí. 14. Opið brèf, sem lögleiðir á Íslandi lög 25. apríl 1850, er til taka að auglýsingar þær, sem áður var boðið, þegar svo stóð á, að birta í Altónaborgar „Mercur" m. m., skuli ekki framar eiga sèr stað.
22. des. 47. Br. D. til St., um gjald til yfirdómara.
22. des. 48. Br. D. til amtmannanna á Íslandi, um stefnur til hæstarèttar.
1856. 8. marz. Lög, er skipa fyrir, að hæstirèttur skuli gefa ástæður fyrir dómum sínum (lagaboð þetta er prentað neðanmáls á 269. og 270. bls.)
1857. 27. maí. 12. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1855. (II. 7, um málaflutningsmenn við yfirdóminn).
1858. 23. marz. 4. Br. D. til St., um að fyrst um sinn skuli setja tvo lögfræðinga sem málafærslumenn við landsyfirrèttinn á Íslandi.
25. júní. 17. Br. D. til N. A., um borgun handa lægri dómandanum í landsyfirdóminum úr jafnaðarsjóðnum fyrir skrifföng til danskra þýðinga á dómskjölum í glæpamálum.
9. nóv. 31. Br. D. til amtmanna á Ísl. um dómstefnur glæpamála til yfirrèttanna og hæstarèttar. Neðanmáls: umburðarbrèf dómsmálastj. 21. júní 1858.
1859. 27. maí. 17. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1857. (II. 7, um málaflutningsmenn við yfirdóminn).
1861. 29. maí. 20. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um laun málaflutningsmannanna við landsyfirrèttinn.
4. júlí. 28. Br. D. til St., um gjald það, er eptir hæstarèttardómum ber að greiða í dómsmálasjóð.
31. ágúst. 55. Br. D. til St. um borgun fyrir eptirrit af dómsgjörðum.

1862. 22. jan. 2. Br. D. til St., um laun málaflutningsmanna við landsyfirrèttinn.
6. sept. 52. Br. D. til V., um borgun handa settum sáttanefndarmanni.
1863. 9. júní. 42. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um fjárgreiðslu úr dómsmálasjóðnum til málaflutningsmanna og dómenda við landsyfirrèttinn.

Dýralækningar, sjá Fjársýki.

Embættismenn, embættisþjónar, laun embættismanna m. m.

1855. 31. maí. 22. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi lög 30. júní 1850, um ávísanir embættislauna og þesskonar, og um borgun slíkra launa fyrirfram.
31. maí. 23. Opið brèf, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag.
31. maí. 24. Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. janúar 1851 um eptirlaun.
1856. 22. apríl. 8. Br. D. til umboðsmanns R. M. Ólsens, um að hann megi njóta helmings umboðslaunanna af þingeyra klaustri meðan hann um stundar sakir er leystur frá umboðinu.
23. maí. 15. Br. D. til St., um að setja landsyfirrèttardómara í undirdómaraembætti.
1857. 21. jan. 4. Lög um skrifstofupeninga handa amtmönnunum og landfógetanum á Íslandi.
24. ágúst. 21. Br. D. til St., um embættisbústað handa sýslumanninum á Vestmannaeyjum.
29. des. 26. Umburðarbr. D. til amtm. á Íslandi, um skýrteini, sem eiga að fylgja bónarbrèfum um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra.
1858. 23. marz. 4. Br. D. til St., um að fyrst um sinn skuli setja tvo lögfræðinga sem málafærslumenn við landsyfirrèttinn á Íslandi.
7. maí. 10. Br. D. til N. A., um umboðslaun R. M. Ólsens.
11. maí. 11. Br. D. til N. A., um ferðakaup læknis.
25. júní. 17. Br. D. til N. A., um borgun handa lægri dómandanum í landsyfirdóminum úr jafnaðarsjóðnum fyrir skrifföng til danskra þýðinga á dómskjölum í glæpamálum.
30. nóv. 32. Br. D. til St., um eptirlaun fráskilinnar konu.
1859. 15. okt. 49. Br. D. til N. A., um uppbót til eins umboðsmanns fyrir þann halla, er hann hafði liðið sökum verðlags á vörum.
1860. 3. marz. 11. Lög um eptirlaunaviðbót handa fyrrum sóknapresti til Garða og Bessastaða og prófasti í Gullbringu og Kjósar sýslum á Íslandi, stiptprófasti Árna Helgasyni.

1860. 17. apríl. 14. Br. K. til Stv., um styrktarfé prestaekkna.
31. maí. 26. Br. D. til N. A., um umboðslaun af þingeyra klaustri.
20. júní. 33. Br. D. til N. A., um styrk handa ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu.
1861. 11. jan. 4. Br. D. til V., um afhending umboðsjarða.
13. febr. 6. Br. D. til Stv., um prestsmötu af Langholts kirkju.
13. febr. 8. Br. D. til V., um lækni í Ísafjarðar sýslu.
19. febr. Lög um laun þeirra embættismanna og sýslunarmanna, er heyra undir stjórnarráð konungsríkisins, að þeim undanskildum, sem eru í sjálfum stjórnarráðunum. (463.—468. bls.)
4. apríl. 17. Br. D. til I., um launaviðbót embættismanna á Íslandi m. m.
29. maí. 20. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um laun málaflutningsmannanna við landsyfirrèttinn.
5. júlí. 36. Br. D. til N. A., um styrk handa ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu.
21. ágúst. 48. Br. D. til N. A., um laun hèraðslæknis, er skipaður var í annað embætti.
31. ágúst. 55. Br. D. til St., um borgun fyrir eptirrit af dómsgjörðum.
31. ágúst. 56. Br. D. til St., um endurgjald, er veitt skal settum yfirdómara.
4. sept. 57. Br. D. til St., um hvenær landfógeti, sýslumenn og umboðsmenn skuli senda reikninga sína.
12. sept. 60. Br. D. til V., um laun handa settum hèraðslækni.
12. sept. 65. Br. D. til V., um laun handa settum amtmanni.
20. sept. 66. Br. D. til St., um borgun fyrir læknisáhöld handa landlækni.
28. sept. 70. Br. K. til Stv., um borgun embættislauna fyrirfram.
1. nóv. 78. Br. D. til St. um borgun til hèraðslækna fyrir bólusetning.
9. des. 80. Lög um eptirlaun handa Birni Gunnlaugssyni, yfirkennara við hinn lærða skóla í Reykjavík.
1862. 22. jan. 2. Br. D. til St., um laun málaflutningsmanna við landsyfirrèttinn.
13. febr. 7. Br. D. til amtm. á Íslandi, um borgun tillaga til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar.
11. júlí. 39. Br. D. til V. um danska þýðing á rèttarprófi.
11. júlí. 42. Br. D. til St. um laun organistans við dómkirkjuna í Reykjavík.
24. okt. 59. Br. D. til St. og amtmanna á Íslandi, um bænarskrár embættismanna um tillag til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar.
27. okt. 64. Br. K. til Stv., útaf fyrirspurn um rètt til kennaraembætta.
11. nóv. 72. Br. K. til Stv., um launaviðbót eptir kornverði handa settum skólakennara.

1863. 19. jan. 1. Lög um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi.
9. júní. 42. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um fjárgreiðslu úr dómsmálasjóðnum til málaflutningsmanna og dómenda við landsyfirrèttinn.
16. júní. 43. Br. D. til N. A., um styrk handa ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu.
13. júlí. 60. Br. D. til Stefáns Thórarensens, sýslum. í Eyjafjarðarsýslu, um að hann sè einnig skipaður bæjarfógeti á Akureyri.
17. ágúst. 65. Br. D. til N. A., um skil fyrir sýslugjöldum og um sýslureikninga.

Eptirlaun, smbr. Embættismenn, Styrktarfè.

1855. 31. maí. 23. Opið brèf, sem lögleiðir á Íslandi með nokkrum breytingum lög 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag.
31. maí. 24. Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. janúar 1851 um eptirlaun.
1857. 29. des. 26. Umburðarbrèf D. til amtm. á Íslandi, um skýrteini, sem eiga að fylgja bónarbrèfum um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra.
1858. 30. nóv. 32. Br. D. til St., um eptirlaun fráskilinnar konu.
1860. 3. marz. 11. Lög um eptirlaunaviðbót handa fyrrum sóknapresti til Garða og Bessastaða og prófasti í Gullbringu- og Kjósarsýslum á Íslandi, stiptprófasti Árna Helgasyni.
1861. 9. des. 80. Lög um eptirlaun handa Birni Gunnlaugssyni, yfirkennara við hinn lærða skóla í Reykjavík.

Eyðijarðir, nýbýli.

1854. 22. maí. 8. Br. I. til St., um byggingu eyðijarðarinnar Kálfaness í Borgarfjarðar sýslu.

Ferðamenn.

1860. 9. júní. 31. Opið br. frá D. til yfirvalda á Færeyjum og Íslandi, um ferð Sir Leopold Mc Clintock's, skipstjóra m. fl.
20. júní. 34. Opið br. frá D. til yfirvalda á Færeyjum og Íslandi, um ferð Allen Young's skipstjóra í norðurhöfin.
1862. 15. febr. 9. Br. K. til Stv., um ferðastyrk handa Halldóri skólakennara Friðrikssyni til að stunda þjóðversku m. m.
21. júní. 37. Br. K. til Stv. um ferðastyrk handa Halldóri skólakennara Friðrikssyni til að stunda þjóðversku.
1863. 13. júlí. 61. Br. D. til H. Krabbe, dr. med., um styrk til að ferðast á Íslandi til að rannsaka sullaveikina.

Fiskiveiðar, smbr. Veiði.

1854. 30. ágúst. 14. Br. I. til St. og amtm. á Íslandi, um yfirgang útlendra fiskimanna (duggara) á Austfjörðum.
11. des. 24. Br. I. til N. A., um hvarf nokkurra íslenzkra fiskimanna.
1855. 6. júlí. 36. Br. I. til St. og amtm. á Íslandi, um rannsókn á óeirðum útlendra fiskimanna.
1857. 9. maí. 11. Br. D. til St. og amtm. á Íslandi, um að rita hafskip þau, sem eiga heima á Íslandi, í skipaskrár.
1858. 27. júlí. 22. Br. D. til V., um fiskiver Frakka.
15. sept. 26. Br. D. til St., um fiskiver Frakka.
1859. 26. febr. 6. Br. D. til St., um geymslu á íslenzkum leiðarbréfum þeirra skipa, sem gjörð eru út til fiskiveiða.
26. febr. 7. Br. D. til V., um reglur fyrir því, þegar útlendingar vilja taka sér bólfestu á Íslandi.
18. apríl. 8. Br. D. til sjóliðsstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland.
18. apríl. 9. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland.
27. júní. 20. Br. D. til amtmanna á Íslandi, um fiskiveiðar útlendra manna.
14. júlí. 30. Br. D. til St. og V., um síldarveiðar Norðmanna við Ísland m. fl.
1860. 20. marz. 12. Br. D. til sjóliðsstj., um herskipsferð til Íslands.
12. apríl. 13. Br. D. til sjóliðsstj., um að senda herskip til Íslands.
1861. 1. júní. 21. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungnm á fundinum 1859. (II. 1).
1862. 6. marz. 17. Br. D. til sjóliðsstjórnarinnar, um að senda herskip til Íslands.
1863. 13. febr. 5. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland.
16. marz. 25. Br. D. til sjóliðsstj., um herskipsferð til Íslands og erindisbréf skipstjóra m. m.
8. júní. 40. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1861. (II. 7).

Fjárbann.

1859. 6. júlí. 24. Br. D. til N. A., um fjárbannið hjá prestinum síra Gísla Gíslasyni á Staðarbakka.

Fjárforráð ómyndugra.

1859. 27. maí. 17. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1857. (II. 10).

1859. 30. júní. 21. Br. D. til St., um vaxtafè ómyndugra og opinberra stiptana og um sparisjóði.
1861. 4. jan. 3. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi lög 29. desember 1857 um myndugleika kvenna.

Fjárhagsmálefni.

1857. 30. maí. 15. Br. D. til konungsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um tekju- og útgjaldaáætlun Íslands.
1859. 27. maí. 17. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1857. (271. bls.)
1860. 14. jan. 1. Br. D. til fjárhagsnefndar ríkisþingsins, um 10,000 rd. til fjárkláðans.
19. apríl. 17. Br. D. til St., um fjárhagslögin fyrir árið 1860—61.
1861. 27. febr. 12. Br. Std. til St., um fjárhagslögin fyrir árið 1861—62.
20. sept. 67. Umboðsskrá handa Tscherning ofursta, m. fl. í nefnd, til að segja álit sitt og gjöra uppástungur um fjárhagssambandið milli Íslands og Danmerkur.
26. sept. 69. Br. K. til Stv., um rèttan skilning á fjárlögunum.
1863. 10. marz. 22. Br. K. til St., um fjárhagslögin fyrir árið 1863—64.

Fjársýki, fjárkláði.

1854. 24. maí. 7. Br. I. til St., um að senda dýralækna til Íslands.
1856. 19. maí. 13. Br. D. til N. A., um fjársýkina á Íslandi.
1857. 30. apríl. 10. Br. D. til St., um ýmsar ráðstafanir til að útrýma fjárkláðanum.
Tvær auglýsingar stiptamtmanns um meðferð á fjárkláðanum (í neðanmálsgrein).
30. sept. 23. Br. D. til St., um fjárkláðann.
(Neðanmáls: 1. Frumvarp alþingis til tilskipunar til þess að útrýma og varna útbreiðslu fjárkláðans. 2. Auglýsing stiptamtmanns um nokkrar ákvarðanir, er alþingi hefir gjört um fjárkláðann).
1858. 23. jan. 1. Br. D. til St. og amtm., um kennslu í dýralæknisfræði fyrir einn ungling úr hverju umdæmi á Íslandi.
15. apríl. 6. Br. D. til N. A., um fjárkláðann.
3. nóv. 28. Br. D. til N. A., um fjárkláðann.
Fylgiskjöl: 1. Ágrip af áliti dýralækningaráðsins 31. ágúst 1858 um fjárkláðann á Íslandi.
2. Brèf dýralækningaráðsins til innanríkisráðgjafans um fjárkláðamálið.
8. nóv. 30. Br. D. til St., um fjárkláðann.
1859. 16. febr. 1. Br. D. til St., um endurgjald handa lyfsölumanninum í Reykjavík (fyrir kláðalyf).
27. maí. 13. Konungleg umboðsskrá handa yfir-dýralækni prófessor Tscherning og skjalaverði Jóni Sigurðssyni, til að skipa fyrir í fjárkláðamálinu.

1859. 28. maí. 18. Br. D. til amtmannanna, um fjárkláðann.
4. júlí. 22. Br. D. til N. A., um að senda megi ókeypis með póstum skaðabætur fyrir fé það, sem skorið hefir verið í Húnavatnssýslu vegna fjárkláðans.
4. júlí. 23. Br. D. til N. A., um skaðabætur fyrir kúgildi klausturjarða.
28. júlí. 32. Br. D. til N. A., útaf umkvörtun Kristjáns Jónssonar í Stóradal um það, hvernig farið var að við hann í fjárkláðamálinu.
14. sept. 40. Almennar reglur, sem gilda skulu fyrst um sinn á Íslandi viðvíkjandi fjárkláðanum.
14. sept. 41. Reglugjörð fyrir dýralæknana Hansteen og Krause, meðan þeir dvelja á Íslandi sökum fjárkláða þess, sem þar gengur yfir.
14. okt. 44. Br. D. til St., um borgun til sýslumanna fyrir ferðir í kláðamálinu.
14. okt. 45. Br. D. til St., um það, hvort greiða megi til bráðabirgða úr jafnaðarsjóði amtsins skaðabætur fyrir niðurskurð.
17. okt. 52. Br. D. til St., um að setja nefnd í Reykjavík til umsjónar í fjárkláðamálinu.
25. nóv. 54. Reglugjörð fyrir nefnd þá í Reykjavík, sem skipuð er í fjárkláðamálinu, samkvæmt brèfi lögstjórans 17. október 1859.
1860. 14. jan. 1. Br. D. til fjárhagsnefndar ríkisþingsins, um 10,000 ríkisd. til fjárkláðans.
27. jan. 2. Br. D. til St., um bætur til sveitarsjóða í Rangárvallasýslu.
29. febr. 10. Br. D. til St., um nefnd þá í Reykjavík, sem sett var til umsjónar í fjárkláðamálinu.
20. apríl. 19. Br. D. til St., um nefnd, er sett var í fjárkláðamálinu.
29. maí. 24. Br. D. til N., um klögun Jónasar bónda Bjarnasonar á Rófu um aðferð þá, er höfð var í frammi við hann í fjárkláðamálinu.
31. maí. 25. Br. D. til N., um bætur fyrir nokkra forustusauði úr Borgarfjarðar sýslu.
30. ágúst. 48. Br. D. til St., um nefnd þá, er sett var í Reykjavík í fjárkláðamálinu, m. m.
28. des. 65. Br. D. til St., um þóknun til Hermanns Jónssonar málaflutningsmanns, fyrir skrifarastörf í nefnd þeirri, er sett var í fjárkláðamálinu.
28. des. 66. Br. D. til St., um þóknun til Benedikts Sveinssonar yfirdómara, fyrir skrifarastörf í nefnd þeirri, er sett var í Reykjavík vegna fjárkláðans.
28. des. 67. Br. D. til N. A., um gjaldfrest á skuld jafnaðarsjóðsins.
1861. 22. jan. 5. Br. K. til Stv., um endurreisn fallinna ásauðarkúgilda á lènskirknajörðum.
17. apríl. 18. Br. D. til N. A., um fjárverði vegna fjárkláðans.
1. júní. 21. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnleg-

um tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1859. (II. 3).
1861. 5. júlí. 30. Br. D. til St. um, að nefnd sú, er sett var í Reykjavík vegna fjárkláðans, skuli leyst frá starfa sínum.
27. ágúst. 49. Br. D. til St., um bænarskrá frá alþingi 1859, um endurgjald fjárvarðakostnaðar.
1862. 13. sept. 56. Br. D. til St., um ráðstafanir gegn fjárkláðanum.
1863. 6. maí. 30. Br. D. til St., um borgun fyrir kláðalyf.
7. maí. 33. Br. D. til St. og amtm. á Íslandi, um fjárverði til að varna útbreiðslu fjárkláðans.
8. júní. 40. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1861. (II. 2).
18. sept. 78. Br. D. til St., um fjárkláðamálið á alþingi.

Fólkstala.

1855. 15. maí. 19. Br. Std. til allra prófasta á Íslandi, um fólkstölu.
1860. 16. febr. 7. Br. Std. til allra prófasta á Íslandi, um fólkstölu.

Geymslufè.

1863. 20. okt. 83. Br. D. til Stv., um gjald fyrir geymslufè, er greitt var inn í jarðabókarsjóðinn.

Gjafir.

1859. 9. maí. 11. Br. K. til Stv., um gjöf Kelsalls til bókhlöðuhúss handa skólanum.
3. sept. 38. Br. D. til V., um gjafakorn til Snæfellsnessýslu.
17. okt. 53. Br. K. til Stv., um gjöf Kelsalls.
1860. 17. apríl. 15. Br. K. til Stv., um fèstyrk til „Flateyjar framfarafèlags."
19. nóv. 61. Br. K. til Stv., um bókagjafir til „Flateyjar framfarastofnunar."
1861. 9. júlí. 39. Br. K. til Stv., um gjöf Kelsalls til bókhlöðubyggingar.

Greptrun framliðinna.

1854. 22. sept. 16. Br. D. til N. A., um greptrun manns, er hafði farið sèr sjálfum.
1863. 23. júlí. 64. Br. K. til sýslum. á Vestmannaeyjum, um flutning á líki.

Gufuskipaferðir, sjá Póstgöngur.

Helgar, helgidagahald.

1855. 28. marz. 9. Tilskipun um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.
1856. 8. marz. 3. Br. D. til St., um þýðingu annarar greinar í helgidagatilskipun 28. marzm. 1855.
1860. 26. sept. 52. Opið brèf, viðvíkjandi breyting á tilsk. 28. marzm. 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.

Hjúskapur.

1863. 8. sept. 71. Br. D. til V., um hjónaskilnað að borði og sæng.

Hússtjórn, húsbændur og hjú.

1855. 9. júní. 29. Br. til konungsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um hússtjórnarlögin.
1863. 26. maí. 35. Tilskipun um lausamenn og húsmenn.
28. maí. 37. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um borgun handa nefnd þeirri, er samdi frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi.

Iðnaður.

1860. 24. sept. 51. Br. D. til N. A., um styrk handa Þórarni Finnbogasyni til að kaupa fyrir smíðatól.
9. okt. 55. Br. D. til V., um prjónavefstað handa Ólafi bónda Guðmundssyni á Einarsnesi.
1861. 1. júní. 22. Br. D. til St., um styrk handa Ólafi Guðmundssyni á Einarsnesi til að kaupa prjónavefstað.
31. okt. 77. Br. D. til St., um hlutdeild Íslendinga í gripasýning í Lundúnaborg.

Íslenzk tunga.

1854. 14. júlí. 11. Br. I. til St. og amtmannanna á Íslandi, um að brèf og annað til stjórnarráðanna eigi að vera á dönsku eður með danskri útlegging.
1855. 22. marz. 6. Konungsúrskurður um staðfesting á útlegging laganna, sem gefin eru fyrir Ísland.
7. júní. 26. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess á fundinum 1853 (II. 4).
18. okt. 44. Br. I. til N. A. um málið á skjölum, sem send eru til stjórnarinnar.
22. des. 48. Br. D. til amtmannanna á Ísl., um stefnur til hæstaréttar.
1857. 27. maí. 12. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1855 (II. 9. um vitnisburði um kunnáttu í íslenzku.)

1857. 30. júní. 18. Br. K. til Stv., um vitnisburði um kunnáttu í íslenzku.
1859. 27. maí. 17. Konungleg anglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1857. (II. 1, um undirskript hins íslenzka texta laganna).
1860. 20. apríl. 20. Br. D. til St., um danska þýðing alþingistíðindanna.
1861. 12. sept. 64. Br. D. til St., um danska þýðing alþingistíðindanna.
1862. 22. jan. 75. Br. D. til St., um danska þýðing alþingistíðindanna (í viðbæti við árið 1862).
11. júlí. 43. Br. D. til St., um danska þýðing alþingistíðindanna.
31. júlí. 77. Br. D. til K., um próf í íslenzku (í viðbæti við árið 1862).
1863. 8. febr. 4. Konungsúrskurður um próf í íslenzkri tungu.
4. maí. 29. Br. D. til Stv., um próf í íslenzkri tungu.

Jarðamat.

1855. 5. júní. 25. Br. I. til konungsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um jarðamatið.
27. sept. 43. Br. I. til B., um jarðamatsnefndina.
1857. 30. maí. 14. Br. D. til konungsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um jarðamatið.
1859. 27. maí. 17. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1857. (272 bls.).
1861. 1. apríl. 15. Tilskipun um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.
1. apríl. 16. Opið brèf um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi og til bráðabirgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands.
1862. 19. nóvbr. 73. Br. D. til St. og amtmannanna á Íslandi, um endurgjald jarðamatskostnaðar.
1863. 8. júní. 40. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1861. (II. 13).

Jarðarkúgildi, jarðarafgjöld.

1859. 4. júlí. 23. Br. D. til N. A., um skaðabætur fyrir kúgildi klausturjarðar.
9. júlí. 26. Br. D. til N. A., um leigu af kúgildum á nokkrum klausturjörðum.
13. júlí. 28. Br. K. til Stv., um kúgildi á kirkjujörðum.
15. sept. 42. Br. D. til V., um linun í afgjaldi af konungsjörðum á Vesturlandi.
1860. 25. júní. 38. Br. D. til Stv., um bygging á Bessastöðum.
1861. 22. janúar. 5. Br. K. til Stv., um endurreisn fallinna ásauðarkúgilda á lènskirknajörðum.
5. júlí. 34. Br. D. til N. A., um hús keypt á umboðsjörð.

1861. 19. ágúst. 46. Br. D. til St., um linun í jarðarafgjaldi af klausturjörðinni Klauf.
31. oktbr. 73. Br. D. til V., um lækkun á afgjaldi af jörðinni Kárastöðum sökum skemmda.
1862. 31. maí. 34. Br. D. til St., um lækkun á afgjaldi af jörðinni Eystri Dalbæ.
6. septbr. 51. Br. D. til St., um festugjald af jörðum á Vestmannaeyjum.
1863. 19. febr. 10. Br. D. til N. A., um silfurbergsnámann í Helgustaða fjalli.
3. marz. 18. Br. D. til St., um uppboð á hörðum fiski, sem áskilinn er í landskuld af jörðum á Vestmannaeyjum.
7. maí. 34. Br. D. til N. A., um jarðarafgjöld af nýbýlinu Brattagerði.
8. júlí. 47. Br. K. til Stv., um uppbót fyrir fallin ásauðarkúgildi á lènskirknajörðum.
13. oktbr. 81. Br. D. til V., um linun í afgjaldi af konungsjörðum á Vesturlandi.
30. nóv. 91. Br. D. til N. A., um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli.
3. des. 92. Br. D. til St., um eiganda að timburhúsi á Löndum á Vestmannaeyjum.
8. des. 93. Br. D. til St., um lækkun á afgjaldi af jörðinni Grímsstöðum.

Kaupskapur sjá Verzlun.

Kaupstaðir, sjá Akureyri, Reykjavík, Verzlun.

Kirkjur, kirknaeignir m. m. smbr. Brauð, Prestar.

1857. 25. apríl. 9. K. til St., um að leggja megi niður Eyjadalsár kirkju m. fl.
1858. 13. febr. 3. Br. K. til Stv., um afsalsbrèf til Reykjavíkur kaupstaðar fyrir jörðinni Hlíðarhúsum.
1859. 19. ágúst. 37. Br. K. til Stv., um leyfi fyrir eigendur Skálholts kirkju til að kaupa konungleg skuldabrèf fyrir fè kirkjunnar.
24. des. 56. Br. K. til B., um leyfi til að byggja kirkju á Hólsfjöllum eður Neðrifjöllum í Þingeyjar sýslu.
1860. 9. júlí. 41. Br. K. til Stv., um kirkjubygging á Akureyri m. m.
1861. 22. jan. 5. K. til Stv., um endurreisn fallinna ásauðarkúgilda á lènskirknajörðum.
13. febr. 6. Br. D. til Stv., um prestsmötu af Langholts kirkju.
26. febr. 10. Br. K. til Stv., um lán til kirkjubyggingar á Eyri í Ísafjarðarsýslu.
5. júlí. 33. Br. D. til St., um ljóstoll til kirkju.
12. sept. 59. Br. D. til N. A., um kirkjugarð við Möðruvalla klausturs kirkju.

1861. 31. okt. 74. Br. D. til endurskoðunarstjórnardeildar konungsríkisins, um hvort biskup sè skyldur að greiða ljóstoll til kirkju.
31. okt. 75. Br. D. til Stv., um jarðaskipti á Viðvík og Hjaltastöðum m. m.
31. okt. 76. Br. D. til N. A., um sama efni.
1862. 22. febr. 10. Br. K. til Stv., um sölu á kirkjujörðinni Seli.
22. febr. 11. Br. K. til Stv., um sölu á kirkjujörðinni Eyríksstöðum.
2. júní. 35. Br. D. til St., um aðgjörð á stólum í Bessastaða kirkju.
1863. 19. febr. 12. Br. K. til Stv., um messugjörð í Viðey.
10. marz. 21. Br. D. til V., um útásetningar við reikninga kirkjunnar á Ingjaldshóli.
6. júlí. 46. Br. D. til V., um tíundargjald af kirkjujörðum m. m.
8. júlí. 47. Br. K. til Stv., um uppbót fyrir fallin ásauðarkúgildi á lènskirknajörðum.
10. júlí. 52. Br. D. til V., um skuld Sigurðar Jacobsens til kirkjunnar á Ingjaldshóli.
8. des. 94. Br. K. til B., um skuld kirkjunnar í Einholti til sóknarprestsins.
8. des. 95. Br. K. til B., um skuld kirkjunnar á Desjarmýri til sóknarprestsins.

Lagaskóli, Lögfræðingaskóli, sjá Skólar.

Lán, smbr. Skuldir.

1859. 16. febr. 2. Br. D. til St., um lán til að byggja þinghús á Vestmannaeyjum.
19. ágúst. 35. Br. D. til St., um 400 ríkisdala lán til bæjarsjóðsins í Reykjavík.
13. sept. 39. Br. D. til hins setta sýslumanns í Húnavatnssýslu, um kornlán.
11. okt. 43. Br. D. til sýslumannsins í Skagafjarðar sýslu, um kornlán.
17. okt. 51. Br. D. til St., um fèstyrk til Borgarfjarðar- og Gullbringusýslu.
1860. 31. maí. 28. Br. D. til N. A., um gjaldfrest á láni, er jafnaðarsjóði amtsins hafði verið veitt.
12. sept. 50. Br. D. til V., um kornlán til Snæfellsnessýslu.
28. des. 67. Br. D. til N. A., um gjaldfrest á skuld jafnaðarsjóðsins.
1861. 26. febr. 10. Br. K. til Stv., um lán til kirkjubyggingar á Eyri í Ísafjarðar sýslu.
5. júlí. 38. Br. D. til N. A., um skil fyrir láni, er veitt var Skagafjarðar sýslu.
30. ágúst. 54. Br. D. til St., um lán handa Reykjavíkur bæ.

1861. 12. sept. 61. Br. D. til St., um lán af kollektusjóðnum sökum dýrtíðar.
12. sept. 62. Br. D. til V., um kornlán til Snæfellsnessýslu.
12. sept. 63. Br. D. til V., um kornlán.
1862. 24. okt. 61. Br. D. til V., um korn, er sent var til Snæfellsnessýslu.
1863. 28. febr. 17. Br. D. til St., um lán til að setja upp girðing við Orfirisey.
10. marz. 20. Br. D. til St., um leyfi til að fá lán handa Reykjavíkur bæjarsjóði.
5. sept. 70. Br. D. til St., um uppgjöf á láni, er varið hafði verið til að koma upp þinghúsi og fangahúsi á Vestmannaeyjum.
10. sept. 75. Br. D. til V., um frest með borgun fyrir korn.
20. okt. 82. Br. D. til þeirra Kochs og Hendersons, útgjörðarmanna gufuskipsins, um fèlán til að kaupa skip fyrir.
30. nóv. 89. Br. D. til N. A., um borgun fyrir korn, er lánað hafði verið íbúunum í Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu.
30. nóv. 90. D. til St., um borgun á láni, er Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði verið veitt.

Landbúnaður.

1855. 30. apríl. 11. Br. I. til hins konunglega landbústjórnarfèlags, um styrk til akuryrkjumanna.
1859. 17. okt. 50. Br. D. til St., um skozka plóga handa Borgarfjarðarsýslu.
1860. 31. maí. 29. Br. D. til N. A., um styrk til að ala upp svín.
12. okt. 59. Br. D. til N. A., um íslenzka þýðing af riti Guénon's um mjólkurkýr.
28. des. 68. Br. D. til St., um uppástungur um styrk til umbóta á fjárræktinni á Íslandi m. m.
1861. 11. júlí. 41. Br. D. til N. A., um styrk til jarðabóta.
9. ágúst. 43. Br. D. til St., um „Litla varningsbók".

Landsyfirrèttarinn, sjá Dómar, dómsmál.

Laun embættismanna, sjá Embættismenn, Prestar.

Læknaskipun, smbr. Sóttvarnir.

1855. 14. maí. 18. Br. I. til N. A., um lögreglustjórn á Akureyri og læknisumsjón á Eskifirði.
29. maí. 21. Br. D. til N. A., um lækningar „homöopatha".
1856. 30. apríl. 11. Br. Std. til St. og amtm. á Íslandi, um kennslu kvenna í yfirsetufræði.
20. maí. 14. Br. D. til St., um fæðingarhús á Vestmannaeyjum.
19. júlí. 19. Br. D. til N. A., um lækningar „homöopatha".

1856. 3. nóv. 21. Br. D. til St., um meðalasölu hèraðslækna á Íslandi.
11. des. 25. Br. D. til St., um styrk úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins til að kaupa fyrir meðöl handa holdsveikum í Gullbringusýslu.
1857. 31. marz. 7. Br. D. til St., um meðalasölu „homöopatha".
1858. 11. maí. 11. Br. D. til N. A., um ferðakaup læknis.
23. júlí. 21. Br. D. til St., um fæðingarhúsið á Vestmannaeyjum.
1859. 27. maí. 17. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1857. (II. 9.)
9. águst. 33. Br. D. til K., um læknaskipun á Íslandi og styrk handa íslenzkum læknaefnum.
31. des. 57. Br. D. til K., um styrk handa íslenzkum læknaefnum við háskólann í Kaupmannahöfn.
1860. 23. júlí. 44. Br. D. til K., um styrk handa íslenzkum læknaefnum.
31. ágúst. 49. Br. D. til St., um kennslu aðstoðarlækna.
1861. 13. febr. 8. Br. D. til V., um lækni í Ísafjarðarsýslu.
1. júní. 21. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1859. (II. 15.)
9. sept. 58. Br. K. til Stv., um læknislyf handa stúdentum á prestaskólanum.
20. sept. 66. Br. D. til St., um borgun fyrir læknisáhöld handa landlækni.
1. nóv. 78. Br. D. til St., um borgun til hèraðslækna fyrir bólusetning.
1862. 12. sept. 55. Br. D. til amtmannanna á Íslandi, um kennslu í læknisfræði hjá landlækni á Íslandi.
1863. 14. febr. 8. Br. D. til Stv., um eignir spítalanna og tekjur þeirra.
24. marz. 26. Opið brèf um spítalahlutina á Vestmannaeyjum.
20. apríl. 27. Br. D. til St., um þóknun handa yfirsetukonu á Vestmannaeyjum fyrir aðstoð þá, er hún veitir hinum sjúku.
30. apríl. 28. Br. D. til St., um styrk handa H. Krabbe, dr. med., til að rannsaka sullaveikina á Íslandi.
28. maí. 36. Br. D. til St., um kennslu í læknisfræði hjá landlækni á Íslandi.
8. júní. 40. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1861. (II. 4.)
19. júní. 45. Br. D. til St., um þóknun til læknis.
2. sept. 67. Br. D. til H. Krabbe, doctor medicinæ, um styrk til að ferðast á Íslandi til að rannsaka sullaveikina.
2. sept. 68. Br. D. til N. A., um bænarskrá hèraðslæknis um húsaleigustyrk.
18. sept. 77. Br. D. til St., um að setja Þorvald Jónsson, kandídat í læknisfræði, fyrir hèraðslækni í hinu nyrðra læknishèraði vesturumdæmisins.

Löggilding danskra lagaboða.

1855. 9. maí. 13. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi opið brèf 17. febrúar 1847 um borgun fyrir málaflutningsmenn við hæstarètt í þeim dómsmálum, sem þeir þar verja.

9. maí. 14. Opið brèf, sem lögleiðir á Íslandi lög 25. apríl 1850, er tiltaka, að auglýsingar þær, sem áður var boðið, þegar svo stóð á, að birta í Altónaborgar „Mercur", Hamborgar-blöðum og kaupmannahúsi Hamborgar, skuli ekki framar eiga sèr stað.

9. maí. 15. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi lög 29. desember 1850, um það hvernig beita skuli hinum ýmislegu tegundum hegningarvinnu.

9. maí. 16. Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi með nokkrum breytingum lög 3. janúar 1851 um prentfrelsi.

31. maí. 22. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi lög 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna og þesskonar, sem og um borgun slíkra launa fyrirfram.

31. maí. 23. Opið brèf, sem lögleiðir á Íslandi með nokkrum breytingum lög 5. janúar 1851 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag.

31. maí. 24. Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. janúar 1851 um eptirlaun.

9. júni. 31. Br. D. til konungsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um lögleiðing almennra laga á Íslandi.

1857. 6. jan. 1. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 5. apríl 1850, um að útlendir Gyðingar megi setjast að í ríkinu.

1859. 27. maí. 14. Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 6. apríl 1855, er gjöra leiguburð af peningum frjálsan í vissum tilfellum og breyta straffi fyrir okur m. m.

27. maí. 15. Opið brèf, um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsingum í blöðunum í vissum tilfellum.

27. maí. 16. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi lög 13. september 1855, sem leyfa dönskum skipurum að ráða útlenda menn á skip sín.

1861. 4. jan. 1. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857 áhrærandi nákvæmari ákvarðanir um betrunarhúsvinnu.

4. jan. 2. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857 um innkallanir í búum.

4. jan. 3. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi lög 29. desember 1857 um myndugleik kvenna.

1. júní. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1859. (I.)

1861. 1. júni. 23. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um dönsk lagaboð.
1862. 29. ágúst. 47. Opið brèf, er löggildir á Íslandi lög 21. janúarm. 1857 um hegning fyrir illa meðferð á skepnum.

Lögreglustjórn.

1855. 14. maí. 18. Br. I. til N. A., um lögreglustjórn á Akureyri og læknisumsjón á Eskifirði.
1857. 21. marz. 6. Br. D. til N. A., um lögreglugæzlu á Akureyri.
1861. 13. febr. 7. Br. D. til St., um kostnað til næturvarða í Reykjavík.
1863. 10. marz. 24. Br. D. til St., um lögregluþjóna í Gullbringusýslu.
13. júlí. 62. Br. D. til St., um laun lögregluþjóna í Reykjavík m. m.

Námar.

1863. 19. febr. 10. Br. D. til N. A., um silfurbergsnámann í Helgustaðafjalli.
30. nóv. 91. Br. D. til N. A., um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli.

Náttúruvísindi.

1857. 3. júní. 16. Br. D. til St., um styrk til þess að skoða steinategundir í suðurumdæminu.
1862. 8. febr. 5. Br. K. til St., um ferðastyrk handa náttúrufræðingi.

Ómyndugir, sjá Fjárforráð.

Peningar.

1854. 12. apríl. 2. Br. I. til St., um gangverð á útlendum peningum á Íslandi.
1857. 27. maí. 12. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1855. (1. 7. málsgrein.)
1859. 27. maí. 14. Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 6. apríl 1855, er gjöra leiguburð af peningum frjálsan í vissum tilfellum og breyta straffi fyrir okur m. m.
1860. 30. júlí. 45. Auglýsing frá fjárhagsstjórninni um innlausn spesíufimmtunga (ríkisorta) eður tuttugu og fjögra skildinga peninga í dönskum kúranti á Íslandi.

Póstgöngur.

1855. 19. okt. 45. Br. I. til N. A., um nýja brèfberaferð milli Reykjavíkur og Akureyrar.
1857. 11. apríl. 8. Br. D. til V., um fjölgun hinna reglulegu póstferða í vesturumdæminu.

1857. 27. maí. 12. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1855. (II. 3.)
26. ágúst. 22. Br. D. til N. A., um póstafgreiðsluna á Akureyri.
11. des. 25. Br. D. til St., um brèfburðarkaup fyrir brèf þau, sem koma til Íslands frá útlöndum.
1858. 6. maí. 9. Br. D. til N. A., um póstgöngur.
1859. 30. apríl. 10. Br. D. til St., um póstgöngur.
27. maí. 17. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1857 (270—271 bls.).
4. júlí. 22. Br. D. til N. A., um að senda megi ókeypis með póstum skaðabætur fyrir fè það, sem skorið hefir verið í Húnavatnssýslu vegna fjárkláðans.
1860. 4. febr. 5. Samningur milli dómsmálastjórnarinnar og konsúls og stórkaupmanns C. P. A. Kochs í Kaupmannahöfn um póstgufuskipsferðir milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands árið 1860.
31. maí. 27. Br. D. til N. A., um skaðabætur til norðanpóstsins.
2. júní. 30. Br. D. til N. A., um póstferðir.
9. júlí. 43. Br. D. til N. A., um þóknun handa Jóni presti Hallssyni og Ólafi dannebrogsmanni Jónssyni fyrir póstafgreiðslu í Skagafjarðar og Húnavatns sýslum.
8. des. 63. Br. D. til bæjarstjórnarinnar í Kaupmannahöfn, um brèfburðareyri fyrir póstskipsbrèf frá Íslandi 1859.
1861. 23. apríl. 19. Br. D. til fjárstjórnarinnar, um póstmálefni Íslands. (Þar með: Frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um sendingar með póstum.)
1862. 2. júní. 36. Br. D. til St., um borgun fyrir afgreiðslu pósts í Skaptafellssýslu.
1863. 13. febr. 6. Samningur milli dómsmálastjórnarinnar og stórkaupmannanna Kochs og Hendersons, um gufuskipsferðir milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands.
— Áætlun um ferðir gufupóstskipsins „Arcturus" árið 1863.
8. júní. 40. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1861. (731. bls.)
9. sept. 73. Br. D. til N. A., um borgun handa Jóni Daníelssyni á Fallandastöðum fyrir að afgreiða póst í Hrútafirði.

Prentsmiðjur.

1855. 7. júní. 26. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1853. (II. 11).
9. júní. 30. Br. D. til Stv., um prentsmiðjuna.
1860. 12. okt. 60. Br. D. til N. A., um skaðabætur til stiptsprentsmiðjunnar í Reykjavík.

1862. 11. apríl. 25. Br. D. til Stv., um fè, er verja megi til nýársgleði handa vinnumönnum prentsmiðjunnar í Reykjavík.
11. ágúst. 45. Br. D. til Stv., um rètt forstöðumanns prentsmiðjunnar til borgunar fyrir eptirlit með aukavinnu.

Prestar, prestastètt, smbr. Brauð, Kirkjur.

1854. 13. okt. 20. Br. Std. til N. A., um borgun fyrir veitingarbrèf.
28. nóv. 21. Br. I. til N. A., um að stúdent skuli skyldur að gjalda þinggjöld.
1855. 13. júní. 32. Br. I. til fjárstjórnarráðsins, um djáknapeninga.
29. ágúst. 41. Br. K. til B., um djáknapeninga á Reynistaðar klaustri.
13. sept. 42. Br. K. til St., um tekjur af Staðarbakka.
1856. 12. apríl. 6. Br. K. til B., um ferming mál- og heyrnarlausrar stúlku.
1858. 13. febr. 3. Br. K. til Stv., um afsalsbrèf til Reykjavíkur kaupstaðar fyrir jörðinni Hlíðarhúsum.
1859. 25. febr. 5. Br. K. til Stv., um þóknun fyrir prestsverk við hinn lærða skóla.
14. okt. 46. Br. K. til Stv., um gjald af brauðum til uppgjafapresta og prestaekkna.
1861. 13. febr. 6. Br. D. til Stv., um prestsmötu af Langholts kirkju.
26. febr. 9. Br. K. til Stv., um styrktarfè prestaekkna.
26. febr. 10. Br. K. til Stv., um lán til kirkjubyggingar á Eyri í Ísafjarðarsýslu.
3. júlí. 27. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum.
31. okt. 74. Br. D. til endurskoðunarstjórnardeildar konungsríkisins, um það hvort biskup sè skyldur að greiða ljóstoll til kirkju.
1862. 8. febr. 6. Br. K. til Stv., um úthlutun á styrktarfè prestaekkna.
9. apríl. 21. Br. K. til Stv., um skyldu kandídats frá prestaskólanum til að þiggja Grímseyjar brauð.
26. maí. 31. Br. K. til Stv., um skyldu kandídata frá prestaskólanum í Reykjavík til að taka á móti fátækum brauðum.
1863. 13. febr. 7. Br. K. til Stv., um prestvígslu manna, sem ekki eru orðnir fullmyndugir.
19. febr. 12. Br. K. til Stv., um messugjörð í Viðey.
28. febr. 16. Br. K. til Stv., um árgjald af brauðum til styrks handa uppgjafaprestum og prestaekkjum.
6. júlí. 46. Br. D. til V., um tíundargjald af kirkjujörðum m. m.
8. júlí. 47. Br. K. til Stv., um uppbót fyrir fallin ásauðarkúgildi á lènskirknajörðum.
10. júlí. 49. Br. K. til Stv., um borgun til prófasta fyrir úttekt á brauðum.
11. júlí. 54. Br. D. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.
8. des. 94. Br. K. til B., um skuld kirkjunnar í Einholti til sóknarprestsins.

1863. 8. des. 95. Br. K. til B., um skuld kirkjunnar á Desjarmýri til sóknarprestsins.

Prestaskóli, sjá Skólar.

Rafsegulþráður.

1854. 16. águst. 12. Leyfisbréf fyrir Tal. P. Shaffner frá ríkinu Kentucky í Sambandsríkjunum í norðurhluta Vesturálfu til að leggja og nota rafsegulþráð frá norðurhluta Vesturálfu til Kaupmannahafnar.
1860. 18. apríl. 16. Br. fjárhagsstjórnarinnar til D., um rafsegulþráð milli Íslands, Færeyja og Grænlands.
9. júní. 31. Opið bréf frá D. til yfirvalda á Færeyjum og Íslandi, um ferð Sir Leopold Mc. Clintocks skipstjóra m. fl.
20. júní. 34. Opið bréf frá D. til yfirvalda á Færeyjum og Íslandi, um ferð Allen Young's skipstjóra í norðurhöfin.
1863. 8. júní. 40. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1861. (II. 15.)

Reikningar.

1855. 7. júní. 26. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1853. (II. 11).
9. júní. 30. Br. D. til Stv., um prentsmiðjuna.
1857. 27. maí. 12. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1855. (II. 10).
1861. 21. marz. 14. Br. D. til St., amtmanna og Stv., um auglýsing á reikningum opinberra sjóða og stofnana.
1. júní. 21. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1859.
5. júlí. 31. Br. D. til St. og amtm. á Íslandi, um tekjur, er sýslumenn greiða í jarðabókarsjóðinn eður í aðalfèhirzlu ríkisins.
27. apríl. 50. Br. D. til N. A., um auglýsing reikninga.
4. sept. 57. Br. D. til St., um hvenær landfógeti, sýslumenn og umboðsmenn skuli senda reikninga sína.
1863. 17. ágúst. 65. Br. D. til N. A., um skil fyrir sýslugjöldum og um sýslureikninga.
29. des. 98. Br. K. til Stv., um reikninga stiptsbókasafnsins í Reykjavík.

Reki.

1854. 31. des. 25. Br. I. til St., um sölu á rekapartinum Kóngsvík.

1858. 14. sept. 25. Br. K. til Stv., um „Fjórðungafjöru".
24. des. 33. Br. D. til Stv., um vogrek.
1862. 9. apríl. 23. Br. D. til N. A., um eignarrètt til reka.
30. maí. 32. Br. D. til N. A., um rekapart á Grjótnesi.

Reykjavík.

1854. 16. maí. 5. Br. I. til St., um tíundargjald af Viðey til Reykjavíkur dómkirkju.
28. sept. 17. Br. I. til St., um bæjarstjórnina í Reykjavík.
1855. 12. maí. 17. Br. I. til St., um verðlagsskrá og hafnargjald í Reykjavík.
6. júlí. 38. Br. I. til St., um sóttvarnir í Reykjavík.
1856. 27. júní. 17. Úr br. D. til St., um sölu áfengra drykkja.
1857. 30. júní. 18. Br. D. til St., um kosning bæjarfulltrúa í Reykjavík.
1858. 13. febr. 3. Br. K. til Stv., um afsalsbrèf til Reykjavíkur kaupstaðar fyrir jörðinni Hlíðarhúsum.
30. júní. 18. Br. D. til St., um hafnargjald í Reykjavík.
1859. 13. júlí. 27. Br. D. til St., um umkvörtun fjögra bæjarfulltrúa í Reykjavík yfir formanni sínum, skólakennara Halldóri Kr. Friðrikssyni.
19. ágúst. 35. Br. D. til St., um 400 ríkisdala lán til bæjarsjóðsins í Reykjavík.
1860. 20. apríl. 18. Br. D. til St., um höfnina í Reykjavík.
26. sept. 53. Opið brèf um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík.
11. okt. 57. Br. D. til St., um veitingahús í Reykjavík.
12. des. 64. Tilskipun um stofnun barnaskóla í Reykjavík.
1861. 13. febr. 7. Br. D. til St., um kostnað til næturvarða í Reykjavík.
21. júní. 24. Br. D. til St., um tillag nokkurra manna til bæjarsjóðs Reykjavíkur kaupstaðar.
5. júlí. 29. Br. D. til St., um bryggju í Reykjavík.
5. júlí. 35. Br. D. til St., um leyfisbrèf til að hafa veitingahús í Reykjavík.
19. ágúst. 45. Br. D. til St., um bæjarfulltrúakosning í Reykjavík.
30. ágúst. 51. Br. D. til St., um gjaldheimtu af tómthúsum á Arnarhóls lóð.
30. ágúst. 54. Br. D. til St., um lán handa Reykjavíkur bæ.
1862. 27. febr. 13. Br. D. til St., um tillag til Reykjavíkur bæjarsjóðs.
28. febr. 76. Br. D. til St., um hafnartaxta í Reykjavík (í viðbæti við árið 1862).
10. maí. 27. Br. D. til St., um lán handa Reykjavíkur bæjarsjóði.
31. maí. 33. Br. D. til St., um lán handa bæjarsjóðnum í Reykjavík.
11. júlí. 38. Br. D. til St., um sölu á Melkotstúni, er var eign Reykjavíkur bæjar.
11. júlí. 42. Br. D. til St., um laun organistans við dómkirkjuna í Reykjavík.
5. sept. 49. Br. D. til St., um hvort greiða skuli hafnartoll í Reykjavík fyrir póstskipið.

1862. 24. okt. 63. Br. D. til St., um útvísun hússtæðis í Reykjavík.
27. okt. 67. Br. K. til Stv., um reglugjörð fyrir barnaskólann í Reykjavík og instrúx handa kennurunum við skóla þenna.
27. okt. 68. Reglugjörð fyrir barnaskólann í Reykjavík.
27. okt. 69. Instrúx fyrir kennarana við barnaskólann í Reykjavík.
1863. 30. jan. 3. Br. D. til St., um hafnargjöld í Reykjavík.
10. marz. 20. Br. D. til St., um leyfi til að fá lán handa Reykjavíkur bæjarsjóði.
10. júlí. 53. Br. D. til St., um vegabótagjald af Reykjavíkurbæ og vegabætur þar.
13. júlí. 58. Br. D. til St., um þóknun handa hafnsögumönnum í Reykjavík.
15. júlí. 62. Br. D. til St., um laun lögregluþjóna í Reykjavík m. m.
5. sept. 69. Br. D. til St., um hvort gufupóstskipið skuli greiða hafnartoll, vatnstoll og hafnsögugjald í Reykjavík.

Ríkisskuldabrèf, sjá Skuldir.

Sakamál, hegning, m. m.

1855. 9. maí. 15. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi lög 29. desemberm. 1850, um það, hvernig beita skuli hinum ýmislegu tegundum hegningarvinnu.
6. júlí. 35. Br. D. til St., um fæðiseyri fanga.
1858. 25. júní. 17. Br. D. til N. A., um borgun handa lægri dómandanum í landsyfirdóminum úr jafnaðarsjóðnum fyrir skriffönig til danskra þýðinga á dómskjölum í glæpamálum.
9. nóv. 31. Br. D. til amtmanna á Íslandi, um dómstefnur glæpamála. (Neðanmáls-umburðarbrèf 21. júním. 1858).
1859. 13. des. 55. Br. D. til St., um flutning sakamanna til Danmerkur.
1860. 22. júní. 37. Br. D. til N. A., um kostnað við að handsama og flytja Guðmund Guðmundsson „kíkir".
1861. 4. jan. 1. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857 áhrærandi nákvæmari ákvarðanir um betrunarhúsvinnu.
5. júlí. 37. Br. D. til St., um kostnað við að senda fanga til átthaga sinna.
1862. 29. ágúst. 47. Opið brèf, er löggildir á Íslandi lög 21. janúarmán. 1857, um hegning fyrir illa meðferð á skepnum.
12. sept. 54. Br. D. til V., um hegning Gísla Jónssonar á Saurum.
1863. 16. febr. 9. Br. D. til V., um hegning Gísla Jónssonar á Saurum.
13. júlí. 63. Br. D. til V., um hegning Gísla Jónssonar á Saurum.
31. okt. 88. Br. D. til St., um að málssókn móti Jörgen Guðmundssyni megi niðurfalla.

Skattar og álögur.

1854. 15. apríl. 3. Lög um siglingar og verzlun á Íslandi.
16. maí. 4. Br. I. til N. A., um beiðni Húnvetninga að sleppa við að gjalda alþingisskatt.
16. maí. 5. Br. I. til St., um tíundargjald af Viðey til Reykjavíkur dómkirkju.
14. okt. 19. Br. D. til St., um skipgjald.
28. nóv. 21. Br. I. til N. A., um að stúdent skuli skyldur að gjalda þinggjöld.
1855. 24. marz. 8. Auglýsing frá innanríkisstjórninni um aukagjald fyrir sum utanríkisskip, sem sigla til Íslands. (smbr. umburðarbréf 15. júní og auglýsing 11. ágúst 1855).
30. apríl. 12. Br. I. til St., um skatt í Gullbringusýslu.
1856. 2. apríl. 5. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um aukagjald fyrir sum utanríkisskip, sem sigla til Íslands. (smbr. Auglýs. D. 7. júlí og 19. nóv. 1856, 6. júlí og 8. okt. 1858, 30. jan. 1860, 25. ágúst 1862 og 11. júlí 1863).
24. nóv. 24. Opið bréf um það, hvernig greiða skuli kostnað þann, er þarf til að framfylgja lögum 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi.
1857. 9. maí. 11. Br. D. til St. og amtm. á Íslandi, um að rita hafskip þau, sem eiga heima á Íslandi, í skipaskrár.
1860. 26. maí. 22. Br. D. til V., um mótþróa móti gjaldi til jafnaðarsjóðsins.
26. sept. 53. Opið bréf um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík.
12. okt. 58. Br. D. til N. A., um tekjur, er standa inni hjá sýslumönnum.
23. nóv. 62. Br. D. til St. og amtmanna á Íslandi, um hvernig taka skuli skatt.
1861. 1. apríl. 16. Opið bréf um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi og til bráðabirgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands.
1. júní. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1859. (II. 12).
5. júlí. 31. Br. D. til St. og amtm. á Ísl., um tekjur, er sýslumenn greiða í jarðabókarsjóðinn eður í aðalfèhirzlu ríkisins.
5. júlí. 33. Br. D. til St., um ljóstoll til kirkju.
30. ágúst. 51. Br. D. til St., um gjaldheimtu af tómthúsum á Arnarhóls lóð.
31. okt. 74. Br. D. til endurskoðunarstjórnardeildar konungsríkisins, um það, hvort biskup sè skyldur að greiða ljóstoll til kirkju.
1862. 28. febr. 76. Br. D. til St., um hafnartaxta fyrir Reykjavík (í viðbæti við árið 1862).

1862. 5. sept. 49. Br. D. til St., um hvort greiða skuli hafnartoll í Reykjavík fyrir póstskipið.
24. okt. 62. Br. D. til St., um bænarskrá um gjafsókn í máli útaf skattheimtu.
19. nóv. 73. Br. D. til St. og amtmannanna á Íslandi um endurgjald jarðamatskostnaðar.
1863. 30. jan. 3. Br. D. til St., um hafnargjöld i Reykjavík.
23. febr. 13. Br. D. til St., um manntalsþingagjöld í Gullbringusýslu og í Reykjavíkur kaupstað.
28. febr. 14. Br. D. til St., um aukaútsvar fyrir skólahúsið, landsyfirréttarhúsið og stiptamtmannshúsið í Reykjavík.
28. febr. 16. Br. K. til Stv., um árgjald af brauðum til styrks handa uppgjafaprestum og prestaekkjum.
6. júlí. 46. Br. D. til V., um tíundargjald af kirkjujörðum m. m.
17. ágúst. 65. Br. D. til N. A., um skil fyrir sýslugjöldum og um sýslureikninga.
5. sept. 69. Br. D. til St., um hvort gufupóstskipið skuli greiða hafnartoll, vatnstoll og hafnsögugjald í Reykjavík.

Skógar.

1860. 21. júní. 36. Br. K. til Stv., um skemmdir á skógi.

Skólar, kennsla, skólavísindi.

1854. 23. marz. 1. Br. K. til Stv., um kennslu í forspjallsvísindum í prestaskólanum o. s. frv.
28. ágúst. 13. Br. K. til Stv., um uppástungu skólameistarans í Reykjavík.
1855. 13. des. 46. Br. K. til Stv., um kennslu í forspjallsvísindum.
1859. 25. febr. 5. Br. K. til Stv., um þóknun fyrir prestsverk við hinn lærða skóla.
27. maí. 17. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1857. (II. 5).
17. ágúst. 34. Br. D. til lögfræðisdeildarinnar við Kaupmannahafnar háskóla, um kennslu í íslenzkri lögfræði.
1860. 17. febr. 8. Br. K. til Stv., um ölmusur til prestaskólans í Reykjavík.
12. des. 64. Tilskipun um stofnun barnaskóla í Reykjavík.
1861. 3. júlí. 25. Br. K. til Stv., um styrk til að gefa út kennslubók í kirkjurètti.
9. sept. 58. Br. K. til Stv., um læknislyf handa stúdentum á prestaskólanum.
2. okt. 71. Br. K. til Stv., um skilríki fyrir bókum, sem keyptar eru handa hinum lærða skóla m. m.
9. des. 80. Lög um eptirlaun handa Birni Gunnlaugssyni, yfirkennara við hinn lærða skóla í Reykjavík.

1862. 4. febr. 4. Br. K. til nefndar þeirrar, er skipuð var með konunglegri umboðsskrá 20. septemberm. 1861, til að segja álit sitt og uppástungur um fjárhagssambandið milli Íslands og konungsríkisins, viðvíkjandi skuld hins lærða skóla á Íslandi til hins almenna skólasjóðs.
13. febr. 8. Br. K. til Stv., um það hvernig verja skuli Thorkilli sjóði.
22. maí. 28. Br. K. til Stv., um hinn lærða skóla.
9. sept. 53. Br. K. til Stv., um styrk til að gefa út þýzka málfræði.
27. okt. 64. Br. K. til Stv. útaf fyrirspurn, um rètt til kennaraembætta.
27. okt. 65. Br. K. til Stv., um kennslustörf við hinn lærða skóla í Reykjavík.
27. okt. 67. Br. K. til Stv., um reglugjörð fyrir barnaskólann í Reykjavík og instrúx handa kennurum við skóla þenna.
27. okt. 68. Reglugjörð um barnaskólann í Reykjavík.
27. okt. 69. Instrúx fyrir kennarana við barnaskólann í Reykjavík.
29. okt. 70. Br. K. til fjárstjórnarinnar, um skuld hins lærða skóla á Íslandi við hinn almenna skólasjóð.
11. nóv. 72. Br. K. til Stv., um launaviðbót eptir kornverði handa settum skólakennara.
1863. 19. febr. 11. Br. K. til Stv., um styrk til að kaupa bækur handa prestaskólanum.
28. maí. 36. Br. D. til St., um kennslu í læknisfræði hjá landlækni á Íslandi.
30. maí. 38. Br. K. til Stv., um kennslubók í sögu handa hinum lærða skóla í Reykjavík.
8. júní. 40. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1861. (II. 5 og 6).
18. júní. 44. Br. K. til B., um skýrslur um blinda.
10. júlí. 48. Br. K. til Stv., um menn úr heimaskóla, er gengu undir próf við hinn lærða skóla í Reykjavík.
23. okt. 84. Br. K. til Stv., um umsjónarmannsstörf við hinn lærða skóla og skipting á aðstoðarfè.
27. okt. 85. Br. K. til Stv., um borgun fyir læknislyf handa stúdentum á prestaskólanum í Reykjavík.
27. okt. 86. Br. D. til St., um skyldu skólakennara til að vera í forstöðunefnd barnaskólans í Reykjavík.
28. des. 97. Br. K. til St., um kennsluskóla handa lögfræðingaefnum á Íslandi.

Skuldir, skuldabrèf, ríkisskuldabrèf, smbr. Lán.

1860. 23. febr. 9. Br. D. til St., um forgangsrètt skulda í þrotabúi.
12. maí. 21. Br. Std. til St., um ríkisskuldabrèf.

1861. 4. jan. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857, um innkallanir í búum.
12. des. 81. Br. D. til St., um borgun vaxta af ríkisskuldabrèfum með rentuseðlum. (Fylgiskjal: Br. fjárstjórnarinnar til D., dagsett 25. október 1861, um borgun vaxta af ríkisskuldabrèfum með rentuseðlum).
1862. 4. febr. 4. Br. K. til nefndar þeirrar, er skipuð var með konunglegri umboðsskrá, 20. september 1861, til að segja álit sitt og uppástungur um fjárhagssambandið milli Íslands og konungsríkisins, viðvíkjandi skuld hins lærða skóla á Íslandi til hins almenna skólasjóðs.
7. apríl. 20. Br. D. til St. og amtm. á Íslandi, um fè ómyndugra og lausar ríkisskuldir.
11. júlí. 44. Br. D. til B., um ríkisskuldabrèf, er almennar stofnanir eiga.
29. okt. 70. Br. K. til fjárstjórnarinnar, um skuld hins lærða skóla á Íslandi við hinn almenna skólasjóð.
1863. 10. júlí. 52. Br. D. til V., um skuld Sigurðar Jacobsens til kirkjunnar á Ingjaldshóli m. m.
13. júlí. 59. Br. D. til Stv., um skuld til prentsmiðju Íslands fyrir prentun alþingistíðindanna.
8. des. 94. Br. K. til B., um skuld kirkjunnar í Einholti til sóknarprestsins.
8. des. 95. Br. K. til B., um skuld kirkjunnar á Desjarmýri til sóknarprestsins.

Sóttir, sóttvarnir, smbr. Læknaskipun.

1854. 2. des. 22. Br. I. til St., um sóttvarnarlögin.
1855. 6. júlí. 38. Br. I. til St., um sóttvarnir í Reykjavík.
1857. 14. marz. 5. Br. D. til St. og amtm. á Íslandi, um sóttvarnarhald á Íslandi á skipum frá Noregi.

Stjórnarskipun, stjórnarbót.

1855. 7. júní. 27. Ágrip af skýrslu innanríkisráðgjafans til konungs, um bænarskrá alþingis um hin helztu undirstöðuatriði til stjórnarbótar á Íslandi.
1859. 27. maí. 17. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1857. (II. 2.).
1861. 1. júní. 21. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1859. (II. 14).
20. sept. 67. Umboðsskrá handa Tscherning ofursta, m. fl. í nefnd, til að segja álit sitt og gjöra uppástungur um fjárhagssambandið milli Íslands og konungsríkisins.

1863. 8. júní. 40. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1861. (II. 9).

Stofnanir og sjóðir, smbr. Gjafir.

1857. 27. maí. 12. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1855. (II. 10).
1859. 27. maí. 17. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1857. (II. 6).
1860. 17. apríl. 15. Br. K. til Stv., um fèstyrk til Flateyjar framfarafèlags.
1861. 21. marz. 14. Br. D. til St., amtmannanna og Stv., um auglýsing á reikningum opinberra sjóða og stofnana.
1. júní. 21. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1859. (II. 9 og 10).
27. ágúst. 50. Br. D. til N. A., um auglýsing reikninga.
12. sept. 61. Br. D. til St., um lán úr kollektusjóðnum sökum dýrtíðar.
1862. 13. febr. 8. Br. K. til Stv., um það hvernig verja skuli Thorkilli sjóði.
11. júlí. 44. Br. D. til B., um ríkisskuldabrèf, er almennar stofnanir eiga.
12. sept. 55. Br. D. til amtm. á Íslandi, um kennslu í læknisfræði hjá landlækni á Íslandi. (1. tölul.).
24. okt. 58. Br. D. til Stv., um hvernig vaxta megi fè opinberra stofnana.
1863. 8. júní. 40. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1861. (II. 14).
20. okt. 83. Br. D. til Stv., um gjald fyrir geymslufè, er greitt var inn í jarðabókarsjóðinn.

Styrktarfè.

1859. 14. okt. 46. Br. K. til Stv., um gjald af brauðum til uppgjafapresta og prestaekkna.
1860. 20. júní. 33. Br. D. til N. A., um styrk handa ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu.
1861. 26. febr. 9. Br. K. til Stv., um styrktarfè prestaekkna.
3. júlí. 27. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum.
5. júlí. 36. Br. D. til N. A., um styrk handa ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu.
1862. 8. febr. 6. Br. K. til Stv., um úthlutun á styrktarfè prestaekkna.

1862. 15. febr. 9. Br. K. til Stv., um ferðastyrk handa Halldóri skólakennara Friðrikssyni til að stunda þjóðversku.
28. febr. 16. Br. K. til Stv., um árgjald af brauðum til styrks handa uppgjafaprestum og prestaekkjum.
21. júní. 37. Br. K. til Stv., um ferðastyrk handa Halldóri skólakennara Friðrikssyni til að stunda þjóðversku.
11. júlí. 40. Br. D. til St., um styrk handa dannebrogsmanni.
1863. 16. júní. 43. Br. D. til N. A., um styrk handa ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu.
11. júlí. 54. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.
13. júlí. 61. Br. D. til H. Krabbe, dr. med., um styrk til að ferðast á Íslandi til að rannsaka sullaveikina.
9. sept. 72. Br. D. til St., um styrk handa Einari Hannessyni, fyrrum hreppstjóra og spítalaforstjóra.

Sveitastjórn, Sveitamálefni.

1855. 7. júní. 26. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1853. (II. 5).
1856. 27. júní. 16. Br. D. til N. A., um framfærslurètt fráskilinnar konu og óskilgetinna barna hennar.
1857. 27. maí. 12. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1855. (179. bls.).
1858. 29. maí. 14. Br. D. til St., um fátækramálefni.
31. maí. 15. Br. D. til N. A., um fátækramálefni.
30. júlí. 23. Br. D. til V., um framfæri sveitarómaga (Kristjáns Kristjánssonar).
2. sept. 24. Br. D. til V., um framfæri sveitarómaga (Sigurðar Sigurðssonar).
1860. 5. júlí. 39. Br. D. til St., um það, hvort leggja skuli nokkra bæi í Leiðvallarhrepp til Kleifahrepps.
5. júlí. 40. Br. D. til N. A., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Soffíu Sveinsdóttur).
9. okt. 56. Br. D. til St., um styrk til Rosmhvalanes hrepps.
1861. 1. júní. 21. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1859.
21. águst. 47. Br. D. til St., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Jóns Ólafssonar).
30. okt. 72. Br. D. til St., um sveitarstyrk (handa Guðmundi Guðmundssyni).
2. nóv. 79. Br. D. til St., um aðskilnað Grafnings hrepps og Þingvalla hrepps.
1862. 28. febr. 15. Br. D. til N. A., um framfærsluhrepp sveitarómaga.

1862. 26. maí. 29. Br. D. til St., um framfærsluhrepp Guðrúnar Magnúsdóttur.
26. maí. 30. Br. D. til St., um framfærsluhrepp Jóns Gissurssonar.
5. sept. 50. Br. D. til St., um framfærsluhrepp Magnúsar Jónssonar.
1863. 10. marz. 23. Br. D. til V., um framfærsluhrepp Jónínu Jónsdóttur.
11. júli. 57. Br. D. til St., um útsvar Guðrúnar Einarsdóttur í Reykjavík.
1. sept. 66. Br. D. til V., um framfærsluhrepp Jóhannesar og og Stefáns Stefánssona.
11. sept. 76. Br. D. til V., um framfærsluhrepp Friðriks Friðrikssonar og fráskilinnar konu hans og barna.

Sýslunarmenn sjá Embættismenn.

Tíund smbr. Skattar.

1854. 16. maí. 5. Brèf I. til St., um tíundargjald af Viðey til Reykjavíkur dómkirkju.
1863. 6. maí. 32. Br. D. til N. A., um tíund af eign fátækra í Dísastöðum og Fossgerði.
6. júlí. 46. Br. D. til V., um tíundargjald af kirkjujörðum m. m.

Trúarbrögð.

1856. 12. apríl. 6. Br. K. til B., um ferming mál- og heyrnarlausrar stúlku.
1857. 6. janúar. 1. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 5. apríl 1850, um að útlendir gyðingar megi setjast að í ríkinu.
1859. 14. júlí. 29. Br. D. til N. A., um að katólskur klerkur, Bernard að nafni, megi byggja hús á Seyðisfirði. (Fylgiskjal: Útdráttur úr álitsskjali ríkislögræðismannsins í málinu um Bernard prest).
1860. 20. júní. 35. Br. K. til Stv., um ritlaun handa Sigurði Melsteð, kennara við prestaskólann.

Uppboð, uppboðssala.

1856. 12. sept. 20. Br. D. til Stv. á Íslandi, um uppboðssölulaun af fiskahlutum þeim, sem lagðir eru Kaldaðarnes spítala.
1862. 19. marz. 18. Br. D. til St., um uppboðslaun af verði fyrir hest, er jafnaðarsjóður suðurumdæmisins var eigandi að.
1863. 2. okt. 80. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um sölu á frakknesku fiskiskipi í Suðurmúlasýslu.

Útlendir menn smbr. Fiskiveiðar, Trúarbrögð.

1857. 6. jan. 1. Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 5. apríl 1850, um að útlendir gyðingar megi setjast að í ríkinu.

1859. 26. febr. 7. Br. D. til V., um reglur fyrir því, þegar útlendingar vilja taka sèr bólfestu á Íslandi.

Vegir vegabætur.

1861. 15. marz. 13. Tilskipun um vegina á Íslandi.

1862. 28. febr. 14. Br. til N. A., um skilning á ýmsum ákvörðunum í tilskipun 15. d. marzm. 1861, um vegina á Íslandi.

10. maí. 26. Br. D. til V., um þýðing á ýmsum ákvörðunum í tilsk. 15. d. marzm. 1861, um vegina á Íslandi.

1863. 10. júlí. 53. Br. D. til St., um vegabótagjald af Reykjavíkur bæ, og vegabætur þar.

Veiði smbr. Fiskiveiðar.

1855. 22. marz. 7. Opið brèf, um bann gegn byssuskotum á sel á Breiðafirði á Íslandi.

1862. 17. jan. 1. Br. D. til utanríkisstj., um laxveiði og veiði í vötnum og ám á Íslandi.

1863. 13. febr. 5. Br. D. til utanríkisstj., um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland.

Verðlaun.

1860. 3. ágúst. 46. Br. D. til St., um verðlaun fyrir að bjarga mönnum úr lífsháska.

Verzlun.

1854. 15. apríl. 3. Lög um siglingar og verzlun á Íslandi.

19. maí. 6. Opið brèf, um það að fastakaupmenn á Íslandi megi sigla á aðra staði á landinu en hin löggildu kauptún.

21. sept. 15. Br. I. til St., um skilning á verzlunarlögunum 15. aprílm. 1854.

14. okt. 19. Br. D. til St., um skipgjald.

4. des. 23. Auglýsing frá innanríkisstjórninni, um það hvernig fá megi íslenzk leiðarbrèf.

1855. 6. jan. 1. Konungsúrskurður, um nákvæmari ákvörðun á takmörkum kaupstaðarins á Seyðisfirði.

29. jan. 2. Umburðarbrèf I. til St. og amtmanna á Íslandi, um kvartanir Íslendinga yfir skorti á kornvörum í kaupstöðunum.

1855. 31. jan. 3. Br. I. til yfirtollstjórnarinnar, um skilning á verzlunarlögunum 15. aprílm. 1854.
24. marz. 8. Auglýsing frá I., um aukagjald fyrir sum utanríkisskip, sem sigla til Íslands.
23. apríl. 10. Br. I. til konungsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um leyfi til að sigla upp Krossvík á Akranesi.
14. maí. 18. Br. I. til N. A., um lögreglustjórn á Akureyri og læknisumsjón á Eskifirði.
15. maí. 20. Br. I. til St. og amtmannanna á Íslandi, um tollseðla.
15. júní. 33. Umburðarbr. I. til St. og amtm. á Íslandi og amtm. á Færeyjum, um að svensk og norsk skip séu undan þegin aukagjaldi.
6. júlí. 34. Br. I. til St., um verzlunarfulltrúa fyrir Svía og Norðmenn.
6. júlí. 37. Br. I. til St., um skilning á verzlunarlögunum 15. aprílm. 1854.
11. ágúst. 39. Auglýsing innanríkisstjórnarinnar, um að prússnesk skip séu undanþegin aukagjaldi fyrir sum utanríkisskip, sem sigla til Íslands.
16. ágúst. 40. Br. I. til St., um skort á nauðsynjavörum.
1856. 16. febr. 1. Lög er breyta 4. grein laga 15. apríl 1854, um siglingar og verzlun á Íslandi.
28. febr. 2. Auglýsing um breyting á auglýsing 4. desember 1854, um það hvernig fá megi íslenzk leiðarbréf.
22. marz. 4. Br. D. til St. og amtmannanna á Íslandi, um að mæla skip, sem sigla til Íslands.
2. apríl. 5. Auglýsing D., um aukagjald fyrir sum utanríkisskip, sem sigla til Íslands.
23. apríl. 9. Br. D. til N. A., um verzlunarskýrslur.
27. júní. 17. Úr br. D. til St., um sölu áfengra drykkja.
7. júlí. 18. Auglýsing D., um að frakknesk skip séu undanþegin aukagjaldi.
8. nóv. 22. Br. D. til N. A., um leiðarbréf fyrir skip, sem sigla til Íslands.
19. nóv. 23. Auglýsing D., um að skip, sem eiga heima í konungsríkinu Sikileyjum séu undanþegin aukagjaldi.
24. nóv. 24. Opið bréf, um það, hvernig greiða skuli kostnað þann, er þarf til að fram fylgja lögum 15. aprílm. 1854, um siglingar og verzlun á Íslandi.
1857. 21. marz. 6. Br. D. til N. A., um lögreglugæzlu á Akureyri.
9. maí. 11. Br. D. til St. og amtm. á Íslandi, um að rita hafskip þau, sem eiga heima á Íslandi, í skipaskrár.
27. maí. 13. Opið bréf, um löggilding verzlunarstaðar við Sauðárkrók í Skagafjarðarsýslu í Íslands Norðuramti.
30. júní. Br. D. til V., um borgun til lögreglustjóra fyrir að rita á skipaskjöl m. m. (neðanmáls á 535. og 536. bls.).
2. júlí. 19. Br. D. til N. A., um skip, sem koma til Íslands án leyfisbréfa.

1858. 6. maí. 7. Br. D. til utanríkisstj., um skilning 8. greinar í verzlunarlögunum 15. aprílm. 1854.
6. maí. 8. Br. D. til N. A., um kaupskap.
9. júní. 16. Br. D. til V., um verzlunarmálefni.
6. júlí. 20. Auglýsing, um að skip, sem eiga heima í konungsríkinu Niðurlöndunum, sèu undanþegin aukagjaldi.
8. okt. 27. Auglýsing D., um að portúgísisk skip sèu undanþegin aukagjaldi.
5. nóv. 29. Br. D. til V., um verzlun lausakaupmanna.
20. des. 33. Br. D. til ráðgjafa Holtsetalands og Láenborgar, um eið skipstjóra.
1859. 16. feb. 3. Br. D. til V., um afbrot gegn verzlunarlögunum.
26. febr. 6. Br. D. til St., um geymslu á íslenzkum leiðarbrèfum þeirra skipa, sem gjörð eru út til fiskiveiða.
26. febr. 7. Br. D. til V., um reglur fyrir því, þegar útlendingar vilja taka sèr bólfestu á Íslandi.
27. maí. 16. Opið br., er lögleiðir á Íslandi lög 13. septemberm. 1855, sem leyfa dönskum skipurum að ráða útlenda menn á skip sín.
9. júlí. 25. Br. D. til N. A., um ólöglega sölu á nokkrum frakkneskum þiljubátum.
14. júlí. 31. Br. D. til St. og N. A., um skilning á opnu brèfi 19. maím. 1854.
14. okt. 48. Br. D. til V., um lestagjald af frakkneskum skipum.
1860. 30. jan. 4. Auglýsing, um að skip þau, er eiga heima í Hamborg, Lübeck og Bremen og í Stórhertogadæminu Oldenborg, sèu undanþegin aukagjaldi.
13. jan. Br. D. til N. A., um borgun til lögreglustjóra fyrir að rita á skipaskjöl (536. og 537. bls. neðanmáls).
8. febr. 6. Br. D. til V., um lestagjald af frakkneskum skipum.
29. sept. 54. Br. D. til N. A., um bjargarskort í Múla sýslum m. m.
1861. 9. ágúst. 43. Br. D. til St., um „Litla varningsbók".
30. ágúst. 52. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um vöruskrár og heilbrigðisskýrteini.
30. ágúst. 53. Br. D. til St., um sama efni.
1862. 31. jan. 3. Br. D. til St. og amtmanna á Íslandi, um borgun til lögreglustjóra fyrir að rita á skipaskjöl.
9. apríl. 22. Br. D. til V., um sekt fyrir brot móti verzlunarlögunum.
25. ágúst. 46. Auglýsing, um að skip, sem eiga heima í konungsríkinu Spáni, sèu undanþegin aukagjaldi.
24. okt. 57. Br. D. til St., um uppgjöf á sekt fyrir brot gegn verzlunarlögunum.
24. okt. 60. Br. D. til St., um að gefa út íslenzk leiðarbrèf og mæla skip.
29. okt. 71. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um brot gegn verzlunarlögunum.

1863. 19. jan. 2. Opið brèf, um löggilding þriggja verzlunarstaða á Íslandi.
8. júní. 40. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1861 (II. 10).
11. júlí. 99. Auglýsing, um að skip þau, er eiga heima í konungsríkinu Belgíu, sèu undanþegin aukagjaldi. (Í viðbæti við árið 1863.).
30. sept. 79. Br. D. til allra sýslumanna á Íslandi og til bæjarfógetanna í Reykjavík og á Akureyri, um verzlunarskýrslur.

Vinnuhjú sjá Húsmjórn.

Þing, þingahöld.

1855. 22. febr. 5. Opið brèf, um fjölgun þingstaða í Árnes syslu.
1863. 9. júní. 41. Opið brèf, um breyting á þeim tíma, þá er halda skal manntalsþing í Barðastrandar og Ísafjarðar sýslum.

Þinglestur.

1857. 22. júlí. 20. Br. D. til St., um skýrslur um þinglesin lagaboð.

Þjóðjarðir.

1854. 29. sept. 18. Br. I. til N. A., um sameiningu brauða í Skagafirði m. m.
31. des. 25. Br. D. til St., um sölu á rekapartinum Kóngsvík.
1857. 17. nóv. 24. Br. D. til St., um að landsetar á konungsjörðum á Vestmannaeyjum ekki geti fengið ábýlisjarðir sínar til kaups.
1858. 23. jan. 2. Br. D. til N. A., um kostnað í málum um rèttindi umboðsjarða.
7. maí. 10. Br. D. til N., um umboðslaun R. M. Ólsens.
1859. 27. maí. 17. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1857 (II. 11.).
1860. 31. maí. 26. Br. D. til N., um umboðslaun af þingeyra klaustri.
25. júní. 38. Br. D. til Stv., um bygging á Bessastöðum.
1861. 11. jan. 4. Br. D. til V., um afhending umboðsjarða.
31. okt. 75. Br. D. til Stv., um jarðaskipti á Viðvík og Hjaltastöðum m. m.

1862. 27. marz. 19. Br. D. til N. A., um skipti á konungsjörðinni Öxará fyrir jarðirnar Granastaði og Neðribæ.
6. sept. 51. Br. D. til St., um festugjald af jörðum á Vestmannaeyjum.
1863. 28. febr. 15. Br. D. til St., um að eyðijörðin Efriströnd eigi fáist til kaups.
3. marz. 18. Br. D. til St., um uppboð á hörðum fiski, sem áskilinn er í landskuld af jörðum á Vestmannaeyjum.
10. júlí. 51. Br. D. til St., um það að eyðijörðin Efriströnd eigi fáist keypt.
3. des. 92. Br. D. til St., um eiganda að timburhúsi á Löndum á Vestmannaeyjum.

ORÐA REGISTUR OG NAFNA.

Aðalverzlunarstaðir, 3. 108. 273. 736.
Aðstoðarfé, 770.
Aðstoðarlæknar, 378.
Ágústína Abizay, 356.
Akuryrkjumenn = Jarðyrkjumenn.
Allen Young, skipstjóri, 363.
Almenn lög, 101.
Altóna, 177.
Altónaborgar Mercur, 58.
Arnarhóls lóð, 504.
Arndísarstaðir, 167.
Árni Grímsson, 376.
Árni Nikulásson, 376.
Auglýsingar í dagblöðum, 58. 264. 277.
Auglýsing reikninga, 447. 482 501.
Aukagjald af skipum, 5. 38. 106. 110. 128. 142. 147. 224. 229. 327. 580. 787.
Aukaútsvar, 675.
Ávísanir embættislauna, 74.

Balles lærdómsbók, 396.
Banki, 90.
Belgisk skip, 787.
Berlingatíðindi, 58. 264.
Bernard-Bernard, frakkneskur klerkur, 284.
Bessastaða kirkja, 573.
Bessastaðir, 367.
Betrunarhússvinna, 58. 405.
Biðlaun, 75. 82.
Biblían, 260. 781.
Bjarni Davíðsson, bóndi, 359.
Bjerring, kaupmaður, 106. 187.
Björg Ólafsdóttir, málleysingi, 129.
Björn Gunnlaugsson, yfirkennari, 526.
Björn Jónsson, hreppstjóri, 70. 191.
Björn Jónsson, prestur, 219.
Blindra-skóli, 739.
Bókasafn skólans, 17.
Bókhlaða, 259. 318. 497.
Bólusetning, 524.
Bólusótt, 160.
Borgararèttur, 225.
Borgun veitingarbrèfa, 23.
Bouriaud, frakkn. erindsreki, 248 312. 331.
Bráðabirgðarlög, 176.
Brauðamat, 677.
Brèfburðarkaup, 201. 398.
Bremen, 327.
Brenniás, 167.
Brennivínssala, 142.
Briem, kammerráð, 363. 495. 739.
Bryggja í Reykjavík, 491.
Brynjúlfur Jónsson, prestur, 139.
Bulldog, skip, 361. 363.
Búnaðarskólar, 56. 90. 181.
Burtfararpróf, 17. 743.
Bústaður sýslumanns, 182. 190.
Byggingarnefnd, 155. 218.
Bæjarfulltrúakosning, 187. 501.
Bæjargjöld, 487.
Bær í Borgarfirði, 9.

Christensen, kaupmaður, 288.
Clementine, skip, 312.
Clintock (Sir Leopold Mc.), skipstjóri, 361. 363.

Dalbær eystri, 572.
Danskar þýðingar, 222. 349. 514.
Desjarmýrar kirkja, 780.
Djáknapeningar, 103. 111. 169.
Dómsgjörningar, 116. 507. 575.
Dómsmálasjóður, 491.
Dýralæknar, 8. 206.
Dönsk tunga, 12. 113. 575. 578.

Effersey, sjá Orfirisey.
Efriströnd, eyðijörð, 676. 745.
Eggert Briem, sýslumaður, 161.
Eiður skipstjóra, 242.
Einar Hannesson, 759.
Einholts kirkja, 780.
Embættisbrèf, 12.
Embættisbústaður, 182. 190.
Enskir fiskiveiðamenn, 107.
Ensk tunga, 16.
Eskifjörður, 3. 69. 273. 736.
Eyðijarðir, 9. 676.
Eyjadalsár kirkja, 167.
Eyrarbakki, 135.
Eyri í Skutulsfirði, 423.

Eyríksstaðir, kirkjujörð, 546.
Eystri Dalbær, 572.
L'Expéditive, frakkneskt skip, 767.

Fangahús á Vestmannaeyjum, 758.
Fangavörður, 107.
Fastakaupmenn, 7. 19. 288.
Ferðakaup læknis, 217.
Ferðastyrkur, 538. 544. 756.
Ferming mállausra, 129.
Festingarerfiði, 58.
Fiskihlutir, 144.
Fiskiver Frakka, 225. 229. 248. 271.
Fjárbann, 281.
Fjárhagsnefnd, 516.
Fjárrækt, 403.
Fjárverðir, 468. 484. 503.
Fjórðungafjara, 428.
Fjörður, Fjarðaralda, 27.
Flateyjar framfarafélag, 344. 397.
Flugumýrar brauð, 21. 489.
Flutningur sakamanna, 320. 366. 496.
Forspjallsvísindi, 1. 115.
Forustusauðir, 357.
Frakknesk tunga, 16.
Framfærslustofnun, 77. 340. 607.
Friðbjörn Bjarnarson, jarðyrkjumaður, 499.
Friðrik Friðriksson, þurfamaður, 761.
Fæðingarhús á Vestmannaeyjum, 138. 224.
Fæðiseyrir fanga, 107.
Fæðispeningar alþingismanna, 561.

Gamla testamentið, 781.
Gamlibær, 367.
Gangverð peninga, 2.
Gaulverjabær, 32. 134.
Geirbjarnarstaðir, kirkjujörð, 371.
Gestaherbergi, 142. 393. 495.
Ginklofi, 138.
Gísli Gíslason, prestur, 112. 281.
Gísli Jónsson á Saurum, 603. 672. 753.
Gjaftollur, 90. 102.
Glad, kaupmaður, 288.
Grafnings hreppur, 33. 525.
Granastaðir, 557.
Grímseyjar brauð, 559.
Grímstungu brauð, 499.
Grímsnes hreppur, 220.
Grímsstaðir, 779.
Grímur Jónsson, amtmaður, 337.
Gripasýning, 523.
Grísar, 359.
Grjótnes, 571.
Grundarfjörður, 225.
Guðmundur Davíðsson, 359.
Guðmundur Guðmundsson „Kikir", 366.
Guðrún Magnúsdóttir, ómagi, 569.
Guénon's rit, 395.
Gullofsen, skipherra, 221.
Gulusótt, 24.
Gyðingar, 88. 149.

Hafnargjöld, 67. 223. 600. 638. 664. 757.
Hafnsögumenn, 750. 757.
Halldór Friðriksson, kennari, 544. 574.
Halldór Guðmundsson, settur kennari, 612.
Halldórstaðir, 167.
Hallormstaður, 365.
Hallæri, 512. 513.
Hamborg, 327.
Hamborgarblöð, 58.
Hegningarvinna, 58.
Heiðarsel, 167.
Heilbrigðisnefnd, 71. 108.
Heilbrigðisskýrteini, 3. 214. 505.
Heimaskóli, 743.
Helga Jóhanna Magnúsdóttir, 759.
Helgustaða fjall, 673, 777.
Herskipaferðir, 223. 340. 342. 556. 689.
Heyrnarlausir, 129.
Hirðir, tímarit, 211.
Hjálmar Guðmundsson, prestur, 365.
Hjálmar Jónasson, 141.
Hjaltastaðir, 22. 521. 522.
Hjónaskilnaður, 141. 242. 759.
Hjúskaparlög, 482.
Hlíðarendi, 167.
Hlíðarhús, 208.
Hofstaða brauð, 21. 489.
Hóla brauð, 21. 489.
Holdsveikir, 148. 391.
Hólsfjöll, 321.
Homöópathar, 74. 143. 162. 748.
Hrafnagils brauð, 370.
Hrafnagils hreppur, 132.
Hróarsholts sókn, 136.
Hraungerði, 32. 136.
Hugsunarfræði, 116.
Húsatóptir, 32.
Húsavíkur verzlunarstaður, 189.
Húsmannalög, 703.
Hústjórnarlög, 90. 99. 182. 276.
Hvarf, 167.
Hvarf fiskimanna, 25.
Hæstiréttur, 57. 117. 269. 491.

Indriði Gíslason, hreppstjóri, 355.
Ingjaldshóls kirkja, 686. 746.
Ingibjörg Árnadóttir, 320.

Innkallanir í búum, 405.
Inntökupróf, 17. 566.
Írskir fiskimenn, 107.
Ísafjörður, 3.
Jafnaðarsjóðir, 147. 148. 161. 206. 351. 359.
Jarðabók, sjá yfirlit: Jarðamat.
Jarðabætur, 499.
Jarðakaup, 203.
Jarðaskipti, 21. 167. 521.
Jarðyrkjumenn, 55. 499.
Jarðyrkjuskólar, 181.
Jóhannes Stefánsson, sveitarómagi, 755.
Jón á Ferstiklu, 376.
Jónas Bjarnason á Rófu, 356.
Jón Bjarnason, prestur, 420.
Jón Daníelsson, 759.
Jón Gissursson, sveitarómagi, 571.
Jón Hallsson, prestur, 372.
Jórunn Jónsdóttir, sveitarómagi, 687.
Jónsbók, 533.
Jón Jóhannesson, 760.
Jón Sigfússon, gullsmiður, 71.
Jón Thórarensen, stúdent, 24.
Jón Þorkelsson, kennari, 611.
Jósep Skaptason, læknir, 145. 757.
Jökuldals- og Hliðar hreppur, 368.
Jörgen Guðmundsson, 774.

Kaldaðarnes, 134. 219.
Kaldaðarnes spítali, 144. 579.
Kálfanes í Borgarfirði, 9.
Kálfborgará, 167.
Kárstaðir, umboðsjörð, 520.
Katólskir menn, 284.
Katrín Benediktsdóttir, 141.
Kelsalls gjöf, 259. 318. 497.
Ketill Ketilsson, 356.
Kirkjugarður, 511.
Kirkjurèttur, 489.
Klauf, umboðsjörð, 502.
Kleifa hreppur, 367.
Knútur Guðmundsson, 756.
Kolbeinstaða hreppur, 227.
Kólera, 24.
Kollektusjóður, 182. 274, 482. 512. 736.
Kóngsvik, 26.
Konráð Gíslason, háskólakennari, 187.
Konungserfðir, 102. 178.
Konungstíund, 754.
Kornskortur, 29. 513.
Kosningar til alþingis, 7. 11. 89. 149. 224. 313.
Krabbe, læknir, 756.
Kristbjörg Níelsdóttir, 756.
Kristfjárjarðir, 484.
Kristín Guðmundsdóttir, sveitarómagi, 553.
Kristín Jónsdóttir, 761.
Kristján Arngrímsson, 759.
Kristján Jónsson í Stóradal, 288.
Kristján Kristjánsson, þurfamaður, 226.
Krókur, 367.
Krossvík, 55.
Kvartanir einstakra manna, 182.

Lambhússund, 659.
Landsleigubálkur, 533.
Langholts kirkja, 420.
Laugardælir, 136.
Launalög, 613.
Launaviðbót embættismanna, 461. 463. 479.
Lausakaupmenn, 239.
Lausamannalög, 703.
Lausar ríkisskuldir, 558.
Laxárdals hreppur, 226.
Leiðarbrèf skipa, 3. 19. 24. 30. 118. 125. 145. 189. 247. 609.
Leiðvallahreppur, 367.
Leiguburður, 263.
Lífsfjárstofnun sjá Lífsfé.
Lífsfé, 77. 540. 607.
Líkflutningur, 754.
Lítil varningsbók, 500.
Ljósavatns sókn, 167.
Ljóstollur, 494, 521.
Lodberg, skipstjóri, 242.
Lundarbrekku sókn, 167.
Lübeck, 327.
Læknisáhöld, 515.
Lyfsölumenn, 74. 145. 162.
Lögaldur kvenna, 405.
Lögfræðiskennsla, 291.
Lögmannstollur, 755.
Lögreglubjónar, 688. 752.
Lögþingisskrifaralaun, 755.
Lönd á Vestmannaeyjum, 779.

Magnús Jónsson, þurfamaður, 601.
Málaflutningsmenn við hæstarètt, 57.
Málaflutningsmenn við yfirdóminn, 181. 210. 274. 477. 534. 738.
Málskostnaður, 207.
Manntalsbókargjöld, 24.
Manntalsþing, 32. 737.
Matvöruskortur, 29. 110. 513.
Meðalasala, 74. 145. 162.
Melkotstún, 574.
Miðgarðar í Grímsey, 559.
Miklabæjar brauð, 489.
Mjólkurkýr, 395.

Múla brauð, 371.
Myndugleiki kvenna, 405.
Mæling skipa, 124. 127. 609.
Möðruvalla-klausturs kirkja, 511.

Neðribær, 557.
Neðrifjöll, 321.
Nelly, skip, 312.
Nes brauð, 371.
Nes í Selvogshreppi, 32.
Nikulás Gottskálksson, 376.
Njáll Árnason, 376.
Norsk skip, 106. 160.
Nýja testamentið, 376. 423. 517. 613. 745.
Næturverðir, 420.

Oddeyri, 72. 586.
Oddur Gíslason, kandídat, 559.
Okur, 263.
Ólafur Gíslason, tukthúsfangi, 320.
Ólafur Guðmundsson, bóndi, 390. 485.
Ólafur Jónsson, dannebrogsmaður, 372.
Ólafur Sveinsson, jarðyrkjumaður, 55.
Oldenborg, 327.
Ólsen, umboðsmaður, 131. 217.
Ómyndugra fé, 558.
Organisti, 577.
Orfirisey, 682.

Papafjarðarós, 655.
Peninga gangverð, 2.
Portúgísisk skip, 229.
Prentfrelsi, 59. 130.
Prentsmiðjureikningar, 90. 100.
Prentsmiðja, 555.
Prestsekkna styrktarfé, 539.
Prestaskólastúdentar, 510.
Presthóla brauð, 371.
Presthóla hreppur, 368.
Prestmata, 420.
Prjónavefstaður, 390. 485.
Prússnesk skip, 110.

Ragnheiður Ólafsdóttir, yfirsetukona, 749.
Rasphúsvinna, 58.
Rentuseðlar, 528.
Reynistaðar klaustur, 103. 111.
Ríkisbankamynt, ríkismynt, 178.
Ríkisfðalög, 102. 178.
Ríkisort, 270. 375. 479.
Rosmhvalanes hreppur, 148, 391.

Sakamannaflutningur, 320. 366. 496.
Sálarfræði, 116.
Samlagningarskattur, 56.
Sandhaugar, 167.
Sáttanefndarmenn, settir, 602.
Sauðárkrókur, 180. 183.
Sauðfjárrækt, 403.
Scandinavia, veitingahús, 393.
Schleisner, læknir, 71.
Sel, kirkjujörð, 515.
Selveiði, 34.
Seyðisfjörður, 27. 273. 736.
Shaffner, ofursti, 13. 344. 361.
Sigurðarstaðir, kirkjujörð, 371.
Sigurður Helgason, dannebrogsmaður, 577.
Sigurður Sigurðsson, þurfamaður, 227.
Sikiley, 147. 180.
Síldarveiði Norðmanna, 287.
Silfurbergsnámar, 673. 777.
Símonsen, kaupmaður, 560.
Skaðabætur, 396.
Skálholts kirkja, 294.
Skaptafellssýsla, 182.
Skeljavík, 480. 560. 655.
Skinnastaða brauð, 321.
Skipaskagatá, 90.
Skipaskjöl, 22. 118.
Skipaskrár, 176.
Skipbrot, 766.
Skipstjóra-eiður, 242.
Skoradalshreppur, 227.
Skozkir plógar, 314.
Skrifstofufé, 160. 644.
Skúmstaðafjara, 243.
Skyndilán, 75. 518.
Slökkvitól í Reykjavík, 564.
Smíðatól, 381.
Snorraedda, 773.
Snorri Flóventsson, 25.
Soffía Sveinsdóttir, sveitarómagi, 368.
Sparisjóðir, 279.
Spánn, spánversk skip, 580.
Spesíufimmtungar, 375.
Spítalahlutir, 144. 484. 693. 734.
Staðarbakka brauð, 112
Staðfesting veitingarbréfa, 23.
Stefán Stefánsson, sveitarómagi, 755.
Steinategundir, 185.
Steinsmýri, 367.
Stiptsbókasafnið, 361. 785.
Stjórnartíðindi, 31.
Stokkseyri, 32. 134. 219.
Stórinúpur, 32.
Strandar hreppur, 148.
Straumfjörður, 480. 756.
Stykkishólmur, 3.
Sullaveiki, 697. 756.
Sveinstaða hreppur, 221.
Svín, 359.

Sýslu afgjöld, 492. 754.
Sænsk skip, 106.
Sölulaun, 144.
Sölvi Jónsson, þurfamaður, 221.
Sörensen, skipstjóri, 245.

Tekju- og útgjalda-áætlun, 185. 271.
Tekjur af brauði, 112.
Tessiers böð, 244. 325.
Thomsen, Ditlev, kaupmaður, 188.
Thorkillii sjóður, 540.
Tollskrár, 5. 6. 30. 73.
Tómthús, 382.
Torfustaða hreppur, 141.
Tukthúsvinna, 58.

Umboðsjarðir, 207. 417. 494.
Umboðslaun, 131. 217. 357.
Umboðssjóður, 359.
Umsjónarmaður við skólann, 770.
Undirfells brauð, 499.
Undirskript konungs, 273.
Uppgjafaprestar, 309. 677. 747.
Útboð til herflotans, 271.
Útgjalda-áætlun, 185. 271.
Útlend brèf, 204.
Útlendir gyðingar, 88. 102. 149.
Útlendir peningar, 2.
Úttekt brauða, 744.

Valgerður Briem, 363. 495. 739.
Varðkostnaður, 503.
Varningsbók, 500.
Vatnstollur, 757.
Veitingahús, 142. 393. 495.
Verzlunarfulltrúi, 106.
Verzlunarskýrslur, 132. 765.
Vestmannaeyja brauð, 293.
Vestmannaeyjar, 3. 138. 190. 203. 221. 244. 484. 601. 683 693. 696. 758.
Viðey, 7. 674.
Viðvík, 22. 521. 522.
Viðvíkur sókn, 21. 489.
Villingaholt, 134.
Vindhælis hreppur, 141. 221.
Vogrek, 243.
Vælugerði, 32.
Vöruflutningar, 3. 8.
Vöruskortur, 29. 110. 513.
Vöruskrár, 5. 214. 505.

Yfirsetukonur, 133. 693. 749. 752.
Young (Allen Young) skipstjóri, 363.

Þakkarávarp alþingis, 478.
Þiljubátar frakkneskir, 281.
Þingeyra klaustur, 131. 217. 357.
Þinghúsbygging, 32. 244. 758.
Þingsköp alþingis, 97.
Þingstaðir í Árnes sýslu, 32.
Þingvalla hreppur, 33 525.
Þjóðólfur, 130. 277.
Þjóðversk túnga, 17. 544. 603.
Þórarinn Finnbogason, smiður, 381.
Þorvaldur Jónsson læknir, 762.
Þrotabú, 337.
Þönglabakka brauð, 371.

Ölmusur lærða skólans, 17.
— læknaefna, 322.
— prestaskólans, 1. 273. 336.
Öxará, 557.

Prentvillur.

281. bls., 24. línu: 11, les: 4.
487. — 7. — : hækkað, les: lækkað.
767. — 14. — : L'Expédite, les: L'Expéditive.

1855.